Ár 1849, mánudaginn hinn 2. júlí, var alþíng Íslendínga sett í 3. sinn í Reykjavík. Áður en þíngið var sett, var guðsþjónusta haldin í dómkirkju bæarins, og prèdikaði prófastur herra Hannes Stephensen, og lagði út af 1. Cor. 4, 3. 4.

Þar eð konúngsfulltrúinn, amtmaður P. Melsteð, var ekki kominn til landsins, leituðu þíngmenn ráða hjá stiptamtmanni Rosenörn, hvernin í því tilliti að skyldi fara, og þóknaðist honum, í tèðum forföllum konúngsfulltrúans, að setja þíngið með svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþíngismenn, dánumenn fulltrúar Íslendínga!

Á næstliðnu hausti ritaði eg yður brèf samkvæmt 39. grein alþíngistilskipunarinnar um að koma á þenna stað hinn fyrsta virkan dag í júlímánuði, og hefir ekki konúngur vor, eins og tilfært er í tilskipuninni, auglýst nokkra breytíng í því tilliti.

En eins og yður er kunnugt, er ekki sá merkismaður enn þá kominn, sem konúngur vor hefir falið á hendur að vera fulltrúi sinn á þessu þíngi.

Ekki er heldur kunnugt, að nokkur sè kosinn aðstoðarmaður hans samkvæmt 41. grein í tilskipuninni. Þèr hafið því spurt mig, hvort eg ekki sjálfur vildi taka konúngsfulltrúans störf á hendur og setja þíngið á þeim lögboðna tíma, og finn eg ekkert á móti því, svo að þíngstörf geti strax farið fram, og dvöl yðar hèr á kostnað landsins ekki verði til ónýtis.

Eg hefi að sönnu óskað og beiðzt þess, að íslenzkur maður mætti hèr, sem fulltrúi konúngs; en í því trausti, að hann, sem fullkomlega er vaxinn málinu, á sæmilegri hátt haldi því á fram, sem hèr er nú byrjað, vil eg fúslega gjöra alt, sem í mínu valdi stendur, til að greiða rekstur áríðandi málefna yðar, og liggur ábyrgðin á mèr fyrir það við konúng vorn.

En ei get eg við þetta tækifæri látið vera að fara fám orðum um ásigkomulag landsins. Vèr höfum, síðan seinasta alþíng var, mist vorn góða og vitra konúng *Kristján áttunda,* og var hann mjög kær þjóðinni og vinsæll hèr á landi. Hefir nú sonur hans, *Friðrik sjöundi,* tekið ríkið, og er hann sá einasti konúngur, sem komið hefir út til Íslands til að skoða hin tignarlegu og markverðu furðuverk náttúrunnar hèr á landi og kynna sèr eðli og þarfir innbúa. Er það alkunnugt, að konúngur vor frá þeim tíma hefir ætíð látið sig miklu varða um Ísland, þjóðina, þarfir hennar, eins og Íslendíngar minnast hans ætíð með ást og virðíngu.

Þessar þegnlegu tilfinníngar voru samt ekki jafnsterkar í öllum hlutum ríkisins.

Vondir frændur, sem möttu meira hagsmuni sína og ættmanna sinna, en heill og lög ríkisins, tældu Holsetumenn og nokkurn hluta Slèsvíkurmanna, sem hingað til höfðu reynzt mjög hollir þegnar, til að gjöra uppreisn, og fylktu þeim móti sínum konúngi og herra.

Að vísu biðu þeir ósigur, eins og við var að búast, en með svikum höfðu þeir þó feingið þjóðverska fursta til að senda þeim liðstyrk, og hefir því konúngur vor með sínum hollu þegnum átt við mikið ofurefli að stríða. Í haust, sem leið, komst á vopnahlè og nokkurs konar millibils samníngur, en þar þeir menn í Slèsvík, er eigi höfðu gjörzt eiðrofar við konúng sinn, máttu sæta afarkostum og síðan þola stakt ofríki, áleit konúngur það skyldu sína og Dana að láta þessa samníngа ei leingur standa, en til var tekið. Vildi hann heldur byrja stríðið að nýu, og það enda þótt líklegt væri, að Þjóðverjar mundu fara lángt norður á Jótland, en gefa nokkra ástæðu til að efast um, að hann af fremsta megni vildi vernda rèttindi sinna hollu og trúu þegna í Slèsvík.

Þegar seinast frèttist, leit þó út fyrir, að stríði þessu mundi bráðum linna. Hefir þetta stríð og, sem byrjað var með drottinsvikum og haldið var áfram með ofurefli erlendis-konúnga, sýnt ljóslega, hve leingi þjóð, þó lítil sè, getur barizt við ofurefli, ef hún er trú og samhuga stjórninni.

Íslendíngar hafa nokkrir tekið heiðarlegan þátt í orustunum, en allflestir þeirra hafa varið talsverðu fè, bæði til að halda áfram stríðinu, og þó einkum til að styrkja þá, sem særzt hafa og mist hafa ættíngja og aðstoðarmenn. Hafa Ís-

lendíngar með þessu ljóslega sýnt mannelsku sína og bróðurlega eindrægni við hina aðra hollu þegna konúngsins, og eiga þeir fyrir þetta því fremur þakkir skyldar, sem varla getur hjá því farið, að þeir í fleiru en einu bíði tjón og skaða af stríðinu.

Þetta ógæfusama stríð hefir einnig ollað því að nokkru leyti, að stjórnarbreyting ríkisins er ei komin leingra á veg.

Eins og það leingi hafði verið áform Kristjáns áttunda, að breyta þannig stjórninni, að þjóðin tæki meiri þátt í henni, eins hèlt sonur hans Friðrik sjöundi því áfram, og kvaddi hann menn til fundar í haust eð var, til að ræða um frumvarp til nýrra grundvallarlaga fyrir ríkið. Nefndi konúngur sjálfur fimm Íslendínga til fundarins, og ritaði mèr brèf, dagsett 23. septembermánaðar, sem birt hefir verið almenníngi 26. dag októbermánaðar næst á eptir, til að skýra frá ástæðum þeim, er knúðu hann að velja sjálfan fyrir hönd Íslendínga til ríkisisfundarins; hefir hann í áminnztu brèfi lofað, að fundur skyldi verða haldinn í landi hèr til að segja álit sitt um þær aðalákvarðanir, sem þættu nauðsynlegar til að skipa stjórnarlögun landshluta þessa samkvæmt aðalstjórnarskipun ríkisins. Er það því haldið, að fyrir þetta þíng mun verða lagt frumvarp til nýrra kosníngarlaga til að velja eptir fulltrúa til áminnzts fundar, og að frumvarp þetta, sem konúngsfulltrúinn kemur með, verði aðalmálefnið á þessu þíngi.

Jafnframt þeim breytíngum, sem stúngið var upp á í grundvallarlögum ríkisins, er stjórnarhættinum breytt þannig, að þau málefni, sem eru sama eðlis, heyra undir aðgjörðir eins manns. Eru þannig öll Íslands málefni undir umsjón eins manns, sem er Íslendíngur, og á hann að bera málefnin fram við þann stjórnarherra, sem þau eptir eðli sínu heyra undir, og mun þessi tilhögun án efa verða til gagns og verða þokkasæl hèr á landi, sèr í lagi ef hún er sett í nokkurs konar samband við vild þjóðarinnar.

Þó nú svo líti út, sem það geti dregizt nokkurn tíma, að stjórn landsins verði löguð á sem haganlegastan hátt, eru þó kann skè fleiri mèr samdóma í því, að það sè ekki svo skaðvænlegt, þar eð sjaldan er vel geingið frá því verki, sem ei er vandlega unnið með iðni, alúð, þekkíng og varúð; en í öllu falli er það víst, að mikið af þessu verki er komið undir yður, háttvirtu þíngmenn, og störfum yðar að þessu sinni.

LÝSI EG ÞÁ YFIR Í NAFNI KONÚNGS, AÐ ALÞÍNG ER SETT.

Þegar ræðunni var lokið, tóku allir þingmenn undir í einu hljóði:

LEINGI LIFI KONÚNGUR VOR, FRIÐRIK HINN SJÖUNDI!

STIPTAMTMAÐUR, sem kaus sjer fyrir skrifara sýslumann Pál Melsteð, skýrði frá, hverjir væru alþingismenn, bæði konúngkjörnir og þjóðkjörnir, hverjar breytíngar á þeim væru orðnar, síðan seinasta þíng var haldið, og hverjir þeirra enn þá væru ókomnir.

Eptir þeim breytíngum, sem þannig eru á orðnar, eru þessir þíngmenn:

A. Konúngkjörnir:

1. Þórður Sveinbjarnarson konferenzráð.
2. Helgi G. Thordersen biskup.
3. Þórður Jónasson, assessor.
4. Jón Þorsteinsson, jústizráð, landlæknir.
5. Haldór Jónsson, prófastur.
6. Kristján Kristjánsson, assessor.

B. Þjóðkjörnir.

a) í suðuramtinu.

1. Jón Guðmundsson fyrir Skaptafellssýslu, (ókominn).
2. Jón Þórðarson fyrir Rángárvallasýslu (varafulltrúi).
3. Jón Johnsen, bæarfógeti, fyrir Árnessýslu, (ókominn).
4. Guðmundur Brandsson fyrir Gullbríngu og Kjósarsýslu (varafulltrúi).
5. Árni Helgason, stiptprófastur, fyrir Reykjavík.
6. Hannes Stephensen, prófastur, fyrir Borgarfjarðarsýslu.

b) í vesturamtinu.

7. Helgi Helgason fyrir Mýra og Hnappadalssýslu.
8. Kristján Magnúsen kammerráð fyrir Snæfellsnessýslu (varafulltrúi).
9. Þorvaldur Sívertsen fyrir Dalasýslu.
10. Eyólfur Einarsson fyrir Barðastrandarsýslu.
11. Jón Sigurðsson fyrir Ísafjarðarsýslu, (ókominn).
12. Ásgeir Einarsson fyrir Strandasýslu.

c) í norður- og austur-amtinu.

13. R. M. Ólsen fyrir Húnavatnssýslu.
14. Jón Samsonsson fyrir Skagafjarðarsýslu.
15. Steffán Jónsson fyrir Eyafjarðarsýslu.

16. Jón Jónsson fyrir Suðurþingeyarsýslu.
17. Jakob Pètursson fyrir Norðurþingeyarsýslu.
18. Guttormur Vigfússon fyrir Norðurmúlasýslu.
19. Sigurður Brynjúlfsson fyrir Suðurmúlasýslu.

Fyrir Vestmannaeyar mætti einginn þingmaður.

Stiptamtmaðurinn kvaðst fyrir sitt leyti ekki hafa ástæður til að mótmæla setu nokkurs alþingismanns á þinginu, og skoraði því næst á þá sjálfa að bera upp þess konar mótmæli, ef nokkur hefði; og með því einginn varð til þess, kvaddi hann, samkvæmt 48. grein þinglaganna, hinn elzta af þingmönnum, stiptprófast Árna Helgason, til að gángast fyrir forsetakosníngu. Og tók hann sèr til aðstoðar prófastana sèra Hannes Stephensen og sèra Haldór Jónsson.

Prófastur sèra Hannes Stephensen hreifði því fyrst, hvort ekki mætti velja til embættismanna þingsins fjærverandi þingmenn, sem væntanlegir væru.

Stiptamtmaður kvað ekkert mundi vera því til fyrirstöðu, að þeir af þingmönnum, sem enn þá væru ókomnir, yrðu kosnir til embættismanna þingsins, þar eð þeir hefðu tilkynt sèr, að þeir ætluðu að koma til þings og væru því væntanlegir bráðum. Fulltrúi Skaptfellinga hefði að sönnu ekki ritað sèr embættisbrèf hèr um, en menn hèldu þó, að hann kæmi.

Prófastur Hannes Stephensen hreifði því næst, hvort ekki mætti kjósa forseta fyrir styttri tíma, en allan alþingistímann, er einhver þeirra kynni vera fjærverandi, er þingmenn vildu kjósa til þess, og hefði þetta við geingizt á ríkisfundi Dana.

Stiptamtmaður sagði það væri ekki samkvæmt þingskapalögunum að kjósa forseta um styttri tíma, en allan þingtímann, enda bæri því síður nauðsyn til þess, sem hèr væri og kosinn varaforseti, sem í viðlögum gæti gegnt forseta störfunum; að ríkisfundur Dana skipti að sönnu embættismönnum á styttri tímum, en það væri ný breyting, og ekki samkvæm alþingistilskipuninni.

Haldór prófastur Jónsson leiddi athygli þingmanna að því, að nauðsyn bæri til, að minnsta kosti annaðhvort forseti eða varaforseti væri ekki fjærverandi.

Stiptamtmaður kvað það öldúngis nauðsynlegt, að báðir, bæði forseti og varaforseti, væru ekki fjærri þinginu; að þessu mundu þingmenn sjálfir hyggja, þegar til kosníngа

kæmi, enda væri það þeim mun hægra, sem fyrst ætti að kjósa forseta og síðan sèrstaklega varaforseta.

Var síðan geingið til atkvæða um forseta kosníngu, og urðu þær lyktir á, að þíngmaður Ísfirðínga, sekretèri Jón Sigurðsson, varð forseti með 9 atkvæðum.

Því næst var leitað atkvæða um varaforseta, og feingu stiptprófastur Á. Helgason og prófastur H. Stephensen jafnmörg atkvæði, eður 8 hvor þeirra.

Stiptamtmaður gat þess, að með því báðir þessir hefðu feingið jafnmörg atkvæði, yrði, samkvæmt hinni 48. grein í alþíngislögunum, að skera úr því með nýrri kosníngu, hvor vera skyldi varaforseti. Urðu þá þær lyktir, að stiptprófasturinn hlaut 11 atkvæði, en prófastur Hannes Stephensen 9.

Stiptprófastur Árni Helgason þakkaði að vísu þínginu fyrir þá sæmd, er það með kosníngu þessari hefði auðsýnt sèr, en afsakaði sig jafnframt frá að takast forseta störf á hendur bæði fyrir aldurs sakir og ófimleika við slík störf, og skaut því máli bæði undir stiptamtmanninn og þíngmenn.

Stiptamtmaður kvað það satt vera, að stiptprófasturinn hefði kvartað um ellilasleika sinn við sig, en eptir 54. grein alþ. tilsk: mætti einginn, án þess þíngið leyfði, skorast undan þeim embættisstörfum, sem hann væri kosinn til.

Biskup H. G. Thordersen beiddi þíngið hafa nærgætni við þann mann, sem kominn væri yfir sjötugt, enda væri hann alþektur að því, að bera það eitt fram, er satt væri.

Prófastur H. Stephensen mælti fastlega á móti afsökun stiptprófastsins frá varaforseta starfi, og áleit hann í öllu hæfan og bæran til að gegna því.

Þ. Sivertsen: Mèr virðist hèr liggja beinast við, að geingið sè til atkvæða um það, hvort þíngmenn vilji veita stiptprófasti sèra Árna lausn frá því að vera varaforseti, og síðan, að því búnu, eigi nýtt varaforsetaval að fram fara, en fyrr ekki.

Stiptamtmaður kvað það alsendis rètt og samkvæmt þínglögum, sem þíngmaður Dalasýslu hefði sagt, því þar eð kosníng stiptprófastsins væri unnið verk, sem fyrst yrði að gjörast ógilt, þá yrði að leita atkvæða um, hvort þíngið vildi gefa stiptprófast lausan við varaforseta embættið, og síðan byrja nýa kosníngu. Urðu þá allir þíngmenn á það sáttir, og

kusu þar næst til varaforseta prófast H. Stephensen, sem tókst það starf á hendur, og settist í forsetasæti.

Því næst skoraði varaforseti á þingmenn að kjósa skrifara, og nefndi hann assessor Kristján ásamt prófasti H. Jónssyni til að rita atkvæðin.

Konferenzráð Sveinbjörnsson spurði, hvort ekki mætti kjósa sýslumann Þ. Guðmundsson til skrifara, þar hann væri konúngkjörinn varaþingmaður.

Stiptamtmaður sagði, að sýslumaður Þ. Guðmundsson væri að sönnu konúngkjörinn varaþingmaður, en hann hefði enn ekki feingið köllun til þings; og þó líklegt væri, að hann bráðum feingi það, því assessor Jónassen ætti að fara norður í land, til að gegna amtmanns störfum, gætu menn samt ekki kosið hann til þingsembætta, meðan hann hefði ekki setu á þinginu.

Var þá geingið til atkvæða um kosníngu skrifara, og hlutu flest atkvæði umboðsmaður R. M. Ólsen og assessor Kristjánsson.

Assessor Kristján þakkaði kosníngunа, en beiddi sig afsakaðan að þessu sinni vegna heilsulasleika, og sèr í lagi kvaðst hann vegna hæsi óhæfur að öllu til að lesa upp þingbókina, eins og tíðkað væri.

R. M. Ólsen gat þess, að þar eð hann hefði verið svo óheppinn að vera kjörinn til þingskrifara, hvar til hann eingan veginn væri fær, þá óskaði hann, að þingið veitti ekki assessor Kristjáni lausn frá skrifara störfum, því hann skyldi taka að sèr að lesa upp gjörðarbókina, svo hæsis ástæða assessorsins gæti fallið burt, þar eð Ólsen ekki gæti talið kvef meðal afbatana sinna.

Stiptamtmaður gat þess, að á hinum dönsku þingum væru aukaskrifarar vanir að lesa upp þingbækurnar, og væri það þingskrifurunum góður ljettir; og urðu menn því ásáttir að láta standa við kosníngar þær á skrifurum, sem þegar voru orðnar.

Varaforseti kvað tíðkazt hefði að kjósa ritnefnd, en þar eð þeir menn væru ókomnir, sem því starfi hefði áður gegnt, og þingmenn enn kynnu að vilja kjósa, stakk hann upp á því, að kosníngu þessari væri frestað um nokkra daga.

Jústizráð J. Þorsteinsson gat þess og, að ekki mundi

strax verða byrjað á prentun þingtíðindanna, svo ekki lægi á að kjósa ritnefndina strax.

Stiptamtmaður kvað þó ekkert vera á móti því, að prentun þingtíðindanna yrði byrjuð næsta dag, og í prentsmiðjunni væri alt undir það búið, og þess vegna virtist sèr vel til fallið að kjósa ritnefndina strax.

Assessor Kristján áleit rèttast að fresta kosningu þessari, þar eð þeir menn, sem þingmenn helzt mundu vilja kjósa í nefnd þessa, væru enn þá ókomnir, og að líkindum mundu lenda bráðlega; og var nefndin ekki kosin að þessu sinni.

Varaforseti stakk upp á að kjósa aukaskrifara.

Stiptamtmaður sagði, að eptir 53. grein alþingislaganna ætti konúngsfulltrúi vald á að útnefna aukaskrifara, en aðra skrifara tiltæki forseti, og gætu menn komið sèr saman um það utan þings.

Varaforseti bar fyrir þingið, hvort þingið ætti að haldast í heyranda hljóði, eins og áður hefði verið stúngið upp á, en þá mætt mótmælum; virtist honum nú standa öðruvísi á, og sýnilegur undirbúningur til þess gjörður í þingsalnum.

Stiptamtmaður kvaðst hafa ritað stjórninni brèf um það efni; en hvað það snerti, er áður hefði hèr um þetta efni verið rædt, þá væri það að sönnu breyting frá því, sem verið hefði, að þingið væri haldið í heyranda hljóði, en þar eð hún væri samkvæm stefnu þeirri, er ríkisstjórnin nú hefði, og þetta hefði átt sèr stað á enum dönsku fulltrúaþingum, þá gæti hann ei ætlað, að neitt væri þessu til fyrirstöðu, og því hefði hann leitazt við að gjöra þær ráðstafanir, að þessu gæti orðið framgeingt, ef þingmenn yrðu á það sáttir; hvað þeir og urðu í einu hljóði.

Konferenzráð Sveinbjörnsson tjáði, að landsyfirrèttur yrði að haldast á morgun, og gæti hann því ekki mætt, fyrr en að því búnu.

Varaforseti kvað þá þinginu slitið, og ákvarðaði fund um hádegisbil næsta dag.

---

3. júlí — annar fundur.

Allir sömu á fundi, nema stiptprófastur, er tjáð hafði forföll sín. Þingbókin lesin og samþykt.

Varaforseti skýrði þinginu frá, að eptir því sem nú á stæði, gætu eingin lagafrumvörp orðið framlögð frá stjórnarinnar hálfu, en aptur væru frá þjóðinni komnar margar bænarskrár, en af flestum þeirra væru enn þá ekki tekin eptirrit, og gætu því ekki í dag orðið framlagðar. Einúngis 5 bænarskrár af þeim, er hann væri búinn að fá eptirrit af, ætlaði hann að framleggja, og væru þær þessar: 1. frá Suðurþíngeyarsýslu, um meiri jöfnuð á greiðslu alþíngiskostnaðar. 2. frá Borgarfjarðarsýslu, um að alþíngiskostnaður leggist á þau verzlunarstaðahús, sem veita kjörgeingi og kosníngarrètt. 3. frá sömu sýslu um kauptún á Krossvík. 4. frá Rángárvalla- og Arness-sýslum, um timburflutníng að Þorlákshöfn. 5. frá Svarfdælum innan Eyafjarðarsýslu, um siglíngu að Hrísey, og yrðu bænarskrár þessar sjálfar framlagðar í dag á lestrarstofu þíngsins, og teknar til umræðu á morgun. Að endíngu gat varaforseti þess, að fleira gæti ekki orðið fyrir tekið í dag, ef þíngmenn hefðu ekkert fram að færa; og þar eð eingínn þíngmanna gaf sig fram, var þínginu sagt slitið, og fundur ákveðinn til 10. stundar fyrir hádegi á morgun.

---

4. Júlí — þriðji fundur.

Allir sömu á fundi, nema stiptprófastur, sem tjáði forföll sín. Þíngbókin lesin og samþykt.

Varaforseti afhendir flutníngsmanni bænarskrána frá Suðurþíngeyarsýslu um jafnari greiðslu á alþíngiskostnaðinum.

Flutníngsmaður *Jón Jónsson* beiddi þíngið leyfis að upplesa bænarskrána, er hún væri svo stutt og ljós, að upplestur hennar tefði ei meira fyrir, en að skýra frá höfuðatriðum hennar.

Varaforseti kvaðst ekkert hafa á móti því, að bænarskráin væri öll upplesin, því það gæti orðið tjón að því, að bænarskrár væru ekki lesnar heilar upp.

Umboðsmaður *þ. Sívertsen:* Eg leyfi mèr að gjöra þá athugasemd, að mèr þykir miklu varða, hvort *alt* það, sem upplesið verður á þínginu, eigi að prentast eða koma inn í þíngtíðindin, ellegar ekki; því eg ætla það mjög ísjárvert, að gjöra það að reglu, að allar bænarskrár verði upplesnar, eigi þá að prenta þær allar; og vil eg leyfa mèr að skjóta því undir álit ens háttvirta varaforseta.

Umboðsmaður *Ólsen* kvað nauðsynlegt, að almennri reglu væri fylgt í þessu tilliti.

Varaforseti: Það er almenn regla, að bænarskrár eru lagðar fyrir fram á lestrarsalinn, svo það er í valdi þingmanna að lesa þær; en opt getur upplestur bænarskránna á þinginu sjálfu gjört mikið gagn, en litla töf, og það flýtur ekki af upplestrinum, að prenta þurfi alt það, sem upplesið er.

Umboðsmaður *Þ. Sivertsen* kvaðst með þessu skilyrði ekkert hafa á móti upplestrinum.

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson* bað, upp á konferenzráðs Thorsteinsons og eigin vegna, að það væri ekki innfært í þingtíðindin með sömu orðum, sem varaforsetinn hefði farið þar um, að tjón hefði hlotizt af, að bænarskrárnar hefðu ekki verið upplesnar á þinginu.

Varaforseti: Eg vona, að þingskrifararnir hafi tekið eptir því, að það voru ekki mín orð, að tjón hefði hlotizt af, að bænarskrár að undanförnu hafa ekki verið allar upplesnar, heldur hitt, að það *gæti* hlotizt tjón af því, og er eg sannfærður um, að svo gæti farið, ef synjað er um upplesturinn. En veri það á þingmanna valdi, hvort þær verða upplesnar eða ekki, eins og verið hefir að undanförnu.

Guttormur stúdent *Vigfússon* hélt ei nauðsynlegt að upplesa allar bænarskrár, og sér í lagi ætti þetta sér stað, þegar fleiri samkynja bænarskrár væru framlagðar á þinginu, er þá mundi nægja að upplesa hina yfirgripsmestu, en hinar af þeim mundu verða afhentar nefnd þeirri, er kosin væri eptir höfuð-bænarskránni; því síður áliti hann nauðsynlegt að prenta þær.

Jón hreppstjóri *Jónsson* kvað það þjóðlegra og frjálslegra, að allar bænarskrár væru upplesnar; því þó þingmenn ættu kost á að kynna sér þær á lestrarsalnum, kæmi, ef til vildi, skuggi á endurminningu þeirra hjá þingmönnum, þegar fráliði, enda ætlaðist þjóðin til, að bænarskrárnar væru upplesnar, er þetta væri sá eini málstaður, er hún ætti við þingið, og þenna málstað vildi hún eiga í heyranda hljóði; það væri líka aðgætandi, að þó þingmenn gætu kynt sér bænarskrárnar, þá væri þetta samt fyrirmunað utanþingsmönnum, og yrði það því þessum að litlum notum, að þingsalurinn væri opinn; hann fór því þess vegna fastlega á flot, að allar bænarskrár yrðu upplesnar opinberlega á þinginu.

Eyólfur hreppstjóri *Einarsson:* Eg vil óska, að allar bæn-

arskrár ættu rètt á að lesast upp, en undir forseta yrði komið, hvort þær yrðu prentaðar.

Stiptamtmaður: Það getur verið nokkurt vafamál, hvort synja megi nokkrum þingmanni að lesa upp þá bænarskrá, er hann samkvæmt hinni 62. gr. í alþ: tilskipuninni vill bera upp fyrir þinginu, og sem hann þess vegna á, eptir orðum tilskipunarinnar, greinilega að leiða þinginu fyrir sjónir. Það er þó augljóst, að sú greinilegasta aðferð til að leiða þinginu í ljós innihald einhverrar bænarskráar, er að lesa hana upp, og eg fæ því ei betur sèð, þegar einhver þingmaður mælir fram með einni bænarskrá og vill lesa hana upp, en að hann geti krafizt þess. Það er að vísu svo, að verði allar bænarskrár, sem upp eru lesnar, prentaðar, svo auka þær þingtíðindin um nokkur blöð; en það er þó aðgætandi, að áform tíðindanna er að sýna, hvað borið hefir verið upp á þinginu; það er heldur ekki meining mín, að allar bænarskrár, sem til þings koma, verði lesnar þar upphátt, heldur megi afhenda nefndunum óupplesnar bænarskrár, þegar þær eru samkynja þeim, sem búið er að lesa og nefndirnar hafa móti tekið.

Jón hreppstjóri *Jónsson* kvað nauðsynlegt að upplesa allar bænarskrár, eins þó þær væru samkynja, því í þeim gætu verið, hverri fyrir sig, sèrstök atriði, sem vert væri að þingmenn heyrðu og kyntu sèr.

Stiptamtmaður: Viðvíkjandi því, er nú var sagt, vil eg geta þess, að meining mín var sú, að þegar ný uppástúnga væri borin upp, sem þingmenn vildu mæla fram með, og krafizt væri, að lesa hana upphátt fyrir þinginu, þá yrði svo að vera; en hitt held eg, að ekki þurfi að lesa þær allar, þegar samkynja atriði er í þeim öllum, hverri fyrir sig. En mæli einginn þingmaður með bænarskránni, þá mætti hèr, eins og gjört hefir verið á fulltrúaþingum Dana, afhenda þær sèrstakri nefnd, sem sett er til að veita móttöku slíkum bænarskrám.

Steffán hreppstjóri *Jónsson:* Eptir minni skoðun og lítilli reynslu, virðist mèr nauðsyn, að lesa upp á þinginu þær bænarskrár, sem vafi getur verið á hvort þingið vill veita móttöku, svo innihaldið skýrist þess betur fyrir þingmönnum; hinar þurfa síður að lesast upp, heldur einúngis að afhendast nefndunum, svo þær geti metið úr þeim ástæðurnar, en ógjörlegt er að prenta allar þær, sem upp kynnu að verða lesnar.

Guttormur stúdent *Vigfússon* kvaðst ei vilja hindra, að málefnin skýrðust þinginu við upplesturinn, en það mundi valda of mikilli tímatöf að lesa þær upp allar, einkum þær sem eru samkynja og feingnar verða nefndunum, er geta dregið út af þeim þau sèrstöku atriði, því þá fær þingið tækifæri á eptir að ræða alt málið, og þarf því ei að lesa allar bænarskrárnar, heldur eina hvers efnis.

Jón hreppstjóri *Jónsson*: Þegar hver flutníngsmaður á þó að taka fram höfuðatriðin í bænarskránum, veldur þetta eins mikilli tímatöf, eins og upplestur sjálfra þeirra, því ekki eru allir svo fljótir að leiða höfuðatriðin í ljós með eigin orðum, að eg held, að sá máti fremur tefji, en flýti.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir miklu skipta, hvort þíngmenn hafa haft færi á að kynna sèr bænarskrárnar að undanförnu, því um það hefir verið kvartað, að þíngmenn hefðu ekki tíma til að lesa allar bænarskrár í lestrarsalnum, þegar þeir væru algjörlega teknir til nefndarstarfa; en þegar bænarskrárnar eru öldúngis samhljóða (eins og eg veit til að nú eru sumar), sýnist mèr óþarfi að lesa þær upp allar, enda tekur það fjarska mikinn tíma frá þinginu, og eykur því óþarfan kostnað, hvað menn ættu að varast.

Einnar ástæðu vil eg geta, er þíngmaður Suðurþíngeyarsýslu hefir tekið fram, sem er sú, að nú sè sú skipun nýlega á komin, að menn fái að heyra þíngræðurnar, en þessum mönnum sè það fyrirmunað að heyra bænarskrárnar, ef þær verða ekki lesnar upp á þinginu; en mèr virðist, að þeir, sem vildu fá að sjá bænarskrárnar, gætu feingið að sjá þær á lestrarsalnum ásamt þíngmönnum.

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson*: Eg felli mig vel við það, er þíngmenn Eyafjarðar og Stranda sýslna mæltu; en margir eru þeir, er þekkja bænarskrárnar frá fundunum, er þær hafa komið fram á. Tíminn er líka svo dýrmætur, að ei er vert að verja honum til að breyta undanfarinni venju í þessu efni.

Jón hreppstjóri *Jónsson* óskaði, að forseti leitaði þíngsins atkvæða um, hvort allar bænarskrár skyldu upplesast.

Varaforseti: Þíngmenn hafa að vísu látið í ljósi meiníngar sínar með og mót upplestrinum, en flestar lúta þær að því, að hverjar einstakar, og þegar fleiri eru samkynja, þær hinar yfirgripsmestu verði upplesnar heilar og haldnar. Allir

vita þá tímatöf, sem það valda mundi, ef þær væru allar lesnar upp, en þó þessu geti ei orðið við komið, er samt upplýsing að því, að aðal-bænarskrárnar verði lesnar, eins og heldur eingin vissa er fyrir því, að allir þingmenn hafi kynt sèr þær, þó þær hafi verið lagðar inn á lestrarsalinn, en málefnunum getur orðið það að tjóni, ef sumir þingmanna væru þeim ókunnugir. Annars virðist mèr, að þingið eigi einga töf að líða af utanþingsmönnum, og á því þetta ekki að gjöra neina breytíng á þingstörfunum. En vegna skiptra meiníng verð eg að skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nokkra eða einga bænarskrá eigi að upplesa. Og eptir að þingið í einu hljóði hafði samþykt, að nokkrar bænarskrár skyldi upplesa, leitaði forseti því næst atkvæða um, hvort upplesa ætti allar bænarskrár, eða þegar fleiri væru samkynja, að eins eina aðalbænarskrá; og var þetta síðara samþykt með 15 atkvæðum.

Jón hreppstjóri *Jónsson* bar það traust til forseta, að þegar af fleiri samkynja bænarskrám ætti að upplesa eina, þá yrði til þess valin sú, er álitist yfirgripsmest.

Varaforseti kvaddi flutníngsmann til að upplesa bænarskrá þá, er honum áður var afhent, og gat þess jafnframt, að um þetta efni væri að eins 2 bænarskrár, og hin yfirgripsmeiri afhent flutníngsmanni, sem að því búnu las hana upp.

Stiptamtmaður: Það mun án efa vera þingmönnum kunnugt, að það var í fyrstu tilætlun stjórnarinnar, að þær jarðir, sem liggja undir kirkjur, presta, fátæka menn eður spítala, skyldu ekki vera lausar við alþíngistollinn, eins og sjá má af ástæðum hins konúnglega frumvarps í alþíngistíðindum árið 1847, viðbætir A. bls. 50. En einúngis fyrir þá sök að alþíngið gjörði þá uppástúngu, að jarðir þessar skyldu vera undanþegnar tollinum, hefir stjórnin bætt við málsgrein þeirri, sem síðast stendur í 1. §. hins opna brèfs frá 18. júlí 1848, „að lènsjarðir presta o. s. fr. skuli vera undanþegnar þeirri álögu“. Nú má vel vera, að þínginu hafi þókt nokkur ástæða til þessa, bæði í 4. grein reglugjörðar 17. júlí 1782, og þar næst í því atriði, að opt hefir verið um það rædt, að bæta kjör hinnar andlegu stèttar. En bæði er, að hitt hefir þó verið fyrsti tilgángur stjórnarinnar, að af öllum jörðum í landinu undantekníngarlaust skyldi alþíngistollurinn greiðast, og svo hefir einnig víða um landið brydt á óánægju yfir honum, og þess vegna get eg ekki annað en óskað þess af stjórn-

arinnar hálfu, að sett verði nefnd manna til að íhuga þetta málefni. Að tala um aðrar uppástúngur, sem drepið er á í bænarskránum, virðist mèr ekki þurfa nú um sinn. Jarðirnar eru, nú sem stendur, sú undirstaða, sem mál þetta hvílir á, og það er einúngis að fylgja aðalreglunni, ef þeirri undantekníng, sem nú er, yrði slept, en hitt er önnur og ný undirstaða, að leggja tollinn á timburhús, á laun embættismanna, o. s. fr. En að svo stöddu var það ekki áform mitt að tala um inntak eða efni (Realitet) þessa máls, fremur en nauðsynlegt er til að mæla fram með, að nefnd yrði kosin til að rannsaka það.

Umboðsmaður *Ólsen* skýrir frá, að þessi lagastaður hafi valdið óánægju á Húnavatnsþíngi, einkum það, að sjálfseignarkirknagóz sè undanþegið, en ei kveðst hann vita til, að hitt hafi valdið þar óánægju, og það því síður, sem það í rauninni sè mikið ísjárvert að leggja alþíngisgjaldið á kirknajarðir prestanna, einkum á hinum fátækari brauðum, en undanþága sjálfseignarkirknajarðanna sè, að hans áliti, ef ei gagnstæð lagaboðinu, þá samt ránglæti; hann verði því innilega að mæla fram með nefnd í málinu, eins og stiptamtmaðurinn hafi gjört.

Jón hreppstjori *Jónsson*: Í Suðurþíngeyarsýslu hafa prestarnir sjálfir skrifað nöfn sín undir bænarskrána og álitið uppástúnguna sanngjarna, eins og það liggur í augum uppi, að kostnaðurinn verður síður tilfinnanlegur, þegar lagt er á fleiri gjaldstofna.

Varaforseti: Málefni þetta er studt af fleirum en einum, svo eg álít sjálfsagt, að nefnd verði í því kosin, og hefir þessu enginn mótmælt og vill víst heldur ekki mótmæla; verð eg því að skora á þíngmenn, að stínga upp á, hve margra manna nefnd þeir álíti nauðsynlega.

Jón hreppstjóri *Jónsson* áleit 5 manna nefnd nauðsynlega, því málið væri svo yfirgripsmikið og snerti svo marga.

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson* áleit nægja að kjósa 3 manna nefnd, svo menn tækju ekki strax svo marga frá öðrum nauðsynjastörfum þíngsins, hvar til nógur tími mundi seinna.

Varaforseti: Um þetta efni eru þegar framkomnar 2 meiníngar, og verð eg að aðhyllast þá, er lýtur að 3 manna nefndinni.

Umboðsmaður *Þ. Sivertsen:* Eg held, að 3 manna nefnd nægi í þessu máli, en hitt vera með öllu ófært, strax í byrj-

un þingsins, sem virðist fremur veikliðað, enn sem komið er, að taka 5 þingmenn til meðferðar máls þess, er öllum þingmönnum áður má og mun vera fullkunnugt.

Eyólfur hreppstjóri *Einarsson:* Eg óska 5 manna nefnd, eins og þingmaður Suðurþingeyarsýslu stakk upp á, þar mál þetta víst er vandrædt.

Umboðsmaður *Ólsen:* Eg verð í kröptugasta máta að mæla móti 5 manna nefnd, því fyrst þingið hefir mikið að gjöra, má það ei ónauðsynlega eyða kröptum sínum í svo þjóðkunnu málefni.

Biskup *H. G. Thordersen:* Eg er samdóma því, sem þingmaður Húnvetninga nú mælti, og kalla það gjört að gamni sínu og óþarfa, að kjósa fleiri menn í nefnd þessa.

Kammerráð *Magnúsen* var biskupinum samdóma.

Varaforseti skaut þá málefni þessu til atkvæða, og lutu flestir að því, að 3 manna nefnd væri kosin; voru að því búnu hreppstjóri Jón Jónsson með 12 atkvæðum, biskup H. G. Thordersen og konferenzráð Þ. Sveinbjörnson, hvor fyrir sig með 6 atkvæðum, valdir í nefnd þessa.

Því næst tók *varaforseti* fram bænarskrá líks efnis, en yfirgripsminni, frá Borgarfjarðarsýslu, með þeim ummælum, að bænarskrá þessi einkum tæki það fram, að hús þau á verzlunarstöðum landsins, sem veita kosningarrètt og kjörgeingi, beri sömu byrði og eignir þær, sem veita þenna rètt. Í enni fyrri bænarskrá væri einnig nefnd hús þessi, og virtist því óþarfi að lesa þessa seinni bænarskrá upp, heldur mætti nægja að vísa henni til sömu nefndar, sem hinni fyrri, og gæti flutningsmaður sagt til, hvort hann væri ekki ánægður með það.

Jústizráð *Thorsteinsen* kvað sig ánægðan þar með.

Varaforseti framlagði síðan fyrir þingið bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu um kauptún á Krossvík, og gat þess um leið, að á fyrsta þingi hefði mál þetta verið rædt, og þingið þá beiðzt þess, að lausakaupmenn mættu verzla þar á sjó, en leyfi þetta hefði verið takmarkað af stjórninni við kaupmenn eina frá Reykjavík; afhenti hann síðan bænarskrána flutningsmanni jústizráði *J. Thorsteinsen*, sem las hana upp fyrir þinginu.

Stiptamtmaður: Í opnu brèfi frá 11. maí 1847 hefir konúngi þóknazt að leyfa Reykjavíkur kaupmönnum siglíngar til verzlunar á Krossvík á Akranesi, en einúngis um 3 ár, nefnilega

frá byrjun ársins 1847 til ársloka 1849. Nú með því það er viðurkent, að ráðstöfun þessi hafi verið landsmönnum til hagsmuna, þá ræður að líkindum, að nefnd verði sett til að rannsaka málið; því verði eingin bænarskrá um það efni send frá alþingi, þá er leyfið úti við næstu áramót.

En þar sem bænarskráin hnígur að því, að biðja um leyfi til þess, að nýtt kauptún verði sett við Krossvík, þá er sú bón yfirgripsmeiri, og má það virðast ísjárvert, áður en verzlunarmálið er komið í kríng, að fjölga kaupstöðum. Hvað nú þetta snertir, vil eg geta þess, að á alþingi árið 1847 spurði þingmaður Ísfirðinga konúngsfulltrúa þann, er þá var, hvað verzlunarmálinu liði (alþ. tíð. 1847 bls. 14), og svaraði konúngsfulltrúi því á þá leið, að verið væri að rannsaka málið, og því mundi verða svo fljótt ráðið til lykta, sem unt væri, enda hafði og konúngur sjálfur sagt í brèfi sínu til alþingis það ár, „að flýta skyldi svo rannsóknum verzlunarmálsins, sem fremst mætti verða“ (sjá alþ. tíð. s. á. bls. 12). Þar við leyfi eg mèr nú að bæta, að 15. apríl 1848 ritaði hið konúnglega rentukammer mèr brèf, og beiddi mig að skýra frá áliti mínu að fullu og öllu um þetta málefni, og sendi eg það með póstskipi í vetur eð var. Þegar konúngsfulltrúinn kemur, mun hann geta skýrt frá því, hve lángt málið er komið áleiðis, og þá er tími til að tala um aðalatriði þess, sem einnig innibinda í sèr hina einstöku grein um fjölgun kauptúna. Skyldi koma konúngsfulltrúa dragast of leingi, og nefndin verða komin lángt á leið með störf sín, þá er eg fús til að sýna henni það, sem eg hefi ritað um málefni þetta. En það sem mèr virðist að þingið eigi hèr að hafa fyrir augum, er fremur það, hvað ætti að vera aðalregla eða aðalstefna verzlunarmálsins hèr á landi, en landslag eða tilhögun hinna einstöku hèraða. Þess vegna vildi eg að lyktum bera undir varaforseta, hvort ekki mætti fyrst skera úr því, hvort setja eigi nefnd í málinu, og þar næst, ef því verður svarað með jákvæði, hvort ekki mætti skjóta á frest að kjósa menn í þá nefnd, þar til útgjört er um hinar 2 bænarskrárnar um Þorlákshöfn og Hrísey, til þess að ein og sama nefnd geti tekizt þau fleiri mál á hendur.

Umboðsmaður *Ólsen* óskar, að uppástúnga stiptamtmannsins fái þingsins meðhald, svoleiðis, að allar þær bænarskrár, sem viðvíkja verzlun á sèrstaklegum stöðum, afhendist einni

nefnd; þetta því heldur, sem hann hafi meðferðis frá Húnavatnsþingi bænarskrá um verzlun í Sauðárkróki í Hegranesþingi.

Varaforseti: Eg verð að leggja fram bænarskrárnar, sína í hverju lagi, því ein beiðist um verzlun í Krossvík, og önnur um verzlun í Sauðárkrók, og þriðja um timburflutninga í Þorlákshöfn, og ætlast eg til, að þingið ráði því, hvort það tekur þá seinni undir þá fyrstu; en að þingið geymi þessar bænarskrár, þángað til verzlunarmálið alt er rædt, er ekki meining mín. Eg verð samt að benda til, að þeir menn, sem kosnir verða í nefnd í máli þessu, þyrftu að vera kunnugir þeim stöðum, sem beðið er um verzlun á.

Stiptamtmaður: Eg hygg, að hèr sè á nokkur misskilningur, því eg mælti ekki móti því, að nefnd væri kosin til að prófa bænarskrána um Krossvíkur kauptún, heldur óskaði eg einúngis, að skorið væri úr því, hvort kjósa ætti nefnd, og svo að eins lítið eitt frestað, þángað til búið væri að tala um hinar bænarskrárnar, að velja menn í nefndina.

Varaforseti: Eg get ei annað en verið samþykkur því, er stiptamtmaður mælti, að vel mætti bíða að kjósa nefndina, þángað til búið væri að ræða um hinar bænarskrárnar; því vilji þingið hafa eina og sömu nefnd fyrir þær allar, þá þyrfti að velja þar eptir mennina.

Jón Samsonsson: Eg vil leyfa mèr að mæla fastlega fram með því, að nefnd verði sett í þessu máli; því þó Skagafjarðarsýsla hafi ásamt nokkrum öðrum sýslum landsins áður sent alþingi bænarskrá um algjört verzlunarfrelsi, þá hefir hún líka þar fyrir utan seinna sent þingi þessu bænarskrá um uppsiglíng á Sauðárkrók. Eg vildi því mælast til þess af þinginu, að í nefnd þá, er meðhöndlaði þetta mál, yrðu kunnugir menn öðrum fremur kosnir.

Stefán hreppstjóri *Jónsson*: Bænarskrárnar eru 4, því ein var frá Eyafjarðarsýslu, þó hennar væri ekki getið áðan af varaforsetanum, og óska eg, að þess sè gætt.

Biskup *H. G. Thordersen*: Eg hefi og heyrt nefnda bænarskrá frá Skaptafellssýslu viðlíks efnis.

Varaforseti: Bænarskrár þær, sem þegar eru framlagðar, eru um verzlun í Krossvík, Hrísey og timburflutninga í Þorlákshöfn; en þær, um verzlun í Sauðárkrók, Hellnavík og Papós, eru enn þá ekki framlagðar, en eg býst við, að þingið leggi

þær undir sömu nefnd, og er því nauðsyn að velja í hana kunnuga menn.

Konferenzráð *þ. Sveinbjörnsson:* Eg held að svo stöddu ætti ei að kjósa nefnd í neinu af þessum málefnum, heldur ættu menn að bíða með þau eptir málefninu um alment verzlunarfrelsi.

Guðmundur hreppstjóri *Brandsson:* Mèr þykir ísjárvert, svo mikilvægt málefni sem nú sýnist fyrir hendi, að fela það einni nefnd til meðferðar, þar sem svo ólíkt er varið landshlutum þeim, sem bænarskrárnar eru frá, er siglíngaleyfis óska; því það er mjög óvíst, að jafnkunnugir menn, sem þurfa þækti, yrðu valdir í nefndina, og læt eg þíngið hèr með vita, að eg hefi meðferðis bænarskrá frá Gullbríngusýslu, sama efnis og þær, sem hèr ræðir um, og þó siglíngarleyfið fáist á þeim tilteknu stöðum, er eingum verzlunarmanni þar með skipað að verzla þar; þeir geta notað sèr það, sem vilja, og hinir verið þar fyrir utan, sem ekki vilja.

Steffán hreppstjóri *Jónsson:* Það verður mjög óvinsælt hjá þjóðinni, ef svo margar bænarskrár um þetta mikilsumvarðanda efni dragast, því eins og verzlunarfrelsið hefir dregizt frá fyrsta þíngi til þessa, getur það má ske dregizt enn.

Varaforseti: Þar eð menn tala bæði með og móti nefndarkosníng í máli þessu, verð eg að skjóta því til atkvæða þíngsins, hvort nefnd skuli kjósa eður ei; og lutu flest atkvæði að því, að nefnd yrði strax kosin. Sömuleiðis lèt varaforsetinn í ljósi, að bezt mundi hlíða að ræða um, hvort allar bænarskrárnar viðvíkjandi verzlun skyldi leggja undir eina og sömu nefnd, áður en talað væri um, hve marga skyldi velja í nefndina.

Biskup *H. G. Thordersen*: Eg ímynda mèr, að bezt sè að leggja þær allar undir eina nefnd, svo farið verði eptir fastri reglu og sniði; því ekki er alt unnið með því, að nefndarmenn sèu kunnugir á hverjum stað fyrir sig, ef þeir að eins eru upplýstir og skynsamir menn.

Umboðsmaður *Ólsen* aðhyllist meiníngu biskupsins, en óskar, að í þessu máli verði kosin 5 manna nefnd.

Biskup *H. G. Thordersen* var samdóma þessum þíngmanni, ef bænarskrárnar allar ættu að leggjast undir sömu nefnd.

Jón Samsonsson lèt í ljósi, að nauðsynlegt væri að velja í nefndina kunnuga menn.

Ásgeir Einarsson álítur, að í þetta mál verði að kjósast upplýstir menn.

Jón Samsonsson kveður prófast sèra Haldór Jónsson þar til einkar vel fallinn.

Ásgeir Einarsson kvaðst ei vita, hvort það sè góð regla að benda á einstaka menn til nefndarkosninga, og segir, að prófastur sèra Haldór Jónsson hafi áður glögglega látið meiningu sína í ljósi um þetta mál.

Varaforseti: Bænarskrár þessar um verzlunina eru að vísu líks efnis, en þó sèrstaklegar, að því leyti sem þær snerta verzlun á ýmsum stöðum; og verð eg því að leita atkvæða þingsins um, hvort þær allar eigi að leggjast undir eina nefnd eður fleiri.

Ásgeir Einarsson: Þó menn hafi sagt, að kunnugra manna þyrfti við í nefndinni, þá er eingan veginn loku fyrir það skotið, að nefndin, þó hún sè ekki sjálf kunnug, geti feingið upplýsingu hjá kunnugum mönnum, ef á liggur, því svo hefir áður verið að farið á þessu þingi.

Umboðsmaður *Ólsen* kveðst ei finna tilefni til að æskja, að bænarskrá Húnvetninga um verzlan í Sauðárkróki verði upp lesin, þegar hún kemur fyrir.

Prófastur *Haldór Jónsson:* Það er að minni hyggju bezt og èttri aðferð samkvæmast, að nefnd sè kosin til að hugleiða þær 3 bænarskrár, sem þegar eru fram lagðar; því enn er ósèð, hvort þingið vill taka til greina hinar aðrar bænarskrár um líkt efni, sem því hafa verið sendar. En þar þingmönnum er kunnugt, um hvaða staði í þeim er talað, geta þeir haft tillit til þess í vali nefndarinnar, og tekst þá kann ske svo til, að mönnum seinna sýnist ráðlegt að afhenda þeirri nefnd, sem nú yrði kosin, þær bænarskrár, sem seinna verða fram bornar sama eðlis.

Stúdent *Guttormur Vigfússon:* Eg fellst að vísu á það, að allar þær bænarskrár, sem nú eru umræðuefni, verði afhentar einni og sömu nefnd; en það leyfi eg mèr að stinga upp á, að bænarskrár þær, sem enn eru ekki fram lagðar, þó samkynja væru, ekki sèu nú þegar ákveðnar til hennar, og einkum hygg eg bænarskrain frá Skaptafellssýslu um uppsigling á Papós ekki ætti þángað að lenda, þar ókunnugleiki

margra þingmanna og sèrstakar kringumstæður munu útheimta, að hún verði meðhöndluð sèr í lagi.

Varaforseti kvaðst ekki hafa til ætlazt, að þegar í dag væri kosin nefnd til að íhuga bænarskrár, sem enn þá ekki væru fram lagðar, heldur hafa getið þess, að þessar bænarskrár væru í vændum, svo menn gætu haft hliðsjón til þess við nefndarkosninguna, ef þar að ræki, að þær allar yrðu lagðar undir eina og sömu nefnd.

Ásgeir Einarsson: Það er ekki móti þingreglunum, að nefndir sèu auknar, og gætu menn til þess kosið kunnuga menn.

Prófastur *Haldór Jónsson:* Einmitt af þeirri ástæðu, að ekki verði seinna nauðsynlegt að auka mönnum í nefndina, eður kjósa nýa nefnd til að íhuga þær samkynja bænarskrár, sem seinna verða fram bornar, álít eg í þessu máli nauðsynlega 5 manna nefnd.

Varaforseti skorar á þingmenn að láta meiningu sína í ljósi, hvort kjósa skuli í nefnd þessa 3 eða 5 menn.

Steffán hreppstjóri *Jónsson:* Jeg held, fyrst bænarskrár eru komnar svo margar um þetta efni, þá muni ekki veita af 5 manna nefnd, og eru þá meiri líkur, að þeir þekki víðar til, ef þeir eru fleiri.

Umboðsmaður *þ. Sívertsen:* Mèr sýnist nóg að kjósa 3 menn í nefnd, því fari svo, að fleiri bænarskrár sama efnis komi fram, sömu nefnd til meðferðar, þá sè henni innan handar, að kjósa sèr aðstoðarmenn, ef málefnið skyldi verða svo yfirgripsmikið, að hún þyrfti þess með.

Ásgeir Einarsson mælti fram með 5 manna nefndinni.

Prófastur *Haldór Jónsson* og jústizráð *Thorsteinsen* mæltu einnig fram með 5 manna nefndinni.

Varaforseti lèt þetta þá ganga til atkvæða, og varð sú endalykt, að 5 manna nefnd skyldi kjósa, og voru síðan í nefnd þessa kosnir hreppstjóri Steffán Jónsson með 16 atkvæðum, prófastur Haldór Jónsson með 11, jústizráð Thorsteinsen með 9, en aptur feingu umboðsmaður M. Ólsen, Ásgeir Einarsson og Jón Samsonsson jöfn atkvæði, eður 8 hver, og gekk sá fyrst nefndi af þessum úr nefndinni, sem yngstur, og voru bænarskrárnar að því búnu afhentar formanni nefndarinnar, hreppstjóra Steffáni Jónssyni.

Varaforseti: Menn töluðu um það í fyrra dag, að fresta

kosníngu ritnefndar um nokkra daga, því menn vonuðu eptir, að félagar vorir, sem enn eru ókomnir og höfðu þetta starf á hendi, mundu bráðum koma, en mèr virðist áhorfsmál fyrir þíngið, að fresta prentun þíngtíðindanna, því kunnugt er, hvað leingi hefir staðið á henni, þó strax hafi verið byrjað. Að vísu gjöra 2 eða 3 dagar ekki neinn töluverðan mun, en fyrir mitt leyti legg eg það til, að nefnd þessi verði kosin í dag eða á morgun, því bágt mundi að finna nóga afbötun fyrir undandrætti.

Biskup *H. G. Thordersen:* Eg er öldúngis sömu meiníngar, að nefndin eigi að kjósast strax, og ætla ei upp á fjarlæga krapta, heldur nota þá, sem þíngið þegar hefir.

Ásgeir Einarsson vill láta nefndarkosníngunа bíða til morguns, er menn nú væru óviðbúnir að tiltaka þar til hæfa menn.

Umboðsmaður *Ólsen* kveðst fallast á meiníngu biskupsins, og heldur, að þíngmenn þekki ekki hver annan betur á morgun, en í dag.

Varaforseti leitaði því næst atkvæða um, hvort velja skyldi nefndina í dag, og var það með atkvæðafjölda afráðið.

Hreppstjóri *Eyólfur Einarsson:* Má velja assessor Jónasen í þessa rituefnd?

Varaforseti: Sjálfsagt, því þó hann fari frá þínginu, má ætla, að annar komi í hans stað, sem taki við skyldum hans og rèttindum; og skoraði hann á þíngmenn að kjósa 2 menn í nefndina, og voru þeir konferenzráð Sveinbjörnsson og assessor Jónasen fyrir kosníngunni með 9 atkvæðum hvor.

Konferenzráð *þ. Sveinbjörnsson* bað sig afsakaðan frá starfa þessum, sem stirðan og óvanan hinni nýu rèttritun, og kvaðst vona, að þíngið tæki þá afsökun gilda.

Assessor *Jónasen* kvaðst að sinni hálfu ekkert hafa á móti þessari kosníngu, en aðgætandi væri, að hann hefði hèr stutta dvöl á þínginu, og yrði hann því að spyrja, hvort kosníngin ætti að standa.

Varaforseti: Einmitt þessa vegna var nýlega spurt um, hvort velja mætti assessor Jónasen í ritnefndina; en eg ætla, að sá einn muni koma í stað hans, er hæfur muni að taka við þessu starfi; en hvað afbötun konferenzráðsins viðvíkur, þá sker þíngið úr henni.

Konferenzráð *Sveinbjörnsson* lætur þá von sína í ljósi, að þingið taki afbötun sína gilda.

Prófastur *Haldór Jónsson* kvaðst ekki geta ætlað, að þingið fyndi ástæðu til að gefa konferenzráðið lausan frá kosningu þessari.

Umboðsmaður *Ólsen* stingur upp á, að því sè skotið til þingsins, hvort það ekki vilji veita konferenzráðinu lausn, og getur þess, að prófastur Haldór hafi feingið flest atkvæði næst þeim nú völdu.

Varaforseti: Ef það ekki er skylda hins konúngkjörna þingmanns að gángast undir kosninguna, þá er óþarfi að leita til atkvæða þar um.

Konferenzráð *Sveinbjörnsson:* Eg á opt bágt með að skrifa, það er eg með þarf, vegna handaskjálfta, og vona því, að þingið gefi mig lausan.

Varaforseti: Það stendur þó í 78. grein alþ. tilskip., að þingið eigi að nefna 2 menn til að auglýsa á prenti, það sem fram fer undir umsjón konúngsfulltrúa, og að tilhlutun forseta, og í 54. grein er ákveðið, að enginn megi „skirrast við“ að gángast undir kosníngar án þingsins samþykkis.

Konferenzráð *Sveinbjörnsson:* Það, sem stendur í 54. greininni, á einúngis við þá embættismenn þingsins, sem í greininni eru nefndir.

Varaforseti: En þingið kýs þó menn í ritnefndina, eins og það kýs þá embættismenn, sem 54. grein tiltekur.

Stiptamtmaður: Eg ætla þó, að hinn konúngkjörni þingmaður geti skorað sig undan þessum starfa, því í 54. grein alþ. tilskip. er einúngis bannað að skora sig undan „slíkum kosníngum“, sem *þar* eru nefndar.

Varaforseti: Ef þess er ei kostur, að konferenzráðið vilji veita þinginu þessa hjálp, sem eg þó vil leggja bæn mína til, er ei annað fyrir, en kjósa að nýu.

Konferenzráð *Sveinbjörnsson* framhèlt afbötun sinni.

Ásgeir Einarsson kvað þessum mætti gefa lausn, eins og einum áður.

Varaforseti: 10 ára aldursmunur vegur þó mikið í þessu efni.

Jón Jónsson: Mèr eru að sönnu ókunnugar skyldur ritnefndarmanna, svo sem hvort þeim endilega beri sjálfum að rita, ellegar einúngis að hafa tilsjón með ritunina, og megi

því láta annan starfa að því með sèr og fyrir sig; ef nú þetta síðara á sèr stað, þykir mèr ástæða sú, sem konferenzráðið bar fyrir sig, aungan veginn gild.

Varaforseti: Ef eingin skylda er til, að taka á móti valinu, verð eg að ítreka það, að þá þarf ei afsakana við, og er þá einginn annar kostur, en að kjósa á ný.

Eyólfur hreppstjóri *Einarsson:* Eg leyfi mèr að spyrja, hvort það heyri til góðrar þingreglu, að neitað sè kosníngum til þingstarfa; því þó stiptprófasti Á. Helgasyni væri eptirgefið að verða forseti vegna elli og lasleika, vil eg ei fría þann mann frá eptirsjón með prentun tíðindanna, sem bezta greind hefir á þeim störfum; svona geta fleiri fallið upp á, að afsaka sig, sem mundi þinginu fremur til tálmunar framvegis.

Jakob Pètursson: Það mætti leingi ganga kosníngar í sama málefni, ef hver, sem fyrir þeim yrði, mætti afsaka sig frá þeim störfum; en eg veit ekki, hvort þingmenn eru skyldugir að breyta þessu optsinnis.

Konferenzráð *Sveinbjörnsson:* Eg álít það óþarft, að svara þeim tveimur þingmönnum, er seinast töluðu; því beri ei skylda að taka á móti valinu, þá er hèr um ekkert framar að tala.

Varaforseti: Þar ágreiníngur er um, hvernig skilja eigi 78. grein alþ. tilskip., þá bið eg þingið með atkvæðum að skera úr, hvern það vill kjósa á ný.

Steffán hreppstjóri *Jónsson:* Eg held, að menn eigi að vera skyldugir til að ganga til þessa starfs, þegar ekki eru gildar afsakanir eða forföll, og það er það, sem eg held að þingið eigi að meta; því það mætti þeinkjast, að allir vildu afsaka sig, og hvernveg færi þá?

Umboðsmaður *Þ. Sivertsen:* Eg hefi ímyndað mèr, að það væri fremur skylda forseta, en þingmanna, að skera úr því, sem við kemur þinglögunum, og nokkur vafi þækti á, og væri svo, þá held eg þingmenn ættu að velja nýan ritnefndarmann, *þegar* forseti væri búinn að álykta, að sá nú valdi einga skyldu hefði að taka á móti málinu.

Varaforseti: Eigi þingið ekki rètt á að heimta, að sá, sem valinn er til þessa embættis, taki það að sèr, heldur að eins þau, sem tiltekin eru í 54. grein, þá virðist rètt að gefa konferenzráð Sveinbjörnsson lausan; um ritnefndarmenn er það ekki sagt, að þeir ei megi afsaka sig, og ætla eg því

rètt, þegar hinn kjörni með öllu neitar að taka á móti kosníngu, að þá sè valið að nýu.

Umboðsmaður *þ. Sivertsen*: Eptir því sem mèr skildist á orðum ens háttvirta varaforseta, fannst mèr það álit hans, að þíngið ekki gæti skyldað ritnefndarmenn að taka móti valinu, og þá ætla eg það sjálfsagt, að þíngið eigi vafalaust að hlýða því, eptir alþíngistilskip. §. 60., og strax að velja annan í þess stað, sem hefir afsakað sig, heldur en að eyða leingur tíma með ræðum hèr um til ónýtis.

Varaforseti: Eg gaf þíngmönnum til kynna, að eg hugði, að 78. grein heimilaði mönnum að skorast undan kosníngu í ritnefndina, því hún leggur ekki neitt bann við því, eins og 54. greinin gjörir við því að skorast undan embættum þeim, sem þar eru nefnd.

Konferenzráð *Sveinbjörnsson:* Geti sá, er kosinn er til forseta eður varaforseta, feingið lausn, þá sýnist mèr það miklu fremur við eiga í þessu efni, og er eg fús til að þjóna þínginu í sèrhverju öðru, er eg get, en til þessa er eg sízt fær.

Prófastur *Haldór Jónsson:* Ef 78. grein í alþíngistilskipaninni hefði þókt eiga heima á sama stað, sem sú 54., efast eg ekki um, að um alla embættismenn þíngsins hefði verið áskilið, að þeir ekki mættu skirrast við, að gángast undir kosníngina án þíngsins samþykkis, en af því greinin um ritnefndina á sèr stað seinna, held eg hafi þókt óþarft að taka þetta fram á ný.

Biskup *H. G. Thórdersen:* Mèr sýnist vafalaust rèttast, að kosið sè að nýu; því lögin eru í þessu efni skýr og ljós; þau gjöra öðrum að skyldu að taka á móti kosníngum, en ekki ritnefndarmönnum. Aldrei fer svo, að allir afsaki sig. Hvað afsökun konferenzráðsins snertir, þá er mèr fullkunnugt, að hún er sönn, því eg veit til, að hann opt getur ekki skrifað fyrir sjálfan sig, það sem hann þarf með.

Kammerráð *Kr. Magnúsen*: Eg er þessu aldeilis samdóma.

Varaforseti bað þíngmenn að kjósa að nýu í stað konferenzráðs Þ. Sveinbjörnssonar.

Assessor *Jónasen*: Fyrst kjósa þarf annan ritnefndarmanninn, álít eg rèttast, að báðir sèu kosnir að nýu, því mín kosníng er ekki nema að nafninu.

Varaforseti: Eg gat þess áðan, að Jónasen var valinn í

því skyni, að sá, er eptir hann kæmi, tæki við starfa hans.

Assessor *Jónasen*: Það er ekki sagt, að sá, sem kemur eptir mig, áliti það skyldu sína að taka við þessu starfi, samkvæmt því sem þingið þegar hefir viðurkent.

Varaforseti: Þingið getur ekki gefið þessu gaum, því eg veit ekki til, að assessor Jónasen hafi nokkurt umboð frá eptirmanni sínum til að afsaka hann frá starfi þessu; þá verður líka. ef til vill, hægra um að velja, því skeð getur, að fleiri verði komnir.

Assessor *Jónasen:* Orð mín voru einúngis stíluð til forseta í því skyni, að íhugað væri, að þetta gæti komið fyrir. Var þá geingið til atkvæða, og var prófastur Haldór Jónsson kosinn í ritnefndina með 9 atkvæðum, og tók hann þennan starfa að sèr.

Varaforseti tjáði, að í kvöld yrðu fram lagðar á lestrarsalinn til íhugunar næsta dag þessar bænarskrár:

1. frá Suðurþíngeyarsýslu, um að eingan stórvægilegan kostnað megi leggja á landið án samþykkis alþíngis.
2. frá sömu sýslu, um að jarðamatskostnaðurinn leggist á afgjaldstakendur að mestu eður öllu leyti.
3. frá austurparti Húnavatnssýslu, um sjóverzlunarleyfi á Sauðárkrók.
4. frá Suðurþíngeyarsýslu, um landamerkja lýsíngu og skrásetníngu.
5. úr Borgarfjarðarsýslu, um að dönsk túnga verði aflögð í málefnum þeim, er áhræra stjórn Íslands utan lands og innan, ásamt 2 bænarskrám frá Þorskafjarðar þíngi og Suðurþíngeyarsýslu viðliks efnis.

Jón hreppstjóri *Jónsson:* Eg vildi, áður en fundi er slitið, og fyrst nú er búið að kjósa ritnefndina, vekja máls á því, hvort nú í dag væri ekki tíminn og hentugleikinn til að tala um upplagsstærð og verð þíngtíðindanna.

Konferenzráð *þ. Sveinbjörnsson*: Hafi þessi þíngmaður, er síðast mælti, lesið þíngtíðindin frá í hitt eð fyrra, þá hefir hann sèð, að nefnd hefir verið sett, sem þessu hefir ráðið. Að vísu vantar þessa nefnd, nú sem stendur, einn meðlima sinna, en vilji þíngið takast þetta á hendur, þá hefi eg ekkert á móti því. Annars hefi eg þegar rædt við stiptsyfirvöldin um pappír til þíngtíðindanna og prentun þeirra.

Varaforseti: Í hitt eð fyrra var þessi stöðuga nefnd kos-

in af þingmönnum, er þingið þóktist ekki geta komizt yfir að annast þetta; skeði það með fúsum vilja þingsins.

Stiptamtmaður: Konferenzráð Sveinbjörnsson hefir, eins og hann segir, talað um þetta efni við stiptsyfirvöldin. Og leyfi eg mèr þar um að geta þess, að örkin fæst prentuð fyrir 14 rbd., ef upplagið verður 1030 Exx., en 13 rbd., ef það verða 800. Hvað dýr pappír verði, er ekki hægt að segja að svo stöddu, þar eð reikníngar eru enn ekki komnir allir utanlands frá, en ekki mun verð eins „Balla“ (5000 arka) yfirstíga 48 rbdali.

Eptir nokkrar umræður þingmanna um stærð á upplagi tíðindanna, prentunarkostnað og flutníng þeirra til hinna fjarlægari hèraða urðu með ráði forseta þau málalok, að nefnd sú, sem áður í þessu skyni hefði verið kosin, skyldi annast þetta framvegis.

Prófastur *Haldór Jónsson:* Áður en fundi er slitið, vil eg geta þess, að þegar eg áðan tókst á hendur ritnefndarstörfin, gleymdi eg því, að mèr er nauðsyn á að komast strax heim, eptir að þingstörfum er lokið. Eg tek að vísu ekki aptur orð mín, að reyna til að gegna ritnefndarstörfum að öðrum þræði eptir mætti, en þegar sá tiltekni þingtími er liðinn, verð eg að skorast undan því.

Varaforseti: Þetta sama hafa ritnefndarmenn áður áskilið sèr, og er það ekki meiníng þingsins, að nokkur sè bundinn við þetta starf, leingur en þingið stendur. Að undanförnu hafa menn og orðið að fela þetta starf öðrum á hendur eptir þingtímann, og mun svo enn verða.

Þar eð í þetta sinn er ei um meira að ræða, segi eg fundi slitið, þángað til á morgun um 10. stund fyrir hádegi.

---

5. júlí — fjórði fundur.

Allir sömu á fundi, sem áður, og tilkynti stiptprófastur Árni Helgason forföll sín, einnig að mæta í dag.

Þingbók frá næsta fundi upplesin og samþykt.

Varaforseti framlagði bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu um lýsíngu og skrásetníngu landamerkja jarða hèr á landi, og afhenti hana flutníngsmanni, Jóni hreppstjóra Jónssyni, til upplesturs, og var það gjört.

Umboðsmaður *Ólsen*: Jafnvel þó eg felli mig ekki við *alt*, sem í þeirri nú upplesnu bænarskrá stendur, þykir mèr þó málefnið *svo mikils vert*, að eg vil innilega óska, að þingið kjósi nefnd í því.

Stiptamtmaður: Það verður að vísu ekki annað en viðurkent, að tilgángurinn með bænarskrá þá, sem hèr ræðir um, sè góður, en eg leyfi mèr þó að benda mönnum til þess, að árið 1847 kom til alþingis bænarskrá frá Barðastrandarsýslu um almennar landamerkjaskrár, og var þá afráðið, að því máli skyldi skotið á frest, til þess er hinn nýi landsleigubálkur kæmi til umræðu. Samt sem áður má eg fyrir mitt leyti álíta, að ekki sè nein brýn nauðsyn til, að eptir því verði beðið.

Það eru einkum tvö atriði, sem hèr þarf að taka til greina: hið fyrra er um skrásetníngu á landamerkja skjölum, og hið síðara um inntöku slíkrar skrásetníngar í jarðabókina. Hvað hið fyrra atriðið snertir, þá er stúngið upp á því í bænarskránni, að útnefndir og eiðsvarnir menn skyldu á eins konar samkomum á landamerkjum jarðanna semja skýrslur eða lýsíngar á landamerkjum, o. s. frv. Það virðist nú af þessu augljóst, að þessu mundi verða samferða nokkur kostnaður fyrir hið opinbera, ekki einúngis með því að lýsa landamerkjum fyrst um sinn, heldur einnig viðhalda vörðum, eins og stúngið er upp á, og þykir mèr það yfir höfuð vera vafamál, hvort sú aðferð er betri, en hin, sem tíðkazt hefir og er samkvæm lögunum, að eigendur sjálfir sjái um, að skýlaus landamerki fylgi eignum þeirra; og hingað til hefir sú venja á verið, að eigendur hafa sjálfir geingizt fyrir því að lögfesta jarðir sínar, og þó þýðing þessara lögfestna sè að sönnu ekki mikilvæg, þá gefa þær samt í mörgu góðar bendíngar. En að svo stöddu vil eg ei tala meira um skrásetníngu landamerkjanna, heldur fara nokkrum orðum um hitt atriðið, hvort landamerkjaskrár þessar verði teknar inn í sjálfa jarðabókina, og ætla eg, að það geti ekki orðið, og það af fleiri ástæðum.

Það er tilgángur jarðabókarinnar að sýna dýrleika jarðanna, og snertir það hið opinbera, en landamerkja skrárnar eru einstaklegs eðlis (private), og virðist því miður hlýða, að þær eigi heima í jarðabókinni. Þar á móti er í tilsk. frá 24. apr. 1833 um afsals og veðmálaskrár á Íslandi þess getið í hinni 6. grein, að samin skuli vera nokkurs konar grund-

vallar registur, sem amtmenn löggildi, yfir allar jarðir, í tilliti til sölu þeirra og veðsetníngar. Eru slík registur sumstaðar komin á hèr í suðurumdæminu, t. a. m. í Reykjavíkur þínghá, í Borgarfjarðarsýslu og Skaptafellssýslum, en þó þau sèu enn ei allstaðar til, þá liggur það í augum uppi, að þegar jarðamatið er til lykta leidt, þá muni þau auðveldlegar þar verða samin, sem enn er eptir að semja þau. Þannig hefir því verið tilhagað í Danmörku; fulltrúaþíngin fóru þess á flot við stjórnina, að þess konar registur yrðu samin og sett í samband við jarðamatið þar. Í tilskipun frá 28. marz 1845 er gjört ráð fyrir í 3. gr., að staðfest útskript af þess kyns registrum eða jarðatali fylgi hverju lögsagnar umdæmi, og er í slíku registri einn dálkur ætlaður til að lýsa jörðunni stuttlega; ætti í þeim dálki að benda til, hvar landamerkjum væri lýst, og vitna til þeirra, ef þínglesin væru, í afsals og veðmála bókinni, eða í sèrstökum skjölum í skjalasöfnum við það embætti. Í 17. grein þessarar tilskipunar er embættismönnum skipað að fá upplýsíngu um ástand jarðanna; og mætti þeirri skipun einnig svo tilhaga hèr á landi, að embættismönnum væri boðið að safna skýrslum um landamerki, og síðan safna þeim skýrslum og láta fylgja embættunum. Og í 18. grein er tiltekið, að embættismaður sá, sem semur registrið, skuli fá nokkra borgun fyrir það, og sú borgun skuli jafnast niður á jarðirnar. En það er ei sagt, að menn kynnu hèr við það, og mætti, ef til vill, fá það goldið af jústizsjóðnum. Eg hefi þannig í stuttu máli viljað láta í ljósi álit mitt á málinu, og viðurkenna, að áform þess er gott, en tími er til þess, þegar jarðamatið er búið. En hitt er vitaskuld, að það er á þíngsins valdi, hverja aðferð það vill hafa á máli þessu.

Jón hreppstjóri *Jónsson:* Með tilliti til hinna eldri landamerkja skjala, sem stiptamtmaður mintist á, þá er um þau að segja, að bæði er mikill partur þeirra undir lok liðinn, mikið komið burt úr landinu, og það, sem eptir er enn hjá þjóðinni, er alt á víð og dreif. Þó nú nokkur þessara skjala, svo sem máldaga eða lögfestna, fáist, eru þau innbyrðis ósamhljóða sjálfum sèr og lítið gagn að þeim, og valda því sífeldum ágreiníngi og jafnvel málssóknum, og sýnist mèr því þyrfti ný skoðun og ritun á rèttindum hverrar jarðar í landinu. Það er, til að mynda, veikindi í nánd við oss, eg meina

kólera-sóttin, og gæti svo að borið nú, eins og áður hefir skeð í landi hèr, að drepsóttir hafa eyðilagt jafnvel heil hèröð; og þegar nokkur jörð er búin að fara í eyði, eður nærri því, um nokkur ár, þá er eðlilegt, þó landamerkja endurminníng hennar liði undir lok. Hefðu forfeður vorir eptirlátið oss greinilegar lýsíngar og skrásetníngar landamerkja, hefðum vèr varla þókzt geta fullþakkað það, og ef vèr eptirlátum niðjum vorum þann dýrgrip þjóðarinnar, sem landamerkja lýsingar gætu verið, munu þeir tæplega þókzt geta fullþakkað oss.

Stúdent *Guttormur Vigfússon:* Eg hefði fegins hugar tekið þessari bænarskrá, og óskað, að kosin væri nefnd til að meðhöndla hana, ef eg óttaðist ekki, að hún væri ei á rèttum tíma upp borin; já, því fúsari hefði eg veitt henni meðmæli mitt, sem samkynja uppástúngu var hreift í vetur heima hjá mèr í hèraði, en sem mèr að nokkru leyti var að kenna að ekki var samin bænarskrá um, og send þínginu, því eg áleit þá, að það mundi heyra undir landsleigubálk, er eg ímyndaði mèr að má ske ekki yrði lagður fyrir þíng í þetta sinn; en jafnframt var það fyrirætlan mín, ef því máli yrði hreift af öðrum, eða hinn umgetni landsleigubálkur kæmi fyrir þíngið í þetta sinn, að hlynna þá að því, eða þá á einhvern veg að koma því að. En þar þetta mál er nú þegar komið til umræðu, þá þyki mèr málið svo mikils umvarðandi og alþjóðlegt, eins og hinn virðulegi þíngmaður Suðurþíngeyínga fór sönnum orðum um, að eg fylgi fastlega að því, að nefnd sè kosin í það; það er víst brýn nauðsyn til þess, að skilríki fáist sem allra fyrst fyrir fasteignum manna, fullkomnari en hingað til, sem verndi betur eigna rèttindin, og mundu niðjar vorir þá hafa orsök til að þakka oss fyrir það, fremur en vèr höfum forfeðrum vorum.

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson:* Þegar bænarskrá, samkynja þeirri, sem nú er fyrir hendi, var borin upp frá Barðastrandarsýslu á alþíngi árið 1847, gat eg þess við þíngið, að í því frumvarpi til nýrra landbúnaðarlaga, sem komið væri til stjórnarinnar frá nefndinni, sem skipuð var hèr í landi árið 1845, væri það gjört hverjum þeim, er jörð seldi, að skyldu, að ákveða í sölubrèfinu ummerki þeirrar jarðar, er hann seldi, svo hver jarðeigandi þannig feingið gæti vissu fyrir eign sinni og máldaga fyrir henni; en bæði er það, að þetta frumvarp er enn ekki komið frá stjórninni, og líka sè eg gjörla,

að lángur tími gæti liðið fyrst, áður frumvarp það verður að lögum, og þó enn heldur, áður á þenna hátt fæst fullkomin vissa fyrir landamerkjum allra jarða, og því vil eg af öllum kröptum styðja þessa uppástúngu, er áðan var lesin, og eg er þeirrar meiníngar, að ekki margar uppástúngur verði hèr uppbornar, er alþjóðlegri sèu, eða betur hafi gagn alinna og óborinna fyrir augum. Eg vona því, að þíngið bjóði sínum beztu kröptum um að leiða þetta málefni á þá stefnu, er bezt má verða. Eg hefi sjálfur haft nokkuð líkar hugmyndir þeim, er uppástúngan fer fram á, þó einúngis fyrir þá sýslu, er mèr fyrr var trúað fyrir, en það kom ei svo lángt, að eg byrjaði með að framkvæma ásetníng minn, því bæði hindraði ýmislegt annríki, og líka var þetta umfángsmikið fyrirtæki, sem þurfti lánga umhugsun, og loks flutti eg frá sýslunni, og datt það svo niður. Eg mæli því fastlega með, að nefnd verði sett til að leggja á ráðin, uppástúngunni til framkvæmdar, en 3 menn ætla eg nægi í nefndina, því ekki er alt undir höfðatölunni komið.

Stiptamtmaður: Eg vil einúngis geta þess, að það er alkunnugt, að veðmálabókin einnig er afsalsbrèfa bók, og þó ekki standi í afsalsbrèfunum landamerkin, þá eru þó þessi skjöl til, ef þeim er safnað, og má finna hvortveggja með tilhjálp registursins, en sè jörðin seld með vissum landamerkjum, þá bendir registrið til, hvar þess megi leita í afsalsbrèfa bókinni.

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson:* Eg get ekki fallizt á það, er stiptamtmaður stakk upp á; því bæði er mèr það óljóst, hvort allstaðar í sýslunum sè eignatal (Grundregister) á stofn sett, en í veðmála- eða í afsalsbrèfa-bókina koma jarðirnar ei, fyrr en smátt og smátt.

Stiptamtmaður: Jafnvel þó eg ekki vilji að svo stöddu fara leingra fram í efni sakarinnar, vil eg þó bæta því við, að það getur að sönnu verið svo, að lángt sè þess að bíða, að eignarskjöl hverrar jarðar verði lesin á þíngi, en aðgætandi er, að augnamið þessa registurs er, að allar jarðir verði skráðar þar í, og þar sem hinn konúngkjörni þíngmaður sjálfur hefir sagt, að eptir uppástúngunni í landsleigubálki skyldi það eptirleiðis vera skylda, að segja til landamerkja í afsalsbrèfunum, er það auðvitað, að menn eiga að finna þau landamerki, sem í kaupbrèfunum standa, með tilhjálp registursins, en til

þess registrið geti verið leiðbeiníng til að finna öll landamerki, ætti við hverja jörð að vera einn dálkur á síðu, til að benda til, hvar finnist landamerkja lýsíng jarðanna. En þetta snertir reyndar efnið nokkuð, og má síðar um það ræða.

Eyólfur hreppstjóri *Einarsson*: Árið 1845 hafði eg meðferðar bænarskrá frá hèraði mínu, áhrærandi landamerki; var henni vísað frá þínginu það ár, en nú kemur sama efnis bænarskrá frá öðru landshorni, sem sýnir fremur álit landsmanna um nauðsyn landamerkja; mundu hèraðsmenn mínir litlar þakkir kunna mèr, ef eg nú þegði. Er því, að eg mæli fram með, að nefnd sè kosin í málið.

Jón hreppstjóri *Jónsson:* Með tilliti til þess, sem sagt er um kaupbrèfin, að þó þau tilgreini landamerki, er samt lýsíng sú ekki sönnun fyrir því, að landamerkin sèu rètt, því ekki eiga ætíð seljendur það, sem þeir þykjast hafa átt; eg hefi t. a. m. heyrt, að nýlega hafi verið útgefið kaupbrèf hèr í bænum, sem ollað hefir ágreiníngi um rèttindi til Helliránna.

Guðmundur hreppstjóri *Brandsson:* Þau afsalsbrèf fyrir jörðum, sem eg hefi hingað til sèð, hafa flest verið þann veg orðuð, að jörðin seldist með öllum herlegheitum til yztu ummerkja á landi og vatni; en hver þau væru, eða hvar, hefir sjaldan eða aldrei verið getið um. Og þar sem bænarskráin, er nýlega var lesin, hreifir við því, að vissa fáist fyrir eignum manna, þá mæli eg fastlega fram með, að nefnd verði sett í tèðu málefni.

Eyólfur hreppstjóri *Einarsson* samdóma fulltrúa Suður-Þíngeyarsýslu.

Umboðsmaður *Jakob Pètursson:* Það er sjálfsagt, að mikill styrkur mætti verða af því framvegis, ef landamerki hverrar jarðar væru innfærð í sölubrèf þeirra; en ekki er sjónarlegt nè væntanlegt, að opinberar jarðeignir verði seldar um marga mannsaldra eða aldaröð hèr eptir, hvers vegna þær yrðu þá út undan þeirri reglu með rèttindi sín.

Varaforseti: Allir hafa verið samdóma um, að þetta sè nauðsynja mál, og vilja, að nefnd sè kosin; en að eins einn hefir látið í ljósi, að ei þyrfti meira en 3 manna nefnd, verð eg því að biðja þíngmenn að kjósa 3 manna nefnd, ef eingin óskar fleiri kosna í hana.

Jón hreppstjóri *Jónsson:* Vegna þess að kraptar þíngsins eru svo veikir og suma af þíngmönnum vantar, sem mest

kveður að, sýnist mèr talandi, að kjósa að eins 3 menn í nefndina; þó er málefni þetta svo yfirgripsmikið, að ekki veitti af 5 manna nefnd, en nefndin gæti, ef til vill, feingið viðbót seinna meir, eins og áður hefir viðgeingizt.

Guttormur stúdent *Vigfússon:* Þó þingið máske áliti vinnukrapta sína veika, virðist mèr þó vart muni veita af 5 manna nefnd, þar málið er fremur yfirgripsmikið, og þar að auki veit eg ekki, hvort það heyrir til góðrar þingreglu, að nefndir óski fyri fram aukningar eða styrks utan frá.

Varaforseti skaut til atkvæða þingmanna, hvort heldur velja skyldi 3 eða 5 menn í nefndina, og lutu öll atkvæði, nema 4, að hinu fyrra. Voru síðan konferenzráð Sveinbjörnsson með 14 atkvæðum, hreppstjóri Jón Jónsson með 9 og Kristján Kristjánsson assessor með 7 atkvæðum, kosnir í nefnd þessa, og bænarskráin afhent hinum fyrst nefnda, sem formanni nefndarinnar.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að jarðamatskostnaðurinn leggist á afgjaldstakendur sjálfa að mestu eða öllu leyti, og afhenti hana flutníngsmanni, hreppstjóra Jóni Jónssyni, sem las hana upp.

Stiptamtmaður: Beiðendur munu án efa minnast þess, sem segir í 7. grein tilskip. 27. maí 1848; en þar segir svo: „síðan skal það ákveðið með konúnglegri tilskip., hvernig endurgjaldinu skuli jafna á jarðir landsins“. Bænarskráin er þannig í tilgángi sínum samkvæm þeirri grein, sem nú var nefnd. En alt um það virðist mèr, að ekki sè nauðsyn til að ræða þetta málefni, fyrr en jarðamatið er komið í kríng og sèð er fyrir endann á, hversu hár kostnaðurinn verður.

Jón hreppstjóri *Jónsson:* Með tilliti til orða stiptamtmannsins læt eg í ljósi, að það er tilætlun og meiníng bænarskráarinnar, að þótt jarðamatskostnaðurinn yrði greiddur í bráð af jarðabókarsjóðnum, mundi hann þó líklega þurfa að endurgjaldast honum aptur, og þetta endurgjald er það, sem uppástúngan ætlaðist til að jafnað yrði niður á landið og lagt á afgjaldstakendur hverrar jarðar.

Varaforseti: Eptir tilskipun 27. maí 1848 lítur það svo út, sem frumvarp um málefni þetta verði samið frá stjórnarinnar hálfu, og virðist mèr því rèttast að fresta nefndarkosníngu í því, þángað til frumvarp þetta kemur.

Jón hreppstjóri *Jónsson:* Eg aðhyllist fúslega þessa meiníngu.

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson:* Eg verð að öllu leyti að fallast á það, er hinn heiðraði varaforseti fór fram á, að fresta þessu máli, þángað til konúnglegt lagaboð kemur, er niðurjafni jarðamatskostnaðinn. Mèr virðist það ei til annars en tímaspillis að ræða málið nú, og ræða það þá aptur.

Varaforseti áleit málefni þessu þannig slegið á frest, og var bænarskránni skilað aptur.

Jón hreppstjóri *Jónsson* framfærði þá spurníngu, hvort ei mætti kjósa nefnd þessa seinna, ef frumvarp stjórnarinnar kæmi ekki á þíngið.

Varaforseti kvað það ekki vera meiníngu sína, að bænarskráin ekki seinna gæti orðið tekin fyrir á þínginu, en það væri komið undir atkvæðum þíngsins, hvort hún þá gæti komið til umræðu.

Stiptamtmaður: Eg ætla óefað, að ekki komi í þetta sinn frumvarp um þetta mál frá stjórnarinnar hendi; enda getur ei orðið spurníng um endurgjald þess kostnaðar, fyrr en eitthvað hefir verið goldið út. Það getur verið, að frumvarpið komi að ári, eða, ef til vill, ekki fyrr en seinna. Því held eg, að þíngmenn ættu nú þegar að skera úr því, hvort taka eigi málið til umræðu, eða ekki.

Prófastur *Haldór Jónsson:* Hvort sem konúnglegt frumvarp verður í ár eður seinna lagt fyrir þíngið, held eg sè með öllu óþarft að taka í þetta sinn bænarskrá þessa til greina; kostnaðurinn verður ekki lagður á jarðirnar eða endurgoldinn jarðabókarsjóðnum, fyrr en lagaboð er þar um út komið; þá verður og að líkindum á komið nýtt þíng, betur skipað, ef til vill, duglegum mönnum, en þetta þíng er.

Varaforseti: Fyrst einginn styrkir málefni þetta, álít eg, að því sè þannig að svo komnu skotið á frest.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, um að leggja aungvan stórvægilegan kostnað á, sem landið eður sjóðir þess seinna þurfa að endurgjalda, án alþíngis álits og samþykkis, og var hún afhent flutníngsmanni, er las hana upp.

Konferenzráð *Þ. Sveinbjörnsson:* Eg mótmæli því að öllu leyti, að nefnd sè skipuð í þetta mál, eða að alþíngið

taki uppástúnguna til greina. Hún má eflaust bíða þess tíma, að stjórnar tilhögun hèr á landi breytist, hvað enn ekki er skeð.

Jón hreppstjóri *Jónsson:* Þó eg sè flutníngsmaður bænarskráarinnar, er eg samt á sama máli, og hafa kjósendur mínir að vísu haft óljósa hugmynd um stjórnarhag landsins, en vaxandi álögur á hinn bóginn hvatt þá til að senda þínginu þessa bænarskrá, og get eg ei fastlega mælt fram með því, að nefnd verði kosin, heldur að málið geymist og berist upp aptur fyrir aðal-þjóðþínginu.

Varaforseti: Fyrst einginn mælir með, en fleiri mót, bænarskránni, og flutníngsmaður sjálfur hefir fallizt á það, verð eg að álíta, að bænarskrá þessi sè fallin.

Tók varaforseti þá fram bænarskrá frá austurhluta Húnavatnssýslu um verzlun í Sauðárkrók, og afhenti hana nefnd þeirri, sem kosin væri í gær í verzlunar málefninu, og voru allir þíngmenn á það sáttir, að svo væri gjört.

Að því búnu framlagði varaforseti 4 bænarskrár frá Borgarfjarðar- og Suðurþíngeyar-sýslum, svo og Þorskafjarðar- og Þórness-fundum um aftekníngu danskrar túngu í öllum málefnum, er snerta stjórn landsins bæði innan lands og utan, og fèkk flutníngsmanni þá hina fyrst nefndu bænarskrá, sem hina yfirgripsmestu, til upplesturs.

Stiptamtmaður: Þó það sè ekki ætlun mín að mæla móti því, að nefnd verði sett til að rannsaka þetta málefni, vil eg þó leyfa mèr að gjöra fáeinar athugasemdir við bænarskrá þá sem nú var lesin. Þar sem í henni er skýrskotað til konúngs úrskurðar frá 8. apr. 1844, og tilfært, hver orð þar sèu við höfð, þá er ekki öldúngis rèttum orðum um það farið. Það segir að sönnu í úrskurðinum, að þeir menn, sem veitt sè embætti á Íslandi, „skuli skilja mál landsmanna og geta gjört sig þeim skiljanlega“, en hitt „að þeir skuli flytja embætti sitt á íslenzka túngu“ stendur ekki í úrskurðinum, eins og sjá má í stjórnarráðstíðindum 1844, bls. 335; þar segir: *"i det mindste forstaaer det og deri kan gjöre sig forstaaelig for de Indfödte"*. Það var heldur ekki tilgángur konúngs, að allir embættismenn skyldu rita alt einúngis á íslenzka túngu, heldur einúngis skilja málið og geta gjört sig skiljanlega, eins og þessi orð benda til *„og gjöre sig deri forstaaelig"*. Enda sèr hver maður, að það er mikill mismunur á þessu tvennu, að geta gjört sig skiljanlegan fyrir Íslendíngum, og

flytja embætti sitt á íslenzka túngu. Þess vegna geta menn ei kvartað yfir því, að tilgángi konúngs hafi ekki verið fylgt, því sá tilgángur átti sèr ekki stað, eða var að minnsta kosti ekki birtur í úrskurði þeim, sem til er vitnað. Þar sem segir í bænarskránni, að bændur fái heil og hálf brèf og úrskurði yfirvaldanna á dönsku, þá er mèr það ókunnugt, og veit eg ei, hvernig á því stendur; og hitt, sem svo er orðað, að „sumir embættismenn vilji brjóta það niður, sem konúngur vildi byggja", þykir mèr vera of harðlega sagt um þá menn; því aðgætandi er, að konúngur hefir ei látið í ljósi, að þeir skyldu reka öll mál á íslenzku. En hvað sem um það er, þá fer þó þetta batnandi, og eè óskandi, að svo sè; en það er hvergi nærri svo hægt að koma breytíngu á þetta, meðan stjórnin hefir ei boðið, að svo skyldi gjöra; þó einn embættismaður vildi gjöra þar á breytíngu, er ekki hægt fyrir hann að vita, hversu lángt hann má gánga, hann verður að hafa í því nokkurt tillit til þess, sem eptir hann kemur. Eg get tekið dæmið af sjálfum mèr. Eg hefi byrjað að búa til á íslenzku stöðugt form eða fyrirmynd sumra brèfa, sem ætíð má tilhaga á eina leið, t. a. m. suma amtmanns úrskurði, sum erindisbrèf, o. s. frv., og er það, ef til vill, nokkuð greiðara fyrir þann, sem eptir mig kemur, en ekki verður þessu við komið um öll brèf, því þau eru svo margvísleg, eptir því sem málefnin eru. Hvað aðra embættismenn snertir, þá held eg, að venja þeirra að rita brèfin á dönsku ekki komi af virðíngarskorti á málinu, heldur sumpart af þeirri ástæðu, að stjórnarráðin hafa heimtað, að það sem til þeirra kæmi, væri annaðhvort ritað eingaungu á dönsku, eða því skyldi fylgja dönsk þýðíng; en nú mun svo vera ástadt fyrir flestum embættismönnum, að þeir hafa nóg að starfa, en fæstir þá aðstoðarmenn, að þeir geti komið því við að senda alt á tveimur túngum, og velja þeir þá heldur þann veginn, sem fljótfarnari er. Er þetta einkum sagt um þau brèf, sem erlendis eiga að fara, og ekki eingaungu gánga hèr innan lands. Þetta er því meir að kenna kríngumstæðum öllum, heldur en hinu, að embættismenn hafi viljað brjóta það niður, sem konúngur byggði. En hvað snertir þessi erlendis-brèf, held eg, að stjórnin geti ekki farið eptir því, hvað embættismönnum mundi vera geðfelt, heldur eptir því, hvað tafarminnst væri. Nú er að vísu nýkomin á breytíng utan lands um hin íslenzku málefni, og væri óskandi, að sá mað-

ur, sem stendur þar fyrir þeim, væri hèr staddur til að skýra þinginu frá, hvernig hver aðferð bezt á við og getur flýtt bezt fyrir málunum. Það liggur í augum uppi, að mörg mál, sem Ísland snerta, þarf að ræða ytra, og rita um þau til ýmsra embættismanna í Danmörku. þannig kunna, t. a. m., kirkjumálefni, sem Ísland varða, af stjórnarherra þeim, sem fyrir þeim stendur, í einstöku tilfellum að vera borin undir Sjálands biskup til að fá álit hans, og er það auðvitað, að þeim manni hvílir eingin skylda á herðum að kunna íslenzka túngu. Og svo getur verið, bæði um verzlunarmál, og hermálefni bæði á sjó og landi, og fleiri mál, að þau koma til ýmsra manna, sem ekki hafa yfir höfuð að tala sèrleg afskipti af Íslandi. En samt sem áður vil eg ei tala fastlega móti þeirri reglu, að alt, sem hèr er ritað og einúngis á að gánga innan lands, sè á íslenzkri túngu. Er það og vonandi, að bænarskrá þessi geti leidt til þess, að um þetta verði settar fastar reglur, og þá fyrst eru gildar ástæður til umkvartana, ef út af þeim er brugðið. Þar sem þess er beiðzt, að þeim einum verði hèr embætti veitt, er sannað hafi, að þeir skilji og riti íslenzku, þá er ósk sú að vísu á rökum bygð, en hingað til hefir í Kaupmannahöfn einginn verið skuldbundinn til að kenna þetta mál, fyrr en nú, að íslenzkur maður er settur til þess embættis við háskólann, og gætu þeir, sem hlut ættu að máli, látið hann prófa sig, og þannig sýnt og sannað, að þeir gætu talað og ritað íslenzka túngu. Yfir höfuð var tilgángur minn sá, að mæla ekki móti nefnd í málinu, heldur einstökum atriðum í bænarskránni, jafnvel þó á hinu síðasta alþíngi kæmi til umtals um undirskript konúngs undir íslenzk lagaboð, og úrskurður um það sè enn ekki kominn, og það mál standi í nákvæmu sambandi við þetta.

Umboðsmaður *Ólsen:* Jafnvel þó stiptamtmaðurinn hafi framfært margar athugaverðar ástæður mót því, að *öllum* embættismönnum verði gjört að skyldu að rita *öll* brèf á íslenzka túngu, verð eg samt að mæla *með* nefnd í þessu málefni, og það *innilega,* og *þess heldur* sem eg veit til, að það hefir nyrðra valdið óánægju, þegar menn þar hafa feingið *dönsk* brèf frá *íslenzkum* embættismönnum. Þar er umboðsmönnum brèflega skipað að rita amti sínu alt umboðunum viðkomandi á dönsku, hve *ómerkilegt* sem er, og þó ei sè mikils-

verðara, en hvort selja megi *10%* smjörs. Þetta get eg ítarlegar sannað, ef krafizt verður.

Stiptamtmaður: Eg ætla, að það, sem nú var sagt, hafi verið gagnstætt vilja og tilgángi stjórnarinnar. Fyrir fáum árum kom það til umtals, á hverja túngu amtmenn hèr á landi skyldu rita hver öðrum innbyrðis. Amtmaður Norðlendínga mælti þá mjög fram með, að íslenzka ein væri við höfð. Stjórnin svaraði, að það væri ekkert að því, þó amtmenn rituðu íslenzku sín á millum, en ef þeir rituðu stjórninni, þá yrði það að vera á dönzku.

Umboðsmaður *Jakob Pètursson:* Eg get fullkomlega sannað það með þeim heiðraða þíngmanni Húnvetníinga, að amtið hefir boðið mèr, sem umboðsmanni, að skrifa alt það, sem því standi við kæmi, á danska túngu, þótt eg hafi ekki altjent hlýðnazt þessu, þar mèr þókti slíkt boð ekki mèr svo þægilegt, nè heldur nauðsynlegt í hvert skipti.

Jón hreppstjóri *Jónsson* þekti til heilla og hálfra brèfa á dönsku, t. a. m. þegar brèf frá stjórnarráðunum hafa verið birt alþýðu, þá hefir þessi kafli stundum verið á dönsku, þó hitt hafi verið á íslenzku.

Umboðsmaður *Ólsen*: Það er alls eingin nýlunda, þó í brèfum frá íslenzkum embættismönnum sè blandað saman bæði dönsku og íslenzku. Mèr virðist vera alt annað mál um danska menn, og verða menn að sýna meiri vorkun og varkárni *í dómum sínum* um þá í þessu efni.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi ekki skilið ræðu stiptamtmannsins á þá leið, að hann eggjaði menn frá að kjósa nefnd í þessu máli, heldur að hann hafi framflutt hana til að leiðbeina nefnd þeirri, er kynni að verða kosin. Eg get ekki borið á móti því, að mèr fannst bænarskráin nokkuð skorinorð í sumum greinum, en nefndin er ekki bundin við að fara beinlínis eptir bænarskránni í öllu. Úrskurðurinn af 8. apríl 1844 kemur hèr ekki að öllu leyti til yfirvegunar, því bænarskráin hefir nýa og yfirgripsmeiri uppástúngu. Mèr þykir ekki eiga við að fara að skýra frá því nú þegar, hvernig einstakir menn hafa farið með *íslenzka túngu;* menn geta það síðar, ef á þarf að halda.

Stiptamtmaður gat þess, að varasamt væri að biðja um, að þeir, sem erlendis væru við riðnir stjórn Íslands, skyldu kunna íslenzka túngu, og færði til kirkju málefni, er heyrði

undir stjórnarherra þann, er kirkjustjórnina hefði á hendi; en þetta kynni að breytast við ena nýu stjórnarskipun Íslands, svo mèr virðist það ekki geta með öllu hnekt þessu áminnzta atriði bænarskráarinnar.

Eg vona, að einginn sè sá Íslendingur hèr á þingi, er ekki hafi svo mikla ást á fósturjörðu sinni, eða beri þá virðíngu fyrir móðurmáli sínu, að hann mæli fram með, að nefnd verði kosin í þetta mál.

Jón hreppstjóri *Jónsson*: Allir skildu stiptamtmann svo, að hann ekki mótmælti nefndarkosníngu í málinu, heldur aðhyltist hana.

Jústizráð *Thorstensen* hèlt, að nægja mundi að kjósa 3 menn í nefnd þessa.

Guttormur stúdent *Vigfússon* kvað þetta einnig vera meiníngu sína.

Varaforseti skoraði á þingmenn að kjósa 3 menn í nefnd þessa, og voru þeir biskup H. G. Thordersen með 8, konferenzráð Sveinbjörnsson, umboðsmaður Ólsen og prófastun Haldór Jónsson kosnir, hver með 7 atkvæðum, og fèkk Ólsen, sem ýngstur, lausn úr nefndinni, og var bænarskráin síðan afhent formanni nefndarinnar, ásamt þeim hinum öðrum bænarskrám viðlíks efnis, sem áður er getið.

Varaforseti skýrði því næst þinginu frá, að sèr af þingmanni Strandasýslu væri afhent bænarskrá um prentun í þingtíðindunum þeirra lagaboða, sem koma út á milli þínga, og kvað bænarskrá þessa að vísu heyra undir hina föstu nefnd, er kosin er til umsjónar á prentun og útbýtíngu þingtíðindanna, en þó verða að láta í ljósi, að lagaboðin gætu ekki aukið stórvægilega þingtíðindin, þegar þau væru prentuð einúngis á íslenzka túngu, og sýndist það eiga bezt við að skjóta þeim aptan við frumvörp stjórnarinnar, en aptur væri mikið hagræði að því, að hafa lagaboð þessi í einu lagi, og yrði hann því að vera uppástúngu þessari meðmæltur.

Konferenzráð *þ. Sveinbjörnsson* var þessu meðmæltur, og kvað ekkert vera því til tálmunar frá nefndarinnar hálfu, en af því það væri breytíng frá reglu þeirri, sem að undanförnu hefði verið fylgt, þyrfti til þess þíngsins samþykki.

Hreppstjóri *Guðmundur Brandsson*: Jeg fyrir mitt leyti óska, að öll þau lagaboð, sem frá alþíngi koma og fullgildast

af konúngi, verði prentuð með þingtíðindunum, því eg álít þau þá bæði fullkomnari og útgeingilegri en áður.

Hreppstjóri *Eyólfur Einarsson*: Ef prenta skal í þingtíðindunum lagaboð þau, er út koma, vil eg, að danski textinn sè prentaður líka, þar íslenzka útleggíngin hefir verið, og er svo óáreiðanleg, að ei má eptir henni gánga; mun hún hafa leidt meiri menn mèr afvega, bæði fyrri og í ár, sem ei er enn sèð fyrir hvað verkar á rèttindi manna.

Konferenzráð *þ. Sveinbjörnsson*: Mig furðar það stórum, að alþingismaðurinn frá Barðastrandarsýslu skuli bera það upp, að lagaboð fyrir Ísland sèu prentuð á dönsku í íslenzkum alþingistíðindum, og það rètt á eptir að sett er nefnd til að íhuga, hvort ei dönsk túnga ætti að útilokast frá öllum opinberum störfum, Íslandi viðkomandi, og það utan lands og innan.

Stiptamtmaður: Hèr er þó nokkuð öðru máli að gegna, og virðist mèr, að þingmaður Barðastrandarsýslu hafi mikið til síns máls; því eitt er, að halda fram með íslenzkri túngu yfir höfuð, og annað, hvort ekki sè vel til fallið, að danski textinn sè prentaður með íslenzkunni, hvað lagaboðin snertir; það verður þó ekki varið, að mismunur er sumstaðar á danska frumritinu og hinni íslenzku þýðíngu, og getur það orsakað vafa, og því virðist mèr ekki eiga illa við, að hvortveggja túngumálið sè nálægt öðru, til þess þau verði borin saman.

Ásgeir Einarsson: Það er eingan veginn meining mín, að prentun lagaboðanna í alþingistíðindunum girði fyrir venjulega prentun þeirra, heldur að þeir, sem ekki hafa átt kost á að fá þau, geti feingið þau á íslenzku í þingtíðindunum. En eins og eg mæli fram með, að íslenzkan úr lagaboðunum sè prentuð í þingtíðindunum, svo mótmæli eg því harðlega, að nokkur danska sè prentuð í alþingistíðindunum.

Hreppstjóri *Guðmundur Brandsson*: Þó svo væri, að einhver lítilvægur meininga munur kynni vera milli dönsku og íslenzku orðanna, hygg eg flestir þingmenn beri það traust til þeirra manna, sem eiga að búa þingtíðindin undir prentun, að þeir löguðu útleggínguna, ef þeim fyndist þess sèrleg þörf.

Stiptamtmaður: Mèr virðist þó, að hèr verði að prenta þýðínguna, eins og hún er samin í Kaupmannahöfn; en þó það sèu íslenzkir menn, sem semja þýðínguna, og að vísu dug-

legir menn, þá á þó mismunurinn sèr stað. Einúngis tók eg til orða, af því mönnum virtist það undarlegt, að þíngmaður Barðastrandarsýslu skyldi hreifa þessu, strax á eptir því að talað var um að rita alt á íslenzku, og eg vildi bera vitni um, að þessi mismunur ætti sèr stað, og verður því ekki neitað, að væri danski textinn prentaður með, þá gætu menn feingið upplýsíngar um, hvernig á stæði. Að öðru leyti þykist eg vita, að fallist þíngmenn ei á þetta mál, þá mun þíngmaður þessi ekki einn verða á öðru máli.

Jón hreppstjóri *Jónsson*: Þíngmaður Barðastrandarsýslu hefir mikið til síns máls, en eg verð þó að mótmæla prentun lagaboða á dönsku í þíngtíðindunum; enda virðist það óþarfi að auka þíngtíðindin með því, þar ætið er hægt að fá danska textann, ef einhverjum þykir þörf á því.

Hreppstjóri *Guðmundur Brandsson*: Meðan ekki er orðið að reglu, að konúngur undirskrifi íslenzku þýðínguna, er lítil hætta, þó henni væri vikið við í einstaka orði, sem betur mætti fara.

Hreppstjóri *Eyólfur Einarsson*: Eg álít mig litlu nær, þó eg sjái íslenzku útþýðíngu lagaboðanna; eg að vísu skil ekki dönsku að fullu, en get þó glöggvað mig við danska textann, en þar fyrir ætlast eg þó ekki til, að tíðindin verði aukin með prentuninni.

Ásgeir Einarsson: Mèr gat ekki komið til hugar, að þessi misskilníngur mundi rísa af orðum mínum, því þeir, sem ekki trúa íslenzkunni í þeim prentuðu lagaboðum í alþíngistíðindunum, geta feingið lagaboðin sjálf til samanburðar.

Hreppstjóri *Guðmundur Brandsson*: Því að eins að til sèu lagaboðin, sem rædt er nú um, verða þau prentuð með þíngtíðindunum.

Hreppstjóri *Eyólfur Einarsson* gat þess, að í grend við sig hefði hver hreppstjóri, og jafnvel fleiri, þessi lagaboð hjá sèr.

Umboðsmaður *Þ. Sivertsen*: Eg verð því heldur að mæla með því, að lagaboðin, sem útkoma alþíngisfunda á milli, verði prentuð í alþíngistíðindunum, sem eg ætla þau lángt um skemtilegri, fróðlegri og gagnlegri almenníngi, heldur en ræður þær sumar hverjar, sem tíðindin eru látin innihalda; en eg vil ekki nema íslenzku; eg er Íslendíngur, sem vil íslenzk lagaboð til að lifa eptir, og verð því að mótmæla dönskunni;

þeir sem öðruvísi eru lyndir, og vilja lagaboðin á dönsku, geta útvegað sèr og notið þeirra öðruvísi.

Hreppstjóri *Eyólfur Einarsson*: Ef eg skil lagaboðið í dönskunni, held eg skyldu mína að hlýða því, þar kóngur og stjórnarráð hans eru undirskrifuð, en ei útleggingu þeirri, sem ber með sèr þá galla, að ei er óhætt eptir henni að ganga, þar útleggingar þessar víkja meira og minna frá frumritinu.

Jústizráð *Thorstensen* mælti, að í ritnefnd þingsins mundu jafnan verða kosnir lærðir menn, sem hægt veitti að bera saman íslenzku útþýðingu lagaboðanna við danska textann, og mætti þá, þar sem þýðingin væri vafasöm, í athugasemdum neðan máls bæta við dönsku greininni.

Jón hreppstjóri *Jónsson* kvað það vera alkunnugt, að engin lagaboð giltu hèr á landi, nema þau væru auglýst á íslenzka túngu, og yrði hann því að álíta danska textann einúngis til fróðleiks, en ekki til að leggja mönnum skyldur á herðar.

Varaforseti leitaði því næst þingsins atkvæða um, hvort prenta ætti á íslenzku eptirleiðis lagaboð þau, er út kæmu, aptan við tíðindin, og var það samþykt af öllum þingmönnum, nema tveimur.

Að því búnu framlagði varaforseti þessar 4 bænarskrár, sem í dag verða lagðar á lestrarsalinn:

1. frá Borgarfjarðarsyslu, um nýa skipun á ferðakostnaði þingmanna.
2. frá sömu sýslu, um endurbót á tíundarlöggjöfinni.
3. frá Skagafjarðarsýslu, um nýa skipun sveitarstjórnar.
4. frá Þórnessþingi, um að allir embættismenn og ekkjur þeirra greiði að tiltölu hinar vanalegu tillögur til jafnaðarsjóða.

Þingi slitið. Fundur ákveðinn til 9. stundar fyrir hádegi á morgun.

---

6. júlí — fimti fundur.

Þingbók frá síðasta fundi upplesin og samþykt. Allir á fundi, nema stiptprófastur Árni Helgason og biskup H. G. Thordersen, sem tilkynt höfðu varaforseta, að þeir gætu ekki mætt í dag.

Varaforseti lagði fram bænarskrána frá Borgarfjarðarsýslu, um að þingfararkaup alþingismanna annaðhvort falli niður, eða verði fast ákveðið, og fèkk hana flutníngsmanni, jústizráði Thorstensen, er las hana upp fyrir þínginu.

Til alþingis

Það munu allir Íslendíngar finna, eins og vèr, að betri gjöf þágum vèr aldrei af nokkrum konúngi vorum, en þegar vèr þágum alþíngi af Kristjáni konúngi áttunda. Á því byggjum vèr von vora um framför vora alls háttar; því munum vèr og ánægðir bera kostnað þann allan, sem af stiptun þessari hlýtur að leiða, viljum líka, að þeir mennirnir, sem þar mæta af vorri hendi, hafi ekki að eins þeirra sómasamlegt framfæri, meðan þeir vinna að sameiginlegu gagni voru, heldur einnig heiðarlega umbun starfs síns, og er það meiníng vor, að dagpeníngar þeir, sem alþíngistilskipanin í 79. §., ákveður þeim, sèu samngjörn og heiðarleg laun fulltrúa landsins, meðan þeir sitja þíngið og verða að dvelja í Reykjavíkur-bæ; en hitt virðist oss um of, að þeir hafi jafnháa dagpeníinga, meðan stendur á ferð þeirra fram og aptur, og gjöri svo þann reikníng ferðakostnaðar síns, sem sjálfum þeim líkar; höfum vèr það sèð, að reikníngar þessir eru meir komnir undir hugarfari þeirra, en líklegum kosnaði, þar eð menn úr sama bygðarlaginu gjöra svo misjafna reikníngana; það hefir oss líka virzt ótilhlýðilegt, að alþíngi ekki hefir einskorðað ferðakaup þíngmannanna, en gjörði sèr svo mikið ómak fyrir að einskorða ferðakaup embættismanna, þegar þeir eiga rètt á ókeypis flutníngi, hverja tilraun alþíngis vèr þakksamlega viðurkennum.

Að öllu yfirveguðu finnst oss, sem alþingismenn sèu eins vel launaðir, þá dagana sem þeir eru á ferðinni, með 3 ríkisdala dagpeníngum, þó ferðakostnaður falli niður með öllu, því svo miklu mun þeim dýrra uppheldið í Reykjavík, en á ferðinni, sem hestaleigunni nemur.

Vèr heitum því á alþíngi, að það eyði þeirri óánægju, sem víða mun eiga sèr stað í landinu, af of þúngbærum alþíngiskostnaði, með því að sjá um, *að ferðakostnaður þíngmanna falli niður með öllu,* eða, sè þess einginn kostur, *að alþíngið ákveði þíngfararkaup úr hverri sýslu landsins,* sem ekki megi yfir gánga.

Skrifað í Borgarfjarðarsýslu í júnímánuði 1849.

Með 48 nöfnum undirskrifuðum.

Flutningsm.: Eg vil innilega óska, að hið heiðraða alþing vildi gefa góðan gaum að þessari bænarskrá, og það því heldur, sem eg ætla, að hún sè alþjóðleg, því miklar umræður hafa heyrzt um, að mörgum mönnum þækti alþing verða landinu ærið kostnaðarsamt, og vona eg því svo góðs til þingsins, að það velji í hið minnsta 3 manna nefnd, til að yfirvega þetta mikilvæga málefni.

R. M. Ólsen: Eg er öldúngis á sama máli, og leyfi mèr að benda þinginu til, að bezt mundi falla, að velja í þessa nefnd þá af þingmönnum, sem bæði eru *óvilhallir* og *eingan* ferðakostnaðar reikning *sjálfir* gjöra, t. a. m. konferenzráð Sveinbjörnsson, jústizráð Thorsteinsen og assessor Kristján Kristjánsson.

Eyólfur Einarsson kvaðst vera samþykkur flutningsmanni bænarskráarinnar og umboðsmanni Ólsen, að nefnd yrði sett til að íhuga málið, en hitt væri sèr óljóst, hvort það væri samkvæmt þinglögunum, að tilnefna þá menn, er maður helzt vill að verði fyrir nefndarkosningu.

Jakob Pètursson: Án þess að lasta uppástúngu þingmanns Húnvetninga, að þeir af honum tilteknu menn sèu kosnir í nefndina, þækti mèr þó betur við eiga, að einn nefndarmaðurinn væri úr hinna flokki.

R. M. Ólsen: Því er eg öldúngis mótfallinn, og vildi eg óska, að þingmenn lètu einga *eigingirni* í ljósi í þessu.

Steffán Jónsson: Það er mín meining, að hver þingmaður eigi sjálfur að ráða, hverja hann kýs til hverrar nefndar, og þar um eigi ekki að vera neinar tilbendingar.

Kristján Magnúsen kvaðst vera öldúngis samdóma þingmanni Eyafjarðarsýslu í þessu efni.

Varaforseti: Það virðist ekki, að nokkur mæli móti nefndarkosningu í þessu máli. Það er auðvitað, að þingmenn ráða því sjálfir, hverja þeir kjósa, en þar fyrir geta þeir, er vilja, tekið þær bendingar, er þeir hafa feingið, sem heilræði.

Fyrst því einginn ræður frá því, að nefnd verði sett, og einginn hefir stúngið upp á fleiri mönnum en 3 í nefndina, verð eg að skora á þingmenn að velja þá.

Ásgeir Einarsson: Mèr er ekki með öllu ljóst ætlunarverk *nefndarinnar,* hvort hún á nú þegar að semja nefndarálit þess efnis, að senda konúngi bænarskrá um fasta reglu fyrir ferðakaupi þingmanna framvegis, eða að nefndin á að á-

kveða ferðakostnað þingmanna á þessu þingi; þetta þarf nefndin þó að vita. Mèr er nú ekki vel ljóst, hvort málið er á hentugum tíma upp borið, ef um það á að rita bænarskrá til konúngs. En ef ætlað er til, að nefndin ákvarði ferðakaup þeirra, er nú eiga þingsetu, álít eg það miður samkvæmt lögum, þeim er nú gilda, enda held eg forseti eigi vald á að lækka ósamngjarna ferðakostnaðar reikninga þingmanna. En eptir nú gildandi lögum hafa þingmenn rètt til að krefja ferðakostnaðar.

R. M. Ólsen: Eg er því mótfallinn, að forseti einn ákveði farareyri þingmanna, því hann er svo mörgum störfum háður, og virðist mèr, eins og eg hefi áður á vikið, nauðsynlegt að fleiri starfi að því.

Þ. Sivertsen. Eg get ekki neitað því, að mèr þykir það ekki eiga alls kostar vel við, að fara nú strax að taka málefni þetta til nefndar meðferðar; minni mig rètt, og til þess muna þingmenn vissulega, var af þinginu í hitt eð fyrra beðið um, að stjórnin legði fyrir þetta þing frumvarp til breytíngar á alþingistilskipuninni. Þó þetta frumvarp sè enn ekki komið fram, er ekki samt ósennilegt, að það sè á leiðinni til þingsins og komi bráðum, og þá verði þessi grein alþingisskipunarinnar, ásamt fleirum, tekin undir meðferð og álit þingsins. Eg ætla því ekki að veita því mitt atkvæði, að bænarskrá þessi verði að svo stöddu tekin til nefndar.

Jón Þórðarson: Eg vil einasta bæta því við það, sem sá heiðraði þingmaður síðast mælti, að þó þingið geingi svo vel frá þessu málefni, sem því væri framast unt, þá geti það þó ekki orðið nein skuldbindandi regla fyrir þá þingmenn, sem nú eru, heldur að þeir hafi rètt til að fara eptir þeirri löggjöf, sem nú er.

Stiptamtmaður: Það er að minni ætlun fullkomlega satt, sem hinn virðulegi þingmaður nú sagði, að enn sem stendur verða menn að fara eptir þeim lögum, sem óröskuð standa, og eg fæ ekki skilið, að menn geti annað eða frekara gjört, en sent bænarskrá til konúngs og beðizt breytíngar á þessari grein. Einnig getur verið, að svo sè, sem þingmaður Dalasýslu sagði, að frumvarp um þetta efni sè á leiðinni frá stjórnarinnar hendi, en samt sem áður gæti þó verið spurning um það, hvort ekki sè rètt að kjósa nefnd til að prófa þetta atriði. Komi frumvarpið, þá getur nefnd sú, sem kosin yrði til að rannsaka það, slept þessu atriði, sem nefnd sú, er nú

stendur til að kosin verði, hefði þá þegar rædt, og þannig gjört hinni síðari nefndinni, hvað það snertir, léttara fyrir. Einúngis af því frumvarpið er ókomið, gæti þíngið skorið úr, hvort bíða ætti fyrst um sinn að setja nefndina.

Jón Jónsson: Skilníngur minn á þessari bænarskrá og uppástúngu hennar er ekki sá, að ætlazt sé til hún eigi að hafa nokkra verkun á þetta þíng, heldur hin, sem seinna kunna að verða haldin. Verið getur, að málefni þetta sé heldur snemma upp borið, en ekki get eg ætlað, að það spilli fyrir því; búið er altjend búið, og get eg því ei annað en verið meðmæltur því, að nefnd sé sett í málinu.

R. M. Ólsen: Eg get ekki dulizt þess, að mér þækti það sómi fyrir oss, sem valdir erum eptir ófrjálsum kosníngarlögum, og að líkindum eigum þessa setu seinasta hér á þíngi, ef vér *allir* klyktum út með því að gjöra í þetta sinn annaðhvort *einga* eða sem *sanngjarnasta* ferðakostnaðar reikníngа.

Jónasen: Í bænarskrá þíngsins til konúngs um breytíngu á alþíngistilsk. get eg ekki fundið á 835 blaðsíðu þíngtíðindanna 1847, að þar sé neitt minnzt á ferðakostnað þíngmanna, og virðist mér því ekkert geta verið til fyrirstöðu, að málið sé tekið fyrir nú þegar á þessu þíngi.

Jakob Pètursson: Mér sýnist tiltækilegast, að nefnd sé kosin, er í þetta sinn skoði reikníngа þíngmanna með forseta, en reikníngsvald það, sem þíngmenn hafa eptir nú verandi löggjöf, hygg eg ekki verða tekið af þeim, nema með nýu lagaboði.

Þ. Sivertsen: Eg verð að taka til orða aptur, einúngis vegna þess sem hinn heiðvirði konúngkjörni þíngmaður kvað ferðakostnaðargreinina í alþíngistilskipaninni ekki áhrærða í álitsskjalinu til konúngs 1847, eður að hann fyndi þess ekki getið í þíngtíðindunum, og leyfi eg mér í því skyni að vísa til þíngtíðindanna 1847 bls. 835, tölulið 6, hvar með berum orðum er beðið um breytíngu á 79. grein tilskipunarinnar, þannig: að við þá grein verði bætt, að prenta skuli í hvort sinn reikníngа alþíngistíðindanna.

Jónasen: Mér virðist það, sem þar er beðið um, að reikníngar alþíngismanna verði prentaðir í þíngtíðindunum, vera nokkuð annað, en það sem bænarskrá sú, sem hér er rædt um, fer á flot, svo mér getur ekki þess vegna fremur skilizt, að bæn-

arskrá þessi sè of snemma upp borin, eður neitt frá þeirri hlið vera því til fyrirstöðu, að þetta þing taki hana til meðferðar.

Varaforseti: Bænarskrá þessi ber það sjálf með sèr, eins og aðrar bænarskrár viðlíks efnis, sem komnar eru til þingsins frá fleiri stöðum, að þjóðin hefir óþokka á ferðakostnaði þingmanna. Það er tvent, eins og áður er getið, sem bænarskrá þessi fer á flot, annaðhvort, að þingfararkaup falli niður, eða þá að ferðakostnaður þingmanna verði fast ákveðinn. Hin bænarskráin, sem send var til konúngs um breytíngu á alþingistilskipuninni, fer ekki fram á annað, en að ferðakostnaðar reikníngar þingmanna sèu auglýstir í þingtíðindunum. Ferðareikníngar sumra þingmanna þykja þjóðinni of háir, og er henni því ekki láandi, þó henni sèu þeir ógeðfeldir, og hún óski breytíngar á þessu. Forseti hefir að sönnu vald til að setja niður reikníngana, þyki honum þeir of háir, en hann hefir ekki hingað til neytt þessa valds.

Þar eð fáir hafa mótmælt, að nefnd sè sett í málinu, verð eg að ætla það vilja þingsins, að svo sè gjört, og skora eg því á þingið að kjósa 3 menn í nefnd þessa.

Í nefnd þessa voru síðan kosnir konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson og assessor Kristján Kristjánsson með 9 atkvæðum hvor, og kammerráð Kristján Magnúsen og umboðsmaður R. M. Ólsen, hvor með 6 atkvæðum, en kammerráðið varð nefndarmaður, því hann var eldri.

Haldór Jónsson: Það var raunar hreift tveimur meiníngum um það, í hvaða tilgángi kjósa skyldi nefnd þá, sem nú er kosin: sumir hreifðu því, að hún skyldi ákveða ferðakostnað þingmanna í ár; þó skildist mèr, að það yrði ofan á, að þingið skyldi beiðast af konúngi ákvörðunar um þetta efni eptirleiðis. Vil eg því leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta varaforseta, hvort ekki megi standast, að leita nú atkvæða þingmanna um það, hvort þeir ekki vilji skuldbinda sig til að fylgja sjálfir þegar í sumar þeim ákvörðunum um þetta málefni, sem þingið nú aðhyllist.

Varaforseti: Nú hefir þingið kosið nefnd til að íhuga málið, og senda konúngi álit sitt um það, en ekkert virðist mèr samt á móti því, að þingmenn segi strax til þess, hvort þeir í þetta sinn vilji gjöra sig ánægða með það, sem þingið ákveður.

Jón Þórðarson: Mèr virðist það ekki sanngjörn krafa,

að ætlast til þess, að menn fyrir fram gángist undir það, sem menn ekki vita, hvað verður.

Varaforseti: Þetta er peningamálefni, og getur því hver sagt til fyrir sig, hvað hann vill gjöra.

Kr. Magnúsen: Reikníngar fyrir ferðakostnað þíngmanna verða fyrst samdir, eptir að nefndarálit er samið, og getur þá hver, sem vill, haft tillit til þess.

Stiptamtmaður: Eg ætla þó, að stjórninni yrði það ekki svo geðfelt, og, ef til vill, þjóðinni ekki heldur, ef þíngmenn legðu úrskurð sinn á eitthvert málefni, sem snerti hagsmuni sjálfra þeirra, og sendi bænarskrá þar að lútandi um eitthvert eptirkomandi lagaboð, þar eð svo mætti virðast, sem þeir hefðu bundið hendur sínar, áður bænarskráin var samin.

Einnig er það vafamál, hvort þíngið getur með atkvæðafjölda þraungvað þeim, sem eru í minni hlutanum, til að fallast á sitt mál, að minnsta kosti er það frábrugðið því, sem vanalegt er, að meiri hluti þíngmanna geti, þar sem um þess konar málefni og þetta, sem nú ræðir um, er að gjöra, skuldbundið hvern einstakan til að fylgja sínu áliti, og sleppa þeim rètti, sem honum eptir lögunum ber; og er þá tvísýnt um, hvort það er löglegt. Í sumum löndum, t. a. m. Frakklandi, er ákveðið í stjórnarskránni, að fulltrúarnir megi ekki gefa eptir þann rètt, er þeir eiga til launa fyrir störf sín, því þó ríkir menn geti staðizt fyrir það, þá þykir það ósanngjarnt að ætlast til þess af hinum efnaminni fulltrúum. Mèr virðist því, að hèr sè rèttast að láta þar við sitja, að kveðja nefnd í málinu og það því heldur sem hèr eru komnar aðrar bænarskrár, sem beiðast nokkurs annars, en þessi, t. a. m. að nefnd manna verði látin yfirskoða ferðareikninga alþíngismanna, en um það er öldúngis ekki talað í bænarskrá þessari.

Jón Jónsson: Ræða sú, sem stiptamtmaðurinn flutti nú í þessu málefni, var bæði svo þjóðleg og frjálsleg, að mèr þókti það í hæsta máta aðdáanlegt, og varla gat nokkur búizt við slíkri glöggskygni og nærgætni af útlendum manni, og lýstu orðin svo ljósri skoðun hans á eðli málefnisins, að fleirum en mèr af þíngmönnum mun hafa fundizt til um það; því það verður auðskilið, að ef atkvæði meiri hluta þíngmanna yrði með því, að ferðakostnaðurinn fèlli niður, eða það yrði álit nefndarinnar, að svo skyldi vera, þá hlytu hinir þíngmenn, sem ekki vildu gefa þau atkvæði, að missa rèttar síns, og væri

það ekki sanngjarnt. Eg mæli því fram með 3 manna nefnd í málinu, sem gjöri álit sitt fyrir hin eptirkomandi þing, en vona jafnframt, að umræðurnar, sem nú hafa fram farið, hafi þá áverkun á alla þingmenn, að þeir gjöri ferðakostnaðar reikninga sína svo sanngjarna og lága, sem þeir geta, fyrir þetta þing.

R. M. Ólsen: Þess óska eg, og þá er eg ánægður.

Haldór Jónsson: Mèr er það ljóst, sem herra stiptamtmaður hreifði, að þó að eins einn einasti þingmaður vildi mæla móti því, að um þetta efni sè geingið til atkvæða, þá mætti það ekki viðgángast, því hver einn hefir í þetta sinn rètt til að gjöra þann reikníng yfir ferðakostnað sinn, sem honum þykir sanngjarn; en uppástúnga mín var sprottin af þeirri von, að einginn þingmaður mundi skorast undan að leggja sig sjálfan undir þær ákvarðanir, sem þínginu þykir sanngjarnt að gjöra fyrir þá, sem hèr eptir kunna á þíng að fara. Að vísu er það ísjárvert, að takmarka mjög ferðakostnað, þegar svo vill til, að efnalitlir menn eiga hlut að máli, en þessi ástæða mun ekki eiga sèr síður stað seinna, þegar kjörgeingi verður, ef til vill, óbundnari.

Stiptamtmaður: Eg vildi einúngis geta þess, svo enginn misskildi þannig orð mín, sem vildi eg mæla fram með háu þingkaupi, að eg er hinum virðulega þingmanni samdóma í því að óska, að dagkaup þingmanna væri sem lægst, og þegar spurt er um, hvernig þetta málefni ætti með nýum lögum að ákvarðast, þá er eg svo öldúngis þeim mönnum samdóma, sem mæla fram með lágum þingkostnaði, að eg ekki vildi gefa neina átyllu til, að menn skyldu hugsa, að eg vildi hið gagnstæða.

Haldór Jónsson: Eg skildi eingan veginn ræðu stiptamtmannsins á þá leið, að hann hefði mætur á háum ferðakostnaðar reikningum. En hvað umtalsefninu við víkur, þá er það athugandi, að þeir menn, sem nú sitja á þingi, eiga ekki víst, að þetta komi optar fyrir þá; þess vegna finnst mèr það svo kynlegt, ef þingið nú vildi gefa reglur um ferðakostnað, en það skuli mæta mótmælum, að þeim verði strax fylgt, af því menn nú ekki eru neyddir til að binda sig við þær; og eg skil ekki, hvernin sá, sem sjálfur vill ráða ferðakostnaðar reikningi sínum, getur verið því samþykkur, að þingið biðji um fastar ákvarðanir í þessu tilliti framvegis.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir reyndar vænt um, að eg vakti máls á þeim atriðum, er mèr þóktu vafasöm í þessu máli, því nú hefir málið skýrzt fyrir nefnd þeirri, er valin var. Mèr fèll vel í geð en fyrri ræða stiptamtmannsins, þó eg ætli ekki að færa honum fagurgala fyrir hana; mín meiníng er í þessu máli, sem öðrum, að eg vil hlýða þeim lögum, sem gildandi eru, eptir því sem fremst eg get, og njóta allra þeirra rèttinda, er þau veita mèr, en fá breytíngu á þeim, er mèr ekki líka, á löglegan hátt. Eg hefi að undanförnu viljað færa sanngjarna ferðakostnaðar reikníngа, enda hefi eg ekki vorðið þess var, að menn hafi fundið að þeim híngað til.

Eyólfur Einarsson: Eg ímyndaði mèr, að í ár væri eínginn skyldugur til að sleppa ferðakostnaði sínum, þó eg hins vegar viti, að hver, sem vill, á frjálst að gjöra það þjóðinni til ánægju; eg fyrir mitt leyti eyði ekki meira á þíngferðinni daglega, en hèr í bænum, og þoli því sama kaup, eins og meðan eg dvel hèr í bænum, og svo mun vera fyrir fleirum. Þeir, sem vilja, geta notað nú gildandi lög í þessu efni.

Steffán Jónsson: Mèr virðist það nokkuð einstakt, að svo mikið sè rædt um það mál, sem búið er að kjósa nefnd í, og held eg það eigi ekki alls kostar vel við.

Varaforseti: Nefndin er kosin, sem á að íhuga þessa bænarskrá, er biður um, að ferðakostnaðuriun falli niður eða verði fast ákveðinn. Nú getur eínginn vitað, fyrr en nefndin hefir samið álit sitt, hverja uppástúngu bænarskráarinnar hún aðhyllist, og ekki er heldur víst, hvað þíngið þá kann að fallast á. Það er því ekki umræðuefnið um það, hvort þíngið vill fallast á uppástúngu nefndar þessarar, heldur hitt, hvort þíngið vill aðhyllast það, sem það sjálft stíngur upp á, hvort þíngið vill sinn eigin vilja, eða með öðrum orðum: hvort það sjálft vill lifa eptir þeim lögum, er það samhuga óskar að eptirkomendur sínir lifi við. Eg hèlt, að eínginn væri hèr sá, er ekki vildi þetta, og því beiddist eg þess að eins af þínginu, að það greiddi atkvæði sín um þetta efni, og er eg fast á því, að þíngið geti gjört það strax í dag.

Stiptamtmaður Mèr virðist það vera hið mesta vafamál, hvort atkvæðafjöldi eigi í þessu tilliti að binda hina, sem eru á öðru máli, og efast eg um, hvort nú eigi að skera úr þessari spurníngu. Það er að sönnu satt, sem hinn heiðraði varaforseti sagði, að hann getur skotið því til þíngsins atkvæða,

hvort það vill, að regla sú, sem stúngið hefir verið upp á, verði látin gilda nú þegar þetta árið; en annað mál er það, hvort minni hluti þíngmanna skuli vera bundinn við það, sem meiri hlutinn fellst á í þessu efni, eða hvort varaforseti vill taka þá ábyrgð upp á sig, að synja þeim launanna, þegar þeir koma til hans og krefjast þeirra eptir lögum þeim, sem hingað til hafa gilt. Til þess að komast hjá þess konar vafníngum, virðist mèr betra, að spurníng þessi falli niður. Með tilliti til þess, að maður skuli sjálfur lifa eptir þeim lögum, er menn vilja setja fyrir eptirkomendur sína, vil eg geta þess, að á ríkisfundinum í Kaupmannahöfn í vetur, sem leið, kom það til umræðu, hversu haga skyldi til um dagkaup fulltrúanna á þeim fundi í þetta skiptið, því þar um var ekkert fyrirskipað, en í frumvarpi stjórnarinnar til grundvallarlaga ríkisins var stúngið upp á því, að menn skyldu láta sèr lynda 2 ríkisdali um dag hvern. En þar eð sumir þíngmenn svöruðu, að þeir hefði búizt við, að þeir ættu í þetta skiptið að hafa 4 rbd. um daginn, eins og vant hefði verið á Hróarskeldu og Vebjargar þíngum, varð meiri hlutinn á því, að svo skyldi vera, einkum fyrir sakir hinna fátæku meðal þíngmanna. Eins og nú varaforseti fann sèr skylt að bera undir þíngmenn, hvert atkvæði þeir vildu hèr um greiða, eins fann eg mèr einnig skylt að bera það fram, hvort ekki væri tiltækilegra að láta standa við það, sem komið var, það er að skilja, að nefnd væri sett til að segja álit sitt um þetta málefni.

Varaforseti: Það er auðvitað, að þegar þessu málefni fyrst var hreift, hugði sá, er vakti umræðu þess, að allir mundu fúslega fallast á og gjöra sig ánægða í ár með það, sem þíngið beiddist fyrir eptirmenn sína. En þar eð einstaka raddir hafa heyrzt hèr á þíngi, sem gjöra það vafasamt, að svo sè, og auðvitað er, að þeir verða ekki sviptir rètti sínum, sem vilja halda honum, virðist mèr rèttast, að mál þetta falli.

Haldór Jónsson stingur upp á, hvort ei megi standast atkvæða greiðsla í þessu máli, þannig löguð, að atkvæði meira hlutans ekki skyldu binda minna hlutann, heldur skyldu þeir, að hans von, fáu, sem mótfallnir kynnu að verða í þetta sinn, mega nota sèr þann rètt, sem alþíngistilskipanin gefur þeim í þessu tilliti.

Jón Þórðarson: Það er mitt álit, að frestað sè atkvæða-

greiðslu í þessu máli, þángað til það er til lykta leidt af þínginu.

Jakob Pètursson: Eg er á sömu meiníng og þíngmaður Rángvellínga; því skyldu menn nú gánga til atkvæða í þessu, væri að dæma blint út í bláinn.

Jónasen kvaðst fallast á meiníngu þess heiðraða þíngmanns, er síðast mælti, að atkvæða-greiðslu væri frestað, þángað til nefndarálit væri komið, því þá mundu þíngmenn láta sèr betur lynda, er þeir vissu, að hverju væri að gánga.

Varaforseti: Það verður þá á valdi þíngsins, hvað það gjörir seinna.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrána frá Borgarfjarðarsýslu um endurskoðun tíundarlaganna, og gat þess, að í hitt eð fyrra hefði komið bænarskrá viðlíks efnis til þíngsins, og nefnd verið kosin til að íhuga málið, en hún ekki haft tíma til að ljúka af störfum sínum.

Síðan afhenti hann bænarskrána flutníngsmanni hennar, jústizráði Thorstensen, er las hana upp, og að því búnu kvaðst vona og óska, að þíngið setti 3 manna nefnd í þessu máli.

Jón Jónsson: Eg mæli þess heldur fram með nefnd í máli þessu, sem eg leingi hefi álitið ósanngjarnt tíundarlagið, jafnvel á fleiri skepna tegundum, en hin upplesna bænarskrá nefndi á nafn, og óskaði breytíngar á.

þ. Sveinbjörnsson: Eg vil leyfa mèr að leiða athuga þíngsins að því, að væntanleg eru ný skattalög fyrir landið, og mun tíundargjörð þar að öllum líkindum verða áhrærð, og þess vegna óþarfi að hreifa þessu máli nú. Vilji þíngið ekki fallast á, að slá uppástúngunni á frest, til þess skattalögin koma, þá vil eg drepa á það, að nefnd var sett 1847 um sama efni, er þó ekki lauk störfum sínum þá. Nokkrir meðlimir þeirrar nefndar eru hèr enn á þíngi, og mun þeim að líkindum vera þetta efni kunnugt.

Varaforseti: Það er meiníng mín, að nefndir þær, sem kosnar eru á einu þíngi, ei geti haldizt við ár frá ári, heldur sèu þær lausar starfa sinna, þegar því þíngi er lokið, sem þær eru kosnar á; en þíngið getur, ef það svo vill, kosið þá menn, er áður voru í nefndinni, svo sem þá er málinu sèu kunnugastir, en í hvert skipti hygg eg þíngið eigi að kjósa nýa nefnd, og skora eg því á þíngið að gjöra það.

Guðmundur Brandsson: Eg hefi nýlega afhent varaforseta bænarskrá, sem hreifir viðlíku efni, sem þessi, er upp var lesin, og ef nefnd verður kosin til að íhuga hana, þó óska eg hin mætti takast til greina af sömu nefnd.

Varaforseti kvað þessa bænarskrá fyrst hafa komið til sín í dag; hvað yrði að koma til síns tíma, hún gæti komizt undir nefndina seinna.

Guðmundur Brandsson: Það var ekki annað, sem eg mæltist til, en að bænarskráin, sem eg nefndi, yrði höfð til hliðsjónar með þeirri fyrri, þar hún er svipaðs innihalds.

Því næst var geingið til atkvæða, og urðu nefndarmenn umboðsm. Steffán Jónsson með 13, prófastur Haldór Jónsson með 11 og assessor Kristjánsson með 10 atkvæðum.

Varaforseti: Þær 2 bænarskrár, sem enn eru óræddar, verða nú að bíða til morguns, og verða teknar fyrir ásamt þeim bænarskrám, sem nú verða lagðar á lestrarsalinn til inngángsumræðu næsta dag; en þær eru

1. bænarskrá frá Þórnesþíngi, um að alþíng verði framvegis haldið við Öxará á Þíngvelli.
2. frá Þorskafjarðar fundi sama efnis.
3. frá Þíngvalla fundi, um að ferðakostnaður alþíngismanna verði fast ákveðinn ellegar nefnd sett til að skoða í hvert skipti ferðareikníngana.
4. frá Suðurþíngeyarsýslu, um að reglur verði samdar fyrir verðhæð og tíund á landamerkjalausum heimajörðum og hjáleigum.
5. frá sömu sýslu, um að lagaboð fáist, er segi fyrir, hvernig skýrslur til verðlagsskráa skuli semja.
6. frá sömu sýslu, um lagaboð, er tiltaki, hvað greiða megi í konúngs þegnskyldu.
7. frá sömu sýslu um lagaboð, er ákveði tíundargreiðslu til prests og kirkju með meðalalin.
8. frá Breiðavíkur hrepp, um leyfi til að sigla upp og verzla í Hellnavík.

Því næst sagði varaforseti fundi slitið, og boðaði fund næsta dag, kl. 10.

7. júlí — sjötti fundur.

Þingbók frá fyrra fundi upplesin og samþykt. Allir á fundi, nema stiptprófastur Á. Helgason, er tilkynt hafði varaforseta, að hann gæti ekki mætt á þinginu í dag.

Varaforseti lagði þá fyrst fram aðra af þeim tveimur bænarskrám, sem ekki urðu ræddar á síðasta fundi til inngángs-umræðu; það var bænarskráin um sveitarstjórn frá Skagafjarðar sýslu. Hann gat þess, að þar eð nokkur vissa væri fyrir, að á næsta ári yrði haldinn fundur til að ræða um stjórnarhag landsins, og þar að líkindum yrðu tekin til skoðunar bæði hin stærri og smærri atriði stjórnarskipunarinnar, þá kynni þinginu virðast, að bænarskráin lyti að ætlunarverki þessa fundar og mætti bíða hans, eða að þingið þá að öðrum kosti vildi þegar setja nefnd í málið, og verði svo bænarskráin afhent flutníngsmanni til upplesturs.

Jón Samsonsson: Af því eg er ekki viss um, að þinginu sè nægilega kunnugt innihald bænarskráarinnar, þá óska eg, að hinn háttvirti varaforseti leyfi mèr að lesa hana upp.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg verð að öllu að fallast á það, er sá heiðraði varaforseti nú mælti um þetta málefni. Það er öllum kunnugt, að breytíng er í vændum á allri stjórnar viðhögun lands þessa, og virðist því einsætt að bíða eptir henni, svo menn sjái, á hverjum grundvallarreglum sú en æðri stjórn verður bygð, svo en lægri eða sveitastjórnin geti farið þar eptir. Eg mótmæli því, að nefnd verði skipuð nú, til að íhuga þetta málefni.

Jónasen kvaðst vera mótfallinn nefnd í málinu, einkum af þeim ástæðum, að bænarskráin væri svo óljós, að varla mætti kalla, að í henni fyndust fyrstu drættirnir til fyrirkomulags sveitarstjórnarinnar; hann gæti því ei sèð, við hvað nefndin ætti að styðjast í yfirvegun málsins, en hún yrði sjálf að gjöra málið algjörlega úr garði, og það væri ekki ætlandi til þess, að nokkur nefnd tæki slíkt að sèr.

Jón Samsonsson: Þegar bænarskráin um sveitastjórn var samin í Skagafjarðarsýslu, voru margir menn þar þeirrar meiníngar, að frumvarp um nýa stjórnar tilhögun landsins mundi nú í sumar verða lagt fyrir alþíng. En síðar vissu þeir, að þessu var ekki svo til hagað. En þó bænarskrá þessi sè þess vegna of snemma upp borin, þækti mèr gott að

heyra álit þingsins um hana, þegar hún á hæfilegri tíð er upp borin, svo biðjendur geti annaðhvort fallið frá henni eður framfært hana síðar.

Jónasen: Eg játa það að vísu, að þetta mál er mikils umvarðandi, og að það því er æskilegt, að það komi til umræðu, og eg vona líka, að það komi fyrir á sínum tíma. Eg mæli því ekki mót nefnd, málefnisins sjálfs vegna, heldur að eins af þeirri ástæðu, að mèr þykir bænarskráin alt of óljós og ógreinileg og ekki taka það nærri nógu glögglega fram, hvernig fara skuli með málið.

Þ. Sivertsen: Eg hefði sízt ætlað, að bænarskrá um þetta málefni yrði nú borin fram á þessu þingi, einmitt þá, þegar orðið „nýtt stjórnarform“ liggur að kalla á hvers manns vörum, og menn vænta þess bráðlega, að þingið fái það efni til meðhöndlunar, og þetta er ekki nema lítil smágrein þess. Eg held bezt færi, að öll málefni, sem þar að hníga, biði, þángað til það yrði rædt og meðhöndlað í heilu lagi, og vil því stínga upp á því, að flutníngsmaðurinn taki bænarskrána til baka, að svo stöddu máli.

Guttormur Vigfússon: Málið er að vísu að eðli sínu mikils umvarðandi, en sökum þess að bænarskrá þessi er ekki að álíta nema sem part af einu heilu: því breytíng sú, sem bráðum er í vændum á stjórnarlöggunni hjá oss, er sú heild eður grundvallarlög, sem hún heyrir undir; því álít eg hana ekki á rèttum tíma upp borna nú, og er þess vegna mótfallinn, að kosin sè nefnd til að yfirvega hana í þetta sinn.

Eyólfur Einarsson: Eg vissi, að á fyrsta þíngi var tekið til meðferðar um friðun æðarfugls; var það einn partur veiðilaganna; virðist mèr því ei rètt að vísa bænarskrá þessari frá þínginu, þó hún innihaldi atriði, sem tilheyra sveitastjórn. Eg hefi líka meðferðar frumvarp áhrærandi giptíngar öreiga, sem er ein grein sveitastjórnarinnar, er mèr virðist brýn nauðsyn að rædt sè.

Steffán Jónsson: Það er mín meiníng, að bænarskrá þessi og öll þau atriði, sem þar að lúta, ættu að bíða, þángað til útgjört er um hina nýu stjórnarskipun hèr í landi, eins og nokkrir þíngmanna hafa drepið á. Eg er líka samþykkur þeim konúngkjörna þingmanni, er síðast mælti, að bænarskrána vanti uppástúngu, og held eg því óþarfa, að fara mörgum ræðum um þetta mál.

R. M. Ólsen: Eg verð að vera mótfallinn því, sem hinn virðulegi þingmaður Barðastrandarsýslu mælti; því eg álít ógjörlegt að liða í sundur sveitarstjórnar málefnið, heldur hljóti það alt eptir eðli sínu að fylgjast að.

Jón Samsonsson: Bænarskrá þessi er ekki uppástúngulaus, því hún biður um, að nefnd manna í hverjum hreppi megi veljast af helztu mönnum. Hún biður líka um, að þingið velji máli þessu vel vaxna menn, til að semja embættis- eða erindisbréf handa sveitarstjórnarnefndinni.

Steffán Jónsson: Bænarskráin er uppástúngulaus, þó hún biðji um, að nefnd verði sett til að íhuga málið, fyrst hún ekki bendir á, hvernig þessi nefnd skuli fara með það.

Jón Samsonsson: Biðjendur ætluðust til, að málið yrði rædt af nefnd þeirri, er þingið tryði fyrir að gjöra uppástúnguna fullkomnari.

Steffán Jónsson: Forseti verður að skera úr því, hvort það sé samkvæmt þinglögunum, að taka til greina þá bænarskrá, sem ekki hefir öðruvísi uppástúngu.

Varaforseti: Allir nema flutníngsmaður og einn til af þingmönnum hafa verið á því máli, að bænarskráin sé of snemma upp borin, og í 62. grein alþingistilskip. 8. marz 1843 er boðið, að hver bænarskrá, sem þingið tekur til greina, innihaldi vissa uppástúngu. Vilji því flutníngsmaður taka við bænarskránni aptur og geyma hana til síns tíma, ætla eg hann mundi gjöra að vilja þingsins, en hins vegar er það á valdi hans, ef hann vill, að leitað sé atkvæða þingsins um, hvort hún eigi að falla.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr sýnist rèttast, að skotið sé til atkvæða þingsins, hvort bænarskráin hreint skuli falla, eður ekki.

Varaforseti: Vilji flutníngsmaður taka bænarskrána aptur, felst í því, að hún sè fallin, en fyrst hann er ekki ljúfur á það, bið eg þingið að skera úr því með atkvæðum sínum.

Því næst var geingið til atkvæða, og fèll bænarskráin.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Þórnesþingi, um að allir embættismenn og ekkjur þeirra borgi til jafnaðarsjóðanna, og drap á, að bæn þessi væri sprottin af meiri óánægju, en vert væri, með þann litla ójöfnuð, sem í þessu efni væri milli embættismanna og alþýðu; en fyrir sitt leyti hefði hann ekkert á móti, að málið yrði rædt.

þ. Sveinbjörnsson: Mèr virðist þetta málefni vera ofur smámunalegt, því embættismenn og ekkjur þeirra eru ekki svo fjölda miklar í hverju amti, að það geti orðið stórkostlegt, er jafnaðarsjóðirnir við það geta auðgazt, að farið væri eptir uppástúngunni, og þó enn síður, að það geti orðið til neins léttis þeim öðrum gjaldendum, sem teljandi sè. Mèr lægi nærri við að halda, að bænarskráin lýsti óþokka til embættismannanna, hverra þjóðin þó, enn sem komið er, ekki má án vera. Eg tala þetta í eingu tilliti til sjálfs mín, því mèr stendur á sama, hvort heldur verður afráðið.

þ. Sívertsen: Eg verð fastlega að mæla með nefndarkosníngu í þessu máli, því heldur sem bænarskráin inniheldur sanngjarna bón, og vona eg, að einginn þíngmaður verði því mótfallinn; það er ekki smámunasemi bænda að kenna, nè óþokka þeirra til embættismanna, þó þeir beiðist þessa: það er vegna þess, að þeir óska jafnaðar, og að sá, sem hefir jafnan rètt hinum, hafi líka jafnar skyldur. Embættismenn munar þetta að litlu, og það er ekki tekið af embættalaunum, heldur „privat"-eign þeirra, tíundbæru lausagózi; eg hefi átt tal hèr um við marga embættismenn, og hafa þeir allir veitt uppástúngu þessari meðmæli.

Kristján Magnúsen kvaðst fastlega mæla fram með nefnd í málinu, þar eð hann hefði orðið þess áskynja, að það væri sameiginleg ósk alþýðu, að þíngið tæki málið til íhugunar.

Þar eð fáir voru mótfallnir nefnd, afhenti varaforseti bænarskrána flutníngsmanni, kammerráði Magnúsen, sem las hana upp fyrir þínginu, og mælti: bænarskrá þessi framfærir sjálf nægar ástæður, svo eg hefi litlu við þær að bæta, og vona eg, að það, sem hún biður um, ekki virðist orsakalaust; vil eg því mælast til, að þíngið gefi bænarskránni áheyrslu og kjósi nefnd í málinu.

Stiptamtmaður: Það er án efa alkunnugt, að það hefir valdið talsverðri umkvörtun, að gjald það, sem lagt er á lausafjártiund manna og greiðast á í jafnaðarsjóðuna, ekki kemur niður á öllum, og hygg eg menn mundu una því betur, ef þetta geingi jafnt yfir alla, enda held eg ekki, að landið mundi missa embættismenn sína fyrir þá sök. Eg get þess vegna ekki ætlað, að frá stjórnarinnar hálfu sè nokkuð þessu máli til fyrirstöðu. Mèr virðist krafan vera bygð á sanngirni, og það því vel til fallið, að nefnd yrði kosin til að rannsaka

það. Má og vera, að sú yrði niðurstaða á rannsókn nefndarinnar, að embættismenn þeir, er hèr á eptir koma, skyldu gjalda toll þenna, en hinir, sem nú eru, vera lausir við hann.

Varaforseti: Þar nokkrir voru til að styðja málið, og enginn vekur framar umræðu gegn því, álít eg víst, að þingið vilji, að nefnd sè kosin.

Kristján Magnúsen kvaðst álíta 3 menn nægja í nefnd þessa, og bað varaforseta að skora á þingið að velja þá.

Var þá geingið til atkvæða, og kosnir í nefndina kammerráð Magnúsen með 16, umboðsmaður Þ. Sívertsen með 14 og konferenzráð Sveinbjörnsson og umboðsmaður Steffán Jónsson, hvor með 4 atkvæðum, og var hinn fyrr taldi nefndarmaður, þar hann var eldri.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Þórnesþingi, um að alþing eptirleiðis verði haldið við Öxará á Þingvelli, og að fæðispeníngar alþingismanna lækki um þriðjúng, og aðra samhljóða bænarskrá frá Þorskafjarðar fundi, sem þó ekki biður um hið síðara atriði. Hann gat þess, að það hefði leingi verið áhugi og ósk þjóðarinnar, að fá hinn forna þingstað við Öxará reistan á fætur aptur, og væri bænarskrá þessi með fjölda af undirskriptum.

Kristján Magnúsen óskaði, að bænarskráin væri upp lesin, svo þingið heyrði hana, og að síðan væri kosin nefnd í málinu.

Þ. Sveinbjörnsson: Aldrei hefði mèr komið það til hugar, að neinn skynsamur maður, enn þá síður heilar sýslur, mundi, úr því sem nú er komið, fara að biðja um það, að þing þetta yrði flutt austur í Þingvallasveit. Ástæðurnar þær sèrlegu fyrir því, að þjóðþing landsins ekki hefir þar haganlegan stað, geymi eg umræðunum seinni í málinu, ef til þeirra þarf að koma, sem eg vona ekki verði, heldur að bænarskrá þessi verði nú þegar feld með atkvæðafjölda. Að skáld, sem lifa mikið í ímyndananna ríki, eða fornfræða iðkendur, sem líta opt meir aptur á bak, en áfram, meira til liðinna tíma, en þeirra, sem yfir standa eða í höud fara, aðhyllist þessa bænarskrá, þykir mèr allsennilegt; en eg ætla, að fáir þessara sèu hèr við staddir. Að þjóðarást, að þjóðarvilji sè borin fyrir í þessari bænarskrá, sem svo mörgum öðrum, kemur mèr ekki óvart, en þetta þing er ætlað til að ráða til þess, er verið getur til þjóðarinnar sönnu heilla, og það gjörir hver okk-

ar eptir beztu vitund og sannfæringu; það gjöri eg, þegar eg mótmæli, að nefnd verði sett um þetta málefni.

Kristján Magnúsen: Það er ekki alleina alþýða vestan lands, sem fram ber þá ósk, eins og eg fyrir skömmu mælti, að alþingið flyttist eptirleiðis að Öxará, heldur hefir líka fyrir fáum árum síðan, einn föðurlandsvinur farið því sama á flot, og fylgt því fastlega fram með röksemdum, nl. amtmaður sál. Bjarni Thorarensen, og bera nefndarmannatíðindin frá Reykjavík, hvar málefnið var rædt, þess ljósan vott. Eg leyfi mèr því fastlega að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í málinu og þar um leitað atkvæða þingmanna.

Þ. Sivertsen: Án þess að eg ætli að leingja ræður, viðvíkjandi því efni, sem bænarskrá þessi inniheldur, eða láta í ljósi fyrir fram, að hve miklu leyti, eða hvernig eg mundi aðhyllast uppástúnguna, verð eg þó að láta í ljósi sömu meiníngu og eg sagði í gær, að mèr þykir þetta of snemma upp borið; frumvarp til breytíngar á alþíngistilskipuninni er að líkindum í vændum; þetta er breytíngin, sem má ske ekki er minnst í varið, og gæti bezt íhugazt í sameiníngu við hin atriðin, sem breytíng væri óskað á. Mèr finnst það því ekki sem bezt valið, ætti nú að fara að kjósa nefnd af þíngmönnum, til að yfirvega það, sem ekki á við, því út lítur fyrir, sem þíngið hafi nóg annað að gjöra. Eg verð líka að geta þess, að mèr finnst, eins og sumir þíngmanna gefi sig næsta mikið að efni bænarskránna til umræðu strax í byrjuninni. Mitt atkvæði verður því ekki með nefndar kosníngu.

J. Thorstensen: Samslags bænarskrá, sem þessi, var borin upp á alþíngi 1847, sjá tíðindi frá því ári bls. 745, og var hún látin falla, og finnst mèr nú eingin meiri nauðsyn til að setja nefnd, að skoða og yfirvega þessa bænarskrá, sem hljóðar í höfuðefninu einmitt um það sama, að flytja alþíng upp að Öxará, og það því síður, sem nú eru ekki þær ástæður til að hafa þíngið þar, sem voru um og eptir landnámstíð, þegar það fyrst hófst þar, því þá var það siður um öll norðurlönd, að halda þjóðþíng á bersvæði undir beru lopti, t. a. m. í Noregi á Eyrum við Niðárós í Þrándheimi, og nálægt Vebjörgum í Danmörk, hvar menn á báðum stöðum kusu og hyltu konúnga, og á mörgum öðrum stöðum voru þvílík þíng; var það áður en þessar þjóðir höfðu feingið þá mentun og siðferði, er seinna kom, þegar menn fóru að byggja kaupstaði, því eptir það

færðust smátt og smátt þvílík þing um alþjóðleg málefni inn í kaupstaðina, hvar hagfeldara þókti að búa, þegar leingi stóð á þingunum, og nú eru í öllum löndum þvílík þing haldin í kaupstöðum eða stórborgum, og sýnist mèr það viðfeldnara og hægra hèr í Reykjavík, í mörgu tilliti, en liggja úti undir berum himni eða í tjöldum á Þingvelli, margra hluta vegna.

Jónasen: Eg verð einnig að gefa atkvæði gegn nefnd í þessu máli. Eg held reynslan sè þegar búin að sanna, að Reykjavík sè hentugasti staður fyrir alþing, og ástæðurnar fyrir því er búið áður að taka svo greinilega fram, að það er bæði óþarfi og á ekki hèr við að itreka þær.

Næstum allir hafa verið á því máli, að halda þingið í Reykjavík, svo var það á embættismanna fundinum og svo var það hèr á þinginu 1847, því þá voru bænarskrár um þetta efni ekki teknar til greina, og ekki er þessu heldur farið á flot í málinu um endurskoðun alþingistilskipunarinnar í hitt eð fyrra; enda eru annmarkarnir á flutníngi alþingis upp í Þingvallasveit svo augsýnilegir, að það er óþarfi að taka þá fram fyrir þinginu. Hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, jústizráð Thorstensen, hefir sýnt, að alt öðruvísi stendur á núna, en í fyrri daga, þegar alþing var á Þingvöllum, og fulltrúi Dalasýslu hefir í annan stað bent þinginu á það, að bænarskráin sè, eins og nú er ástadt, borin upp í ótíma, og hafa þeir báðir satt að mæla; því aðhyllist eg álit þeirra, og yfir höfuð mæli eg móti, að mál þetta komi í nefnd.

Guðmundur Brandsson: Það er að undanförnu búið að ræða og rita svo margt og mikið bæði með og mót hvorumtveggja staðnum, Þingvöllum og Reykjavík, að eg hygg, að þar verði fáu við bætt, nema hvað reynsla þeirra manna, sem átt hafa hèr þingsetu, fær mikið að gjört í því efni. En samt vantar þá reynslu fyrir, hverninn hinn staðurinn gefst, ef þing yrði þar framvegis haldið; eg fyrir mitt leyti hefi ekki þá glöggskygni nú þegar, að eg sjái, hvor staðurinn verði notasælli. En sèu þingmenn vissir um, að mestur hluti þjóðarinnar muni óska eptir, að alþing flytjist hèðan að Þingvöllum, kynni það að þykja áhorfsvert að gánga þegjandi fram hjá sliku, og þess vegna mæli eg ekki harðlega móti, að nefnd verði sett til ihugunar málefni þessu, þó með því móti, að annað mikilsverðara og meir áríðandi verði ekki þar fyrir útilokað frá þingsins aðgjörðum.

Ólsen óskaði, að hinn heiðraði varaforseti skyti til atkvæða þingsins, hvort nefnd ætti að setja í þessu málefni.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla ekki að tefja tímann með að ræða margt um, hvort nefnd skyldi kjósa til að rannsaka bænarskrána, því mèr þykir nóg hafa verið gjört að því af öðrum þingmönnum En hvað það snertir, er sá konúngkjörni þingmaður sagði, að þjoðar ósk um alþíng á þingvelli væri sprottin af skáldlegri hugmynd fornaldarinnar, verð eg að geta þess, að þeir, sem skrifuðu undir bænarskrána á Þorskafjarðarfundi, munu vart hafa verið allir skáld. En hvort sá hefir verið skáld, er fyrstur stakk upp á því 1840, að alþíng væri á þingvelli, veit eg ekki; annar konúngkjörinn þingmaður gat þess, að til þingsins 1847 hefðu komið 2 bænarskrár um þetta efni, en mig minnir, að það væri haft til að sanna, að áhugi manna væri farinn að deyfast á þessu máli, en nú sýnist af bænarskrám þeim, sem nú eru komnar til þingsins, eins og hugir manna hafi lifnað við aptur með þetta, og er eg hræddur um, að það verði óvinsælt hjá beiðendum, ef þingið gefur bænarskránum eingan gaum, en tekur margar til nefndar, er mèr virðast litils verðar; um það, að halda þingið á opnu svæði, ætla eg ekki að tala, því bænarskrárnar nefna það ekki. Að málið sè ekki borið upp á hentugasta tíma, getur verið; en eg ætla, að tími þessi sè ekki svo óhentugur, að ekki megi kjósa nefndina, því það yrði beiðendum geðfeldara.

Kristján Magnúsen óskar, að bænarskráin upplesist, svo þingið kynni sèr hana, og verði síðan nefnd kosin.

Eyólfur Einarsson: Eg gef atkvæði mitt fyrir, að nefnd sè kosin að ræða mál þetta, því eg þekki til, að það er vilji allra Vestfirðínga, að svo verði gjört, og býst eg við, að þjóðin yndi illa, ef máli þessu væri frá vísað, og það þarf að skýrast fyrir þjóðinni.

Stiptamtmaður: Eg ætla það sè samkvæmt hinni 62. gr. alþingislaganna, að lesin sè upp bænarskráin, eins og flutníngsmaður hennar beiddist, áður en rædt er um inntak hennar, og vil eg skjóta því til hins heiðraða varaforseta, hvort ekki eigi svo að vera; get eg þessa fyrir þá sök, að eg ætlaði mèr þá fyrst að fara nokkrum orðum um bænarskrána, áður en atkvæði væru greidd um það, hvort kjósa skyldi nefnd eður ekki.

Varaforseti: Bænarskrá þessi er, eins og aðrar þær bæn-

arskrár, sem nú eru ræddar á þinginu, að mestu kunnug, og þar eð þingið hefir viðtekið, að allar bænarskrár, sem ekki falla, sèu lesnar upp, álít eg rèttast, að hún afhendist flutningsmanni til upplesturs.

Flutníngsmaður, kammerráð K. Magnúsen las síðan upp bænarskrána, og kvaðst að því búnu vona, að þingið, er það nú hefði heyrt atriði hennar og þær ástæður, er hún styddist við, mundi gjöra góðan róm að málinu og kjósa nefnd í það.

Stiptamtmaður: Það munu að líkindum allir fallast á það, er hinn fyrsti konúngkjörni þingmaður mælti áðan, að það sè hvers eins þingmanns skylda, að líta ekki á það, hvað vera kann þjóðleg ósk um eitthvert málefni, heldur einúngis á hitt, hvað sjálfs hans sannfæríng segir honum að heilladrjúgast muni vera fyrir land og lýði, og leyfi eg mèr í því tilliti að benda til hinnar 59. gr., í þinglögunum. En hvað nú þetta málefni snertir, þá virðist mèr, þó það kunni að vera almenn ósk, að alþíng verði flutt hèðan og að Öxará, að það sè hið mesta efunarmál, hvort það sè til nokkurra heilla fyrir Ísland. Eg get vel ímyndað mèr hugarfar beiðenda, og vel orðið samdóma skoðun norðurlanda þjóða á öllu ásigkomulagi forfeðra sinna, þegar þeir eru bornir saman við ástand hinna sömu þjóða nú á tímum. Menn munu finna, að þjóðir þessar standa í mörgum greinum skör lægra, en forfeðurnir í samjöfnuði við aðrar þjóðir, og menn munu kannast við, að það, sem einna mest getur hrifið manninn og tendrað, svo að segja, áhuga hans, er minníngin um stórvirki fornaldarinnar; en þá ber þó, að eg ætla, fremur að hafa fyrir augum anda þann, sem lýsir sèr í ráðstöfunum forfeðranna, heldur en nema einúngis staðar við útborð þeirra. Það er alveg satt, sem hinn virðulegi konúngkjörni þingmaður sagði, að allar þær þjóðir, sem eiga kyn sitt að rekja til norrænunnar, hèldu þíng sín úti á víðavángi, t. a. m. Jótar á „Danalýngi“ og „Urnehoved“, og svo var það annarstaðar á norðurlöndum; hinum sama sið hèldu einnig Íslendíngar, eins og þeir stóðu þá jafnfætis hinum öðrum norðurlanda búum. En því mun einginn neita, að nú eru tímarnir mjög frábrugðnir því, er þeir voru þá, nú eru þjóðþíng ekki leingur haldin undir opnum himni af vopnuðum mönnum, heldur af mönnum með bækur og penna í höndum, og nú geta þingstörf ekki framar staðizt á þeim stöðum, sem fjarlægir eru skjölum og bókasöfnum.

Að sönnu eru Þingvellir ekki svo fjarlægir þeim stöðum, hvaðan þess konar aðstoð megi fá, og koma mætti þar húsi upp fyrir þingið sjálft, en þó naumast handa þingmönnum öllum til íbúðar; en menn gætu þó ekki vel án húsa komizt þar af, þegar aðgætt er, að þingið stendur þó yfir í allra styzta lagi fjögra vikna tíma. Embættismenn þeir, t. a. m. stiptsyfirvöldin, dómendur landsyfirréttarins, landfógetinn og fl., sem hèr í Reykjavík hafa aðsetur, og hèr hafa mörgum störfum að gegna, gætu enn fremur ekki svo lángan tíma verið heiman að frá embættum sínum. Einmitt um þann tíma árs, og, ef til vill, ekki optar á ári, koma sem flestir menn til Reykjavíkur í alls konar erindagjörðum, bæði í verzlunarerindum og öðrum efnum, og hafa margir þessara manna mjög áríðandi málefni um að ræða við stiptsyfirvöldin og aðra embættismenn í Reykjavík; einnig er þá sýnódus haldinn, og verða þar margir andlegrar stéttar menn við að vera ásamt stiptsyfirvöldunum og fleirum þingmönnum. Prentsmiðjan er einnig hèr í Reykjavík, sem ekki verður flutt að Öxará, og yrði það ekki til lítillar tafar og kostnaðar, hvað prentun þingtíðindanna og annara skjala snertir; þá eru hèr og bókasöfn, bæði stipts og skóla - bókhlaðan, auk margra annara bókasafna einstakra manna, sem ekki væri svo hægt að ná til, ef þingið væri haldið á Þingvöllum. Mèr virðist því liggja í augum uppi, að það mundi verða til mikils skaða fyrir þingstörf vor, og þannig fyrir alt landið, ef þingið yrði flutt að Öxará. Að sönnu er það víst, að á Þingvöllum vaknar hjá manni endurminníng þess, að menn standa þar á þjóðfrægum stað, en endurminníngin ein má þó ekki ráða, hversu mikið sem í hana er varið; og um Reykjavík má einnig segja, að hún hafi sína endurminníngu. Hèr var þó bústaður eins hins fyrsta landnáma manns, og hús það, sem vèr sitjum nú í, stendur í brekku þeirri, sem við hann er kend; þegar fram líða stundir, mun einnig endurminníngin binda margan mann til þessa staðar, þegar beztu menn landsins, sem á æsku árunum hafa hèr lagt grundvöll til mentunar sinnar, sitja hèr á hinum sama stað sem fulltrúar þjóðarinnar til þess að ræða um landsins gagn og nauðsynjar.

En eins og það yrði til skaða fyrir þingstörfin, að alþíng yrði flutt hèðan að Þingvöllum, svo yrði það einnig til stórs skaða fyrir Reykjavík, og þá með fram fyrir landið alt, ef

þingið yrði hèðan flutt. Það hefir nokkrum sinnum verið sagt um Reykjavík, að hún sè sá partur landsins, sem „þeinki og ályktiˮ, og er nokkuð satt í þessu, að svo miklu leyti sem bæði hèr í bænum og í grend við hann búa nokkrir af helztu embættismönnum landsins, og er það því mjög mikils umvarðandi, hvaða andi drottnar í Reykjavík, en það ætti að vera einn og hinn sami andi hèr og annarstaðar um alt landið. Er það einn hinn beinasti vegur til þess, að þetta geti átt sèr stað, að úr öllum hèröðum landsins komi hingað hinir beztu menn, og væri óskandi, að það gæti optar að borið, heldur en enn þá er; endurminningin frá alþingistímanum dofnaði því síður hjá hvorumtveggja. Þetta yrði nú alt á annan veg, ef þingið væri flutt hèðan á burt; með þinginu hvyrfi sá íslenzki andi hèðan, en sá andi á að aukast í Reykjavík; þess vegna er mikið undir því komið, að gjöra Reykjavík svo íslenzka sem mögulegt er. En flyttu menn hèðan alt það, sem bezt væri af íslenzku efni, þá yrði því útlenda ekki bægt hèðan, heldur feingi það yfirráðin, og það því heldur, sem Reykjavík er við sjó og sá helzti kaupstaður í landinu. Hèr væri öðru máli að gegna, ef kaupstaður væri við Öxará, en nú er þar að eins eitt prestssetur. Eg get því ómögulega annað en álitið það skakka skoðun af þeim mönnum, sem vilja flytja alþing hèðan á burtu, og hefir mèr fundizt það skylda mín, að bera fram þær ástæður móti flutningnum, sem eg hefi á minnzt, því ástæður þessar munu þó reynast gildar, ekki að eins nú í ár, heldur um hin næstu komandi ár, meðan alt breytist ekki alveg, frá því sem enn er komið.

Hið annað atriði í bænarskrá þessari var, að lækka skyldi dagkaup þingmanna um þriðjúng. Þetta atriði stendur í nokkru sambandi við bænarskrána um ferðakostnað þingmanna, og mætti að því spyrja, hvort þingið vildi skjóta bænarskrá þessari til nefndar þeirrar, sem kosin var til að segja álit sitt um ferðakostnaðinn, en ráða vildi eg frá, að sett væri sèrstök nefnd í þessu máli; það skyldi þá vera einúngis í þeirri von, að nefndinni tækist að skýra enn betur þær ástæður, sem tala móti flutningi alþingis, og landsmenn þá slökuðu til í óskum sínum um breytíngu þingstaðarins, þegar þeir sæu, að alþing yrði hèr í Reykjavík frjálslyndara og þjóðlegra, en áður hefði verið. Er það nú þegar einn vottur þess, að þingið er haldið

í heyranda hljóði, og mundu þeir, er bænarskrána rituðu, ekki hafa orðað hana eins, þar sem á þingsalinn er minnzt, eins og þeir hafa gjört, hefðu þeir vitað, að þingsalurinn yrði öllum opinn.

Eyólfur Einarsson: Þó eg hafi heyrt þá laungu ræðu, er stiptamtmaðurinn hefir framfært á móti því, að nefnd væri kosin í málið, verð eg þó að mæla með nefnd, þar með því skýrist málið betur, en annars; þá fyrst má meta ástæður með og mót, að rædt er málið; veit eg það verður óþokkað af þjóðinni, ef því yrði frá vísað.

Guttormur Vigfússon: Því verður ekki neitað, að þjóðin hefir leingi verið þeirrar meiningar, að Þingvellir væru hentugri alþingisstaður, en Reykjavík; eg vil nú ekki meta ástæðurnar fyrir þessu að sinni, aðrir hafa fyrr og síðar látið þær í ljósi. Það ætla eg, að þingmenn, sem átt hafa hèr setu á þinginu að undanförnu, geti bezt vegið með sjálfum sèr máleíni þetta, þegar þeir á aðra síðuna líta til stöðu og starfa þingsins, og á hina síðuna til efnahags og annars ásigkomulags landsbúa. Það er augljóst, hvílíkur kostnaður hlýtur að verða því samfara, að byggja hús á Þingvelli til alþingis setu, eins hagkvæmt og þetta er, sem vèr nú höfum, hversu torvelt muni veita að hafa slíkt bókasafn þar, sem hèr, koma prentuninni við, og fleira þess háttar, eins og herra stiptamtmaðurinn rèttilega fram tók. Salur sá, sem vèr nú sitjum þing í, er að minni hyggju hagkvæmur og nægur fyrir þinghald framvegis, sem og fyrir þá menn, er sækja þingið; sú von hefir merkilega brugðizt, að nokkur sèrlegur fjöldi landsbúa hafi sókt þingið í þetta sinn, hèr hafa ekki einu sinni svo margir komið, sem rúm hefðu getað feingið inni í salnum, og yfir höfuð get eg ekki sèð nokkrar sèrlegar hvatir til að breyta frá því, sem er, og því get eg ekki heldur ráðið til, að valin sè nefnd í málið.

Ásgeir Einarsson: Þeir, sem nú seinast töluðu, svöruðu ekki aðalefninu úr ræðu stiptamtmannsins, verð eg því að minnast á fáein atriði í henni. Hann minnist fyrst á, að bækur vanti á Þingvelli, ef þingið verði þar, en sú ástæða held eg að mestu hverfi, þar þingið hefir sókt um bókasafn, sem þar mundi verða geymt undir umsjón prestsins þar. Ekki held eg það hafi verið meining beiðenda, að byggja þar hús nú þegar, enda getur verið, að ekki væri ómögulegt að halda þingið

í tjaldbúðum, því í þeim hafa kóngar og keisarar opt verið eins lángan tíma á herferðum sínum, og vona eg ekki eptir virðulegri mönnum á alþíng. Þó prentsmiðjan sè lángt frá þínginu, held eg sè lítill skaði, eins og nú stendur, því ekki hefir verið búið að prenta nema 10 arkir í þínglok af tíðindunum að undanförnu, og ætla eg það muni litlu, þegar þíngtíðindin koma ekki til kaupenda, hvort sem er, fyrr en um sumarmál; eg held það væri því lítið gagn, að flytja prentsmiðjuna frá Reykjavík að Þíngvöllum, þegar svo litlu skiptir. Stiptamtmaðurinn hèlt, að þessi ósk væri sprottin af endurminníngu þjóðarinnar um forfeðurna, en þykir þar á móti, að endurminníngin á þeim þíngstað, sem nú er, ætti að verða hinni yfirsterkari, einkum tilhugsun til þeirra manna, er nú njóta mentunar og upplýsíngar í *þessu* húsi; en mig minnir, að það hafi verið sagt móti þeim þíngstað, er nú er, að það mundi lítið gleðja þíngmenn, að gánga til þíngstarfa inn í það húsið, er var bygt á þessum stað móti vilja þjóðarinnar. Eg vildi, eins og stiptamtmaðurinn, óska, að andi Reykjavíkur og þjóðarinnar yfir höfuð sameinaðist, en að svo sè varið enn þá, veit eg ekki fyrir víst. Að beiðendur hafa álitið alþíngissalinn óhæfan til þínghalda framvegis, kemur til af því, að þeir vissu ekki af þeirri tilhögun, sem nú er gjörð í þíngsalnum, enda sýnist mèr ekki vera rúm hèr í salnum fyrir fleiri þíngmenn, en nú eru, eptir hverju flestir munu þó vona.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil leyfa mèr að skjóta því til álita ens heiðraða varaforseta, hvort ei muni nú nóg komið af slíku, því mèr virðist umtal það, sem komið er, viðkomi efninu sjálfu í bænarskránni, en ekki þeirri spurníngu, hvort setja skuli nefnd til að íhuga hana. Andsvar þessarar spurníngar má vera hverjum einum þíngmanna því auðveldara, sem meira hefir um þetta efni verið áður bæði skrafað og skráð. Hver þíngmanna má því án efa þekkja sinn eigin vilja, hvað nefndarsetníngu snertir.

Ásgeir Einarsson kvað það ekki sèr að kenna, að svo laung umræða hefði orðið í þessu málefni.

Þ. Sívertsen: Það var einmitt hið sama, og hinn mikið heiðraði konúngkjörni þíngmaður, er seinast mælti, sagði, er eg vildi hafa framfært og skotið til ens heiðvirða varaforseta, að atkvæða yrði leitað um, hvort nefnd skyldi kjósa, eður ekki, án leingri umræðu.

Varaforseti: Eg ætlaði opt að standa upp og skjóta þessu til atkvæða þingsins, en í hvert skipti stóð annar upp til að ræða málið, og vildi eg því ekki taka fram fyrir hendur á þingmönnum.

Því næst leitaði varaforseti atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, eður ekki; og fèllu atkvæði svo, að ekki varð af nefnd, og fèll málið niður.

Varaforseti gat þess, að annað atriði þeirrar bænarskráar, er nú var feld, væri annars kyns, er það færi því á flot, að fæðispeníngar þingmanna væru lækkaðir um þriðjúng; kvað hann fleiri bænarskrár viðlíks efnis hafa komið til þessa þings, en þingið þó ekki í bænarskrá þeirri, er það í hitt eð fyrra hafði sent konúngi, hafa æskt breytíngar á launum þíngmanna.

Því næst bar hann upp við þingið, hvort það vildi kjósa nefnd til að íhuga þetta atriði bænarskráarinnar, eða fá það í hendur þeirri nefnd, sem nú þegar væri kosin í ferðakostnaðarmálinu.

þ. Sveinbjörnsson kvaðst ætla réttast, að svo væri gjört, og hefði hann fyrir sitt leyti, sem formaður nefndarinnar, ekkert á móti því, þar eð þetta síðara atriði bænarskráarinnar lyti einmitt að sama efni.

Kristján Kristjánsson og kammerráð Magnúsen kváðust, sem meðlimir þessarar nefndar, ekkert hafa á móti því; og var síðan bænarskráin afhent formanni nefndarinnar, konferenzráði Þ. Sveinbjörnssyni.

Varaforseti lagði því næst fram bænarskrá frá Þíngvallafundi, um að ferðakostnaður þingmanna verði ákveðinn eða dæmdur af nefnd, og þar eð hún var viðlíks efnis og bænarskrá sú, er síðast var rædd, afhenti hann hana hinum sama formanni nefndarinnar í þessu máli.

Síðan tók varaforseti fram bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, um að samdar verði reglur fyrir verðhæð og tíund á landamerkjalausum heimajörðum og hjáleigum; hann gat þess, að víða væru hèr í landi heimajarðir og hjáleigur í kríng, sumstaðar með nokkrum, sumstaðar með eingum landamerkjum, þó þær væru á eign ýmsra manna; slíkar jarðir hefðu jarðamatsmenn ekki metið sèr í lagi, og mundi þeim, ef til vildi, ekki heldur hafa þótt það þægilegt; bænarskráin lyti þá að því, að setja þurfi hundraðatal og tíund á hverja þessara jarða

fyrir sig, og mundi flutningsmaður finna skylt, að þingið leyfði honum að lesa hana upp.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg má játa, að efni og innihald þessarar bænarskrár er mèr næsta óljóst; eg verð því að biðja um, að bænarskráin sè lesin, ef tilgángur hennar má ske með því kynni að verða mèr ljósari. Að öðru leyti hefi eg, sem stendur, um hana þá hugmynd, að hún við komi jarðamatinu, sem sumstaðar er búið, og víða í smíðum.

Jón Jónsson: Jeg meina flestir jarðamatsmenn hafi rekið sig á þá torveldni og annmarka, sem fylgja því, að saman eru virtar landamerkjalausar heimajarðir og hjáleigur. Bænarskráin sjálf hefir fullljóslega tekið þessa annmarka fram, og get eg það varla betur, þótt vildi. Það, sem eru í raun og veru tvær jarðir, er virt, sem ein, og torveldnin að sundurgreina hæfilega verð þeirra á eptir, er það, sem kom Suðurþingeyingum til að biðja um áframhaldandi reglur, og hæfileg afskipti þingsins til þess, því reglur þær, sem jarðamenn hafa feingið, eru í því, sem fleiru, ónógar.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg gat ei betur heyrt, en að bænarskráin tali um landamerkjalausar heimajarðir með hjáleigum; þessar held eg, að því leyti mèr er kunnugt, eigi sèr hvergi stað.

Stiptamtmaður: Þess vil eg geta, að það er með berum orðum sagt í reglum jarðamatsmanna, að þeir skuli meta þar alla torfuna til samans, þar sem sèu í hjáleigur, er ekki hafa landamerki sèr. Eg held og, að ekki beri brýn nauðsyn til þess að meta sèr þessar hjáleigur að svo stöddu. Hèr ríður fyrst og fremst á, að stjórnin fái í hendur upphæð alls jarðamatsins saman lagða, en komi ábúendur á allri torfunni, þar sem svona stendur á, sèr ekki saman um, hvað mikinn hluta af skyldum og sköttum hver skuli gjalda í samanburði við annan, þá vil eg ekki neita, að þeim ætti að vera gjört auðvelt fyrir að fá land þeirra úthlutað þeim á löglegan hátt. Ef menn því ættu að gefa bænarskrá þessari gaum, virðist mèr það helzt mundi lúta að því, að feingist reglugjörð um það, ef þetta að öðru leyti þykir nauðsynlegt.

R. M. Ólsen: Eg verð að geta þess, að allar bygðar hjáleigur í Húnavatnssýslu, þær sem búið er að meta og sem hafa tún og eingjar út af fyrir sig, hafa verið virtar sèr, eins og eg verð að álíta öldúngis ómissandi. En vegna þess að eg

nú er kominn að raun um, að gagnstæð aðferð hefir verið við höfð í öðrum sýslum landsins, þar sem jarðamat er byrjað, verð eg að hlynna að því, að hjáleigur sèu virtar sèr, og heimajarðir sèr; því opt eru ekki sömu menn eigendur jarðanna, og líka getur síðar orðið ágreiningur um tiundargjald þeirra, m. m.

Stiptamtmaður: Það er einnig allsendis samhljóða greininni, að bygðar hjáleigur, sem hafa landamerki sèr, skuli meta, sem jarðir út af fyrir sig.

Jón Jónsson: Almennur skilningur á landamerkjaleysi jarða er sá, að þótt tún og eingjar sèu útskipt, þá nefnist landamerkjalaust, þar sem úthaginn er óskiptur milli jarða, og sú er víst meining tilskipunarinnar, þar sem hún talar um landamerkjalausar heimajarðir og hjáleigur, því hvergi mun svo á standa, að túnum og eingjum sè ekki skipt milli jarða, og hefði því ekki þurft um það að tala; ekki skil eg heldur, hverninn það á að komast á, svo vel fari, þar sem sinn á hverja jörðina, heimajörð og hjáleigu, sem saman eru virtar, að þeir skipti sjálfir með sèr dýrleika hennar, því ef torfa þessi kynni þykja báðum of dýr að hundraðatali, er hætt við, að öðrum hvorum fyndist sín jörð ekki fær um að vera svo mörg hundruð, sem hinn þá áliti, og mundi það valda ágreiningi og óánægju. Það var því tilgángurinn, að þingið nú skyldi semja reglur, og útvega lagaboð um, að tíund verði sett sèr í lagi á landamerkjalausar hjáleigur, fyrst það hafði áður undir búið og fjallað um þetta málefni.

Þ. Sivertsen: Mèr getur ekki skilizt betur, en bænarskrá þessi sè ótímabær; jarðamatið mun víða búið og hljóta að sitja við það, sem komið er. Eg veit nú ekki, hvort mèr skilzt rètt: mèr virðist, eins og bænarskráin ætlist til, að tilskipanin um jarðamatið annaðhvort falli úr gildi, eða liggi í dái eða dvala 2—3 ár, eða leingur; því hugsun beiðenda mun þó hafa verið sú, að alþing nú sendi álitsskjal um málefni þetta til konúngs, og það sem alþing rèði til, yrði þó ekki lög, fyrr en stjórnin hefði ráðið því til lykta; nú minnir mig ekki betur, en boðið sè, að jarðamatið sè til lykta leidt innan nýárs næstkomanda, og yfirmatið að sumri; þessu get eg ekki komið saman, eg held þingið eigi því ekki að taka þessa bænarskrá til meðferðar, sem í ótíma upp borna, ef ekki án þarfa, því eg veit til, að jarðamatsmenn hafa, einmitt eptir

sínum erindisbréfum, virt þær hjáleigur, sem landamerki hafa, eins og sérskildar jarðir, en hinar, sem hafa úrskipt tún og eingjar, einúngis sér, eptir þekkíngu, sem þeir höfðu á beitilandi og öðrum kríngumstæðum, en lagt síðan að lyktum þeirra hjáleigna verð saman við heimagarðsins, og ætla eg þá hægt að finna, hve mikill hluti heimagarðsins að hjáleigan muni vera.

Jón Jónsson: Mér finnst, að hinn virðulegi þíngmaður frá Dalasýslu hafi gjörsamlega misskilið tilgáng bænarskráarinnar; hún tekur það hvergi fram, og ætlast ekki heldur til þess, að jarðamatinu sé frestað eða rótað, úr því það er komið á, heldur sýnir hún fram á, sem áður er sagt, hvað reglurnar fyrir matinu voru ófullkomnar, og ætlast hún til, að bót yrði ráðin á, hvar heilar torfur eru virtar í einu lagi, sem heild, en ætlast ekki til, að skipting dýrleikans komist á, fyrr en eptir jarðamatið; og sjá allir, að ekki verður farið fram fyrir aptur, fyrst þessa var ekki í tíma gætt, og sannast það nú, að tíð sú eitt sinn oss fór burt frá, fást síðar ei til baka má. Og skýt eg því undir hina aðra þíngmenn hér, og sem matið hafa jarðir, hvort bænarskráin hefir þó ekki rétt fyrir sér.

þ. Sveinbjörnsson: Flutníngsmaður bænarskráarinnar játar sjálfur, að hún sé í ótíma upp borin, og því fellst eg að öllu leyti á það, er þíngmaður Dalasýslu nýlega mælti.

Guttormur Vigfússon: Því getur eingínn neitað, að æskilegt væri, að málefni þetta gæti feingið framgáng, og fús hefði eg verið til að gefa því meðmæli mitt, ef eg þæktist ei fyrirsjá, að jarðamatið stæði því í vegi, þar það hlýtur að hafa framgáng, áður en þetta kemst í kríng, og sé eg því ekki, að nokkuð sé unnið, þó það sé nú tekið fyrir.

Sá tíminn er hjáliðinn, sem þetta átti að takast til greina, eins og fleira, sem hné að jarðamatinu, og sem menn munu glöggvast síðar sjá, að miður var, en menn hefðu óskað. Eg ætla þá, að bænarskrá þessi muni trauðlega komast að í þetta sinn, hversu nauðsynleg sem hún þó annars er.

Því næst leitaði varaforseti atkvæða þíngsins um, hvort nefnd skyldi kjósa í þetta mál, og fèll bænarskráin með atkvæðafjölda.

Síðan tók varaforseti fram bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, um að útvega nýtt lagaboð, er ákveði reglur fyrir, hvernig semja skuli skýrslur til verðlagsskráa, og fèkk hana flutu-

íngsmanni, hreppstjóra Jóni Jónssyni, er las hana upp fyrir þinginu, og er hún þannig látandi:

Vèr höfum tekið eptir því, að verð sumra vörutegunda í verðlagsskránum er stundum hærra, en vèr vitum til, að þær hinar sömu tegundir hafi verið að meðaltali seldar eður keyptar á því timabili og í því takmarki, sem lagt er til grundvallar fyrir verði þeirra í hvert sinn, og að skýrslur þær yfir meðal-söluverð í hverjum hreppi, sem prestar og hreppstjórar gefa, sèu ekki ávalt samkvæmar hverjar öðrum, þó í sama plázi sè; þetta meinum vèr koma af því, að prestar og hreppstjórar hafi sitt val og sína skoðun, hvorir fyrir sig, á þeim dæmum, sem þeir byggja verðið á; en að trú undirstaða þurfi undir jafnmikilsverða byggingu, sem verðlagsskrárnar eru, og á hverjar svo margt gjald þjóðarinnar er enn bygt, er auðráðið. Oss virðist því, að aðferð sú, sem prestar og hreppstjórar hafa, hvorir út af fyrir sig, og optast hvor öðrum óafvitandi, með að semja og senda skýrslur sínar um þetta efni, sè ekki hin hentugasta nè bezta. Kemur okkur því til hugar, að betur færi, að í hverjum hreppi væri á hverjum þrem árum valin og sett þriggja manna nefnd, og að í henni væri 1 prestur, 1 hreppstjóri og 1 bóndi, og að þessir í sameiningu, hver með öðrum, semji skýrslur þær, af hverjum verðlagsskrárnar eru síðan útreiknaðar; en af því að vèr rennum hug í, að hin nýa landstjórn muni, ef til vill, ekki leingur eiga sèr amtmenn, þá stingum vèr upp á, að nefnd sè kosin í hverri sýslu, og svo á hverjum þrem árum, og þækti oss tiltækilegast að stinga upp á, að í henni væri sýslunnar prófastur, sýslunnar alþingismaður, ef hann á þar bólfestu, en annars einhver annar greindur og valinkunnur maður, sem sýslubúar vildu til þess kjósa, en hinn þriðji þækti oss ekki ótiltækilegt að væri einn af sýslunnar búföstu verzlunarfulltrúum (Faktórum), þar þeim mætti kunnugast vera verð hið algeingasta á mörgum vörutegundum í sýslunni. Þessi nefnd ætti að taka móti skýrslum hreppanefndanna, og semja síðan eptir þeim hinar árlegu verðlagsskrár. Hreppanefndirnar ætlum vèr ekki ættu að fá borgun fyrir starf sitt, framar en nú er, en sýslunefndin til að fullgjöra verðlagsskárnar ætti má ske að fá ferðakostnað sinn borgaðan til þess staðar í sýslunni, sem þeir gjöra verkið á.

Vèr stíngum því upp á við alþíng vort, sem haldið verður sumarið 1849, og biðjum það:

Að yfirvega þetta málefni, og útvega síðan nýtt lagaboð um, að skýrslur til verðlagsskránna verði hèr eptir gefnar af nefnd manna í hverjum hreppi, en verðlagsskárnar sjálfar síðan á eptir samdar og útgefnar af nefnd manna í hverri sýslu.

Suðurþíngeyarsýslu í maí- og júní-mánuðum árið 1849.

(Með 130 nöfnum undirskrifuðum.)

Að því búnu mælti flutníngsmaður: Eg sè ekki ástæðu til að taka fram fleiri nè önnur atriði en þau, sem bænarskrá þessi með sèr ber; ætla eg þíngmenn muni skilja ástæður og tilgáng hennar, og mælist eg því til, að nefnd verði sett í málið.

R. M. Ólsen kvaðst óska, að nefnd yrði sett í þessu máli; því almenníngi nyrðra mundi vera ærið ógeðfeld sú aðferð, sem hingað til hefði tíðkazt við samníngu skýrslna þeirra, er verðlagsskrárnar grundvallast á.

Jón Jónsson: Það er ekki umtalsvert, að eg óska nefndar í henni, fyrst einn þíngmanna varð líka til að styrkja það.

Þar eð einginn mælti móti bænarskrá þessari, skoraði varaforseti á þíngið, að kjósa nefnd í málið, og kvaðst ætla, að nægja mundi þriggja manna nefnd; voru síðan í nefnd þessa kosnir: hreppstjóri Jón Jónsson með 13, umboðsmaður Ólsen með 8 og prófastur Haldór Jónsson með 5 atkvæðum, og tók svo formaður nefndarinnar, hreppstjóri Jón Jónsson, við bænarskránni.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, um að alþíng útvegi lagaboð, sem ákveði, hvað greiða skuli í konúngs þegnskyldu, og afhenti hana flutníngsmanni, Jóni hreppstjóra Jónssyni, er las hana upp fyrir þínginu, og mælti: Eg læt þess hèr að auki getið, að sýslumaðurinn sjálfur í Suðurþíngeyarsýslu ritaði nafn sitt undir þessa bænarskrá, og fann sèr, ekkert síður en greiðendum þínggjaldanna mjög svo nauðsynlegt, að fá vissu fyrir, í hverju og eptir hvaða verði þau skyldu greiðast; og óska eg og stíng upp á 3 manna nefnd í málefni þessu.

Jónasen: Eg veit ekki betur, en að þetta atriði væri rædt og tekið fram í álitsskjali nefndar þeirrar, sem skipuð var 1845 til að endurskoða skattalögin hèr á landi, og mun þá ekki

lángt að bíða málalykta; álít eg því mál þetta borið upp í ó-tíma, og mæli móti nefnd í því.

Jón Jónsson: Þjóðinni er mjög svo ókunnugt um störf, og verkefni þessarar nefndar, sem sett er fyrir nokkrum árum, hvort hún útvegar eða undirbýr nokkur lagaboð, eða eingín; undandráttur þessi hefir því hvatt beiðendurna til að leita þingsins um, að það vildi hjálpa þeim út úr þessari óvissu, með útvegun hèr að lútandi lagaboðs.

Varaforseti: Að vísu hefir ekki nema einn þingmanna orðið til að mæla á móti nefnd til að íhuga þessa bænarskrá; en þar eð nýtt lagaboð um þetta efni er í vændum, og lagaboð þetta að öllum líkindum fyrirskipar bæði gjaldeyririnn og gjaldhæðina, og enginn heldur hefir styrkt þetta mál, nema flutníngsmaður, verð jeg að ætla, það muni falla.

Jakob Pètursson: Eg er á sömu meiníng og þeir af þingmönnum, sem mæla fram með því, að nefnd sè tekin í þessu máli til að skoða það, því reynslan sýnir nú árlega, að skortur á peníngum fer vaxandi hjá verzlunarmönnum, svo bændur, sem opt eru í skuldum, geta ekki feingið þá til útgjalda sinna, en flestum gjaldaurum neitað í kóngsþegnskyldu.

Kristján Magnúsen kvaðst vera mótfallinn nefnd í þessu máli; því skamt mundi að bíða þess, að skattalögmálið kæmi, og þá yrði tiltekið, hve mikið og í hverju gjalda skuli.

Jón Jónsson: Eg verð að skjóta því til varaforseta, að geingið sè til atkvæða um þessa bænarskrá.

Varaforseti lèt þá ganga til atkvæða, og var þá bænarskráin feld með 12 atkvæðum móti 8.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að alþíng útvegi lagaboð, er skipi, að tíund til prests og kirkju eptirleiðis verði goldin eptir meðalalin; hann kvað öllum þingmönnum kunnugt efni þessarar bænarskráar, en þó mundi hún sjálf lýsa því bezt, og afhenti því bænarskrána flutníngsmanni hennar, hreppstjóra Jóni Jónssyni, er las hana upp fyrir þínginu, og mælti: Eg get ekki fyrst um sinn mælt neitt fram með þessari bænarskrá annað en það, sem hún sjálf gjörir, en óska að eins, að þingið vildi gefa henni áheyrslu og setja nefnd til að skoða málið.

H. G. Thordersen: Eg veit ei betur, en að tíund til prests og kirkju hafi frá fyrstu tímum verið áskilin í skileyrir, og

að samkvæmt því hafi bæði stiptsyfirvöldin áður fyrri, og nú seinast kanselliið, skorið úr því máli. Mèr er því ei annað kunnugt, en að lögin í þessu efni sèu ljós, og venjan þeim yfir höfuð samkvæm, og fæ því ei sèð, hver ástæða sè til að breyta eldgömlum lögum; mæli eg því á móti nefnd í tèðu málefni. Sè munurinn lítill fyrir þá, sem við taka, eins og flutníngsmaður sagði, þá er hann ei síður lítill fyrir gjaldendurna.

Eg er ei með þessum orðum að verja málefni þetta fyrir hönd prestanna, heldur þá hugmynd, að tíund hèr í landi ætíð hafi verið bundin við skileyrir, eður ekki mátt gjaldast í hverju sem vildi, en sú hugmynd hverfur, ef meðalalin er viðtekin.

Jón Jónsson: Með tilliti til þess, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar mælti nú, leyfi eg mèr að bera fram þá meiníngu mína, að skileyris-gjaldið bæði sè, og eigi að vera horfið að mestu leyti, síðan verðlagsskrárnar fóru að verða reglan, og svo geingst það nú við í flestum opinberum gjöldum; en í tilliti til hins, að það sèu lög, að kirkjur og prestar fái greiðslur sínar í skileyri, þá neita eg því að sönnu ekki; það er, eins og um hver önnur lög; þau eru lög, svo leingi sem þau eru ekki afmáð; en nú er verið að biðja um breytíngu þessara laga, eins og ætíð viðgeingst, þegar mönnum þykja þau ekki eiga leingur vel við, og má það ekki standa í vegi fyrir nýu lagaboði, að annað eldra hafi verið til áður, þá kæmi heldur aldrei hið nýa; þjóðin er inntekin af að vilja hafa jöfnuðinn, hver sem í hlut á, og lítur meira á hann, en fáeina skildínga. Það er líka athugavert, að 6 eða 7 prestar úr Suðurþíngeyarsýslunni hafa skrifað undir bænarskrána, og er það vottur þess, að þeir hafa ekki geðþekkni á þessum gjaldmáta. Hèr fyrir utan getur líka annað að borið: menn sjá allareiðu fram á, að íslenzku vörurnar eru að falla í verði, og auðvelt getur tólg og ull orðið lægri í verði en meðalalin taxtans, og væru þó prestar og kirkjur skyldug til að láta sèr ullar og tólgar punds verðið lynda í alin; en ef meðalalin taxtans væri reglan, eptir hverri tíundir þeirra greiddust, væru bæði þeir og þær skaðlaus.

H. G. Thordersen: Það var ekki meiníng mín, að mæla á móti því, að beðið sè um ný lög, þegar nauðsyn ber til,

heldur hitt, að ekki skuli menn beiðast nýrra laga án sèrlegra orsaka; því eg ætla þing þetta ekki vera sett til að æskja breytingar á lögum, nema þegar skynsamlegar ástæður eru til, en það hygg eg ekki vera í þessu efni.

R. M. Ólsen mælti með nefnd í málinu, og það því heldur sem hann kvað sèr gagnkunnugt, að ekki einúngis gjaldendur í Húnavatnssýslu sèu óánægðir með þetta nýa boð, heldur einnig viðtakendur gjaldanna þar, og það jafnvel sumir prestarnir.

Jónasen: Mèr virðist uppástúnga bænarskráarinnar alt of smásmugleg til þess, að nefnd verði sett í málinu.

Kristján Magnúsen: Eg get ekki með öllu fallizt á það, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þingmaður mælti, því þó að eg játi, að í ljóstoll sè að lögum ákveðinn skileyrir, nl. tólkin, þá meina eg, að öðru máli muni vera að gegna með greiðslu kirkjutíundarinnar, er eg ekki minnist að greinilega sè í lögum tiltekin, utan ef vera skyldi í kristinrètti, og eru þar þær vörutegundir tilgreindar, sem nú á tíðum mundu miður álítast útgeingilegir aurar; en af nýari lögum mun einúngis mega telja reglugjörð frá 17. júlí 1782 §. 7., sem umhöndli greiðslu á tíundum til kirkna, og er þar einúngis tilgreint um þá aura, er sjáfarbóndinn skuli lúka, nefnil. fisk og peninga, en hvað landbændur snertir, einúngis nefndir gildir aurar, án þess nokkur vörutegund sèr í lagi sè ákveðin. Að sönnu hafa Íslands stiptsyfirvöld öðlazt kansellíisins samþykki 1815, um að tíund til kirkna skuli lúkast í tólk og ull, en þessu hefir ekki, svo eg viti, framfylgt verið, hvar fyrir kansellíið árið 1848, eptir stiptsyfirvaldanna þar til gefnu tilefni, ítrekaði það sama, og er mèr aldeilis óskiljanlegt, að tèð kansellíbrèf beri í tèðu falli að meta sem lög, eða að hafa umbreytt eldri lagasetníngum þar um; það virðist líka stríða móti allri sanngirni, að þegar kóngstíund gelzt og innkrefst eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, skuli kirkjutíund, án sèrlegs lagaboðs þar um, gjaldast í tólk og ull, því kunnugt er, að greiðsla á tíundum til kirkna og biskupa fyrir siðaskiptin var ákveðin í sömu aurum, og hvortveggja bygt á sömu undirstöðu og grundvelli, en ekki virðist það hèr geta gert neitt til saka, þó sá partur tíundarinnar, sem biskupar áður nutu, lúkist nú til konúngs. Eg leyfi mèr því fastlega að mæla fram með, að nefnd verði kosin í þessu málefni því

til meðferðar, til þess menn öðlazt geti skýlaust lagaboð í þessu efni.

Jón Jónsson: Með tilliti til smámunasemi þeirrar, sem hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður, er seinast mælti, nefndi, kannast eg ekki við, að hún sè upp komin hjá Þíngeyíngum. Stiptsyfirvalda brèf frá 24. ágúst 1814 lýsir því, að prestar og andlegrar stèttar menn hafi, líklega sama sumarið, kvartað yfir því á sýnódus, að mismunur væri orðinn á alin í peníngum og skileyri, og bættu þá stiptsyfirvöldin úr því, og er því smámunasemi þessi þannig fyrst undir komin; en svo er hún nú orðin leið og óþokkasæl sjálfum prestum þar, að þeir ekki leingur taka í sínar tíundir ullar og tólgarverðið, heldur eptir meðalalin verðlagsskránna, þótt þeir enn nú verði mót vilja sínum kirknanna vegna að taka eptir ullar og tólgar verðinu.

Stiptamtmaður: Eg vil leyfa mèr að bæta því við, sem hinn virðulegi þíngmaður fyrir Snæfellsnessýslu sagði, að það er satt, að konúngs-tíund var að uppruna sínum sama eðlis sem kirkjutíund, og hefir rentukammerið í brèfum sínum getið þess, að sýslumenn væru ekki skyldir, eins og beiðendur hafa ímyndað sèr, að taka kóngstíund eptir meðalalin, heldur gjörðu sýslumenn það af góðvilja sínum. Yrði því þessu breytt, og það gjört að lögum, að hinar aðrar tíundir skyldi greiða eptir meðalalin, þá yrði einnig að breyta því um konúngs tíundina, til þess jöfnuðurinn væri eins fyrir alla; en mèr finnst og, að þetta sè ekki gagnstætt orðatiltækjum í sjálfri uppástúngu bænarskráarinnar.

Haldór Jónsson: Eg get ekki verið því mótfallinn, að nefnd verði kosin til að hugleiða gjör þetta mál, fyrst svo margir mæla með því. Þess hefir verið getið, að sumir prestar væru óánægðir með þann umtalaða stiptsyfirvalda úrskurð; en þegar eg leita eptir orsökum til þess, að prestar skyldu vera óánægðir með þá ákvörðun, sem gjörð er þeim og kirkjunum í hag, þá hygg eg, að orsökin sè sú, að sumum prestum ekki sè lagið, nè geðfelt, að kría út úr gjaldendum það, sem þeim ekki er ljúft að láta. Presturinn tekur líka við gjöldum kirkjunnar; og er það náttúrlegt, að hann ekki vilji gjöra kirkjunni grein fyrir þeim eptir verði á skileyri, ef þau eru borguð honum eptir meðalalin í verðlagsskránni.

Jón Jónsson: Ástæða sú, sem hinn velæruverðugi kon-

úngkjörni þingmaður hinnar andlegu stèttar meinti að kæmi prestum til þessarar beiðni, ætla eg ekki muni vera rètt, heldur hin, að þegar bæði þeir og þjóðin ætluðust til af alþingi, að kjör þeirra yrðu bætt með samanlagníngu hinna fátæku brauða, svo þau yrðu gjörð svo góð, að á þeim væri bærilega lifandi, þá, þegar þessar vonir brugðust þeim, mun þeim ekki hafa þókt sèr muna um það lítilræði, sem verið var að ætla þeim, og vilji því ekki nýta þetta litla svona undirkomna hagræði, ef svo mætti kalla.

Steffán Jónsson: Jeg verð að mæla með nefnd í þessu máli, af því að mèr þykir náttúrlegt, að allar 4 tíundir sèu greiddar á sama hátt, og ef nefnd þeirri, sem kosin yrði, þækti nauðsyn að gjalda presti og kirkju í landaurum, býst eg við henni þyki líka náttúrlegt, að fátækra og kóngstíund njóti sama rèttar, og ef svo fer, skýrast ástæður þær, sem nefndin finnur með því, svo fyrir alþýðu, að hún þekkir ástæðurnar betur.

Guttormur Vigfússon: Eg fellst að öllu leyti á mál hins virðulega þingmanns, er síðast mælti, en leyfi mèr einúngis að svara að auki því, er sá heiðraði konúngkjörni þingmaður veraldlegu stèttarinnar síðast mælti. Eg álít ekkert það smásmuglegt, eins og sami þingmaður sagði, eður á nokkurn veg lítilfjörlegt, sem valdið gæti óþokka eða kærleiksleysi milli prestanna og safnaðanna, miklu fremur ætla eg það sè eitthvað smámunalegt í því, að vilja ei stuðla til að afstýra öllu slíku.

Varaforseti: Fyrst fleiri verða til að styðja þetta mál, en mæla móti því, verð eg að ætla það vilja þingsins, að nefnd sè sett, og þar eð einginn hefir kveðið upp með tölu nefndarmanna, en eg ætla þriggja manna nefnd muni nægja, verð eg að skora á þingið að velja þrjá menn í nefndina.

Var þá geingið til atkvæða, og í nefnd þessa kosnir hreppstjóri Jón Jónsson með 12, umboðsmaður Steffán Jónsson með 7 og kammerráð Magnúsen og umboðsmaður Ólsen, hvor með 6 atkvæðum, og varð kammerráðið nefndarmaður. Síðan tók formaður nefndarinnar, Jón Jónsson, við bænarskránni.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá bændum í Breiðuvíkurhrepp, um að lausakaupmenn megi sigla upp Hellnavík og verzla þar, og kvaðst ætla, að bænarskrá þessa mætti

fá í hendur þeirri nefnd, sem þingið hefði þegar sett til að íhuga samkynja málefni.

Kristján Magnúsen kvaðst ekkert hafa á móti því, annað en það, að þeir menn, sem í þessari nefnd sætu, ekki mundu vera alls kostar kunnugir þeim stað, sem bænarskráin biður um verzlun á.

Varaforseti: Nefndarmenn geta þá feingið þær upplýsíngar, sem þeim þykir þurfa, hjá öðrum þíngmönnum, sem þar eru kunnugir.

Kristján Magnúsen kvaðst þá vera því samþykkur, ef varaforseta sýndist svo; og var bænarskráin síðan afhent nefndinni.

Varaforseti gat þess, að á þessum þíngsetum hefði það verið regla, að auglýsa fyrir fram, áður fundi væri slitið, hverjar bænarskrár yrðu lagðar á lestrarsalinn til inngángsumræðu næsta dag, en þar eð menn nú ættu leingri tíma fyrir sèr, þækti sèr þess ei þurfa í þetta skipti, og yrðu þær seinna í dag lagðar inn á lestrarsalinn.

Þ. Sveinbjörnsson hèlt óþarft að auglýsa þínginu fyrir fram í hvert skipti, hvaða bænarskrár ræddar yrðu næsta dag, þar eð allir gætu sèð það í auglýsíngu þeirri, sem fest væri upp á lestrarsalinn.

Því næst gat konferenzráð Sveinbjörnsson þess, að næsta mánudag yrði landsyfirrèttarfundur, og gæti hann því ekki mætt á þínginu, fyrr en um elleftu stund; ákvað því varaforseti næsta fund klukkan 11 fyrir miðjan dag, og sagði svo fundi slitið.

---

9. júlí — sjöundi fundur.

Þíngbók frá næsta fundi upplesin og samþykt.

Varaforseti kvað það þínginu kunnugt, að það sem af væri þíngtímans, hefði vantað 3 af alþíngismönnum auk konúngsfulltrúa; hefði hann því næstl. laugardagskvöld, samkvæmt 58. grein alþingistilskipunarinnar í brèfi til stiptamtmannsins, er tókst á hendur konúngsfulltrúastörfin, tilkynt honum, að enn væru ókomnir fulltrúarnir frá Skaptafells, Árness og Ísafjarðar-sýslum, svo hann, ef honum þóknaðist, kallaði varaþíngmennina úr þessum sýslum; en nú hefði viljað svo vel til, að þíngið hefði heimt 2 þessara manna, fulltrúa Skapta-

fells og Árness sýslu, og mundi þingið með fögnuði segja þá velkomna. Aptur þækti stiptamtmanni eingum vegur til að kalla varaþingmanninn frá Ísafjarðarsýslu, því ekki yrði hann hingað kominn fyrir þinglausnir, enda væri að líkindum bráðum von á aðalþingmanni þeirrar sýslu. Því næst gat hann þess, að einn af hinum konúngkjörnu þingmönnum, assessor Jónasen, hefði tilkynt sèr, að hann ei gæti mætt framar á þessu þingi, og hefði stiptamtmaður sagt sèr, að hann hefði kvadt varaþingmanninn, sýslumann Th. Gudmundsen, til að mæta í hans stað, en varaþingmaður þessi hefði tilkynt sèr, að hann, forfalla vegna, ekki gæti mætt á fundi í dag.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Gullbríngusýslu um fiskiveiðar og hákallaveiðar þiljuskipa, og afhenti flutníngsmanni, hreppstjóra Guðmundi Brandssyni, er las hana upp, og mælti: Eg hefi ekki miklu að bæta við það, er bænarskrá þessi tekur svo ljóslega fram, því allir, sem hèr til þekkja, munu viðurkenna, að hún mæli bezt fram með sèr sjálf. Hún er í flestum greinum bygð á fullkominni vissu, sem margra ára reynsla hefir leidt í ljós, en í sumum atriðum á mjög líklegum tilgátum, sem dregnar eru af hinni sömu reynslu, og þar sem hún geingur djúpt inn í bjargræðisveg sjáarbænda, svo stendur þeim ekki á sama, hverninn með hana er farið, eða fyrir hverjum afdrifum hún verður; óska eg því, að þingið kjósi nefnd til að íhuga og ræða hana; gjöri eg ráð fyrir þrír menn nægi, einkum ef þeir væru kunnugir flestu, er að málefni þessu lýtur, og því getur til leiðbeiníngar orðið; en það er, eins og allir vita, á þingmanna valdi, hverja þeir kjósa.

Þ. Sivertsen: Eg held, að bænarskrá þessi hefði getað innihaldið uppástúnguna í fáum orðum; hún biður um, hafi mèr heyrzt og skilizt rètt, að ekkert þilskip fari út til fiskiveiða fyrir 12. maí, að þau sigli upp á grynnstu fiskimið til að slægja þorskinn, og að allur hákall, sem aflast, sè fluttur í land; þetta virðist mèr sama, og beðið væri um, að allar þilskipaveiðar væru bannaðar með öllu, og þykir mèr sú bæn svo ísjárverð, að eg ætla mèr ekki að veita því atkvæði, að hún verði tekin til nefndar meðferðar.

Guðmundur Brandsson: Þingmanni Dalasýslu, sem nú talaði, hefði verið nær að glöggva sig betur, en hann gjörði, á

fiskimiðum í Faxaflóa, því þá hefði honum ekki skjátlað svo mjög, að kalla það grynnstu fiskileitir, sem einmitt eru með þeim dýpstu.

Eyólfur Einarsson: Um fiskiveiðar þilfarsskipa kring um Faxaflóa er athugandi, að mèr virðist ísjárvert, að takmarka eður þraungva kostum þeirra, meðan framandi þjóða skip fiska flokkum saman í kring um nefnda bugt, upp á grynnstu fiskimið; hefir líka 30 ára reynsla sannfært mig um, að þá þessir fiska á grunnmiðum, sigla þessir optast til djúpa, meðan slægja og fletja fiskinn: gef eg því atkvæði mitt, að málefni þessu sè vísað frá þessu þingi.

Guðmundur Brandsson: Því heldur sem þingmenn hafa ekki að undanförnu verið stórvægilega ónáðaðir með bænarskrám úr þessari sýslu, vona eg þeir telji ekki eptir sèr að gefa gaum að þessari, því eg veit ei betur, en höfundar hennar og aðrir sýslubúar hafi jafnrètti við menn úr öðrum hèruðum landsins til að kvarta fyrir alþingi um sèrhvað, það er þeim þykir miklu máli skipta og þörfum þeirra við kemur, en undir eins heyrir til þingsins ætlunarverks.

Ásgeir Einarsson: Mèr er kunnug almenn umkvörtun yfir fiskiveiðum útlendra hèr við land, með þeirri skipun sem nú er á, og finnst mèr þess vegna, að það atriði bænarskrárinnar eigi að takast til yfirvegunar, en því sem lýtur að þilskipa veiðum, er gánga hèðan frá landi, hefir alþingismaður Dalasýslu svarað, og fellst eg á hans meiníngu í því; en vegna þess fyr um getna óska eg, að nefnd sè kosin í málinu: það er líka því til styrkingar, að menn þeir, er hafa þekkíngu á landi voru, og vilja því vel, hafa kvartað yfir því í ritum sínum, að aðrar þjóðir drægju fiskinn út úr greipum vorum.

R. M. Ólsen: Vegna gagnstæðra meiníngа í þessu máli óska eg, að varaforseti skjóti til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kjósa í þessu efni.

Varaforseti lèt síðan gánga til atkvæða, og fèll bænarskráin, þar jöfn voru atkvæði með og mót.

Síðan tók varaforseti fram bænarskrá frá Gullbríngusýslu, um betri jöfnun á tíundarlagi, og fèllust allir þingmenn á, að bænarskrá þessi væri afhent umboðsmanni Steffáni Jónssyni, formanni nefndar þeirrar, er áður var kosin í samkynja málefni.

Þá lagði varaforseti fram bænarskrá frá Norðurmúlasýslu,

um skyldur og rèttindi landsdrottna og leiguliða en þar eð mál þetta sýndist einmitt heyra undir landsleigubálk, og hans væri bráðum von, þækti sèr óvíst, hvort þingið vildi láta kjósa nefnd í þetta mál.

Guttormur Vigfússon: Það er auðráðið, hvað gjöra eigi við þessa bænarskrá: þingmenn hafa víst kynt sèr innihald hennar á lestrarsalnum, og munu því ekki villast á, að vísa henni til síns rètta staðar, og sá staðurinn mun vera ruslakista sú, í hverja safnað er öllu, sem heyrir undir hinn opt umrædda landsleigubálk; fyrir mína eigin og beiðenda hönd er eg og ánægðnr með, að svo sè gjört.

Varaforseti: Fyrst flutníngsmaður gjörir sig ánægðan með, að bænarskrá þessi geymist, og enginn mælir með henni, verð eg að álíta mál þetta fallið í þetta skipti.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Norðurmúlasýslu, um frjálsa verzlun. Auk þess kvað hann 3 bænarskrár sama efnis vera komnar til þingsins frá Suðurmúlasýslu, Þórnesþingi og Þorskafjarðarfundi. Hann kvað öllum kunnugt, að þingið hefði sent bænarskrá til konúngs um þetta efni, og engin úrlausn á því enn væri komin; væri því ei annar tilgángur þessarar bænarskráar, en að biðja þingið að reka eptir bænheyrslunni. Síðan fèkk varaforseti hina fyrr töldu bænarskrá flutníngsmanni hennar, Guttormi stúdent Vigfússyni, sem las hana þinginu, og mælti: Eg vona, að þingið gjöri góðan róm að þessu máli, og óska eg innilega, að þessi bænarskrá og hinar 3 samkynja verði teknar til nefndar aðgjörða, og hans hátign konúnginum send á ný bæn um þetta mikilvæga málefni.

Kristján Magnúsen: Eg leyfi mèr fastlega að mæla fram með því, að nefnd verði kosin á ný, til að meðhöndla málefni þetta, og síðan að samið verði þegnsamlegast bænarbrèf til konúngs um fullkomið verzlunarfrelsi fyrir landið eptir þeim ástæðum, sem til voru greindar á þessu þingi 1845, þar málefni þetta er mjög svo áríðandi, og liggur landsmönnum á hjarta, að þeir öðlist náðuga bænheyrslu. Og þar eð virðist að seinka þeim mikilvægu rannsóknum í þessu efni, sem um er getið í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 1847, svo leyfi eg mèr að frambera þá ósk, að þetta áríðandi málefni mætti, sem fyrst mögulegt er, verða leidt til lykta, til heilla og gagns fyrir land og lýð.

Stiptamtmaður: Það má að vísu heita ekki ósanngjörn bón, þar sem í bænarskrá þeirri, sem nú er umtalsefni, er beðizt þess, að verzlunarmálinu verði úr þessu ekki frestað, nema sem skemst. En þar sem hin sama bænarskrá segir, að mál þetta hafi verið borið undir ýmsa kaupmenn í Danaveldi, þá er ekki sem nákvæmlegast til orða tekið. Síðan mál þetta fór frá alþingi til stjórnarinnar, vil eg geta þess, að það hefir verið borið undir stjórnarráðin, sem þá voru, fyrst rentukammerið, og þar næst verzlunarráðið; sátu, eins og kunnugt er, margir menn í stjórnarráðum þessum, og varð því málið að gánga margra á millum. Verzlunarráðið ritaði bæði um Danmörku og hertogadæmin amtmönnum, kaupmannanefndum, sem eru í hinum stærstu borgum, og stjórnarnefnd Holsetalands og Slésvíkur, til þess að fá álit allra þessara manna um málefni þetta, og ræður að líkindum, að til þess hafi geingið lángur tími, og rekstur málsins því hlotið að dragast. Nefnd stórkaupmannafélagsins í Kaupmannahöfn, sem mál þetta svona var borið undir, var ekki mótfallin málinu, jafnvel þó íslenzkir kaupmenn mæltu ekki með því; meiri hluti nefndarinnar sagði að sönnu, að Kaupmannahöfn yrði skaði búinn, ef Íslands verzlun yrði gefin frjáls við allar þjóðir, en hèr væri aðalspurníngin sú, hvað Íslandi væri sem hagkvæmast; urðu þeir því á það sáttir, að verzlunin yrði frjáls við allar þjóðir, einúngis yrði að gæta þess, þar sem einginn mismunur yrði gjörður á erlendum og innlendum lausakaupmönnum, að verzlunin lenti ekki öll í höndum þeirra; því þegar vel áraði, kæmu þeir og hrifu til sín verzlunina mestmegnis, en þegar illa áraði, kæmu þeir ekki, og væri slíkt landinu til mikils tjóns. Þess vegna þókti þeim, að þegar breytíngin ætti að eiga sèr stað, hlyti það þó að gjörast með mestu varúð; þannig væri t. a. m. sanngjarnlegt að gefa 5 ára frest kaupmönnum þeim, sem nú væru, til þess að búa sig undir breytínguna. Eptir að nú verzlunarráðið hafði ritað rentukammerinu álit sitt, sendi rentukammerið mèr málið, og lèt verzlunarráðið þess getið, að það mundi verða fúst til að fallast á frestinn, nema eg gæti fært sterkar ástæður móti honum. Eg hèlt í svari mínu, að ástæður væru til að fresta ekki málinu leingi, þar eð því hefði fyrst verið hreift 1845, en nú komið á fjórða ár síðan, og væri það góður frestur. Eg held það væri öllum bezt, að málið væri útkljáð sem fyrst, því þegar breytíngin

vofir leingi yfir, þá er hætt við, að sú óvissa, sem þar af leiðir og sem hlýtur að eiga sèr stað á takmörkum hinnar bundnu og hinnar óbundnu verzlunar, aptri innlendum kaupmönnum frá að verja miklum efnum til verzlunarinnar, jafnvel þó útlendir kaupmenn ekki enn komi hingað til lands. Eg ætla nú, að það mundi verða til styrktar þessu máli, ef alþing vildi beiðast þess, að málinu væri ekki frestað, leingur en þörf er, og færði ástæður fyrir ósk sinni. Væri þingið þessu samdóma, er líklegt, að stjórnin gæfi því góðan gaum. Og með því nú önnur nefnd er sett til að segja álit sitt um bænir manna um ný kauptún á ýmsum stöðum á landi hèr, og með því við þessa bænarskrá, sem hèr ræðir um, verður ei annað gjört, en biðja um, að verzlunarmálinu verði frestað sem skemst, þá virðist mèr bezt tilfallið, að bænarskrá þessi verði afhent þeirri nefnd. Er það, að því sem mèr sýnist, margt, sem mælir með því, að svo verði gjört; þannig hefi eg t. a. m. ástæður til að ætla, að leyfi til að stofna verzlun á Sauðárkróki hafi ekki feingizt fyrir þá orsök, að verzlunarmálið var ekki útkljáð. Það hefir einnig verið látið í ljósi hèr á þinginu, að bænarskrár þær, sem nú hafa komið hingað, um að stofna ýms ný kauptún, stæðu í nánu sambandi við þetta mál. Þegar nú þingið bætti því við, að það sè áríðandi, að verzlunarmálið biði ekki leingi, þá er gjört það, sem gjört verður. Eg hefi sýnt einum hinna virðulegu nefndarmanna nokkuð af því, sem eg hefi ritað um málefni þetta; eg held því, að þeir hafi litið á verzlunarmálið yfir höfuð að tala, að minnsta kosti hvað fjölgun nýrra kauptúna snertir, og því finnst mèr vel eiga við, að fá nefndinni þessa bænarskrá í hendur.

Guttormur Vigfusson: Með ræðu þeirri, er herra stiptamtmaður flutti samstundis, skýrði hann þinginu að nokkru leyti frá sögu verzlunarmálsins, síðan því var hreift hèr á þinginu 1845, og hefir þingið orsök til að gleðjast af því, að orð hans hafa hnigið til meðmælis þessu mikilvæga málefni. Landsmenn mun vart skorta röksemdir fyrir því, að tilefni sè til að hefja málið á ný, og nefndin, sem kosin verður í það, mun bezt leiða þær í ljós, svo eg álít mig hafa einga orsök til að fara fleiri orðum um það að sinni; en á það get eg ei fallizt, að þetta aðalmál sè feingið til meðferðar nefndinni, sem þegar kosin er til að meðhöndla hinar smærri greinir verzlunarmálsins, nefnilega um uppsiglingar og verzlunarleyfi á ýms-

um stöðum kring um landið, heldur virðist mèr. að sèrstök nefnd ætti að kjósast í það.

Jón Guðmundsson: Mig gladdi að heyra, að herra stiptamtmaðurinn lagði það til, að nefnd yrði falið þetta málefni, og það því fremur sem eg var einn meðal þeirra, er fèll það illa, þegar bænarskrá ens sama efnis var hrundið á alþingi 1847; eg verð að vera á sama máli og hann, að bezt muni vera að fela þessa bænarskrá enni sömu nefnd og þegar er kosin til íhugunar um uppsiglingu ýmsra kauptúna, því auðsèð er af auglýsingu stjórnarinnar til þessa alþingis um afdrif málefnanna á þinginu 1847, þar sem hún talar um uppsiglingu Sauðárkróks (því eg hefi sèð þá auglýsingu, þó hún sè enn ekki hèr fram komin), að stjórnin vill ekki að sinni leyfa uppsiglingu fleiri hafna, fyrr en jafnframt og útkljáð verður um aðalmálefni verzlunarfrelsisins, og mun því fara á líka leið um að fá leyfi til að sigla upp þau kauptúnin, sem nú er beðið um. Eg veit að vísu ekki, hverjir kosnir eru í nefndina, en mèr virðist standa á sama, hverjir þeir eru, því í undirbúnings og ályktarumræðu málsins er hverjum þingmanni innan handar, að leggja það til og stinga upp á þeim viðaukum eður breytingum, sem þeim þykir við þurfa.

Þ. Sveinbjörnsson: Því verður ekki neitað, að alllángur tími er liðinn, síðan mál þetta hófst fyrir alþingi 1845, en mèr virðist það eingin furða, þar sem um það er að gjöra, að svipta Dani, Holseta og Slèsvíkurmenn þeim rèttindum, er þeir í lángan aldur hafa að lögum haft hèr á landi til verzlunar, eða þá að minnsta kosti að þraungva þessum rèttindum. Mig furðar þó enn síður á drættinum, ef það er satt, sem orð hefir á leikið, að tollur eigi um leið að leggjast á innfluttar og útfluttar vörur. Mèr þykir frjálsa verzlunin koma nógu snemma, ef hún kemur nógu vel, hvað eg í allan máta efa. Eg mæli á móti sèrstakri nefnd í þessu efni, en hefi ekkert á móti frumvarpi stiptamtmannsins, að bænarskrá þessi afhendist þeirri nefnd, er skipuð er til að yfirvega bænarskrárnar um verzlunarstaði á Akranesi og víðar.

Stefán Jónsson: Jafnvel þó mèr virðist, að þessar 4 bænarskrár standi ekki í svo nánu sambandi við hinar, sem biðja um uppsiglingu á nokkrum stöðum landsins, að ekki geti átt við, að kjósa nýa nefnd um þetta mál, þá vil eg samt ekki, sem nefndarmaður í þeirri nefnd, mótmæla, að þær af-

hendist nefndinni, einkum ef nefndin mætti óska að fá þann aðstoðarmann viðbættan, sem þinginu hefir nýlega bæzt, og sem látið hefir í ljósi nokkurn kunnugleika um þetta málefni, og það hefir líka átt sèr stað, að nefndin hefir feingið þess konar aðstoð.

Guttormur Vigfússon: Þegar eg hreifði mótmælum áðan, um að málefnið væri afhent nefndinni, er kosin er til að rannsaka bænarskrárnar um uppsiglingu og verzlun á nokkrum stöðum í kring um landið, þá var það sprottið af því, að eg áleit verzlunarmálið svo yfirgripsmikið, að það þyrfti að skoðast sèrstakt; en af ræðu hins heiðraða þingmanns Skaptfellinga skýrðist fyrir mèr, að aðalmálið stæði í svo nánu sambandi við aðrar smærri greinir þess, að það gæti auðveldlega heimfærzt undir eina og sömu nefnd; því fell eg frá mínu fyrra uppástandi, að sèrstök nefnd sè kosin í það.

Ásgeir Einarsson: Þegar sú umgetna nefnd var kosin, hèldu margir, að í henni þyrftu að vera kunnugir menn á þeim stöðum, þar sem beðið er um verzlunarleyfi á; og því hefir þingið, ef til vill, ekki einmitt gefið þeim mönnum atkvæði sitt, sem færastir eru til að íhuga málefnið um frjálsa verzlun yfir höfuð. En þó nefndin samt tæki við þessum bænarskrám, mætti bæta úr því, með því að hún feingi aðstoðarmenn seinna, samkvæmt alþingistilskipuninni, eins og formaður nefndarinnar drap á, en að biðja núna strax um þessa aðstoðarmenn, þykir mèr ekki eiga við.

Varaforseti: Allir eru á eitt sáttir, að nefnd sú, sem kosin er til að íhuga bænarskrárnar um uppsiglingu ýmsra staða, geti einnig tekið við þessum bænarskrám, er biðja um alfrjálsa verzlun; en þar eð formaður nefndar þessarar og annar þingmanna til hafa óskað, að einum eða tveimur kunnugum mönnum yrði þá bætt við í nefndina, og 65. grein alþingistilskip. leyfir slíkt, get eg ei ætlað, að neitt sè því til fyrirstöðu af þingsins hálfu. Voru síðan þessar 4 bænarskrár afhentar formanni nefndarinnar, umboðsmanni Steffáni Jónssyni.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að alþingið yfirvegi og síðan kunngjöri þjóðinni, hver málefni, samkvæmt 1. grein alþingistilskip., heyrðu undir aðgjörðir þess. Hann kvaðst ei vita, hvort þinginu, að svo komnu, þækti hæfa, að það sjálft dæmdi um rètt sinn til starfa, þar eð von væri á, að bráðum yrði breyting á starfa þingsins.

þ. Sveinbjörnsson: Eg mótmæli, að nefnd verði sett um þessa bænarskrá. Alþingið hefir enn ekki myndugleika til að gefa sèr sjálfu lög, nè heldur til að útleggja lög, og segja, hve lángt þau nái. Alþingistilskipanin er þingsins nú gildandi erindisbrèf. Þessi er í margra höndum, og öllum birt. Eptir því á alþing að gánga, en bænarrètturinn er óbundinn, og verður það því að vera á þingsins valdi í hverju einstöku tilfelli, hvort flestir þingmenn verða fyrir því, að sú eða sú bænarskrá, sem upp var borin, felist undir þeim myndugleika, er það hefir eptir tilskipaninni; en það er kunnugt, að fáar bænarskrár hafa fyrir það verið reknar, að alþingið ekki fyndi sèr leyfilegt, að taka þær til meðferðar.

Kristján Magnúsen: Eg get því síður mælt fram með því, að bænarskráin verði tekin til greina og nefnd sett í málefninu, sem endurskoðun alþingistilskipunarinnar í það heila tjáist að vera í vændum og nýtt lagaboð um þingsins skipun í tilefni af stjórnarbreytíngunni, og verður þá án efa leiðrètt, hvað hèr í kynni að vera ábótavant.

Jón Jónsson: Eg vildi hafa gjört þinginu grein fyrir tilefninu til þessarar bænarskrár, og er það það, að Suðurþingeyíngum, og, eg má fullyrða, lángt um fleirum landsmanna, þykir það bæði kynlegt, og jafnvel ótrúlegt, að hin administrative málefni í landi hèr skuli ekki geta hlýdt undir afskipti og verkahríng alþingis, og voru mönnum í minni orða viðskipti og ágreiníngur sá, sem sumarið 1847 er að sjá af þingtíðindunum, 438 bls. og þar í kríng, að hafi orðið milli konúngsfulltrúans, sem setu átti þá á alþingi, og þingmanns Skaptfellínga um festu-uppboðin; en af því menn þó samt ekki gátu náð vissu fyrir, hvor þeirra hefði rètt að mæla, eða legði hina rèttu þýðíngu í hina 1. grein tilskipunarinnar, vildu þó Þíngeyíngar enn á ný reyna til að biðja þingið, að eiga góðan og kröptugan þátt í, að fyrirkomulag þeirra administrative málefna í landinu yrði sett í annað og betra horf, en nú er, t. a. m. festu-uppboð til ábúðar konúngsjarða, sem allir um alt land nú þekkja og játa að eru bæði óhentug og óvinsæl, og valda miklu illu, yrðu af tekin, m. fl.; en vegna hinnar áður tilvitnuðu óvissu, hvort þau heyrðu undir þingið eður ekki, veigraði eg mèr við að fram bera þar að lútandi bænir að þessu sinni; en í þess stað rèðist af, að biðja þingið sjálft, að gjöra þjóðinni kunnugt, með einhverri hæfilegri aðferð,

hvers eðlis mál þau væru, sem það annaðhvort þæktist mega taka á móti, ellegar hefði ástæðu til að hrinda; vil eg því óska, að þingið leyfi upplestur bænarskráarinnar, og kjósi svo nefnd í málefnið.

Varaforseti: Þó einginn hafi orðið til að styrkja þessa bænarskrá, getur verið, að þegar maður hefir heyrt hana upplesna, verði einhver til að styrkja hana, og því fæ eg flutníngsmanni hana til upplesturs.

Flutníngsmaður, Jón Jónsson, las þá upp bænarskrána, og mælti: Þjóðin er algjörlega inntekin af þeirri meiníngu, að hin administrative málefni sèu þó ekki útilokuð frá afskiptum þíngsins; því bæði er það, að þess háttar fasteignir eru útdreifðar að kalla um alt land, og þá eins þeir menn eður á-búendur, sem hlut eiga að þessum málum, og því hlýtur málefnið að vera í raun og veru almennilegt.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg er enn sömu meiníngar, og eg áðan lèt í ljósi.

Ásgeir Einarsson: Eg get ekki ímyndað mèr, að nokkur, sem hefir nokkra von eða trú um, að alþingistilskipuninni verði breytt framvegis, óski, að nefnd sè kosin í þetta sinn, til að yfirvega bænarskrána; felst eg því að öllu á meiníngu konferenzráðs Þ. Sveinbjörnssonar.

Jón Jónsson: Það getur verið, að svo sè; en opt hafa ný lagaboð komið út, sem svo hafa verið ógreinileg og torskilin, að strax á eptir hefir verið vafi á, hvað eitt eða annað í þeim ætti að þýða. Gæti því svo farið, að þetta atriði yrði útilátið í endurskoðun alþingistilskipunarinnar, eða yrði þar svo óljóst, að alþíng vissi ekki betur eptir en áður, hvað það ætti eða mætti starfa.

Stiptamtmaður: Hið næsta þíng mun þá einnig hafa við hönd það, sem hinn virðulegi þíngmaður nú hefir sagt, og einnig hafa tilefni til að athuga það, sem bænarskráin fer fram á, og mun það ekki gleyma að skoða, hvað koma á undir aðgjörðir þess, og hvað ekki á til þess að koma.

Jón Jónsson: Reynist þetta svo, vil eg lifa ánægður við þá von; því það er bágt, þegar hin nýa löggjöf ekki tekur hvað eina svo skýrt fram, svo strax á eptir þarf að gjöra fyrirspurn um, hvernig hún eigi að skiljast.

Varaforseti: Þar eð einginn hefi studt bænarskrána, síðan hún var upplesin, verð eg að álíta hana fallna, og óþarfi

sè að leita atkvæða þingsins um hana, en auðvitað er, að umræður þær, sem orðið hafa um efni hennar koma því til vegar, að innihaldi hennar verði á síðan gaumur gefinn.

Síðan tók varaforseti fram bænarskrá frá Norðurmúlasýslu, um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, og kvaðst ætla það vilja þingsins, að hún geingi undir nefnd þá, er sett var í sama málefni; og var svo bænarskráin afhent formanni nefndarinnar, Jóni Jónssyni.

Að lyktum tók varaforseti fram þegnlegt frumvarp frá þingmanni Barðstrendinga, um að fá rèttan skilning á opnu brèfi af 18. júlí 1848, sèr í lagi hvað bænda kirkjueignir snertir; afhenti það síðan flutníngsmanni, Eyólfi Einarssyni, er las það upp fyrir þinginu, og mælti: Eg hefi eingu hèr við að bæta, þar frumvarpið tekur fram ástæður þær, sem eg vænti að þíngmenn finni nauðsynlegt að til lykta leiðist á þessu þíngi, en það er sú rètta útleggíng lagaboðsins.

Kristján Kristjánsson: Það sem í höfuðtextanum danska stendur „Præsternes Mensalgaarde", það er að skilja lènsjarðir prestanna, sýnist mèr vafalaust, að ekki líti til bænda kirkjujarða. Í Skaptafellssýslu mælti heldur einginn móti, að svara alþingiskostnaðinum, þegar búið var að draga prestsmötuna frá. Eg er þess vegna mótfallinn því, að þíngið gefi máli þessu áheyrslu, því eg hygg, að lagaboð þetta verði skilið án frekari skýríngar.

Stiptamtmaður: Það er satt, að menn hafa skilið á tvo vegu hina íslenzku útleggíngu í niðurlagi 1. greinar hins opna brèfs, nefnil. „lènsjarðir presta, kirkjujarðir" o. s. frv., og sumir hafa efazt um, hvort lagaboð þetta innibindi allar kirkjujarðir, bæði þær, sem lægju undir proprietær - kirkjur og þær, sem lægju undir aðrar kirkjur. En þegar útleggíngin er borin saman við danska textann, sjá menn, að þar stendur „milde Stiftelsers Jorder". Kirkjur, sem bændur eiga, eru og mega heita „milde Stiftelser"; að minnsta kosti verður því ekki neitað, að þær jarðir, sem lagðar eru til slíkra kirkna, „eru lagðar til guðs þakka". Og þegar litið er til reglug. 17. júl. 1782. § 4., stendur þar með berum orðum, „að *pia corpora,* til dæmis prestar, kirkjur o. fl., skuli vera undanskildar nýum skatta álögum, nema þeim verði það sèrstaklega gjört að skyldu". Þess vegna hafa stiptsyfirvöldin, þegar um þetta hefir verið spurt, svarað á þá leið, að ekki mundi vera ástæða

til að krefja alþingistolls af bændaeignar kirkjujörðum. En nú hefir hèr verið kosin nefnd á þingi til þess að segja álit sitt um alþingistollinn; og skyldi hún og þingið fara því á flot, að niðurlag eður hinn síðasti málsliður úr 1. §. hins opna brèfs fèlli burt, þá getur alþingið beðið konúng um, að hann gæfi úrskurð um, hvort bænda kirkjujarðir ættu að vera lausar við tollinn, eða ekki; ef þær feingju nú ekki að losast við hann, þá hlyti að krefja hann hjá þeim, sem ættu hann eptir ógoldinn. Þess vegna þykir mèr bezt fara, að uppástúngan sè feingin þeirri nefnd, sem á var minnzt, og segja skal álit sitt um alþingistollinn.

Eyólfur Einarsson: Eg veit, að allir þeir þingmenn, sem hèr eru, geta sagt, hver þeirra meining var um, hvort bænda-kirkjueignir ættu að undanfellast frá þingkostnaði; þingtíðindin frá fyrra þingi virðast mèr bera þess órækan vott, að það var ei meining þeirra, og eins og sagt hefi, ber lagaboðið það ei með sèr, ekki heldur útlegging þess, þó ei sè sem bezt valið eitt orð í útleggingunni, get eg ei sèð það breyti í neinu áliti þingmanna í því efni.

R. M. Ólsen: Eg verð að vera meðmæltur hinum virðulega þingmanni Barðstrendinga, um að skýlaust lagaboð fáist hèr um, og það því heldur sem hèr í þingsalnum hefir verið sannað, að gagnstæð aðferð hafi verið við höfð í sýslum landsins.

Kr. Magnúsen: Þegar innihald þess opna brèfs frá 18. júlí 1848 (ísl. textinn) er borið saman við erindisbrèf þau, er stjórnarherra Bardenfleth sendi á næstliðnu hausti fyrir sýslumenn og hreppstjóra, um greiðslu alþingis-skattsins af landsins fasteignum, þá má það virðast bert, svo vel af orðinu *kirkjueignir,* sem öðrum orðatiltækjum, að slik undantekning, sem þar er gjörð, ber ekki alleina að heimfæra upp á eignir kirkna á prestssetrum, heldur líka á bændaeignum og er þessari þýðingu lagaboðsins ekki alleina fylgt af mèr í tveim sýslum, er eg hefi yfir að segja, heldur eptir því sem mèr er kunnugt, af öðrum sýslumönnum vestanlands, og víðar, þar til spurzt hefir; þó vil eg ekki mótmæla því framvegis, að alþingis-tollur lúkist af kirkjueignum bænda, ef þinginu virðist það sanngjarnt, að óska eptir nýu lagaboði í því tilliti.

R. M. Ólsen: Eg verð að vera mótfallinn meiningu herra kammerráðsins; því eg álít sjálfsagt, að bænda kirkjueignir

taki þátt í alþingiskostnaðinum, en eg ætla nú að halda mèr frá, að útskýra frekar eðli máls þessa.

Eyólfur Einarsson: Því, sem sá heiðraði þingmaður frá Snæfellsnessýslu síðast mælti, svara eg þannig, það er ei að undra, þó orðavalið sè sama í erindisbrèfi hreppstjóranna og í útleggíng lagaboðsins, þar útleggjarinn hefir víst ei fundið eður komið í hug sá misskilníngur, sem af því kynni orsakast, en um reglur sýslumanna get eg ei borið, þær eru mèr ókunnar; en það bið eg þíngmenn athuga, hvort yfirvaldi er leyfilegt að fylgja vafasamri útleggíngu, sem ei er undirskrifuð, en setja til síðu auðskilið lagaboð undirskrifað af konúngi og stjórnarráði hans.

Guttormur Vigfússon: Meiníngamunurinn, sem nú þegar hefir hreifst sèr í umræðum manna hèr á þínginu, og sem enn fremur hefir látið sig í ljósi í verkinu, með því að tveimur gagnstæðum reglum hefir verið fylgt hèr og hvar í landinu, í heimtu alþíngiskostnaðarins, hvað áhrærir bænda kirkjueignir, sýnist benda til þess, að lagaboðið, sem við vikur þessari heimtu, sè ei skýlaus, og að þess vegna sè nauðsynlegt, að þíngið útvegi greinilega löggjöf um það efni, svo einginn vafi verði á því framvegis, sem undir eins beri með sèr, að á hverja síðuna sem nú hefir verið rángt að farið, beri þess að gæta, þó síðar sè, svo jöfnuður gángi yfir alla, og þeir ekki sleppi undan alþíngiskostnaðinum, sem ekki áttu að komast hjá að greiða hann.

Eyólfur Einarsson: Sè ekki ástæða fyrir því í lagaboðinu, að bændakirkju eigendur hafi átt að sleppa, er heldur ekki ástæða til, að þeir sleppi eptirleiðis; það liggur líka í hlutarins eðli.

Stiptamtmaður: Uppástúngumaður hefir skýrskotað til alþíngistíðinda frá árinu 1847, og sagt, að bezta aðferðin til að skera úr þessu máli væri að sjá, hvað verið hefði þá álit þíngsins. En mèr virðist, að ekki sè svo hægt að sjá það; það er ei svo auðgjört að sjá í tíðindunum sambandið millum umræðunnar og atkvæðagreiðslunnar. En sè lagaboðið borið saman við alþíngistíðindin, verða menn að ímynda sèr, að það sè bygt á varaatkvæði því, sem lesa má á bls. 309. Þar er tekið fram með berum orðum, að tollurinn verði lagður einúngis á konúngs og bænda eign, en aðrar jarðir undanskildar. Sè enn fremur aðgætt það, sem hinn háttvirti varaforseti, sem

nú er, hefir sagt á 321. bls. í alþingist. 1847, og borið saman við lagaboð það, sem hèr greinir um, þá virðist mèr auðsèð, að lagaboð þetta bjóði að öllu leyti hið sama, sem segir í varaatkvæðinu, og þá kemur það heim, að kirkjujarðir yfir höfuð eigi að vera lausar við að greiða alþingistoll. En hvað sjálfseignarbænda kirkjur snertir, þá virðist mèr, að gjöra þurfi glöggan mun á *kirkjueign* og *bændaeign* í jörðinni, sem kirkjan stendur á, Bóndinn á ei nema það, sem bændaeign er, hitt á kirkjan, og af hennar hluta hafa, eins og áður er sagt, stiptsyfirvöldin haldið, að ekki ætti alþingistoll að greiða. Að öðru leyti held eg hèr komi alt í sama stað niður, hvort kosin er nefnd til þessa máls, eða það afhent þeirri, sem þegar er sett, því sú nefnd getur, ef henni svo lízt, tekið fram ástæður til þess, að allar kirkjur greiði, sem ógoldna skuld, þann alþingistoll, sem ekki hefir verið enn af þeim krafinn. Mèr virðist því, að þingið eigi nú að skera úr, hvort nýa nefnd skuli kjósa, eður afhenda uppástúngu þessa nefnd þeirri, sem áður er þegar kosin.

R. M. Ólsen: Eg verð enn þá að vera því mótfallinn, að kirkjueigendur sleppi hjá að gjalda alþingiskostnað, meðan þeir ekki þurfa að standa kirkjunum skil á landskuld og leigum kirkjujarða, og hafa því sama arð af þeim, eins og sjálfseigendur af jörðum sínum.

Kristján Kristjánsson: Með tilliti til þess, er stiptamtmaður síðast mælti, verð eg að geta þess, að ekki stendur ætíð svo á, að kirkjan eigi alla jörðina, t. a. m. Höfðabrekku kirkja á ei nema $\frac{1}{4}$ part. Eg efast um, þar sem svo á stendur, hvort afgjaldið af þessum fjórða parti ekki sè jafnminna en mata sú, er svarast ætti af kirkjukúgildunum til prestsins, og verður þá eigandi fyrir skaða. Eg ætla því rèttast, að draga fyrst frá það, sem geingur til prestsins, af gjaldinu, það er að skilja prestsmötuna, en álíta svo hitt, sem eptir verður, eins og annað afgjald af hverri bóndaeign.

þ. Sveinbjörnsson: Eg er þeim heiðraða konúngkjörna þíngmanni, er seinast talaði, að öllu leyti samþykkur; og eg ætla fyrir laungu nóg, já alt of mikið talað um efni þessa máls, sem seinna, ef nefnd verður sett því til íhugunar, alt verður að líkindum tekið upp aptur. Eg get ekki betur sèð, en að hverjum og einum þíngmanna megi veita auðvelt að velja hvort heldur hann vill nýa nefnd um þetta efni, eða vísa

bænarskránni þángað, hvar mèr virðist hún rèttilega eiga heima, til nefndarinnar, sem sett var um betri niðurjöfnun alþingiskostnaðarins.

Þ. Sívertsen: Eg verð að öllu leyti að vera á sama máli og hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, er seinast mælti, og get ekkert sèð því til fyrirstöðu, að frumvarpið eða uppástúnga þessi afhendist og meðhöndlist af nefnd þeirri, er sett er til að íhuga samslags málefni um alþingiskostnaðar jöfnuðinn; áhrærandi efnið sjálft eða innihaldið, ætla eg nógan tíma til, að ræða það síðar.

Haldór Jónsson: Eg álít það líka sjálfsagt, að málefni þetta eigi að felast á hendur nefnd þeirri, sem þegar er kosin til að hugleiða niðurjöfnun alþingiskostnaðarins. En um leið skal eg að eins með fám orðum leyfa mèr að láta í ljósi álit mitt á þessu máli: eg hefi einlægt staðið, og stend enn í þeirri trú, að sjálfseignar kirknajarðirnar *ekki* eigi að vera undanþegnar alþingiskostnaðinum, og byggi eg þetta álit ekki að eins á lagaboðinu, heldur einnig á umræðum þingsins um þetta mál 1847; því hefði þingið viljað undanskilja þessar jarðir, þá hefði það gjört það, og átt að gjöra, með berum orðum, og tilgreint ástæður sínar fyrir slíkri undanþágu; þannig undanskildi það þær kirknajarðir, sem prestarnir njóta afgjaldsins af, þess vegna, að það var ósamkvæmt rèttri grundvallarreglu að leggja alþingiskostnaðinn *á þenna part* af embættislaunum þeirra, meðan það var ekki viðtekið, að leggja hann á laun embættismanna yfir höfuð.

Varaforseti: Eg vil sízt tefja þingið með löngum ræðum um málefni þetta, en get samt ekki varizt þess, að láta í ljósi meiníngu mína um það. Af ræðum þingmanna er það orðið kunnugt, að í tilliti til heimtu alþingiskostnaðar hefir ólík aðferð verið við höfð, að því leyti snertir sjálfseigna kirkjujarðir, er þær víða hafa verið undanþegnar gjaldheimtunni, og hefir þessari ólíku aðferð valdið nitsmunandi skilníngur opins brèfs af 18. júlí 1848. Að minni hyggju verður hvert lagaboð, meðan konúngurinn ekki undirskrifar íslenzka textann, og þá einnig þetta, að þýðast eptir danska textanum, og þar stendur að eins „Præsternes Mensalgaarde og andre milde Stiftelser“, sem er útlagt „ljensjarðir presta, kirkjujarðir og spítala og aðrar þær jarðir, sem til guðsþakka eru lagðar“. Engum getur nú dottið í hug, að bænda kirkjueignir geti heitið

„milde Stiftelser“, nema að því leyti, sem snertir prestsmötuna, sem af þeim er goldin. Eg ætla því, að bæði hafi verið meining alþingsins, og sè meining lagaboðsins, að hinar svo nefndu bænda kirkjujarðir sleppi fyrir alþingistollinum, að svo miklu leyti sem prestsmötunni nemur. Sjálfseignarmönnum bænda kirkjujarða er hvergi uppálagt, að gjöra reikníng fyrir afgjaldi jarða þessara, að því leyti þau gánga ekki til prestsins, og ætla eg því kirkjueignir þessar vera sem hverja aðra eign, og því ekki undanþegnar alþingiskostnaðinum.

Til þingsins eru áður komnar bænarskrár um sama efni; ætla eg því vilja þingsins, að bænarskrá þessi verði afhent þeirri nefnd, sem sett er í þessu málefni.

Einginn mælti móti þessu, og tók formaður nefndarinnar, Jón hreppstjóri Jónsson, við bænarskránni.

Því næst gat varaforseti þess, að á morgun yrði sýnódus haldinn, og þar eð stiptamtmaður og biskup þurftu þar að mæta, mundi ekki geta orðið af fundi næsta dag, enda mundu nefndir þær, sem þegar væru settar, hafa nóg að gjöra, og vonaðist hann eptir, að þær verðu þessum degi til að flýta rekstri málanna.

Var þá fundi slitið, og næsti fundur ákveðinn klukkan 9 á miðvikudaginn.

---

11. júlí — áttundi fundur.

Þingbók frá næsta fundi upplesin og samþykt. Allir á fundi.

Varaforseti gat þess, að í stað hins konúngkjörna þingmanns, assessors Jónasens, er farinn væri burt af þinginu, mætti nú í fyrsta sinni í dag hinn konúngkjörni varaþingmaður, sýslumaður og bæarfógeti Th Gudmundsen, og vonaðist þingið eptir, að eins og hann tæki við rètti hins farna, eins geingist hann undir ábyrgð og skyldu hans; þingið hefði kjörið assessor Jónasen til að vera annan meðlim ritnefndar þeirrar, er sèr um prentun þingtíðindanna, og líka kosið hann í eina nefnd, og mundi því sýslumaður Th. Gudmundsen taka þetta hvortveggja að sèr.

Síðan tók varaforseti fram bænarskrá frá Þingvallafundi, um að skýr grein fáist fyrir reikníngum og fjárhag landsins. Hann gat þess, að þessari bæn hefði áður verið hreift; en

þreyuleysi mundi hafa komið beiðendum til að ítreka hana á ný, svo ósk þessi fáist sem fyrst uppfylt. Síðan var bænarskráin afhent flutníngsmanni, jústizráði Thorstensen, er las hana upp.

Flutníngsmaður kvaðst vona þess, að þar á báðum hinum fyrri þíngum hefði verið nefnd sett til að íhuga þetta mál, en í hvorugt skipti getað lokið starfa sínum, þá mundi alþíng nú fallast á, að mál þetta verði tekið fyrir að nýu, og ætli hann til þess 3. manna nefnd næga.

Kristján Magnúsen: Eg leyfi mèr því heldur að fram bera þá mína innilegu ósk, að nefn verði kosin til að yfirvega og meðhöndla þetta málefni, sem það bæði er mjög mikils umvarðandi fyrir landið, og landsmenn sjálfir með miklum áhuga óska þess, að öðlast áreiðanlega vissu um þess fjárhag og efni.

Jón Guðmundsson: Eins og hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður gat um, voru á hinum 2 næstliðnu alþíngum nefndir settar eptir bænarskrám um þetta málefni, en í hvorugt skiptið varð nefndarálitinu komið af, nè málið útkljáð. Eg hefi að undanförnu haft mikinn áhuga á málefni þessu og studt það, og mun því enum heiðruðu þíngmönnum þykja það kynlegt, ef eg nú stend upp í móti því; en eg bið þíngmenn líta á ástæður þær, er eg vil nú leyfa mèr að færa til, og mun eg fús á að láta sannfærast, ef þær finnast ekki á rökum bygðar. Eg er, eins og fyrri, sannfærður um, að bæu þessi er á gildum rökum bygð; oss er nauðsyn á því, eins og hverri annari þjóð og hverjum einstökum manni, að vita hið sannasta um fjárhagi vora. En hèr er töluverð breytíng á orðin, síðan 1845 og 1847; nauðsynin er að vísu hin sama, en er ekki nú svo þokað fram tímunum, að máli þessu sè betur frestað? Vissu höfum vèr nú fyrir því, að alþíngi verði veitt meira vald, að minnsta kosti fulltreystum vèr því, að það verði ekki að eins ráðgefandi þíng framvegis, en þá er það auðsætt, að málefni þessu er það betra og afdrifum þess, ef því er skotið á frest til aðgjörða þess þíngsins, sem meira á undir sèr, þó 1 eða 2 ár liði um. Eg fyrir mitt leyti álít, að málið standi eins opið fyrir það, þó nú sè eingin nefnd í því sett, þegar þíngtíðindin bera með sèr, hvað frestuninni valdi; en verði fleiri á því, að málefnið megi álíta fallið fyrir þá sök, þá verð eg að mæla með nefnd.

Stiptamtmaður: Það er alkunnugt, að ein af hinum beztu breytingum, sem komust á fót á dögum Kristjáns konúngs 8, var sú, að auglýsa á prenti reikninga yfir tekjur og útgjöld ríkisins; er og í þeim reikningum yfirlit yfir reikninga Íslands. Nú má vera, að reikningar þessir, sem eru mjög margbrotnir og fyrirferðar miklir, hafi ei komið eins til nota Íslendíngum, sem Dönum og innbúum hertogadæmanna, þar þeir voru prentaðir á dönsku og þjóðversku, en ekki á íslenzku. En þó mun mega fullyrða, að einnig í hinum landshlutum hafi fæstir kynt sèr, svo teljandi sè, reikninga þessa, heldur að eins ágrip þeirra, sem prentuð hafa verið í ýmsum tímaritum. Slíkt hið sama hefir verið gjört fyrir landsmenn hèr, þar sem yfirlit yfir fjárhag Íslands hefir verið prentað hin síðustu ár í nýum Fèlagsritum. Einnig hefir konúngsfulltrúinn verið vanur að leggja fram fyrir alþíng ríkisreikninga þessa. Og þegar hann kemur, má gjöra ráð fyrir, að hann hafi meðferðis bæði ríkisreikníngana fyrir 1846 og áætlun reikninganna fyrir 1848, sem eru hið seinasta þess kyns, sem út er komið á prenti, af því stríðið hefir truflað þau störf.

Af reikníngum, sem komnir eru yfir árið 1846, hefi eg einúngis 1 exemplar eptir, auk míns, og hefi eg afhent það varaforseta, ef þíngmenn vildu kynna sèr það. Áætlunarreikníng fyrir árið 1848 hefi eg til einúngis í einu lagi, sem eg má ei án vera, en ágrip af honum er í Fèlagsritum.

Eg leyfi mèr og að bæta því við, að eg hefi nokkur exemplör af ríkisreikningum og áætlunarreikníngum frá fyrri árum, og skal eg fúslega afhenda þá þíngmönnum, ef þeir vilja eignast þá. Það liggur nú í augum uppi, að ef alt hefði verið eins og áður var, þá hefði verið hægt að biðja stjórnina að auglýsa reikninga þá, sem þetta land snerta, á íslenzku, til þess að úthluta þeim hèr um landið, en nú hagar öllu til á annan veg, nú er breyting komin á margt og breytíngar í vændum, og því verð eg að vera því samþykkur, sem þíngmaður Skaptfellínga sagði, og efast um, að það nægi nú, að krefjast þessara reikninga. Það er enn fremur, þó menn lesi þessa ríkisreikninga, ef til vill, ekki svo ljóst eða svo hægt að sjá, hvað í þeim snertir ríkið yfir höfuð, eða Ísland út af fyrir sig. Til þess því að þetta sæist glögglegar, og beiðni þíngsins gæti haft nokkurn árángur, yrði að haga reikníngunum á annan hátt, og eg held, að breyting sú, sem í vændum er, leiði

nauðsynlega til þess, að svo verði gjört. Því einu vil eg bæta hèr við, að kvittun sú, sem komin er frá stjórninni til landfógetans fyrir reikninga jarðabókarsjóðsins frá 1. ág. 1846 til 31. júlí 1847, nær yfir eitt ár seinna en það, sem prentað er, og hèr er til. Eptirrit þessa aðalágrips af reikningum jarðabókarsjóðsins skal eg ljá nefndinni, ef nefnd verður kosin í máli þessu, en að öðrum kosti legg eg ágripið hèr fram, snúið á íslenzku, svo það komist í þingtíðindin. Að öðru leyti er ei spurningin svo um það, hvort einstök atriði eigi sèr stað í reikningunum, sem um hitt, hvernig á að skoða þessi atriði, og þeirri spurningu er ei gott að svara, fyrr en breytingin er komin leingra áleiðis, en komið er. Ágripið, sem strax var nefnt, er þannig látandi:

Tekjur.			rbdl.	sk.
1. Eptirstöðvar 31. júlí 1846:				
a. í peningum	20,175 rbdl.	2 sk.		
b. útgjöld, sem ekki eru enn samþykt	30,508 —	43 —		
c. útistandandi skuldir.	3,142 —	79 —		
			53,826	28
2. Eptirgjöld af sýslum og lögþingisskrifara laun			1,995	95
3. Konúngstíund			993	30
4. Tekjur af Vestmanneya og Gullbríngu sýslum			1,319	24
5. Skattur af erfðafè			1,150	40
6. —— af fasteigna sölu			384	92
7. Aukatekjur við landsyfirrèttinn			7	32
8. Lögmannstollur			340	65
9. Tekjur af konúngs jörðum			6,384	52
10. Manntalsbókar tekjur af Reykjavíkur kaupst.			40	78
11. Leigur af konúngsítökum			89	48
12. Úr gjaldasjóðnum goldið jarðabókarsjóðn. nl.				
a. peningar sendir til Íslands			6,000	„
b. af launum og eptirlaunum íslenzkra embættismanna			7,226	10
c. aukaútgjöld, sem jarðabókarsjóðnum ber að greiða			25,965	60
d. lausnargjald fyrir leyfis og embættisbrèf goldið ekkjusjóðnum o. s. frv.			301	80
		flyt	106,026	62

		rbdl.	sk.
	fluttir	106,026	62
	e. andvirði og ávaxtafè af seldum konúngsjörðum á Íslandi	4,199	59
	f. sendifè einstakra manna	12,063	78
13.	Endurgjald fyrir fjárgreiðslu úr gjaldasjóðnum	1,691	40
14.	Skuldir eptir úrskurði eður játníngu	370	4
15.	Óákveðnar tekjur	150	„
16.	Leigan af andvirði Laugarness	112	„
17.	Endurborguð lán og skyndilán	6,191	66
18.	Eptirstöðvar konúngs kirkna	180	54
19.	Geymslufè alþjóðlegra stofnana og ómyndugra, er ávaxtast af þjóðskuldasjóðinum . .	13,434	86
20.	Nafnbótaskattur	362	„
21.	Aukaskattur af embættistekjum	920	76
22.	Það sem konúngssjóðnum ber af leyfis- og veitingabrèfum	665	16
23.	Fyrir vegabrèf skipa til íslandsferða	1,783	30
24.	Skipagjöld, eptir opnu brèfi 28. des. 1836.	2,079	90
25.	¾ prCto undirgjöf undir sendifè einstakra manna	86	74
26.	Komið til geymslu til frekari ráðstöfunar .	4,092	83
	til samans	154,411	50
	Útgjöld.		
1.	Laun íslenzkra embættismanna og þjóna . .	13,357	95
2.	Til uppbóta fátækum brauðum	318	72
3.	— hins íslenzka bifliufèlags	60	„
4.	— læknaskipunar á Íslandi	4,446	71
5.	Goldinn styrkur í stað uppeldis á hinum forna Gufuness spítala	108	„
6.	Til skólakennara P. Guðjónssonar fyrir organleik í Reykjavíkur dómkirkju	50	„
7.	Goldið gjaldasjóðnum úr jarðabókarsjóðnum *a.* með ávísunarbrèfum 13,140 rbdl. „ sk. í peníngum (sent til Danmerkur) . . . . . 5,600 — 91 —	18,740	91
	flyt	37,082	41

		rbdl.	sk.
	fluttir	37,082	41
b.	Einstakleg útgjöld, er snerta ríkissjóðinn	27,153	69
c.	goldið gjaldasjóðnum, móti því að jarðabókarsjóðurinn greiði út	510	29
d.	Skyndilán úr jarðabókarsjóðnum til eptirlauna handa íslenzkum embættismönnum og þjónum og ekkjum þeirra, enn fremur til þjóðskuldasjóðsins, sjóliðsstjórnarinnar, hins danska kanselliis, hins almenna ekknasjóðs, uppeldissjóðs dannebrogsmanna, náðargjafastjórnarinnar og ríkissjóðsins	14,592	77
8.	óviss og óákveðin útgjöld	27,113	13
9.	Lán og skyndilán	5,726	87
10.	Endurgoldið, jafnað eður eptirgefið	673	42
11.	Þokkabót til nokkurra sýslumanna fyrir skattafríum hreppstjóra	276	81
12.	Póstgaungur á Íslandi	422	22
13.	Eptirstöðvar 31. júli 1847		
	a. í peningum . . . . . 18,044 rbdl. 46 sk.		
	b. útgjöld, ekki enn samþykt . . . . . 18,672 — 23 —		
	c. Skuldir . . . . . 4,143 — „ —		
		40,859	69
	til samans	154,411	50

Jón Jónsson: Eg er fullkomlega þeirrar meiningar, að þjóðin, þegar hún má ske nú á næsta ári á að fara að undirbúa og ákveða nýtt stjórnar fyrirkomulag í landi hèr, að henni væri þó aldeilis nauðsynlegt að vita, hver fjárstyrkur sinn væri, og í hverju falinn, svo hún gæti sèð dálítið inn í það, hvað hún í ýmsu tilliti kynni að megna, og hefði upp á að ætla; og eins og hver einstök stiptan heldur glöggva reikninga yfir tekjur og útgjöld sín og aðburði alla, eins held eg það mjög svo nauðsynlegt og geðfelt þjóðinni, að aðal-reikningur yfir fjárhag landsins og öll undanfarin viðskipti við Dani sèu á íslenzku máli auglýstir henni, og það svo fljótt sem verður. Eg verð því að álíta nefnd í máli þessu nauðsynlega, og óska hennar líka.

Jón Guðmundsson: Eg held, að hafi eg skilið rètt bænarskrána, þá fari hún fram á og ítreki það hið sama, sem bænarskrárnar, er framkomu á hinum fyrri þingum, nefnilega, að fá vissu um fjárhag landsins *að undanförnu,* en ekki svo það, sem ræða herra stiptamtmannsins virtist helzt hníga að, um það hvernig *nú* væri hagað og skipað til um inngjöld og útgjöld vor, þótt það sè einnig æskilegt; að fá vissu um, hvernig komið er ýmsum sjóðum og fè frá hinum fyrri árunum, hvar þeir sè niðurkomnir, og glöggva grein fyrir upphæð þeirra og vöxtum; hverjir þessir sjóðir eru, sèst af alþ. tíð. 1845 bls. 78, en það eru kollektupeningarnir, mjölbótapeningarnir, andvirði seldra stólsjarða, og konúngs og klaustrajarða; á þessu fernu er það einkum sem menn hafa viljað vita og fá greinileg skil, og það ímyndaði eg mèr, að þessi bænarskrá, sem nú er umtalsefnið, einkum ítrekaði. Hèr er aðalspurningin, að minni meiníngu, hvort málið megi ekki eins álíta opið eptir sem áður, þótt því sè nú frestað sakir breytínganna á alþíngi, sem í vændum eru, og eingi nefnd kosin að þessu sinni, og um það atriði er eg í nokkrum vafa, og vildi því æskja, að fleiri þíngmenn vildi segja um það álit sitt.

Þ. Sivertsen: Eg verð samt sem áður að mæla með nefnd í máli þessu, og ætla eg 3 manna nefnd því heldur nægja, sem nokkrir enna duglegu þíngmanna, er fyrri hafa haft þetta málefni til meðferðar, eru hèr innan þíngs, og málefninu því gagnkunnugir. Eg óttast mikið fyrir því, að það yrði óþokkasælt þjóðinni, og að hún gæfi því hornauga, ef þessu málefni nú skyldi verða vísað frá, eptir að þíngið tvívegis áður hefir heitið því meðhöndlun, af hverri ekkert er enn nú orðið, svo þjóðin viti. Þjóðin verður að eigna þenna drátt, sem orðinn er, þínginu; stjórninni getur hann ekki orðið eignaður, þar eingin bænarskrá þar um er send frá þínginu, og þykir þó öllum, að eg hygg, þetta málefni mikils varðandi, og þíngið hefir sjálft játað því. Sè ekki gjörlegt fyrir einn einstakan, að vaða í villu og svíma um efnahag sinn, án þess að hafa gætur á, hvað hann á eða ekki á, ætla eg það því síður fyrir heila þjóð. Það sem borið er fyrir, að í vændum sè, að alþíng fái meira vald, en það nú hefir, virðist mèr ekki geta verið því til fyrirstöðu, að málefnið sè nú tekið til nefndar, því bæði er, að mèr og líklega fleirum, er óljóst og óvíst, nær vèr öðlumst það vald, og hvernig lagað, og líka hygg eg það

ekki þurfa að skerða það vald, þó nú væri sett nefnd, og síðan beðið um skýrslu um landsins fjárhag, inngjöld og útgjöld, og ekki heldur þurfa að hindra það, að hreift væri síðar meir þeim greinum um fjárhag Íslands, er sýnast kynnu vafa undir orpnar, og þess þæktu verðar. Þó að vèr fáum að sjá ríkisreikníngana á dönsku, einstöku sinnum og einstaka maður, ætla eg vera til lítils gagns; þeir viðkoma minnst Íslandi, og það, sem því er viðkomandi, er sumt má ske ekki að finna, og sumt þá híngað og þángað á stángli. Eg ætla því, að veita því atkvæði, að nefnd verði kosin.

Jón Guðmundsson: Það var eingan veginn meiníng mín, að hrinda málinu, heldur að eins að fresta því.

J. Jóhnsen: Það er eingan veginn af því, að eg ætli lítið í mál þetta varið, að eg líka verð að vera á því, að betur fari að fresta því eða bænarskrá í því frá alþíngi í þetta sinn; eg held þvert á móti, að þíngið því síður ætti að skipta sèr af því núna, sem meira er í það varið.

Að vísu verður, eins og þíngmaður Dalasýslu nýskeð sagði, ekki sèð beint fram á, að meðferð þessa máls eða bænarskrá þar að lútandi, sem stendur, geti orðið valdi alþíngis eptirleiðis til fyrirstöðu; en þó er mèr nær að halda, að ekki sè þessi tvö mikilsvarðandi málefni svo laus hvort við annað, eins og högum ríkissjóðs Danaveldis nú er komið (en að hann um þessar mundir fremur er í nokkrum kröggum, vita menn), að meðferð og afdrif máls þess, sem hèr ræðir um á þessu þíngi, ekki kunni að fá meiri eða minni áhrif á skipulag alþíngis þess, sem menn eiga í vændum, og álit stjórnarinnar í því efni. Stiptamtmaðurinn hefir þegar bent á, að ekki sè trútt um, að ágreiníngur sè, eða geti orðið, um sumt hvað, sem að rèttu lagi beri undir fjársjóð landsins, og er það einkum frá sjónarmiði þeirra efunar-atriða, sem mèr nú þykir ísjárvert fyrir þíngið að vekja máls á, að eg tel það ráða bezt, eins og nú stendur á, að þíngið að sinni ekki skipti sèr af þessu máli.

Guttormur Vigfússon: Það er einginn efi á því, að flestir eða allir þíngmenn mundu hafa orðið til að styrkja að því, að málefni þetta hefði enn verið tekið fyrir af þínginu, einkum þar það hefir verið undir þess meðferð að undanförnu, þó ekki hafi það orðið útkljáð; en sökum þess að mèr virðist, af sömu ástæðum, sem herra stiptamtmanninum og þíngmanni Skaptafellínga, að það kynni að standa í vegi fyrir máls-

ins betri afdrifum síðar, ef það yrði nú tekið fyrir, þá er eg á því, að það ætti ekki að takast fyrir í þetta sinn, einkum þar eg hygg, að hreifing málsins, sem orðin er í umræðum þingmanna, lýsi áhuganum, er menn hafa á því, og að það standi jafnopið fyrir það til seinni aðgjörða, þó ekki sè nefnd sett í það nú; eg vil því, að þingið skjóti málefni þessu fram hjá sèr að sinni.

Eyólfur Einarsson: Eg gat ekki fundið neina gilda ástæðu, að máli þessu sè vísað frá, því þó þingið feingi síðan meira vald, en nú hefir það, get eg ei sèð það rýri vald þingsins upp á nokkurn máta, þó það biðji um, að reikníngar landsins kyntist þjóðinni, og fjárhagur þess verði kunnur; það þing, sem í vændum er, og hefði meira vald, en þetta, fær líka betra tækifæri að yfirvega öll atriði reikninganna, og gæfist þá tækifæri að brúka vald sitt, að laga þau atriði sem þurfa þækti; og þar landsmenn hafa óskað að fá að vita fjárhag landsins á tveim þíngum áður, og þessu 3., gef eg atkvæði mitt, að nefnd verði kosin í málið. En hvað það snertir, sem hinn heiðraði þingmaður Árnessýslu gat um, að Danir nú kynnu að vera í kröggum, þá finn eg ekki fyrir það ástæðu til, að vèr ekki megum fá reikníng vora.

Guðmundur Brandsson: Það virðist mèr mjög ísjárvert, að fara núna að heimta reikníng fyrir fjárhag landsins af stjórninni, einmitt þegar hún hefir í svo mörg horn að líta og við sem flestu að snúast. Það væri líkt, og ef hjú skoraði á hússbónda sinn, að gjöra grein fyrir kaupi því, er það kynni eiga hjá honum, og hyltist helzt til þess, þegar honum kæmi sem lakast.

Eyólfur Einarsson: Dæmi það, sem varaþingmaðurinn, sem síðast mælti, fram færði, virðist mèr ei sem heppilegast valið; það er annað mál, að heimta skuld sína, eður að biðja um skýrteini, sem sýni, hvort einn sè skuldugur, eður eigi skuld að heimta; má ske, að þeir af þjóðinni, sem um það eru færir, yrðu jafnfúsari að styrkja Dani í nú verandi kríngumstæðum, ef þjóðin feingi og sæi samngjarna reikninga landsins.

Guðmundur Brandsson: Þíngmaður Barðastrandarsýslu hefir hraparlega misskilið orð mín, þar sem hann lagði alla aðra þýðíngu í þau, en eg; og ætlast eg til, að þingmenn hafi tekið eptir því, er eg sagði; óska þess vegna, að heyra þar um meiníngar þeirra.

J. Thorstensen: Eg meina, að það væri þó einginn skaði, þó þetta mál biði, þángað til almennur friður kæmist á, og alþing feingi meira vald, en nú hefir það, og það af þeim rökum, sem þeir heiðruðu þingmenn, er nú talað hafa, þegar hafa fram borið.

Steffán Jónsson: Það eru einkum tvö atriði í þessu máli, sem mèr virðast helzt athugaverð, og sem ræður manna hafa mest lotið að: fyrst, hvort ei mundi betra að fresta þessu reikníngamáli, þángað til alþíng hefði feingið meira vald, en það hefir nú, og er eg á því, að það eigi vel við; annað, hvort bænarskrá um þetta efni gæti ekki eins vel átt sèr stað og opinn aðgáng seinna,þó henni væri hrundið nú; og held eg það sè ekki efandi, því ef það ekki væri, þá held eg sjálfsagt að kjósa ætti nefnd í málið, og þó menn vissu fyrir, að hún ei kæmi störfum af, eins og á hinum tveimur þíngunum hefir til geingið.

Ásgeir Einarsson: Það er eitt atriði, sem eg vil minnast á, af þeim, er lúta að því, að mótmæla nefndar kosníngu í þessu máli, nefnil., að sumir vilja, að þetta mál sè ekki áhrært, fyrr en alþíng hafi feingið meira valð, en nú hefir það. Nú getur mèr ekki skilizt, að þíng það, sem menn vona að haldið verði að ári, hafi meira vald, en þíng það, sem nú er haldið, heldur að það eigi að stínga upp á, hvað mikið vald þíngið fái framvegis. Þess vegna held eg, að það þíng, sem á að leggja ráð á hina nýu stjórnarskipun hèr í landi, þurfi að vita um fjárhag landsins áður, svo það viti, upp á hverjum kostnaðarsömum breytíngum það má stínga í tilliti til efnahagsins; er eg því hræddur um, að vissa þessi komi of seint, ef þíngið visar málinu nú frá; en um þetta kynnu þeir að geta gefið upplýsíngu, sem málinu eru vorðnir kunnugir.

Jón Jónsson: Með tilliti til þess, sem þíngmaður Gullbríngusýslu áðan mælti, á þá leið að það væri ísjárvert að krefja reikníngа landsins af stjórnarinnar hálfu undir nú verandi kríngumstæðum, get eg ekki álitið þá ástæðu hafa mikið fyrir sèr; því fyrst er nú óvíst, hvor öðrum verður skyldugur, Danir oss, eða vèr þeim, og hvað sem um það kynni verða, þá þyrfti það ekki að vera hvort öðru samfara, að sjá reikníginn, og krefja skuldarinnar, ef svo reyndist, að vèr ættum hjá Dönum, sem ekki hefir híngað til líklegt þókt.

Guðmundur Brandsson: Það sýnist óþarfi, að taka það

upp aptur, er eg áðan mælti, sem var á þá leið, að mèr þækti eiga illa við, að heimta reikninga af stjórninni, þegar hún kynni að eiga í sem mestum kröggum.

Ásgeir Einarsson: Eg vil skjóta því til ens heiðraða varaforseta, hvort menn eiga að fara út í þessa smásálma, meðan ekki er komið leingra í meðferð málsins.

J. Johnsen: Eg kynni að mega bæta þeirri athugasemd við það, sem eg sagði áðan, að það væri ákjósanlegast, ef menn gætu náð tilgánginum með það mál, sem hèr ræðir um, sjálfkrafa og án þess að senda nokkra bænarskrá í því; en eptir þeirri stjórnarbreytingu, sem orðin er í Danmörku, og þeirri breytíngu á stöðu Íslands í ríkinu og á verkahríng alþíngis eptirleiðis, sem við eigum von á, get eg varla ímyndað mèr annað, en að þeir menn, sem einna helzt ber að sjá um málefni og stjórn Íslands, að sjálfsdáðum búi sig undir að leggja fram allar þær skýrslur, sem standa í nokkru sambandi við verkahríng alþíngis og stjórnarskipun landsins, og þó ekki hvað sízt verði við því búnir að auglýsa alþíngi eða okkur Íslendíngum fjárhag landsins eða ánægjanlega skýrslu um meðöl þeirra hluta, sem gjöra skal, og það þá eins þau fjárhags atriði, sem vafi kann að vera um, eins og hin, sem allir eru samhuga í að landið eigi tilkall til með rèttu; og held eg þannig bæði óþarfa og óráðlegt, að bera þetta mál nú um stund upp við stjórnina, enda þó eg verði að játa, að eg ekki geti haft ljósa hugmynd um sambandið milli þess og skipunar alþíngis eða stjórnar þeirrar, sem enn þá er ósèð hèr á landi; og er mèr um það eitt hugað að sinni, að fara ekki óljósari orðum um hugarburð sjálfs mín hèr að lútandi, en svo að hinir heiðruðu alþíngismenn geti yfirvegað, hvort svo mikið er í mótbáru mína varið, sem eg sjálfur held.

Varaforseti kvaðst álíta það skyldu sína, að leita atkvæða þíngsins, hvort nefnd skyldi kjósa, eður ekki, fyrst sumir væru með því, en sumir móti.

Var þá geingið til atkvæða, og bænarskráin feld.

Þá kvaðst varaforseti verða að álíta hinar 2 bænarskrár frá Þórness- og Þorskafjarðar fundum um sama efni líka fallnar.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Þórnessfundi, um að kirkjur hefðu jafnan rètt við aðra í skuldagjaldi og skuldakröfum. Hann kvað það, ef til vildi, ekki vera orsakalaust, að kvartað væri um, að kirkjur að undanförnu ekki

hefðu gjört mönnum góðan jöfnuð í þessu efni, og afhenti bænarskrána síðan flutníngsmanni, kammerráði Magnúsen.

Kristján Magnúsen las upp bænarskrána, og mælti: Eg leyfi mèr af alhuga að mæla fram með því, að nefnd verði kosin til að yfirvega og meðhöndla þetta málefni, svo sem flestum þíngmönnum mun kunnugt vera, að lagaboð þau, er híngað til um lánga tíð hefir fylgt verið í þessu efni, hafa miður virzt sanngjörn, og jafnvel opt orsakað vestu afleiðíngar, svipt munaðarlausar ekkjur embættismanna þeirra litlu efnum, og orsakað, að byggíngar kirkna hafa fremur en ella verið vanræktar; en eg þarf því síður að fara hèr um mörgum orðum, sem bænarskráin sjálf með sèr ber, að hún er bygð á órækum og sanngjörnum ástæðum, sem eg vona að finni þíngmanna meðhald.

Guðmundur Brandsson: Mèr virðist það sè sanngjörn krafa, sem bænarskrá þessi fer fram á, og því mæli eg með því, að nefnd verði kosin til að íhuga og ræða málefni það, er hún höndlar um.

H. G. Thordersen: Eg fyrir mitt leyti er því ekki mótfallinn, að nefnd verði sett í þessu máli; en samt verð eg að geta þess, að þetta, sem bænarskráin kvartar um, er ekkert nýmæli, heldur sýnir kirkjusagan það, að prestar hafa frá alda öðli, um leið og þeim voru veitt beneficia, tekizt á herðar þessa byrði eða skuldbindíngu; en þar eð mèr í inngángsumræðu málsins ei þykir hlýða að gánga leingra inn í eðli þess, þá geymi eg mèr að skýra frekar frá áliti mínu, þángað til málið verður augljóslega rædt.

Kristján Magnúsen: Eg skýt því til hins heiðraða varaforseta, hvort ei skuli leita atkvæða þíngsins um, hvort nefnd eigi að kjósa; 3 manna nefnd álít eg nægja.

Varaforseti: Þar eð allir hafa mælt með nefnd, og sá eini, er gaf bendíngu um, hvernig á málinu stæði, ei heldur var því mótfallinn, og enginn hefir stúngið upp á fleirum en 3 mönnum í nefndina, verð eg að skora á þíngið að velja þá. Voru því næst í nefnd þessa kosnir kammerráð Magnúsen með 13, biskup H. G. Thordersen með 11 og umboðsmaður Þ. Sívertsen með 7 atkvæðum. Tók svo formaður nefndarinnar, Magnúsen, við bænarskránni.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu, um aukatekju reglugjörð fyrir lækna.

Hann kvað öllum kunnugt, að til væru slíkar aukatekjuskrár fyrir geistlega menn og lagamenn, og þækti mönnum því tilhlýðilegt, að einnig væri til reglugjörð fyrir aukatekjum lækna; hugsun þessi væri annars ekki ný, nè í fyrstu sprottin hjá alþýðu, því í brèfi af 25. september 1845 hefði kansellíið óskað álits kunnugra manna hèr í landi, áhrærandi reglugjörð fyrir aukatekjum lækna. Þar eð fulltrúi Strandasýslu hefði afhent sèr þessa bænarskrá, óskaði hann, að hann yrði flutníngsmaður hennar, og fèkk honum svo bænarskrána til upplesturs.

Ásgeir Einarsson las síðan upp bænarskrána, og mælti: Bænarskrá þessi kom frá Ísafjarðarsýslu á Þorskafjarðarfundinn, var eg því þá heldur mótfallinn, að hún skyldi sendast til alþíngis að þessu sinni, en þar mæltu margir fastlega með henni, af þeim ástæðum, að sumir læknar væru mjög heimtufrekir í borgun fyrir ferðir og blóðtökur, með ýmsu fleira, og hlífðu ekki í því fátæklíngum; eg mæli því fram með nefnd í málinu.

J. Thorstensen: Eg ímynda mèr það gæti vel verið svo, að læknar hèr á landi hefðu eins gott af, einga reglugjörð að hafa fyrir aukatekjur sínar, heldur láta hvern einn ráða, hvað hann geldur þeim eptir efnum sínum og skaplyndi; en samt vil eg ekki mæla á móti því, heldur óska þess, að nefnd verði kosin til vel að yfirvega þetta mál, og ætti sú nefnd að sjá um, að reglugjörð sú, er hún vildi setja á stofn, yrði löguð eptir almennings efna ástandi hèr á landi; því þó hún þess vegna gæfi læknurum lágar tekjur, líkt og nýa reglugjörðin fyrir presta tekjunum, þá er ei þeim efnugu eða höfðínglyndu bannað að borga meira, hverjum eptir skaplyndi sínu og efnum; og yfir höfuð, þó margir eða flestir vildu ei borga meira, en skipað yrði minnst, þá er það í litlu rúmi, hvort læknarnir hafa hagnað eða skaða af því, þegar þjóðin vill það. Eg hefi aldrei saknað stórlega þvílíkrar reglugjörðar, því eg hefi sjaldan gefið reikníngа fyrir störf mín, og þegar það hefir skeð (optast fyrir lækníngar á sjófólki frá framandi skipum), hefi eg haft hliðsjón af hinni gömlu tilskipun fyrir Danmörk og hertogadæmin af 4. des. 1672, þykir hún vera oflág í Danmörk, því þá voru peníngar, fyrir 177 árum síðan, í miklu meira verði, en nú eru þeir; en eg ætla hana þó enn þá reikna nógu hátt, ef gilda skyldi hér á landi, eptir fjárfaungum meiri hluta

almenníngs, enda þekki eg ekkert annað lagaboð í Danmörku, er heimili læknum skuldaheimtu í dánarbúum, þrotabúum, eða yfir höfuð hjá almenníngi, ef krefja skal, sem margir læknar gjöra sem sjaldnast; þeir blásátæku ættu, eptir minni meiníngu, aldrei að borga læknurum neitt. Þeir, sem mèr hafa borgað nokkuð fyrir embættisstörf, hafa flestir borgað meira, en eg hefði viljað krefja þá um, en af þeim fátæku hefi eg aldrei ætlazt til borgunar, líka ákveður erindisbrèf frá 21. sept. 1787, að læknar líti til fátækra manna ókeypis. Hvað kaupi lækna við víkur fyrir atgjörðir í opinberum málum, svo sem líkskurði, og ályktan eða skoðun í dráps og óbótamálum, og fleira þess háttar, þá er slíkt að nokkru leyti ákvarðað í kansellíbrèfi af 25. sept. 1845 fyrir það fyrsta; annars sýnist mèr, að sú nefnd, sem nú líklega verður sett, gæti líka tekið þess háttar með, þar kansellíið segir sjálft í áminnztu brèfi, að sú reglugjörð, sem þar um getur, gildi ei leingur, en þángað til gildandi lagaboð um alt þess háttar verði útgefið.

Eg ætla, að 3 manna nefnd muni nægja.

Kristján Magnúsen: Mèr virðist nauðsyn beri til þess, að lagaboð útkomi, sem ákveði sanngjörn laun fyrir læknara, að þeir hvorki sviptist því endurgjaldi, sem þeir eru vel að komnir fyrir störf sín, og heldur ekki sýni ósanngirni í kröfum sínum við fátækan almúga, og hefir þetta síðar nefnda gefið tilefni til þess, að innbúar í vestur-distrikti vesturamtsins, hafa innsent til þíngsins bænarskrá, að bót væri hèr á ráðin, og má hún virðast á góðum rökum bygð, því hægt mun verða að sanna, og það með órækum bevísum, ef þörf gjörist, að í því hèraði hefir læknirinn krafizt ósanngjarns endurgjalds fyrir störf sín, jafnvel 4 rbd. um daginn, og 1 rbd. fyrir blóðtöku, og annars að því skapi, hvar um eg get skýrskotað til þíngmannsins úr Strandasýslu og annara vestfirðínga, sem slíku eru kunnugir; mæli eg því fastlega fram með, að nefnd verði kosin til að meðhöndla þetta málefni, en hygg 3 manna nefnd næga.

Th. Gudmundsen kvaðst álíta rèttast, að þetta mál biði, þángað til að læknaskipunin kæmist í betra horf. Að taka þetta mál nú fyrir í nefnd, þækti sèr líkt og smíða neglu í skip, áður kjölur væri settur, og yrði hann því að vera mótmæltur nefnd.

Stiptamtmaður: Eg get þó ekki sèð, að það sè á móti

því, að nefnd verði kosin í máli þessu, að læknaskipunar málið hèr á landi er ei útkljáð; eg ætla fremur, að það sè ástæða til þess, að nefnd verði kosin. Þegar talað hefir verið um að semja grundvallarreglur fyrir læknaskipun hèr á landi, hafa menn rekið sig á þá fyrirstöðu, að þeir vissu ekki, hvort Íslendingar mundu vilja gjalda læknum að nokkru. Í reglugjörð fyrir hèraðslækna á Íslandi 25. febr. 1824 4. gr. segir, og sama er í reglugjörð fyrir landlækna, að þeir eigi ókeypis flutníng og ókeypis uppeldi, þegar þeirra sè vitjað til sjúkra. Þetta hafa menn viljað skilja á þann hátt, að læknar ættu einga borgun að auki, en það er þó í þessari grein í reglugjörðinni tekið fram, svo sem til undantekningar, að af fátækum skuli einga borgun taka, þótt þeirra sè vitjað af læknum. En hvernig sem þetta er, þá er það víst, að heyrzt hefir, að læknum væri ekki borgað ríflega ómak þeirra. Þetta, sem sagt er af Vestfjörðum, má kalla eindæmi. En fyrst það er nú ósk lækna og ósk landsmanna, að fá reglugjörð um þetta málefni, þá má það einnig vera æskilegt fyrir stjórnina, að fá bendíngar um þetta atriði í læknaskipun hèr á landi, meðan það mál er í undirbúníngi.

R. M. Ólsen: Eg er sannfærður um, að landar mínir vilji fúslega greiða læknum sanngjarna borgun fyrir starfa þeirra, og mæli því með nefndar kosníngu; en vegna þess að um hana eru framkomnar gagnstæðar meiníngar, leyfi eg mèr að biðja hinn háttvirta varaforseta að leita atkvæða þíngmanna um það, hvort nefnd skuli setja, svo þíngið tefjist nú sem minnst á umræðum málsins.

Varaforseti lèt síðan gánga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, og urðu flest atkvæði fyrir nefndarkosníngu.

Voru síðan kosnir 3 menn í nefndina: Thorstensen með 22, Magnúsen með 10 og Jón Guðmundsson með 7 atkvæðum, og var bænarskráin síðan afhent formanni nefndarinnar, Thorstensen.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Gullbríngusýslu, um að kaupmönnum yrði gjört að skyldu að vanda vörur sínar, og afhenti hana flutníngsmanni, Guðmundi Brandssyni.

Flutníngsmaður las upp bænarskrána og mælti: Áður en þíngmenn taka til orða í þetta skipti, vil eg láta í ljósi þá ósk mína, að ekki verði svo mjög hraðað atkvæðagreiðslu um það, hvort bænarskrá þessi og aðrar, sem mèr hefir verið trúað fyr-

ir, skuli leggjast undir nefndarskoðun eður ekki; því þar sem þær eru stuttorðar, ef til vill, nokkuð nýstárlegar og einstaklegs efnis, þá virðist mèr, að því betur þurfi að glöggva sig á sèrhverju því, er þær styðjast við eður falla fyrir, áður en yfir þeim er uppkveðinn lífs eða dauðadómur. Þingmenn munu þó varla geta dulizt þess, að eydt hefir verið orðum og tíma á þinginu til umræðu málefna þeirra, er ekki hafa sum hver verið markverðari en þau, sem þær hreifa við; verði nú bænarskrám þessum vísað frá, koma þær ekki til umræðu framar á þessu þingi, eins og allir vita; þess vegna virðist mèr það eigi ei alls kostar vel við, að hraða svo mjög inngángsumræðum, að ekki gefist kostur á, að átta sig í aðalefninu, sem um er rædt.

Eg segi þetta einmitt af því, að bænarskráin, sem eg bar hèr upp fyrir skömmu, var svo lítið rædd, að þingmenn munu hafa verið litlu nær efni hennar og ástæðum eptir en áður. Þegar menn nú athuga bænarskrá þá, sem eg nýskeð las, held eg það geti ekki álitizt ósanngjörn krafa, er hún stíngur upp á, það því síður sem kaupmenn sjálfir sumir hverjir fúslega játa, að vörum þeirra sè í mörgu ábótavant. Hitt er annað mál, hvort þetta ráð mundi verða hið hentugasta til að bæta þær; en að minni ætlun er það skylda alþingis, að segja meiníngu sína um þetta efni og draga sig ekki í hlè, þar sem um jafnmikið er að gjöra, sem þetta, er varðar margra manna atvinnu.

Kaupmenn margir hverjir játa það, að fiskiverkunin hjá oss sjáfarbændunum hafi á tveimur næstliðnum árum tekið miklum umbótum, en þá finnst mèr sanngjarnt, þó við æskjum góðrar vöru á móti. Eg sleppi nú að ræða frekar um þetta málefni að sinni, þángað til eg heyri, hvað þingmenn leggja til.

J. Jóhnsen: Eg held, að mál þetta verði að skoða í sambandi við þá frjálsu verzlun, sem við eigum von á og óskum fyrir landið, og ætla eg þá, að varla muni gefast annar vegur, til að sporna við skemdri vöru eða flutníngi óætrar matvöru híngað úr öðrum löndum, en sá, sem liggur þar að annarstaðar, þar sem frjáls verzlun á sèr stað, og er það umsjón lögreglustjórnarinnar og lækna, sem um það geta borið, hvort varan er bjóðandi mönnum til fæðu, eða ekki. Eg skil ekki, að annað meðal eigi við þessum kvilla, þegar verzlunin er

gefin laus við allar þjóðir allra sízt, og verð því að mæla á móti, að bænarskrá þessi sè tekin til greina.

Guðmundur Brandsson: Árið 1847 var þó af einum hinna virðulegu þingmanna, sem nú eru á þessum fundi, stúngið upp á því, að ráð yrðu lögð til þess, að kaupmenn vönduðu betur vörur sínar, en alment skeði, og er þetta að lesa í alþingistíðindum þess árs á bls. 87.

Th. Gudmundsen kvaðst mæla fram með nefnd, og þækti sèr flutníngsmaður nægilega hafa tekið fram ástæður þær, sem bænarskráin styddist við, og sýnt, hve mikils umvarðandi þetta málefni væri.

Ásgeir Einarsson: Eg held, að bezt ætti við, að afhenda bænarskrá þessa nefndinni, sem kosin er í verzlunarmálinu, því hún bendir einúngis til eins atriðis í því, og minnir mig, að á þetta atriði sè minnzt í lögþíngisbókinni frá 1798, og mun nefndin geta sèð þar álit það, er á þeim tímum hefir verið haft um þessa grein í verzlunarmálinu, og borið það saman við álit það, er nú er haft á slíku. En að kjósa sèrstaka nefnd í þessu atriði verzlunarmálsins, held eg sè gagnstætt aðferð þeirri, er nú hefir verið við höfð, þar öllum bænarskrám, sem nú hafa komið til þíngsins, viðvíkjandi verzlun, hefir verið vísað til sömu nefndarinnar.

Guðmundur Brandsson: Eg sè það þó hèr, að þíngmönnum geta verið mislagðar hendur, því árið 1847, þegar bænarskráin um vörumatið var hèr fram lögð, þá gjörðu þeir sèr svo mikið far af henni, að hún varð að tvíþæfast af nefndinni, sem hún var feingin til meðferðar, áður en hún þókti frambærileg fyrir þíngið. Mèr virðist því, að þessi uppástúnga, sem hèr ræðir um, standi að nokkru leyti í sambandi við hina, sem þá var gjörð, að minnsta kosti eru þær ekki ólíkar í eðli sínu; og þar sem vèr höfum geingið á undan kaupmönnum með góðu eptirdæmi, vonum vèr, að þeir fari þar eptir, sem vèr förum fyrir, og þess vegna mæli eg fastlega fram með, að nefnd verði sett.

Stefán Jónsson: Ef þessi bænarskrá er tekin til greina, sem má ske er nauðsynlegt, þá er sjálfsagt, að kjósa á sèrstaka nefnd, en ekki afhenda hana þeirri nefnd, sem hefir til meðferðar málið um alfrjálsa verzlun og uppsiglíngu á nokkra staði landsins; því það er alt annars eðlis.

Guðmundur Brandsson: Eg er öldúngis á sömu mein-

íngu, sem þíngmaður Eyfirðínga, er nú talaði, og ætla eg, að orð þau, sem fulltrúi Árnesínga mælti áðan, gætu orðið nefndinni til mikillar leiðbeiníngar í störfum hennar.

Haldór Jónsson: Eg get hvorki verið því samþykkur, að málefni þetta heyri undir þá nefnd, sem á að segja álit sitt um uppsiglíng einstakra staða, m. m., og ekki get eg heldur mælt með því, að sèrstök nefnd verði í því kosin; því það heyrir til frjálsrar verzlunar, að hver kaupmaður megi flytja þær vörur, sem honum líkar, og þar sem fleiri kaupmenn verzla á sama stað, þá gánga vörurnar betur út hjá þeim kaupmanni, sem hefir þær betri; það er því fyrir kaupmanninum, eins og fyrir bóndanum, að það er hans *eigin hagur* að vanda vörur sínar.

Guðmundur Brandsson: Það er fullkomlega víst, að kaupmenn vita, að neyðin einatt rekur eptir okkur að kaupa vörur þeirra, enda þó þær sèu ekki sem bezt vandaðar, enda vita þeir og að hagnýta sèr þetta, þar ekki er í annað hús að venda. Vona eg einhverja reki minni til, hvernig hampur sumstaðar gafst í fyrra sumar, og var hann þó sjaldan seldur með lægra verði, en annar betri. Þetta, sem hèr er sagt um hampinn, á sèr og stað með færin og fleiri vörutegundir.

Varaforseti: Þar ekki fleiri taka til máls, en meiníngar þíngsins eru svo skiptar, að sumir vilja einga nefnd, sumir sèrstaka, og aptur aðrir, að nefndin, sem kosin er til að íhuga bænarskrár um uppsiglíngu ýmsra staða og um frjálsa verzlun, taki einnig þetta málefni til meðferðar, verð eg að skjóta því til atkvæða þíngsins, hvort það vill gefa málefni þessu svo mikinn gaum, að það einu sinni komi til nefndar.

Var þá leitað atkvæða um þetta, og málið að öllu leyti felt.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Gullbríngusýslu, um að kaupmenn skyldist til að kveða upp með fyrir 20. júní hvers árs, hvað þeir ætli að gefa fyrir íslenzkar vörur, og afhenti hana flutníngsmanni, Guðmundi Brandssyni.

Flutníngsmaður las upp bænarskrána, og mælti: Það er öllum kunnugt, hvílíkrar óánægju það hefir valdið, að kaupmenn hafa valið sèr þá reglu, ef reglu skyldi kalla, að draga dulur á, hvernig þeir ætluðu að borga íslenzku vörurnar, svo margir hafa orðið að láta sèr nægja óljósan grun um það, hvers vænta mætti í því efni; og hafi þeir verið spurðir um þetta, hefir svarið gjarnast orðið, að þeir vissu það ekki;

stundum hafa þeir sagzt gefa, eins og aðrir gæfu, og þarna hefir lent við, þángað til ársreikníngarnir hafa leidt það í ljós, og hafa þeir stundum orðið ærið síðbúnir, og líka hefir það borið við, að þeir hafa ekki komið til skila. Allir sjá nú, hversu óviðkunnanleg þessi aðferð er, þar sem um viðskipti manna er að gjöra; að eg nú ekki tali um, hversu mèr virðist aðferð þessi óverðug frjálsum mönnum; af þessu veit eg, að opt hefir leidt ímugust bænda til kaupmanna, og er það mjög ílt, þar sem hvorugir mega hinna missa. Eg vil, að viðskipti manna sèu svo frjálsleg, sem unt er, og án þess að fara hèr um fleiri orðum, óska eg þingið vildi leiða athygli sína að þessu málefni.

Haldór Jónsson: Þegar verið er að biðja um frjálsa verzlun, finnst mèr iskyggilegt að beiðast þvílíkra takmarkana, sem þessi bænarskrá fer fram á. Að vísu er það æskilegt, að fastir prísar verði á hverju ári sem fyrst upp kveðnir, því nóg eru dæmi þess, að verzlun manna dregst fram á heyannir, fyrir það að þetta ekki er gjört. Samt get eg ekki sèð, að farandi sè fram á, að gjöra kaupmönnum þetta að skyldu, því stundum eru lausakaupmenn ekki komnir fyrir 20. júní, en við komu þeirra breytast opt prísar til ens betra. Mæli eg því móti nefnd í málinu.

Guðmundur Brandsson: Það var alls ekki meiníng mín, að bænarskránni yrði svo streingilega fylgt, að ekki mætti breyta uppástúngu hennar, því eg ætlast ekki til, að kaupmenn hafi svo bundnar hendur, að þeir megi ekkert breyta til og ekki gefa meira fyrir, þegar til að mynda svo stendur á, að einhver hefir sèrlega vöru að gæðum eða framúrskarandi mikla verzlun, og svo framvegis. Meiníng mín er, að eg vil, að menn fái vissu fyrir, hvers þeir mega í minnsta lagi vænta fyrir vörur sínar; en þær gætu eins fyrir því stigið í verði seinna, ef kaupanda og seljanda kæmi saman. Eg ætlast ekki til, að tímabilinu, sem ákveðið er í bænarskránni, ekki megi þoka fram nè aptur, ef hentugra sýndist, en optast munu þó skip frá Kaupmannahöfn vera komin um það leyti, og kaupmenn þá búnir að vita, hvernig vörum þeirra hefir reidt af, svo þeir munu vart þurfa þess vegna að vera í sèrlegum efa um, hvað mikið þeir eigi eða megi láta fyrir íslenzku vörurnar.

Guttormur Vigfússon: Eg fellst að öllu leyti, hvað

þetta áhrærir, á mál hins velæruverðuga þingmanns, er síðast mælti, því mèr er það vel kunnugt, að eptir 20. júní hefir verðlag töluvert batnað hjá verzlunarmönnum, og einkum hefir verzlun lausakaupmanna stuðt að því, sem opt eru á því tímabili ekki komnir til hafna; þar að auki finnst mèr þetta einhvern veginn ólaglegt, eða eiga ekki sem bezt við, að biðja um þetta, einmitt þegar verið er að biðja um algjört verzlunarfrelsi.

Guðmundur Brandsson: Eg heyri það nú, að mönnum sumum hverjum geðjast allvel að því, að kaupmenn leiði þá við hönd sèr, eins hèr eptir og hingað til, en eg fyrir mitt leyti vil heldur ganga í hjörtu, en dimmu, og það enda þó leiddur væri.

Jón Þórðarson: Mèr finnst það aðalgalli á þessari bænarskrá, að það lítur svo út, að þeir menn, er hana hafa samið, hafi eingaungu haft sèr fyrir augum þá tíma, sem liðnir eru, og verzlunarástandið, eins og það er nú. Hefðu menn nú einga von haft um breytíngu eptirleiðis á verzlunarástandi voru, þá væru má ske nokkur rök til að setja nefnd í þessu máli; en þar menn óska og vona, að alment verzlunarfrelsi komist bráðum á í landi hèr, þá verð eg að vera því mótmæltur, að nefnd sè kosin.

Guðmundur Brandsson: Það voru þó margar bænarskrár, sem beiddu um siglíngarleyfi á tilteknar víkur, og þó var bænarskrá um alment verzlunarfrelsi vísað til þeirrar sömu nefndar, sem hinar hafði feingið til meðferðar, og hefir þeim, er þar áttu hlut að máli, þókt það eiga allvel við, og ekki ríða í bága við hið eptiræskta verzlunarfrelsi.

Þ. Sveinbjörnsson: Þó það feingist, sem um er beðið í þessari bænarskrá, hvað eg í alla staði efa, þá yrði það að öllu leyti árángurslaust. Allir sjá, að hæsta prís er ómögulegt að vita 20. júní ár hvert, því eptir þann dag geta prísar stórum batnað, og gjöra það árlega, við hagfeldar fregnir frá útlöndum, komu lausakaupmanna og fleira slíkt, og væri því landsmönnum lítill hagur í, að kaupmenn settu taxtann svo snemma. En mèr skilst svo á orðum flutníngsmanns, sem það ekki sè sá hæsti prís, heldur sá lægsti, sem bænarskráin fer fram á að fá að vita svo snemma; en hvaða árángur yrði að því? Kaupmaðurinn gæti 20. júní sagt, að hann gæfi minnst 4 rbd. fyrir

1 Skp fiska, þó hann 20. júlí ætlaði sèr að bjóða og gefa 20 rbd. fyrir það, og eins gæti verið um aðrar vörutegundir.

Varaforseti: Fyrst einginn ræðir framar þetta mál, og einginn hefir orðið til að styðja bænarskrána, nema flutníngsmaður einn, má að vísu álíta hana fallna; en þar eð flutníngsmaður er svo óheppinn með að koma málum sínum fram á þínginu, vona eg þingið gjöri honum þá ánægju, að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa.

Vóru síðan atkvæði greidd, og bænarskráin feld.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Gullbríngusýslu, um að manntalsfiskur yrði aftekinn, og fèkk flutníngsmanni, Guðmundi Brandssyni, til upplesturs.

Flutníngsmaður las upp bænarskrána, og mælti: Það getur verið, að einhverjum virðist, að það sem bænarskrá þessi fer fram á, sè of snemma upp borið, þar sem farið er að roða fyrir skattamálinu og stjórnarbreytíngunni; en þó nú svo væri, að þessar mikilvægu eptirvæntíngar sveimuðu fyrir hugskotssjónum þjóðarinnar, þá er ekki með öllu víst, hve nær fyllíng tímans kemur, sú er von þessi rætist á; ekki er heldur víst, hversu geðfeld hún verður. Þess vegna sýnist mèr ekki fara illa, þó þessi gata væri greidd áður; óska því að heyra meiníngar þíngmanna um þetta efni.

R. M. Ólsen kvaðst mótmæla nefnd, og lèt í ljósi, að sèr ætíð væri ógeðfelt að heyra mikla smámunasemi; hèr sè ekki um mikið að gjöra, og hann hafi heldur aldrei orðið þess var, að Húnvetníngar hafi unað illa þessu lítilfjörlega gjaldi.

Guðmundur Brandsson: Það er minnst fyrir sýslubúa hèr, sem eg hreifi við þessu, því gjald þetta á ekki að rèttu lagi af þeim að takast. En þó mun opt sú verða niðurstaðan, að sjáarbændur svara manntalsfiskum, án þess að þeir krefjist þeirra aptur af rèttum gjaldendum. Eg fyrir mitt leyti vildi heldur af illu til, að gjald þetta hvíldi á mèr, heldur en eg þyrfti framvegis að heimta það af utansýslu mönnum, þó þeir dveldu fáar vikur hèrna í sýslunni, því mèr þykir gjaldsmáti þessi mjög svo óviðfeldinn. Það er ekki meiníng mín, að eg vilji rýra tekjur sýslu þessarar, heldur miklu fremur, að skattgjald hennar sè á sem beztri undirstöðu, og að gjaldendur geti felt sig við það.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg mótmæli, að nefnd verði sett um þetta einstaklega atriði. Eg átti að heita meðlimur þeirrar

nefndar, sem sett var hèr í landi að konúngs vilja 1845, en fyrsta atriðið sem hún, skattalög landsins áhrærandi, bar upp við stjórnina, er svona hljóðandi á íslenzku: „að konúngs-„gjöld þau í Íslandi, er hingað til verið hafa, skattur, gjaftoll-„ur, lögmannstollur, manntalsfiskur og kóngstíund megi verða „aftekin“; þetta er frá nefndinni komið í stjórnarinnar hendur.

Guðmundur Brandsson: Þar rann þó upp nýtt vonarljós, sem sýslubúar vissu ekki áður af að segja, og veit eg, að þeir kunna hinum mikilsvirta konúngkjörna þingmanni, er nú talaði, sèrlegar þakkir fyrir það, og þess vegna fer eg ekki fastlega fram á, að leggja málefni þetta undir nefndarskoðun, eins og eg á hinn bóginn þykist viss um, að bænarskrá þessi hefði ekki verið hingað send, hefðu menn vitað það fyrri, sem nú var gefin vitneskja um.

Varaforseti kvaðst ætla nefnd óþarfa í þessu máli; bænarskrá þessi væri of seint upp borin, og þar eð einginn yrði til að styrkja hana, yrði hann að álíta hana fallna.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Gullbríngusýslu, um að lausakaupmenn fái leyfi til að sigla upp og verzla í Höfnum, Grindavík, Vogum og Njarðvík; af því þessi bænarskrá væri samkynja þeim, sem nefndin til að íhuga uppsiglíngu ýmsra hafna hefði tekið við, ætlaði hann rèttast, ef einginn hefði móti, að fá hana þeirri nefnd.

Guðmundur Brandsson: Eg hefi áður látið í ljósi þá meiníngu mína, að yrðu allar þær bænarskrár, sem viðvíkja verzluninni, lagðar undir eina nefnd, þækti mèr það ærið umfángsmikið málefni; en ef nefndin vill gefa þessari bænarskrá eins fúslega gaum, sem hinum, er hún áður hefir feingið til meðferðar, þá er eg ekki á móti, að hún gángi inn undir þá sömu.

Steffán Jónsson: Það er sjálfsagt, að þessi bænarskrá á heima hjá nefndinni, sem kosin var í verzlunarmálið, af því hún er öldúngis sama eðlis og sumar þær, sem nefndin hefir tekið á móti. En eins og eg mintist á seinast, óska eg að fá einn meðlim viðbættan í þá nefnd, samkvæmt niðurlagi 65. gr. alþíngistilskip., og sting eg upp á þíngmanni Skaptfellínga, og óska, að varaforsetinn leiði það til lykta.

Varaforseti kvað kunnugt, að nefnd þessi hefði þegar feingið mikið að starfa. Að vísu sætu 5 menn í nefndinni, en ekkert væri samt móti því, að þíngmaður þessi bættist við nefndina, væri hann þess fús.

Síðan gat hann um bænarskrá frá Austurskaptafellssýslu, um uppsiglíngu Papóss eða Hornafjarðaróss, sem hann og kvaðst gjöra ráð fyrir að sama nefnd tæki við.

Jón Guðmundsson kvaðst vera fús til að styrkja nefndina eptir mætti.

Varaforseti kvaðst þá ætla, að báðar bænarskrárnar geingi undir sömu nefnd.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr virðist ekki óþarft, að eg tali fáein orð um þetta efni, þó þau lítið geti orðið því til framkvæmdar. Mèr dettur þá fyrst í hug, að fara að biðja það heiðraða alþíng að útvega mèr verzlunarstað í Nesi, því eg ætla það álíka lángt frá Reykjavík, sem Njarðvíkur frá Keflavík, og Voga frá Njarðvíkum, og þá fara verzlunarstaðir að gjörast þéttskipaðir í þessu landi, þegar ekki er orðin full míla á milli þeirra. Þetta sjá allir að ekki má svo vera. Það er og alkunnugt, að bæði á Vogavík og í Njarðvíkur flytja kaupmenn úr Reykjavík, og kann ske líka úr Hafnarfirði, salt og annað nauðsynlegt til innbúanna þar, og taka á móti fiski hjá þeim, þó þeir má ske líka flytji nokkuð í Keflavík sjálfir, svo sem viku sjóar. Eg hefi samt sem áður ekkert á móti, að bænarskrá þessi sè feingin í hendur nefndinni um verzlunina, sem áður er sett.

Guðmundur Brandsson: Það þykir mèr mjög óviðurkvæmilegt, að lausakaupmenn skuli ei mega hleypa inn á Vogavík og verzla þar, einkum þess vegna, að þar er miklu betri skipalega en í Keflavík, að eg nú ekki nefni, hversu örðugt er með flutníng til kaupstaðar frá Höfnum og Grindavík, þar sem sjóleiðin milli Keflavíkur og Grindavíkur mun verða alt að 10 mílum; en á landi beina leið hálf þriðja míla, sem er illur vegur með hesta. Af þessu hygg eg auðráðið, að kaupstaðarferðir eru þar örðugar, auk þess að Keflavík er ekki ætið birg með þarfavörur.

Varaforseti tók því næst fram þegnlegt frumvarp frá þíngmanni Barðstrendínga, um að aptrað yrði giptíngu öreiga. Hann gat þess, að þar eð bænarskrá frá Skagafjarðarsýslu um endurbót á sveitarstjórninni hefði verið feld á þínginu, væri ekki líklegt, að þessi bænarskrá, sem að eins lyti að einum parti sveitarstjórnarinnar, mundi fá áheyrslu, og væri því ei vert að tefja tímann með að lesa bænarskrána upp.

Eyólfur Einarsson: Eg vona, að margir sèu þeir á þíngi,

sem finna, að málefni þetta er svo áríðandi, að ekki megi leingur dragast að fá einhverja bót á því. Mönnum kann að vísu virðast, það heyri undir sveitastjórnina, en mèr finnst samt það vera þess vert, að þingið taki það fyrir og setji nefnd í því.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr þykir það merkilegt, að slíkt frumvarp, sem þetta, skuli vera borið upp á þessum allfrjálsu tíðum. Eg leyfi mèr að geta þess, að samkynja og að öllu sama efnis bænarskrá var borin upp fyrir þinginu 1847, undirskrifuð af 96 beiðendum, og var henni þá frávísað með 16 atkvæðum (sjá tíð. þ. á. bls. 50—51), en þessu frumvarpi vona eg verði frávísað í einu hljóði.

Eyólfur Einarsson: Eg vissi, að árið 1847 kom hèr bænarskrá sama efnis og frumvarp þetta, vissi líka, að henni var vísað frá þingi, en tilfinníngar mínar knúðu mig til að bera málefni þetta fram á ný, þó eg hefði litla von um framgáng þess; vitna eg til hreppstjóra og bænda þeirra, sem hèr hafa þíngsetu, hvað taumlaus óregla viðgeingst um ótakmarkaðar giptíngar, sveitarfèlögunum til stórs skaða, og ef til vill, eyðileggíngar; að þetta sè víðar, en í þeim bygðarlögum, sem eg þekki, sýnir upphaflega umgetin bænarskrá; vil eg biðja þíngmenn nákvæmlega að athuga þetta.

Ásgeir Einarsson: Þar sem uppástúngan tekur fram, að spornað verði við *öreiga* giptíngum, verð eg harðlega að mótmæla henni; því það munu flestir vita, að margar eru aðrar orsakir til sveitarvandræða, að margir, sem hafa gipzt fátækir, hafa orðið duglegir og efnagóðir búmenn, og þar á móti, að sumir, sem hafa byrjað búskap vel efnaðir, hafa síðar vorðið að sveitarvandræði; sannar þetta fullkomlega, að sveita þýngslin koma ekki altíð af öreiga giptíngum.

Eyólfur Einarsson: Mèr virðist sá heiðraði þíngmaður Strandasýslu hafi annaðhvort ei lesið frumvarpið, eða ei lesið það rètt; það er ei í því, að aptrað sè giptíng fátækra, því mikla hæfilegleika til giptínga getur fátækur maður haft; en það er svona: þeir fátækir, sem þar fyrir utan einga hæfilegleika hafa til giptínga; getur þíngmaðurinn glöggvað sig á orðum þessum, ef honum þóknast.

Guttormur Vigfússon: Í hitt eð fyrra kom hèr samkynja bænarskrá þessari fyrir þíngið, og varð eg þá fremur til að styðja að því, að henni yrði gaumur gefinn, því eg hafði heyrt

af fleiri sveitastjórnendum umkvörtun í þessu falli. En vegna þess að þingið vísaði henni frá í það skipti, virðist mèr eingin meiri ástæða nú til, að þess kyns málefni sè tekið fyrir, því fremur sem alt sýnist heldur að benda til þess, að nú sè, eins og þá, ekki hinn rètti tími kominn að fara fram á slíkt, þar eð sveitarstjórnin, sem menn eru að tala um, og sem eg ætla þetta heyri undir, er að álíta einn part af þessari aðalstjórnar tilbreytingu, sem von er á hjá oss. Því er eg nú eins móti því, að nefnd sè kosin í málið í þetta sinn, eins og eg var með því þá.

Steffán Jónsson: Jafnvel þó það kunni að sýnast mikil ástæða til að takmarka giptíngar, þá er það þó svo mikið vandamál, að ekki skerðist viðkvæm rèttindi frjálsra manna, svo eg sè ekki, að þingið geti átt við það í þetta sinn, að semja lög um það efni; kríngumstæður hlutaðeigenda eru opt svo margbreyttar, að mikill vandi er að semja löggjöf, sem vel ætti við í hvert sinn, og optar bágt að sjá fyrir, hverjar persónur verða til uppbyggíngar, og hverjar til vandræða af þeim, sem giptast vilja.

R. M. Ólsen: Eg verð að aðhyllast meiníngu þess heiðraða þíngmanns, er seinast mælti, og skyldi það gleðja mig, ef þíngmenn, úngir og *gamlir*, lètu í ljósi nærgætni og meðaumkvunarsemi í þessu efni.

Eyólfur Einarsson: Sú framúrskarandi óregla, sem eg á seinni tímum hefi mátt kenna á, að þegar einhver vegna alls óhæfilegleika til hjónabands ekki fær að giptast í sveit sinni, fer eitt ár í aðra sveit, giptist þar, er síðan vísað á sinn lögheppi, þessi er þar hverki hæfur, sem hjú eður bóndi, þó pantur feingist, vegna vöntunar góðrar kynníngar, verður svo að bjarga sèr með lausamennsku lífi, og elur nokkur börn á sveitanna skaut.

Steffán Jónsson: Eg held enn sem áður, að þetta sè það vandamál, sem þíngið geti ekki átt við nú í stað; eg hefi einhvern tíma lítið eitt hugsað út í þess háttar efni, og held eg tiltækilegast, að binda forlofarana dálítið meiri skyldum, en nú er; en hèr er eingin uppástúnga um það, og því getur þíngið ekkert haft með þess háttar málefni að sýsla.

Þ. Sivertsen: Eg hefði varla getað trúað því fyrir fram, að nokkrar, og allra sízt miklar ræður mundu geta orðið um þetta málefni, og það einmitt á eptir það, að hinn heiðraði

varaforseti var búinn að sýna fram á, að þetta væri lítil grein sveitastjórnarinnar, sem þingið fyrir fáum dögum hafði á kveðið að ekki skyldi nú meðhöndla á þinginu, og hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, konferenzráð Þ. Sveinbjörnsson, hafði leidt athygli þingmanna að því, hvað uppástúngan væri ónáttúrleg.

Eg held öllum gefi að skilja, að hún fer fram á band það, sem stríðir á móti náttúrlegum rètti og frjálsræði manna, og þó þetta band væri á lagt, held eg eingan veginn með því í minnsta máta girt fyrir afleiðíngar þær, sem orsökuðu aðrar eins miklar, ef ekki aðrar meiri, fleiri og meiri vandkvæðum bundnar sveitabyrðir og vandræði, og þækti mèr sú uppástúnga fróðleg, er sýndi fram á það, hvernig ætti að hindra þær, og líka hvernig þessari nú gjörðu yrði fylgt, svo ekki mætti alla vega fara í kríngum boðorðið.

Af þessu mun auðráðið, að eg ekki veiti nefndarkosníngu meðmæli.

Varaforseti: Allir mæla móti þessu þegnlega frumvarpi, og gjörði flutníngsmaður vel, ef hann vildi taka það aptur.

Flutníngsmaður kvaðst verða að láta sèr það lynda.

Varaforseti: Bænarskrár þær, sem í dag verða lagðar á lestrarsalinn, og á morgun teknar til inngángsumræðu, eru þessar:

1. bænarskrá frá Þíngvallafundi, um kosníngarlögin.
2. frá Norðurmúlasýslu, um sama efni, og um stjórnarlögun.
3. frá Suðurmúlasýslu, sama efnis.
4. frá Suðurþíngeyarsýslu, um sama efni, og um vald alþíngframvegis.
5. frá Þórnessfundi, um sama efni, og þíngstað við Öxará.
6. frá Þorskafjarðarfundi, um sama efni; og hníga þá allar þessar 6 bænarskrár að kosníngarlögunum.
7. frá Barðastrandar, Stranda og Ísafjarðar sýslum afbiður vorhreppaþíng.
8. frá Mýrasýslu, um skattalögin.
9. frá sömu sýslu, um borgun fyrir að uppskrifa afgjöld jarða.
10. frá sömu sýslu, um brúkun íslenzkrar túngu.

Því næst sagði forseti fundi slitið, og ákvað fund næsta dag, klukkan 10.

12. júlí — níundi fundur.

Þingbók frá fyrra fundi upplesin og samþykt. Allir á fundi.

Varaforseti mælti: Nú kemur fyrir málefni það, sem öllum mun virðast mest áríðandi af þeim, sem í ár verða borin upp af hálfu landsmanna, þar sem eru kosningarlögin. Menn hafa heyrt, að frá stjórninni væri von á frumvarpi um sama efni, eða um kosningarlög, er velja skuli þá menn eptir, er setu eiga á þingi því, sem búizt er við að haldið verði næsta ár hèr í landi. Eins og kunnugt er, hefir nú tekizt svo óheppilega til, að hingað til hefir konúngsfulltrúann vantað, og frumvarp þetta með honum; því hefi eg af ásettu ráði frestað því, að leggja þær bænarskrár fram, sem hèr að lúta, þángað til búið væri að ræða og setja nefndir í önnur þau málefni, er til þingsins hafa komið. En af því nú er tíma þokað svo fram, að bráðum er hálfnaður þingtíminn, þorði eg ekki að geyma þetta mál leingur. Að mínu leyti er eg og þeirrar meiningar, að þó þingið fái í tíma hið konúnglega frumvarp um kosningarlögin, geti ekki hlotizt neitt tjón af því, að nefnd sè þegar kosin til að íhuga það, sem birzt hefir frá þjóðinni um þetta efni, því þó frumvarp þjóðarinnar færi í gagnstæða átt frá hinu konúnglega frumvarpi, eða þó nefnd sú, sem þingið nú setti, skoðaði málið frá fráleitasta sjónarmiði, get eg ekki ætlað, að það spilti málinu, heldur einmitt hjálpaði til að skýra það sem bezt. Mèr virðist og, að stjórninni mætti vera það geðfelt, að fá að sjá álit þjóðarinnar í svo umvarðanda máli, og því geti henni ekki verið það móti skapi, þó þingið taki það fyrir, áður en frumvarpið kemur.

Gjörðu menn nú ráð fyrir því lakasta, að frumvarp stjórnarinnar aldrei komi fram á þessu þingi, er þó auðsèð, hvað nauðsynlegt það væri, enda fyrir stjórnina sjálfa, að málefni þetta yrði rædt eptir uppástúngum þjóðarinnar. Við það kynni stjórnin að fá marga góða bendíngu, sem hún tæki til greina, áður hún lèti kjósa eptir þeim kosningarlögum, sem ekki urðu rædd á þínginu eptir frumvarpi hennar. Eg ætla því, að bæði tímans vegna og málefnisins sjálfs sè það hin mesta nauðsyn, að draga ekki leingur nefndarkosníngu í þessu máli. Mèr hefir dottið í hug, að í dag mætti kjósa 5 menn í nefnd þessa; kæmi síðan frumvarp stjórnarinnar, og vildu menn kjósa nefnd-

armenn að nýu, sem þá að líkindum yrðu hinir sömu og þeir, sem þingið nú kýs, þá mundi vel fara að auka nefnd þessa einum eða tveimur mönnum; því þó aldrei hafi það viðgeingizt hèr á þingi, að kjósa fleiri en 5 menn í nefnd fyrir utan viðauka, ætla eg full nauðsyn beri til, að þessi nefnd verði fjölmennari, en nokkur önnur nefnd hingað til. Þar eð bænarskráin frá Þingvallafundi er hin yfirgripsmesta af þessum 6 bænarskrám, sem um þetta efni eru komnar til þingsins frá ýmsum sýslum og mannfundum, verður hún, eptir því sem þingið áður hefir viðtekið, að lesast upp, og afhendi eg hana því flutníngsmanni hennar, landlækni Thorstensen.

Flutníngsmaður las upp bænarskrána, sem þannig hljóðar:

Að þjóðfundur sá, sem í ráði er að haldinn verði hèr að ári, til að ræða stjórnarmálefni Íslands, verði skipaður góðum og skynsömum mönnum, sem almenníngur ber traust til, er mikið undir því komið, að kosníngarlögum þeim, sem menn verða kosnir eptir á þann fund, verði svo haganlega, þjóðlega og frjálslega fyrirkomið, sem kostur er á.

Vèr höfum heyrt, að frumvarp til þessara kosníngarlaga muni verða borið af stjórninni undir álit alþingis, og þó vèr ekki vitum, hvernig frumvarpi þessu verði háttað, berum vér þó það traust til hennar, að hún muni ekki vilja koma hèr á neinum þeim kosníngarlögum, sem almenníngi eru ógeðfeld eða gagnstæð þeirri frjálslunduðu kosníngaraðferð, sem fulltrúar til ríkisfundarins í Danmörku voru valdir eptir. Vèr höldum því, að það megi vera stjórninni og alþingi jafngeðfelt, að heyra vilja almenníngs í þessu efni, og með því vèr, sem hèr eigum fund með oss í dag, erum hingað saman komnir nálega úr öllum kjördæmum landsins, sumpart valdir á þenna fund af hlutaðeigandi sýslubúum, og þykjumst því vera áliti alþýðu um þetta mál gagnkunnugir, leyfum vèr oss í nafni hennar og voru að fela alþingi á hendur, að bera þá bæn fram fyrir stjórnina, að kosníngarlög til þjóðfundar Íslendinga næstkomandi sumar verði lögð eptir eptirfylgjandi grundvallarreglum.

1. Um tölu fundarmanna: Það þykir oss, að fundarmenn megi ekki vera færri en 48, 42 þjóðkjörnir, en 6 konúngkjörnir; því sèu kjördæmin látin vera eins og þau nú eru, þá þykir oss ekki hlýða, að færri sèu fundarmenn en 2 úr nokkru kjördæmi, nema úr Reykjavík og Vestmannaeyum; en sèu þeir úr hinum kjördæmunum ekki færri en 2, þá þykir ekki

jöfnuður, að þau fjölmennu kjósi ekki fleiri, en þau fámennu, og því beiðumst vèr þess, að 4 fjölmennustu kjördæmin sendi 3, Reykjavík og Vestmannaeyar 1, og hin kjördæmin 2 fundarmenn hvert. Hins vegar efumst vèr um, að nauðsynlegir sèu fleiri fundarmenn, þó upp á því hafi verið stúngið, að þeir væru þjóðkjörnir alt að 56 og konúngkjörnir að auk, enda mundi af þessum fjölda leiða þann kostnaðarauka, sem oss virðist að hjá megi komast. Það er því hvortveggja, að sú tala, sem hèr er tiltekin, er hèr um bil mitt á milli þess, sem nú mun verða uppástúngið minnst og mest (36 og 56), enda hefir bæði fyrr og seinna, utan lands í Hróarskeldu og innan lands á alþíngi, verið beðið einmitt um þenna sama þíngmanna fjölda.

2. Um kjördæmin: Vèr álítum bezt fallið, að þau haldi sèr eins og þau eru, og þeim sè ekki skipt í sundur, þó fulltrúum sè fjölgað, bæði af því vèr vitum, að þetta er vilji almennings, og bænarskrár þess efnis muni koma til alþíngis, og þó einkanlega þess vegna, að vèr álítum það æskilegt í alla staði, að menn finnist og kynnist og beri sig saman sem flestir, svo opt sem færi gefst, um ýmsa hluti, er alla varðar, og má slíkt hægast verða, þegar eins er ástatt og nú, að það er margt og áríðandi, sem til fundanna knýr.

3. Um kosníngarrètt: Kosníngar höldum vèr ættu að vera einfaldar, þannig, að hver maður, sem á löglega með sig sjálfur og ekki þiggur af sveit, en á fast heimili í kjördæminu, er 25 ára að aldri, hefir óflekkað mannorð og sjálfur fjárforráð sín, kjósi mann til þjóðfundarins. Því frjálsari sem kosníngarrètturinn er, og því fleiri sem taka þátt í kosníngum, því meiri áhuga og því betri vilja hlýtur þjóðin að fá til að starfa að framförum sínum, og því meiri hljóta framfarirnar að verða.

4. Kjörgeingi: Kjörgeingi sè óbundin við annað en það, sem kosníngarrètturinn er bundinn við, að heimili einu undanskildu, þó svo, að þá eina skal fyrst kjósa, er bjóðast eða fást til þess, en enginn má bjóðast til þess, nema í einu kjördæmi. Þessi kosníngaraðferð þykir oss bezt og tiltækilegust, af því vèr viljum hafa kjörgeingi sem frjálsasta og frjálsari en með tvöföldum kosníngum orðið getur, og þó sem mesta vissu fyrir því, að sá sem tekst fulltrúastarf á hendur, sè hæfur til þess og reki erindi sitt svo nærri vilja kjósenda, sem sannfæríng leyfir, en einfaldar skildagalausar kosníngar geta

síður gefið þá vissu. Nú má vera, að einhver óttist hèr, eins og menn kvað hafa óttazt fyrir í Danmörku, annaðhvort að ekki bjóðist nógu margir fram, eða þá þeir einir, sem kjósendur ekki bera traust til, þó hinir treysti sèr sjálfir, þá getum vèr þó ekki sèð, að þar af sè nein hætta búin, því vèr gaungum að því vísu, að kjósendur gjöri sèr alt far um, að skora á og biðja þá að bjóðast fram, er þeir treysta bezt, og liggur það í augum uppi, að þeir sem ekki vilja verða til með þessum hætti, mundu ekki taka við kosníngu, þó þeir væru kosnir á einhvern annan veg. Reynslan hefir og sýnt, að minnsta kosti í Danmörku, að þess háttar hræðsla er ástæðulaus; en til að sanna hitt, þarf ekki reynslunnar við, því það er hverjum manni auðskilið, að með þessari aðferð verða fulltrúaefnin lángt um betur undir þíngsetuna búin, en annars, og kjósendur kunnugri mönnum og málefnum almennings, þegar þeim gefst kostur á að komast eptir skoðunarhætti fulltrúaefna sinna fyrir fram, og ræða um gagn og nauðsynjar landsins. En skyldi samt sem áður svo ólíklega fara, að í einhverju kjördæmi yrði skortur á hæfilegu fulltrúaefni, annaðhvort af því einginn byðist, eða hann næði ekki trausti kjósenda, þá álítum vèr bezt, að þeir kjósi hvern er þeim lízt af þeim, er kjörgeingi hafa og ekki hafa áður boðizt fram í hinum öðrum kjördæmum landsins, og er þá ekki hætt við, að sami maður verði valinn á tveim stöðum; því þegar undirbúnings tíminn er eins lángur, og hèr er gjört ráð fyrir, getur ekki hjá því farið, að það verði heyrunkunnugt, hverjir sèu fulltrúaefni á hverjum stað. En því síður mun þurfa að slá varnagla við fulltrúa skorti, sem vèr ætlumst til, eins og áður er sagt, að kjósendur muni í tíma sjá sèr út fulltrúaefni, og fá þá til að gefa sig fram.

5. Um undirbúníng til kosninganna: prestar og hreppstjórar semji skrár yfir alla þá, sem kosníngarrètt eiga, og sendi sýslumanni, en hann gagnskoði og leiðrètti fyrir kosníngarfundinn, ef gallar eru á. Virðist oss, að þetta geti gefið næga vissu fyrir, að þeir geti kosið, sem kosníngarrètt eiga, og aðrir ekki.

6. Um kosníngar: kosníngar álítum vèr eigi að fara fram sama dag um land alt; að sýslumenn með tveimur eiðsvörnum aðstoðar mönnum eigi að stjórna kosníngum, hver í sínu kjördæmi, og hafa gát á, að þeir einir verði kosnir, er sanna kjörgeingi sína með gildum skýrteinum frá presti sínum og hrepp-

stjóra, eða frá sýslumanni sínum, ef þeir eru utanhèraðsmenn. Allir kjósendur, sem atkvæði ætla að gefa, ættu sjálfir að vera á kosníngarfundum. Kjörstjórnarnefndin greiði atkvæði fyrst á fundinum skriflega, innsigli atkvæðin og opni þau síðan, þá öll atkvæði eru greidd. Hver sá, er býðst til fulltrúa, ætti að vera viðstaddur á fundinum, og gjöra þar grein fyrir skoðun sinni á þeim málum, sem kjósendur hans biðja hann að flytja á þjóðfundinn, eða menn vita til að muni verða lögð fyrir hann af stjórnarinnar hálfu, því við slíkar samræður fá kjósendur meiri kynni af fulltruaefnunum, og þau kynni ættu að geta leidt til þess, að sá væri kosinn, er hæfastur þykir.

Í sambandi við þessa vora bænarskrá, leyfum vèr oss að biðja alþíngi að skora á stjórnina, að hún vindi bráðan bug að gjöra út um kosníngarlögin, og búi þau svo tímanlega úr garði, ef mögulegt er, að þau komi út hingað með póstskipi í haust, sem og einnig um leið tiltaki hina konúngkjörnu menn á þjóðfundinn, svo almenníngur hafi ekki augastað á þeim; nema stjórnin vilji bíða með það, þángað til búið er að kjósa hina þjóðkjörnu þíngmenn, og láta þá fulltrúa sinn velja. Vèr álítum það í alla staði mjög skaðsamlegt, að draga þetta málefni eða geyma það, þángað til komið er í eindaga.

Á hinum almenna fundi við Öxará, 29. dag júním. 1849.

P. Pètursson. forseti. *S. Thorarensen.* aðstoðarforseti. *Hannes Stephensen.* aðstoðarforseti.

Að upplesinni bænarskránni mælti flutníngsmaður: Eg þarf varla að biðja þíngið um, að nefnd verði sett í þetta mál, því eg þykist vita, að hver einn þíngmaður meti kosníngarlögin svo mikils, að varla geti komið meira áríðanda málefni á þíngið; því þau eiga að vera hyrníngarsteinninn undir byggíngu þjóðstjórnar vorrar fyrir niðja vora, alda og óborna, um þessa öld og allar eptirkomandi, og varðar því ei litlu, að vel sè lagður grundvöllurinn.

En nú vantar það, sem við þurfti að hafa, og það er hið leingi eptirþráða konúnglega frumvarp um sama efni; en þótt það enn þá ei sè komið, sem eingum verður gefin sök á, því það er af óhappi einu, væri þó vert, nú þegar að setja í hið minnsta 5 manna nefnd, til nákvæmlega að yfirvega þetta frumvarp, er nú var lesið, svo að þeir gætu orðið gagnkunnugir þeim skoðunarmáta, er hèr var getið; er þá alt fljótara til, þegar það konúnglega frumvarp kemur, að bera bæði frum-

vörpin saman, og að velja þá beztu af mismunandi meiningum; og með því vel að þeinkja um málið og skoða það á alla vegu, skýrist hugmyndin meira og meira, svo fljótlegra gæti orðið á endanum, að semja nefndarálitið, þegar það konúnglega frumvarp kemur, sem við væntum daglega. Margt hefir og áður verið rædt og skrifað um þetta efni, einkum um eitt höfuðatriði, en það er, hvort hentugri sèu einfaldar eða tvöfaldar kosníngar.

Eg óska, að þíngmenn vildu reyna og prófa allar meiníngar í þessu efni, er þeir þekkja, og að þeim mætti vel heppnast að útvelja hið bezta, og það, sem landinu gegnir bezt. Þegar hið konúnglega frumvarp kemur, getur þíngið, eptir því sem því sýnist og hinn heiðraði varaforseti stakk upp á, bætt tveim mönnum við nefndina, svo þeir verði alls 7 í henni, og mun það nægja, ef vel tekst að kjósa í þessa áríðandi nefnd.

Stiptamtmaður: Það sem eg drap á í ræðu minni, þegar eg setti þíng þetta, hefi eg nú feingið vissu um, að það sè tilgángur konúngs vors eptir loforði sínu í brèfi frá 23. sept. 1848, að láta bera undir þíngið frumvarp til nýrra kosníngarlaga handa Íslandi; má álíta það nokkurn veginn víst, að rannsókn lagafrumvarps þessa verði aðalstarfi þessa þíngs, og er það allra ósk, að það starf megi takast sem bezt, sem verða mun, ef það er lagað eptir ósk þjóðarinnar og vilja konúngs, og hvorirtveggju koma sèr saman. Get eg ekki annað en vænt þessa. Sá maður, sem vera á konúngsfulltrúi hèr á þínginu, hefir mikið starfað að þessu máli áður hèr á landi, og nú haft fyrir sèr uppástúngu þíngsins frá árinu 1847, og að nokkru leyti búið til frumvarp það, sem í vændum er, þess vegna þykir mèr líklegt, að margir þíngmanna muni fallast á það. Væri nú kosníngarlaga frumvarpið komið, væri sú rètta aðferð þessi, að kjósa nefnd manna til að íhuga það, og afhenda þeirri nefnd allar þær bænarskrár, sem væri þess efnis. En nú vill svo illa til, að frumvarpið er ókomið, og er ei gott úr að ráða. Hingað eru komnar margar bænarskrár viðvíkjandi kosníngum, og sumpart ósamhljóða, og má vera, að sumar þeirra, sem ólíkar eru þeirri, er upp var lesin, sèu, ef til vill, líkari hinu konúnglega kosníngarlaga frumvarpi. Jafnvel þó eg geti ei betur sèð, ef nefnd verður nú kosin, en að nauðsynlegt verði að setja nefnd að nýu, þegar frumvarpið

kemur, þá vil eg samt ekki mæla móti því, að nú verði nefnd kosin. Sú nefnd gæti þó skýrt málið fyrir sèr, og undirbúið það. En tækist nú svo til, að frumvarp stjórnarinnar kæmi ekki til þessa þings (menn hafa vænt þess daglega, og einna mest nú í dag, en þó er það ekki komið), þá vilda eg þó bera undir þingið, hvort það vildi ekki bíða nokkra daga, t. a. m. til mánudags, að kjósa í þessa nefnd, og skjóta svo bænarskránum, ef frumvarpið yrði þá komið, inn undir þá nefnd, sem sett yrði til að rannsaka það.

Hvað inntak þessara bænarskráa snertir, skal eg ei fara mörgum orðum um; það er fátt í þeim, sem eg áður hefi haft tækifæri til að segja álit mitt um, og ef konúngsfulltrúinn kemur, heyrir það til hans starfa að rannsaka þetta mál; einúngis vil eg drepa á hina 6. grein, og vísa eg þar um til Departements tíðinda 1848 bls. 693. Í fyrra, þegar tilrædt varð um að senda fulltrúa til ríkisfundar, var stúngið upp á í bænarskránni, að sýslumenn skyldu stýra kosningum; og svo segir hèr í þessari bænarskrá. En eg held, að þeir ættu ekki sjálfir að tiltaka aðstoðarmenn, heldur gæti sýslu-prófastur og sýslunnar alþingismaður, svo sem eins konar nefnd, ásamt sýslumanni, stýrt kosníngunum. Að öðru leyti mun nefnd, ef hún nú verður kosin, íhuga bæði þetta atriði og annað, og í því tilliti er það heppilegt, að þeir þíngmenn tveir, er oss vantaði, eru nú komnir frá Kaupmannahöfn, sem bæði hafa reynslu, hvað kosníngarlög snertir, og, ef til vill, þekkja eitthvað til hins konúnglega frumvarps, sem í vændum er.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg get ekki fallizt á þá frestun þessa máls, er stiptamtmaður fór fram á. Mèr þykir, úr því nú er komið, hver dagurinn dýrmætur, og vansèð, hvort þingið verður nokkru nær, þó enn verði beðið til mánudags. Helmíngur þíngtímans, þess lögskipaða, er, sem kunnugt er, þegar liðinn, og margt er fleira að starfa við önnur málefni fyrir þá, er að líkindum verða kosnir í þetta mál, en efni þess er svo mikilvægt, að því eingan veginn má fyrirskjóta á þessu þíngi, og svo margbrotið, að því ekki veitir af þeim tíma þíngsins, sem eptir er, ef það á að verða skammarlaust af hendi leyst. Eg óska því nefndar þegar í stað. En að einu vildi eg leyfa mèr að leiða athuga þíngsins, hvort ei væri gjörlegt, að skipta málefni þessu þannig: að nefndin fyrst íhugaði grundvallar ástæður kosníngarlaganna, t. a. m. hvort kosníngar vera skuli

einfaldar eða tvöfaldar, hvort nokkur kosníngа eða kjörstofn skuli vera eður ei, og annað slíkt, semdi um það álit sitt, svo þíngið sem fyrst gæti farið að ræða slíkt. Eg ber þetta upp, eingaungu í þeim tilgángi, að flýta með afgreiðslu málsins. Um þetta geta nú þeir, er vilja, af þíngmönnum birt huga sinn.

Stiptamtmaður: Mèr virðist þó, að það væri ekki sem bezt tilfallið, að skipta efninu á þann hátt; eg ætla, að nefndin ætti að búa til alveg nýtt frumvarp; það er ei svo gott að skoða parta þessa máls, nema alt frumvarpið sè skoðað í einu sambandi. Það er t. a. m. meira, sem talar fyrir tvöföldum kosníngum, þegar kosníngarrèttur og kjörgeingi eru öldúngis óbundin, en þegar þetta tvent er bundið einhverjum skildaga. Hins vegar eiga einfaldar kosníngar betur við, ef fulltrúaefnin skulu gefa nöfn sín áður til kynna. Þannig er eitt atriði svo við annað bundið, að ekki er auðvelt að slíta málið sundur og undirbúa það í pörtum. Annað mál er, þegar frumvarpið væri komið, að skipta þá umræðu þess í parta, eins og gjört hefir verið á ríkisfundinum, t. a. m. tala fyrst um skildaga fyrir kosníngarrètti, síðan um einfaldar eða tvöfaldar kosníngar o. s. frv.

J. Johnsen: Eg neita ekki, að eg tel það mjög óhappalegt, ef þíngið nú þegar verður að neyðast til að taka mál þetta, þannig vaxið sem það enn er, til meðferðar af nefnd, og einkum til umræðu á þínginu, áður en konúngsfulltrúinn sjálfur er kominn, og frumvarp stjórnarinnar til kosníngarlaganna með þess ástæðum verður lagt fyrir þíngið, og ætla eg það þess óhappalegra, sem eg óttast fyrir, að nefndarmönnum og þíngmönnum veiti þess örðugar að fella sig við ákvarðanir stjórnarinnar og ástæðurnar fyrir þeim, þegar þær loksins koma fyrir sjónir af hendi konúngsfulltrúa, sem þeir sökkva sèr dýpra niður í málið fyrir fram; en einkum er eg hræddur um þetta, ef nefndin eða þíngið einúngis tæki hin mest áríðandi aðalatriði málsins til meðferðar, þángað til frumvarp stjórnarinnar kemur fram, því þá held eg ekki ugglaust, að sumum enda kynni að verða það á, að binda sig svo fast við hugmyndir sínar um aðalákvarðanirnar, að þeim veiti enn torveldar að láta sannfærast af ástæðum stjórnarinnar fyrir öðrum ákvörðunum, þó þær í raun og veru kynnu að vera og reynast betri eða hentugri.

Að öðru leyti get eg varla sagt, að mèr sè neitt kunnugt um frumvarp stjórnarinnar til kosníngarlaganna. Mèr hefir ekki gefizt færi á að sjá það, og svo ætla eg líka muni standa á fyrir hinum þeim virðulega þíngmanni, sem nú ásamt mèr er kominn híngað frá Danmörku. Einúngis hefir konúngsfulltrúinn, sem frá upphafi mun hafa samið frumvarpið að undirlagi stjórnarinnar, sagt mèr lítið eitt af aðalatriðum þess; en af því eg bjóst við, strax sem þyrfti á að halda, að fá frumvarpið í hendur, lagði eg ekki það svo á minnið, sem hann trúði mèr fyrir munnlega, að eg nú treysti mèr til að herma það rètt eptir.

Ásgeir Einarsson: Því, sem sá konúngkjörni þíngmaður hreifði um það, að skipta í sundur efni bænarskráarinnar, þykist eg ekki þurfa að svara, því stiptamtmaðurinn hefir útlistað það glögglega. En því, sem þíngmaður Árnessýslu sagði, verð eg að svara með fáum orðum. Eg get ekki sèð, að það sèu nein *neyðarúrræði* að taka bænarskrána til nefndar, þó frumvarp konúngs um þetta efni sè ekki komið til þíngsins, því þó sumir gjöri lítið úr þjóðviljanum á Íslandi, er þess þó að geta, að ef hann er nokkurs metandi, verður það að vera í tilliti til þeirra bænarskráa, sem til þíngsins eru komnar um þetta efni, því þær eru samdar á fundum, þar sem margir enna skynsömustu og beztu manna voru saman komnir. Eg get því ekki sèð, hverninn þíngið gæti varið þá aðferð, að draga að kjósa nefnd í þetta mál svo leingi, að málið, ef til vill, yrði ekki fullrædt; því eg álít það aðal- ætlunarverk þíngsins að semja kosníngarlaga uppástúnguna. Menn vita ekki með neinni vissu, hvort frumvarpið verður komið fyrir þínglok; en þó svo yrði, ætla eg nefndinni ekki þann eintrjáníngsskap, að hún vilji ekki víkja í neinu frá því, er hún hefir bundið hugann við, ef annað kæmi, sem betur þækti eiga við.

En hver er nú skaðinn, sem af því hlýzt, þó byrjað verði strax að rannsaka bænarskrárnar, áður en frumvarpið kemur frá stjórninni, nema sá, að kosníngarlögin verði þá sprottin af ósk þjóðarinnar, ef eptir bænarskránum verður farið? En um það hefir áður verið kvartað, að ýms lagaboð ættu hèr illa við, af því þau væru sprottin af útlendri *rót*. Eg fer ekki um þetta fleiri orðum, þar eg vona, að einginn þíngmanna verði því mótfallinn, að kjósa nefnd nú strax.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg sagði nýlega, hver minn ásetn-

íngur væri með þá uppástúngu, er eg þá gjörði; mèr gekk einúngis gott til við málefnið, er eg sízt af öllu vildi að yrði útideyða á þínginu, fyrir hverju eg helzt kvíði eptir þeim hraparlegu kríngumstæðum, sem á eru, þar sem mesti og bezti tíminn er liðinn, og ný, eða þá önnur skoðun málsins má ske seinna berist nefnd þeirri, er kosin verður, og það á hennar verstu og síðustu dögum.

Ásgeir Einarsson: Mèr datt það ekki í hug, að það væri meiníng eins konúngkjörna þíngmanns, við uppástúngu hans, að hún væri í nokkrum illum tilgángi.

Varaforseti: Af umræðum þíngmanna þeirra, er tekið hafa til orða í þessu máli, er að heyra, sem þínginu þyki vafasamt, hvort strax skuli kjósa nefnd í þetta mál, eða fresta því fáa daga; en þó eru fleiri á því, að nefnd verði kosin þegar í stað. Eg fyrir mitt leyti get ekki sèð, að nokkurn háska eða tjón geti leidt af því, að málið sè strax tekið fyrir. Eg get ekki skilið, að neinn sè annar vilji þíngsins, en að þetta mál verði sem bezt, skynsamlegast og frjálslegast rædt, og því get eg ekki ætlað, að nokkur sál sè svo eintrjáníngsleg hèr á þíngi, eða bindist svo fast við skoðanir og álit sjálfra sín, að hún ekki láti seinna sveigjast, ef frumvarpið kæmi og sýndi fram á annað betra. Eg verð því að ráða þínginu til, að kjósa þessa 5 manna nefnd, og mæli eínginn móti, vona eg þíngið gjöri það strax.

Th. Gudmundsen: Eg verð að fallast á ræðu stiptamtmannsins og fulltrúa Árnesínga, og af sömu ástæðum og þeir hafa tilgreint sýnist mèr ráðlegast, að frestað sè nokkra daga enn nefndarkosníngu í þessu málefni.

Varaforseti: Fyrst mótmæli heyrast, bið eg þíngið skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa.

Flest atkvæði urðu með nefnd, og voru því næst í hana kosnir Þ. Sveinbjörnsson og Jón Guðmundsson með 14 atkvæðum hvor, Steffán Jónsson með 12, Kr. Kristjánsson með 11 og Johnsen með 9.

Bænarskráin var síðan afhent formanni nefndarinnar, Þ. Sveinbjörnssyni.

Þá tók varaforseti fram hinar bænarskrárnar um sama efni, og gat þess, að flestar þeirra væru með viðaukum, sem sumir hverjir væru áður feldir af þínginu, t. a. m. um þíngstað við Öxará. Varaforseti kvað eina af þessum bænarskrám um

kosníngarlögin vera frá Norðurmúlasýslu, og bæði hún líka um hagkvæmustu stjórnarlögun; en þar eð nú á þessu þingi yrðu rædd kosníngarlög til að velja eptir þá menn, er yfirvegi þetta málefni næsta ár, þækti þessi viðauki, ef til vildi, of snemma upp borinn, og ekki eiga við, að gefa honum nú gaum, mundi því bænarskráin án þessa viðauka mega gánga undir þá nefnd, er nú var kosin; samt vildi hann skjóta því til atkvæða þíngsins, hvort þessi nefnd ekki mætti taka við henni, eins og þeirri bænarskrá, sem eingaungu hljóðaði um kosníngarlögin.

Jón Jónsson: Með tilliti til ummæla þeirra, sem hinn virðulegi varaforseti nú hafði, leyfi eg mèr að geta þess, að þegar bænarskrá og uppástúnga frá Suðurþíngeyarsýslu, um ný kosníngar lög til aðalþjóðlagaþíngs á næsta ári, var samin og undirskrifuð, vakti það ekki ljóslega fyrir sýslubúum, hvort kosníngarlögin ein, eður og líka einhverjar greinir stjórnarskipunarinnar ættu að ræðast á þessu þíngi, frèttir eður rit með útlendum skipum um það efni var þá ekki komið, og bjuggust menn, ef til vildi, við, að hvortveggja kynni koma til umræðu á þíngi þessu. Nú er það orðið ljóst, að einúngis kosníngarlögin sèu það, sem stjórnin ætlast til að undirbúin sèu, og ætlast eg því til, að nefndin, sem kosin er í þetta málefni, fái að vísu bænarskrána í hendur, og gaumgæfi þann part hennar, sem að kosníngarlögunum lýtur, sem líka er mestur hluti hennar, en viðaukann um vald þíngsins get eg ekki búizt við að nefndin nú fari að hafa hliðsjón af í þetta sinn, sem annars eðlis.

Varaforseti: Fyrst einn af flutníngsmönnum þessara bænarskráa mælir á þessa leið, vona eg, að aðrir flutníngsmenn gjöri sig líka ánægða með, að bænarskrár þessar verði teknar til greina, að svo miklu leyti þær lúta að kosníngarlögunum. Voru síðan þessar 5 bænarskrár afhentar formanni nefndarinnar.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá 3 sýslum í vesturamtinu, Barðastrandar, Stranda og Ísafjarðar sýslum, sem biður um, að vorhreppaskila þíng væru aftekin. Hann kvað þíng þessi að vísu ekki orðin gömul í vesturamtinu, en bænarskrána lýsa því þó, hve vel mönnum þar væri um þau gefið, enda hefðu þar að undanförnu aldrei verið haldin hreppaskilaþíng, nema á haustum. Að líkindum hefðu komið bæn-

arskrár frá fleiri hèröðum landsins um þetta efni, ef menn hefðu ei skilið opið brèf af 21. apríl 1847, að eptir því ættu menn völ á að telja fram fè til tíundar, hvort sem menn vildu á vori eða hausti. Bænarskrá þessi mundi bezt sjálf lýsa ástæðum, og því feingi hann hana flutníngsmanni hennar, Eyólfi Einarssyni, til upplesturs.

Flutníngsmaður las upp bænarskrána og mælti: Allir vita þíngmenn, að árið 1845 mæltum við þíngmenn frá Ísafjarðar, Stranda og Barðastrandar sýslum móti vorþíngum, en vegna atkvæða þíngmanna fèll það í gegn; eptir að lagaboð af 21. apríl 1847 kom út, hèlt eg vorþíng, einúngis til framtals til töflu, en eptir að sýslumaður skipar mèr að leggja fè bænda í tíund að vorinu, fór eg að skrifa amtmanni um það efni. Á leiðinni fèkk eg svar, hvað eg get framvísað, ef þörf væri, skipar hann þar með ákveðnum orðum að taka tíund bænda að vorinu. Þetta hefir knúð sýslubúa mína, sem og hinna sýslnanna, að afbiðja vorþíngin, þar þau leggja hapt á bjargræðis vegi fyrr nefndra sýslubúa, sem um það leyti eru flestir við sjó og þurfa 3 eða 4 daga að vera frá róðrum, að sækja vorhreppskilin, getur líka svo að borið, að færu 2 eða 3 menn af einu skipi, má það hætta róðrum, þar til menn þessir koma til skips aptur. Mæli eg því með, að nefnd sè kosin í málið, þar það snertir rèttindi manna í 3 sýslum.

Þ. Sivertsen: Eg leyfi mèr að geta þess, að eg hafði samslags bænarskrá frá hinum sýslum vesturfjórðúngsins, Mýra, Snæfellsness og Dala sýslum, og þá, sem hèr ræðir um, og hefi eg afhent hana enum heiðraða varaforseta, þótt hún nú ekki sè hèr á þíngsalnum, og vil eg mæla með því fastlega, að nefnd verði kosin í málefni þessu, þó ekki væri til annars en yfirvega, hvert væri ætlunarverk vorþínganna, sem lagaboðið um þau ekki ákveður, og hvers vegna vorþíng þessi, einkum þar, hvar þau eru að smokka sèr inn, geta valdið töluverðum ruglíngi, og jafnvel ágreiníngi. Sinn siður er brúkaður, í vorþínganna tilliti, í hverjum fjórðúngi landsins, í hið minnsta mun annar siður í vesturfjórðúngnum, hvar boðið er framtal tíundbærra aura, og að þeir um leið sèu þá strax á vorþínginu lagðir í tíund, heldur en í hinum fjórðúngum landsins, hvar að sögn ekki er lagt í tíund fyrri en að haustinu, og skýrskota eg til þeirra virðulegu þíngmanna þaðan, er hèr eiga setu, og eru því kunnugri en eg. Mèr virðist

því öll þörf á, að nefnd íhugi málið, því nauðsynlegt er, að ein regla hèr um sè yfir alt land, hverri helzt sem framfylgt yrði, og ætla eg þriggja manna nefnd nægja.

Jakob Pèlursson: Eg fyrir mitt leyti veit gjörla til þess, að hreppstjórnar vorþing eru víða haldin í norðurlandi, til að innfæra tölu manna og skepna, með fleiru, í þá lögboðnu landbúskapartöflu; en hvergi er þar viðtekin regla, að framtelja á því fènaðinn til tíundar, sem allstaðar er gjört á haustþinginu, og hefir þá líka optsinnis sú umgetna tafla verið fullgjörð, að því leyti ekki feingust skýrslur til hennar á vorþinginu, svo það er að því leyti þýðingarlítið að öðru en venjunni á sumum stöðum.

Jón Jónsson: Svo lít eg á hreppavorþingin, að þau sèu nauðsynleg og leiði mikið gott eptir sig; því fyrir utan það að fundir eru ekki svo margir í þjóðlífi manna hèr, að fært sè að fækka þeim lögboðnu, þá er alment á vorfundum þessum tekið fólks og fjártal, m. fl., sem búskapartaflan er samin eptir, og þar að auki gjörðar ýmsar aldeilis nauðsynlegar ráðstafanir í nokkrum atriðum sveitastjórnarinnar, svo sem um vegabætur, refaleitir og geldfjár upprekstur, og margt fleira, sem á vorin þarf að gjörast, og hvað ekki getur haganlega komizt á, nema með almennum fundi hreppsbænda. Eg hefi því ekki samvizku til að mæla fram með nokkurri breytíngu þessa lagaboðs yfir höfuð, en ef sèrlegar ástæður þar vestra kynnu gjöra landsmönnum þar breytínguna nytsama, vil eg ekki hafa móti sèrlegri undantekníngu í þessu tilliti.

Þ. Sivertsen: Hafi enum virðulega þíngmanni, er seinast mælti, skilizt svo bænarskráin eða orð mín, sem farið væri fram á, að vorþíng öll á landinu yrði bönnuð, þá hefir honum misskilizt. Bænarskráin fór fram á það fyrir vesturfjórðúnginn, hvar vorþíngin þykja óhagkvæm, að þau megi þar leggjast niður, og einkum regla sú, að lagt sè í tíund á vorin, meðan það ekki er regla annarstaðar. Eg ætla vorhreppskilin geti orðið haldin, þar sem vill og haganlegt þykir, fyrir því, þó leyfi feingist, að þau ekki væri haldin, hvar öðruvísi á stæði, og mundi óhult að yfirláta nefndinni, að yfirvega það. Bann á móti vorfundum manna til nauðsynlegrar meðhöndlunar þess, er þurfa þækti, hafa Vestfirðíngar ekki beðið um, og held eg þeir muni ætla sèr frjálst að halda þá, án þess að lögboð skyldi þá til þess, eða bjóði þeim það.

Jón Jónsson: Eg kannast ekki við, að lagaboðið ætlist til eður ákveði fortakslaust, að í tíund skuli leggjast á vorþingunum.

R. M. Ólsen: Það sem þingmaður Suðurþingeyinga framfærði um nytsemi vorhreppaþinga halds í norðurumdæminu, er einnig alment viðurkent í Húnavatnsþingi. Samt vil eg ei vera því mótfallinn, að undantekning verði gjörð frá aðalreglunni, því eg verð að álíta sannað, að Vestfirðingar hafi haft álitlegar ástæður til að æskja fritekningar við vorhreppskila haldið.

Eyólfur Einarsson: Eins og eg og fleiri þingmenn komu upp á á fyrsta þingi, að vorþingin leyfðust, þar henta þækti, svo er eg enn á sama máli; það er mín sannfæring, að hausthreppskil eru nauðsynleg, og má ei raska þeim. En hvað áhrærir samkomur, sem þingmenn sumir klifa á, þá sè eg ei betur, en það sem á þessu þingi skyldi gjöra, geti vel haft stað við kirkjufundi; því mèr virðist tíðir lint sóktar um þann árstíma, ef þær samkomur ei geta haft stað, enda eru samkomur þessar ekki mjög auðveldar, þar yfir sjó er að ferðast, því þann tiltekna dag má ske sumum gefi, hinum ekki; þar af flýtur, að eingin samkoma verður haldin.

Steffán Jónsson: Eg var einn af þeim, sem átti hlut að máli um þessi vorþing 1845, og gat eg þá um nytsemi og nauðsyn þeirra, á þá leið sem nú hafa nokkrir gjört, og vil eg því ekki taka það upp aptur. Eg man líka, að þingmenn af vesturlandi voru þeim þá mótfallnir; og þegar þeir eru nú svo uppvægir um þetta, nú eptir eins eða tveggja ára reynslu, eptir skipun lagaboðsins, þá lítur svo út, sem sèrstaklegt sveitar ásigkomulag þeirra gjöri þeim þetta erviðara en flestum öðrum, og vil eg því heldur mæla með nefnd í málinu, svo ástæðurnar verði metnar með og mót.

Kristján Magnúsen og Helgi Helgason mæltu og báðir með nefnd.

Varaforseti: Þetta mál sýnist þó ei vera svo nauðsynlegt, eins og þingmenn úr vesturamtinu ætla. Eg veit ekki til, að boðið sè að telja fram fè til tíundar á vori; lagaboð þetta, sem hèr ræðir um, ákveður ekkert um, hvað skuli hafast að á vorþingunum. Þingmenn kannast sjálfir við, hve góðir og þarfir fundir í landinu sèu, og að enn sem komið er, sèu þeir ekki of margir; sýnist því einginn ábati að fækka

þeim, með því að taka af vorþingin; en fyrst fáir hafa verið mótmæltir nefnd, bið eg þingmenn að velja menn í nefndina.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg mótmæli nefnd í þessu málefni. Það er ekki leingra en síðan 1845, að þingið beiddi konúng um, að vorþingin væru lögskipuð, og þyki mèr það þinginu óverðugt að fara nú að biðja um, að þau verði aftekin.

Th. Gudmundsen: Ef nefnd yrði kosin til að ræða þetta mál, er hætt við, að líkar bænarskrár mundu streyma að úr öðrum áttum, sem einnig yrðu gjörðar að álitum á þinginu, og ynnu, ef til vill, atkvæðafjölda sèr í hag. Með þessu móti uggir mig, að sú nýa löggjöf um vorþingin muni smámsaman flytja sig hèðan úr landinu, og væri það óhæfa. Eg verð því að öllu leyti að vera samdóma hinum hæstvirta konúngkjörna þingmanni, er seinast mælti, og mótmæli eg, að nefnd sè sett í máli þessu, þótt eg eingan veginn reingi sögusögn þeirra heiðruðu alþingismanna að vestan, er kunnugir eru landslagi og atvinnuvegum bænda þar, samt þeim öðrum tálmunum, er aptra þeim frá að sækja vorþingin.

Stiptamtmaður: Eg vildi einúngis geta þess, að þingið hefir í öðrum málum haldið, að ekki ætti að hreifa að svo komnu við sveitastjórn í landinu; nú virðist mèr þetta mál snerta einn part af henni, og því vil eg skjóta því undir álit manna, hvort það sè ekki samkvæmt því, er áður hefir verið gjört, að fresta máli þessu nokkurn tíma. Þegar frumvarp um sveitastjórn kemur, þá mun verða skipað fyrir um haustþing og vorþing, og má ske sett sumum sveitum í sjálfs vald, að taka þann tímann til þínghalds, sem þar er hagfeldastur. Þó eru það einstöku störf, sem mjög er áríðandi að framkvæmd verði um sama leytið yfir alt land, t. a. m. framtala manna til búskapartöflunnar. En samt sem áður held eg það eingan skaða málefni þessu, að því sè enn frestað um sinn.

Eyólfur Einarsson: Áhrærandi það sem sá konúngkjörni þingmaður mælti fyrir stuttu, vil eg leyfa mèr að svara, að þingtíðindin bera ei með sér, að flest atkvæði þingsins hafi verið fyrir því, að vorþing skyldu haldast til tíundarframtals; en hvernig á breytíngunni stendur í því efni, veit eg ei, þar lagaboðið getur ei um, hvert starf skuli fyrir taka á þeim þíngum.

Steffán Jónsson: Eg felli mig vel við það, sem herra stiptamtmaðurinn sagði um þetta málefni; eg mælti með nefnd,

af því að borið er fyrir, að hreppaskilaþing á voriu hindri bjargræðis útvegi manna; en að mótmæla þeim fyrir þá skuld, að þar fremur en annarstaðar sè af yfirvöldum skipað að telja fram til tíundar, þykir mèr lítið í varið.

Guðmundur Brandsson: Eptir því sem eg hefi þókzt verða var við hèr sunnanlands, þá hefir mèr fundizt að félagskaparandi væri ei svo vakandi, sem óskandi væri; og ef hinir lögskipuðu fundir, sem nú eru, ættu að fækka, get eg til, að fundum, yfir höfuð að tala, heldur fækkaði en fjölgaði. Eg hefi reynsluna fyrir mèr í þessu, og móti henni vil eg ekki mæla, en á móti nefnd mæli eg.

Eyólfur Einarsson: Næstliðið vor gátum við Vestfirðíngar komið saman á Þorskafjarðarfundi óskipað, sem sannar, að við Vestfirðíngar erum ekki ófúsari á mannfundi, en aðrir. Og vona eg sá andi ei út deyi með þessu þíngi.

Jón Guðmundsson: Eg verð enn sem fyrri að mæla með vorþíngunum yfir höfuð að tala; að svo miklu leyti sem eg þekki til hèr á landi, verð eg að álíta þau bæði þarfleg og þjóðleg. Vestanlands þekki eg ekki til, og má vera, að þar sèu á þeir landslags og annars kyns annmarkar, að bæn þessi sè á rökum bygð; víst var um það, að Vestanmenn mæltu þegar á móti vorþíngunum á alþíngi 1845, og ekki er mèr grunlaust um, að þeir þá hafi fremur verið bornir ofurliða með atkvæðafjölda, en með röksemdum. Mèr finnst því ísjárvert að mæla í móti, að nefnd sè kosin, því þá fyrst sèst fyllilega, hvað gildar ástæður beiðendur hafa, til að fara fram á þessa breytíngu, en innan handar, að hrinda málinu eins eptir, sem áður, ef það styðst ekki við ánægjanlegar röksemdir.

Jón Jónsson: Eg verð að vera fastur á því, að vilja ekki missa aptur fyrir smámuni eina það lagaboð, sem ákveður vorfundina; svo álít eg þá nauðsynlega og þarflega.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir líklegt, að þíngmönnum Vestfirðínga þyki eg standa seint upp til að styrkja mál þeirra; eg ætlaði ekki að tefja mikið með því þíngræðurnar, en þar þær eru nú orðnar svo lángar, verð eg að geta þess, að þegar mál þetta var borið upp á Þorskafjarðarfundinum, rèði eg mönnum til, að senda ekki bænarskrá til þíngsins að þessu sinni, heldur gjöra fyrirspurn til löggæzlustjórnarinnar, hvort lagaboðið ætti að skiljast á þá leið, er amtsbrèfið segir, nefnil. að á vorhreppaskilum eigi að telja fram til tíundar og leggja

í tíund, og senda tíundartöflurnar fyrir miðjan ágústmánuð; en af lagaboðinu verður það ekki séð, að á hreppaskilum þessum eigi að telja fram til tíundar, og lítur svo út, sem stjórnarráðið hafi gætt þess í þingtíðindunum, ásamt allri meðferð málsins, að breytíngaratkvæði það, er að þessu laut, var ekki samþykt af atkvæðum þíngmanna. Það er því einúngis vegna þess áminnzta amtsbréfs, að sumir hreppstjórar álíta skyldu sína, að halda vorhreppaskilin og taka þá tíundar framtal bænda, og flýtur þá af því, að bændur verða að vera lögskyldir til að koma á hreppaskilin, ef amtsbréfið er bygt á lagagrundvelli. Mörgum er illa við lagaboð þau, er leggja mönnum þær skyldur á herðar, er menn geta ekki uppfylt, og virðist mér þau vera einmitt til að neyða menn til að fóttroða og einkisvirða skyldur þær, er lögin bjóða, við hverju mér virðist að sem mest ætti að sporna.

Það hefir nú verið sagt, að vorhreppaskilin væru nauðsynleg til að tala um grenjaleitir og vegaruðníng; en eg veit ekki betur, en sýslumenn skipi hreppstjórum á manntalsþíngum, að halda bændum til þessa, og geta þeir það, án þess að halda um það fund, en ef um það þyrfti að halda fund, yrði það ekki sem hentugast að ákveða til þess vissan dag, því ekki eru öll fjöll fullleyst sama daginn til vegaruðníng. Þar eg held það sé ekki móti þínglögunum, að nefnd sé kosin, óska eg þess, og getur nefndin þá sagt álit sitt um það, hvort um þetta mál skuli senda bænarskrá til konúngs, eða óska útskýríngar stjórnarráðsins yfir lagaboðið.

Guttormur Vigfússon: Eg hélt það að vísu óþarfa, að eyða mörgum orðum að máli þessu; en þar fleiri af þíngmönnum hafa hreift meiníngum sínum um það, vil eg einnig geta þess, að vorþíng eru álitin þar eystra nauðsynleg í fleiru tilliti; hafa þau þar ei einúngis þann tilgáng, að telja fram fé sitt til búskapartöflunnar, heldur einnig að ræða um ýmislegt sveitarstjórninni viðvíkjandi, munu menn þar því nauðugir vilja missa af þeim. Auk þessa sýnist mér ei heldur, að mál þetta sé nú á réttum tíma upp borið, þar það á skylt við sveitarstjórnartilhögun þá, er vér bráðum vonum; en taki þíngið mál þetta, víkur það frá þeirri aðalgrundvallarreglu, sem það hefir þó gjört sér, nefnil. að hrinda öllum einstökum greinum málanna og láta þær bíða, þar til aðalmálið verður meðhöndlað,

sem í þessu tilliti mun bráðum verða. Af þessum ástæðum er eg aldeilis mótfallinn, að nefnd sè kosin í málið.

Varaforseti bað þá þingið að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skyldi kjósa eður ekki, og fèll málið með 12 atkvæðum gegn 11.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Mýrasýslu, um skattalögin. Hann kvað vísast, að þinginu þækti þessi bænarskrá of snemma upp borin, og gæti flutníngsmaður sagt til, hvort honum þækti þörf á, að hún yrði upp lesin; en ef hvorki hann nè aðrir óskuðu þess, mundi mega sleppa því.

Helgi Helgason, flutníngsmaður bænarskráarinnar, kvaðst vera þeirrar meiníngar, að hún væri of snemma upp borin, og heyrði undir skattamálið.

Varaforseti kvað þá bænarskrána fallna, þar einginn, og ekki sjálfur flutníngsmaður, styddi hana.

Því næst tók varaforseti fram bænarskrá frá Mýrasýslu, um að hreppstjórar fái laun fyrir að uppskrifa afgjald jarða, sem alþíngiskostnaðurinn er tekinn af. Hann gat þess, að í haust eð var hefðu hreppstjórar að vísu orðið að hafa töluvert fyrir þessum starfa, þar eð skipunin hefði borizt þeim svo seint, að liðin hefðu verið hreppaskilaþíng, en þetta mundi eptirleiðis verða hreppstjórum hægra viðfángs, og vissi hann því ekki, hvort óskandi væri, að hreppstjórar feingju laun fyrir þessa fyrirhöfn framvegis. Þó kvað hann öllu vel, að bænarskráin mælti sjálf með sèr, og fèkk hana umboðsmanni Ólsen, sem las hana upp fyrir þínginu.

Stiptamtmaður: Þess vil eg geta, að reglan er sú, að hreppstjórar fái ekkert í opinberum málefnum fyrir skriptir sínar, þó þeim aukist við það byrðar á herðum. Þó eru til undantekníngar, t. a. m. í fátækrastjórninni, að þeim er leyft að reikna sèr litið eitt í þóknunar skyni fyrir skriffaung. Lítist þínginu að stínga upp á einhverjum þokkabótum fyrir þau störf, sem hèr er um að ræða, þá er það ekki ósamgjarnt í sjálfu sèr. En vera mætti, að nefnd sú, sem á að segja álit sitt um alþíngistollinn, vildi taka að sèr þetta atriði, því mèr virðist málið of lítið til að kjósa sèrstaka nefnd til að rannsaka það.

Steffán Jónsson: Það mun flestum kunnugt, að ekki hefir þókt liggja laust fyrir híngað til, að sjá hvaðan taka ætti laun handa hreppstjórum, og mun enn í þessu efni að sama

brunni bera, enda held eg þeim bregði ekki við, þó þeir fái ekki þetta starf borgað, framar en annað; þetta verk var líka erviðast í fyrsta sinn, en verður léttara hér eptir. Hvað aðstoðarmennina snertir, sem bænarskráin talar um, er óvíst, að það þurfi að koma fyrir þá sömu optar, en einu sinni; því víða kann að mega skipta um þá, og ekki er víst, að það verk hafi hitt á marga fátæklinga, sem fyrir þá skuld sæti bágindum. Eg sé því ekki, að þingið geti skipt sér af þessu smávegis málefni.

Þ. Gudmundsen: „Verður er þó altjent verkamaðurinn launanna“. Þetta nær jafnt til hreppstjóranna, sem annara. Það er alkunnugt, að hreppstjórar starfa launalaust, og bætist þó á störf þeirra á ári hverju, einkum hvað áhrærir ýmsar skýrslur. Þetta getur einginn kunnugra verið, en sýslumönnum, sem bæði fá skipanirnar um þessi erindi hreppstjóranna, og verða aptur og aptur að senda þá í ýmsar áttir. Það er því mjög svo sanngjörn krafa, sem hér er farið á flot, og vil eg með alhuga styðja að því, að málefni þetta verði tekið til íhugunar af þinginu, þess heldur sem það stendur í nánu sambandi við kostnað þann, sem af alþingi rís, og vita þó allir, að allir jafnvel þeir lægri þjónar, sem vinna þinginu, fá laun, eins og vera ber. Laun hreppstjóranna og þeirra, sem að jarða afgjaldsskýrslunum vinna, þurfa ekki að vera svo há, einúngis er það áríðandi, að þessum þjónum sé sanngjarnlega borgaður þessi starfi þeirra. Það mundi verða óvinsælt, ef þessir menn yrðu eingra launa aðnjótandi, en gjöra mundu þeir sig þó ánægða í þessu skyni með eitthvað lítið kaup, sem sanngjarnt mætti álítast. Jeg verð því að vera þeirrar meiníngar, að mál þetta verðskuldi þingsins íhugun, og að það verði rædt af því; þó læt eg það svona vera, þó sérstakleg nefnd ekki sé sett í því, en læt mér þá nægja, að það verði, eins og stiptamtmaðurinn stakk upp á, afhent til meðferðar nefnd þeirri, sem kosin er til að rannsaka breytíngar í alþíngiskostnaðar tilskipuninni.

Varaforseti: Eg ætla það og réttast, að bænarskrá þessari verði gaumur gefinn, því allir játa það, að þau ein séu kjör hreppstjóranna, að fremur sé þörf á að bæta þau, en skemma. Eg er á sama máli og stiptamtmaðurinn og hinn konúngkjörni þingmaður, er síðast mælti, að bezt sé að fela þessa bænarskrá á hendur nefndinni, sem kosin er til að íhuga

niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, og hafi þingið ekkert á móti því, vil eg fá formanni þessarar nefndar bænarskrána.

Jón Jónsson: Nefndin hefir ekki að sönnu móti því, að taka á móti bænarskránni, en ekki tók eg eptir, hvort hún ætlaðist til, að borgun feingist fyrir hin umliðnu störf, og vildi eg flutníngsmaður tæki í því atriði tilgáng beiðendanna fram.

Ásgeir Einarsson: Mèr sýnist það sjálfsagt, þegar beðið er um nýtt lagaboð, að það eigi að gilda fyrir eptirkomandi, en ekki umliðinn tíma.

Varaforseti kvað eingan vafa á, að þetta væri meiníng bænarskráarinnar.

Jón Jónsson: Sem áður er sagt, tekur nefndin móti bænarskránni, þó mèr sýnist um lítið að gjöra í hennar tilliti; því hvað skýrslur þær snertir, sem alþingiskostnaðurinn er niðurjafnaður eptir, þá er nú allareiðu búið að brjóta ísinn með tilbúníng þeirra, og því ekki mikilsvert hèðan af, eptir þeim að útreikna kostnaðinn, eða gæta þess, hver breytíng verður í eptirgjaldi jarða í hreppi hverjum.

Varaforseti afhenti þá bænarskrána nefndinni um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, og tók fram bænarskrá frá Mýrasýslu um brúkun íslenzkrar túngu, og fèkk hana biskupi Thordersen, formanni þeirrar nefndar, sem áður var kosin í þessu máli.

Kr. Magnúsen: Eg leyfi mèr, áður fundi er slitið, að fara fram á það við hinn háttvirta varaforseta, að nefndinni í málefninu um kirknarètt og skyldur í gjaldi og skuldatöku, mætti veitast aðstoðarmaður, samkvæmt 65. grein alþingistilskipunarinnar, og eins og opt hefir tíðkazt hèr á þínginu, þar málefnið bæði er yfirgripsmikið og vandasamt; og leyfi eg mèr þar til að nefna assessor Johnsen, sem enn þá ekki hefir haft hèr mörgum störfum að gegna.

Varaforseti kvað það sjálfsagt hafa verið meiníngu þíngsins, að 3 manna nefnd mundi nægja, en víst hefir þingið ekkert móti því, að Johnsen, ef hann er þess fús, takist á hendur störf í nefndinni, og mundi hann því heldur láta nefndinni aðstoð sína í tè, sem hann ei áður hefði verið kosinn í nokkra nefnd.

J. Johnsen: Þó eg efist mjög um, að nefndin muni græða nokkuð að liði af aðstoð minni í þessu máli, sem nú ræðir

um, skal eg samt ekki skorast undan að verða við tilmælum hennar, ef nefndarmenn allir eru á það sáttir, að eg vinni að málinu með þeim.

H. G. Thordersen: Eg, sem einn nefndarmanna, hefi ekkert móti þessu, eins og eg hins vegar vona, að ekki hafi verið stúngið upp á þessu af ótta við mig, þó eg sè einn í nefndinni, en eingan veginn ætla eg að spilla fyrir neinu góðu málefni.

Varaforseti: Bænarskrár þær, sem síðast eru inn komnar til þingsins og á morgun verða teknar til inngángsumræðu, eru þessar:

1. Bænarskrá frá Þórnessfundi, um aftöku hreppaskilaþinga á vori.
2. frá sama fundi, um takmörk vesturamtsins.
3. Þegnlegt frumvarp frá þingmanni Suðurþingeyarsýslu, um jarðamatið.

Nefndarálit í ferðakostnaðar málinu, sem í gær var lagt inn á lestrarsalinn, verður rædt næsta laugardag.

Sagði svo varaforseti fundi slitið, og ákvað fund kl. 10 næsta dag.

---

13. júlí — tíundi fundur.

Þingbók frá næsta fundi upp lesin og samþykt. Allir á fundi.

Þá tók varaforseti fram bænarskrá frá Þórnessfundi, um aftöku hreppaskilaþinga á vori; hann kvaðst verða að álíta þessa bænarskrá fallna, þar eð þingið í gærdag hefði frávísað annari sama efnis.

Því næst tók varaforseti fram aðra bænarskrá frá Þórnessfundi, um takmörk vesturamtsins, og afhenti hana flutningsmanni, kammeráði Magnúsen, er las hana upp fyrir þinginu, og var hún svo látandi:

Heiðruðu alþingismenn og fulltrúar.

Vèr þurfum ekki með mörgum orðum að skýra fyrir yður, það sem þèr, eins og aðrir landsmenn vorir, viðurkenna, að forfeðrum vorum hafi vel tekizt fyrir sig og seinni tímana mörg hver niðurskipan, er þeir gjörðu í og á landi þessu, og efalaust þar á meðal aðgreining landsins í fjórðúnga; því það er ljóst, hversu innbyrðis stjórn og lögreglu hefir þessa vegna

orðið betur fyrirkomið, og hún bæði í því almennilega og sèrstaklega verið heilladrjúgari. Vèr þykjumst því ei þurfa að taka fram lángorðar ástæður við yður, til að gefa yður hvöt þá, sem vèr vonum að sjálfkrafa sè öflug í og með yður, að halda lögstjórnar niðurskipun í landinu óveiklaðri meðal vor, sem hlut eigum að máli, á ytri, og meginlandinu fjarlægari, takmörkum, og því skorum vèr á yður og alvarlega óskum, allir í einu hljóði, að þèr nú strax berið umsorgun fyrir,

1. að vesturamtið haldi takmörkum sínum óbreyttum, eins og verið hefir, meðan landið aðgreinist í fjórðúnga; því það er samhuga ósk vor allra, að sú uppástúnga, að Mýrasýsla sè skilin frá vesturamtinu og leggist til suðuramtsins, aldrei fái framgáng, svo sem sú, er allri sannsýni og rèttvísi sè gagnstæðileg, Vestfirðíngum öllum skaðleg og hvervetna jafnmótstæðileg; en skyldi nokkur breytíng ske þvert á móti ósk vorri og vilja, virðist oss tilhlýðilegra, að vesturamtið næði sínum elztu fjórðúnga takmörkum við Botnsá við Hvalfjarðarbotn, en þá er auðvitað, að Borgarfjarðarsýsla heyrði til vestfirðíngafjórðúngi, samkvæmt enum elztu fjórðúngaskiptum; og að
2. yfirstýrir amtsins, meðan amtmenn eru í landinu, sè gjört að skyldu, að vera þar í landsfjórðúngi þessum búsettur, sem hægast er og fljótast er fyrir alla fjórðúngsmenn að ná til hans og hafa not af hans embættisstörfum.

Á frjálsum fundi Vestfirðínga að Þórnesi við Þíngvelli, þann 23. júní 1849.

(Með 37 nöfnum undirskrifuðum).

Eptir það mælti flutníngsmaður: Þar eð eg ekki get efazt um, að þeim heiðruðu þíngmönnum muni virðast sú upplesna bænarskrá sè á gildum rökum bygð, svo vona eg, að þeir gjöri góðan róm að því, að nefnd verði kosin til að yfirvega og meðhöndla málefnið, sem er svo mikils umvarðandi, þar sem um rèttindi eins heils landsfjórðúngs er að gjöra, að þau ekki verði fyrir borð borin, sökum eigingirni einstakra manna og af öðrum slíkum orsökum.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg veit ekki, hvort öðrum þíngmönnum hefir dottið það sama í hug, sem mèr, að bænarskrá þessi sè að berjast við sinn eiginn skugga. Mèr í hið minnsta er það óljóst og ókunnugt, að nokkur breytíng sè í vændum á takmörkum vesturumdæmisins, eins og líka hitt, að

sameina eigi Mýra og Borgarfjarðar sýslur. Má ske stiptamtmaðurinn vildi gefa þinginu upplýsingu um, hvort svo er.

Stiptamtmaður: Það er alveg satt, sem sagt er, að komið hefir það til orða, hvort Mýrasýsla ætti, þegar fram liðu stundir, að fylgja vesturamtinu. Er upphaf máls þessa það, að stiptamtmaður, sem þá var, Bardenfleth gjörði 1838 25. júní uppástúngu um það, að 3 jarðir í Mýrasýslu, Stafholtsey, Húsafell og Kalmannstúnga, yrðu lagðar frá Mýrasýslu undir Borgarfjarðarsýslu. En af því þetta væri óhagnaður sýslumanninum í Mýrasýslu, var þess getið í uppástúngunni, að rèttast mundi að fresta þessu, til þess er sýslumanna skipti yrði. Rentukammerið svaraði 27. okt. 1838, að það fyndi ekki ástæðu þá um sinn, að halda því máli leingra áfram. Nú er það kunnugt, að Lund sýslumaður lèt af sýslustjórn í Mýrasýslu, og fór af landi burt, sömuleiðis að Jóni sýslumanni Pèturssyni var veitt Borgarfjarðasýsla, og að hann um tíma gegndi amtmannsstörfum í vesturamtinu. Bar eg þá þessa spurníngu undir hann, hvort nú væri ekki kominn sá tími, að leggja mætti jarðir þær 3, er nefndar voru, til Borgarfjarðarsýslu, eða hvort ekki væri mögulegt að sameina báðar sýslurnar; og ritaði hann mèr svar sitt aptur. Því næst ritaði eg rentukammerinu 2. marz 1848, og bar upp að nýu þetta mál, að jarðir þessar væru lagðar til Borgarfjarðarsýslu; spurði einnig að, hvort ekki mundi tiltækilegt að leggja Hnappadalssýslu saman við Snæfellsnessýslu, en Mýrasýslu saman við Borgarfjarðarsýslu, og um leið drap eg á það, hvort ekki mætti auka Mýrasýslu við suðuramtið, sem þó eingan veginn nauðsynlega leiddi af sameiníngu hennar við Borgarfjarðarsýslu. Rentukammerið svaraði mèr aptur 3. júní 1848 á þessa leið: „að eptir samkomulagi við dómsmála-stjórnarráðið þækti rèttast, að „gefa alþíngi Íslendínga tækifæri til að segja álit sitt um uppástúngu stiptamtmannsins, áður en málefni þessu væri ráðið til „lykta“. Það má þess vegna gánga að því vísu, að konúngsfulltrúi komi með skjöl þessa máls og nefnd verði sett í því, ef hún á annað borð ekki verður kosin nú þegar, sem mèr þó virðist vera rètt. Álit Jóns sýslumanns Pèturssonar á máli þessu hefi eg sèð, og er það nú hjá rentukammerinu, en álit Thorsteinsons konferenzráðs, hafi hann á annað borð ritað um málið, hefi eg ekki sèð. Mèr þykir líklegt, að ekkert verði því til fyrirstöðu, að skjöl þessi verði feingin nefndinni

til skoðunar, ef konúngsfulltrúinn hefir þau með sèr, en uppástúngu mína get eg sýnt henni. Hvað við víkur breytíngu á takmörkum vesturamtsins, þá er margt, sem að því styður, að amtsmótin sèu ekki við Deildargil, sem er lítil á, heldur sèu þau færð að Hvítá eður Norðlíngafljóti. Þegar talað er um vegabætur, þá hefir Mýrasýsla lítið tilefni til að takast á hendur vegaruðníngа uppi á fjöllum, nefnilega nyrðsta hluta Kaldadalsvegar eður Skúlaskeið og niður að Hvítá, sem er þó mjög ógreiður vegur yfirferðar; en áður ruddi fjallvegafèlagið það af honum, sem kalla mátti fjallveg, en hitt, sem talið var til bygða, vildi fèlagið ekki taka upp á sig; hefir því sá kaflinn, að því eg held, orðið út undan öllum vegabótum, því innbúar Mýrasýslu hafa varla afskipti viljað hafa af honum, nema hafi sýslumaður sá, sem þar er nú yfir, gjört á því einhverja breytíngu. Enn fremur má telja það sem ástæðu til þess, að amtsmótum verði breytt og áður nefndar jarðir lagðar til Borgarfjarðarsýslu, að Húsafell liggur undir prestinn í Reykholti, og snertir það einnig sáttaskipun. Eins er um það, ef þeir embættismenn, sem eiga ókeypis flutníng, fara úr Þíngvallasveit norður Kaldadalsveg eða fyrir Ok, eða suður þessar sömu fjallleiðar, þá koma þeir við í vesturamtinu, þar sem um Kalmannstúngu eða Húsafell er að gjöra, einnig þó þeir ekki vilji fara leingra norður, en einúngis í hina efstu hreppa í Borgarfjarðarsýslu, og því á jafnaðarsjóður vesturamtsins eptir opnu brèfi 10. febr. 1847 § 2. að gjalda ferðakostnað þeirra fyrir það lítið, sem þeir hafa inn í þann fjórðúng farið. Mèr virtist, þegar eg fór þessa leið í fyrra á embættisferð minni um Borgarfjarðarsýslu, að jafnaðarsjóður suðuramtsins ætti að borga það, og skrifaði eg rentukammerinu, sem þá var, um það efni. Slíkt hið sama getur komið fyrir biskup og landlækni.

Hvað þá spurníngu snertir, hvort steypa eigi saman Borgarfjarðar og Mýrasýslum, þá er margt, sem mælir fram með því. En hitt leiðir eingan veginn þar af, að þær legðust báðar undir suðuramtið. Opt á það sèr stað í Danmörku, að hèraðs- og bæar-fógetar hafa 2 amtmenn yfir sèr. Vera má, að því fylgi nokkuð meiri umsvif, en þá eru og launin því samfara. En legðist nú Borgarfjarðar og Mýrasýsla saman, þá ætti og Hnappadalssýsla að sameinast Snæfellsnessýslu. Kemur þetta einnig heim við hin kennimannlegu skipti, þar sem einn er prófastur yfir tveimur, Snæfellsness og Hnappadals-

sýslum, og hin fornu sýsluskipti munu einnig hafa verið á þá leið. Færi svo, að föst laun yrði ákveðin handa sýslumönnum, þá er einnig betra fyrir fjárhag landsins, að sýslumenn sèu færri, svo útgjöldin til þeirra sèu minni. Eptir því sem skattamálsnefndinni segist frá, hefir um árin 1833—1838 eptir meðaltali, hver alin reiknuð á 15 skildinga, öll þegnskylda af landinu verið að upphæð 19,086 rbd. 30 sk. Þar af hafa að eins runnið í konúngs sjóð og aðra opinbera sjóði 6384 rbd. 82 skild.; hefir þá lent hjá sýslumönnum 12,701 rbd. 44 sk. En væru þeir komnir á föst laun, gæti svo farið, að landsmenn hefðu minni útgjöldum að svara, en þegnskylda sú er, sem nú hvílir á þeim. Það má einnig kalla merkilegt, í samanburði við það, sem viðgeingst annarstaðar, að hèr á landi, þar sem eru ekki nema 56000 manns, skuli vera 19 sýslumenn og 1 bæarfógeti. En samt sem áður vil eg ei fastlega fylgja því fram, að Mýra- og Borgarfjarðarsýsla verði lagðar saman. Síðan eg fór að hugsa meira um verzlunarmálið og rita um fyrirkomulag verzlunarinnar hèr á landi, hefir skoðan mín á sameiníngu þessara sýslna blandazt nokkrum efa; því þegar á verzlanina er litið, þá er auðsèð, að öll þörf er á, að sýslumenn sèu nálægir þeim kaupstöðum, þar sem útlenda verzlunin flyzt beinlínis að. Í Snæfellsnessýslu eru mörg kauptún; því kynni það verða ervitt, að Hnappadalssýslu yrði aukið við hana. En því mega þíngmenn vera kunnugir. Ekki er heldur óliklegt, að kaupstaður komist á fót í Krossvík, eins og t. a. m. í Hafnarfirði, og held eg þá, að sýslumaður ætti að búa á Akranesi, og yrði þá, ef til vill, ervitt Mýramönnum að ná til hans. Áður en verzlunarmálið kom til, hafði eg ætlað, að sýslumaður skyldi búa í Andakílshrepp, ef sýslurnar yrðu sameinaðar. Annað mál, sem einnig stendur í nánu sambandi við þetta, snertir póstgaungur um landið. Annaðhvort verða póstgaungur faldar á hendur amtmönnum og sýslumönnum, og þá verða þeir að búa á fast ákveðnum stöðum, eða þá prestar, umboðsmenn eða aðrir, sem búa á tilteknum föstum stöðum, takast póstgaungur á hendur. Hvað nú póstgaungu hèðan snertir norður og vestur, þá er Hvalfjörður til mikillar tafar á þeirri leið, en báðar póstgaungurnar koma saman í Borgarfjarðarsýslu. Það er einnig gömul hugmynd, frá því fyrst komust hèr á póstferðir, að þær skyldu sameinast efst í Mýrasýslu, og þá ætti ekki illa við, að einn væri sýslumaður í

henni og Borgarfjarðarsýslu, en hvort sem hann yrði á Akranesi eða annarstaðar, þá væri nauðsynlegt sem fyrst að ákveða, hvar hann skyldi hafa aðsetur. Og hitt er víst, að það er gott, að póstgaungur séu settar í samband við þetta mál. Vilji menn endurbæta póstferðir um landið, verða menn fyrst að vita, á hvaða stöðum sýslumenn skuli búa. En eins og þessu hagar enn þá til, er ómögulegt að koma þar á nokkru lagi.

Af bænarskrá þeirri, sem nú var síðust lesin hèr á þingi, er auðráðið, að Vestfirðingar vilja ekki missa frá sèr Mýrasýslu, því í henni eru, ef til vill, góðar sveitir, og tíundir háar, en aptur að hinu leytinu lágar tíundir í öðrum sýslum vestfirðingafjórðúngs, t. a. m. sumstaðar í Snæfellsnessýslu. Þá er hitt eptir að vita, hvort ekki megi leggja Borgarfjarðarsýslu undir vesturamtið. Hvað amtmanninn í suðuramtinu snertir, þá liggur það í augum uppi, að hann má fremur æskja þess, að umdæmi hans minki, en aukist. Suðuramtið er mjög stórt, þegar litið er yfir það vestan frá Borgarfirði austur að Lónsheiði; en vesturamtið ekki stórt, allra helzt þegar litið er til innbúatölunnar þar. Hèr má heldur ekki líta á það, hvað er hagur amtmanna, heldur einúngis á hitt, hvað er hagur innbúanna. Má þá spyrja um það, hvort Hvalfjörður ætti ekki að ráða fjórðúngaskiptum, og er það að vísu aðalskilnaður í landinu, af því hann leggur svo miklar tálmanir á samgaungur manna, en einmitt þess vegna ber nauðsyn til að greiða sem mest þessa samgaungu, og eru líkindi til, að innbúar suðuramtsins vildu heldur, og ættu, ef til vill, hægra með að styrkja innbúa Borgarfjarðarsýslu í sameiginlegum fyrirtækjum í þeim tilgángi, heldur en innbúar vesturamtsins, sem minna hafa saman við Borgfirðinga að sælda, að Mýrasýslu undanskildri; mælir því frá því sjónarmiði nokkuð með því, að Borgarfjarðarsýsla sè, hèr eptir sem hingað til, saman við suðuramtið. En þar nú hefir verið talað um takmörk vesturamtsins, á þá hlið sem horfir við suðuramtinu, þá má einnig minnast á takmörk þess, þeim megin sem að norðlendíngafjórðúngi snýr. Geingi Húsafell og þær hinar 2 jarðir undan vesturamtinu, mætti, ef til vill, endurgjalda það með því að leggja allan Hrútafjörð til vesturamtsins, og það því heldur sem sókt hefir verið um, að sameina Staðarbrauð og Prestbakkabrauð. Þá er og nýtt kauptún stofnað á Borðeyri, og yrði þar að líkindum sýslumannssetur í náud við. Einnig

mætti þá, og væri vel til fallið, í endurgjalds skyni við norðausturamtið að leggja austari part Skaptafellssýslu saman við Suðurmúlasýslu, en sýslumaður hefði aðsetur á Berufirði; ætti það einkar vel við áform það, sem komið er í ljós, að koma fótum undir siglingar inn á hafnir í Austurskaptafellssýslu, því sú verzlan á að vera í sambandi við Berufjarðar kaupstað. Þá gæti og sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu, eins og hingað til, búið vestur í Mýrdal, en annars færi betur, að hann byggi einhverstaðar austar í sýslunni. Þessu hefi eg hreift, því eg álít það þarft, að nefnd verði sett til að íhuga mál þetta, og með því þingið hefir gefið sig við að tala um takmörk amtanna, þá á bezt við, að talað sé um þetta efni alt í einu.

Annað atriði í bænarskránni var um aðsetur amtmannsins í vesturamtinu; það er samkvæmt minni meiningu, sem þar segir um það; og virðist nú vera hentugur tími til þess, þar sem amtmanna skipti eru nýorðin fyrir vestan, en amtmaðurinn nyrðra nýsálaður. Sumir hafa óskað, að amtmaðurinn í norðausturumdæminu byggi í Eyafjarðar kaupstað, en meðan það er ekki fast ákveðið, er ei að búast við, að svo yrði, nema, ef til vill, um stundar sakir. Hvað önnur sýslumanna setur snertir, þá mætti seinna skipa fyrir um það, eptir að þingið væri búið að viðurkenna sem almenna reglu, að þeir skyldu hafa fast ákveðna bústaði. Þess vegna væri það óskandi, að þingið vildi láta álit sitt í ljósi einnig um þetta atriði.

Að öðru leyti held eg sjálfsagt, að sitja megi við þá nefnd, sem nú yrði kosin, og ekki þurfi að kjósa nýa nefnd, þó málefni þetta komi frá stjórninni, því það kemur ekki sem konúnglegt frumvarp, heldur verður það sem eins konar spurning lagt fyrir alþingið.

Varaforseti: Áður þingmenn gánga til atkvæða um það, hvort nefnd skuli kjósa, eður ekki, finnst mèr skylt að gefa þinginu nokkrar athugasemdir og upplýsingar í þessu máli, einkum þar eð ætla má, að eg sè nokkuð kunnugur bæði takmörkum vesturamtsins sjálfs yfir höfuð, og eins hvað snertir þessar tvær sýslur, sem hèr er rædt um.

Hvað þær þrjár jarðir snertir, sem sýslumaðurinn gat um að óskað hefði verið að legðust til Borgarfjarðarsýslu, þá er það að segja um tvær þeirra, Stafholtsey og Húsafell, að þær um lángan aldur í geistlegu tilliti hafa heyrt undir Borgar-

fjarðarsýslu, en Kalmannstúnga hefir frá alda öðli verið talin til vesturamtsins. Stafholtsey var að vísu upprunalega í vesturamtinu, en þegar Hvítá breytti farvegi sínum, lenti eyan, sem bærinn er á, í Borgarfjarðarsýslu, en í verzlegu tilliti var þó jörðin talin með vesturamtinu; hin jörðin, Húsafell, hefir frá öndverðu heyrt Borgarfjarðarsýslu til í geistlegu tilliti.

Hvað amtaskiptin snertir, lýsir bænarskráin eingri óánægju yfir því, að þau takmörk amtanna haldist, sem nú eru; því ætla eg, að nefnd sú, sem kosin yrði, ætti alls ekkert að hreifa við því, fyrr en eitthvað kæmi um það frá stjórninni.

Mèr er ókunnugt um, hve hentugt það væri, að sameina Hnappadals og Snæfellsnessýslu, og er það þó fóturinn undir sameiníngu Mýrasýslu og Borgarfjarðar, því þessi sameiníng gæti ekki átt sèr stað, nema Hnappadalssýsla væri skilin frá Mýrasýslu; en þeir af þíngmönnum, sem kunnugri eru í Mýrasýslu en eg, vita, hvað greiðir og góðir vegir í henni eru; víst er það, að frá Botnsá er ákafleg vegaleingð til vestustu takmarka Mýrasýslu. Reynslan hefir nú og sannfært Borgfirðínga um, og enda sýslumann sjálfan, hve miklum erviðleikum það sè bundið, að eitt yfirvald þjóni báðum sýslunum; Borgfirðíngar hafa fundið til þess, hvað lángt þeir eiga að sækja til yfirvalds síns, og því kvartað yfir því. Eg ætla því þessa sameiníngu beinlínis gegn ósk Borgfirðínga. Eins mundu Mýramenn una því illa, ef sýslumaðurinn byggi í Borgarfjarðarsýslu, og því verr, sem sunnar væri.

Ef þíngið því kysi nefnd þegar í dag, ætla eg, að sú nefnd ekki gæti, fyrr en frumvarp stjórnarinnar kemur, tekið málið fyrir, að öðru leyti en því sem bænarskrá þessi og önnur, er eg tók við í morgun, frá Þorskafjarðarfundi, sama efnis, ákveða. Þær óska sömu takmarka og verið hefir, en ætti þeim að breyta, þá að þau heldur færðust suður á við, en vestur á við. Eg fyrir mitt leyti held það jafnógeðfelt og óhagkvæmt, á hvorn bóginn sem takmörkin væru færð. Borgfirðíngum er orðið ljúft og tamt, að bera byrði með sýslubúum suðuramtsins, mundu þeir þar fyrir kunna því illa, að slíta fèlag við þá, og takast á herðar í öðru fèlagi nýar byrðir, er þeim, ef til vildi, væri ótamari. Að vísu er eingin bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu komin til þíngsins um þetta efni, því menn vissu þar einga von til, að þetta mál nú væri á nokkurri hreifíngu frá stjórninni.

Þ. Sveinbjörnsson: Hafi eg tekið rètt eptir þeirri laungu ræðu stiptamtmannsins, þá má frá stjórnarinnar hendi vera væntanlegt til þingsins konúnglegt álitsmál, þessu efni viðvíkjandi, sèr í lagi um það, hvort ráðlegt sè, að sameina Mýra- og Borgarfjarðar-sýslur. Mèr þykir því rèttast, að skjóta þessu málefni á frest, þángað til þetta konúnglega álitsmál kemur. Eg get ekki heldur sèð, að hèr sè nein hætta við biðina, svo að umræða um málið nú þegar sè nauðsynleg, eða neitt fyrir henni flýtandi. Ýmisleg önnur breyting á sýsluskiptum í öllu landinu og annað fleira þess konar held eg sè þetta efni að öllu óviðriðið; um það er ekkert lagt fyrir þetta þing í þetta sinn, og á því ekki af því að skoðast; þó stiptamtmaður hafi í ræðu sinni að nokkru leyti birt um það huga sinn, held eg þinginu hvorki leyft nè skylt, að gjöra það frekar að álitum.

Þ. Sivertsen: Mèr þykir þó mjög svo vænt um, að málefni þessu var hreift hèr á þinginu; það verður þó til þess, ef ekki annars, að bæði þingmenn, og þjóðin sjálf á eptir, fær nokkurs konar hvöt til að íhuga og yfirvega það betur, en hingað til, og tel eg þá víst, að allir þeir, sem skoða málefni þetta og alt hvað að því hnígur, nákvæmlega, kynna sèr kríngumstæðurnar, afla sèr hæfilegs kunnugleika um landslag og fleira, og ekki eru háðir hagsmunagirnd einstaklínganna; eg tel það víst, segi eg, að þeir muni þá hljóta að viðurkenna, að sú samsteyping amtsumdæma og sýslna, sem bænarskráin afbiður, geti ekki annað en álitizt óhagkvæm mjög yfir höfuð, og skaðleg, og vil eg ekki tefja fyrir þinginu með nákvæmari útlistun þess, er eg ætla miður við eiga í inngángsumræðunni.

Eg vildi samt leyfa mèr að geta þess, í tilliti til fyrri ræðu ens heiðraða konúngkjörna þingmanns, konferenzráðs Þ. Sveinbjörnssonar, að Vestfirðingar þóktust hafa næga hvöt og fullkomið tilefni til að semja bænarskrár þessar og senda alþingi, því þeir þóktust vita það fyrir víst, að í hitt eð fyrra hefði hèr á þingi komið fram uppástúnga um, að vesturumdæmið yrði lagt undir suðurumdæmið, sem er eitt af því, sem bænarskráin nú afbiður, því þó þingið þá feldi og hryndi uppástúngu þessari næstum samhuga, þóktust Vestfirðingar ekki vita það fyrir víst, hvort samsteypu hugmynd þessi væri horfin svo úr allra brjóstum, að ekki kæmi samslags frum-

varp enn á gáng. Um hreifingu þess, að Mýrasýslu yrði steypt saman við Borgarfjarðarsýslu, þóktust menn líka vita; en herra stiptamtmaðurinn hefir nú svo ljóslega skýrt frá því, að eg þarf ekki að færa frekari sannanir fyrir því; en hinir virðulegu þingmenn frá þessum sýslum geta sjálfir bezt skýrt frá því, hversu óhagkvæm og ógjörleg sú sýslusameiníng mundi verða, og sýslubúum því ógeðfeld, og hefir nú hinn heiðraði varaforseti, sem þingmaður Borgfirðínga, greinilega tekið fram, og látið þínginu í ljósi sitt álit. Hvað loksins snertir bæn þá, að amtmanni vesturumdæmisins hèr eptir verði gjört að skyldu, að búa þar í umdæminu, sem hægast verði til hans náð af umdæmisins innbúum, þá voga eg óhræddur að skjóta því til álits þingsins, hvort vestanmenn ekki hafi haft fult tilefni til bónar þessarar, þegar aðgætt er, að þeir tveir amtmenn, sem þar hafa seinast liðin 40 til 50 ár verið, hafa búið, sá fyrri utan umdæmisins suður á landi, og sá seinni varð, fyrir næstum 30 árum, að taka sèr bólfestu á yzta odda umdæmisins, þar sem innbúum var óhentugast, og held eg hèr af ljóst, að í þessara bænarskráa tilliti hafi Vestfirðíngar haft meira, en skuggann einn, að berjast við; eg ætla það hafi verið hlutirnir sjálfir. Að nú ekki megi kjósa nefnd þess vegna, að stiptamtmaðurinn lèt ráða í, að konúnglegt frumvarp, viðvíkjandi sýslna sameiníngunni, væri í vændum, get eg ekki fallizt á; það þókti undir von í gær, nær en konúnglegu frumvörp kæmu; mèr virðist það enn nú í dag vera undir sömu von, hvort og hve nær þau koma, og þó svo færi, sem menn vona og óska, að frumvarp þetta komi bráðum, held eg því geti ekkert verið til fyrirstöðu, að frumvarp það yrði afhent nefnd þeirri, sem nú yrði kosin, eins og herra stiptamtmaðurinn vèk á. Að endíngu vil eg, með tilliti til ræðu ens heiðraða varaforseta, benda á það, að eptir þeim kunnugleika eg hefi um Snæfellsnessýslu, þá ætla eg hana fullörðuga sóknar, þó ekki væri bætt við Hnappadalssýslu, og ekki sízt, skyldi nú svo fara, að sýslumanni þar yrði gjört að skyldu, að vera búsettum í eða nálægt Stykkishólmi, sem ekki er ólíklegt, einkum kæmist verzlunarfrelsið á.

Það getur nú farið svo, að þíngið samt hrindi málefni þessu frá nefnd, eins og gjört hefir verið fleiri málefnum, en eg hugga mig samt við það, að því sè svo lángt komið, að sèð verði, að sameiníngar þær, sem hèr ræðir um, sèu ógeð

feldar og fái mótmæli, eins og eg þykist þess fullviss, að *þingið missi aldrei þess réttar*, að fá að segja álit sitt um eins mikils varðandi málefni, sem þetta, og hefi eg það traust á þinginu, að málefnið sé og komist þá í góðar hendur. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu, að nefnd verði strax kosin, með hverju eg mæli fastlega, og held eg varla mundi veita af 5 manna nefnd, til þess að sem flestir kunnugir gætu í henni verið.

Stiptamtmaður: Eg get þess einúngis, að það er vafalaust, að mál þetta verður borið undir alþíngi, eptir því sem segir í brèfi rentuk. frá 3. jún. 1848, og það er meðal annars ástæða til þess, að Borgarfjarðarsýsla hefir ei enn þá verið veitt, og að Jón sýslum. Pètursson hefir verið settur þar að minni ráðstöfun, og yrði alþíng á því, að steypa henni saman við Mýrasýslu, þá var ei ástæða til að setja þángað annan sýslumann um stundar sakir. Þó nú svo færi, að konúngsfulltrúi ekki kæmi, þá mundi eg þó hafa álitið það skyldu mína að leggja mál þetta undir álit alþíngis, og hefi eg þess vegna farið svo lángt fram í mál þetta nú í dag, því eg vildi eins vel gjöra það alt í eitt skiptið, eins og bíða seinni tímanna. Vera má, að þingið vilji bægja málinu frá, fyrir þá sök að það sè umboðslegs efnis, en stjórnin hefir þó litið annan veg á það, og sýnt í þessu, að þegar sèrlegar ástæður eru til, þá er það einnig ósk hennar að fá álit þingsins um þess konar mál. Það var einnig eitt atriði, sem Jón sýslumaður Pètursson benti til að nauðsynlegt væri að alþíng segði álit sitt um; hann hèlt nefnilega, að ef sýslurnar yrðu samanlagðar, þá hlyti einúngis einn þingmaður að fara til þings úr Mýra og Borgarfjarðar sýslum, og einn úr Snæfellsness og Hnappadals sýslum, eptir 13. gr. alþ. tilsk. En eg hèlt, að þetta yrði að standa óhaggað, þángað til alþingistilskipaninni yrði breytt. Þykir mèr það einnig vel til fallið, að þingið segi álit sitt um það, hvort breyting skuli verða á kjördæmum, ef sýslutakmörk breytast. Enda stendur þetta í nánu sambandi við kosningarlögin, sem nú einnig eru komin hèr til umræðu.

Guðmundur Brandsson: Ef svo væri, sem margir munu óska og vona eptir, að stjórnarskipanin nýa ætti ekki lángt í land, held eg málefni þetta mætti bíða, þángað til sèst, hverja stefnu hún hefir; því færi nú svo, að yfirstjórn lands þessa yrði ein heild, sem hefði aðsetur á einum stað, líklega Reykj-

avík, eins og sumir hafa stúngið upp á, þá virðist mèr, að sèrlega nákvæm takmörk landsfjórðúnganna komi fyrir lítið; en verði þessi stjórn í pörtum á vissum aðgreindum stöðum, líkt og verið hefir til þessa, þá sýnist mèr málefni þetta þess vert, að það fèlli ei niður. En eins og nú á stendur, get eg ekki mælt með nefnd því til yfirvegunar. Eg ætla nú ekki að tefja tímann með leingri ræðu að þessu sinni; þíngmenn hafa heyrt meiníngu mína, og samkvæmt henni greiði eg atkvæði, verði þess á annað borð leitað.

Guttormur Vigfússon: Eg held það sè einginn vafi á því, að málefnið eigi að takast í nefnd, því þó skjöl þau, er stiptamtmaðurinn gat um að von væri á með konúngsfulltrúa frá stjórnarinnar hálfu, sem að nokkru leyti væru viðriðin þetta málefni, sèu ekki komin til þíngsins, get eg ekki sèð, að það standi nokkuð í vegi fyrir, þó nefnd sè kosin til að íhuga og ræða það fyrir fram, hverri þá yrði afhent þessi skjöl, nær helzt þau kæmi. Það liggur í augum uppi, að málefnið er mikils umvarðandi, þar sem það hefir staðið í vegi fyrir veiting Borgarfjarðarsýslu, eður samsteypíng hennar við Mýrasýslu, og mundi má ske gjöra það leingur, ef þíngið gjörði ekkert við það nú. Mèr virðist hèr einkum tvent að athuga:

1. hvort einn sýslumaður gæti þjónað báðum sýslunum, án þess aðrir hvorir eður hvorutveggju sýslubúar liðu skaða við; og

2. hvort sú breytíng, að steypa sýslum þessum saman, yrði ekki eptir á landsbúum og landsins sjóð til meira hagræðis, heldur en eins og verið hefir, meðan þær voru aðskildar; því væri svo, mundi sama vera tilfellið með fleiri, og þá farið á sama vaðið með að steypa fleirum sýslum saman, þar sem því yrði viðkomið, eins og stiptamtmaðurinn benti til, og mundi landssjóðurinn vinna við slíka tilhögun ei alllítið. Eg get ei verið annað en fastur á því, að nefnd sè valin í málið.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg finn mig enn ekki sannfærðan af því, sem nú hefir verið sagt, um nauðsyn til, að nefnd verði sett nú þegar. Það sem þíngmaðurinn frá Dalasýslu talaði um bænarskrána, sem borin var upp við þíngið 1847, þá var hún, ef eg man rètt, alls annars efnis, en sú, er hèr er umtalsefnið. Hún fór fram á, ef eg ekki tek skakt til, að land alt væri gjört að einu amti, og er það alt annað en það, hvort sameina skuli Mýra og Borgarfjarðar sýslur, eða hvort sú sameinaða sýsla skuli tilheyra vestur eða suðurumdæminu. Hvar sá

nýi amtmaður í vesturumdæminu tekur sèr bólfestu, er enn óljóst, og þykir mèr því óþarft að biðja ákaft um það, sem einginn veit hvort hann þarf á að halda að biðja um.

J. Thorstensen: Eg óska, að nefnd verði kosin í þetta mál, til vel að athuga það, og að sú hin sama nefnd vildi um leið yfirvega það, sem drepið var á í niðurlagi bænarskráarinnar um amtmannsins bústað, og jafnvel sýslumanna, í hið minnsta í hvaða hrepp hægast væri að leita til þeirra, hvar þeir ekki búa í eða nálægt kaupstöðum; því það er áríðandi, að embættismenn, er margir þurfa að finna, búi þar sem flestum er hægast að ná til þeirra.

Stiptamtmaður: Eg hygg ekki, að nýa nefnd þurfi að setja í máli þessu, því það er ekki talað um, að frumvarp komi frá stjórninni, heldur, eins og eg sagði fyrr, að stjórnin vildi gefa alþingi tækifæri til þess að tala um málið og leggja álit sitt á það. Að líkindum kemur amtmaðurinn yfir vesturamtinu, áður en nefndarstörfum er lokið, og getur hann þá gefið henni þær bendingar í þessu efni, sem hún þarf með. Og get eg ekki sèð, að honum þurfi að verða það að óánægju efni, þó um bústað hans sè talað; ei er heldur sagt, hvar hann sezt að, og ber margt til þess. Enda getur hann, ef honum svo sýnist, komið sèr hjá að vera við þá umræðu á þinginu.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil bera það undir þingið, hvort því þykir það sæmilegt, að konúnglegu álitsmáli sè skotið, eins og aðskotadýri, til nefndar, er sett er áður um sèrstakra manna uppástúngu. Mèr þykir það æskilegt, að bæði amtmenn og sýslumenn sèu á sem haganlegustum samastað fyrir amts- eða sýslu-búa, en þetta er nú stundum hægar ort, en gjört; í hið minnsta hvað amtmanninn snertir, verður hann þó að hafa á slíkum stað nokkurn veginn sómasamlegt hús inn í að fara; en hvað sem um það er, þá er ekkert um sýslumanna setrin borið upp við þingið, og það því þess vegna óviðkomandi.

R. M. Ólsen: Eg ætla ekki að tefja þingið að *þessu* sinni með umræðum um ástæður með og móti sýslna sameiningu og sýslna og umdæma sundurliðun, heldur einúngis biðja hinn háttvirta varaforseta að leita atkvæða þingsins um, hvort nefnd skuli setja í málinu, eður ekki.

J. Johnsen: Mèr finnst, að stefna bænarskráarinnar sjálf-

rar í samanburði við þær þingræður, sem nú eru orðnar um málið, einna mest vera á móti nefnd í því, sem stendur. Bænarskráin sjálf fer því sumu fram, að eingin breytíng verði á þeim umræddu amta-takmörkum eða sýslna samanlagníngu, og af umræðum þíngmanna er það þegar ljóst, að hvorki nokkur þeirra, sem mælt hafa, nè heldur þjóðin, óskar neinnar breytíngar í þessu skyni. Eg ætla því, að þó svo óhamíngjusamlega skyldi vilja til, að spurníng sú frá stjórninni til þíngsins, sem hèr er drepið á, ekki kæmi fram, þá mundi stjórnin sjálf samt af ræðum þíngmanna, sem þegar eru haldnar, geta komizt að fullri raun um, að þjóðin eða þíngið ekki er á neinni breytíngu.

Varaforseti: Meiníngar þíngsins falla með og mót nefndarkosníngu; en áður geingið er til atkvæða um það, hvort nefnd skuli setja, vil eg með tilliti til þess, er fulltrúi Árnesínga síðast mælti, gjöra þá athugasemd, að þessi ráðgjörða sameiníng hefir í heilt ár tálmað veitíngu Borgarfjarðarsýslu. Þetta getur geingið í 2 eða 3 ár, og hver veit, hvað leingi, ef stjórnin ekki verður þess vís, hvort þjóðinni geðjast sameiníngin, eður ekki.

Ásgeir Einarsson: Mèr skilst aungvan veginn, að bænarskráin afbiðji allar breytíngar framvegis, þegar ný stjórnarskipun kemst á, heldur afbiður hún breytíngu á amtsskipuninni, meðan landið heldur að öðru leyti þeim takmörkum, er það enn þá hefir.

J. Johnsen: Það var líka sjálfsagt meiníng mín.

Varaforseti skaut þá til atkvæða þíngsins, hvort nefnd skyldi kjósa, og urðu flest atkvæði með því. Hann kvað einn þíngmanna hafa stúngið upp á 5 manna nefnd, en sèr virtist 3 manna nefnd nægja; þó skyldi hann, ef uppástúngumaðurinn væri fastur á því, leita um þetta atkvæða þíngsins.

Þ. Sívertsen: Eg ætla mèr ekki að halda því fastlega fram, að 5 menn sèu í nefndinni, sèu fleiri þíngmanna á því, að 3 muni nægja; það er meira en satt, sem hèr hefir verið sagt áður, að höfðatalan gjörir minnst til; það er mest í það varið, að kosníngarnar takist heppilega.

Varaforseti kvaðst þá álíta, að velja ætti 3 menn í nefnd þessa, og bað þíngmenn svo að gjöra.

Voru síðan í nefnd þessa kosnir: umboðsmaður Þ. Sívertsen með 18, kammerráð Magnúsen með 10 og hreppstjóri Eyólfur

Einarsson með 6 atkvæðum, og var bænarskráin því næst afhent formanni nefndarinnar, Þ. Sívertsen.

Loks tók varaforseti fram þegnlegt frumvarp frá fulltrúa Suðurþingeyarsýslu, um jarðamatið. Hann kvað ekki ólíklegt, að þinginu kynni að virðast þetta frumvarp of seint upp borið, þar sem jarðamatinu viðast hvar mundi verða lokið á þessu sumri, en það gæti þá, hvað yfirmat jarðanna snerti, á síðan orðið til leiðbeiningar þeim mönnum, sem því starfi ættu að gegna.

Síðan afhenti hann frumvarpið flutningsmanni þess, Jóni hreppstjóra Jónssyni, er las það upp fyrir þinginu.

Flutningsmaður mælti: Eg játa að vísu, að eg er ekki útbúinn með sannanir, hvorki afskriptir Protocolla þeirra, sem jarðamatið er inn fært í, eður annað, sem sýni fram á þá ósamstemmu og ólíku stefnu, sem jarðamatið hefir tekið í landinu; en eg veit fyrir víst, að í brjóstum nokkurra þeirra þingmanna, sem hèr eru, og til jarðamatsins þekkja, vakir sú tilfinning yfir innbyrðis mismun þess, að við umræður málefnisins, ef til þeirra kemur, mun það fullkomlega leiðast í ljós, að saga mín er á rökum bygð, og álít eg því nauðsynlegt, að eitthvað sè talað út í málefnið; að vísu fylgi eg því ekki fastlega, að nefnd sè í það kosin, því ef áhugi þingmanna fylgir þessu, munu þeir víst gjöra það. En annað tek eg fram við þá, sem er, að þeir, eptir góða skoðun huga síns og beztu sannfæringu, kjósi þá menninа, ef til kosninga kemur, sem færastir væru til að greiða úr þessu vandræði.

Guttormur Vigfússon: Þar eg er sannfærður um, að málefni það, er þingmaður Suðurþingeyarsýslu bar nú upp, er satt, og framsaga hans að öllu leyti á góðum rökum bygð, þá get eg ei annað en studt það, sem mest eg má. Öllum er það nú kunnugt, hvílíkt vandaverk að jarðamatið er; en þar það heppnaðist hvorki þinginu í hitt ið fyrra, nè stjórninni síðar að geta fundið eða gefið matningsmönnunum nokkra aðalreglu, er vera skyldi undirstaða matsins yfir alt land, þá hefir eðlilega þar af leidt, að svo er nú komið, sem komið er; sinni reglunni hefir ei einúngis hver sýslan fylgt í matinu, heldur einnig sumstaðar hver hreppurinn, eins og þingmaðurinn hefir rèttilega fram tekið; en þar af flýtur sjálfsagt sú háskalega afleiðing, að virðingarnar verða innbyrðis ósamhljóða. Það er því að minni ætlan brýn nauðsyn til, að þingið reyni til nú þegar, að greiða

úr þessum vandræðum, og leiti lags að kippa málinu í rètt horf, svo það nái sínum upphaflega tilgángi, sem er að geta orðið sanngjörn og rèttvís undirstaða undir skattgjöld og önnur útgjöld vor, er eg þykist vera fullviss um að grundvallast eigi á því á sínum tíma; því verði þessi undirstaða, verði þessi hyrníngarsteinninn skakkur, hlýtur byggíngin, sem á honum er reist, einnig að verða svo.

Eg hefi að vísu litla, en þó nokkra sönnun meðferðis, er styrki að máli því, er við höfum borið hèr fram; en þó álít eg, að það skorti nægar röksemdir (ef þíngið færi því á flot að krefja þeirra), því þá einu óræku sönnunina, nefnil. afskriptir gjörðarbóka sýslumannanna í hverri sýslu, þar sem jarðamatið er búið að framkvæma, höfum við ekki, en eg vona, að þíngmenn láti sèr lynda í svo áríðandi efni sína eigin sannfæríngu, og leggist á eitt, til að greiða úr málinu, sem bezt verður, leitist við að kippa jarðamatinu í það lag, sem auðið er, áður en það er leingra komið áleiðis, því betra er svo búið, en verr búið, og of mikill kostnaður og tímatöf nú þegar orðin til þess, að það verði að verr en eingu.

Eg ætla að leyfa mèr að stínga upp á við þíngið, hvort ekki mundi nú tiltækilegt, að mál þetta væri nú þegar ítarlega hugleidt og rædt, konúngi síðan send bænarskrá þess efnis, að öllum sýslumönnum sè boðið, áður en jarðamatsrannsóknirnar fram fari, að semja nákvæmar skýrslur um eðli og ásigkomulag hverrar jarðar, sem undir eins leiði í ljós, á hvaða undirstöðu, eða eptir hvaða mælikvarða að jarðamatið hafi fram farið á hverri einstakri jörð í hverjum hrepp í sýslunum, svo yfirmatníngsmennirnir geti haft þá skýrslu sèr fyrir leiðarvísir til að rannsaka matið og leiðrètta, þar sem ójöfnuður hefir fundið stað. Eg skora nú á þíngmenn, að þeir gjöri alt sitt ítrasta til að lagfæra þetta mikilvæga málefni, og fer eg ekki fleiri orðum um það að sinni.

Varaforseti: Áður þíngmenn gánga til atkvæða um það, hvort nefnd skuli kjósa í þessu máli, verð eg að gjöra þá athugasemd, að sú eiginlega uppástúnga bænarskráarinnar er það, að þíngið fái frestað yfirmati jarða, þángað til með einhverjum ráðum fáist reglur, sem bæti úr brestum þeim, er leiða af reglunum, sem fylgt er við undirmatið; en þetta frumvarp vantar uppástúngu um það, hvernig þessar reglur skuli vera, og er því hætt við, að þíngið ekki geti tekið það til greina.

Hvað hina spánýu uppástúngu þingmannsins úr Norðurmúlasýslu snertir, ætla eg ekki heldur, að hún geti komið til yfirvegunar að svo komnu máli. Samt vil eg biðja þingið að skera úr því með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa.

Var þá svo gjört, og fèllu flest atkvæði móti nefnd.

Varaforseti gat þess því næst, að á morgun yrði rædt til inngángsumræðu:

1. Bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi um takmörk vesturamtsins.
2. Þegnlegt frumvarp frá þingmanni Skaptfellinga, um að alþing ítreki þá bæn sína, að konúngur undirskrifi hinn íslenzka texta á lagaboðum; og þar eptir til undirbúnings umræðu
3. Nefndarálit um ferðakaup alþingismanna.

Síðan sagði varaforseti fundi slitið, og ákvað fund kl. 10 að morgni.

---

14. júlí — ellefti fundur.

Allir á fundi; þingbók frá næsta fundi upplesin og samþykt.

Varaforseti tók þá fram bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi, um takmörk vesturumdæmisins, og afhenti hana umboðsmanni Þ. Sivertsen, formanni nefndar þeirrar, er kosin var næsta dag áður til að íhuga aðra bænarskrá sama efnis.

Síðan tók varaforseti fram þegnlegt frumvarp frá alþingismanni Skaptfellinga, er skorar á þingið að endurnýa bæn sína til stjórnarinnar, um að undirskript konúngs og ráðherra hans fáist á íslenzkum texta þeirra lagaboða, sem gilda eiga á Íslandi.

Hann kvað þess getið í frumvarpinu, að sú bæn, sem þingið áður hefði sent konúngi um þetta efni, ekki hefði feingið þá áheyrslu hjá stjórninni, sem þingið hefði vonazt eptir, þækti því flutníngsmanni skylda, að endurnýa ósk þessa, þó ekki væri enn þá komin frá stjórninni nein auglýsíng til þingsins um úrlausn íslenzkra mála frá síðasta þingi.

Að því búnu afhenti hann frumvarpið flutníngsmanni þess, Jóni sýslumanni Guðmundssyni, er las það upp fyrir þinginu:

Þegnlegt frumvarp.

Meðal málefna þeirra, er leidd voru til lykta á alþingi

1847, var vart nokkurt mál rædt með jafneindregnum áhuga, alúð og alvöru, sem málið um undirskript konúngsins og stjórnarinnar undir íslenzka textann þeirra lagaboða, sem gilda eiga á Íslandi; atkvæðagreiðslan var umræðunum samboðin: málið var samþykt með 22 atkvæðum gegn 1 (sjá alþingist. 1847 bls. 109—11, 111—13; 485—97. 666—68).

Vèr höfðum hið fyllsta traust á, að slíkt málefni, sem þetta, og eins og það var ákjósanlega af hendi leyst og úr garði gjört frá alþingi, myndi fá hina beztu áheyrn og úrlausn af hendi stjórnarinnar; því brá oss Íslendingum, sem erlendis vorum, mjög svo í brún, og eg efa ekki, að svo verði um alla þingmenn og sanna Íslands vini, þegar hin danska stjórn þverneitaði þessari bæn vorri í auglýsingunni til þessa alþingis um afdrif og úrgreiðslu málefnanna, er frá þinginu geingu 1847.

Þessi undirtekt stjórnarinnar þókti, og mátti þykja, því furðulegri, sem nú verður ekki konúngi vorum um það kent, heldur að eins ráðgjöfum hans, sem nú hafa alla ábyrgð af úrgreiðslu stjórnarmálefnanna, en konúngur einga.

Alþíng fór því fram 1847 og hin íslenzka þjóð, að vèr hefðum enar gildustu ástæður, og ættum vafalausan rètt að beiðast þessa af hinum einvalda konúngi í Danmörku.

Íslendíngar og alþíng þeirra hafa, eptir þessar undirtektir stjórnarinnar, hinar gildustu ástæður og eiga hinn fyllsta rètt á að krefjast hins sama af stjórnarherrum Danakonúngs; þeim ber víst að ábyrgjast stjórnaratlhafnir sínar, eins á Íslandi, og í hinum öðrum pörtum Danaveldis.

Eg þykist því hafa hinar helgustu hvatir og mikilvægustu ástæður til að dirfast að stínga upp á við hið heiðraða alþíng, að hèðan sè send ítrekunar-bænarskrá um

> að hinn íslenzki texti á þeim lagaboðum, sem gildi verður gefið á Íslandi, verði upp frá þessu staðfestur með undirskript hans hátignar konúngsins og viðkomandi ráðherra, eins og vandi er til á frumrituðum lagaboðum.

Reykjavík, 13. dag júlímánaðar 1849.

Jón Guðmundsson.

Jón Guðmundsson: Eg ætla því síður að fara mörgum orðum um uppástúngu þessa, sem flestum þíngmönnum mun enn vera í fersku minni, hve ítarlega mál þetta var rædt í hitt eð fyrra, og hversu atkvæðagreiðslan um það var einhuga.

Umræðurnar í alþingistíðindunum sýna, að vèr höfðum þá hinar gildustu ástæður til að fara þessu á flot, og að konúngsfulltrúinn, sem þá var, gat ekki borið af stjórninni, að það væri skylda hennar að gefa gaum þessari bæn vorri, þó hann bæri ýms tormerki fyrir til afsökunar. Enginn þjóðarrèttur getur legið beinna við, en sá, að henni sè gjörð skiljanleg lög þau, sem hún er bundin, og ef hún á að geta hlýðnazt þeim, að þeim þá sè gefið hið fyllsta gildi.

Fyrst nefnd er þegar sett til yfirvegunar málefninu, um að íslenzk túnga sè hèðan af við höfð í öllum embættisgjörðum á Íslandi, var sú meiníng mín, að vísa mætti uppástúngu þessari til hinnar sömu nefndar, með því ekki þarf að fjölyrða um hana umræður, og málefnin bæði virðast næsta skyld. Þó mun eg einnig láta mèr lynda, að ný nefnd sè kosin, ef aðrir ræða í þá stefnu.

Stiptamtmaður: . Eins og þíngmenn vita, er ekki hin konúnglega auglýsíng komin enn frá stjórninni til þíngsins, af því konúngsfulltrúi á að færa þínginu hana; þó hafa þeir af þíngmönnum, sem nýkomnir eru frá Danmörku, sagt mèr og sýnt, að ósk alþíngis um undirskript konúngs undir hinn íslenzka texta laganna, hafi ekki verið bænheyrð, af því konúngur hafi ekki getað það, eptir því sem ástatt væri. Eg ætla, að auglýsíng þessi sè undirskrifuð af stjórnarherra innanríkis málefnanna, P. G. Bang, samkvæmt 18. og 19. grein í hinum nýu grundvallarlögum Danmerkurríkis, og hefir konúngur sjálfur einga ábyrgð af því, sem ráðgjafi hans hefir undirskrifað, heldur einúngis ráðgjafinn sjálfur. Hvað nú ásigkomulag Íslands snertir, þá eru grundvallarlög þau, er nú voru nefnd, ekki orðin að fullum lögum hèr á landi, fyrr en búið er að ræða þau hèr, samkvæmt konúngsbrèfi frá 23. sept. 1848, og er það því meðal annars ekki nefnt í þeim, hvernig ábyrgð ráðgjafanna skuli vera varið, að því leyti er Ísland snertir. Hvaða ábyrgð sá maður hefir, sem erlendis næst ráðgjöfunum veitir forstöðu Íslands málefnum sèr í lagi, er enn ekki kunnugt orðið hèr í landi. Mun það vera eitt af þeim atriðum, sem rædt verður á næsta þjóðfundi. Þess vegna ímynda eg mèr, að ráðgjafi sá, sem ritað hefir undir hina konúnglegu auglýsíngu til alþíngis, hafi sagt konúngsfulltrúa ástæður stjórnarinnar til að neita ósk alþíngisins, og muni konúngsfulltrúinn geta skýrt frá því, þegar hann er kominn; en meðan hann er

ekki kominn, get eg ekki sèð til nokkurs, að tala um það efni. En með því flutníngsmaður hefir stúngið upp á, að bænarskrá þessi yrði afhent nefnd þeirri, sem kosin hefir verið til að segja álit sitt um brúkun íslenzkrar túngu, þá þykir mèr svo vera mega, og sè eg því ekkert til fyrirstöðu.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg, sem nefndarmaður í málefninu um brúkun íslenzkrar túngu, mótmæli því að öllu, að þetta framvarp um konúngsins undirskriptir undir íslenzkuna í lagaboð, um, sè lagt undir nefndina; því mèr virðist þetta tvent vera næsta óliks eðlis, þar sem annað málefnið fer fram á, að íslenzka málið sè við haft um það, er Ísland snertir, en hitt er um það, hvort konúngur ritar nafn sitt undir dönskuna eða íslenzkuna. Að öðru leyti hefði eg ekkert á móti, að nefnd sè skipuð í málið, ef það sýnist hæfa.

H. G. Thordersen: Sem formaður þessarar nefndar mótmæli eg því með öllu, að nefndin taki við þessu frumvarpi, og það af þeim sömu ástæðum, sem konferenzráð Sveinbjörnsson framfærði; mèr sýnist þetta mál vera óviðkomandi ætlunarverki nefndarinnar og alt öðruvísi lagað.

Eyólfur Einarsson: Það mundu þíngmenn vænta, að eg mælti með bænarskrá þessari frá þeim heiðraða þíngmanni Skaptfellínga. Það er og; því mèr virðist brýn nauðsyn til bera, að við fáum kóngs vors og stjórnarráða undirskript undir íslenzkuna. Hefði eg ei hugsað mig um að fylgja íslenzkunni, hefði hún verið undirskrifuð í útlegging lagaboðsins áhrærandi þíngkostnaðar greiðslu; en þar eg gat ei neitað eg skildi dönskuna, sem fullgilta af kóngi, fylgdi eg henni. Um þetta vil eg ei leingja ræður, þar þíngmenn vita gjör ræðu mína því viðvíkjandi á þíngi þessu. Er því, að eg óska, að nefnd verði kosin í málið, eður ef þínginu virðist betur hæfa, að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem hefir málefnið undir höndum, að ræða og skrifa á íslenzka túngu.

J. Johnsen: Það má að vísu til sanns færast, að þau tvö mál, það sem nú er borið upp, og hitt, sem þegar er tekið til nefndar aðgjörða, um að hafa við íslenzka túngu í íslenzkum málefnum, ekki sè *öldúngis* samkynja; en ekki get eg samt sèð, að þau sèu svo fjærskild, að eigi megi fara fullvel á því, að bæði þau sè feingin sömu nefndinni til meðferðar; og eg held, að ekkert verði út á það sett, að beðið sè í sömu bænarskránni bæði um brúkun íslenzkrar túngu í stjórn-

armálefnum og um undirskript löggjafans undir hinn íslenzka texta lögboðanna.

Að öðru leyti ætla eg það eingu síður í þessu máli, en í sumum öðrum, mjög óheppilegt, ef það væri tekið til ítarlegri meðferðar, áður en sú umrædda auglýsing konúngsins verður lögð fyrir þingið af hendi konúngsfulltrúa, og höfum við þá áværingsfregn af ferðum hans að nýúngu, að hans nú varla getur orðið leingi að bíða úr þessu, og legg eg það því til, að málinu verði frestað emn þá í nokkra daga, áður en það geingur til nefndar. Það má ráða af því, sem við nú höfum heyrt, að ekki muni úrlausn stjórnarinnar upp á bænarskrá þingsins í hitt eð fyrra vera mjög *constitutionel* eða þjóðstjórnarleg; en það þykti mèr illa takast til, ef þvílíkt svar stjórnarinnar, sem þetta, yrði gjört hèr að álitum, án þess að konúngsfulltrúi sjálfur sè við til að standa fyrir svörum hennar vegna, því hversu snubbótt sem svarið má virðast, hlýtur það þó að vera bygt á einhverjum ástæðum, sem þinginu má vera ant um að komast að hjá konúngsfulltrúa hverjar sè.

Þ. Sívertsen: Eg verð að aðhyllast meiningu beggja hinna heiðruðu konúngkjörnu þingmanna, að sèrstaka nefnd eigi að kjósa í þetta mál, en ekki fela það hinni nefndinni, sem áður var kosin, og sýnist nokkuð annars eðlis, og með því, að nefnd sè nú þegar kosin, mæli eg fastlega; því eg held að þjóðinni mundi bregða í brún, skyldi þingið nú vísa þessu málefni frá sèr, sem henni mun þykja eitt af þeim mikilsvarðandi; öllum þeim, sem vita, að þjóðrèttindi eru til, og að þau aldrei verða kreinkt meira með öðru, en fyrirlitníngu þjóðtúngunnar, mun hafa brugðið mjög við frèttir þær, er uppástúngan hermir, sem eg nú úr þessu get í eingan efa dregið að sèu sannar, þó fáir mundu hafa vænt þeirra þannig lagaðra.

Jón Guðmundsson: Eg hefi fáu að svara því, sem nú hefir verið mælt. Þar sem herra stiptamtmaðurinn benti til, að ísjárvert væri að nokkru leyti, að hreifa þessu máli, þar sem ráðherra sá, er undir hefði skrifað með konúnginum auglýsínguna, væri ei hèr nærstaddur til að ábyrgjast verk sín, þá var í rauninni ekki sú meining mín, að ráðgjafinn ætti nú þegar beinlínis að ábyrgjast þetta, heldur, að fyrst þingið 1847 áleit, að það ætti fullan rètt á að beiðast þessa af einvöldum konúngi, þá ættu menn því fyllri rètt á að beiðast þess nú af ábyrgðarstjórn Dana. Konúngsfulltrúinn hlýtur að vísu að geta

skýrt frá því, hvað valdi þessu stuttorða og snubbótta afsvari stjórnarinnar, sem þó varð mjög seint kunnugt í Kaupmannahöfn. Eins og eg sagði áður, ætla eg að málið hafi verið ítarlega og vel rædt í hitt eð fyrra, því þyrfti nefndin hvorki að fara um það mörgum orðum, nè umræðurnar að verða lángar; og er líkara til, að konúngsfulltrúinn yrði kominn, um það að nefndarálitið yrði rædt, og gæti hann þá frædt þingið um ástæður stjórnarinnar. Hvað því viðvíkur, að fela málið hinni fyrri nefnd, þá vil eg að vísu ekki gjöra mitt álit þar um gildandi, en eg verð að álíta víst, að ef þingið úrskurðar með atkvæðafjölda, að hún eigi að taka við því, þá eigi nefndarmenn ekki með að skorast undan því. Hèr þyrfti þó að eins fáum orðum um að fara, taka stuttlega fram þau en helztu atriði málsins frá 1847, og grundvalla á þeim ítrekunina. Eingi málefni virðast mèr geti skyldari verið, en þessi 2, alt hvað þau eru ekki eins og sama efnis. Hèr er þess beiðzt, að *stjórnin* staðfesti hina íslenzku löggjöf með undirskript sinni; í hinu málefninu er því farið fram, að embættismennirnir, *þjónar stjórnarinnar,* riti á íslenzku öll embættisbrèf sín.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg er enn sömu meiníngar og eg áður lèt í ljósi; en ekkert hefi eg á móti, að slegið sè á frest að ræða málið frekar, því, án þess eg á nokkurn hátt vilji bera brigður á sögusögn þíngmannsins frá Skaptafellssýslu, um að neitandi svar sè gefið bænarskrá þíngsins í hitt eð fyrra, um að konúngur undirskrifi hinn íslenzka texta lagaboðanna, þykir mèr það samt að öllu óhæfilegt, að þingið nú fari að ánýa það, sem það hefir ekki sèð svart á hvítu fyrir að því hafi verið neitað um. Líklega líður ekki á laungu, áður kóngsfulltrúinn kemur, og þá kemur svarið með. Mèr þykir bezt að hafa það í höndum, áður málefnið er tekið til meðferðar.

Th. Gudmundsen: Mèr er þannig varið, að eg trúi eingu, fyrr en eg tek á því, og svo held eg sèrhver ætti að gjöra. Eg trúi því ekki eintómri fregninni um þá konúnglegu auglýsíngu, sem skyldi hafa átt að taka dauflega undir bæn alþíngis í undirskriptarmálinu; en eg hlýt áður að sjá auglýsíngu konúngs um þetta, mun hún vera meðferðis konúngsfulltrúanum, en hann er enn þá í hafi. Eg held því, að fresta ætti fyrirtekt þessa máls, uns konúngsfulltrúinn er kominn. Að vísu er þetta mál nokkuð skylt málinu um brúkun íslenzkrar túngu, en þó virðist mèr það í aðalefninu vera annað. Eg

held því, að sú nefnd, sem kosin er til að íhuga málið um brúkun íslenzku túngunnar, ekki eigi að fjalla um þetta mál, heldur að sèrstök nefnd eigi seinna meir kann ske að kjósast í því. Að öðru leyti verð eg öldúngis að fallast á ástæður þær fyrir sèrstakri nefnd, sem hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður, er síðast mælti, og hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður áður, svo ljóslega hafa tekið fram.

Haldór Jónsson: Eg álít, að þingið hafi gildustu ástæður til að ítreka bæn sína, um að sá íslenzki texti íslenzku laganna verði hèr eptir undirskrifaður af stjórninni. En því get eg ekki verið meðmæltur, að málefni þetta afhendist nefnd þeirri, sem þegar er kosin til að hugleiða, hvort ekki beri að beiðast þess, að íslenzk túnga sè við höfð í embættisbrèfum á Íslandi, heldur að ný nefnd verði í því kosin. En þar eð konúngsfulltrúi ekki er kominn, og auglýsínguna vantar, og þar eð eg hygg, að meðferð máls þessa í nefnd og umræðum á þínginu ekki þurfi að taka lángan tíma, mæli eg með því, að nefndarkosníngunni verði frestað nokkra daga.

Varaforseti: Áður en eg ber það undir atkvæði þíngsins, fyrst, hvort gefa skal málinu gaum að þessu sinni; að öðrum kosti, hvort því skuli vísa til nefndar þeirrar, sem sett er til að íhuga bænarskrár um brúkun íslenzkrar túngu; eður í þriðja lagi, hvort kjósa skuli nýa nefnd, verð eg að gjöra fáeinar athugasemdir.

Flutníngsmaður hefir tekið það skýrt fram, að málefni þetta sè náteingt hinu, sem nefndinni er falið á hendur, og get eg ekki annað en verið á hans máli; því mèr sýnast þau svo náskyld hvort öðru, sem ein systir er annari. Eða hvað eru lagaboðin annað en brèf hinnar æðstu stjórnar landsins? Og um hvað annað er beðið í bænarskrám þeim, sem nefndinni eru feingnar, en að alt í stjórn landsins, innan lands og utan, fari fram á íslenzkri túngu? En frumvarp þetta óskar þess, að konúngur eða ráðherrar hans riti nöfn sín undir hinn íslenzka texta lagaboðanna, og er það þá ekki annað, en að hèr er farið einu skrefi leingra.

Hvað það snertir, sem nokkrir af þíngmönnum hafa ráðið til, að málefni þessu væri frestað nokkra daga, þá vita allir, að nú er hinn lögboðni þíngtími þegar hálfnaður, svo mál er komið, að búið væri nú að kjósa flestar nefndir; en þar eð þetta mál ekki er svo umfángsmikið, hefi eg ekkert á móti

því, að þingið skeri úr með atkvæðum, hvort því skal skjóta á frest, eður ekki. Það væri líka þinginu mikils umvarðandi, ef konúngsfulltrúi yrði sjálfur kominn, til að halda svörum uppi fyrir hinni konúnglegu auglýsíngu, þegar þetta mál væri tekið fyrir. Enda þykir mèr það síður sæma, að þingið taki málið til meðferðar, á meðan hin konúnglega auglýsíng er ekki komin, þó eg alls ekki beri brigður á það, sem frumvarpið segir frá henni. En af því meiníngar þíngsins eru skiptar, vil eg leita atkvæða um það, hvort málinu skal fresta, eða ekki.

Ásgeir Einarsson: Ef því verður nú frestað að gefa uppástúngunni gaum, er því líklega algjörlega fyrirgjört, að nefndin taki hana síðar, þegar hún að líkindum yrði nær því búin með nefndarálitið. Það hefir helzt verið borið fyrir, að hèr vantaði auglýsíngu konúngs til þíngsins, svo menn vissu ekki með sanni, hvað í henni væri um þetta efni. Væri nú svo, að einhver, sem hèr á þingi er, hefði auglýsínguna, væri æskilegt, að þingmenn feingju að sjá hana, ef það væri ekki á móti rèttri reglu; því eg held, að auglýsíngin sýndi eins sannleikann í þessu máli, þegar hún er prentuð með undirskript konúngs, þó hún væri lögð fram af öðrum, en konúngsfulltrúa.

Th. Gudmundsen: Eins og einginn má trúa neinu, fyrr en hann tekur á því, þannig má einginn vera of bráðlátur, allra sízt eitt þjóðþíng. Það er því of snemt, þar konúngsfulltrúi enn þá er ókominn, að ætlast til, að sú konúnglega auglýsíng sè lögð fram á þínginu; einginn getur, nema hann, samkvæmt þínglögunum formlega flutt hana þínginu. Máli þessu ber því að fresta til útkomu konúngsfulltrúans, og þá fyrst væri tími kominn til að ræða það að nýu.

Þ. Sveinbjörnsson: Þó nú svo væri, hvað mèr er ókunnugt, að nokkur þíngmanna hefði svar stjórnarinnar í hendi, held eg þínginu sè ekki leyft að taka það, og byggi eg það á 44. grein alþíngistilskipunarinnar; það er konúngsfulltrúinn einn, er af konúngs hendi semur við þingið, og veitir því svör stjórnarinnar. Að öðru leyti vík eg því til ens heiðraða varaforseta, hvort ei beri *fyrst* og *fremst* að leita atkvæða þíngsins um það, hvort málefnið beri strax að taka fyrir, eða því eigi að fresta. Ef hið fyrra verður ofan á, er að leysa

úr því, hvort nýa nefnd eigi að skipa í það, eða málefninu eigi að vísa til annarar eldri nefndar.

Jón Guðmundsson: Eg hraðaði mest uppástúngu þessari, af því eg áleit rèttast, að kjósa ekki nýa nefnd, heldur að málefninu yrði vísað til hinnar; að öðru leyti get eg ekki mælt í móti þeim ástæðum, sem teknar eru fram fyrir frestun málsins fyrst um sinn, því víst væri betra, ef konúngsfulltrúinn væri kominn og auglýsingin lögð fram; fyrri hefir þingið að vísu ekki óræka vissu fyrir afsvarinu; en af því sem herra stiptamtaðurinn drap á, hversu afsvarið væri orðað, mega menn gánga úr skugga um, að það er til og út komið. En eg mæli samt sem áður ekki í móti, að málinu sè frestað að sinni.

Guttormur Vigfússon: Mèr sýnist það þó fara betur á því, að málinu sè frestað um lítinn tíma, og sjá, hvort konúngsfulltrúann ber ei bráðum að landi með auglýsinguna frá konúngi, svo menn höfði það þó rètt; en fari svo, að það dragist leingur, en þingið sjái sèr nægan tíma til að meðhöndla það, er ætlan mín, að velja eigi sèrstaka nefnd í það, en ekki að afhenda það nefndinni, sem valin var til að íhuga málið um íslenzka túngu á embættisbrèfum; allir vita, að málefnið er svo þjóðlegt og gagnlegt, að það má eingan veginn undanfellast að fá því framgeingt, ef auðið er, en fresta má því víst um fáa daga.

J. Thorstensen: Það er líka mín meiníng, að þessu máli sè skotið á frest, enda er það ei svo umfángsmikið, að ei gjarnan mætti bíða, þángað til í seinustu viku þíngsins, ef svo stendur á, að konúngsfulltrúi ei verður fyrri kominn, og auk þess sýnist mèr betur fara (þó eg eingan veginn efist um, að það sè satt, sem sagt er, um neitun undirskriptarinnar) að bíða, þángað til sú neitun verður opinberlega framlögð af konúngsfulltrúa.

Stiptamtmaður: Eg vil einúngis geta þess, að þegar talað er um, hvort setja eigi sèrstaka nefnd í máli þessu, þá er alt undir því komið, hverja skoðun menn hafa á því. Mèr virðist menn geti skoðað þetta á tvo vegu, nefnilega annaðhvort eins og stjórnarmálefni: ef það er þannig skoðað, snertir það ábyrgð ráðgjafans við alþingið, og þá liggur í augum uppi, að ekki verður nú rædt um það, heldur verður það að bíða næsta þings; ellegar það er skoðað eins og eitt atriði í málefninu um brúkun íslenzkrar túngu, og þá á það heima hjá nefnd þeirri, sem hefir það málefni í smíðum. Annars er eg

á sama máli, sem þeir af þingmönnum, er vilja fresta málinu, til þess konúngsfulltrúi kemur. Hefir nú, eins og þingmönnum er kunnugt, komið fregn af ferðum hans, og er vonandi, að skipið, sem hann er á, hafi ei skemzt svo stórvægilega, að hann nái ekki hingað um þingsetu tímann. En meðan von er um, að nefndin í málefninu „um brúkun íslenzkrar túngu“ geti komið af störfum sínum, þó þetta atriði verði afhent henni, þá virðist mèr bezt að fresta máli þessu sem leingst. Annað mál er það, ef konúngsfulltrúi kemur áður, og er því ei mótfallinn, að í máli þessu verði sett sèrstök nefnd. En verði bænarskráin afhent nefnd þeirri, sem áður er sett og talað er um, þá mætti það ekki dragast mjög leingi, því þá er málið ekki svo fljótrædt. En hèr er sem endrarnær á þingsins valdi, hvort það kýs að fresta málinu, eða ekki.

Þ. Sivertsen: Mèr getur þó ekki annað en sýnzt það nokkuð ísjárvert, skyldi þingið fara að gjöra sèr það að reglu, að vilja ekki taka mál til meðhöndlunar, vegna daglegrar eptirvæntíngar konúngsfulltrúa; hans hefir leingi verið vænt, hans getur verið að vænta á morgun, og vonar uppfyllíngin getur leingi dregizt, ef til vill, og ætla eg því, að nefnd ætti að kjósa nú þegar. Að málefni þetta, sem hèr ræðir um, og hitt, um íslenzkar brèfaskriptir embættismanna, er nefnd hefir verið kosin í, sèu svo systurlega lík, getur mèr ekki fundizt. Að embættismenn hèr í landi riti brèf sín á íslenzku, á því sýnist þjóðin hafa fulla heimtíng, úr því konúngur hefir með ákveðnum orðum boðið íslenzkum embættismönnum, alt eins Dönum, að kunna íslenzkuna (konúngsbrèf, 8. apríl 1844), og því reyndar ekki þurfa að biðja stjórnina um það, nema sem ítrekun áður gefins lagaboðs; öðru máli kann virðast vera að gegna um þessa uppástúngu, því þó þjóðrèttindin mæli fram með rètti hennar, þá getur þó hvorki konúngur nè ráðgjafar hans skyldast til að kunna íslenzku, og hèr ræðir um nýtt, en innilega eptiróskað lagaboð.

Stiptamtmaður: Eg vil einúngis leyfa mèr þá athugasemd, að nefndinni hefir verið falið á hendur að segja álit sitt um brúkun íslenzkrar túngu, ekki einúngis hèr í landi, heldur erlendis, og þess vegna yfirgrípur það einnig ráðgjafa konúngs.

Eyólfur Einarsson: Eg óttast, að verði nú ei nefnd kosin í mál þetta, nè vísað til nefndar þeirrar, sem kosin er og hefir samkynja mál meðferðar, verði mál þetta má ske órædt

vegna tímans naumleika, sem eg álít mikils varðandi að ei verði. Eg get ei heldur séð það sé til fyrirstöðu þessu, að konúngsfulltrúinn komi, má ske dag hvern, með upplýsíngar, sem nefndin þá gæti tekið við; þó læt eg það vera á þíngsins valdi, hvort það skuli bíða nokkra daga, sem mèr virðist þó ei leingi vera mega.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg verð að ítreka það aptur, er eg áður sagði, að það er óhæfilegt og formlaust með öllu, að bíða ei eptir því, að brèf stjórnarinnar, sem um hefir verið talað, komi þínginu til handa. Líka verð eg að biðja hinn heiðraða varaforseta, að gefa þíngmönnum þá ávísun, að hvorki eg nè aðrir, mèr munanlega, hafi talað á þá leið, að óska, að málefnið væri felt eða því frávísað, og þó hafa tveimur þíngmönnum farið svo orð, sem svo hafi verið.

Guttormur Vigfússon: Slíkan áhuga ber þíngið fyrir málefni þessu, og allir landsmenn yfir höfuð, að ef það á einhvern hátt færist fyrir, að bæn um það yrði í þetta sinn ányuð til konúngsins, mundi það valda mikillar óánægju og gremju yfir höfuð, og því ætla eg, að sjálfsagt eigi að velja nefnd í það; einasta er eg ekki fastur á því, að það þurfi að gjörast strax í stað, heldur að það megi fresta því um fáa daga, eður til einhvers viss tíma, innan hvers menn vænta þó að konúngsfulltrúinn verði kominn, þó svo, að menn ætli því nægan tíma til þíngsins fullkominnar meðhöndlunar, sem eg ímynda mèr að ekki þurfi sèrlega lángan, þar sem málið var svo ítarlega rædt í hitt eð fyrra, og nú er varla annað við það að gjöra, en ítreka hina fyrri bænina. Af þeim ástæðum sýnist mèr það mega þó dragast fram í næstu viku, að kjósa nefnd í málið, ef þörf gjörist, en eg vona þíngið gleymi því ekki að ætla sèr tímann nægan til þessa, er allir vita, eins og viðurkent er, að þjóðina varðar það mjög miklu, að konúngurinn staðfesti lögin á voru máli og helgi þau með sinni eigin undirskript.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi óska, að dráttur sá, er hefir verið stúngið upp á með þetta mál, yrði ekki til þess, að á ný yrðu jafnlángar umræður, og nú, um það, hvort það yrði tekið í nefnd, því svo lángar umræður held eg óþarfar, en að taka það mál til nefndar, sem ekki einúngis þíngið, heldur öll þjóðin er fullkomlega sannfærð um að sè nauðsynlegt.

Varaforseti: Eg verð án frekari formála að benda þíng-

inu til, að enginn hefir farið fram á, að máli þessu skyldi frávísa, heldur að eins, að frestað yrði í því nefndarkosningu nokkra daga; vil eg því nú skora á þingmenn að greiða atkvæði um, hvort strax á að taka málið fyrir, eða fresta því.

Var þá svo gjört, og urðu flestir á því að fresta málinu.

Varaforseti kvaðst ætla það vilja þingsins, að flutningsmaður bæri þetta frumvarp upp seinna, og það svo snemma, að ekki væri of naumur tími eptir til að ræða það.

Jón Guðmundsson sagði það hefði einnig verið meining sín, að sèr stæði þetta opið, eins eptir sem áður, eptir atkvæðagreiðslu.

Varaforseti tók fram til undirbúningsumræðu nefndarálit um ferðakaup þingmanna, og afhenti það framsögumanni, Kr. Magnúsen, er las það upp fyrir þinginu þannig hljóðandi:

Alþingið hefir kosið oss, sem hèr undir ritum nöfn vor, í nefnd til að yfirvega frumvörp nokkur, er til þingsins eru komin, áhrærandi breytingu á alþingis-tilskipunarinnar 79. grein; eru þau þessi:

1. frá Borgarfjarðarsýslu, undirskrifuð af 48 mönnum, sem fer fram á það, *að ferðakostnaður alþingismanna annaðhvort falli niður með öllu,* eða þá *að alþing ákveði þingfararkaup úr hverri sýslu landsins, sem ekki megi yfir ganga.*
2. frá fundi manna á Þingvelli við Öxará, undirskrifuð af forsetum þessa fundar, og fer það *fyrst og fremst fram á það, er hið fyrr nefnda frumvarp gjörði að vara-ósk sinni, en til vara beiðist það, að alþing velji til þess 3 óvilhalla menn og skynsama, að yfirskoða með forseta ferðakostnaðar reikninga alþingismanna og lækka þá, ef með þarf.*
3. þriðja frumvarpið er frá fundi manna á Þórnesi, undirskrifað með 36 nöfnum, og fer það fram á, að því leyti nefnd þessari viðkemur, *að þinglaunin lækki að minnsta kosti um þriðjung af því, sem nú eru þau.*

Vèr viljum fyrst skoða það frumvarpið, er seinast var nefnt, af því því var seinna við nefndina bætt, en gaf ei tilefni til þess, að nefndin var skipuð, og er það þá meining vor, að þessu frumvarpi eigi algjörlega að vísa frá þingsins frekari meðferð í þetta sinn; því fyrst er það, að uppástúnga sú, er áður er nefnd, á ekkert skylt við ferðakostnað þingmanna,

sem er aðal-umtalsefnið, heldur virðist einasta að áhræra þá svo nefndu fæðispeninga þingmanna. Áður nefnd krafa kemur líka að öllu ástæðulaus fram fyrir þingið frá hendi beiðenda, þar eð þessi lækkun fæðispeninganna hvergi finnst áhrærð í frumvarpinu, fyrr en í endanum, hvar hún flýtur inn, sem krafa, í sambandi við aðra, um flutning alþingis frá Reykjavík á Þingvöll. Þar eð nú þetta ekki verður gjört að álitum í þetta sinn, virðist oss lækkun fæðispeninganna eigi að fara sömu förina, því ef krafa um það styðst við nokkuð í frumvarpinu, þá er það við það, að á Þingvelli „verði töluvert kostnaðar minni seta alþingismanna, en í Reykjavík". Vèr förum því ei fleiri orðum um það efni, en getum þó ei varizt að láta þá meiningu vora í ljósi, að oss þykir lækkun fæðispeninganna frá 3 rbdl. á dag vera næsta ísjárverð.

Þegar nú þau 2 fyrst nefndu frumvörp eru skoðuð í sameiningu, finnast í þeim þessar 3 uppástúngur:

a. að 3 óvilhallir skynsamir menn veljist til þess með forseta að yfirskoða og dæma um ferðakostnaðar reikníngana.

b. að víst ferðakaup ákveðist frá hverri sýslu, og

c. að ferðakostnaður þingmanna falli niður með öllu.

Hvað ena fyrstu uppástúngu snertir, þá getum vèr til, að beiðendum hafi þókt forsetar þeir, er verið hafa 1845 og 1847 of fúsir á að taka sèrhvern ferðakostnaðarreikníng alþingismanna, er þeim hefir afhentur verið, til ávísunar, og ætla þeir víst, að betur muni eptir því litið, að reikníngar þessir væru sanngjarnir, ef nefnd manna yfirskoðaði reikníngana ásamt forseta. En vèr ætlum, að beiðendum missýnist í þessu; því auðráðið er, að einginn sá er hæfur til að kjósast í þessa nefnd, er sjálfur á þingfararkaup að taka, af því hann dæmir þar í eigin máli, og þó þessu mætti við hjálpa með því, að sá, hvers reikníngur á að gaguskoðast, geingi frá nefndinni, meðan á þeim starfa stæði, þá er það hvortveggja, að nefndin væri þá limlest, enda má eins vel geta þess til, að þeir, er eptir sitja í nefndinni, styðji þess reikníng, er frá gekk, mót sama endurgjaldi af honum aptur, þegar hans reikníngar væru skoðaðir, eins og hins, að þingmenn sumir semji ósanngjarna reikníng fyrir tilkostnað þingfararinnar; þeir einir væru rèttilega hæfir í slíka nefnd, sem ekkert þingfararkaup eigu að taka, af því þeir búa sjálfir á þingstaðnum; en oss er það að öllu óljóst, hvort nokkur slíkur situr þingið framvegis, þó svo hafi

hingað til verið, mest vegna kosninga af stjórnarinnar hendi. En þó nú nógir væru slíkir í þinginu, þá ætlum vèr samt eingum þessara, já eingum þingmanna þá þekkingu til vegaleingdar og erviðleika til ferðalaga um land alt, að hann geti með góðri samvizku staðhæft upp á, að sá eða sá þingmaður hafi gjört ósanngjarnan reikning, og því ætti nokkuð af því af að nema, er þingmaðurinn taldi sèr bera; þessi hugsun, í sambandi við gott traust til þingmannanna samvizkusemis yfir höfuð, mun það hafa verið, er mest hefir dregið forsetana til að taka reikningana fyrir gilda og góða, eins og þeir voru gefnir. Yrði nú að lyktum sú meiningin ofan á með tíðinni (því fyrir öllu má ráð gjöra á þessum tímum), að alþingið eigi að flytjast að Öxará, þá yrði að meiningu vorri einginn þingmanna hæfur til að sitja í þeirri eptiræsktu nefnd. Vèr ætlum því, að þingið eigi ekki að taka þessa uppástúngu frekar til greina.

Þá er að skoða þá aðra uppástúngu: *að víst ferðakaup ákveðist frá hverri sýslu*, og hefir þessi uppástúngan lángt um meiri ástæðu, en sú en fyrri, því að vísu hefir sú aðferðin verið við höfð í landinu um lángan aldur. Má það lesa upphaflega í lands vors eldri lögbókum, einkum Járnsíðu eður Hákonarbók og Jónsbók. Þar er nefndarmanna farareyrir ákveðinn misjafn eptir vegaleingd til hverrar sýslu frá alþingisstaðnum; en vèr ætlum, að alþingið heldur ekki eigi að taka þessa stefnu. Það er kunnugt af alþingistíðindunum, að árið 1847 var nefnd kosin til að yfirvega þær mörgu bænarskrár, er þá komu fram um breytingu alþingis-tilskipunarinnar. Í þá nefnd voru þá valdir þeir menn, er þingið þá átti sèr gagnlegasta, og kváðu þessir á, hve margar dagleiðir teljast skyldu til sèrhverrar sýslu frá alþingisstaðnum (bls. 748); þó aðhyltist þingið síðar ekki þessa uppástúngu, og sýnt var fram á það, að ákvörðun dagleiðanna hefði mistekizt á mörgum stöðum. Það er líka alt öðru máli að gegna, en áður var á alþingi, því nefndarmenn voru við sömu sýslur, svo leingi þeir vildu, en nú geta þingmenn breyzt eptir hver 6 ár, og þá breytist að líkindum líka bústaður þeirra, en miklu má það skipta, hvar úr hverri sýslu alþingismaðurinn er kjörinn. Mismunurinn á þessu getur án efa skipt fleiri dagleiðum. Margt getur líka það að borið á lángri leið yfir ár og firði og fjallgarða, eða þá af veðráttufari, er tálmi för alþingismannsins, og væri þá ósanngjarnt, að svipta þingmanninn fæðispeníngum, þó ferð hans

tálmaðist af slíkum orsökum, eins og það þó á hinn bóginn má virðast miður sæmilegt, að hann fái fæðiskaup á fleiri daga en dagleiðir eru fyrir hann lögskipaðar. Af þessum ástæðum erum vèr á því, að alþingið heldur ekki eigi að velja þá uppástúnguna, er nú var talin.

Sú en þriðja uppástúngan, *að ferðakostnaður alþingismanna falli niður með öllu,* virðist oss helzt aðgeingileg. Byggist hún á þeirri skoðun, að þó þingmönnum ekki veiti af 3 rbdl. um dag hvern hèr á alþingisstaðnum, bæði til fæðis, húsaleigu og annarar aðhlynníngar, hestavöktunar og fl., muni þeim samt á ferð þeirra til og frá, nægja það hálfa eður 1 rbdl. 48 sk. til fæðis og annars sómasamlegs aðbúnaðar á ferðinni, en hestaleigur og annar fararkostnaður líka sè þeim sómasamlega endurgoldinn með 1 rbdl. 48 sk. dag hvern, meðan á ferðinni stendur. Þessa skoðun aðhyllist nefndin, og ætlar, að með þessu hverfi alt vastur með ferðakostnaðar reiknínga, og allur sá vafi, er þjóðin virðist að vera í um sanngirni reiknínganna. Nefndin telur það samt vafalaust, að breytíng sú, sem eptir er óskað á 79. grein alþingistilskipunarinnar, geti ekki náð til þeirra þingmanna, er í ár sitja í alþínginu, fremur en þeir sjálfir vilja, þótt nefndarmenn á hinn bóginn vonist eptir, að þingmenn gjöri sig ánægða með borgun þá, er þeir álíta næga fyrir eptirmenn sína. Á þenna hátt endurgelzt hverjum þingmanna eptir vegaleingd og þeim leingri eða skemri tíma, er hann þarf til að komast heim til sín. Ekki dettur oss í hug, að gjöra neinum þingmanna þær getsakir, að hann tefji fyrir þessa sök för sína til eða frá þingi, allra sízt heimleiðis, en eðlilegt þykir nefndinni það, þó þeir þingmenn helzt, er lánga leið eiga fyrir höndum til þingsins, hefji förina 1 eða 2 dögum fyrri en með áheitum nægt getur til ferðarinnar, svo hann komið gæti í tíma til þings, þó einhver tálman að bæri á leiðinni. Ekki getum vèr haldið, að þörf sè til að hækka daglaunin á ferðum þingmanna, eins og minni hluti nefndarinnar frá 1847, sem gagnskoða átti alþingistilskipunina, fór fram á, og eru ástæður til þess áður taldar.

Meiníng vor er því, að alþingið eigi að beiðast þess af stjórninni,

að alþingismönnum verði, í hinni nýu alþingistilskipun, eingínn ferðakostnaður leyfður, öðruvísi en sem falinn

í þeim 3 rbdl., er þeim veitist einnig á ferð þeirra til og frá alþingi, á degi hverjum.

Reykjavík, þann 11. júlí 1849.

Þ. Sveinbjörnsson. *Kr. Kristjánsson.* *Kr. Magnúsen.*

Framsögumaður Magnúsen: Þar eð eg ekki efast um, að þingmönnum muni virðast nægar ástæður fram færðar í álitsskjali nefndarinnar fyrir hennar uppástúngu, svo álít eg að svo stöddu einga þörf þar neinu við að bæta.

Stiptamtmaður: Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um sjálft efni málsins í nefndaráliti þessu; um það ætla eg alþingi sjálfu að ræða, en eg vil að eins drepa á það, að mèr þykir uppástúnga nefndarinnar ekki nógu ljóslega orðuð, og óska eg hún hefði tekið greinilegar fram, hvort uppástúngan skyldi innibinda í sèr einnig þann fund, sem næsta ár á að halda, ellegar einúngis alþing þar á eptir og framvegis. En jafnvel þó eg ætli, að í frumvarpi til kosníngarlaganna verði grein um kostnað þann, sem næsti fundur hefir í för með sèr, hygg eg þó, eptir því sem hèr er áður um garð geingið, að uppástúnga nefndarinnar nái bæði, og það einkum, yfir næsta fund og hin önnur komandi þíng. Eptir því sem í ástæðum fyrir uppástúngu nefndarinnar er sagt um sambandið milli alþíngissetu við Öxará og upphæðar á dagkaupi þíngmanna, verð eg að halda, að nefndin hafi ekki ætlað sèr í þessu máli að gefa sig neitt við þeirri spurníngu, hvað hátt eða lágt dagkaup þíngmanna skyldi vera, meðan þíngið sjálft stæði, en þetta kemur þá ekki allsendis heim við orð þau, sem í uppástúngunni standa, að þeir 3 rbd., sem upp á er stúngið, skuli *einnig* greiðast fyrir þá daga, sem verið er á ferðinni, því þetta sýnist gjöra ráð fyrir því, að dagkaupið skuli einnig framvegis, meðan á þínginu stendur, vera 3 rbd., og hefir þó nefndin sjálf, eptir því sem í ástæðum hennar segir, viljað öldúngis leiða hjá sèr þá spurníngu.

Að endíngu verð eg að álíta uppástúngu nefndarinnar sem teingda við hina 79. grein í alþíngistilskipuninni, og eg veit því ekki, hvort það hefir verið ætlan nefndarinnar, að orðatiltæki greinar þessarar um ferðakostnaðinn skyldi að öðru leyti standa óröskuð, ellegar hvort ástæða kynni virðast til að breyta eður ákvarða nákvæmar eitthvað í orðum greinarinnar, t. a. m. að ferðakostnað skyldi greiða einúngis fyrir ferðina beinlínis

til eður frá þingstaðnum og fyrir dvölina á sjálfum þeim stað. Eg vildi einúngis taka það fram, að uppástúnga nefndarinnar yrði sem greinilegast orðuð, til þess stjórnin gæti eptir á, ef hún semur um það lagaboð, haft sömu orð, sem nefndin og alþíngið hefir áður við haft.

J. Johnsen: Stiptamtmaðurinn er þegar búinn að hreifa ýmsum efasemdum við mál þetta, sem líka eg ætlaði mèr að hreifa; ekki ætlaði eg mèr samt að mæla neitt um málefnið í sjálfu sèr. Málið má að vísu virðast næsta einfalt, en þó hefi eg ekki átt svo gott með að átta mig í því. Eg ætla, að nú megi gánga að því vísu, að alþíng það, sem við eigum eptir tilskipun frá 8. marz 1843, með þessum þíngfundi sè liðið undir lok, og þarf þá ekki að gefa ný lög um ferðakostnað þess þings manna; en að taka ákvarðanir eða leggja ráð á um kjör þeirra manna, sem seinna meir halda alþíng það hið endurfædda, sem við eigum í vændum, skil eg ekki að þetta alþíng, sem nú er, eigi neitt með; eg ætla það *incompetent* til þess, ekki um það bært, heldur þann þjóðfund einúngis, sem í ráði er að haldinn verði að ári komanda. Um ferðakostnað þessa fundar manna aptur á móti ætla eg, að kosníngarlagafrumvarpið til hans, sem einmitt á að koma undir álit þessa alþíngis, muni innihalda þá ákvörðun, sem gjörð verður að álitum í því máli, og þó nú frumvarp þetta ekki yrði lagt fyrir þetta þíng, þá stendur sú ákvörðun samt í svo beinu sambandi við mál það, sem þegar er lagt undir nefndarálit um kosníngarlögin, að nefndin eða þíngið varla getur geingið fram hjá henni, er það sendir bænarskrá í því máli. Fyrir þessar sakir leyfi eg mèr, að bera það undir þá heiðruðu nefndarmenn í því máli, sem hèr ræðir um, hvort þeir ekki vilji fallast á að yfirgefa það mál, en í annan stað áskil eg mèr það atkvæði í málinu, að eingin bænarskrá fari frá þínginu í því.

Stiptamtmaður: Þegar mál þetta var borið hèr fyrst upp á þínginu, var hinn virðulegi þíngmaður ekki kominn, og veit því ekki, að þá afréðu menn að ræða mál þetta, af því menn könnuðust við, að það væri nauðsynlegt að taka til umræðu þenna kafla af kosníngarlögunum, þó þau sjálf væru ekki komin.

Þ. Sveinbjörnsson: Sá heiðraði þíngmaður Árnesínga vèk því til okkar, nefndarmanna, hvort við ekki vildum yfirgefa málið. Eg veit þó, að hann má þó sjá, að það ekki er á okk-

ar valdi. Alþingið hefir tekið málefnið til meðferðar, alþinginu hefir þókt það þess vert, að sett væri nefnd því til íhugunar, og kosið okkur til þess starfa; það er því alþingið eitt, sem hefir ráð á, en ekki við, að yfirgefa það nú, hvað það þó varla mun finna sèr sóma. Eg verð líka um leið að gegna því fáeinu, sem stiptamtmaðurinn áðan mælti. Hann virðist að vera í efa um, hvort nefndin hafi ætlazt til, að það, sem hún upp kveður, nái einnig til þess aukaþings, sem í orði er að haldið verði hèr á næsta ári, og er það að vísu meining nefndarinnar, að svo eigi að vera. Að nefndin hefir ekki viljað gjöra mikið úr kröfunni um lækkun fæðispeninganna til 2 rbd. um daginn, ætla eg sè á góðum rökum bygt. Bæn um það kemur einúngis fyrir í sambandi við flutníng þínghaldsins úr Reykjavík á Þíngvöll, og það til fært sem ástæða, að ódýrra verði að lifa við Öxará, en í Reykjavík. Nú hefir þíngið sjálft felt bænina um flutníng þíngsins, og þá verður það líka að detta, sem á flutníngi þessum er bygt. Þegar undirstaðan er tekin burtu, dettur líka alt, sem á henni er bygt, en einginn hefir farið fram á lækkun fæðispeninga fyrir þíngmenn hèr í Reykjavík. Það getur vel verið, að nefndin seinast í álitinu hafi farið óljósum orðum um þá 3 rbd., sem hún ætlaði þíngmönnum á ferðinni, en 'litlu áður í sama nefndaráliti er það greinilega tekið fram, að helmíngur þessara 3 rbd. sè ætlaður þíngmönnum til fæðis á ferðinni, en helmíngur eður 1 rbd. 48 sk. sem ferðakostaðar endurgjald. Það má þó vera hverjum manni ljóst, að einginn ætlast til þess, að konúngur við hafi sömu orð í reglugjörð sinni, sem nefndarálitin ráða til að um sè beðið, það má þá vera við það, að þíngið fallist óskorað á nefndarálitsins uppástúngu, og færi hana því óbreytta inn í bænarskrá sína til konúngs, en slíkt er ofursjaldgæft. Optar mun það við bera, að nefndanna uppástúngur breytast við umræður þíngmanna, og ýmislega uppborin breytíngaratkvæði, og ræður þá atkvæðagreiðslan, um hvað þíngið biður.

Jón Johnsen: Eg gat sjálfsagt eingan veginn ætlazt til, að nefndin yfirgæfi málið, nema með þíngsins samþykki. Þó eg að öðru leyti ekki væri kominn hèr á þíng, þá er málið var feingið nefnd til meðferðar, ætla eg samt, að mèr sè frjálst, að hafa á móti meðferðinni, og fyrir minni beztu sannfæríngu í þessu efni að færa þau rök, er eg hefi fært, og hefir einginn þíngmanna,

enn sem komið er, borið við að hrekja ástæður þær, er eg styð mig við. Eg get því ekki farið ofan af því, að þetta mál er svo vaxið, og, hvernig sem á er litið, sè í alla staði óþarft.

Jón Guðmundsson: Eg get þó ekki annað, en verið öldúngis á máli herra stiptamtmannsins og hins háttvirta konúngkjörna þingmanns, er síðast mælti; það er að vísu vafalaust, að í frumvarpi kosníngarlaganna til hins næsta aukaþings, sem von er hingað frá stjórninni, mun koma fram uppástúnga um fæðiskaup og ferðakostnað þeirra manna, sem setu eiga á þessu aukaþingi, og þessu alþingi er því ætlað að segja þar um álit sitt; eg ætla því, að þingið hafi gjört rètt, þegar það kaus nefndina samkvæmt bænarskránum um þetta efni, og nefndin eins að ljúka af starfi sínu; þó þetta atriði sè, og eigi að vera í frumvarpi kosníngarlaganna, er það þó þess eðlis, að vel má ræða það sèrstakt, og þar sem alt er komið í eindaga, eigi það nú að ræðast sèr; það dugir ekki að fresta öllum málum, þar til konúngsfulltrúinn kemur; mèr finnst því þingið eigi að láta standa, sem komið er, og ræða málið, og vil eg því leyfa mèr að taka fram nokkrar athugasemdir við nefndarálitið, eins og það er nú úr garði gert frá nefndinni.

Málefnið um alþingiskostnaðinn hefir, eins og vèr vitum, verið rædt á marga vegu, bæði hèr á þingi og heima í hèröðunum, og væri ei óliklegt, að skoðanir á því væri orðin ljós og búin að ná nokkurri festu.

Það var þegar í orði 1845, að þá myndi verða stúngið upp á breytíngu alþingislaganna. Mörgum þókti það ríflegt endurgjald, sem ákveðið var í alþingislögunum, og af því eg bjóst við umræðum um það á þínginu, þá ritaði eg flestum hinum helztu mönnum í Skaptafellssýslunum, þeim er eg bjóst við að helzt yrði kosnir framvegis, um það efni, og beiddi þá um álit sitt, ráðfærði mig einnig við þá, er eg náði til; yfir höfuð að tala, voru flestir þeirrar meiníngar, að þegar litið væri annars vegar til verkfalls, en hins vegar til kostnaðar við dvölina í Reykjavík, þá myndi menn vart fást til þíngferðar fyrir minna en 3 rbd., eður má ske 15 mörk dag hvern, en þar sem menn þyrfti svo miklu minna að kosta til fæðis sèr á ferðinni, en í Reykjavík, þá myndi ekki þurfa að ætla þíngmönnum neinn ferðakostnað að auki. Eg var þá eingan veginn fjærri að fallast á þessa skoðun, sem er samkvæm því,

sem nefndarálitið nú fer fram á, og hefði þetta komið til umræðu 1845, myndi eg hafa farið hinu sama fram.

A þinginu 1847 var mál þetta rædt, eins og öllum er í minni; nefndin stakk þá upp á 5 rbd. dag hvern, meðan á ferðinni stæði; einginn stóð þá upp til að hafa í móti þessu, af því það væri *of mikið,* en fleiri en einn lètu ýmsar athugasemdir í ljósi um, að það væri *of lítið,* eður þó fremur, að dagleiðunum væri ekki sem rèttast jafnað niður, og sumum væri af því skaði búinn.

En ef vèr sjálfir segðum, að 5 rbd. væru heldur lítið handa oss, fer þá vel á því, eða eigum vèr með að segja, að 3 rbd. sè nóg handa þeim, sem eptir oss verða kosnir? Eg gjöri ráð fyrir, að ekki allfáir af oss eigi hèr setu í síðasta sinni.

Það hefði verið vel, hefðum vèr sagt það 1845 eður 1847, að *oss* nægði *sjálfum* 3 rbd. Nú fer illa á því, ef vèr segjum: það nægir *hinum.*

Eg meina eingan veginn, að nefndin hafi ekki haft hið gildasta tilefni til að koma með þessa uppástúngu. Eg veit það, umkvartanirnar yfir upphæð alþingiskostnaðarins eru margar og úr mörgum áttum; þær koma fram og hafa komið með ýmsum svip í ýmsum búníngi, en mörgum er svo varið, að þær dæma sig sjálfar og höfunda sína, og eg ætla, að margir þeirra, sem bera mest mál í þetta, myndi verða sízt til þess, að ákveða kaupið minna, en verið hefir, ef þeir ætti hèr setu og sjálfir hlut að máli. En eg álít, að reynslan verði hèr að gilda meira, en laus ágizkan, fremur sprottin af vilja á að spara og sjálfshlíf við útlát, en af vissu um, hvort hjá kostnaðinum verði komizt, og hvað af slíkum sparnaði muni leiða.

Eg ætla eingum þíngmanni þá ágeingni, að þeir vilji hafa alþíngissetu sína að fèþúfu, og þeir hafa ekki viljað það til þessa.

En það er vorkun, þó hver þíngmaður vilji vera skaðlaus af þíngsetunni og þíngferðinni, eins þeir sem hèr eptir verða kosnir, eins og sjálfir vèr.

Eða getið þèr, heiðruðu þíngmenn, ábyrgzt, og viljið þèr ábyrgjast, að hinir næstu þíngmenn vilji gánga að lakari kjörum, en vèr?

Viljið þèr fyrir svo sem 800 rbd. sparnað yfir alt landið eiga það á hættu, að einhverjir hinir líklegustu fulltrúar, þótt ekki væri nema 1 eða 2, segði: ef eg verð ekki gjörður skaðlaus, fer eg hvergi?

Þèr viljið má ske taka undir með beiðendunum: föðurlandsástin knýr þá til fararinnar, þótt ekki sè sem fyllst endurgjaldið.

En eigum við rètt á að ætlast til þeirrar föðurlandsástar hjá hinum næstu þingmönnum, sem vèr höfum skýlauslega látið í ljósi að vèr höfum ekki sjálfir?

Það má hver, sem vill, álíta þetta sprottið af ástarleysi til fósturjarðar minnar og hlífðarleysi við alþýðu; en eg segi sem fyrri: vilji þjóðin eiga góða fulltrúa, þá verður hún að launa þeim vel; en vilji hún ekki vinna til þess, verður hún sjálfri sèr um að kenna; eg vil ekki vera fundinn að því, að leggja neitt það til fyrir þann sparnað, sem þjóðina munar eingu, en hvern einstakan mann miklu, að, þó ekki væri nema *einn*, duglegur fulltrúi missist þinginu.

Eg er enni heiðruðu nefnd samdóma í því, að nefndarmenn þeir, sem ein bænarskráin stingur upp á til að leggja úrskurð á ferðakostnaðar reikningana, sèu gagnslausir. Til forseta hafa ekki verið kosnir, og verða aldrei kosnir, aðrir en þeir, sem þingið hefir mikið traust og álit á, og sem yfir höfuð að tala eru færastir um að leggja úrskurð á reikningana, og munu fáir bjóða sèr að hafa þá fráleitlega freka, þegar slíkir menn eiga að álíta þá.

Þessar athugasemdir fannst mèr þörf að láta í ljósi fyrst um sinn, en leiði hjá mèr að stinga upp á neinu breytingaratkvæði, fyrr en eg sè, í hverja átt umræðurnar stefna.

Stiptamtmaður: Hèr hefir áður komið til orða í máli þessu, hvort menn með umræðu þessari væru að semja lög fyrir sjálfa sig, eða einúngis fyrir aðra menn, sem eptir þá mundi koma. Eg get nú ekki annað en haldið, að menn eigi ekkert að líta til þessarar persónulegu spurníngar, heldur einúngis til hins, hvort lögin eiga vel við, hvort þau eru hagkvæm eða ekki. Eg get ekki ímyndað mèr annað, en að flestir þeirra þingmanna, sem nú eru, verði kosnir að nýu; eg hygg þeir hafi álit þjóðarinnar, og næsti fundur verður svo fjölmennur, að margir verða ekki eptir, þegar búið er að kjósa til þess fundar alla þá duglegustu menn í landinu. Eg get ekki ímyndað mèr annað, en á næsta fund komi bæði margir þeirra, sem nú eru þingmenn, og svo nokkrir nýir, og mega þingmenn ekki þess vegna óttast, að þeir sýnist vilja vera strángari við aðra, en sjálfa sig, heldur einúngis binda

skoðun sína við það, hvað rètt og sanngjarnlegt er í málinu sjálfu, án alls tillits til hins persónulega.

Haldór Jónsson: Eg veit nú ekki, að hve miklu leyti það kann að rætast, sem herra stiptamtmaðurinn gjörði ráð fyrir, að flestir af þeim mönnum, sem nú eiga hèr þingsetu, verði aptur kosnir til þingfarar hèr eptir; en það veit eg, að margur maður, sem eptir kosningarlögunum var útilokaður frá kjörgeingi, þegar kosið var hið fyrsta sinn, muni af kjósendunum hafa verið álitinn betur hæfur til þingsetu, en sumir af oss, sem hèr sitjum. Eg tel því ekkert óliklegt, að ráð megi gjöra fyrir umskiptum á fleiri eður færri þingmönnum, og það held eg hlýða að menn hafi fyrir augunum í tillögum sínum. Þegar málefni þetta kom fyrst til umræðu á þessu þingi í ár, minnir mig, að eg styddi að því, að þingmenn í þetta sinn vildu fyrir sjálfa sig aðhyllast þær ákvarðanir um ferðakostnað, sem þingið fèllist á að gjöra að reglu fyrir þá, sem verða mundu á þingi hèr eptir. Þetta gjörði eg í þeirri von, að sanngirni mundi verða ofan á; en þessarar sanngirni sakna eg í álitsskjali nefndarinnar, og mig furðar mjög á því, að nú skuli vera stúngið upp á þingfararkaupi svo ólíku því, sem stúngið var upp á í hitt eð fyrra (þó ekki eigi sömu nefndarmenn hlut að máli); þá var stúngið upp á 5 rbd. um dag hvern í ferðakostnað og dagpeninga til samans; en þrátt fyrir það að þetta þá mætti mótmælum, er nú stúngið að eins upp á 3 rbd. Svo nákvæmt sem nefndarálitið er í þessu, þá finnst mèr það þó í sumum greinum ónákvæmt; þar er t. a. m. ekki minnzt á ferjupeninga, sem opt verða að greiðast, og þó þeir vanalega sèu litlir, eptir því sem ákveðið er, þá mun þó ekki dæmalaust, að ferjukaup yfir eina á, verði að nema 2 rbd. Ekki er heldur minnzt á kostnað fyrir hestum um þingtímann; mig minnir þó ekki betur, en að 1845 væri reiknaður í því skyni 1 rbd. fyrir hvern hest. En kann ske mig misminni, að ekki sè á þetta minnzt í álitsskjalinu; en þó svo sè, þá er ekkert fyrir því lagt: það á, eins og annað, að vera innifalið í þeim 3 rbd., sem mönnum eru ætlaðir um dag hvern á leiðinni.

Eg þarf ekki að tala um það, hvað ísjárvert er að takmarka mjög þingfararkaupið, því hinn virðulegi þingmaður Skaptfellinga hefir farið um það ljósum orðum. Fái málið því ekki rèttari stefnu, veit eg ekki nema bezt væri, að því væri

fráfallið; en vilji þingið beiðast nokkurra ákvarðana í þessu tilliti, hefir mèr dottið í hug að geyma mèr rètt til breytíngaratkvæðis, sem eg hygg nokkru sanngjarnara, en nefndaruppástúnguna, og þó, ef til vill, ekki fullkomlega sanngjarnt, nl: að dagpeníngar þingmanna, til þingsins og frá því, verði lækkaðir til 9 marka daglega, en ferðakostnaður sè þeim borgaður eptir reikníngum, sem álitnir sèu af 3 manna nefnd. Og það væri kynlegt, ef ekki fyndist meðal þingmanna 3 menn, sem ekki væri orsök til að gruna um sanngirni, þó þeir ættu sjálfir nokkurn hlut að máli; en 3 menn hygg eg færari til að dæma um reikníngana, en forseta einn, af því hann væri líklega ekki eins kunnugur öllum pörtum landsins. Þessa aðferð hygg eg nauðsynlega, til þess hver fái sanngjarnan ferðakostnað, því ekki er altjent, nè af öllum, því sama til ferðarinnar kostað: stundum, en ekki altjent, kunna tveir þingmenn að geta sameinað sig um 1 fylgðarmann, og held eg ekki ástæðu til að óttast, að ekki yrði sagt rétt til þessa og þvílíks, í hvert skipti; geymi eg mèr því breytíngaratkvæði eptir áður sögðu.

J. Thorstensen. Eg efast um, að það sè hin rèttasta aðferð, að taka allan ferðakostnað af alþíngismönnum, því margir hafa mikinn kostnað fyrir þeim ferðum, en hitt hefi eg jafnan ímyndað mèr, að ákvarðað þingfararkaup hefði átt að vera ákveðið af þingsins hálfu, auk fæðispeníngа fyrir þingmenn úr hverri sýslu eða kjördæmi, líkt og var til ens forna alþíngis, eptir vegaleingd, er hver einn þyrfti að ferðast. Þótt slíkt ferðakaup nú þækti sumum heldur lítið, þá bæði geingur það jafnt yfir alla, og líka mundu þingmenn una því betur, þó það ei bætti fullan kostnað fyrir ferðirnar, á meðan þeir hafa næga fæðispeníngа með fram á ferðinni, hvar fæði líklega kostar flesta nokkuð minna, en þeir mega borga hèr í bænum; og því síður er það gjöranda, að taka af þeim allan ferðakostnað, sem við vitum ei fyrir víst, hvort fæðispeníngar verða eptirleiðis eins miklir og nú eru. Það kom til tals á ríkisfundi í Danmörk í vetur, að fæðispeníngar landþings- eða þjóðþingsmanna þar yrðu má ske ei nema 2 rbd. dag hvern.

Jón Guðmundsson: Nú er búið að ákveða það til þriggja rikisdala, en hinn heiðraði þingmaður hermdi það rètt, að stúngið var upp á 2 dölum af stjórninni.

J. Thorstensen: Og þó það þá yrði 3 rbd., yrðu þá ei fèlitlir þingmenn of sælir af þeirri borgun, að fara um lángan og

opt örðugan veg, og fá má ske eina 2 rbd. í fæðispeninga. Því meira getur geingið í ferðakostnað einan, og áskil eg mèr því breytíngaratkvæði í þessu máli: að ferðakostnaður verði fastsettur úr hverju kjördæmi eptirleiðis.

Steffán Jónsson: Eg get ekki ætlað neinum þíngmanni, að þeir gjöri sig ánægða með það fyrir eptirmenn sína, sem þeir sjálfir ekki gjöra sig ánægða með, og eg fyrir mitt leyti vildi ekki gjöra það.

Þegar þessu máli hefir verið hreift hèr að undanförnu, hefi eg verið fastur á því, að bezt væri að ákveða vissa og fasta borgun fyrir þíngferð úr hverri sýslu, og á því er eg enn, þó eg játi, að nefndin hafi haft miklar ástæður fyrir því, að taka aðra stefnu með uppástúngu sína, eins og hún sýnir rök fyrir. Sú regla, að ákveða fastar dagleiðir úr hverri sýslu, var tekin hèr á þíngi seinast af nefnd þeirri, sem þá var kosin í þessu máli, en hún fèkk ekki þíngsins atkvæði, bæði af því að ekki þókti sem heppilegast hafa tekizt ákvörðun dagleiðanna, og líka af því, að breytíngaratkvæði var upp borið, um að ferðakostnaðarreikníngarnir væru prentaðir í þíngtíðindin, því einginn mundi vilja láta sjá þar eptir sig ósanngjarna reikníngа, en nú þykir sem sú von hafi brugðizt.

Það er mikið vandaverk, að ákveða fasta borgun til ferðakaups og dagpeninga úr hverri sýslu, bæði af því, að munað getur talsverðu, hvar þíngmaður á heima í sýslunni; þó held eg, ef dagleiðatal er tekið frá miðbiki úr hverri sýslu, að þíngmenn eða aðrir ei gjörðu skraf um ójöfnuð, sem af því leiddi; líka er það aðgætandi, að ekki er sanngjarnt að ákveða ferðakaup og dagpeninga einúngis eptir vegaleingd, því ekki er ætlandi, að sömu hestar geti enzt alla leið úr fjarlægustu sýslum, og fylgir þar af meiri erviðleiki fyrir þá, sem fjærstir eru. Þó ekki sè líklegt, að eg geti komið með sanngjarna uppástúngu um kaup þíngmanna úr hverri sýslu, vil eg þó áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, því ef eg sè ekki kost á því, get eg látið það falla niður við síðustu umræðu málsins.

Jakob Pètursson: Mèr fannst það mætti vekja góða von hjá alþíngismönnum, þegar eg heyrði, að í nefndarálitinu var gjört ráð fyrir því, að þeir hefðu sómasamlegan útbúnað á þíngleiðinni, en ekki get eg kallað sómasamlegt, nè heldur fært, fyrir þíngmanninn frá Norðurþíngeyar og Múlasýslum.

eg víðar, að fara einsamlan jafnlángan veg með marga hesta; fylgdarmaðurinn kostar þá um daginn . . . . . 1 rbdl. „ sk.
6 hestar teknir á leigu . . . . . 1 — 48 —
hefir þá þingmaðurinn eptir af þeim til teknu 3 ríkisdölum um daginn til alls, sem hann með þarf, 48 sk.

Nú eru á vegi þessara manna mörg stórvötn, sem um það leyti eru ófær, nema á ferju, og fleiri ár illfærar án fylgdar af kunnugum, sem alt kostar borgun, eins undirhald fylgdarmanns og hesta um þingtímann, svo eg get ekki fallizt á uppástúngu nefndarinnar hvorki fyrir mig nè eptirkomara mína, sem má ske ekki verði svo efnaðir, að geti eða vilji kaupa á sig ferðina. Þetta óska eg líka að þingmenn taki til athuga, áður en þeir veita nefndarálitinu meðhald.

Guttormur Vigfússon: Eingir þingmanna standa hèr lakara að, en vèr Múlasýslumenn, eður er meiri vandi á höndum, þegar ræða er um þetta mál, þar sem vèr búum fjærst þessum stað, hvar færri þekkja veginn til átthaga vorra, en vèr erum á hinn bóginn kostnaðarsamari en aðrir, hvað ferðakaupið áhrærir, sem, ef til vill, lítur út fyrir, í augum þeirra er miður til þekkja, að sprottið sè af einhverri óeðlari rót, heldur en að hèr á sèr stað; en hver verður að ráða sinni meiníng í því falli. Eg dylst ei við, að það gladdi mig, er hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga skýrði þinginu frá því, er eg sjálfur vildi hafa gjört, nefnil. að því leingri veg sem einn þingmaður hefði að sækja til þingsins, því kostnaðarsamari yrði ferðin honum, meir en að tiltölu við þá, er skemra ætti; hafa og aðrir þingmenn drepið á þau atvik og örðugleika, sem leiða það í ljós. Eg tala hèr ekki máli sjálfs míns, er eg gjöri ráð fyrir, að það verði í síðasta sinni, að mèr auðnast sú æra og ánægja að standa sem þingmaður á þessum helga stað, en því meiri vanda álít eg það fyrir mig, því hvorki vildi eg vera fundinn að því nú eður endrar nær, að hafa þann tilgáng að vilja plægja landsmenn mína yfir höfuð eður nokkurn einstakan þeirra, en það áliti eg mig þó gjöra, ef eg fèllist á það ferðakaup, er eg vissi mig sjálfan ekki að vera skaðlausan af, og því get eg ekki heldur fallizt á nefndarálitið, eins og það er nú lagað, því ef eg gjörði það, er eg viss um, að eg gjöri þeim mönnum, er þing eiga að sækja framvegis, þann skaða, er ekki ætti að vera, því þó það geti aðborið, að ferðakostnaðurinn verði ekki ætíð þingmanninum jafn-

hár, eptir því sem á tíðarfari, vegum og vötnum stendur, samt öðrum kringumstæðum, og sá mismunur hefir og einmitt að borið fyrir sjálfum mèr í þetta sinn, með tilliti til í hitt eð fyrra, þá má það miklu muna, fyrr en svo sè, sem nefndarálitið fer fram á. Mín skoðun á málinu er líka svo, að mèr virðist það ekki sómasamlegt, að hnitmiða svo hvert fiskvirðið við þjóðfulltrúann, að vafi sè á, hvort hann sè íhaldinn eður ekki, og það þori eg að fullyrða, að sýslubúar mínir eru flestir svo frjálslyndir og þjóðlegir, að þeir mundu eingar góðar þakkir kunna mèr, þó eg fèllist á það, að fulltrúi þeirra væri sviptur sómasamlegum og sanngjörnum ferðalaunum, en það liggur í augum uppi, að 9 mörk þau, sem nefndarálitið stíngur upp á um daginn, fyrir hesta, áhöld, fylgdarmann og fleira, eru eingin sanngjörn nè sómasamleg borgun, og það því síður sem þíngmaðurinn er leingra að, þarf meiri útbúnað, optar að hafa hestakaup, yfir fleiri stórvötn að fara, og hvað annað; mèr er ógeðfelt, eins og eg hefi sagt, að ræða nokkuð ítarlega um mál þetta, hver kostnaðarauki af því stafar, að Múlasýsluþíngmenn eru miklum mun fjarlægari en aðrir þíngmenn, og þess vegna fer eg eingum fleiri orðum um það að sinni.

Á eitt verð eg þó enn að minnast, að þá eg las nefndarálitið, var eg í fyrstunni í vafa um, hvort það stefndi einúngis til aukaþíngsins að ári, eður alþíngis framvegis, því væri svo, að það miðaði til þess síðara, þá áleit eg nefndarmenn að hafa farið leingra fram, en vera átti, og mál þetta ekki rèttilega höndlað af þíngi þessu, þar aukaþíngi því mundi ætlað að semja þíngfararkaupið fyrir alþíngismenn, ásamt öðrum þíngsköpum eptirleiðis, en eingan veginn oss, sem komnir erum að vertíðarlokum; en nú við umræður þíngmanna hef eg orðið þess vísari, að nefndarálitið stefnir að aukafundinum mest, því virðist mèr rètt og nauðsynlegt að ræða það, þar það er samfara kosníngarlaga frumvarpinu til þess fundar, og bið eg þá þíngmenn vel að athuga, hvort að ekki sè fullkomin ástæða til að breyta nefndarálitinu, og áskil eg mèr nú þegar rètt til þess breytíngaratkvæðis til vara, ef menn vilja ekki víkja frá nefndarálitinu, að svo verði ferðakaup fyrir þíngmennina úr Múlasýslum til þjóðfundarins að ári, sem verið hefir að undanförnu.

Haldór Jónsson: Það hefir verið talað um, að alþingis-

menn ættu að geta ferðazt „*sómasamlega*“. Og menn hafa jafnað saman, hvað kostnaðarsöm að sè dvöl þeirra hèr í Reykjavík, og meðan þeir eru á leiðinni til þingsins og frá því. Og hafi eg tekið rètt eptir, er í álitsskjalinu hreift þeirri meiningu, að þingmenn sèu eins vel farnir með 3 rbdl. dag hvern á leiðinni og þeir eru það í Reykjavík; en mín sannfæring er þessu eingan veginn samkvæm: eg ætla, að enginn þingmaður kosti svo miklu upp á sig í Reykjavík, að hann ekki hafi töluverðan afgáng af þeim ákveðnu dagpeningum; en alt öðruvísi mun fara, meðan þingmaður er á ferðinni, þá hygg eg að 3 rbdl. nægi ekki fyrir hesta og fylgdarmann, með öðru, er að ferðakostnaði lýtur, og að þingmaðurinn hafi sjálfur *ekki neitt*. Hvað menn álíta innifalið í því, að geta ferðazt „sómasamlega“, veit eg nú ekki; en líklega á það að innibinda sómalegan greiða, þar sem maður er nætur sakir; hvað nú í þessu tilliti megi álítast sómalegt, skal eg ekki um dæma, en ekki væri það viðkunnanlegt, ef maður borgaði svoleiðis greiða, að maður feingi ekki að vera, þegar maður kæmi í næsta sinn á sama stað.

þ. Sivertsen: Um leið og eg stend upp, get eg þess fyrst, að eg í allan máta samsinni því, er hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, er seinast mælti, vèk á, því viðvíkjandi, að alþingismenn eingan veginn kæmust af með sömu útgjöld daglega á ferðum sínum, eins og þeir kæmust af með í Reykjavík um þingtímann daglega; hverju næst eg lítið eitt vil víkja að málefninu, sem hèr er nú verið að ræða um, en get þess samt fyrir fram, að eg þykist hafa lángt um gildari ástæður fyrir því, að álit mitt hèr um verði einmitt með eða mót eptirmönnum þeim, er hèr eptir eiga setu á þingi, en hvorki með eða móti sjálfum mèr. Eg er nú með öllu viss um, að nefndin hefir, eins og henni var ítrast mögulegt, leitað og þrædt þann veg, er hún fann jafnaðargjarnastan og sannsýnilegan, en þjóðinni þó undir eins lèttbærastan, og er því ekki óliklegt, að nefndar uppástúngan fái þjóðarinnar, og, ef til vill, þingsins meðhald; en eingu að síður getur mèr þó ekki fundizt hún svo jafnaðargjörn, sem æskilegt væri, enda mun þann jöfnuð bágt að finna. Eg hefi að undanförnu verið því mótfallinn, vegna afleiðinganna, sem eg óttast fyrir að þar af fylgi, og eg er mótfallinn því enn, að of mikilli smámunasemi í launa eða endurgjalds greiðslu til alþingismannanna sè beitt á móti

þeim, og skýrskota eg þó til þingmanna, að eg fremur hefi aðhyllzt sparnaðar reglurnar í öðru, þar sem þjóðin á hlut að máli, heldur en frek útgjöld hennar. Verði nú nefndar uppástúngan aðhyllzt, skilst mèr ekki betur, en svo fari, að þeir þingmennirnir, sem leingst eru í burtu frá þingstaðnum, þeirra missir verði mestur, hinna, sem nær eru, minni, og sýna þetta ferðakostnaðar reikníngar undanfarinna þínga, og þeir, sem búa í og um kríng Reykjavík, þeir missa einkis í, því fyrir þeirri ósanngjörnu smámunasemi ætla eg ekki að gjöra ráð, að þeirra daglaun, mannanna, sem eru og hafa verið, og líklega munu verða mestum störfum háðir á þínginu, verði niður sett, meðan hinir, sem minni störfum geta gegnt og gegna, hafa þau óniðursett. Nefndin stíngur nú upp á, að farareyrir þingmanna niðurfalli; beðið er um, að daglaunin lækki, mig minnir alt að helmíngi, og hver veit, nema þetta veitist seinna meir; er þá eptir að biðja um, að alþíngismenn sèu með öllu launa eður endurgjaldslausir, því föðurlands ástin ein reki þá til alþíngis, og verður það nú vel, sem reynist; en ekki getur mèr fallið vel tilhugsan þessi, einúngis þjóðarinnar vegna. Mætti eg spauga í þessari heiðruðu samkundu, dytti mèr í hug út af þessu, hvort ekki mundi vel til fallið, að sá yrði alþíngismaður, sem á undirboðsþíngi yrði lèttastur á móti silfrinu; en eg sleppi þessu, en get hins, eins og mig minnir að hèr hafi verið áhrært af þíngmönnum, að það er eptirtekta vert, skyldi þíngið nú ákveða þíngmönnum 3 dala endurgjald á ferðum, í stað 5 í hitt eð fyrra, sem þá ekki þókti ofmikið, hefði jöfnuðurinn náðst. Mig minnir eg veitti því ekki meðmæli, að nefnd væri sett í þessu máli, mèr þækti það ekki eiga sem bezt við, eg er enn þá á sömu meiníngunni; það er búið að biðja um breytíngu á 79. grein alþíngistilskipunarinnar, þeirri breytíngu er nú þegar farið að fylgja, en nú á þó að fara að biðja um aðra; eg get ekki skilið í, að nokkur hætta sè búin, þó þetta biði, eg get ekki gert ráð fyrir nokkrum þíngmanni, sem væri svo ósvífinn, að gjöra ósanngjarnan ferðakostnaðarreikníng, þegar þeir, nefnilega reikníngarnir, eru prentaðir, og verða þjóðkunnir, og þó svo færi, að einn eða tveir gæfist, held eg þjóðina munaði fárra dala virði á ári, í ein 3 ár, að litlu, því þar sem alþíngismaðurinn væri metinn eptir dalatalinu, er kjósendum innan handar, að láta þann ekki sitja leingur á þíngi, sem þykir kosta of mikið; eg held það væri því

rèttast, að senda konúngi einga bænarskrá um þetta frá þessu þíngi, og skildist mèr ekki betur, en hinn mikilsvirti fulltrúi Árnesínga áskildi sèr breytíngar atkvæði á þá leið, en hafi það ekki verið, gjöri eg það. En skyldi nú þíngið ekki fallast á það, mundi eg helzt halda mèr að breytíngaratkvæðum þeirra, sem vilja, að fast ákveðið sè fararkaup úr hverju kosníngarumdæmi. Að lyktum, fyrr en eg sezt niður, vildi eg mega leiða athygli þíngmanna að því, hvort óánægja þjóðarinnar yfir þíngfararkaupinu mundi hverfa með öllu, þó fararkaupið sjálft niðurfalli, nefnilega endurgjald ferðakostnaðarins, meðan ekki er fast ákveðið dagatal það, sem hver alþíngismaður má hafa á ferðum sínum, og ætla eg, að ósanngirni geti þá komið þar fram, og valdið tortryggni, ekki síður en ferðareikníngarnir. Og læt eg svo úttalað að svo stöddu.

Jón Jónsson: Mèr hafa nú fundizt umræður sumra þíngmanna sveigjast of mikið í þá átt, að eigna þjóðinni, sem borið hefir fram bænarskrár um aftekníngu eður minkun ferðakostnaðar þíngmanna, að þær óskir hennar mundu vera sprottnar af óvilja eður naumleika hennar til að vilja borga þeim ferðir þeirra vel og sómasamlega; og þetta getur, ef til vill, einhverstaðar átt sèr stað, en yfir höfuð, og eptir því sem mèr er kunnugt, eru það þó alt aðrar og sterkari tildrögur, sem hafa knúð hana til þessara bæna, og það er sú meiníng hennar og álit, sem hún er inntekin af, og eg held hafi mikið fyrir sèr, að alþíngiskostnaðurinn sè ekki lagður eða jafnaður niður á alla þá gjaldstofna, sem þó sanngjarnlega ætti að vera, finnur hún því til þessara ójafnaðargjarna þúnga, og vill því einhvern veginn lètta honum dálítið á sèr, ef hún gæti, grípur svo til þessara óyndisúrræða að biðja um ferðakostnaðinn minkaðan eður af tekinn, og veit eg fyrir víst, að óánægja hennar í þessu tilliti hvyrfi, ef að sanngjarnari undanþágulaus og betri niðurjöfnun þíngkostnaðarins kæmist á, sem hún svo fastlega óskar eptir. Eg áskil mèr því breytíngaratkvæði, á sömu leið og þíngmaður Eyfirðínga hefir gjört.

Þ. Sveinbjörnsson: Það, sem þíngmaðurinn frá Suðurþíngeyarsýslu fer fram á, að óánægja fólks yfir því, að of fáir sèu gjaldstofnar alþíngiskostnaðarins, hafi gefið tilefni til bænarinnar um aftöku ferðakostnaðarins, og að fæðispeníngar embættismanna *í* og *við* Reykjavík lækkaði til helminga, held eg eigi hèr eingan stað. Í hið minnsta man eg ekki til, að

sú ástæða sè áhrærð í bænarskrám þeim, er nefndinni voru feingnar til meðferðar.

Eg held öll umræða um of fáa gjaldstofna viðkomi ekkert þessu málefni, heldur öðru, um betri niðurjöfnun alþingiskostnaðarins yfir höfuð, og mótmæli eg því öllum slíkum umræðum nú. Það var nefndinni gleðilegt að heyra, að þingmaður Dalasýslu gat þess til, að nefndarálitið mundi fá bæði þjóðarinnar og þingsins meðhald. En þessi gleði rènaði stórum, þegar hann gat þess, að bænarskráin um það, að fæðispeningar embættismanna í og við Reykjavík lækki að helmíngi, væri sprottin af smámunasemi, því þá fór nefndin að óttast fyrir, að meðhald þjóðarinnar, sem hann spáir nefndarálitinu, kynni að vera sprottið af sömu rót; en nefndin kannast ekki við, að hafa í uppástúngu sinni haft neitt slíkt fyrir augum, og af því þingmaðurinn frá Norðurþíngeyarsýslu hefir farið því á flot, að hann ekki þæktist ferðast sómasamlega, nema hann hefði með sèr fylgdarmann, sem kostaði 1 rbd. um daginn, þá kynni eg fyrir mitt leyti ekki vera ófús á, að ætla þingmönnum 4 rbd. um dag hvern, sem þeir eru á ferðinni bæði í fæðis og ferðakaup.

Eyólfur Einarsson: Þó eg á næst höldnu þingi væri flutníngsmaður bænarskrár um að lækka laun þingmanna, bera tíðindin með sèr, að eg var meir á móti því. Þó eg með vissu geti sagt, eg komi ei meir í þennan heiðraða sal, þá þing þetta endar, get eg ei breytt meiníngu minni um laun þingmanna, því það er á móti sannfæríng minni; eg vildi ei gefa atkvæði mitt fyrir svo lágum launum, að þingmenn þyrftu fráfælast þingsetu, því eg óttast, að það orsaki þjóðinni fremur skaða en hag. Þegar eg las og heyrði álitsskjal nefndarinnar, játa eg, að það sem nefndin aðhyltist, nefnil. að taka af ferðakaupið, fannst mèr aðgeingilegast, og mèr virtist koma nærhæfis jöfnuði á alla þingmenn, utan þá sem búa hèr í bænum og þètt við hann. Þó þetta sèu kallaðir smámunir við þá þingmenn, sem eru duglegir við þingstörf, sem eg líka játa, þá er allur jöfnuður góður. Skyldi þingið gánga inn á nefndarálitið, áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að dagpeníngar þingmanna þeirra, sem búa í og þètt við Reykjavík, lækki að tiltölu við ferðakostnað þingmanna.

Guttormur Vigfússon: Eg bið þingið athuga, hvort það væri í alla staði *sómasamlegt*, að prófastar og sýslumenn úr

Múlasýslum ferðuðust í þjóðarerindum fylgdarlaust, og það yfir eyðifjöll, án þess að nokkur viti, hvernig þeim líður, eður hvað fyrir þeim verður, og hafi ein 9 mörk í ferðakostnað. Eg tek þetta svona til dæmis.

Jón Jónsson: Þó að við alþýðumennirnir gjörum okkur á þingferðum sjálfa að hestadreingjum okkar til að geta gjört ferðakostnaðinn sem lægstan, vil eg þó ekki eiga hlut í, að aðrir á eptir, sem má ske ekki sómi, eður ekki geti það, verði svoleiðis launaleysis vegna að níðast á sjálfum sèr.

Ásgeir Einarsson: Svo er búið að ræða mál þetta nú, að eg áset ekki að bæta mörgu þar við. Eg þykist nú geta af nokkurri reynslu dæmt um, hvað dýr vera manna er hèr í Reykjavík, og jafnframt, hvað ferðir þingmanna kosta til Reykjavíkur úr hèröðum þeim, er eg þekki, og heim aptur. Eg álít, að menn geti ákveðið ferðakostnað og fæðispeninga eptirkomandi þingmanna sanngjarnlega, án þess að hafa tillit til þess, hvort þeir sjálfir verði á þingi þessu aptur. Það er bæði þessu þingi og hverjum einstökum manni sæmd, að breyta ekki áliti sínu án gildra orsaka; er eg því hræddur um, að mörgum þyki það undarlegt, ef þingið fellst nú á, að svipta þingmenn algjörlega ferðakostnaði, er 1847 stakk upp á 2 rbd. dag hvern, og var það eina haft á móti því, að illa hefði tekizt jöfnuðurinn, eins og þingmenn hafa látið í ljósi, og er eg hræddur um, að sú verði niðurstaðan nú, þó reynt verði að fara sama veginn. Eg held, að á þetta komist jöfnuður, þegar ferðakostnaðarreikníngarnir eru prentaðir, og ýmsir farnir að finna að, hvað þeir sèu ósamkvæmir hverjir öðrum, og vona eg, að forseta takist að miðla málum við þingmenn í þessu. Mèr finnst uppástúnga nefndarinnar lúta að því, að þeir, sem lángt eru hèðan, fái minna, en að undanförnu, fyrir ferðir sínar, en þar á móti minka ekkert fæðispeníngar þeirra, sem eru hèr búsettir, og eykst lítill kostnaður við þingsetu. Er eg því hræddari um, að þjóðin setji í þetta augun, sem sumir nefndarmenn eru búsettir hèr nálægt.

Eg er sömu meiníngar, og eg var árið 1847, að eg held, að vel mætti takast að lækka fæðispeníngа þingmanna um 3 mörk dag hvern, og skýrskota eg um þetta til ástæðna þeirra, er eg þá framfærði í alþingist. bls. 780—781, og áskil mèr um það breytíngaratkvæði.

Steffán Jónsson: Eg sè ekki betur, en það sè öldúngis

óviðkomandi, að tala um að setja niður dagpeninga, þegar nefndarálitið hefir með rökum útilokað það atriði málsins; og ekki sè eg, að breytíngaratkvæði um það geti orðið tekið til greina.

Guttormur Vigfússon: Eg er þessu öldúngis samdóma.

Ásgeir Einarsson: Ein bænarskráin hljóðaði þó um það, að niðursetja fæðispeníuga þíngmanna, og ræður nokkurra þíngmanna hafa lotið að því; en þó nefndinni þækti ekki ástæða til, að taka það atriði fram, áleit eg mèr eins fyrir það leyft að bera upp breytíngaratkvæði um það.

Varaforseti kvað nefnd þessari einúngis hafa verið ætlað að íhuga ferðakostnaðarmálið, en þessi eina bænarskrá um lækkun á fæðispeningum þíngmanna hefði svo að segja óvart slæðzt inn til hennar, og gæti hann ekki betur sèð, en nefndin hefði haft rètt fyrir sèr í því, að vísa henni frá, sem óviðkomandi, mundi því þíngið ekki geta tekið til greina breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Strandasýslu.

Ásgeir Einarsson: Þíngið hafði þó ekki á móti, að bænarskráin væri feingin nefndinni, og þess vegna verð eg að álíta það hafi samþykt það.

Jón Guðmundsson: Ef varaforseta sýnist hann ekki geti skorið úr þessu upp á sitt eindæmi, vil eg leyfa mèr að stínga upp á, að hann skjóti því til atkvæða þíngsins.

þ. Sveinbjörnsson: Það er áður skýrt í nefndarálitinu, hvers vegna nefndin þóktist eiga að frávísa bænarskránni um lækkun fæðispeninganna. Nefndin hèlt, að þar eð grundvöllurinn væri fallinn, hlyti og sú bygging, er á hann var reist, að falla.

Varaforseti: Eg minnist þess, að í inngángsumræðu málsins tók eg þessa bænarskrá fram, og fèllst þíngið þá á, að nefndin tæki við henni. En fyrst þíngið feldi málefnið um flutning alþíngis að Öxará, ætla eg, að nefndin hafi gjört rètt, að frávísa þessu síðara atriði bænarskráarinnar um lækkun fæðispeninganna, sem einmitt bygðist á flutníngnum. En svo eg sè ekki með mitt umdæmi, bið eg þíngið segja til þess, hvort breytíngaratkvæðið, sem hèr ræðir um, á að takast til greina.

Jón Þórðarson: Eg vil einasta láta þá meiníngu mína í ljósi, að hafi nefndin farið rètta leið að setja niður fæðispeníngа alþíngismanna á ferðum þeirra að helmíngi, og ætla þeim hinn helmínginn til ferðakostnaðar, þá er aungvu síður rètt

og leyfilegt fyrir þingið að setja niður fæðispeninga alþingismanna um þingtímann.

Steffán Jónsson: Það er þó víst athugandi, hvort að forseti getur leitað atkvæða þingsins um þau atriði, sem ekki eru að finna í nefndarálitinu sjálfu.

Varaforseti: Með þessu máli gætu menn borið upp breytingaratkvæði á alla vegu; verð eg því að ítreka við þingmenn að skera úr með atkvæðum, hvort breytingaratkvæði þetta á að takast til greina.

Var þá svo gjört, og fèll breytingaratkvæðið.

Af því einginn framar ræddi málið, kvað varaforseti það nægilega rædt til undirbúnings.

Loks gat varaforseti þess, að næsta mánudag yrði tekið til undirbúningsumræðu.

1. Nefndarálit, um að embættismenn og ekkjur þeirra gjaldi til jafnaðarsjóðanna.
2. Nefndarálit, um reglur að semja eptir skýrslur til verðlagsskránna, og
3. til ályktunarumræðu málefnið um ferðakostnað alþingismanna.

Þ. Sveinbjörnsson gat þess, að næsta mánudagsmorgun yrði landsyfirrèttarfundur.

Varaforseti sagði því næst fundi slitið, og ákvað fund kl. 11. á mánudaginn.

---

16. júlí — tólfti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá fyrra fundi lesin og samþykt.

Varaforseti tók þá fram til undirbúningsumræðu nefndarálit, um að embættismenn og ekkjur þeirra gjaldi til jafnaðarsjóðanna, og fèkk framsögumanni, konferenzráði Þ. Sveinbjörnssyni, er las það upp svo hljóðandi:

Hið heiðraða alþing, hefir þann 7. þ. m. kosið oss, sem hèr undir ritum nöfn vor, í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um frumvarp það, sem innsent er frá Þórnessfundi Vestfirðinga, og biður um, að alþing sendi konúngi bænarskrá um, að allir embættismenn og ekkjur þeirra taki jafna hlutdeild með bændum í útgjöldum öllum til jafnaðarsjóðanna.. Og viljum vèr nú láta álit vort í ljósi, sem er þannig:

Það hefir, frá því fyrsta að jafnaðarsjóðir komust á, verið viðtekið, að allir embættismenn, að stúdentum undanskildum síðan 1826, og ekkjur þeirra, hafa sloppið hjá greiðslu þessa gjalds, og menn þeir, sem nú sitja að embættum hèr í landi, hafa til þeirra komið í fyrstu undir sömu kjörum, og kynni því sýnast, sem þeim væri órèttur gjörður, að taka þetta gjaldfrelsi nú frá þeim; líka kann það virðast ísjárvert, að leggja útgjald þetta á ekkjur embættismanna, sem opt eru efnalitlar, og eiga við bágan kost að búa. En hins vegar finnst oss, sem frumvarpið stíngi upp á því eina, sem er bæði sanngjarnt og rètt, að allir, sem njóti jafnra rèttinda, hafi líka sömu skyldum að gegna; þetta gjald heitir ekki heldur í raun rèttri lagt á laun embættismanna, heldur þeirra „privat“ lausafè, þó undanþágan í fyrstu hafi líklega átt að vera nokkurs konar rífkun launa þeirra; en okkur getur ekki skilizt, að svo megi heita, því bæði er, að þetta munar embættismanninn að litlu, og líka ætlum við einíngarband það, sem vera á milli embættis- og almúgamannsins, verða lángt um fastara, þegar hvorutveggi taka jafnan þátt í byrði þeirri, er báðum er til sömu nota. Þótt undanþága þessi nú hverfi embættismönnum þeim, sem nú eru uppi, ætlum vèr þeim eingan órètt gjörðan, því þeir munu allir komnir til embættanna með því skilyrði, að þola þær breytíngar, sem á löggjöfinni verða kynnu, og líka hefir þannig viðgeingizt, hvað undanþágu þessa snertir, að þeir hafa sumir verið sviptir henni, er nutu hennar áður, t. a. m. hreppstjórarnir, sem þó öðrum fremur þurftu undanþágunnar með, og áttu hana skilda. Sömuleiðis virðist oss það takandi til greina, að sá einn fjórði hluti alþíngiskostnaðarins, sem nú er lagður á lausafèð, og tekinn af jafnaðarsjóðunum, á einmitt eptir löggjöfinni að hvíla á embættismönnunum að jöfnuði, af þeirra eigin tíundbæra lausagózi. Að undanskilja ekkjur embættismanna, þykir okkur bæði nokkuð smásmuglegt, og undanþágan þá ekki horfin, sem vèr ætlum þó að vera ætti, líka munar ekkjurnar gjald þetta að litlu, þær sem lítið eiga, og eingu óhægra vera að greiða það, en fátækum bændaekkjum.

Af framantjáðu er það þá sameiginlegt álit vort:

Að alþíng eigi að biðja hans hátign, konúnginn, um löggjöf þá, er skyldi embættismenn alla og ekkjur þeirra til hèr eptir að taka jafna hlutdeild með almúga í öllum þeim

útgjöldum, er jafnast niður á tíundbært lausafè, til jafnaðarsjóðanna.

Reykjavík, 12. dag júlímán. 1849.

Kr. Magnúsen. Þ. Sivertsen. Þ. Sveinbjörnsson.

Framsögumaður: Eg hefi eingu við það að bæta, sem í nefndarálitinu er talið, og ætla fyrst að heyra umræður þingmanna um þetta efni.

Stiptamtmaður: Sú eina athugasemd, sem eg vil gjöra við nefndarálitið, er viðvíkjandi því, sem nefndin segir, að sá fjórði partur alþingiskostnaðarins, sem lagður er á lausafèð, eigi einmitt eptir löggjöfinni að hvíla á embættismönnum að jöfnuði af þeirra eigin tíundbæra lausagózi. Eg held nefnilega, að ekki hafi átt að leggja alþingiskostnaðinn á lausafjártíundarhundruð embættismanna eptir ástæðum hins opna brèfs af 18. júlí f. á., sem ekki hefir tekið til annan gjaldstofn af lausafènu, en þann, sem venjulegt hefir verið að jafna niður á; þessu hefir amtmaðurinn í vesturamtinu verið samdóma, og eg ætla, að sá maður, sem stýrir norður og austuramtinu, muni vera á sama máli.

Þ. Sveinbjörnsson: Hafi á þessu að undanförnu verið óvissa, eins og stiptamtmaðurinn sýnist að benda á, þá hefir það verið nefndarinnar ásetníngur að ráða til þess, að alþíngið útvegi lagaboð, er af taki þessa óvissu.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki sèð, að nefndarálit það, sem hèr er gjört að umtalsefni, þurfi lángrar umræðu við; því mèr virðist það fari ekki fram á annað en það, sem óspilt tilfinníng hvers manns hlýtur að samsinna, það því fremur sem hugmynd sú, er það styðst við, hefir um lángan aldur vakað fyrir þjóðinni, svo hún er ekki að eðli sínu ný, heldur nýkomin í ljós, því einkaleyfum ýmsra embættismanna og undantekníngum þeirra frá vissum útgjöldum hefir alþýða að undanförnu hvorki mátt nè þorað að hreifa við, jafnvel þó hún kynni að hafa sèð, að þessu væri ekki sem bezt hagað. Að eg nú taki til eitt dæmi, þar sem hafa verið gjafsóknir presta, þegar þeir hafa borið fyrir sig, að þeir væru að verja rèttindi kirkna eða afla þeim hlunninda, sem miszt hefðu, þá hafa sumir þeirra ekki verið ólagnir á að láta þær vera hlíf fyrir eigin hagsmunum, og þar sem þær hafa verið álitnar eign þjóðarinnar, hefir þókt sanngjarnlegt, að hún stæði straum af þeim, svo í einu sem öðru, einmitt þetta hefir á stundum orsakað

talsverðan óróa, það er að segja, þegar prestar á annað borð hafa verið þrætugjarnir, því þessi athugasemd er ekki án undantekníngar. Eg get því ekki betur sèð, en að sú ályktun eigi og hljóti að verða ofan á, að allir, sem njóta sameiginlegra rèttinda, eigi einnig að bera sameiginlega byrði.

Þ. Gudmundsen: Þótt eg að öllu leyti verði að fallast á þá aðalgrundvallarreglu, sem rètta og sanngjarna yfir höfuð að tala, sem nefndarálitið í þessu máli er bygt á, þá nefnilega, að allir embættismenn leggi fè í jafnaðarsjóðina, hver eptir hans lausafjártíundar stofni, því ekkert getur verið eðlilegra og fèlagslegra, en að allir beri byrðirnar hver með öðrum að rèttum jöfnuði, virðist mèr samt, að vafi geti þó verið á, hvort ekki eigi að vera undantekníng frá þessari aðalgrundvallarreglu, hvað áhrærir hina andlegu stètt hèr á landi. Eins og yður öllum er kunnugt, er þessi stètt fátæk, og hefir stjórninni leingi legið mjög svo á hjarta, að bæta úr þessum yfir höfuð bágbornu kjörum prestastèttarinnar hèr á landi. En hèr er annað atriði í þessu máli, er eg leyfi mèr að taka fram, en það er þetta: að nú er heimtuð miklu meiri mentun af mönnum andlegrar stèttar, en fyrr var. Allir sjá nú, að mentun þessi er ærið kostnaðarmeiri, en að undanförnu, og sýnist ekki að vera samróma þeim bágbornu kjörum, sem taka við fyrir prestunum, þegar þeir eru seztir að embættum. Mèr hefir því dottið í hug, hvort ekki væri ástæða til, að láta prestastèttina hèr á landi, einkum á þeim fátækari brauðum, verða undanþegna þessari nýu álögu til jafnaðarsjóðanna, og áskil eg mèr því breytíngaratkvæði hèr að lútandi.

Guðmundur Brandsson: Eg held presta munaði litlu, þó þeir yrðu fríaðir við gjald þetta, eins hèr eptir og hingað til; því sèu kjör þeirra sumra hverra mjög aumkunarverð, hvað eg í eingan máta efa, sýndist mèr ráðlegra að reyna til að bæta þau á annan hátt, en þenna. Málefnið um jafnrètti kirkna við aðra í gjöldum og kröfum er nú undir þíngsins aðgjörðum. Ef það fær góða endalykt, getur skeð, að prestum verði nokkur hagur að því.

Steffán Jónsson: Eg get ekki annað en viðurkent það, að sumir prestar eiga við bágan kost að búa, en eg held samt, að þeir þakki ekkert fyrir þessa undanþágu, þegar hún á að vera í því skyni, að hlífa þeim vegna báginda, því það gjörir hvorki til nè frá hjá þeim fátækustu, en margir prestar eru

líka svo vel haldnir, að ekki er þörf á þessari fríun, og almenníngur gjörir meira úr þessu, en það er í sjálfu sèr, því jöfnuðurinn er það, sem flestir óska eptir; eg held því, að ekki sè ástæða til að hrinda nefndarálitinu fyrir þetta lítilræði.

H. G. Thordersen: Þó eg verði að játa það í alla staði satt, sem hinn konúngkjörni þíngmaður áðan mælti viðvíkjandi fátækt prestastèttarinnar, þykir mèr þó ekki prestanna vegna tilefni til að æskja þess, að hún ein sè undantekin, og það því síður, sem það eru sannmæli, er sá þíngmaður sagði, sem síðast mælti, að hèr er um lítilræði að gjöra, og því sýnist mèr ekki ástæða til, og er ekki heldur geðfelt, að mæla fram með því, að prestarnir verði þeir einu embættismenn, sem sökum þessa lítilræðis sèu undanteknir frá almennri reglu.

Th. Gudmundsen: Eg er að vísu samdóma þeim háæruverðuga konúngkjörna þíngmanni, er síðast mælti, í því, að raunar sè hèr um lítilræði að gjöra, hvað prestana sjálfa áhrærir, meðan þeir lifa, og að þeir *sjálfir* því kann ske ekki ættu að vera undanþegnir þeirri nýu álögu, er bænarskráin og nefndarálitið fara á flot. En öðru máli virðist mèr þó vera að gegna um ekkjur þeirra að þeim látnum. Þær hafa þá mist aðstoð sína og eru opt hlaðnar ómegð, en hins vegar efnalausar; fátæka munar um alt. En þar eð landsins biskupi ei hefir þókt tilhlýðilegt, að gjöra í þessu tilliti undantekníngu með andlegrar stèttar menn eða ekkjur þeirra, þá er eg því ei mótfallinn að taka aptur breytíngaratkvæði það, er eg áðan áskildi mèr.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg verð að vera við það, að nefndarálitið eigi að verða alþíngisins meiníng. Því er hèr að sönnu hreift, að alþíngiskostnaðurinn verði borgaður af jafnaðarsjóðunum, að því leyti hann liggur á lausafènu, og verður þá, auk þess er þarf til annara jafnaðarsjóðanna útgjalda, þó um nokkuð að gjöra, en það raskar ekki þeirri minni sannfæríngu, að nefndarálitsins uppástúnga eigi að takast til greina af þínginu. Í þessari sannfæríngu styrkist eg, þegar eg sè, að fleiri prestar, og þeir enda ekki sèrlega efnaðir, hafa ritað nöfn sín undir bænarskrána, og sjálfur á eg að heita verzlegur embættismaður.

Steffán Jónsson: Eg neita eingan veginn, að sumir prestar og ekkjur þeirra þurfi bót á kjörum sínum, en þetta er eingin bót, og kemur þar líka sízt niður, sem helzt þyrfti; en því fúsari er almúginn til aðstoðar, sem þeir taka hlut í

fleiri álögum með honum, sem aðstoðar þurfa, og held eg, ef þessi undanþága ætti sèr stað, að það gæti orðið meira spillandi en bætandi, þegar á alt er litið.

Th. Gudmundsen: Eg er þess fullviss, að hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga skýri rètt frá hugsunarhætti þjóðarinnar, og hefi eg þókzt taka eptir því, að tillögur hans hèr á þinginu ekki einúngis styðja sig við þekkíngu og staka eptirtekt, heldur einnig við sanngirni og hlutdrægnisleysi. Eg er því, eins og eg áðan sagði, ekki svo fastur á uppástúngu minni, ef þíngið ei þykist geta aðhylzt hana.

Guttormur Vigfússon: Mèr sýnist, eins og fleiri þingmenn hafa látið í ljósi, að hèr sè um lítilræði að skipta. Eg játa að vísu, að sumir prestar sèu mjög fátækir, en þó hygg eg eingan þeirra svo fátækan, að hann geti ekki að tiltölu borið þessa byrði; eg held þeir einnig meti einíngarbandið og ástina milli sín og almúgans svo mikils, að þeir vilji taka þátt í þessari litlu álögu; því er eg á, að nefndarálitið fái framgáng.

þ. Sivertsen: Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um málefnið; hinn mikið heiðraði framsögumaður hefir mælt með því, og fleiri, og sýnt skýrlega fram á ástæður þær, sem væru með nefndaruppástúngunni, enda hafa flestir þíngmenn þeir, er um það hafa rædt, viðurkent sanngirni hennar; einúngis einn hefir mælt á móti, og viljað hafa prestastèttina undanþegna, og væri það að líkindum, að prestar veittu honum þakkir fyrir, en mèr liggur við að draga það í efa. Allir þeir prestar, sem voru á fundi þeim, er þó voru ekki allfáir, hvar bænarskráin var samin, ekki einúngis undirskrifuðu hana ljúflega, heldur sumir þeirra, er hvöttu fastlega til uppástúngunnar, og óskuðu hún feingi framgáng; því þeir álitu sig muna að litlu gjald þetta, og eingan veginn jafnast við hornauga það, sem bændur gæfu undanþágunni; í nefnd þessari hafa verið embættismenn og mælt með uppástúngunni, og eg hèlt næstum, að hver embættismaður mundi mæla með henni, að kalla undantekníngarlaust, en af bændum get eg ekki vænt mótmæla, því það hèti að berjast við sjálfan sig.

En hvað því við víkur, að gjald þetta geti munað töluverðu, vegna fjórða hluta alþingiskostnaðarins, sem leggist þá á embættismennina líka, að jöfnuði við aðra, er tíund gjöra, þá er það að vísu svo, sèu þeir nú annars fríir að lögum, en

um það finnst mèr geta verið ærinn vafi; í hið minnsta ætla eg, að löggjöfin frii þá ekki berlega (sjá opið brèf 18. júlí 1848, fyrstu grein), því þótt amtsyfirvöld hafi tekið, eða borgi þenna fjórða hluta alþingiskostnaðarins út af jafnaðarsjóðunum, hefi eg ímyndað mèr, að það væri eingin sönnun fyrir undanþágunni, heldur fyrir því, að innheimtíng, sèrskild af öllu lausafè, á tolli þessum virðist þeim að kalla ómöguleg og ógjörleg.

Th. Gudmundsen: Mèr hefir aldrei komið til hugar, að embættismenn þeirrar veraldlegu stèttar skyldu undanþegnir þeirri álögu, sem hèr er verið að ræða um. Hvað því við víkur, sem hinn heiðraði alþingismaður frá Dalasýslu sagði, að margir prestar hefðu þó undirskrifað bænarskrárnar og að öllu leyti verið ánægðir með innihald þeirra, þá skal svar mitt vera stutt; en það segi eg, að eg get ímyndað mèr, að hið fornkveðna, „margur dansar þó hann dansi nauðugur", rætist nú á tímum, þar sem um er að gjöra undirskriptir á bænarskrám.

Þ. Sivertsen: Eg vænti þess sízt af þeim, er tekið hafði svo dyggilega málstað presta, að hann mundi bera þeim það, að þeir lètu bændamenn þraungva svo að sèr, að þeir nauðugir undirskrifuðu nokkuð það, sem væri á móti sannfæríngu þeirra og geði; og veit eg ekki, hversu rètt það er eða tilhlýðilegt, ástæðulaust að frambera slíkt, og skýt eg því til þíngsins og hins heiðraða varaforseta.

Th. Gudmundsen: Tímans straumur er sterkur, og hann hrífur margan með sèr.

Jón Jónsson: Minni mig rètt, þá var bænarskrá sú, sem nú er verið um að höndla, rituð og undirskrifuð *á frjálsum fundi Vestfirðínga*, eptir því sem þeir sjálfir orðuðu það.

Jón Þórðarson: Eg get ekki prestanna vegna, álitið það vel sæmandi, er hinn konúngkjörni þíngmaður lèt í ljósi, að prestarnir, sem undirskrifuðu bænarskrána, hefðu má ske gert það móti vilja eða sannfæríngu. Mèr finnst ekki ætti að gera ráð fyrir þvílíku.

Þar eð einginn framar tók til máls, kvaðst varaforseti ætla þetta mál fullrædt til undirbúníngs.

Þá tók varaforseti fram nefndarálit, um reglur til að semja eptir skýrslur til verðlagsskránna, og afhenti það framsögumanni, sèra Haldóri, er las það upp svo hljóðandi:

Alþingi hefir kjörið oss, sem hèr undir ritum nöfn vor, til að segja álit vort um bænarskrá, undirskrifaða af 130 mönnum í Suðurþingeyarsýslu, sem fer fram á, að skýrslur til verðlagsskránna hèr eptir verði gefnar af nefnd manna í hverjum hreppi, en verðlagsskrárnar sjálfar síðan samdar af nefnd manna í hverri sýslu.

Vèr lítum fyrst á hið síðar talda atriði í þessari bænarskrá, og finnum þá ekki ástæðu til, að æskja breytíngar á því fyrirkomulagi, sem tilskipan 16. júlí 1817 leggur fyrir, nefnil. að amtmaður með biskupi, eða þá einhverjum prófasti í biskups stað, semji verðlagsskrárnar; því það er auðvitað, að alt ríður á þeim skýrslum, sem verðlagsskrárnar eiga að byggjast á, en að einu má gilda, hver þær semur eptir skýrslunum; og að nauðsynjalausu finnst oss ekki hæfa, að gjöra nokkra breytíng á þessu, af eintómri ímyndun um þá breytíngu á stjórnartilhögun hjá oss, sem vèr ekki vitum hvort í vændum er. Einúngis eitt atriði finnst oss athugavert í þeirri uppástúngu í bænarskránni, sem vèr nú tölum um, þar sem farið er fram á, að nefnd manna í *hverri sýslu* semji verðlagsskrána, þá er auðsjáanlega gjört ráð fyrir, að hver sýsla hafi verðlagsskrá sèr, og þykir oss það vel eiga við, að þar sem þetta hingað til að eins hefir verið *leyft*, þá verði það hèr eptir *boðið* að semja sèrstaka verðlagsskrá fyrir hverja sýslu, ef gildar ástæður verða til þess fundnar, það er að segja, þegar mismunur er á verði á algeingum kaupstaðavörum í sýsluskýrslunum.

Hið fyrra atriði í bænarskránni höldum vèr á rökum bygt, og álítum vèr nauðsynlegt, að fyrirbygt verði bæði *hirðuleysi* og *hlutdrægni* í undirlagsskýrslunum, og föllumst vèr á uppástúnguna í bænarskránni, að nefnd manna gefi þessar skýrslur í hverjum hreppi, nefnilega prestur og hreppstjóri og einn bóndi, sem til þess sè kjörinn af hreppsbúum á vorhreppaskilum eða manntalsþíngi, svo hann hafi tilefni og tækifæri til að veita eptirtekt því, sem skýrslurnar til verðlagsskránna eiga að byggjast á, og er það meðal-söluverð í fastri verzlan, viðskiptum manna á milli og á opinberum uppboðsþíngum. Þar sem 2 prestar og 1 hreppstjóri eða 2 hreppstjórar og 1 prestur eru í einhverjum hreppi, þá álítum vèr, að þessir menn, og ekki fleiri, eigi að vera í nefndinni; en þar sem 2 prestar og 2 hreppstjórar eiga hlut að máli, virðist oss 5 manna nefnd

eiga að semja skýrsluna, og ættu hreppsbændur að eiga kost á að vera við staddir.

Til þess að verðlagið verði áreiðanlegt, ættu nefndirnar að varast að setja verð á nokkuð það í skýrslunum, sem þeim ekki er kunnugt að geingið hafi í kaupum og sölum; sömuleiðis er það áríðandi (þó það ekki geti átt hèr við að tala frekar um það), að þær vörutegundir ættu sèr ekki stað í verðlagsskránum, sem ekki mega heita gjaldgeingar í viðskiptum manna, eða sem eptir almennu söluverði eru mjög fjarlægar því gamla ílagi í hundrað; því þetta hlýtur að hagga meir eða minna sanngjörnu verði á meðalalin. Þegar skýrslur ekki kæmu nema í einu lagi úr hverjum hrepp, þá væri óþarfi að *bæði* sýslumaður og prófastur, hver í sínu lagi, semdi aðalskýrslu fyrir sýsluna, og höldum vèr rèttast, að prófastur sè laus við þetta starf.

Eptir áður sögðu mælum vèr fram með því, að alþíng biðji konúnginn um breyting á tilskipuninni um verðlagsskrár á þá leið:

1. Að undirlagið til verðlagsskránna ár hvert verði gjört af nefnd manna í hverjum hreppi, og sèu í þeirri nefnd 3 eða 5 menn, nefnil. hlutaðeigandi prestur og hreppstjórar ásamt einum bónda, er kosinn sè af hreppsbændum, sem 3. eða 5. nefndarmaður, nefnil. þegar svo stendur á, að það sè nauðsynlegt, til þess á stöku standi.
2. Að hreppsbúum sè fyrir fram auglýst, hvar og hve nær nefndin ætti að framkvæma störf sín, og hverjum sem vill sè heimilt að vera viðstaddur, án þess þó að hann hafi atkvæðisrètt.
3. Að nefndin sendi sýslumanni undirlag sitt.
4. Að sèrstök verðlagsskrá verði samin fyrir hverja sýslu, þegar mismunur er á verði á algeingum verzlunarvörum í sýsluskýrslunum.

Reykjavík, 12. dag júlímánaðar 1849.

H. Jónsson. *R. M. Ólsen.* *J. Jónsson.*

Framsögumaður: Eg hygg, að málefni þetta sè svo einfalt, að ekki sè þörf á laungum umræðum um það. Að vísu held eg aðferð þá, sem hingað til hefir verið við höfð, nefnil. að prestur og hreppstjóri semji, hvor í sínu lagi, undirlag til verðlagsskránna, ofur eðlilega og skynsamlega; og eg finn mèr

skylt að geta þess, að í þau 8 ár, sem skýrslur til verðlagsskránna frá prestunum í Skagafjarðarprófastsdæmi hafa geingið í gegnum mínar hendur, hefi eg aldrei þókzt verða var neinnar hlutdrægni í þessum skýrslum. En þar eð nefndin varð að álíta, að bænarskráin, sem til þingsins var send um þetta efni, væri ekki tilefnislaus, og uppástúnga hennar um hreppanefndir þókti allvel tilfallin, einkum sem meðal til að fyrirbyggja grun um hlutdrægni, fèllst nefndin á að halda henni fram.

Stiptamtmaður: Það eru einúngis 2 síðustu greinirnar í uppástúngu nefndarinnar, sem mèr þykja nokkuð ísjárverðar. Í annari þessari grein vill nefndin, að sèrstök verðlagsskrá verði samin fyrir hverja sýslu, þegar mismunur er á verði á algeingum verzlunarvörum. Það er að vísu, eins og nefndin hefir sagt, að konúngs úrskurður frá 16. júlí 1817 stafl. *d.* leyfir að setja sèrstaka verðlagsskrá fyrir einstaka sýslu, en einúngis þá, þegar mismunur á verði landaura er í þeirri sýslu sèrlega mikill í samanburði við verðlag á landaurum annarstaðar. En mèr þykir mjög ísjárvert að hafa sèrstaka verðlagsskrá fyrir hverja sýslu, eg tek til dæmis Vestmannaeyjar, það er sýsla fyrir sig, og mismunar opt verðlag á aurum þar töluvert frá því, sem við geingst annarstaðar, og ef þá ætti að setja sèrstaka verðlagsskrá fyrir þessa sýslu, yrði alt komið undir þessari einu nefnd eða þeim fáu nefndarmönnum. En þegar verðlagsskrár koma frá fleirum sýslum, og þeim er steypt saman í eina, þá kemur jöfnuðurinn meiri. Yfir höfuð virðist mèr þetta þannig lagað, að þegar verðlagsskráin kemur að eins frá einni nefnd manna eða mjög fáum, þá sè meiri átylla til efasemda og tortryggni móti henni, og virðist mèr hitt eiga betur við, að ein verðlagsskrá sè samin yfir fleiri sýslur, eins og verið hefir, þar sem ekki brýn nauðsyn beri til breytíngar.

Hin greinin var um það, að sýslumanni einum væri sent undirlag til verðlagsskránna, en prófastar sèu lausir við þann starfa. Þegar skýrsla úr hverjum hrepp kemur ei nema í einu lagi, þá er að sönnu eingin sèrleg ástæða einnig fyrir prófast að senda hana frá sèr, en þó mundi það vera vel til fallið, að hann væri við, að yfirlíta sýslu-skýrslurnar og staðfesta með sinni uppáskript. Eptir því væri það þá samkvæmt sjálfu sèr, að líka biskup væri laus við þann starfa, en það þykir þó fara vel, sem fer, að minnsta kosti hèr í suðurumdæminu. Í til-

skipan þeirri, sem nefnd var, er boðið að senda verðlagsskrárnar utan með póstskipi, en um þann tíma er mjög mörgum störfum að gegna, og er því betra, og gefur meiri vissu, að skrár þessar gángi gegnum tvær skrifstofur, heldur en eina. Það sýnist því ekki, enn sem komið er, ástæða til, að prófföstum sè öldúngis slept frá þessum starfa, sem þeir hingað til hafa haft.

Kr. Kristjánsson: Eg verð að geta þess, hvað fleiri sýslur snertir, t. a. m. í Skaptafellssýslu verður því ekki við komið, að sýslumenn og prófastar í sameiníngu semji skýrslurnar til gjaldskráuna. Hvað Austurskaptafellssýslu snertir, er þetta nú að öllu leyti ógjörlegt, eins og það er ervitt í vestari sýslunni, meðan sýslumaður, eins og nú hefir við geingizt, býr í Dyrhólahrepp, en prófasturinn í Kleifahrepp. Eg skil ekki heldur, hvaða gagn prófastarnir ættu að gjöra, því sýslumaðurinn hefir ekki annað að gjöra við samníngu skýrslnanna, en að draga út af þeim meðalverðið, og held eg sè eingin ástæða til að vefeingja eða bera kvíðboga fyrir, að hann mundi leyfa sèr að breyta nokkru í þeim innkomnu skýrslum.

Stiptamtmaður: Þegar biskup eða prófastar hans vegna og amtmenn halda áfram, eins og hingað til, að starfa að verðlagsskránum, þá er ei svo nauðsynlegt, að prófastar vinni að þeim með sýslumönnum.

Haldór Jónsson: Að nefndin stakk upp á, að sýsluprófastar væru undanþegnir afskiptum af verðlagsskránum, kom af því, að hún áleit þá tilsjón nóga frá andlegri hálfu (eptir að hreppanefndirnar hefðu aflokið störfum sínum), að biskup með stiptamtmanni og einhver prófastur með hverjum amtmanni semdu verðlagsskrárnar. Að öðru leyti sýnist mèr ekkert vera á móti því, að prófastur með sýslumanni semji skýrslu fyrir hverja sýslu, nema það, að þetta mundi opt valda töluverðum örðugleikum. Eptir uppástúngu nefndarinnar mundi það opt að bera, að semja yrði sèrstaka verðlagsskrá fyrir einhverja sýslu, og fannst nefndinni einhver sanngirni í því, að verðlagið í einni sýslu ekki ætti að stuðla til að hækka eður lækka verðlagið í annari sýslu. Þó nefndin hafi orðað það svoleiðis, að sèrstaka verðlagsskrá skyldi semja fyrir hverja sýslu, þegar munur væri á verðlagi á algeingum verzlunarvörum, þá var þó víst ekki meiningin sú, að þetta skyldi ske, nema því að eins að munurinn mætti heita töluverður, en það kalla

eg sè, ef 1 skildíngi munar á alin, því þetta getur dregið sig saman, þegar t. a. m. leiguliði skal gjalda afgjald jarðar sinnar í landaurum. En eg óska, að meðnefndarmenn mínir láti í ljósi, hvort þeir eru mèr samdóma um eins skildíngs mun á alin.

Stiptamtmaður: Þá er nauðsynlegt að bæta við, hversu stór þessi mismunur ætti að vera.

Framsögumaður: Eg, sem nefndarmaður, er ánægður með það, en óska, að meðnefndarmenn mínir láti í ljósi meining sína.

H. G. Thordersen: Eg hjó eptir því, sem sá heiðraði framsögumaður mælti fyrst, er hann stóð upp, að sèr virtist sú aðferð, sem hingað til hefði verið við höfð í undirbúníngi til verðlagsskránna, skynsamleg og eðlileg, og verð eg að játa, að eg er honum í þessu öldúngis samdóma. Eg veit ekki til neinnar óánægju yfir þeirri venju, sem verið hefir hingað til. Það einasta, sem eg ímyndaði mèr að menn kynnu að hafa verið hræddir um, er, að í skýrslum þessum kynni að verða sett of misjafnt eður of hátt verðlag á landaura, annaðhvort af hinni verzlegu eða andlegu stètt. En eg vil ætla, að ei hafi verið ástæða til að vera hræddur um þetta. Meðan eg var prestur, hafði eg þá reglu, sem eg veit að margir prestar muni hafa, að eg talaði mig saman við hreppstjóra minn um verðlag á landaurum til peninga, áður en eg samdi skýrsluna, og kom okkur þá sem optast saman í öllu, eða þá greinarmunurinn varð lítill og ómerkilegur.

Síðan eg varð biskup, hefi eg líka haft tækifæri til að taka eptir því, að minnsta kosti hvað snertir suðuramtið, að mismunurinn á verðlags upphæðinni hefir orðið mjög lítill í skýrslum andlegrar og veraldlegrar stèttar.

En þó nú svo bæri undir með þessari aðferð, að nokkur yrði munurinn, þá gafst þó enn nokkurt meðal til lagfæringar með því, að af hvorumtveggja skýrslunum er tekið meðalverðið, og mun þá jöfnuður sem optast á komast. En þegar fara á eptir hinni nýu uppástúngu í nefndarálitinu, þá verður að standa við það, sem einu sinni er gjört af nefnd þeirri, sem ætlazt er til að í sveit hverri semji skýrsluna, og þó eitthvað hefði mistekizt, verður ei ráðin bót á því seinna. Eg get ei heldur sèð, í hverju sú nýa aðferð mundi taka fram hinni eldri, og get ekki á meðan verið henni meðmæltur. En þótt eg ekki enn þá, meðan umræðunum ekki fjölgar, geti sagt, að

eg sè orðinn fastur á hugsun minni um þetta efni, þá er mèr þó næst geði að álíta bænarskrá til stjórnarinnar um þetta efni óþarfa, og nú strax að áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið, að sú sama aðferð með skýrslur til verðlagskráa, sem hingað til hefir verið við höfð, sè látin gilda að svo stöddu.

R. M. Ólsen: Með tilliti til þess, er sá háæruverðugi konúngkjörni þingmaður seinast mælti, vil eg ei undan fella að geta þess, að nyrðra þykjast menn hafa *ekki ógrundaðan* grun um, að *sumir* þeirra manna, er semja skýrslur þær, sem verðlagsskrárnar grundvallast á, hafi stundum haft skýrslur þessar hærri, en *líkindi* og *sanngirni* hafa þókt til vera. Á hinn bóginn hafa aptur má ske aðrir þókt þræða gagnstæða götu, og mun þetta hvortveggja hafa knúð beiðendur að semja og senda hèr að lútandi bænarskrá til þessa þings. Að eg, sem nefndarmaður, hefi lagt það til, að samin verði sèrstök verðlagsskrá fyrir sèrhverja sýslu, þegar talsverður mismunur er á verðlagi gjaldauranna í sýslunum, kemur meðal annars af því, að mèr er kunnugt, að amtmaður hefir synjað þessa, og það eptir að rök hafa verið leidd til, að hèr til bæri brýn nauðsyn. Þess vegna hefir nefndin stúngið upp á, að það, sem eptir 3. grein í tilskip. frá 16. júlí 1817 er einúngis *lagaleyfi* fyrir amtmenn, biskup og prófasta, sem starfa að verðlagsskránum, að semja *sèrstaka* verðlagsskrá fyrir *einstakar* sýslur, þegar gángverð þeirra væri frábrugðið annara, verði nú gjört að *lagaskyldu*. En með tilliti til þess, að prófastur sèra Haldór skoraði á okkur meðnefndarmenn sína, að ákveða greinilegar um upphæð þess mismunar, sem skyldi varða því, að sèrstakar sýsluskrár yrðu samdar, get eg þess, að mèr finnst það nauðsynlegt, þegar *nokkur* mismunur er milli sýslna á algeingum gjaldaurum.

Jón Jónsson: Eg, sem flutníngsmaður bænarskrár þeirrar, sem nefndarálit þetta er flotið af, vil geta þess, að beiðendur tjáðust vita dæmi þess, að úr einu og sama plázi hefðu skýrslur presta og hreppstjóra til verðlagsskránna orðið hjáleitar hver annari með verðhæð á sömu hlutum, og kemur þetta sjálfsagt til af því, að sín söludæmin hafa hverjir valið sèr til grundvallar; því hefir þókt óhultast, til að meðalverð hlutanna feingist, að ætla fleirum í sameiníngu í sveit hverri, að vinna að skýrslunum, og koma sèr saman um meðal-söludæmin ár hvert. Því alment er það þar norður frá, að prestar og hrepp-

stjórar, hver öðrum óafvitandi, og hver heima hjá sèr, semja þær og senda. Eg hefi alla reiðu nokkur ár verið hreppstjóri, og má eg játa, að sjaldan eður aldrei hefir prestur borið sig saman við mig, eður eg við hann, í þessu atriði, og mun það svo alment við gángast.

En hvað mína meiníngu, sem meðlims nefndarinnar, snertir, að sèrstök verðlagsskrá semjist fyrir sýslu hverja, þá þykir mèr ástæða og þörf til, að svo væri gjört, þegar eins skildíngs munur kæmi upp sýslna milli, á hverri alin.

Kr. Kristjánsson: Eg held skýrslur þessar verði ekki með þessu móti áreiðanlegri, en að undanförnu; því þegar margir koma saman, er hægra að stínga saman nefjum, en þegar einstakir embættismenn vinna að þessu, sinn í hverju lagi. Eins ætla eg óþarft, þegar mismunurinn ekki er stærri á milli sýslnanna en svo, að einum skildíng nemi á alin, að hver sýsla fái gjaldskrá út af fyrir sig.

Jón Þórðarson: Eg get ekki verið samdóma þeim heiðraða konúngkjörna þíngmanni, er síðast mælti, að skýrslur til verðlagsskráarinnar yrðu óáreiðanlegri, þó þær verði samdar af nefnd manna, eins og nefndarálitið til tekur, því það eru einmitt þeir sömu menn, sem að undanförnu hefir verið falið á hendur að semja þessar skýrslur. Því eg get eingan veginn gjört ráð fyrir því, að hver villi annan, þó þeir vinni þetta í sameiníngu. Miklu fremur gjöri eg mèr von um, að þeir með sameinuðum kröptum leysi þetta verk fult eins vel af hendi. Það er líka sanngjarnast, að verðlagsskrá væri samin fyrir hverja sýslu; að minnsta kosti hefir þetta verið álitin nauðsyn fyrir Skaptafellssýslu, og sama held eg sè að tiltölu um aðrar sýslur, bæði í tilliti til þeirra, sem gjalda eiga, og hinna, er taka eiga á móti opinberum gjöldum, því það ólíka verð vörutegundanna í þeim sýslum, sem liggja næstar kaupstöðum, og hinna, sem eru þeim fjærstar, gjörir þann ójöfnuð, að þeir, sem eru fjærstir kaupstöðum, verða að borga vörurnar hærra verði, en þær í raun rèttri eru.

Framsögumaður: Eg neita því eingan veginn, sem einn af þeim konúngkjörnu þíngmönnum veraldlegu stèttarinnar tók fram, að það væri ísjárvert, að hver sýsla feingi gjaldskrá út af fyrir sig; en þó getur þetta því að eins að borið, að mjög óheppilega takist í öllum hreppum einnar sýslu, og fyrir því gat nefndin ekki kviðið. Í álitsskjalinu er ekki gjört ráð fyrir

meir en 5 manna nefnd í nokkrum hreppi, en síðan hefir verið upplýst, að þeir hreppar væru til, þar sem að væru 4 prestar. Þó ekki væri gjört ráð fyrir þessu tilfelli, held eg skaðlaust, því ekki spilti það, að fleiri væru við staddir, þegar samdar eru undirlagsskýrslurnar. Jöfnuður sá, sem fram getur komið við meðaltal af skýrslunum frá andlegu og veraldlegu stéttinni, álíta nefndarmenn að fram yrði að koma strax í undirlagsskýrslunum, þegar þær væru samdar af nefnd manna. Og af því æskilegt er, að allur grunur hverfi um hlutdrægni hjá andlegrar eður veraldlegrar stéttar mönnum í undirlagsskýrslunum, verð eg þó að mæla með, að málefni þetta ekki verði felt.

Steffán Jónsson: Það, sem sá háæruverðugi konúngkjörni þingmaður gat um að hefði verið regla sín, meðan hann þjónaði sem prestur, nefnil. að tala sig saman við hreppstjóra sinn, þá veit eg til, að fleiri hafa brúkað sömu reglu, þar sem ekki hefir óhægð, svo sem vegaleingd eða þess konar hindranir, verið til fyrirstöðu, og þykir mèr það hafa átt vel við, en í raun og veru er það mjög náskylt því, sem nefndarálitið fer fram á, sem er samkomulagið um verðlag á þeim vörum og aurum, sem gefur undirstöðu til meðalverðs verðlagsskránna, og þegar þetta þykir hafa verið vel til fallið, þá get eg ekki betur sèð, en það væri líka svo, að hafa nefnd til þessa starfs, því víða er það, sem prestar og hreppstjórar munu ekki hafa brúkað neinn samburð í þessu tilliti sín á milli, enda hefði það má ske ekki verið svo auðvelt, t. a. m. þar sem eru 3 prestar og 1 hreppstjóri, en þegar þetta er ákvörðun, verður henni fylgt, og held eg það verði orsök til meiri jafnaðar.

Kr. Kristjánsson: Meðan skýrslur innkoma frá sýslumanni og prófasti, hverjum í sínu lagi, er því, sem út kemur hjá hverjum þeirra, skipt með 2, og þar við minka ójöfnur, sem kynnu að hafa orðið í einhverri skýrslu; en þegar skýrslan er ekki nema ein, geta ójöfnur þessar ekki lagazt á þennan hátt.

H. G. Thordersen: Eg get þó ekki verið því samdóma, að það standi öldúngis á sama, hvort að skýrslur þessar eru samdar af nefnd manna í hverjum hrepp, eða, eins og hingað til hefir verið, af hreppstjóra og presti, eptir því sem þeir tala sig saman, þó hver gefi skýrslu sèr í lagi. Því það var ekki meiníng mín, að þeim þyrfti algjörlega að bera saman,

heldur að þeir nálguðu sig og reyndu til að koma sèr sem bezt niður á því rètta verðlagi á landaurum. Með þessu móti getur alt að einu mismunur átt sèr stað, en með þeirri aðferð, sem nefndarálitið stíngur upp á, getur einginn mismunur átt sèr stað, því þar verður að standa við það, sem einu sinni hefir verið um samið. Ítreka eg því það, sem eg fyrst mælti, og sem hinn konúngkjörni þingmaður síðast tók fram, að með þeirri venjulegu aðferðinni gefst þó að lyktum meðal til lagfæríngar, sem ekki fæst, ef því er fylgt, sem nefndarálitið fer fram.

Jakob Pètursson: Það er eitt með öðru, sem mælir fram með því, að sín verðlagsskráin verði sett fyrir hverja sýslu, að í fleirum af þeim eru sèrstök kauptún, sem ósjaldan láta misjafnt verð fyrir vörur vorar, svo eg er nefndinni samhljóða í því, að svo þurfi vera, en þar sem hún gjörir einasta ráð fyrir 2 prestum, 2 hreppstjórum og einum bónda í 5 manna nefndina, veit eg til, að 3 og 4 prestar eru í sumum hreppum; verð eg því að gjöra það breytíngaratkvæði, að þar sem svo á stendur sè 7 manna nefnd til að samantaka skýrsluna til verðlagsskráarinnar.

Kr. Kristjansson: Mèr hefir aldrei dottið annað í hug, en að nefnd yrði í hverjum hrepp, og að því, sem út kemur hjá hverri þeirra, verði skipt með nefndarfjöldanum, en meðan skýrslurnar inn komu í tvennu eða þrennu lagi, var þessu aptur skipt með 2 eða 3, sem nú eptir uppástúngu nefndarinnar fellur burtu.

Jón Þórðarsson: Eg verð að áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að jafnmargir menn andlegrar og veraldlegrar stèttar verði í hverri nefnd.

R. M. Ólsen: Eg get þó ei annað en verið þeirrar meiníngar, að nauðsynlegt sè, að tala nefndarmannanna, er semja verðlagsskrárnar, standi á stöku, og það af þeim ástæðum, er áður eru til færðar.

En af umræðum málefnis þessa hèr í dag vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að þegar mismunur er milli sýslna á verðlagi venjulegra og algeingra gjaldaura, svo sem á ullu, tólg, smjöri, fríðum peníngi, þá verði sèrstök verðlagsskrá samin fyrir þessar sýslur.

Jón Þórðarson: Eg get ei sèð, að nein þörf sè á því, að tala nefndarmanna standi á stöku; því þó sinn væri á hverri mein-

ingu, þegar fyrst er saman lagt, sem allir hafa metið og síðan er skipt með tölu nefndarmanna, þá kemur út það rètta meðaltal af því, sem allir hafa metið.

Stiptamtmaður: Það er auðvitað, að lög þau, sem hèr gilda um verðlagsskrár, eru löguð eptir þeim lögum, sem í Danmörku eru rituð um sama efni. Þar hefir einnig verið kvartað um mismun þann, sem væri í skýrslum frá andlegrar og verzlegrar stèttar mönnum. Og með því bænarskrár um þetta efni hafa komið til þingsins, þá hefi eg ekki viljað mæla móti þeim, ekki af því eg sè öldúngis sannfærður um ágæti hinnar nýu breytíngar, sem um er beðið, heldur af því verðlagsskrár eru, ef til vill, enn fremur áríðandi hèrna, en í Danmörku, og þó margbrotnari, af því vörutegundirnar eru fleiri, en margt þókti mèr gott í því, sem nefndin hefir stúngið upp á, og er ekki ólíklegt, að stjórnin kynni samþykkja það, ef margir verða til að fallast á nefndarálitið, eða einhverja skynsamlega breytíngu, en verði atkvæðagreiðslan mjög á marga vegu, þá hlýtur það að vekja efasemdir hjá stjórninni.

Það væri ekki vel til fallið, ef sum ár kæmu út sín verðlagsskrá fyrir hverja sýslu, en sum ár ein fyrir margar sýslur. Þess vegna ætti þíngið að gjöra uppskátt við stjórnina, hvort það óskar sèrstakrar verðlagsskrár fyrir hverja sýslu, eða hverjar sýslur skulu saman vera um eina verðlagsskrá. Og þó nú megi kalla, að nokkur meiri vissa í þessu atriði sè feingin með uppástúngu þíngmannsins úr Húnavatnssýslu, einkum ef tilgreint er, hversu stór mismunurinn skal vera á aurum þeim, er hann til nefndi, eða hvort mismunurinn skal teljast eptir meðaltali, þá er aðalatriðið þetta, að stjórnin hafi eitthvað fastákvarðað eptir að gánga í uppástúngugreinum bænarskrár þeirrar, er þíngið sendir frá sèr.

Kristján Kristjánsson: Eg álít það ekki tiltækilegt, að lögákveða vissar sýslur, sem fái taxta sèr í lagi, því mismunandi verðlag í sýslunum orsakast einkum af fjarlægð þeirra frá verzlunarstöðunum; en komi nýir verzlunarstaðir, verður breytíng á þessu, og álít eg því þetta ótiltækilegt, meðan verzlunarmálið er á huldu og óvissu.

Stiptamtmaður: Einnig þess vegna þykir mèr nokkuð ísjárvert, að þíngið beiðist að fá nýtt lagaboð um þetta efni; eg held ætti vel við, að fresta því um sinn og láta standa við leyfi það, sem veitt er í konúngs úrskurði 16. júlí 1817, staflið *d.*

R. M. Ólsen: Eptir þeirri leiðbeiníngu, sem eg nú fèkk af ræðu herra stiptamtmannsins, áskil eg, að eg megi breyta breytíngaratkvæðinu, er eg nýskeð framfærði, á þá leið, að sèrstök verðlagsskrá verði árlega samin fyrir sèrhverja sýslu.

Eyólfur Einarsson: Umræður þær, sem hèr hafa verið á milli þíngmanna, held eg á góðum rökum bygðar, hvað áhrærir verðlag í kapítulstaxta skránum; veit eg til það víkur svo lángt frá því rètta verði, sem eg þekki til, eg tek til dæmis 1 pund dúns, er mig minnir árið 1848 væri sett þar 3 rbd. 76 sk., þekti eg eingin dæmi þar vestra, hann hefði verið seldur eður keyptur með hærra verði, en má ske 3½ rbd., en hvað hann kynni það ár að hafa borgast í Reykjavík, get eg ei um borið. Hefi eg helzt innbirlað mèr, að mismunur þessi hafi komið af misjöfnum skoðunarmáta prests og hreppstjóra á landaurum, sem eg veit víða til að hvor þeirra metur sèr, án þess að hvor ráðfæri sig við annan, því ei get eg innbirlað mèr annað, en yfirvöld vor fylgi þeirri undirstöðu, sem kemur frá prestum og hreppstjórum; er því álit mitt, að nefnd manna í hverjum hrepp ætti að semja taxta þenna, sem væri prestur, hreppstjóri og einhver valinkunnur greindur bóndi í sveitinni, en þar ei er prestur, þá tveir bændur með hreppstjóra; held eg með þessu móti yrði betri samhljóðan og jöfnuður á undirstöðu þeirri, sem yfirvöld vor verða að styðjast við. En hvort að taxti væri nauðsynlegur fyrir hverja sýslu sèr, efast eg fremur um, yfirlæt eg það því til þíngmanna álits.

Kristján Kristjánsson: Mig minnir ekki betur, en nýlega væri af nokkrum þíngmönnum ár vesturumdæminu hreift, að þeir hefðu verið ofurliða bornir af þínginu í málefninu um hreppaskilaþíngin, og ímynda eg mèr, að sama gæti fyrir komið í verðlagsskráanefndunum.

Steffán Jónsson: Mèr hafði einmitt dottið það sama í hug, sem sá konúngkjörni þíngmaður gat um, sem nú settist niður, og ætla að bera upp breytíngaratkvæði því til hjálpar, þannig, að þegar menn ágreindi, skyldi vera leyft að senda sèr í lagi það, sem ágreindi um, með sínum ástæðum.

Jakob Pètursson: Ekki getur mèr fundizt grunsemdar ástæða sú nóg, til að hrinda nefndarálitinu, að menn muni stínga saman nefjum, til að gjöra verðlagsskrána sèr í lagi; því auðskilið er, að í sömu sýslu verða margar nefndir settar

til þessa verks á sama tímabili, og eru engin líkindi til, að þær geti nè vilji stínga einugum nefjum saman til þessa.

Guðmundur Brandsson: Hvað verðlæð á vörutegundum snertir, þá hefir það opt verið mismunandi, jafnvel í sýslum þeim, sem hafa verið áfastar hver við aðra, að eg nú tæki til Gullbríngu og Kjósarsýslur, þá hefir stundum verið sinn gjaldsmáti í hvorri þeirra, því þar sem hèr er mest megnis goldinn harður fiskur, bæði til konúngs, prests og kirkju, þá hefir verð. hans stigið ýmist upp eða niður. Fyrir nokkrum árum var hann mjög dýr, aptur núna svo lágur í verði, að hann þykir vart bjóðandi; verðlagsskrárnar hafa matið hann eptir þessu, svo eg fyrir mitt leyti get ekki sèð, að þeim verði breytt til betra í því efni. Regla sú, sem hinn háæruverðugi biskup kvaðst hafa brúkað, þegar hann var prestur, veit eg til að víða hefir gilt meðal presta, og hefir hún, að því leyti mèr er kunnugt, vel gefizt.

Framsögumaður: Eg skil ekki, að hreppanefndirnar þurfi nokkurn tíma að sundrast fyrir ágreiníngs sakir, svoleiðis að einn nefndarmaður þurfi að senda ágreiníngsatkvæði. Í álitsskjalinu er ekki í því skyni stúngið upp á 3 og 5 manna nefnd, að meiri hlutinn skyldi *fella* minna hlutann, og þetta gat ekki vel verið meiníngin, því það getur þó skeð, að alla nefndarmenn greini á, og þá sýnist liggja beint við að fara meðalveginn eða leita að meðalverðinu; annars sýnist ekki ástæða til, að gjöra ráð fyrir þvílíkum ágreiníngi.

Steffán Jónsson: Eg felli mig vel við það, sem framsögumaður nú sagði, og sé, að það getur orðið gilt og gott, þegar ágreiníngur á sèr stað.

Ásgeir Einarsson: Eg sakna ákvörðunar í nefndarálitinu um það, hvernig eða eptir hverjum reglum skuli kjósa þann bónda, sem stúngið er upp á að skuli vera við samníngu skýrslunnar til verðlagsskráarinnar, og þækti mèr æskilegt, að nefndin tæki það ljóslega fram.

Þess hefir verið getið, að ervitt mundi vera fyrir prófasta, að vera með sýslumönnum, til að semja verðlagsskrárnar, vegna vegaleingdar milli þessara embættismanna, og vil eg geta þess, að svo stendur á víða í vesturumdæminu, að ferðir til þessa yrðu mjög erviðar og kostnaðarsamar; en þó mèr þyki sanngjarnt, að prófastur ynni að því með sýslumönnum, fellst eg þó á meiníngu þeirra, er halda, að það sè ekki

óumflýanleg nauðsyn, þegar prestur er ætíð í nefndinni, er semur skýrslurnar.

Ekki get eg fallizt á breytíngaratkvæði það, að hrinda nefndarálitinu; eg vil ekki missa ákvarðanir um það, að taka einúngis þá aura inn í verðlagsskrárnar, sem eru bæði gildir í hverja skuld, og algeing verzlunarvara. Mèr þykir það leiðinlegt og óviðfeldið, þegar gjaldendur og gjaldheimtumenn eru að þrætast á um það, hverjir aurar, sem nefndir eru í verðlagsskránni, eigi að takast í opinber gjöld.

Bezt þykir mèr, að verðlagsskrá sè samin fyrir sýslu hverja, eins og þíngmaður Húnvetníinga stakk upp á; því eg veit mörg dæmi til þess, að misjafnt er verðlag á landaurum í sýslunum, þó fjarlægð verzlunarstaða sè ekki orsök til þessa, enda hefi eg átt tal við sýslumenn, sem álíta þetta nauðsynlegt, ekki er heldur neinn skaði, þó verðlagsskrárnar yrðu eins úr fleiri sýslum, en einni.

Framsögumaður: Það, sem þíngmaðurinn fyrir Strandasýslu saknaði í álitsskjali nefndarinnar, stendur þar þó að nokkru leyti; þar er með berum orðum ákveðið, að nefndarmaður skuli kosinn (þegar kjósa þurfi) á vorhreppaskilum eða manntalsþíngum, og það í þeim tilgángi, að hann hafi tilefni og tækifæri til að gefa gaum því, sem við víkur starfa nefndarinnar. Það er að vísu ekki tiltekið, *hvernig* kjósa skuli nefndarmanninn, en úr þessu geta aldrei orðið vandræði, því komi menn sèr ekki öðruvísi saman, liggur atkvæðagreiðsla beint við. Hitt atriðið, sem sami þíngmaður mintist á, við víkjandi þeim aurategundum, sem í verðlagsskránum ætti að vera, er að vísu æskilegt, og nefndin hefir líka áhrært það; en til að gjöra það að frekara umtalsefni, mun þurfa nýa uppástúngu.

Jón Guðmundsson: Eg átti sízt von á því á þessum tímum, að menn áliti það nokkru málefni til hnekkis eður spillíngar, ef menn ætti fund til að tala sig saman um það, og því síður átta eg von á, að slíku yrði farið fram á þessu þíngi; eða erum vèr ekki hèr saman komnir einmitt til þess að leitast við að geta komizt að einni skoðun á málunum, til þess að verða á eitt sáttir, ef mögulegt væri? Eg verð því að mæla fastlega með þeirri uppástúngu í álitsskjalinu, að nefnd manna í hverjum hreppi semji skýrslurnar til verðlagsskránna. Sumir þykjast mikils í missa, að þá verði má ske ekki *skipt*

með 2, eins og áður, þegar presti og hreppstjóra bar ekki saman; en sjá þá ekki allir, að betra er samkomulag, og að ekki *þurfi* að skipta, en þetta, sem einmitt lýsir bezt, hversu hinni aðferðinni er ábótavant? En það er heldur ekki loku fyrir skotið, að líka verði skipt, þó nefnd undirbúi; greini nefndarmenn á um upphæð einhvers verðs, verður að taka meðaltalið með deilingu. Eg er ekki eins fastur á því, að nauðsyn sè á taxta fyrir hverja sýslu, og ætla nægja ákvörðun þá í tilskip. 1817, að það leyfist, þegar þess er beðizt úr hverri sýslu með gildum ástæðum.

Stiptamtmaður: Eg vildi bæta því við það, sem talað hefir verið um, að menn kynni að greina á í nefndunum, að það er mikill munur á, hvort ráða skal atkvæðafjöldi, eða farið skal eptir meðaltali. Þess vegna er það mjög áríðandi, að tekin sè föst ákvörðun um það.

Jón Þórðarson: Með tilliti til þess, sem stiptamtmaður lèt í ljósi, að einhver föst regla sè ákveðin, þá vil eg bæta því við breytingaratkvæði mitt, að meðalverð af uppástúngum nefndarmanna sè verð hverrar aurategundar.

Framsögumaður: Eg er líka samþykkur því, að bezt fari, að verðlagið í skýrslum hreppanefndanna sè meðaltal af því, er nefndarmenn, hver um sig, álíta sanngjarnt; og getur þetta eins vel staðizt, þó á stöku standi. En með tilliti til þess, að í nefndunum skuli vera jafnmargir veraldlegrar og andlegrar stèttar menn, þá get eg því að eins fallizt á það, að í nefndinni sèu ekki nema 2 menn, þar sem ekki er nema einn prestur í hrepp, eins og víðast mun vera, því óþarflega umsvifamikið væri að fá prest í nefndina úr öðrum hrepp.

Steffán Jónsson: Eg ætlaði að gjöra þetta að mínu breytingaratkvæði, af því eg man ekki til, að framsögumaður gjörði það að viðaukaatkvæði við nefndarálitið; en fyrst aðrir hafa borið upp breytingaratkvæði, sem mèr þykir eiga við, þá felli eg niður það, sem eg hafði áskilið mèr.

Þ. Sivertsen: Það er einúngis í því skyni, er eg stend upp, að eg vildi láta þá meiníngu mína í ljósi, að bænarskráin um endurbót verðlagsskráa-skýrslnanna ekki sè gjörð tilefnislaust; eg held til þess hafi verið ýmsar hvatir, eins og þíngmenn líka hafa skýrt frá; eg get t. a. m. vitnað það fullkomlega satt að vera, er einn hinna virðulegu þíngmanna bar fram, að hvergi vestan lands muni í hitt eð fyrra hafa feing-

izt það verð fyrir dún, sem hann árið eptir er látinn kosta í verðlagsskránni, og líka ætla eg megi segja það, að bæði ull, tólg og smjör sè í verðlagsskránni vestan lands árið, sem leið, verðhærra, en hið sanna meðalverð var árið fyrir. Það er nú eingan veginn meining mín, að eigna þetta skeytíngarleysi eða hirðuleysi viðkomenda, og því miklu síður nokkurri helzt hlutdrægni, en eg hefi eignað það að minni hyggju raungum skoðunarmáta, þeim nefnilega, að binda verðlagið á ýmsum aurum við það verð, sem kaupmenn lítinn tíma árs, kann ske ekki nema 2—4 vikur, gefa hæst í vörum, hverra verð þeir skapa einmitt eptir verðhæð þeirri, þeir stundum neyðast til að bjóða fyrir þá vöruna, er þeir taka á móti, og ætla eg það rángt, því eg hygg, að verðlagsskráin eigi að vera bundin og miða við það verðlag, er að meðallagi hefir verið alt árið, og við *peninga,* en flestir munu hljóta að viðurkenna, að alt annað verðlag er á landaurunum móti einsömlum peníngum hjá kaupmanninum, heldur en á móti einsömlum útlendum vörum, svo, til að mynda, þó ullarpundið sè eða heiti borgað í kaupstaðnum með 18 sk., fæ eg ekki, ef til vill, meira en 16 sk., eða kann ske minna, vilji eg ekki annað en peníngа; í hið minnsta er þetta ekki óþekt vestan lands.

Eg vakti nú því að eins máls á þessu, að eg man ekki til, að það hafi verið áhrært í umræðunum nè nefndarálitinu. Hvað því við víkur, að hver sýsla skuli hafa verðlagsskrá sèr, held eg þar til ekki brýna nauðsyn, í hið minnsta ekki vestan lands, að því sem eg til þekki; eg ætla það nóg, þegar það er leyft, og hver sýsla getur feingið það, þegar einhverjar sèrstakar kríngumstæður mæla með því, og er henni þá innan handar að biðja þess, og geymi eg mèr rètt til breytíngaratkvæðis frá nefndarálitinu á þá leið, hafi einginn gjört það áður, hvers eg minnist ekki. Það getur verið eg falli frá því, en ætla þó fyrst um sinn að geyma mèr rèttinn til þess.

Stiptamtmaður: Það, sem hinn virðulegi þíngmaður sagði, er mikils umvarðandi, og er stór mismunur á því, hvort farið er eptir vöruverði eða eptir peningum. Verð eg að halda, að bezt sè að fara eptir peníngaverði, eins og þíngmaður þessi sagði. Eg held einnig, að þetta hafi verið tilgángur nefndarinnar, þar sem hún segir, að skýrslur til verðlagsskránna eigi að byggjast á „meðal-söluverði í fastri verzlan, viðskiptum manna á millum, og á *opinberum uppboðs-*

þingum“. En eigi skýrslur þessar að vera bygðar á peningaverði, þá þarf að taka það fram með berum orðum í uppástúngunni, því í úrskurði þeim, sem nefndur var, segir, að skýrslur til verðlagsskránna eigi að skýra frá, hvaða *verzlunarverð* (Handelspriserne) hafi verið á kaupstaðarvöru, o. s. frv.

Framsögumaður: Eg, sem nefndarmaður, verð að geta þess, að mèr var það ókunnugt, að verð á vörum væri sumstaðar lægra móti peningum, en öðru. Það við geingst ekki á norðurlandi, svo eg viti til; þegar peningar annars fást, held eg þeir sèu með vanalegu verði. En fyrst þetta á sèr þó stað, áskil eg mèr það viðauka-atkvæði, að í fyrstu grein af niðurlagi álitsskjalsins sè bætt inn í „eptir meðal-söluverði móti peningum í fastri verzlun, viðskiptum manna á milli og á opinberum uppboðsþingum“. Það, sem þingmaður Dalasýslu bar fram, að í skýrslum til verðlagsskránna muni sumstaðar vera fylgt *hæsta* kaupstaðarverði, veit *eg* ekki til að tíðkazt hafi, eins og það líka er beinlínis gagnstætt fyrirsögninni í skýrslunum til verðlagsskránna, því þar er nefnt *meðalverð*. Þar sem nefndin fór því fram í álitsskjali sínu, að hèr eptir skyldi *boðið*, í stað þess það hingað til hefir verið *leyft*, að sèrstök verðlagsskrá sè samin fyrir hverja sýslu, þegar ástæða væri til þess, þá var tilgángurinn sá, að þetta skyldi verða gjört, þegar ástæða væri til þess, án þess nokkur bón eður hvöt úr sýslunni þyrfti til að koma.

Ásgeir Einarsson: Í tilliti til þess, er þingmaður Dalasýslu mælti, get eg þess, að meining mín með það, að verðlagsskrá væri samin fyrir hverja sýslu, var sú, að eg vildi, að um þetta væri einhver viss ákvörðun. Því mèr hefir heyrzt á ræðum þingmanna, að ervitt mundi verða að ákveða, í hverjum sýslum að sèrstök verðlagsskrá skyldi vera samin. Mèr finnst annars meiningamunurinn ekki vera mikill, þar eð þingmaður Dalasýslu vill, að leyft sè að semja verðlagsskrá fyrir sýslu hverja, en eg vildi, að það væri skipað, sem föst regla.

H. G. Thordersen: Eg er samdóma þingmanni Dalasýslu í því, að í undirbúningi til þessara skýrslna, sè það nauðsynlegt og sjálfsagt, að hafa peningaverðið fyrir augum, og þess vegna eigi ekki að fara eptir því, hvað vörur kunna á vissum tímum að stíga hæst í kaupstöðum. En mèr sýnist, að þessari reglu megi alt að einu fylgja, þó haldið sè við þá venjulegu aðferð, hvað undirbúninginn snertir; prestur og hrepp-

stjóri geta geingið út frá þessu sama, eingu síður en nefnd manna, er gjörði þetta verk. Mèr getur því ekki skilizt, að þetta mæli heldur neitt með hinni nýu uppástúngu, svo sèð verði, að hún taki fram undanfarinni venju, sem eg eptir allar þær umræður, sem um garð eru geingnar, enn þá verð að ætla sè fult eins góð. Eg ítreka því breytíngaratkvæði mitt, að þetta standi við sama og verið hefir, en bið varaforseta láta mig vita, hve nær eg á að koma með það.

Af því einginn framar ræddi málið, kvað varaforseti það nægilega rædt til undirbúnings.

Varaforseti: Eptir auglýsíngu þeirri, sem fest var upp á lestrarsalinn í gærdag, átti þá nú að taka til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu nefndarálitið um ferðakostnað alþíngismanna; en bæði stiptamtmaður og nokkrir þíngmenn hafa mælzt til, að þessu yrði frestað, þángað til kosníngarlögin kæmu til umræðu, af því að þetta mál, eins og þíngmenn sjá, er svo náskylt einu atriði í kosníngarlögunum, sem að líkindum verður tekið fram í frumvarpi stjórnarinnar, nefnilega um ferðakostnaðinn, og af því þíngið ekki veit enn þá, hvernig ákveðnir verða fæðispeníngar þeirra, sem setu eiga á næsta þíngi; því ef fæðispeníngarnir lækka, mundi þykja ísjárvert að setja ferðakaupið niður; en aptur kynni þíngið að fallast á niðursett ferðakaup, ef fæðispeníngarnir standa í stað eða hækka. Fyrir mitt leyti finnst mèr því ekkert á móti því, að ályktunarumræðu málsins sè frestað, þángað til kosníngarlögin verða rædd; en eg bið þíngmenn að láta í ljósi meiníngu sína og skera úr því sjálfa, hvort þeir strax í dag vilja ræða málið til lykta, eða skjóta því á frest.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg er einnig þeirrar meiníngar, að þessu sè frestað, því þegar kosníngarlögin verða rædd, hlýtur að verða til rædt um ferðakostnaðar og fæðispeníngana.

Kr. Magnúsen kvaðst vera á sama máli.

Þ. Sivertsen: Eg verð því heldur að veita þessari uppástúngu hins heiðraða varaforseta mitt atkvæði, sem hún hnígur nú einmitt að því, er eg hefi fyrri og seinna í meðferð máls þessa látið á mèr heyra. Um leið verð eg að geta þess, svo einginn misskilji orð mín hinn fyrra dag í máli þessu, að eg þá því síður vitnaði til nokkurrar bænarsskráar um lækkun á dagpeníngum embættismanna í og við Reykjavík, fremur annara þíngmanna, sem eg berlega sagði, að eg þæktist ekki þurfa að gjöra

ráð fyrir svo ósanngjarnri smámunasemi, að þess yrði farið á leit.

J. Thorstensen kvaðst vera þeirrar meiningar, eins og í fyrra dag, að þetta biði kosningarlaganna.

Af því enginn mælti í móti, kvaðst varaforseti álíta það vilja þingsins, að málið biði þess hluta kosningarlaganna, er hèr að lyti.

Á morgun kvað varaforseti verða tekin til síðustu umræðu nefndarálit þau, er rædd hefðu verið til undirbúnings í dag, nema ef þinginu sýndist að láta nefndarálitið, um að prestar og ekkjur þeirra borgi til jafnaðarsjóðanna, bíða þángað til á miðvikudaginn, því þá yrði ekkert nefndarálit til að ræða, er legið hefði á lestrarsalnum þann lögboðna tíma.

En þar nokkrir af þingmönnum lètu í ljósi, að nefndarálitið um greiðslu presta og ekkna þeirra til jafnaðarsjóðanna mundi fljótrædt til lykta, og að verkdrýgra mundi fyrir þingið, að ljúka við bæði málefnin á morgun, kvað varaforseti bezt, að svo væri gjört, og yrði þá fundur að falla úr á miðvikudaginn, ef ekki kæmi konúngsfulltrúi áður með frumvörp stjórnarinnar.

Sagði þá varaforseti fundi slitið, og ákvað fund kl. 10 að morgni.

---

17. júlí — þrettándi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi upp lesin og samþykt.

Stiptamtmaður tók þannig til máls: Þegar eg setti þingið, gjörði eg það í þeirri von, að konúngsfulltrúinn mundi bráðum koma, og að eg því mundi ekki þurfa að halda á nokkrum aðstoðarmanni, og í þessari von hefi eg fram haldið störfum að þessu, án þess að taka mèr aðstoðarmann samkvæmt 41. grein alþingistilskipunarinnar. En nú er þegar liðinn svo lángur tími, án þess von þessi hafi ræzt, að eg get ekki leingur fram haldið störfum konúngsfulltrúa. Eins og kunnugt er, hefi eg feingið leyfi að sigla í sumar til Danmerkur, og er það skip þegar komið hingað til landsins, sem eg ætla að fara með, og á það að snúa heimleiðis aptur að fáum vikum liðnum. Mörg embættisstörf mín eru, sem stendur, óafgreidd, og að þeim tíma komið, að austanpóstur hèðan eigi að fara,

eins og líka bráðum er von á póstinum að norðan. Eg get því ekki leingur frestað því að taka mèr aðstoðarmann, enda er hèr á þínginu maður sá, sem hefir áður verið aðstoðarmaður konúngsfulltrúa, og get eg ekki sèð nokkur vankvæði þar af fyrir þíngið, þó eg biðji hann að verða aðstoðarmann minn. Eg vil ei taka til þessa utanþíngsmann, því í § 41. er til þess ætlazt, að aðstoðarmaðurinn sè allan þíngtímann, eður eins leingi og konúngsfulltrúi. Það er líka erviðara fyrir utanþíngsmann að gegna störfum þessum, en aptur hefir sá, sem áður var aðstoðarmaður, nú verið skrifari þíngsins, og verður því að vera kunnugur þíngbókinni og því, sem á þínginu hefir fram farið,og sè eg ei annað, en að þíngið geti valið sèr vara-skrifara í hans stað. Hvað því við víkur, að hann er valinn í nokkrar nefndir, þá hafa sumar af þessum þegar lokið störfum sínum, en aðrar eru að vísu ekki búnar að því, en það verður að vera í valdi nefndarmanna og þíngsins, hvort þeir óska, að hann haldi áfram. Eg fyrir mitt leyti get ekki sèð neitt á móti því, að hann sè í nefndinni, meðan hann er aðstoðarmaður minn, því þetta eru utanþíngstörf; en komi málefni þau til umræðu, sem hann hefir haft afskipti af, er það í hans sjálfs valdi, hvort hann vill víkja sæti sitt, sem aðstoðarmaður, því í þeim tilfellum er eg fús á að gegna konúngsfulltrúa störfum, þegar til þess verður mælzt. Eg skora því á assessor Kristján Kristjánsson, að taka sæti, sem aðstoðarmaður minn.

Kr. Kristjánsson: Eg er að vísu með konúngsbrèfi frá 16. maí þessa árs frítekinn frá öllum störfum, sem aðstoðarmaður konúngsfulltrúa; en samt vil eg ekki setja mig móti skipun stiptamtmannsins.

Ásgeir Einarsson: Í tilliti til ræðu þeirrar, er stiptamtmaðurinn nú flutti, verð eg, með leyfi varaforseta, að fara um atvik þetta fáum orðum, bæði þjóðarinnar og þíngsins vegna. Þegar stiptamtmaðurinn tók að sèr störf konúngsfulltrúa hèr á þíngi, vonuðu þíngmenn vissulega, að hann mundi verða við þau, þángað til konúngsfulltrúi kæmi, um hvað menn höfðu þá einga meiri vissu, en nú. Ef að stiptamtmaðurinn yfirgæfi nú algjörlega þíngið, og menn gætu þess vegna ekki haldið þíngstörfum áfram eptir sömu reglum sem að undanförnu, mundi þetta verða mjög ísjárvert í augum þjóðarinnar, eptir því sem þíngið var byrjað, einkum þar nú eru eptir tvö en mest áríð-

andi mál, sem eru kosningarlögin og verzlunarmálið. En þar mèr skildist svo á ræðu stiptamtmannsins, sem hann enn nú vildi veita þínginu þá liðveizlu, er hann gæti og það þyrfti helzt, fer eg ekki um þetta öðrum eða fleiri orðum.

Stiptamtmaður: Eg ætla mèr ekki að yfirgefa þingið að fullu og öllu, heldur eins og venja og leyfi er til, að taka mèr aðstoðarmann.

Að því búnu kvaddi stiptamtmaður þingið, en assessor Kristjánsson settist í aðstoðarmannssætið.

R. M. Ólsen: Þar eð eg stend nú einn uppi við skrifarastörfin, eins og einmana strá á húsþekju, sviptur samverkamanni mínum, assessor Kr. Kristjánssyni, hlýt eg að skora á þingið, að það hlutist til, að einhver þingmanna verði settur, til að fram halda verkum hans, þángað til hann hverfur aptur til ritstarfa sinna.

Varaforseti: Það er auðvitað, að annars þingskrifara þarf við í stað hins konúngkjörna þingmanns, er stiptamtmaður nú hefir tekið sèr til aðstoðarmanns, hvort sem þingið vill kjósa þenna skrifara með atkvæðafjölda eða stinga upp á einhverjum, sem því þykir bezt til þess fallinn. Eg fyrir mitt leyti vil helzt nefna sýslumann Jón Guðmundsson til þessa, af því hann áður hefir gegnt þessum starfa og er honum vanur.

Jón Guðmundsson: Vilji þingið svo vera láta, mun eg ekki skorast undan því að takast þenna starfa á hendur nokkra daga, þó breytingin kunni að verða þinginu nokkuð óþægileg, og sannast hèr hið fornkveðna, að neyð er enginn kaupmaður.

Þingmenn fèllust á þetta í einu hljóði, og settist Jón Guðmundsson að því búnu í þingskrifara sæti.

Þá tók varaforseti fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu nefndarálit, um að embættismenn og ekkjur þeirra borgi til jafnaðarsjóðanna, og afhenti framsögumanni, Þ. Sveinbjörnssyni.

Framsögumaður: Eg þykist einga orsök hafa til að hefja nú nokkra umræðu þessa máls; þegar nefndarálitið var rædt í gær, voru allir þingmenn því að mestu samþykkir, og einginn bar fram neitt breytingaratkvæði, og vil eg því bíða þess, að eg heyri nú meiningar þingsins.

Th. Gudmundsen: Jafnvel þótt eg hafi frá fallið því breytingaratkvæði, er eg við undirbúningsumræðu þessa máls áskildi mèr, leyfi eg mèr eingu að síður að geta þess, að eg þann 14.

janúar 1843 í álitsskjali til stjórnarinnar, viðvíkjandi því sama máli, sem hèr ræðir um, og stjórnin hafði borið undir mig, eins og aðra sýslumenn, einmitt fór því sama á flot um prestastèttina, sem eg nú hefi hèr á þinginu hreift í þessu máli. Sýnir þetta, að hugsun þessi er ekki ný fyrir mèr.

Varaforseti: Fyrst einginn framar tekur til orða, álít eg mál þetta fullrædt, svo gánga megi til atkvæða, og af því að uppástúnga nefndarálitsins er einúngis sú, að allir embættismenn og ekkjur þeirra gjaldi af lausafjáreign sinni að rèttum jöfnuði til jafnaðarsjóðanna, eins og alþýðumenn, bið eg þingið skera úr, hvort senda á bænarskrá þessa efnis til konúngs.

Samþykt í einu hljóði.

Þá tók varaforseti fram til ályktunarumræðu nefndarálit um reglu til að semja eptir skýrslur til verðlagsskráa.

Í málinu höfðu verið borin upp þessi breytíngaratkvæði:

1) biskups Thordersens.
   Að alt sè óumbreytt, sem verið hefir.
2) Jakobs Pèturssonar.
   Að 7 manna nefnd sè í hrepp þeim, hvar 3 eða 4 prestar eru.
3) Jóns Þórðarsonar.
   1. að jafnmargir sèu geistlegir og veraldlegir í hverri nefnd.
   2. að meðalverð af uppástúngum nefndarmanna sè verð hverrar aurategundar.
4) Ólsen.
   Að eptirleiðis verði árlega samin sèrstök verðlagsskrá fyrir sèrhverja sýslu.
5) Ásgeir.
   Að þetta sè b o ð i ð.
6) Sívertsen.
   Að það verði l e y f t, að gefa sèrhverri sýslu sèrskilda verðlagsskrá, og að hún hafi rètt á að óska þess og fá, þegar einhverjar sèrstakar kríngumstæður mæla með því.
7) Sèra Halldórs.
   Að í 1. grein af uppástúngu nefndarinnar sè bætt inní „eptir meðal-söluverði móti peníngum“, í fastri verzlun, viðskiptum manna á milli og á opinberum uppboðsþíngum.

Framsögumaður: Í málefni þessu hafa verið borin fram

nokkur breytíngaratkvæði frá nefndarálitinu; og var þegar í gær rædt svo mikið um þau, að ekki mun nú þurfa mörgu við að bæta. Hvað nú við víkur breytíngaratkvæði biskupsins, að eingin bænarskrá verði um þetta efni samin, þá álít eg það sjálfsagt, að þíngið eigi ekki að senda konúngi bænarskrá um neina þá breytíng á því, sem verið hefir, sem það ekki er sannfært um að sè nauðsynleg og til bóta; verður það nú að lýsa sèr í atkvæða greiðslunni, hvaða sannfæríng ríkir hjá þíngmönnum, viðvíkjandi því málefni, sem hèr ræðir um, því eg vona, að einginn greiði atkvæði sitt í blindni. Eg vona ekki eptir, að nokkur sá styðji það með atkvæði sínu, að bænarskrá verði samin um undirbúníng verðlagsskránna, sem ekki þykist sannfærður um, að betur fari, ef breytt verður. En fallist þíngið á nefndarálitið, breylt eður óbreytt, verð eg að minnast dálítið á hin önnur breytíngaratkvæðin. Það breytíngaratkvæði varaþíngmannsins úr Rángárvallasýslu, að jafnmargir andlegrar og veraldlegrar stèttarmenn verði í hreppanefndunum, álít eg ekki að eins óþarft, heldur einnig miður vel tilfallið, því af því yrði að leiða, að víða yrðu ekki nema 2 menn (prestur og hreppstjóri) í nefndinni; en eg hefi ekki heyrt getið um svo fámennar nefndir (latínska orðtakið segir, að 3 þurfi til, að nefnd megi heita); eg held fullnóg, að tekið sè fram í álitsskjalinu, að ef nefndarmenn greini á, skuli þeir aðgæta, hvað meðaltalið verði, og setja það í skýrsluna. Breytíngaratkvæði þíngmannsins fyrir Norðurþíngeyarsýslu held eg óþarft; það við víkur svo einstaklegu tilfelli, sem ekki sýnist vandasamt úr að ráða.

Breytíngaratkvæði meðnefndarmanns míns, umboðsmanns Ólsens, um sèrstaka gjaldskrá fyrir hverja sýslu vil eg aðhyllast, og fellur þá burt breytíng sú, sem þíngmaður Dalasýslu hefir stúngið upp á, sem raunar ekki er öunur en sú, að þetta sè, eins og verið hefir. Meira hefi eg ekki á að minnast, meðan mótmælum ekki er hreift.

Nú ræddi einginn málið framar, og leitaði þá varaforseti atkvæða þíngsins um þessi atriði:

1. Vill þíngið, að alt sè óumbreytt að svo stöddu, eins og verið hefir? (Biskup Thordersen).

Felt með 15 atkvæðum gegn 7.

2. Vill þíngið beiðast, að jafnmargir geistlegir og verzlegir sèu nefndarmenn (2, 4, 6, 8,)? (Jón Þórðarson).

Felt með 21 atkvæði gegn 1.

3. Vill þingið biðja um 7 nefndarmenn, þar sem 3 eður 4 prestar eru í einum hrepp? (Jakob Pètursson).

Felt með 17 atkvæðum gegn 5.

4. Vill þingið aðhyllast fyrstu uppástúngu nefndarinnar: „að nefnd manna semji skýrslur til verðlagsskránna?“

Samþykt með 13 atkvæðum gegn 9.

5. Vill þingið biðja um, að í nefndinni sèu 3 menn eður 5 eptir kríngumstæðum? (Nefndin).

Samþykt með 16 atkvæðum gegn 6.

6. Vill þingið biðja um, að meðalverð uppástúngna nefndarmanna ráði verði hverrar aurategundar í skýrslunum? (Jón Þórðarson).

Samþykt með 19 atkvæðum gegn 3.

7. Vill þingið beiðast, að eptirleiðis verði lögboðið, að samin verði sèrstök verðlagsskrá fyrir hverja sýslu? (R. M. Ólsen. Ásgeir Einarsson).

11 atkvæði með og mót.

8. Vill þingið, að í 1. gr. af uppástúngu nefndarinnar sè bætt inn í: eptir meðalsöluverði móti peníngum í fastri verzlun, viðskiptum manna á milli, og á opinberum uppboðsþíngum?

Samþykt með 17 atkvæðum gegn 5.

9. Vill þingið beiðast breytíngar eptir nefndarinnar uppástúngu óbreyttri, eða með þeim breytíngum, sem nú eru samþyktar? Það síðara samþykt með 20 atkvæðum gegn 2.

Varaforseti kvað þá þínginu slitið, og ákvað fund næsta fimtudag kl. 10 f. m., vegna þess að ekkert nefndarálit væri svo á veg komið, að það yrði rædt á morgun.

---

19. júlí — fjórtándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók upp lesin og samþykt.

Varaforseti tók fram nefndarálit um tíundarlagið, og afhenti framsögumanni, sèra Haldóri Jónssyni, er las það upp svo látandi:

Hið virðulega alþíng hefir kjörið oss undirskrifaða í nefnd, og falið oss að rannsaka og segja álit vort um bænarskrá Borgfirðínga, um bót á tíundarlagi, með 124 nöfnum undir,

svo og aðra bænarskrá frá Gullbríngusýslu, lútandi að sama efni, með 34 nöfnum undir.

Áður en vèr segjum álit vort um uppástúngur þær, sem gjörðar eru í tèðum bænarskrám, verðum vèr sameiginlega að láta í ljósi þá hugmynd vora, að oss þykir næsta ísjárvert, að gjöra nokkrar töluverðar breytíngar með tíundarlög þau, er nú gilda hèr á landi, og hafa hingað til þókt einkar vel tilfallin og löguð eptir þörfum þess, nema með svo feldu móti, að með nægum rökum verði sýnt og sannað, að af breytíngunni yfir höfuð leiði meiri jöfnuð. Líka er það vort sameiginlegt álit, að ekki eigi við, eður tjái, að innleiða hèr á landi margbrotin tíundarlög, sem bindi tíundarhæðina við ýmisleg atvik og kríngumstæður, sem bágt er að fá áreiðanlega vissu um, og að mestu eða öllu leyti verða því að vera komin undir hreinskilni þeirra manna, er fram telja til tíundar, en opna hinum, sem öðruvísi eru sinnaðir, opinn veg til undandráttar.

Hvað þá við víkur bænarskránni frá Gullbríngusýslu, þá lúta aðaluppástúngur hennar að því, að leggja meira af bátum og kvikfènaði í hvert tíundarhundrað, en eptir reglugjörð af 17. júlí 1782, og er þetta í raun og veru hið sama, sem yfir höfuð að lækka tíundina, og á þetta að vera helzt bygt á þeim ástæðum, að nú á tímum sè miklu meir, en fyrri, kostað til viðurhalds og eflíngar hvorutveggju og ávaxta af því, sem aptur, hvað ágóða af fènaði snertir, einkum á að orsakast af því, að vinnuhjú eru nú orðin svo kostavönd og kaupdýr; en að því leyti skipaútveginn snertir, að auk áður taldra orsaka, nú miklu meir, en áður, þurfi að leggja til skipa og báta af netum og færum, hvar við bætist, að sjómannahald nú sè kostnaðarsamara, en verið hafi.

Eins og vèr nú ekki finnum nokkra gilda ástæðu til, að lækka tíund yfir höfuð, sem alla jafna hefir verið álitin sanngjörn álaga, því bágt mun verða, að færa rök að því, að bjargræðisvegir hèr á landi sèu á þessum tímum arðminni, en 1782, eða efnahagur landsmanna verr ástaddur, en þá, enda mundi tíund hèr á landi, ef hún væri látin stíga og falla eptir slíkum ástæðum, sem í hinni umræddu bænarskrá eru taldar, verða á mjög völtum fæti bygð: þannig álítum vèr sèr í lagi, að tíundarlög skipa og báta eptir aldri þeirra og hluta upphæð sè mjög margbrotið, og gefi nægilegt tilefni til undan-

dráttar, eins og vèr líka höldum, að skipa og báta eigendur mundu ekki leggja meira en áður til af netum og veiðarfærum, ef sjáfar-útvegurinn reyndist þeim ekki með þessu móti arðsamari, en ella, svo hèr af geti eingin ástæða orðið út leidd til breytíngar á tíundarlagi því, sem verið hefir, og með því bænarskráin ekki á minnsta hátt sýnir ofan á, að ójafnt sè lagt í tíund að undanförnu, og að eins vill gjöra breytíngar, án þess að sýna þörf þeirra, getum vèr ekki tekið hana til greina, og álítum óþarfa, að gegnumgánga einstöku uppástúngur hennar, sem virðast að vera frambornar án nákvæmari yfirvegunar, og kollvarpa öllum tíundargrundvelli, til að mynda með því, að setja leigufæra kú niður í 100 álnir.

Að því leyti því næst snertir bænarskrá þá frá Borgarfjarðarsýslu um sama efni, sem oss er feingin í hendur til rannsóknar, þá verðum vèr fyrst og fremst með tilliti til hennar að geta þess, að vèr álítum það eingum vafa undirorpið, að reglugjörðin frá 17. júlí 1782 sè það eina gildandi lagaboð, sem hèr á landi fylgja eigi og beri um tíundarlög, en að í þessu tilliti sè ekki leyfilegt að fara að Jónsbókar kaupab. VI kap., sem að eins ákveður verðlag ýmsra hluta á landsvísu í kaupum og sölum.

Hvað því næst við víkur þeim einstöku uppástúngum, sem gjörðar eru í bænarskrá þessari, þá eru þær allsendis á betri rökum bygðar, en hinnar fyrr nefndu bænarskráar, og höfum vèr að eins við þessar af þeim að gjöra athugasemdir.

Við 1. Kvígur að fyrsta kálfi, þó þær sèu haustaldar, eru skemdar með því, að láta þær bera, fyrr en þær eru fullra tveggja ára, og að tíunda þær á ½ hundr. álítum vèr því ísjárvert, er vèr hyggjum, að þær varla sèu tíundarfærar, er þær ekki mjólka nema um sjálfan gjafatímann, og höldum vèr þær geri ekki betur yfir höfuð, en borga þá fóðrið með nytinni, og verðum vèr því að halda það rèttara, að þær hèr eptir sèu tíundarfríar, eins og áður eptir reglug. 1782.

Við 10. Ekki heldur álítum vèr fært, að tíunda veturgömul geldneyti og griðúnga, því þó þeim sè slátrað á 1. ári, sem ekki er gjört nema í neyðarúrræðum vegna fóðurskorts eða einhverra vanmeta, vantar samt talsvert á, að þau geti borgað uppeldið.

Við 13. Uppástúngu þá, að fiskilóðir og net falli framvegis úr tíund, verðum vèr að aðhyllast, því veiðarfæri þessi eru

bæði mjög kostnaðarsöm, og týnast opt, áður en þau eru búin að gefa nokkurn arð af sèr, enda virðist tíund þeirra innifalin í tíundinni af fari því, er þau fylgja.

Við 14. Einnig getum vèr ekki annað en verið þeirri uppástúngu, að 4 vetra hross ótamin falli úr tíund, meðmæltir, og það því fremur, sem vèr getum ekki betur sèð, en að allir hestar og hryssur ættu að vera tíundarfrí.

Það er óvíðast, að hestar gefi nokkurn beinlínis arð af sèr, því fæstir hafa þá til að leigja út og til sölu, og þar sem þetta á sèr stað, svo nokkru nemi, er það tíðast, að þar við eykst tíundarstofn viðkomenda, eins og líka þær sveitir, sem látið geta hesta til annara sveita, sem ekki geta alið þá upp nema með óbærilegum kostnaði, þar með vinna þessum töluverðan hag, en almennast er það, að hestanna þarf við vegna erviðleika jarðanna í tilliti til heyskapar eða annara bjargræðisaðdrátta, og að eptir því sem jarðirnar í þessu tilliti eru erviðari, útheimta þær að sömu tiltölu vaxandi hestafjölda, og oss virðist því það vera hið sama, að tíunda þessa gripi, er annars eru ómissanlegir, sem að láta menn tíunda erviðleika ábýlisjarða þeirra. Vèr sjáum að vísu, að ef þetta ynni þíngsins meðhald, og yrði að lögum, þá minkaði mikið tíundarstofninn í landinu, en sè það, eins og vèr höldum, rètt í sjálfu sèr, að sleppa öllum hrossum tíundarfríum, getum vèr ekki betur skilið, en að slíkt tillit beri ekki að taka til greina.

Að endíngu getum vèr þess, að þó hin umrædda bænarskrá ekki innihaldi neina uppástúngu í tilliti til tíundar af peníngum, er samt í henni vikið á, að það sè ósanngjarnt að meta peninga, sem ekki sèu á vöxtum, til tíundar, og erum vèr þessu að öllu leyti samþykkir. Að vísu hyggjum vèr, að með þessu hafi löggjöfin ætlað að tálma því, að peníngar væru látnir liggja á kistubotninum ávaxtarlausir, en lagaboðið hefir aldrei getað náð þessum tilgángi, enda liggur það í augum uppi, að ógjörlegt er, að fá vitneskju um slíka peninga eign, sem því hingað til hefir, að því leyti oss er kunnugt, sloppið tíundarfrí, og mun þó mega fullyrða, að varla er nokkur sá hreppur til í landinu, að einhver eigi ekki 40 rbd., sem ekki eru á vöxtum; ef því breytíng verður nú gjörð í tíundarreglugjörðinni 17. júlí 1782, virðist oss hæfa, að taka úr gildi þessa ákvörðun hennar, sem að eins hefir verið til að nafninu einu, en aldrei orðið við höfð í raun og veru.

Að tíunda peninga sem eru á vöxtum og þó hægra er að fá vitneskju um, að minnsta kosti endrum og sinnum, álítum vèr að vísu sanngjarnara í sjálfu sèr, en flestir af slíkum peningum tilheyra ómyndugum, og nema lítilli upphæð, svo vèr getum ekki haldið það hæfa, eða vera ómaksins vert, að gjöra það að lögum, að þeir framvegis verði tíundaðir. Þeir fáu aðrir, sem eiga peninga á vöxtum, ættu jafnan hægt með, ef þá þyrfti að tíunda, að komast hjá því, svo oss virðist ísjárvert, að leggja með því, að það yrði gjört að lagaskyldu, þar vèr þykjumst geta fyrir fram sèð, að slíkt lagaboð næði ekki nema einstökum ráðvendnismönnum, sem þá einmitt fyrir ráðvendni sína yrði fyrir harðari kostum, en aðrir, sem væru í sömu kríngumstæðum, en ekki í þessu tilliti eins sinnaðir.

Loksins vitum vèr til, að einstakir menn eru hèr í landi, sem eiga óuppsegjanleg ríkisskulda- og önnur brèf og eptir leyfi fá vöxtuna útborgaða úr jarðabókasjóðnum; virðist oss nú að vísu í sjálfu sèr ekkert vera á móti, að tíund væri goldin af slíkum ávöxtum; en eins og slík brèf, að því leyti oss er kunnugt, erlendis, hvar þó töluverðar eignir eru fólgnar í þeim, hafa sloppið álögufrí, þángað til nú, að á þau er lagður stríðsskattur, þannig mundu menn, ef borga ætti framvegis tíund af slíkum skuldabrèfum, bráðum hætta að taka hèr í landi ávöxtuna, og mundi þá hægðarverk að dylja þessar eignir, sem annars hèr, enn þá sem komið er, eru óvíða niðurkomnar.

Að svo mæltu er það álit og ráð nefndarinnar, að þingið allraþegnsamlegast beri upp þá bæn fyrir hans hátign, konúnginn, að nýtt lagaboð út komi, sem lýsi því yfir, að Jónsbókar kaupab. VI. kapit., hvað tíund snertir, sè úr öllu gildi, en að reglugjörð 17. júlí 1782 sè ein í þessu tilliti gildandi lagaboð, þó með þessum breytíngum og nákvæmari takmörkunum:

1. að öll hross, fiskilóðir og net, svo og peníngar, framvegvegis falli úr tíund.
2. Kvígur að öðrum kálfi og kýr geldmjólkar tíundist 80 al:
3. Nautgripir, sem eingan árlegan ávöxt gefa af sèr, tíundist ekki nema ár það, sem þeim verður slátrað, þannig:

a)	geldneyti	6	vetra og eldri	1	hndr.	60	al.
b)	—	5	—	1	—	30	-
c)	—	4	—	1	—	„	„
d)	—	3	—	„	„	90	-

e) geldneyti 2 vetra . . . . . „ hndr. 60 al.
4. 7 ær loðnar og lembdar . . . . . 1 — „ „
5. 12 lambsgotur . . . . . 1 — „ „

Reykjavík 15. dag júlímánaðar 1849.

St. Jónsson. H. Jónsson. Kr. Kristjánsson.

Framsögumaður: Málefni þetta er þess eðlis, að til þess mun mega heimfæra máltækið, *sínum augum lítur hver á silfrið.* Það er og mjög eðlilegt, að menn greini nokkuð á um, hvað sanngjarnt sè að leggja í 1 hndr.; því sú reglan stendur stöðug, að öll tíundarhundruð eiga að vera *jafngóð,* og gæði þeirra að metast eptir þeim *arði,* sem þau gefa; en sumpart er bágt að jafna þessum arði saman, þar sem tegundir tíundarstofnins eru mjög óliks eðlis, og sumpart er arðurinn sumstaðar miklu minni, en sumstaðar, af sama tíundarstofni, t. a. m. af málnytupeningi, og uppákostnaðurinn einnig mjög misjafn; og ætla eg ekki að fara um það fleirum orðum að svo stöddu.

Síðan nefndarálitið var samið, höfum við nefndarmenn orðið ásáttir um lítilfjörlegar breytingar í því: fyrst er í ástæðunum í ógáti sagt, að kvígur að fyrsta kálfi sèu tíundarfríar eptir reglugjörð af 17. júlí 1782; í öðru lagi hafði nefndin komið sèr saman um að leggja 12, en ekki eins og verið hefir 10, sauði tvævetra í hndr., og að stínga upp á, að geld kýr væri tíunduð sem þrèvett naut; en þegar álitsskjalið var skrifað, hafði gleymzt að innfæra þetta, og áskil eg mèr rètt til viðauka-atkvæðis um þetta tvent; sömuleiðis álitum vèr nefndmenn, að nauðsynlegt væri, til að fyrirbyggja undanskot, þar sem talað er um sjóförin, í stað orðsins „fiskiafli“ (*Fiskeri* reglug. 1782) að brúka annað orð, svo sem „veiði“, svo auðsèð verði, að einnig sè meintur hákallsafli, sela og síldarafli, og áskil eg mèr í því tilliti breytingaratkvæði.

J. Johnsen: Eg verð eptir beztu sannfæringu minni að mæla á móti því, að nokkur bænarskrá fari frá þínginu í þessu máli, og að geyma mèr atkvæði á þá leið í því, að þetta bæði af formlegum ástæðum og með tilliti til málsefnisins í sjálfu sèr. Mèr getur yfir höfuð ekki skilizt, að það eigi við, þar sem önnur skipun alþingis nú fer í hönd, sem til stendur, að taka þvílíkt mál sem þetta til meðferðar, og allra sízt að senda bænarskrá um breytingu á tíundarlagningu einstöku tegunda tíundarstofnsins, heldur miklu fremur, þar sem máli skiptir um

tilhögun á lögum, hverra tilbreyting að nokkru leyti hefir áhrif á kjör margra manna í landinu, þá verði ekki hjá því komizt, að taka tilhögunina að öllu öðru leyti undir skoðun. Það var fyrir þessa sök, að nefnd sú, sem eptir úrskurði konúngs frá 23. apr. 1845 gaf álit sitt um skattgjald landsins, leiddi hjá sèr að leggja önnur ráð á um ný tíundarlög, en að þau bæri að gagnskoða í einu lagi og að fullu og öllu, og fyrst þegar skoðanir manna þar að lútandi kæmu betur í ljós, og ástæðurnar fyrir breytingunum, þá að láta lög, sem hentugri væri, en þau sem eru, gánga út í því efni. Til þess að sýna ofan á, að uppástúngur nefndarinnar grípa djúpt inn í kjör konúngssjóðsins, fátækra, kirkna og embættismanna landsins, þeirra sem flestir eru, prestanna, læt eg mèr nægja að geta þess, að tamdir hestar og hryssur á öllu landinu eru á að gizka 25,000 talsins, og sjá þá líka allir, að tillagið til jafnaðarsjóðanna mundi verða hækkað næsta mjög á hinum tíundarstofninum, þó ekki yrði nema þessi tegundin látin frjáls við tíund, og yrði álögurnar að því skapi einnig hærri á þeim hèraðsbúum, sem áður höfðu fæst hrossin, undir eins og hin hèröðin, sem nú hafa þau flest, að sama skapi yrði að ábatast á hinna kostnað við breytinguna. Eg get yfir höfuð eigi ímyndað mèr, að stjórnin veiti þínginu bænheyrslu um þær breytingar, sem upp á er stúngið að svo stöddu; og læt hèr við lenda, hvað málefni þetta snertir, um leið og eg leyfi mèr að fara þess á leit, hvort nefndin eigi mundi geta komið sèr saman við uppástúngumann og þingið, um að sleppa meðferð þessa máls, svo að ekki verði meiri tímatöf að henni hèr á þínginu. En verði málinu framgeingt, og sjái eg líkindi til, að bænarskrá verði send konúngi í því, kemur mèr til hugar, að nota tækifærið til að drepa á eitt atriði, sem stendur í nánu sambandi við þetta mál, og er mèr gefið tilefni til þess með ávarpi, er eg meðtók í gærdag frá manni í Árnessýslu, sem eigin og nokkurra annara kjósenda minna vegna hefir farið þess á leit við mig, að eg leitist við að rètta hluta Árnesínga í því atriði, er eg nú skal fara fám orðum um. Málsatriði þetta við víkur tíund af innstæðu kúgildum Skálholts stólsjarðanna, sem seldar eru. Árið 1823 24. maí samþykti rentukammerið, sem þá var, að sýslumaður Árnesínga lèti kúgildi þessi telja fram til tíundar, sem annað lausafè.

Eg hefi þegar á bls. 199—204 í riti nokkru, er eg gaf út

árið 1840, sem nefnist „Hugvekja um þínglýsingar, jarðakaup, o. s. frv.“, farið nokkrum orðum um, að þessi úrskurður rentukammersins varla muni á góðum rökum bygður, því síður sem þetta hvergi við geingst í landinu, nema í þeirri nefndu sýslu, og allra sízt eptir að tilskipun 14. maí 1834 kom út, sem undantekníngarlaust lèt öll jarðakúgildi vera tíund undanþegin, og hefi eg styrkzt í þeirri meiníngu minni síðan. Þessu hinu sama hefir sumsè líka verið farið á flot í Borgarfjarðarsýslu, er sýslumaðurinn þar árið 1839 spurðist fyrir hjá rentukammerinu, hvort honum leyfðist að láta stólsjarða kúgildin telja fram til tíundar. Þótti rentukammerinu þá vera komið í það horf, að það eigi gæti skorið sjálft úr, en skaut spurníngunni til úrlausnar kanselliisins, en kansellíið svaraði í brèfi til stiptamtmannsins 12. maí 1840, að málefnið bæri undir úrlausn dómstólanna, og fór þá sýslumaður Borgfirðínga ofan af því, að láta tíunda stólsjarðakúgildin; en í Arnessýslu, hvar menn líklega ekki hafa þekt þenna úrskurð kanselliisins, hefir sýslumaðurinn þó haldið áfram að láta þau tíunda. Skyldi nú þíngið, mót von, halda málinu áfram, og láta bænarskrá fara í því, ætla eg, að bezt eigi við, að þetta atriði sè meðhöndlað undir eins og hin önnur, sem nefndin hefir mælt með; og geymi eg mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að þessi álaga á stólsjarðakúgildin í Árnessýslu falli niður. En eins og eg ætla það ófært, að fara aðalmálinu leingra fram, svo er eg líka sannfærður um, að Árnesíngum verði að vilja þeirra án nokkurrar bænarskrár, ef þíngmenn vildi gefa uppskátt, hvort nokkurstaðar er farið því hinu sama fram um tíund stólsjarðakúgilda, og skora eg í þessu skyni með leyfi forseta á þá eða þann þíngmann, sem mót von kynni að hafa reynslu fyrir sama sið í öðrum sýslum en í Árnessýslu, og gæti það þess heldur líka átt sèr stað fyrir norðan, sem Hólastólsjarðirnar þar voru seldar með því skilyrði, að föst kúgildi skyldi vera öldúngis af tekin á þeim jörðum; en eins var um þau og um Skálholtsjarða kúgildin, að þau voru seld sèr í lagi, og eigi ásamt með jörðunum. Með þessum hætti ætla eg það muni nægja til þess, að sýslumaðurinn í Árnessýslu, þar sem nú verða þar sýslumanna skipti, sjálfkrafa muni hætta að láta stólsjarðakúgildin telja fram til tíundar eptirleiðis, ef það með þögn þíngmanna verður bert, að þau hvergi sè tíunduð annarstaðar í landinu. Að öðru leyti ætlaði eg mèr ekki að gefa tilefni til

umræðu um þetta atriði hèr á þingi, nema því að eins að eg sæi fram á það, að aðalmálefnið feingi þá áheyrn, að bænarskrá væri send í því, og hefði eg þá hugsað mèr við ályktunarumræðuna að færa fleiri rök til míns máls.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil fyrir fram varpa fáeinum orðum að því ávarpi, uppástúngu eða hvað það er, sem sá heiðraði þingmaður Árnesínga fór fram á, að þingið, ásamt málefninu um ílagníngu til tíundargreiðslu, líka taki til yfirvegunar, hvort tíundar sè rètt krafizt af kvíildum enna gömlu Skálholtsstólsjarða í Árnessýslu, og verður það á þá leið, að það efni sè að öllu leyti óskylt því, er nú er fyrir hendi, og eigi því ekki með því neina samstöðu. Eg fer því ekki leingra fram í það að svo stöddu.

Um nefndarálitið í því málefni, sem hèr er um að ræða, vil eg leyfa mèr að tala fáein orð. Það er þá fyrst að taka á því, að það gladdi mig, þegar eg í fyrri hluta nefndarálitsins heyrði, að nefndin áleit tíundarreglugjörðina frá 17. júlí 1782 yfir höfuð sanngjarna, og virtist að vilja gjöra sèr það að reglu, að biðja ekki um breytíngar á hennar ákvörðunum, nema með því móti að meiri jöfnuður, en áður var, væri auðsær; líka, að líta yrði til þess, að tíund ekki lækkaði í landinu. Hvorugri reglunni held eg nefndin hafi fylgt í uppástúngum sínum, sumum hverjum. Eg ætla einúngis að drepa á tvær þeirra, um undanþágu alls hestafènaðar frá tíund, og tíundarmátann á geldneytum. Hinar uppástúngurnar býst eg við einhver annar þingmanna kunni að taka til greina. Það er þá fyrst að taka á því, að skoðun nefndarinnar á hestinum er mjög svo frábrugðin þeirri, er forfeður vorir höfðu í mörg hundruð ár, frá landsins fyrstu byggíngu alt að árinu 1782. Um það vitna allar landsins eldri lögbækur, að þeir möttu hestinn, sem bezta grip í búi manna, og töldu hann að verði ekki lakari en kúna, sem þeir gjörðu að fyrirmynd allrar tíundar, en verðhæðin var þá tíundarílagníngunni samfara. Nefndin þar á móti fer því fram, að hesturinn sè ekki nema til byrði, og sè rèttast skoðaður sem verkfæri, líkt og orfið eða ljárinn, eða annað slíkt, en mèr er næst geði að halda, að maður geti sagt hið sama um kúna, sauðinn og hvert annað húsdýr. Hvað er þá kýrin annað en *„Destillerings Maskine“*, sem safnar næríngarsaftinni úr fóðrinu og breytir henni í mjólk, líkt og strokkurinn, sem aptur að skilur og samansafnar

þeim viðsmjörskynjuðu pörtum mjólkurinnar? Hvað er sauðurinn eptir þessari skoðun, annað en trè, sem viðarull vex á? Hvort eg eptir á legg mèr þetta verkfæri til munns, eða fleygi því í eldinn, vinnur hèr ekkert að máli. Nefndin segir, að það sè sama að tíunda hestana, eins og að tíunda erviðleika jarðanna. En erviðleiki jarðanna við kemur oss ekki hèr í þetta sinn. Víða er jarðamatið búið, og víða lángt á leið komið, og býst eg þá við, að jarðamatsmenn hafi tekið þennan erviðleika til aðdrátta til greina, og metið þá jörðu minna, sem t. a. m. hafði lángt á eingjar, en aðra að öðru jafngóða, hverrar eingjar lægju við túnið, og væri það þá ósanngjarnt, að gjöra 2 undanþágurnar, sína í hverju efni, af einni og sömu ástæðunni; því víst tel eg það, að sú jörð, sem lægra er metin, sæti minni opinberum álögum á sínum tíma. Ef að erviðleiki jarða til aðdrátta, heyskapar eður slíks, ætti að ráða hèr nokkru um, hvort hestar tíundast eða ekki, þá mætti smíða sèrstök tíundarlög fyrir einstök hèröð, já, fyrir einstaka bæi í sama hèraði. Eg ætla, að það sè ei heldur rètt skoðað af nefndinni, að hestar sèu yfir höfuð ekki nema til byrði búandanum, því eg er sannfærður um, að gagnsmunir þeirra eru stórir, og að þeir enn sem fyrri eru meðal beztu gripa á búi manns. Mèr er ekki annað kunnugt, en að, þann dag í dag er, megi leigja hesta um sumartímann út fyrir sömu leigu sem kúna um árið, nefnil. 2 fjórðúnga smjörs, og eg veit jafnvel dæmi til, að 3 fjórðúngar hafa verið boðnir í leigu eptir hest um sumartímann. Víst ætla eg það og, að þíngmanna hestar nái hlutdeild eptir tiltölu í lögskipaðri leigu kýrinnar. Það er að lyktum alltítt, þar sem góð er hagbeit fyrir hesta, að bændur halda sèr stóð með lítilli hirðíngu, og enn minna tilkostnaði, og selja úr þessu stóði hesta og hross á vorum og sumrum, svo miklu nemur, og finn eg einga sanngjarna ástæðu til, að þessi hrossaeign sè undanþegin þeirri litlu tíundarálögu, sem reglugjörðin 1782 ákveður.

Eg vil nú dálítið skoða, hvað af uppástúngunni leiðir fyrir þær stèttir, er hingað til notið hafa tíundar af hrossafènaði þessum í landinu, presta, fátæka, kóng og kirkju. Árið, sem leið, voru hèr í landi tamin hross 25,363. Hvað mikið af þessum hóp sè hestar, og hve mikið hross, veit eg ei með vissu; en það er mèr óhætt að fullyrða, að hrossin eru ei fleiri en þriðjúngur áður nefndrar tölu; Eg læt þá hestana vera 16,909,

en hrossin 8,454. Leggi maður þessar tölur, hverja fyrir sig, í tíund eptir reglugjörðinni 1782, er það ekki minna en 11,272½ hundruð af kvikfènaði í landinu, sem nefndin vill hafa undanþegin tíundarútsvari. Lögskipuð tíund af því þannig undanþegna væri 13,527 álnir, og ef hver alin er talin á 16 sk., nemur undanþágan 2254 rbd. 48 sk. Missir þá hver af þeim fjórum tíundartökurum 563 rbd. 60 sk., og kalla eg, að við þetta lækki þó tíund landsins.

Að tíunda geldneyti aldrei fyrri en þau eru aflátin, ætla eg sè ekki vel hugað af nefndinni. Eg er hræddur um, að þau verði þá aldrei tíunduð. Tíundarframtalið skeður, nú orðið, víðast hvar á vorum, en aflát slátursfènaðar á haustum. Á vorin veit bóndinn ekki með vissu, hvort hann næsta haust á eptir muni slátra nautinu, sèr í lagi þeim enum ýngri; það getur verið komið undir heyafla um sumarið og mörgu fleiru, hvort hann slátrar nautinu eða ekki. Verði nú niðurstaðan, að hann slátri því um haustið, er eg mikið hræddur um, að honum gleymist að telja það fram til tíundar vorið eptir, og verði það þannig aldrei tíundað. Talað er um það, að geldneytin eingan arð gefi eigandanum, fyrr en þau eru aflátin, en eg get ekki játað því; það er ætíð arður, að höfuðstóllinn aukist, þó að geldneytið geymi hjá sèr arðinn, þángað til á blóðvellinum að það skilar bæði höfuðstól og vöxtum á honum.

Eg vil ekki fara inn í fleiri uppástúngur nefndarálitsins; má ske aðrir þíngmanna gjöri það; þetta er nóg til að staðfesta þá sannfæríngu mína, að öll umræða um þessa einstöku grein skattalaganna sè ótímabær, og að eingin bænarskrá eigi um þetta efni að sendast konúngi, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði á þá leið.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki að öllu leyti leidt hjá mèr, að fara nokkrum orðum um nefndarálit það, er nýlega var lesið, einkum þar eg var flutníngsmaður bænarskráar þeirrar frá Gullbríngusýslu, sem það að nokkru leyti átti að grundvallast á. Það er þá fyrst á það að minnast, að mèr þykir mjög eptirtektavert, hversu mikið far nefndarmennirnir hafa gjört sèr að því, að rífa hana niður sem ónýta og einkisverða, og þeir hafa ekki minnzt á það með einu orði, þar sem henni og bænarskránni frá Borgarfjarðarsýslu ber öldúngis saman, t. a. m. þar sem þær minnast á lóðir og fiskinet, geldar kvígur, ávaxtarlausa peníngа; en um peníngа á vöxtum er

þar með berum orðum látið í ljósi, hvað samngjarnt þykir að svarað væri af leigunni, þar sem þó bænarskráin frá Borgarfirði er nokkuð óljós. Eg get því ekki skilið, hvers vegna nefndarmennirnir hafa geingið svo öldúngis fram hjá því, er sýslubúa hèr varðaði svo miklu, því eg ímynda mèr eingan veginn, að þeir hafi álitið þeim hæfa nýlendustjórn í samanburði við aðra landsins sýslubúa; því síður er þettað líka álit mitt.

Í nefndarálitinu stendur, að það sè eingin gild ástæða til að lækka tíund yfir höfuð; en þegar dregur að enda þess, sýnist mèr annað verða ofan á, og hefir þetta líklega orðið af óaðgætni, eða, sem menn kalla, talað út í bláinn; því sè það verulega í sjálfu sèr sundurþykt, getur það tvímælalega staðizt. Einnig er þar gefið í skyn, að bjargræðisvegir núna muni ei vera lakari, en 1782. Eg læt meiníngu þá liggja á milli hluta fyrst um sinn, því hvað sjáarútveg snertir, þá hefi eg fyrir mèr sögn og reynslu gamalla manna, þá nefnilega, að í úngdæmi þeirra hefði verið minnu kostað til útgerðar tveggja báta, en nú er til eins, og afli af einum þá hefði opt jafnazt við tveggja nú. Eg þekki bæði til í Höfnum og Grindavík, eins og hèr innfjarðar, og get sannað með nægum rökum, að sjáarútgerð hèr svarar ekki eins vel arði, og útgerð þar, þegar jafnt fiskast í öllum þessum veiðistöðum. En að eg minnist lítið eitt á það, sem eg hefi áður drepið á, við víkjandi efnahag manna nú á tímum, þá veit eg ei betur, en sýslumenn hafi orðið varir við, hversu hátt skuldirnar hafa æpt á manntalsþíngum, og sættanefndabækurnar munu einnig bera þetta með sèr, svo eg veit ekki eiginlega, í hverju menn eru nú ríkari, en 1782, nema ef vera skyldi að munaðar áhöldin skíni fegur nú, en þá, og hvað klæðaburði og hússbúnaði við víkur, getur þettað einnig átt sèr stað; annars vil eg gjarna eptirláta öðrum að fella dóm í svona vöxnu máli.

Þ. Sivertsen: Eg verð líka að fara fáeinum orðum um málefni þetta, til þess sèð verði, í hverja áttina eg muni stefna atkvæði mínu, og get þess þá fyrst, að mèr fór eins og enum heiðraða konúngkjörna þíngmanni, er seinast mælti, að mèr fèll mikið vel fyrsti hluti nefndarálitsins, sem hèr ræðir um, að því leyti sem það tekur þá stefnu, og lætur það álit sitt í ljósi, að ísjárvert sè, að gjöra nokkra töluverða breytíngu í tíundarílagníng, frá því nú er, því sú regla, sem nú gildi, hafi þókt vel til fallin, og verði því með nægum rökum að sanna, að

breytingin leiði til meiri jafnaðar og sanngirni, en þeirrar, sem nú er; ætla eg þetta vera þann sannleika, sem bágt mun að hrekja, og eg hvorki vil nè get mótmælt; og sama virðist mèr vera að segja um þá grundvallarástæðu nefndarinnar, að eingin gild ástæða sè til, að lækka tíund, yfir höfuð tekið; eg verð líka að halda það með nefndinni rètt og satt, að bjargræðisvegir hèr á landi muni eingu arðminni nú, en 1782, þegar tíundarreglugjörðin var samin, og því muni engin ástæða til, nú, heldur en þá, að fella veiðarfæri úr tíund, nefnilega net og lóðir, til fiskiveiða; líka er eg nefndinni samþykkur í því, að reglugjörðin 17. júlí 1782 sè nú það eina hèr í landi gildandi tíundarlögmál, en Jónslögbókar kaupabálks 6. kapítuli sè því nú óviðkomandi. Þessa vegna ætla eg frávísunar álit nefndarinnar á bænarskránni frá Gullbringusýslu vera á góðum rökum bygt. En þegar nefndin víkur nú málinu að bænarskránni frá Borgarfjarðarsýslu um sama efni, segir hana á góðum rökum bygða, og fellst að mestu á hennar uppástúngur, þá fer heldur að draga í sundur með okkur; eg fyrir mitt leyti get ekki skilið það, eða fundið neina þá ástæðu framfærða þar, sem komið hafi nefndinni á móthverfa meiníngu, og þá, að breytingin væri nauðsynleg, nema ef það skyldi vera sú ástæðan, sem mig minnir Borgarfjarðarsýslu bænarskráin telji til, að sín reglan fyrir tíundarílagníngunni sè brúkuð í hverjum hreppi; en það er hvortveggja, að eg ætla þann glundroða óvíða eiga heima, enda þó svo væri, að hann hefði smeygt sèr inn, væri það aldrei ástæða til annars, en biðja um, að því eina lagaboði, sem til er og jafnt gildi hefir yfir hvern hrepp alls landsins, væri fylgt, en ekki til hins, að biðja um nýtt lagaboð, líki manni það, sem til er. Nefndin kemst eingu að síður nú til þeirrar sannfæríngar, að breyta þurfi reglugjörðinni 1782, að veiðarfæri falli úr tíund, og fleira, að tíund lækki meira en minna: þegar hún, nefnilega nefndin, vill fella öll hross úr tíund, sem mun nálægt 11,000 hundraða, auk þess sem ær, og annað fleira, falli úr eptir uppástúngunni, sjálfsagt alt að 5,000 hundraða, og yrði þetta vissulega meira, en einn fjórði partur allrar lausafjártíundar landsins. Eg ætla mèr nú ekki að eyða orðum um hverja eina sèrstaka breytíngar uppástúngu nefndarinnar, hvort þær muni betri eða sanngjarnari, en reglur þær, sem til eru og nú gilda, en þess get eg ekki dulizt, að hjá mèr vaka þó töluverðar efasemdir

um það; mèr sýnist, t. a. m. geldneyta eignin, yfir höfuð tekið, verði nokkuð svipuð sauða eigninni, og hvortveggja eiga að tíundast, eða hvorugt, því þó að sauðurinn gefi af sèr nokkra ullarlagða, á ári hverju, mun það óvíða svara meiru en því, sem ábyrgð er meiri á hundraðsvirði í sauðum, en geldneytum; líka þykja lóðir og veiðarfæri fiskiskipa og báta, hvar eg til þekki, fullt svo tíundarverð, ef ekki fremur, en skip, eða bátar, sem um lítinn tíma árs, með ærnum tilkostnaði, brúkast til fiskiveiða. En það sem yfir tekur, er þó einkum það, ef að allir hestar og hryssur ættu, eptir nefndaruppástúngunni, sem bænarskráin þó aldrei fer fram á, að falla úr tíund, og er það atriðið svo skírlega og með greinilegum röksemdum tekið fram af enum heiðraða konúngkjörna þíngmanni, er seinast mælti, að eg er eingan veginn fær til þess á líkan hátt, og skal þá því heldur sneiða mig hjá því, sem aðrir fleiri kann ske drepa á þetta atriði, hverjum ekki verður borið á brýn, að þeir, sem eyabúendur, dæmi blindir um líti. Alt þetta virðist mèr fullkomlega benda á það, að einginn hægðarleikur muni það vera, að smíða reglugjörð fyrir tíundar ílagníng, sem sè jafnaðarbetri og sanngjarnari, færri annmörkum bundin, og betur við eigandi yfir höfuð tekið, en sú sem nú gildir, þegar aðrir eins merkismenn og greindir menn, sem þeir eru, er í nefndinni sátu og hafa fjatlað um málið, skyldu þó, eptir mínum skilníngi, ekki geta sneidt hjá villigötum og jafnvel mótsögnum við sjálfa sig. Eg held það nú með öllu víst, að lagaboð, svipað þessari uppástúngu, verði híngað aldrei gefið, og því fremur víst, að þó það gæfist, leiddi það naumlega til nokkurra bóta á því, sem er; en það held eg þíngið ætti að varast, og hafa fyrir fasta reglu þá varúð, að biðja um breytíngu á nokkurri löggjöf, nema þar, hvar það þæktist geta staðhæft á, að breytíngin yrði yfir höfuð til batnaðar. Það er nú auðráðið af því, sem eg hefi farið hèr orðum um, að mèr þykir eingin bráð nauðsyn til bera, að breytt sè tíundarreglugjörðinni 17. júlí 1782, og enda ekki, þó mèr fyndist breytíngin ástæðubetri en sú, sem nú er upp á stúngið; mèr finnst líka, að málefni þetta sè mikið náskylt skattamálinu, líka að það sè ekki fjærskylt sveitarstjórnar málefninu; og þessara mála meðhöndlan er verið að tala um að komi að, áður lángir tímar líði; og þessa alls vegna er það að eg hika mèr ekkert við, að aðhyllast það breytíngaratkvæðið, sem mèr

skildist hinir heiðruðu þingmenn, fulltrúi Árnesinga og konferenzráð Sveinbjörnsson, bera upp, það nefnilega, að eingin bænarskrá um breyting reglugjörðarinnar 17. júlí 1782 yrði samin eða send konúngi nú frá þinginu; en hafi þeir ekki geymt sèr til þess fullkominn rètt, svo áskil eg mèr það hèr með.

Haldór Jónsson: Eg kippi mèr ekki upp við það, þó við nefndarmenn eða álit okkar fái misjafna dóma, og verði fyrir ýmislegri aðfyndni; eg kippi mèr nú því síður upp við þetta, sem eg, áður en umræðurnar hófust, gat þess, að mèr fyndist málefni það, sem hèr ræðir um, vera þess eðlis, að meiningarnar um það hlytu að vera margbreyttar. En með tilliti til þess, að nokkrir þingmenn hafa nú *strax* farið því á flot, að eingin bænarskrá yrði um það samin, þá finnst mèr þetta nokkuð undarlegt, þar sem tilgángur inngángsumræðanna er þó sá, að þingmenn öðlist sannfæring um, annaðhvort að málinu beri strax að frávísa, eða að það verðskuldi þingsins frekari meðferð; en það getur nú verið, að sumir þeirra heiðruðu þingmanna, sem nú hafa talað, hafi einnig verið mótfallnir nefndarkosníngu. Eg verð að minnast dálítið á það atriðið, sem mest var um rædt í nefndinni, og mesta aðfyndni hefir bakað henni: það, að hún hefir ráðið til að sleppa hestum úr tíund: það er sjálfsagt, að tíundin minkar mikið við þetta, og hinn háttvirti konúngkjörni þingmaður veraldlegu stèttarinnar, sem um þetta nýskeð talaði, upplýsti, að það mundi nema meir en 500 rbdl. til hverrar stèttar. Það hefir líka verið tekið fram, að þeir, sem af þessu biðu halla, væru prestar, kirkjur og fátækir, og þetta er satt, hvað prestum og kirkjum við víkur, en ekki kemur nú mjög mikið á hvern prest af nálægt 200, þó liðugum 500 rbdl. sè jafnað niður á þá, og brauðin hafa þeir feingið með þeim skilmála, að þeir verði að láta sèr lynda, hver breyting sem á þeim kunni að verða, og mèr, sem nefndarmanni, þókti mjög varúðarvert að setja mig, vegna stèttar minnar, móti þeirri breyting, sem hèr ræðir um, þegar hún virtist á rökum bygð. Eg get eingan veginn neitað því, að hestar gefi sumstaðar töluverðan arð af sèr, t. a. m. þegar þeir eru leigðir í einstakar ferðir eða leingur, eða þar sem tíðkanlegt er að selja þá, en hinu verður ekki heldur neitað, að þeir eru fremur til byrði, að því leyti þeir eru bóndanum nauðsynlegir til að hafa not jarðar sinnar, og hvort er nú sanngjarnara, að tíunda þá vegna þeirra *fáu,* sem hafa verulegan

arð af þeim, eða að sleppa þeim úr tíund vegna þeirra *mörgu*, sem hafa þyngsli af þeim? Fátækir bíða eingan halla af því, þó hestar gángi úr tíund, því hver hreppur verður að annast sína fátæklínga, og að því skapi sem tíundin minkar, hlýtur aukaútsvarið að vaxa. Þíngmaður Gullbríngusýslu fór því fram, að nefndin hefði gjört sèr óþarflegt far um að rífa niður bænarskrána úr kjördæmi hans, og ekki einu sinni nefnt það á nafn, þar sem henni hefði borið saman við bænarskrána úr Borgarfjarðarsýslu. Nefndarálitið hefði nú orðið æði lángt, hefði alt þvílíkt átt að tína til, en eg heyri nú samt, að þetta hefði verið ráðlegra, *ef* svo er (sem orð hans sýnast benda til), að þeir, sem hafa undirskrifað bænarskrána, sèu svo virðíngagjarnir, að þeir sèu ekki ánægðir með, að uppástúngur þeirra fái meðhald, nema þess jafnframt sè getið með berum orðum, að þeir sèu höfundarnir að þeim. Þíngmaðurinn fyrir Dalasýslu hreifði því, að líkt væri ástadt með geldneyti og sauði, og gjörði lítið úr þeim *ullarlögðum*, sem sauðirnir árlega gefa af sèr; en það var þó þessi arðurinn, sem kom nefndinni til að vilja láta tíunda sauðina árlega; þó ekki einúngis það, heldur líka hitt, að þeir eru skornir á ýmsum aldri, og að sauðahald kostar að tiltölu miklu minna, en nauta. Það er nú annars svo margt, sem búið er þegar að finna að nefndarálitinu, að eg hefi víst minnzt á það fæsta af því, en sumu er, ef til vill, ekki svo nauðsynlegt að svara.

Guðmundur Brandsson: Því átti eg sízt von á, að hinn heiðraði framsögumaður mundi leggja þá þýðíngu í orð mín, sem hann nú gjörði, því eg veit ekki til, að sýslubúar hèr hafi skrifað undir þá áminnztu bænarskrá af virðíngagirni, heldur munu þeir hafa haft þá von, að þeir feingju að njóta sanngirni, og vil eg ætla, að framsögumanni hafi orðið mismæli, því öllum getur yfirsèzt, og því fremur ætla eg þetta, sem hann mun ekki vera þektur að því, að rángfæra orð annara. Þar sem nefndarálitið tekur fram, að það væri smásmuglegt, að láta tíund minka og vaxa, eptir því sem sjáarafli á skipum og bátum stígur upp eða niður, þá vona eg allir sjái þó, að einmitt með þessu móti getur tíundin orðið sanngjörn. En þar sem það segir, að tíundarframtalið yrði þá eingaungu að vera komið undir hreinskilni þeirra, sem tíunduðu, þá svarast þar til, að eg veit ei betur, en sú aðferð sè optast við höfð, að þeir, sem tíundbæra hluti eiga, telji þá sjálfir fram, svo í

þessu tilliti get eg ei sèð að hagga þyrfti því, sem áður hefir við geingizt.

Steffán Jónsson: Eg held, að málefni það, sem þingmaður Árnesinga bar upp, og vildi teingja við þetta nefndarálit, sem hèr er um rædt, geti með eingu móti átt sèr stað, bæði af því að það er alt annars eðlis, og af því að það ekki kom til nefndarinnar, áður en hún fullgjörði álit sitt. En hvað við víkur því, hver nauðsyn er til að breyta reglugjörð af 17. júlí 1782, þá held eg ástæðu fyrir því, að sumarið 1847 kom til alþingis frá einum þeim merkari af þingmönnum þegnlegt frumvarp um endurskoðun nefndrar löggjafar, og þókti þá nauðsyn, að kjósa nefnd í málinu, en hún lauk ekki störfum sínum, svo málið fórst fyrir. Nú hafa komið tvær bænarskrár til þessa þings um sama efni, og fann þingið enn nauðsyn til, að taka þær og kjósa nefnd, og held eg þetta sanni, að ekki þyki tíundarreglugjörðin eiga sem bezt við nú á tímum, og er það því furðanlegt, að menn nú skuli vera geingnir inn á þá skoðun, að hún ekki þurfi breytingar við. Nokkrir hafa mælt á móti nefndarálitinu, og er því að miklu leyti svarað af framsögumanni. Hvað hrossatíundina snertir, er sú ástæða, sem af henni verður tekin, einhver hin gildasta, sem hægt er að finna móti nefndarálitinu; en eg man þó ei betur, en einn þeirra, sem talað hafa, benti á gagnsemi og arð stóðhrossa, sem rífari væri, en af öðrum hestum, og það hygg eg ástæðu fyrir því, að tíundarreglugjörðin ekki sè sanngjörn; því eptir henni er hryssa einum þriðja hlut lægri í tíund, en hestur. Eg játa gjarna, að hestanna megi með eingu móti án vera, en sama má og segja um marga dauða hluti; líka má leigja marga dauða hluti með töluverðum arði, og getur það því ekki verið ástæða fyrir tíund hestanna. Hestarnir geta eingan beinlínis arð af sèr gefið, heldur brúkast þeir líkt og verkfæri, og vil eg í þessu tilliti líkja þeim við ljáinn; fyrir það að hann er til og slegið með honum, aflast heyið, sem allur fóðurpeníngur landsins lifir á; væri ekki ljárinn, þyrfti ekki að flytja heyið og sparaði það marga hesta. En þó að ljárinn sè þannig ómissandi hlutur í eign manns, mundi þar fyrir eingum þykja sanngjarnt, að tíunda hann, og má sama segja um fleiri hluti.

Hvað tíund á nautpeníngi snertir, þá getur verið, að nefndinni hafi ekki heppnazt hin sanngjarnasta niðurjöfnun, en þá

mótbáru, að eptir uppástúngu nefndarálitsins mundu mörg naut falla úr tíund, get eg ekki fallizt á; því hvergi veit eg lögskipað, að telja til tíundar á vorin, og má í Gissurar statútu finna ástæðu fyrir, að það ekki skuli vera fyr en á hausti, og eg man ekki betur, en reglugjörð af 17. júlí 1782 tiltaki, að kýr á blóðvelli tíundist í ½ hndr., og getur enginn skilið það svo, að meint sè til í fardögum.

Að því leyti sem flutníngsmanni bænarskráarinnar frá Gullbringusýslu hefir þókt hún verða harðara úti, en hin frá Borgarfjarðarsýslu, kom það af því, að nefndinni þókti hún vilja kollsteypa öllum grundvelli tíundarlaganna, þar sem hún vildi raska tíund á leigubærri kú, er þó mun hafa verið höfð fyrir undirstöðu.

Þó nefndin ekki gæti geingið inn á uppástúngu bænarskráarinnar um skipin, getur því hafa valdið ókunnugleiki; en nefndin gat heldur ekki farið eptir einstaklegum kríngumstæðum eins hèraðs, heldur varð að hafa meiri hluta landsins fyrir augum. En þar sem bænarskrá þessi kom saman við bænarskrána frá Borgarfjarðarsýslu í sumum atriðum, þá sannar það einga sanngirni hennar, af því hin hafði nokkuð aðra undirstöðu; og því verður að skoða báðar, hverja í samanburði við sjálfa sig.

J. Johnsen: Mèr getur þó eigi skilizt annað, en að fullvel megi á því fara, að beðið sè í sömu bænarskránni um að undanþiggja stólsjarðakvíildin í Árnessýslu, sem hvergi annarstaðar í landinu eru tíundud, undir eins og beðið er um að sleppa öllum hrossum, sem allstaðar tíundast, frá ílagníngu til tíundar, og eg óttast mjög, að Árnesíngar, ef ekki þetta má þykja vel fara, verði næstum eins fastir á þeirri meiníngu, að gjört sè á hluta þeirra af alþíngi, eins og þeir ætla sèr órètt gjörðan af yfirvöldunum og hinu gamla rentukammeri, sem koma því til leiðar, að láta þá tíunda stólsjarða kúgildin; en þar eð einginn þíngmanna, enn sem komið er, hefir gefið uppskátt, að þetta eigi sèr stað annarstaðar, fer eg að vísu að verða á því, að ekki beri brýn nauðsyn til fyrir mig að fara málsatriðinu leingra fram, eptir því sem eg áður fór orðum um það.

Varaforseti: Eg verð þó að gjöra fáeinar athugasemdir við kröfu þíngmannsins frá Árnessýslu; skyldi þíngið fallast á að semja bænarskrá í þessu máli, virðist mèr þó uppástúnga hans, að málefnið um kúgilda tíund í Árnessýslu sameinist

þessu málefni um tíundarlag í landinu, vera því með öllu vandalaus. Það er öllum kunnugt, að frá því sala stólsgózins hófst, hèr um bil 1783, fór einginn tíundartakari því á flot, að krefjast tíundar af kúgildum á jörðum þessum, fyrr en í Árnessýslu 1823; en þar sem hinn heiðraði þingmaður hefir tvívegis sagt, að tíundar þessarar hafi hvergi verið krafizt, nema í Árnessýslu, þá er það þó víst, að í 12 ár, frá 1828 til 1840, var hennar krafizt í Borgarfjarðarsýslu. Gekk það þannig til, að þeir losuðust við tíundargjald þetta, að prestur nokkur í sýslunni hafði skrifað biskupi, og spurt, hvort sèr væri ekki heimilt fyrir sig og kirkjuna, að krefjast tíundar, þar sem konúngstíundar væri krafizt. Biskup sendi prófasti í sýslunni málefni þetta til álita, en hann sagði honum allar ástæður sínar þar á móti; þetta var nálægt 1839, og hin gildasta ástæðan mun sú verið hafa, að tilskipun um kúgildi frá 1834 tæki hèr af allan vafa, þar eð tilefni til hennar gæti ekkert annað verið, en þráttun sú, sem geingið hafði um nefnda kúgilda tíund; því um hitt hafði aldrei spurníng verið, að tíunda önnur jarðar kúgildi. Úrskurður sá frá rentukammeri og kansellíi, sem hinn heiðraði þingmaður gat um, og á hverjum amtsbrèfið bygðist, sem sýslumaðurinn í Borgarfirði krafði tíundarinnar eptir, segir þó svo: að um málefni þetta kunni menn ýmsar meiníngar að hafa, og sè það þá dómstólanna að skera úr; virðist því málefni þetta frá Árnessýslu að heyra undir dómstólana eina og ekki eiga skylt við tíundarlagið, sem hèr eru nú umræður um, og sem ekki verður undir dómstólana borið.

Þess verð eg einnig að geta, að þar sem þeir 3 menn, sem óánægju sinni hafa lýst um nautatíundina, hafa sagt naut jafnarðsöm og sauði, þá get eg ekki samsint þeim í því; sauðurinn er léttari á fóðri og gefur ull, en nautið eingan arð, fyr en því er slátrað. Mig furðar einnig, að einginn hefir gætt þess, að naut eru hèr í nefndarálitinu lögð svo hátt í tíund það árið, sem þeim er slátrað, að hækkun sú svarar allra undanfarinna ára tíund, og fá þá tíundatakarar alt, sem þeim ber. En þess vegna er sanngjarnast, að naut tíundist ekki fyr, en það árið, sem þau eru lögð frá, að opt kann það við að bera, að naut missist eða drepist og verði eiganda arðlaus, eptir að hann þó hefir tíundað þau um nokkur ár. Þessi skaði fyrirbyggist, ef geldneytin ekki tíundast fyr en ár það, sem þeim

er slátrað. Um tíund hesta greinir mig helzt á við nefndarálitið.

J. Johnsen: Eg kann þeim háttvirta varaforseta miklar þakkir fyrir þær upplýsingar viðvíkjandi stólsjarða kúgilda tíundinni í Borgarfjarðarsýslu, sem hann nú gaf þinginu. Hann hefir með þeim leidt í ljós, bæði það, að helzta tilefni til tilskipunarinnar frá 14. maí 1834 var sá ágreiningur, sem orðinn var um það, hvort kúgildi þessi ætti að tíunda eða ekki, og líka hitt, að sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu, sem varð einn til að fara eptir því, sem búið var að koma á í Árnessýslu, áleit það sjálfsagða skyldu sína, að láta af uppteknum sið, strax þá er hann varð áskynja um svar kanselliisins frá 18. maí 1840; og þar eð eg ekki get ímyndað mèr annað en slíkt hið sama um þann, sem nú verður sýslumaður í Árnessýslu, þegar þær umræður, sem hèr hafa orðið, koma honum fyrir sjónir, ræð eg það af, að sleppa því málsatriði, sem eg þannig hefi farið fram á, en hefi líka þá von, að ekki heldur aðalmálefni því, sem hèr ræðir um, verði fylgt fram í bænarskrá til konúngs.

Guðmundur Brandsson: Þar sem hinn virðulegi fulltrúi Eyfirðínga, er áðan mælti, gat þess, að nefndarmennirnir hefðu verið ókunnugir því sèrstaklega ásigkomulagi, sem gæti átt sèr stað í Gullbríngusýslu, þá veit eg hann hefir haft þar satt að mæla, en mig minnir ei betur, en að hèr á þínginu væri gjört ráð fyrir, þegar kosið var í nefndir, að ef þær þæktu veikliðaðar, þá mætti fá mann til aðstoðar, þó utan nefndar væri. En þó eg tjái mig nú ei hafa verið færan til að leggja þessum nefndarmönnum lið, þá verð eg líka þess að geta, að slíkt var ekki með nokkru orði við mig nefnt af þeim.

Aðstoðarmaður stiptamtmannsins, Kr. Kristjánsson: Að því leyti sem hèr nú hefir verið leidd ástæða til hnekkis tíundarmálefninu frá því, að skatta málefnið enn þá ekki er komið í kríng, þá játa eg að vísu, að tíundarmálefnið er einn partur af skattamálefninu; en eins og nefndarmönnum þeim, sem hèr eru nálægir og kosnir voru til að segja álit sitt um þetta síðar nefnda mál, er kunnugt, var ekki í áliti þeirra farið fram á nokkra breytíngu í tíundarlögunum, svo skattamálefnið getur ekki verið neitt til fyrirstöðu málefni því, sem nú er hèr til umræðu, enda mun tíund verða að viðhaldast, að minnsta kosti vegna þess að hún er einn hluti launa prestanna, því

eg hygg, að því muni seint verða við komið að setja þá á föst laun. Að þörf muni vera á, að tíundarmálefnið takist til umræðu og í því sendist konúngi bænarskrá, virðist mèr nægilega sannað með því, að í hitt eð fyrra kom frá einum alþingismanni frumvarp um breytíngu tíundarlaganna, og var þá kosin nefnd í málefni því, þó hún aldrei gæti aflokið störfum sínum, og að aptur nú eru inn komnar bænarskrár frá tveimur hèröðum um sama efni, og nefnd kosin að nýu í málið, og urðu þá fáir til að mótmæla því.

Eg verð að vísu að játa það, að ef því verður farið fram, sem í nefndarálitinu er stúngið upp á, lækkar nokkuð tíundarstofninn í landinu, en sè hann rángur í sjálfu sèr, eins og nefndin hefir fært rök að, ætla eg að ekki beri fremur að hafa tillit til lækkunarinnar. Ef þíngið skyldi fallast á að óska breytíngar á tíundarlögunum, get eg þess, að það mætti virðast vel tilfallið, að um leið yrði með hinu nýa lagaboði af tekinn allur vafi, sem í ýmsu tilliti er á um það, hvað eigi að tíunda. Þannig halda margir, að þeim beri ekki að tíunda nema skuldlaust fè, og var ástæða fyrir þessu eptir hinum eldri lögum, meðan alt var tíundað, en er nú orðið rángt, og ollir þessi vafi því, að mikið fè nú er dregið undan tíund. Líka greinir menn á um, hvort að beri að tíunda ómyndugra fè, sem annars ætti að tíunda, ef það væri ekki þessara manna eign. Að vísu álít eg það nú vafalaust, að það beri að tíunda, en eingu að síður mun það víða um land vera undanþegið tíund. Væri nú þetta hvortveggja tíundað, eins og vera ber, mundi það mikið vega upp á móti þeirri lækkun á tíundarstofninum, sem nefndin fer fram á. Að öðru leyti get eg ekki sèð þann arð af hestum, sem einn hinna heiðruðu konúngkjörnu þíngmanna hefir bent á; eg játa að vísu, að þessir gripir eru ómissandi, en þetta er alt annað, en að þeir gefi arð af sèr; þannig virðist mèr það auðsætt, að vörur þær, sem einhver vegna fjarlægðar sinnar þarf fjölda hesta til að flytja til kaupstaðar, verða honum eingu dýrmætari eða arðmeiri, en hinum, sem vegna nálægðar sinnar getur flutt þær á einum hesti. Það er að vísu satt, að hestar gefa sumstaðar töluverðan arð, þar sem svo á stendur, að menn annaðhvort geta leigt þá eða selt, og hefir nefndin með berum orðum getið þessa. En þessir menn eru lángt um færri en hinir, sem einúngis vegna erviðleika ábýlisjarða sinna og fjarlægðar verzl-

unarstaðanna verða að halda meiri eða minni hestafjölda, og virðist mèr það því að öllu leyti ósanngjarnt, að láta allan þorra alþýðu í tilliti til tíundar af hestum gjalda fyrir þá fáu, sem hafa sannkallaðan arð af þeim. Eg álít það eptir rèttum grundvallarreglum sanngjarnara, að þessir fáu sleppi fyrir að tíunda hesta, en að láta fjölda alþýðu líða saklausa fyrir þessa hina fáu.

Þ. Sveinbjörnsson: Aðstoðarmaður stiptamtmanns hefir drepið á vegaleingdina til verzlunarstaðanna, sem neyði búendur til að halda hesta, þó þeir í raun og veru sèu þeim byrði; en af því vegaleingd þessi er misjöfn, ætti þó ekki af henni að leiða annað, en ólíka tíundargjörð á hestum, og þetta þykir mèr illa gerandi. Eg hefi aldrei nefnt stóð í öðru skyni, en til að sýna ofan á það gagn, er allmargir hafa af hestahaldinu. Það er sagt, að hestarnir sèu verkfæri, en öllu heldur má segja það um skipin, sem dauðan hlut. Það hefir líka verið borið fyrir, að hestahaldið sè víða kostnaðarsamt, og því neita eg eingan veginn, að það sè meira á einum stað en öðrum. Þeir eru kostnaðarsamir, þar sem litlir hestahagar eru, í hálendum og harðlendum sveitum og til fjalla, hvaðan opt þarf að koma þeim í hagagaungu, þángað sem meira er mýrlendi; en í slíkum sveitum mun víðast svo á standa, að þar sèu góðir sauðfjárhagar, svo að því þurfi lítið eða ekki að gefa, og jafnar þá alt sig upp, þó ekkert sè úr felt. Það skeður allopt, að mál eru rædd og rædd til lykta, þó eingin bænarskrá sè gjörð um það efni. Það er alt annað umræður og bænarskrá. Það virðist opt í öndverðu áríðandi málefni, sem við nákvæmari skoðun, ýmsra orsaka vegna, ekki finnst að vera leingra leggjandi.

Ávarpið frá Árnessýslu um tíundarskyldu stólsjarðakúgildanna virðist mèr enn sem fyrr að vera að öllu óviðriðið þetta mál.

Kristján Kristjánsson: Ef mèr skildist rètt, útleiddi sá heiðraði konúngkjörni þingmaður, er nú mælti, þann skilníng úr orðum mínum, að tíund hesta yrði að fara eptir fjarlægðinni; en eg held þetta ástæðulaust, og það því fremur, sem eg helzt vil, að tíund af hestum falli niður með öllu, og verð eg því öldúngis að mótmæla þessum skilníngi orða minna.

Varaforseti: Því hefir verið hreift aptur og aptur, að þíngið einga bænarskrá eigi að senda um þetta málefni; en

mèr virðist þó nauðsynin því brýnni, sem þingmaður Árnessýslu gat þess, að embættismannanefndin, sem kosin var til að yfirvega skattalögin 1845, ekki sá sèr hæfa að fjalla um tíundarlögin, og nefnd sú, sem 1847 var á alþingi kosin, fèkk ekki lokið starfi sínu; virðist því vera langt í land, að bót ráðist á brestum tíundarlaganna, fyrst eingin uppástúnga eða bæn er þar um gjörð. Þingið hefir og nú tekið mál þetta til nefndar, og gefið þar með til kynna, að því virðist málefni þessu ekki leingur eiga að fresta.

Þessa athugasemd hefi eg gjört vegna þeirra, er stúngið hafa upp á, að málefni þessu skyldi steypa.

Framsögumaður: Það, sem einn af þeim konúngkjörnu þingmönnum veraldlegu stèttarinnar nýskeð hermdi eptir mèr, að eg hefði talað um, hvað hestar væru kostnaðarsamir á vetrum, man eg ekki til að eg hafi áhrært, þó þetta viða eigi sèr stað. Eg sagði, að *naut* væru að tiltölu miklu kostnaðarsamari, en sauðir. Þar sem *skipum* og *hestum* hefir verið jafnað saman, sem *verkfærum,* þá er þó alt öðru máli að gegna um *aflann,* þann arð, sem af skipunum fæst, en um þann arð, sem hestarnir gefa.

Steffán Jónsson: Eg geingst við því að hafa verið það, sem mintist á kostnað hestanna, og eg neita heldur ekki, að þeir eigi nokkuð náskylt við skip og báta, að því leyti sem hvortveggja má kalla verkfæri. En ástæða sú, sem tekin var af því, að þeir væru lifandi skepna, og þess vegna meiri sannsýni fyrir að tíunda þá, finnst mèr sanna enn betur, að þeir sèu kostnaðarsamir; því gætu menn geymt í þeim lífið kostnaðarlaust, eða látið þá deya á haustin og lifna aptur á vorin, vildi eg með ánægju tíunda þá, og þó meira væri, en nú er.

Í mörgum sveitum geta menn ekki komið hestum af, án þess að kosta þá á fóðri annara arðsamari skepna, og úti eyða þeir líka beit sauðpenings. Ekki hafa heldur hestar sumstaðar ofan af fyrir sèr; því þar sem snjóþýngsli eru, þar eru þeir að sínu leyti þýngri á fóðrum, en sauðfè; en í hinum snjóþúngu sveitum gjörir sauðpeningur meiri arð, en í útbeitarplázum, en hestarnir ekki, af því þeir líkjast verkfæri.

Eg viðurkenni það fúslega, að nefndin leitaði ekki upplýsínga hjá þingmanni Gullbringusýslu, enda man eg ekki eptir, að það kæmi til orða, þegar kosið var í þessa nefnd, heldur í verzlunarmálinu, að leita þyrfti upplýsínga fyrir ókunnug-

leika sakir. En þó hans hefði verið leitað, þá gátu eingar sèrstaklegar kríngumstæður í Gullbríngusýslu orðið teknar til greina, af því hún er svo lítill hluti í samanburði við alt landið.

Guðmundur Brandsson: Þó Gullbríngusýsla kunni nokkuð að vera sèrstaklegs eðlis, vona eg það megi sjá af bænarskránni, er innbúar hennar sendu híngað, og nú er að nokkru leyti gjörð að umtalsefni, að hún er ekki eingaungu samin fyrir þá og handa þeim, því þar sem hún minnist á sauðfènað, kýr og hross, held eg það nái til fleiri en þeirra; og þó ástæðurnar fyrir því, að nú sè meiru, en áður, kostað til viðurhalds þess og vaxta, kunni að þykja veikar, þá eru það þó þær, sem þjóðin hefir kveðið upp, svo að segja í einu hljóði, og það bæði í ræðu og riti; eg meina þetta einkanlega um hjúahaldið, og vona eg einhverjir verði til að kannast við, að þetta er satt, og það verði einmitt þeir mennirnir, sem ekki hvað minnst hefir kveðið að til þessa, bæði í alþjóðlegum málefnum og öðrum störfum, sem þeim hafa verið á hendur falin.

Þar sem þíngmaður Dalasýslu minnist á lóðir og fiskinet, og vill láta tíunda eins hèr eptir og híngað til, þá get eg eingan veginn verið honum í þessu samdóma. Mèr finnst það viðlíka og ef farið væri að tíunda orfið og ljáinn, sem slegið er með, eða reiðínga og reipi af hestinum, sem borið er á.

Jón Guðmundsson: Eg er einmitt sá, sem bent hefir verið til í dag, er bar upp uppástúnguna 1847, um að endurskoðuð væri tíundarreglugjörðin frá 1782. Mig minnir ekki betur, en eg bæri þá fyrir mig í uppástúngunni, að skattalaga nefndin hefði ei fundið tilefni til að breyta tíundarlögunum, og þetta minnir mig enn; en bæði hafði eg heyrt ýmsra manna meiníngar um, að betur mætti jafna tíundarstofninum, en í reglugjörðinni er gjört, og svo var eg ekki sjálfur laus við að ætla hið sama.

En aðalhugmynd mín í þessu efni var aldrei sú, að gjörsamlega þyrfti að umbreyta allri tíundarreglugjörðinni, heldur er einkanlega þetta tvent athugandi, hvort skipastóllinn væri sem sanngjarnlegast metinn til hundraðs í samanburði við tíundarfènað, og hvort rétt væri að ávaxtafè væri undanþegið tíund. Síðan 1782 hefir að vísu öllum atvinnuvegum þokað nokkuð áfram hjá oss, en eingum þó til líka við sjáfarútveginn. Eg hefi dvalið um hríð bæði við sjó og í sveit, og get því gjört nokkurn samanburð í þessu efni, og hefi einnig gjört

mèr far um það; eg ætla, að hver sá, sem aðgætir þetta gjör, muni komast að raun um, að 1 hndr. í skipastól, t. d. bátur, sè eigandanum arðmeiri en þeim er kýrin, er hana á, eður með öðrum orðum, eg ætla, að sá komist að öllu betur af og lifi sælla lífi og fyrirhafnarminna, sem er í tómhúsi við sjó og á 3 hndr. í skipastól, heldur en sá bóndi, sem á 1 kú, 6 ær og 2 hesta, sem einnig eru 3 hndr, og á að gjalda af þessu eptir ábýli sitt. Eg ætlaði að vísu ekki að halda svo fast fram þessari skoðun, því mèr þókti ekki álit mitt einhlítt, en eg vildi heyra um það álit annara kunnugra og reyndra manna.

Hið annað atriðið er ávaxtafè, sem mèr þykir ekki rèttilega undanþegið tíund; það hefir leingi verið rædt mikið um fátækt vora, Íslendínga, og peníngaekluna hèr í landi, og eg hefi að vísu aldrei borið brigður á þetta, en eg ætla þó, að meira orð sè þó á hinu gjöranda, hvað peníngar sè hèr illa brúkaðir, heldur en hvað lítið er til af þeim. Eg hefi verið í þeirri stöðu að undanförnu, að eg hefi getað veitt því eptirtekt, hvað mikið hefir verið sett á vöxtu í jarðabókarsjóðinn af ómyndugra fè, um hin næstliðnu 20 ár, og eins hve mikið hefir verið keypt hèðan erlendis af hinum föstu ríkisskuldabrèfum, sem höfuðstóllinn fæst aldrei af; 1828 voru ekki af þessum skuldabrèfum til nema rúmir 4000 rbdl., en nú eru þau orðin að upphæð 44,800, og er þetta mest alt eign einstakra manna. Af ómyndugra fè er nú samtals á vöxtum í jarðabókarsjóðnum 62,571 rbdl., og er af mestum hluta þess að eins goldnir $3\frac{1}{2}$ af 100. Eg held nú, að flestir megi samsinna mèr, að talsvert meiri arður myndi fást af fè þessu, en $3\frac{1}{2}$ af 100, ef því væri varið til jarðabóta eður til að endurbæta sjáfarútveg eður annan atvinnuveg. En von er, þótt eigendur hyllist heldur til að verja peníngum sínum þannig, en til jarðakaupa, jarðabóta og þess konar, meðan þetta fè er undanþegið öllum álögum, en nú er farið að leggja alþíngiskostnað á fasteignina, og í ráði, að hún skuli framvegis vera skattstofn að meira eður minna leyti. Á meðan þetta fè er undanþegið, álít eg það hreina og beina uppörfun til að verja því ekki til þess, sem miklu er þarfara, arðmeira og óhultara, til jarðabóta og jarðakaupa. Eg ætla ekkert að segja um það, á hve föstum fótum þessi skuldabrèf standi eða hve óviss eign þau sèu, eg ætla eingu að spá um það, en þess vil eg þó geta, að menn ætluðu líka bánkaseðlana góða og vissa eign hèrna um árið;

en hvernig fór? Og ekki eru allmörg ár, síðan að ríki eitt í norðurálfunni komst á regluleg þrot með skuldalúkníngar, og varð svo að láta gánga til reglulegra skipta það litla, sem til var, upp í ríkisskuldirnar.

Nefndin hefir rètt að mæla, að eingin álaga er á þessum skuldabrèfum erlendis, nema nú stríðsskatturinn, en þar eru þau líka álitin hin vestu penínga eign, en hèr er nú farið að álíta þau hina beztu.

Verði nú ráðið af að senda einga bænarskrá, en það legg eg ekki til, því þó menn ekki áliti, að gjörsamlega þurfi að umbreyta reglugjörðinni, ætla eg þó, að einginn geti mælt í móti, að oss sè þörf að auka tíundar og gjaldstofn vorn, ef mögulegt er, án þess það valdi meiri ójöfnuði eður ósanngirni, en hitt annað, sem fram er talið og tíund er goldin af. Eg áskil mèr því viðauka-atkvæði á þá leið, að föst ríkisskuldabrèf einstakra manna, og fè ómyndugra, sem er í jarðabókarsjóðnum, sè framtalið til tíundar á þann veg, að 600 rbdl. sè til jafns við 10 hndr. Um fè opinberra stiptana, sem er á vöxtum, vil eg síður tala; yfir höfuð eru slíkar stiptanir meðal þess, sem menn nefna „til guðs þakka lagið“, kirkjur, spítalar, sveitarsjóðir og fl., og hafa fasteignir og kúgildi slíkra stiptana jafnan verið undanþegin tíund. Þá munu sumir segja, að líka beri að telja fram skuldabrèf einstakra manna, er lánað hafa öðrum fè gegn lagavöxtum; en bæði er það, að slíku fè er yfir höfuð varið til að efla bjargræðisvegina, jarðrækt o. fl., og verður því arður af því svo miklu meiri fyrir landið, enda er hvergi nærri öllum slíkum skuldabrèfum þínglýst, og þar sem það ekki er lögskipað, að þeim skuli þínglýsa, þá verður ekki unt að komast fyrir öll slík skuldabrèf. Þar á móti get eg ekki verið á máli nefndarinnar í því, að eigendur enna föstu ríkisskuldabrèfa geti skotið þeim undan tíund með góðu, eða að ekki megi fá fulla vissu um þær. Það er nú orðið, að eg ætla, alsiða erlendis, að undir eins og einhver kaupir slík skuldabrèf, eitt eður fleiri, þá skýrir hann frá því í skrifstofum ríkisskuldaráðgjafans, og lætur rita þar í bækurnar nafn sitt og Nr. skuldabrèfsins, og eins á það sjálft; þetta hefir mönnum lærzt smámsaman að sè nauðsynleg varúð, því mörgum slíkum skuldabrèfum hefir verið stolið, en þá geta eigendur einga rètting feingið, ef eign þeirra er ekki opinber og augljós, með því þjófurinn getur ella framselt skuldabrèfið

öðrum að ósekju; nú ætla eg Íslendínga mína svo gætna í þessu sem öðru, að þeir vilji ekki eiga á hættu, að eiga skuldabrèf sín erlendis, og þó undir nafni annars manns, til þess að fá þar af þeim vöxtuna, svo þeir komist hjá tíundinni hèr. Yfir höfuð að tala tel eg það skaðlaust, þó fremur mínkuðu, en jykjust, hjá oss kaupin á þessum skuldabrèfum.

Eg get ei fallizt á hinar sèrstöku uppástúngur, þær er nefndin hefir borið upp um breytíngar á reglug. 1782; mèr hefir, eins og eg áður mælti, aldrei fundizt hún fjærri sanngirni (þegar eg undantek, að hún sleppir ávaxtafè), nema ef það er ákvörðunin um, hvernig skipastólinn skuli tíunda, en um það vil eg þó ekki bera upp neitt breytíngaratkvæði að svo komnu.

Eg get heldur ekki verið á sama máli og nefndin um það, að hross öll beri að undanskilja tíund; nefndin hefir að vísu mikið til síns máls, að til eru mörg þau hèröð og jarðir, sem hross verður að hafa mörg og til mikils kostnaðarauka, einúngis sakir erviðleika jarðanna og til kaupstaðarferða; og fyrir það hèrað á eg að mæla hèr á þíngi, sem vest stendur að í þessu tilliti, og þar sem mýmargur búandi er, sem verður að hafa talsverðan hrossafjölda, einúngis vegna þessarar einu kaupstaðarferðar, sem farin verður þaðan á ári hverju. En þó það þannig kunni að mega álíta satt, þegar til einstakra hèraða eður býla er litið, að hross sèu sönn byrði bóndans, og því sè rètt, að þau sè undanþegin tíund, þá á þetta sèr eingan stað aptur á öðrum stöðum; en einkum vil eg þó líta til afleiðínganna af þessari undanþágu. Opinber inngjöld landsins þykja ekki of ríf; eg ætla, að ekkert megi af þeim missa til útgjaldanna, þá yrði að bæta því á annan tíundarstofn, sem af yrði lètt með undanþágu hrossanna. Prestarnir hafa ekki þókt of haldnir af inngjöldum sínum til þessa, og þeir hafa ekki verið það; hvernig verða þeir þá sviptir tíund hrossanna, nema eitthvað sè aptur lagt meir á hinn annan tíundarfènað? Snauðir menn þurfa sinnar forsorgunar; það, sem fátækratíundin ekki hrekkur, verður að taka með aukaútsvari af eigum ɔ: fènaði bænda; mèr virðist því, að allir fíngurnir muni verða jafnir, þegar í lófann koma, og að lèttir sá í tíund hrossanna, sem upp á er stúngið, yrði ekki til annars, en að frekja þeim mun meir á útgjöldum af öðrum tíundarstofni; eingum mun því standa verulegur lèttir af þessari uppástúngu nefndarinnar, nema þeim einum, sem eiga mestmegnis hross,

eiga hægt með að ala þau upp fyrir hagarými og útigáng, og græða því talsvert á sölu þeirra, en fyrir þá eina finnst mèr hvorki sanngjarnt nè maklegt að gjörð sè slík breyting.

J. Johnsen: Eg held, að hinn heiðraði þingmaður, sem nú settist niður, ekki hafi rètta hugmynd um þau en svo nefndu föstu skuldabrèf konúngs. Þar sem eg tók svo eptir honum, að þau væru álitin einhver hin vesta fjáreign í Danmörku, þá ætla eg það ástæðulaust, því áður en stríð það, sem enn stendur yfir, byrjaði, voru skuldabrèf þessi stigin 4 til 6 dölum í verði fram yfir 100 dali hverja af upphæð þeirra, og það enda þó svo hagi til í Danmörku, að færri fái þar lán, en vilja, mót fullkominni laga-leigu, 4 af hverjum 100 rbdl., og óyggjandi veði í fasteign, og ætla eg þá að miklu fremur hið gagnstæða komi fram, að þau en föstu skuldabrèf konúngs sè álitin þar einhver hin bezta eign. Annað mál er það, að þau falla í verði, þegar landið á í stríði og styrjöldum, og kemur það til af öllu öðru í Danmörk nú um stundir, en því, að menn vantreysti ríkissjóðnum til að standa í skilum, nefnilega af þeim eðlilegu afleiðíngum af stríði eða óeyrðum, sem strax minna efnamennina á, að vera við öllu búnir, og að hafa svo mikið fè, sem þeir fremst mega, á reiðum höndum, til að verja til atvinnu og útrèttínga þeirra, sem rás atburðanna, er einginn fær sèð fyrir, bendir á sem ábatamesta, svo að aðsóknin eptir skuldabrèfum, þegar svo ber undir, verður eingin að kalla, og er þá auðskilið, að þau, eins og aðrir hlutir, sem eru seldir og keyptir, á meðan þannig er ástadt, verði að falla í verði. Þar sem hinn heiðraði þingmaður telur það tjón jarðakaupum og jarðarækt hèr á landi, að skuldabrèf þessi ílendist hèr, þá sè eg heldur ekki rök fyrir þessu, og held, að sá, sem lítur á eðli þeirra, muni fljótt komast að raun um alt annað; þau eru sumsè ekki einúngis fáanleg til kaups með því verði, sem seljanda og kaupanda til hvers tíma kemur saman um, heldur líka eru þau álíka eins vel og aðrir peníngar til þess kjörin, að gefa fyrir jörð, sem er keypt, þar eð þau umstángslaust geta orðið þess manns eign, sem hefir þau í höndum, og þar á ofan ætíð bera eigandanum vissan arð; en að leggja nýa álögu á þenna arð hèr í landi, hygg eg þess ísjárverðara, sem bæði hugmyndir landa vorra alt til þessa um það, hvernig fè þeirra bezt sè varið, hafa verið næsta á reiki, svo að það á mjög illa við, að kæfa þá viðleitni niður aptur, sem þeir ný-

skeð eru farnir að hafa til að leita sèr arðs af því fè, er þeir áður lètu liggja arðlaust, og á það eins illa við, að mèr virðist, þegar tekið er tillit til eigendanna að þeim hinum konúnglegu skuldabrèfum hèr í landi, að fara nú þegar að leggja þau í tíund, eins og mèr skilst að hinn sami heiðraði þíngmaður ætlist til, þar sem flestir þessara eigenda eru ómyndugir landar vorir eða þá opinberar stiptanir landsins, sem líka munu þurfa á öllu sínu að halda, því mjög fáir efnamenn hèr í landi ætla eg að enn sem komið er sè farnir að verja fè sínu á þenna veg. Sè það því ætlun hins heiðraða þíngmanns, að bera upp breytíngaratkvæði á tèða leið, verð eg að mæla á móti því, sem einhverju hinu óheppilegasta.

Jón Guðmundsson: Hinn heiðraði þíngmaður úr Árnessýslu hefir rètt fyrir sèr í því, að nú undanfarin ár, þar til stríðið hófst í fyrra, voru ríkisskuldabrèfin mjög svo hækkuð í verði, við það sem áður var; þetta átti sèr einkum stað eptir 1838 (að eg ætla), þegar áætlanirnar yfir inngjöld og útgjöld ríkisins og svo ríkisreikníngarnir sjálfir fóru að gánga á prent og verða almenníngi kunnir, og menn fóru að komast að fullri raun um, að stjórnin gjörði sitt hið ítrasta til að höggva skarð í ríkisskuldirnar, með því að mínka útgjöldin, halda vel til haga og efla inngjöldin, en halda sem sparlegast á öllu. En eg vona, að hinn heiðraði þíngmaður játi líka, að fyrir þann tíma voru mörg skuldabrèf í lágu verði, og að í vetur, er leið, hafi hin beztu (o: áreiðanlegustu) skuldabrèf, t. d. Speciubánkar, Creditkassa- og Depositokassabrèf og fl., hvergi nærri náð fullu verði í Kaupmannahöfn; eg vona hann játi, að hin föstu ríkisskuldabrèf eru mjög ýmsrar tegundar, og misjafnt um það, hvað þau eru metin áreiðanleg, en þessu eru menn síður kunnugir hèr, en þar ytra. Hafa kunnugir menn sagt mèr, að hin svo nefndu Kaprarabrèf væri lánglökust, enda eru þau sprottin frá þeim tímunum frá 1810—1814, þegar losið var sem mest á peníngaverðinu í Danmörku; en af þessum skuldabrèfum hefir mest verið keypt hingað. Hinn sami heiðraði þíngmaður hefir víst ekki tekið sem rèttast eptir mèr áðan, fyrst hann fór að tala um, hve ósanngjarnt væri að tíunda fè „stiptana“; eg tók einmitt undan fè opinberra stiptana, sagði, að slíkt fè mætti meta, sem aðrar eignir þeirra, til guðs þakka lagið, og því bæri slíkt ávaxtafè ekki að tíunda. En sè það rètt og sanngjarnt, sem

tíðkazt hefir til þessa, að tíunda bæði fasteignir og leigufè ómyndugra, þá mun enginn geta álitið það í neinu ósanngjarnara, að tíunda ávaxtafè þeirra.

Kr. Kristjánsson: Eg álít að vísu ísjárvert, að tíunda peninga ómyndugra, en ef þá á að tíunda, verður að tiltaka vissa upphæð, sem útheimtist, til að tíund verði tekin; sú minnsta upphæð, sem komið verður á ávöxtu í jarðabókarsjóðinn, er, sem kunnugt er, 25 rbd.; en varla mun það tiltækilegt, að taka tíund af svo litlu. Mèr virðist líka í sjálfu sèr ósamkvæmt, að taka tíund af þeim peningum ómyndugra, sem eru á vöxtum í konúngssjóðnum, en sleppa hinum tíundarfríum, sem eru á vöxtum hjá öðrum; enda er það nú lögboðið, að peningar ómyndugra ekki mega takast á vöxtu í konúngssjóðinn, nema þeir áður hafi verið boðnir öðrum til leigu og enginn viljað þiggja. Það er líka aðgætandi í þessu tilliti, að sá hugsunarháttur á sèr allvíða stað hèr á landi, að hætta sè búin af því, að láta peninga á vöxtu í konúngssjóð, þó eingum hafi orðið það að tjóni á seinni tímum, og vilja menn heldur láta peninga þessa liggja arðlausa heima hjá sèr, og fyndu menn þá nýa hvöt til þessa, ef peningarnir á þennan hátt slyppu tíundarfríir, en þyrftu að tíundast, ef þeir væru í jarðabókarsjóðnum.

Guðmundur Brandsson: Mèr þókti vænt um, að hinn heiðraði fulltrúi Skaptfellínga varð til að minnast á sjáarútveginn, jafnvel þó mèr þækti hann heldur stuttorður um þetta efni, það því framar sem eg get ekki dregið af orðum hans þá ályktun, að sjáarmenn sèu betur farnir, en sveitabændur, jafnvel þó mèr skildist svo, sem hann mundi vera þeirrar meiníngar. Eg vil þó ætla, að hann hafi heyrt orðtækið, svipull er sjáfarafli, og það veit hann, ekki síður en eg, að allir helztu menn, sem ritað hafa um ástand og efnahag lands þessa, hafa álitið sveitabúskapinn á betri grundvelli bygðan, heldur en sjáarbúskapinn. Það er ekki heldur eingaungu sjáarútvegnum að þakka, þó fiskazt hafi í nokkur ár, því reynslan hefir að undanförnu sýnt, að þær ógæftir geta komið, að ekki verði sóktur sjór, líka hefir það borið við, að fiskur hefir ekki geingið að landi, þó gæftir hafi verið góðar. En hvað efnahag sjáarmanna yfir höfuð víkur við, þá verð eg hèr að geta þess, að ef sjáarafli bregzt lítinn kafla úr ári, þá verða margir menn hèr fljótt bjargþrota, og sumir flosna upp eða betla; vona eg

því af þessu ráðið verði, að sjáarbúskapurinn er ekki á eins góðum grundvelli, og margir ímynda sèr.

R. M. Ólsen: Fari svo, að þetta þing fallist á að senda bænarskrá um þetta málefni til konúngs, áskil eg mèr það viðaukaatkvæði við nefndarálitið, að tíund gjaldist af þiljuskipum, er til fiskiveiða gánga, þannig: að þau tíundist í helmíngi færri hundruð, heldur en dauðir hlutir eru af þeim teknir.

Th. Gudmundsen: Eptir að stjórnin árið 1842 hafði skorað á mig, eins og aðra sýslumenn í landinu, um að láta í ljósi tillögur mínar um, hvort ástæða væri til að breyta þeirri nú gildandi löggjöf frá 17. júlí 1782 um tíundarílagníngu, gaf eg álit mitt í málinu þann 14. janúar 1843, og laut það að því, að eg, eptir rækilega og með athygli að hafa hugsað málið, ekki hèldi tiltækilegt í neinu verulegu að fara fram á það, að breytíngar yrðu gjörðar á fyrr tèðri löggjöf um tíundarílagið, þar eð hún væri lángt um samngjarnlegri, heldur en Jónsbókar ákvarðanir um fjárlag. Það gladdi mig því, að nefndarálit það, sem hèr ræðir um, hefir í fyrri kafla þess einmitt aðhyllzt þessa skoðun mína á þeirri nú gildandi tíundarílagslöggjöf, þótt nefndinni á hinn bóginn finnist, að tèð löggjöf þó meðþurfi nokkurra breytínga.

Af því að helzti tíundarstofninn í Gullbríngusýslu eru skip og bátar, en lítið af öðru tíundarbæru lausafè, hlaut eg í fyrr tèðu álitsskjali mínu að dvelja að tiltölu æði leingur við úrgreiðslu þeirrar spurníngar, hvort ekki væri ástæða til, að gjöra mismun á tíundarverði skipa og báta, sem híngað til hafa verið lögð eins í tíund, heldur en við nokkra aðra spurníngu, er málið gaf tilefni til. Þurfti eg ei að hafa alllítið fyrir að útvega mèr áreiðanleg kynni á sjáfarútvegs aðferðinni í sèrhverjum hreppi eða veiðistöðu hèr í sýslunni, eins og á tilkostnaði og arði þeim, er skipin og bátarnir heimta og gefa af sèr í hverju fiskiveri, því ólíkt er þetta nokkuð í þeim ýmsu hreppum í greindri sýslu. Eg reið að vísu ekki í nokkurn hrepp til að leita þessara upplýsínga, en ekki sat eg mig úr færi um að ráðfæra mig við greinda og kunnuga menn úr sèrhverju fiskiveri í sýslunni um það, sem eg vegna ófullkominnar þekkíngar minnar á venjunum í þeim sèrstöku hreppum, viðvíkjandi sjáfarútveginum, þóktist þurfa að skýra mèr í þessu efni.

Eptir að hafa útvegað mèr þessar upplýsíngar um tilkostn-

aðinn til, og arðinn af þeim stærri og minni opnu skipum í þeim ýmsu fiskiverum sýslunnar, og að hafa borið þetta hvortveggja saman við þann mismunandi höfuðstól, sem lagður er í hvort um sig, bátana og skipin, með öllum útbúnaði til fiskiveiða, skýrðist sú hugsan fyrir mèr og varð að fastri sannfæríngu: að eptir því sem skipin eru minni og kostnaðarminni, að sömu tiltölu væru þau, í samanburði við þau stærri, er dýrari eru og hverra útgerð er miklu kostnaðarmeiri, arðsamari en þessi, og að það því að tiltölu bezt borgaði sig, að halda þessum úti, enda væru bátarnir yfir höfuð, en þó einkum á Innnesjum, fiskisælli, en skipin. Því lèt eg í ljósi í fyrr tèðu álitsskjali mínu, að eins og ekki væri ástæða til að setja bátana niður til tíundarílags, þannig væri ekki tiltækilegt að setja skipin upp.

Þar á mót var þess af mèr getið í tèðu álitsskjali til stjórnarinnar, að mèr með öllu sýndist það vera óréttvíst, að lóðir eða net skyldi tíunda sèr í lagi, og vissi eg þess ekki dæmi hèr í sýslu. Eg yrði nefnilega að álíta þessi veiðarfæri ónýt án skipsins, og skipið ónýtt og arðlaust án þeirra.

Aptur virtist mèr, að það gæti naumast orðið til tálmunar fyrir fiskiveiðum með þiljuskipum, að þessi þiljuskip, af hverjum 10 þá voru hèr í sýslunni, sem hingað til ekki hafa verið tíunduð, yrðu látin sæta þessari álögu, hvort heldur þau eingaungu væruhöfð til þorsks- eða hákallaveiða, eða á víxl, eins og optsinnis við ber, til hvorutveggju, og væri hèr á ekki gjörandi mismunur. Með tilliti til þess stærri arðs, sem þiljuskipin að ætlan gefa af sèr, en þau opnu skip, enda þótt verð hinna sè svo miklu hærra og útbúnaður svo miklu kostnaðarmeiri, en þessara, þókti mèr hæfilegt, að hvert þeirra væri tíundað 2 hndr.

Það hafa nú svo ljóslega verið leidd rök að því hèr á þínginu í dag, hversu mikils tíundartakararnir myndu í missa, ef uppástúnga nefndarinnar, um að hestar og hross skyldu undanþegin tíundarskyldunni, yrði að lögum. Yrði það nú enn fremur ofan á, sem bænarskráin úr Gullbríngusýslu fer á flot, að skip og bátar sèu lækkaðir í tíund, þá bættist þó nokkuð talsvert við fyrr tèðan ímissi. Þó nær þetta einkanlega til gjaftollsgreiðslunnar í Gullbríngusýslu, því fæstir gjaldþegna þar svara skiptitíund, af því að tíundarstofninn mestmegnis eru skip og bátar. Eins og þínginu er kunnugt, er gjaftollsgreiðsl-

unni í Gullbríngusýslu þannig háttað, að af 1 til 9 hndr. er tekinn 10 fiska gjaftollur, og lendir hann, eins og hin önnur sýslugjöld í Gullbríngusýslu, ekki hjá sýslumanni, heldur í konúngsins, eða landsins sjóði. Samkvæmt manntalsbókinni fyrir Gullbríngusýslu fyrir yfirstandandi ár, er eg hefi meðferðis hèr á þínginu, tíunduðu 110 af gjaldþegnum Gullbríngusýslu einúngis 1 hndr. hver í lausafè í fardögum 1848, því eg tel það ekki, þó nokkrir fáeinir af þessum mönnum hefðu þriðjúng eða helming annars hundraðs til tíundar. Var þetta tíundarfè mestmegnis skipastóll. Ef nú lækka ætti tíundarílag skipastólsins, eins og bænarskráin beiðist, mundi gjaftollurinn mestmegnis hverfa hèr í sýslu. Og hefði þetta nú verið gjört að lögum, hefði landssjóðurinn í ár af gjaftollinum hèr í sýslu orðið að fara á mis við 1100 fiska, eða 91 rbd. 64 sk., því enginn þessara gjaldþegna mundi þá hafa verið gjaftollsskyldur.

Þótt ómyndugra fè eptir þeirri gildandi löggjöf ekki geti álitizt undanþegið tíundarskyldunni, virðist mèr þó ótiltækilegt að ráða til, að fè það, sem þeir kynnu að eiga á vöxtum, skyldi gjörast tíundarbært, því það væri yfir höfuð að tala, en þó einkum í Gullbríngusýslu, svo lítið, að það nægði þeim fæstu ómyndugu til uppfósturs.

En öllu öðru máli virtist mèr vera að gegna um mynduga menn, er peninga eiga á vöxtum. Mèr leizt það sjálfsagt, að þeir skyldi tíunda þá, þess heldur, sem eg hefi aldrei getað ímyndað mèr annað, en að þessi stofn væri arðsamari að tiltölu, og minni vanhöldum háður, en annað lausafè, sem tíundarskylt er. Þó þókti mèr nóg, að $\frac{1}{10}$ af vöxtunum af þessara manna útlánuðu peníngum væri greidt í tíundaskyni.

Eg hefi leyft mèr að skýra þínginu frá skoðun minni á þessu máli, og verð eg að láta þá meiníngu í ljósi, að eg er helzt á því, að þíngið ekki eigi að semja eða senda konúngi neina bænarskrá um breytíngu á reglugjörðinni frá 17. júlí 1782, og mun eg því gánga í flokk með þeim þíngmanna, sem þegar hafa ráðið frá þessu.

Kr. Kristjánsson: Það var vel til fallið, að ræður þíngmanna leiddust að þiljuskipunum, sem nefndin hefir geingið þegjandi fram hjá; enda virðist mèr nú mjög ísjárvert, að setja þau í tíund; því öllum er alkunnugt, hvílíkum óförum þau hafa orðið fyrir, einkum á næstliðnu ári, svo eg þykist mega fullyrða, að þau heldur hafi fækkað, en fjölgað. Ekki

veit eg heldur, hvort það er tiltækilegt, að tíunda þiljuskip eptir hlutatölu, og kynni, ef til vill, betur eiga við, að farið væri eptir lestatölu. Að öðru leyti verð eg að geta þess, að þegar til rædt verður um nauðsyn á breytíngu einhvers lagaboðs, virðist mèr það auðsætt, að ekki eigi einúngis að hafa tillit til þess, hvaða tjón fyrir einstaka breytíngin leiðir af sèr, heldur hins, hvort breytíngin í sjálfu sèr sè sanngjörn og rètt, því ef hún er það, á hún að ske, þó einhver líði halla við það.

Framsögumaður: Af því þingmaður Gullbríngusýslu hafði brugðið nefndinni um, að hún hefði ekki verið mjög nærfærin nè sanngjörn viðvíkjandi tíundarlagi á skipum og bátum, var mèr það einkar kært að heyra, að sá maðurinn, sem vel er kunnugur í Gullbríngusýslu hefir við ítarlega rannsókn þessa atriðis komizt að þeirri sannfæríngu, sem nefndarálitinu er fullkomlega samkvæm. Hvað tíundarlag áhrærir, held eg ekki gjörlegt að hafa sèrlegt tillit til þess, að efnahagur þeirra, sem búa hèr við sjóinn, sè ekki sem beztur, og skortur stundum eigi sèr stað, sem af mörgu getur atvikazt; eg held það eigi að fara eptir þeim *arði*, sem tíundarstofninn (skipin) gefur af sèr.

Guðmundur Brandsson: Þó hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, er áðan mælti, hafi skýrt frá, hvert álit hans viðvíkjandi tíund af skipum og bátum hafi verið árið 1842 í skýrslum til stjórnarinnar, þá get eg þó ekki breytt skoðun minni á þessu máleíni af þeim ástæðum, er hann tók fram, því þegar aðgætt er, að áttæríngar og tíæríngar kosta um og yfir 100 dali, en tveggjamannafarið um 40 dali, þá sjá allir, að það er misjafn höfuðstóll, og ætti þetta að tíundast jafnt, eins og verið hefir, þá þyki mèr það því líkast, sem að tíunda 5 hundraða kotið til jafns við 20 hundraða jörð.

Framsögumaður: Það virðist að vísu sanngjarnt, að skip og bátar væru metin til tíundar eptir hlutatölu, sem eptir þau fást; þó held eg það mörgum annmörkum bundið, t. a. m. munu skipin sjaldan gánga til sjáfar mikinn part ársins, varla nema svo sem eina vertíð, en bátarnir munu fremur vera brúkaðir að staðaldri, og líka vera fiskisælli.

Guðmundur Brandsson: Eg get leidt rök að því, að á eitt stórskip, sem geingið hefir um vetrar vertíð, hefir feingizt meiri fiskur, en á 5 eða 6 báta á sama tímabili.

Th. Guðmundsen: Það er þó aðgætandi, að því stærri sem skipin eru, þess kostnaðarsamari að tiltölu eru þau í sam-

anburði við þau smærri, og arð þann, sem hvortveggi gefa, því enda af tíæringum og áttæringum er einúngis skipt eigandanum 2 hlutum, nema í Höfnum, hvar 3 skiphlutir eiga sèr stað af þeim skipum. Þau stærri skip brúkast helzt í Grindavík og Höfnum, og eru utansveitarmenn að eins ráðnir á þau. Hverjum þessara er borgað í skiplag 10 ℔ af mjöli og 10 ℔ af fiski, og verður skipseigandi enn fremur án alls endurgjalds að hýsa skipshöfnina. Þau stærri skip gánga heldur ekki nema um sjálfa vetrarvertíðina, þar sem bátarnir gánga allar vertíðir og á öllum ársins tímum, hvar þeir annars eru tíðkaðir, eins og skipin naumast gánga á Innnesjum nema um vorvertíðina. Eg fæ því ekki betur sèð, en að höfuðstóllinn í þeim stærri skipum rýrni árlega að þeirri tiltölu, sem arðurinn af þeim er svo miklu dýrkeyptari fyrir eigendurna, en tilfellið er með bátana, er að minni hyggju svara að tiltölu bezt reikníngi, þegar tilhlýðilegt tillit er tekið bæði til þeirra minna verðs, kostnaðatminni útgerðar og meira arðs, er þeir kasta af sèr, fremur skipunum.

Guðmundur Brandsson: Einmitt það, sem hinn mikilsvirti konúngkjörni þíngmaður, er nú settist niður, tók fram um stóru skipin, á sèr og stað um bátana, bæði þegar minnzt er á skiplag, formannskaup og fleira, að eg nú ekki nefni, hversu kostnaður til að afla beitu hèr innfjarðar er útdragssamur, bæði þegar litið er til hrognkelsaneta og púðurs og hagla, einnig byssu, hvað alt í þessu tilliti er mjög nauðsynlegt. Eg get fært sönnur á, að bátsútgerðin hèr í Faxaflóa getur kostað fulla 20 dali, og það án þess þorskanet sèu brúkuð, en stórskips-útgerðin hefir mèr verið sagt af kunnugum mönnum að kostaði yfir 40 dali, eru þó þrír hlutir dauðir af þeim skipum, en ekki nema einn af bátnum.

Jón Guðmundsson: Eg er á sama máli og hinn heiðraði aðstoðarmaður, að nauðsyn sè til að binda við tiltekna upphæð, hve nær vaxtafè ómyndugra skuli tíunda; eg vil, að eingi innstæða ómyndugs sè tíunduð, ef hún ekki nemur 150 rbd., og áskil eg mèr að taka fram viðaukaatkvæði mitt á þá leið: sú innstæða, sem er minni, er varla vert nè gustuk að skerða með álögum. En eg finn einnig tilefni af ræðu ens heiðraða aðstoðarmanns að áskilja mèr viðaukaatkvæði mitt rýmkað á þá leið, að einnig skuli tíunda vaxtafè ómyndugra, það er einstökum mönnum er lèð, þegar það nemur meiru en 150 rbd.;

það er nú lögboðið, að þeim skuldabrèfum skuli þinglýsa, og er því auðgefið að ná þeim undir framtal.

Eg verð nú að víkja fám orðum að ræðum hins heiðraða þingmanns úr Gullbríngusýslu. Eg held, að bæði hann og aðrir, sem muna til hins umliðna ástands, fyrir svo sem 40—50 árum hèr frá, við sjóinn, einkum hèr í Gullbríngusýslu, að miklu meiri sè hèr velmegun nú, en þá; hann hlýtur að játa, að þó það kunni að vera rètt hermt yfir höfuð, *að svipull sè sjáfaraflí,* þá hafi hann verið svipulli áður, en nú; og af hverju? Af því að þeirri bjargræðisgreininni hefir þokað svo miklu meir áfram, en hverri annari, af því menn sækja nú sjó með meira kappi og fylgi, og hafa allan útbúnað betur vandaðan, Hinn heiðraði þingmaður hlýtur að játa, að hver sjóarbóndi, sem er, af hinum efnaminni, ef hann ekki er óspilunarmaður, lifir miklu sællа lífi og náðugra, en hinir efnaminni bændur til sveita, og að efnabóndinn við sjó safnar meiri auð, en efnabóndinn í sveit; hver, sem nokkuð þekkir hagi manna til sjáfar og sveita, mun ekki geta borið á móti þessu, og eg hefi sannfærzt því fremur um það, sem eg hefi leingur veitt því gaum, en þó vil eg ekki kveða upp breytíngaratkvæði um tíund skipastólsins, fyrst svo fáir verða til að styðja mál mitt.

Þiljuskip vil eg ei sè tíunduð, þau eru ný viðleitni til eflíngar sjáfaraflа, miklu til þeirra kostað, en tvísýnn arður þeirra, enn sem komið er, en víst mættu þau verða til mikilla bóta öllum aflabrögðum, ef þau yrðu almenn, því vil eg eingan veginn kyrkja viðleitni þessa, svo að segja í fæðíngunni, með því að binda hana álögum og fæla menn frá því fyrirtæki.

Guðmundur Brandsson: Þó svo geti verið, að einstöku aflamenn við sjó græði talsvert á fáum árum, þá á þetta sèr helzt eða jafnvel eingaungu stað, þegar góð fiskiár eru, en þau eru stopul, eins og eg hefi áður sagt. Eg er samt eingan veginn á þeirri meiníngu, að sjáarmenn yfir höfuð að tala sèu ríkari, en sveitamenn, eða að dugnaðarmaðurinn við sjóinn eigi hægra með að verða ríkur, heldur en þó hann væri í sveit. En hvað arði af bátum og skipum við víkur, þá get eg ekki breytt meiníngu minni í því efni, og kemur það hvorki til af þrái eða keppni.

Steffán Jónsson: Eg verð að ímynda mèr, að það, sem þíngmaður Gullbríngusýslu er svo fastur á misjafnri tíund báta og skipa, komi af einhverju frábrugðnu hèraðs ásigkomulagi,

og af því að fleiri hlutir sèu teknir eptir skip í Gullbríngusýslu en annarstaðar; en það má ekki binda tíund einúngis við það, sem þar hagar; það er líka ekki víst, að það geti orðið staðföst regla, og ekki gildir að fastbinda hlutatölu af sjóförum, því það sýnist grípa of mikið inn í samkomulag formanns og háseta. Eg veit heldur ekki til, þar sem eg til þekki, að neinn sè óánægður með jafna tíund af skipi og bát; því kostnaður er meiri á skipum, þó arðurinn kunni að vera meiri.

Nokkrir af þíngmönnum hafa sýnt fram á, að ótækt væri að minka tíundarstofninn, og játa eg, að það væri sumum, ef til vildi, nokkur halli, en hvað þær fjórar tíundir snertir, þá er það fyrst að segja um fátækra tíundina, að eg sè ekkert vandkvæði við, þó hún fèlli niður með öllu; því sama er þeim, sem framfæra fátæka, hvort það heitir tíund eða aukaútsvar, sem þeir leggja af mörkum. Menn verða ætíð að skoða allar kríngumstæður þeirra búenda, sem leggja til sveitar, og miða útsvar þeirra, sem nákvæmast verður, við þann arð, sem bú þeirra veitir þeim, og þá ætla eg að mætti taka til greina, ef einn kemst lèttara út af skipatíund en annar, og vil eg leiða það að því, sem talað hefir verið um skipatíund í Gullbríngusýslu, en um það mætti, ef til vill, segja, að þetta kæmi ekki niður á rèttum stað, af því tíundatakendurnir mistu við það, en eg ætla það gjöri lítið til.

Hvað konúngstíundina áhrærir, mætti má ske segja, að þó hún liði skaða, væri það eins og tekið væri úr einum vasa og látið í annan; en þeim missi, sem kirkjur og prestar verða fyrir, ef tíundin geingi niður, er erviðara að mótmæla; þó eru sumar kirkjur svo ríkar, að þær mega svo lítils í missa, en það væru prestarnir, sem yrðu fyrir mestum ójöfnuði, en það gæti, ef til vill, orðið orsök til þess, að fremur yrði hugsað til að bæta kjör þeirra, sem hafa þess sanna þörf. Eg ætla því ekki framar að fylgja fast nefndarálitinu, en óska að eins, að menn hugleiði það sem bezt.

Framsögumaður: Eg held, að þíngmaðurinn fyrir Gullbríngusýslu hafi ekki enn þá sannað, að bátur eða tveggjamannafar, sem bænarskráin vill meta í 60 áln., sè ekki *gott hundrað*. Margir munu líka eiga bæði *skip og bát*, og þá jafnar hvað annað upp (þó ójafnt væri). Að vísu munu margir af þeim efnaminni eiga bát, en ekki skip, og vilji nú þíngmaðurinn gjöra mun á skipum og bátum, held eg honum verði

nauðsynlegt að bera upp breytíngaratkvæði um það, að skip verði tíunduð meir en 1 hndr.

Varaforseti: Þíngmanninum í Gullbríngusýslu, sem barizt hefir fyrir tíundar mismun á skipum og bátum, má þó vera kunnugt um brúkun skipa og báta, sem hvortveggja tíðkast víðast um Gullbríngusýslu. Hann hefir óskað, að einhver sá, sem kunnugur er sjóarútveg, láti meiníngu sína um þetta efni í ljósi, og fyrst einginn þíngmanna hefir enn þetta gjört, finn eg mèr skylt, að verða við tilmælum hans eptir þeirri litlu þekkíngu, er eg hefi um þetta efni. Mèr er ókunnugt um hin stærri skipin suður í Höfnum, arð þeirra og kostnað, en á Innesjum ætla eg hin smærri skipin, bátana, eigendum sínum arðmeiri, þegar tillit er tekið til kostnaðarins. Hann taldi til, að bátar þyrftu með hrognkelsaneta, en skipin, þar sem þau gánga til fiskjar hèr á nesjum, þurfa þeirra þrefaldra; hann hefir kvartað yfir, að dýrt sè sjófólks-haldið; þarf þó 8 menn til skipsins, er eigandi fær af 2 hluti, en ekki nema 2 til bátsins, sem gefur einn hlut. Sè eg ekki sjálfur formaður fyrir skipi mínu, verð eg að leigja formann með tvöföldu kaupi á móti bátsformanni; álít eg því tveggjamannafarið arðsamara, og svo munu flestir gjöra hèr á Innnesjum. En hvort þetta á heima við hin stóru skipin, sem fleiri hluti gefa, syðst í Gullbríngusýslu, og með austurlandi, læt eg ósagt. Allur kostnaður við útgerð sexæríngа hèr á Innnesjum er þrefaldur eða fjórfaldur móti báta útgerð; til skipsins þarf 8 handfæri, 2 til bátsins; til skipsins þreföld stjórafæri mót báti. Eg ætla því eingan vilja tíunda sexæríng hærra en bát; því á Innnesjum eru menn neyddir til að eiga skipin, þó menn finni, að þau sèu ómagar þeirra; þau hljóta menn að hafa vegna bátamannanna til fárra róðra, meðan fiskur geingur ekki á grunn.

Guðmundur Brandsson: Það sem hinn heiðraði varaforseti nú sagði, viðvíkjandi útgerð skipa og báta og ávaxta af þeim, er að sumu leyti gagnstætt því, sem menn hèr á Innnesjum hafa gefið mèr í skyn , og hafa sumir þeirra verið eigendur bæði báta og skipa, og varla mundu þeir gjöra það til leiknis að eiga skipin ár eptir ár, ef þeir álitu þau ómaga sína, enda gánga þau gjarnast hjá þeim vor og haustvertíðir, og eru af þeim ómissanleg haldin. Það hefir ekkert verið minnzt á enn, hvort beinlínis ætti að fylgja bænarskránni,

viðvíkjandi tíund bátanna, og er eg þó ekki svo fastur á því, að ei megi út af bregða. En án þess nú að fara hèr um fleirum orðum, þá áskil eg mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að hver bátur verði hèr eptir tíundaður í 80 áln., en hvert skip í hundrað.

Ásgeir Einarsson: Eg efast ekki um, að *þjóðinni* þykir vænt um, að hreift var við máli þessu, því margir munu hafa fundið til þess, að nokkur ójöfnuður væri í tíundarlögunum, en ekki held eg *henni* þækti síður vænt um, að málinu yrði nú slegið á frest, svo nógur tími yrði til að yfirvega það nákvæmlega, áður en það yrði leidt til lykta. Þíngræður þær, sem nú hafa vorðið, munu bæði skýra mál þetta töluvert, og sýna mönnum, hvort fram á breytínguna sè farandi framvegis.

Þar eð eg tek til orða í þessu máli, og áset mèr að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa verið færð í umræðunum í dag, minnist eg fyrst á það, er sagt var, „að hestar væru bezti gripur í búi manns“, eg skil þetta fyrir *brúkunarhesta,* en ekki fyrir hesta alþíngismanna, því eg held, að það eigi miður við efnið, að fara að tala um, hvað dýrt þíngmenn hafi reiknað þá, á þíngferðum sínum. Eg er samdóma nefndinni í því, að þó brúkunarhestar sèu mönnum nauðsynlegir, einmitt vegna örðugleika jarðanna, verði þeir að skoðast sem eitt af því nauðsynlega illa, sem maður getur þó ekki án verið; eg þekki þau hèruð, sem hestar eru brúkaðir lítið annað en hèr um bil 6—7 vikur að sumartímanum til heyflutníngs, en gánga hinn tímann gagnslausir í slægjum og beitilandi eigendanna, sem þar eptir verða að fóðra þá 12—20 vikur að vetrinum, án þess að hafa af þeim annan arð en taðið og taglið; ekki mun heldur allstaðar vera lèttara að framfæra sauðfè á þessum jörðum, því einmitt á þeim sömu er ekki sjaldgæft, að fè má gefa 20 vikur að vetrinum, og stundum 30 vikur; öðru máli er að gegna um stóðhross, sem gánga að mestu sjálfala, án töluverðs kostnaðar, en eigandi getur selt sèr til mikils ábata; held eg því, að nefndin hefði átt að gjöra á þessu greinarmun, enda þó hún hefði ekki felt brúkunarhestana að öllu leyti úr tíund, því það var mikið skoðunarmál, einkum þar ekki var hækkuð tíundin á öðrum tíundaraurum, því það virðist mèr hafi átt að vera ætlunarverk nefndarinnar, að jafna tíundina sanngjarnlega, en ekki láta hana lækka töluvert yfir höfuð.

Það hefir hingað til gleymzt þeim, sem hafa haldið með því, að hestar verði tíundaðir hèr eptir, sem áður, að geta þess, að heyflutningaskip eru þeim, er þau eiga og brúka, sama sem hestar þeir, er hey er flutt á, verður hvortveggja stundum brúkað til kaupstaðar og fiskiferðar, en sumstaðar verður því ei við komið, ætti því hvortveggja þetta eða hvorugt að tíundast; en nú veit eg ei til, að venja sè að tíunda áminnzt skip, þegar þau ei gánga til fiskiveiða.

Hvað við víkur lóðum, róðrarbátum og skipum, þá veit eg ei, hvort aðrir eru þeim kunnugri vestan lands, og þykir mèr vafi á, hvort menn ættu að fara leingra fram á að breyta því í tíundarlaginu, fyrr en menn hafa leitað upplýsíngar hjá fullkunnugum mönnum. Með tilliti til þess, er varaþíngmaður Gullbríngusýslu fór fram á, hefir varaforseti sannað hið gagnstæða, og get eg með sanni skýrt frá enn meiri mismun, einkum hvað báta og skip snertir, en vil fyrst geta þess, að undir Jökli eru teknir 2 hlutir eptir 2 eða 3 lóðir, en þar á móti við Ísafjarðardjúp 1 hlutur eptir 16—24 lóðir. Hvað skip og báta áhrærir, þá get eg þess, að í Strandasýslu er nýlega farið að brúka áttæríng eða tíæríng til hákallaveiða, kosta þeir með öllum útbúnaði um eða yfir 400 rbd. Þessum skipum er sjaldan róið optar en tvisvar eða þrisvar á vori, og stundum ekki nema einu sinni, stundum aldrei, og hafa eigendur ekki annan hagnað af þeim þess á milli, en að flytja á þeim 1 eða 2 viðarfarma á ári. Til þess að geta notað þessi skip þennan stutta tíma, verða menn þar að auki að eiga sexæríng til róðra á vetrum, þá ísar og veðrátta hindrar brúkun stóru skipanna. Er þá auðsèð, hvaða ábati er af útgjörð þessara skipa, þegar eptir þau og útbúnað þeirra eru að eins teknir 2 hlutir. Þar á móti hefir að undanförnu opt heppnazt afli á vöðubáta í Strandasýslu, svo að hlutir hafa venjulega orðið yfir 1 tunnu og einstöku sinnum hátt á 3. tunnu lýsis auk selskinna, og bátar þessir kosta með útbúnaði milli 30 og 40 rbdl., og stundum hafa verið teknir eptir þá 2 hlutir. Er af þessu auðsèð, hvað ósanngjarnt það væri, að tíunda þau áminnztu stóru skip meira, en þessa báta, þegar afli heppnast á þá. Af þessum og fleiri ástæðum ætla eg að þíngið ekki geti með góðri samvizku ráðið þessu máli til lykta nú þegar, með því að senda bænarskrá til konúngs; en skyldi þíngið nú áforma það, óska eg, að málinu sè vísað til ítarlegri rannsóknar í

nefndinni, samkvæmt 70 gr. í alþ. tilskip., þó eg vildi heldur óska, að eingin bænarskrá yrði rituð til konúngs um þetta mál.

Þegar eg heyrði breytíngaratkvæði fulltrúa Skaptfellínga, datt ofan yfir mig, er hann vildi leggja tíund á ómyndugra fè í jarðabókarsjóðnum, og leiddist ósjálfrátt á þá hugsun, að hann hefði leiðzt til að taka stefnuna á smábörnunum af aðferð stjórnarinnar, sem nýlega hefir gjört þá ráðstöfun, að taka $\frac{1}{8}$ part af leigum jarðabókarsjóðsins til stríðsins, án þess að ráðgazt hafi verið um það við þíngið eða aðra Íslendínga, svo eg til viti; en þar ómyndug börn eiga fè í jarðabókarsjóðnum, er eg hræddur um, að aðferð þessi muni hræra blóðið í þjóðinni, og það því heldur sem Íslendíngar munu, um það leyti sem þessi ráðstöfun var gjörð, hafa verið að gefa munaðarlausum börnum í Danmörk.

Uppástúnga þíngmannsins frá Húnavatnssýslu, um að leggja tíund á hluti þiljuskipa, sýnir, að hann hefir ratað í hafvillur á þessari leið, og lítur svo út, sem hann hafi vantað leiðarsteininn *(Compás)* og kunnað lítið í stýrimannsfræði. Eg veit ekki til, að í vesturamtinu sè nema 1 þiljuskip, af hverjum aflanum er skipt í hluti, en eigendur skipanna gjalda skipverjum kaup og fæði og álíta sig ei skaðlausa af árlegri útgjörð, ef þeir ei afla 60 tunnur lifrar, þó ekkert missist af útbúnaði skipanna. Væri nú þegar lögð tíund á skip þessi, sem ósanngjarnt væri, þá þau ekki afla fyrir árlegum útgjörðarkostnaði, verður það því til fyrirstöðu, að síðar verði lagt á þau töluvert gjald, að eg ei tali um þann skaða, er eigendur skipa þessara hafa orðið fyrir. Að leggja gjald á lestatölu þeirra, álít eg jafnástæðulaust, því það er aflinn, sem á að leggjast á.

Guðmundur Brandsson: Það hefir að undanförnu verið talað um, að þíngið hefði mikið að gjöra, en nú er þíngtíminn farinn að styttast, svo þó nefndarálitinu væri vísað til feðra sinna, til að endurskapast og fæðast svo að nýu, þá er eg ekki viss um, að mikið vinnist við þá aðferð, og vil eg fyrir mitt leyti ráða frá, að svo verði gjört.

R. M. Ólsen: Það er mèr ærið geðfelt að heyra, að hinn mjög heiðraða þíngmann Strandasýslu tekur sárt til mín í hafvillunum, en eg hygg samt, að eg hafi ei í dag verið svo lángt undan landi, að eg hafi ei glögglega getað eygt fjalla-

tinda. Ræða hans, þessu viðvíkjandi, lýsti ærnum ókunnugleika á þiljuskipa fiskiveiðum á suðurlandi, hvar þau eru gjörð út með hálfdrættingsmönnum, og verða því dauðu hlutirnir á þeim jafnmargir hásetatölunni; vona eg þingmenn Sunnlendínga segi til, hvort eg fer mjög villur vegar í þessu tilliti. Hvað viðaukaatkvæði mínu við víkur, þá hefi eg orðið þess áskynja, að einn hinn helzti af þeim mönnum, sem árið 1845 voru af konúngi kosnir í nefnd til að rannsaka og láta í ljósi álit sitt um skattalögin, munu þá hafa verið sömu meiníngar um þetta atriði, sem eg nú er. Þau brjóstgæði, sem þingmaðurinn úr Strandasýslu hefir látið í ljósi við mig hèr í dag, skulu, auk margs annars, hjá mèr geymast í þakklátri endurminníngu.

J. Johnsen: Mætti eg leyfa mèr að bera það undir hinn háttvirta varaforseta, hvort ekki muni það tiltækilegt, til að komast hjá óþarfa tímatöf, undir eins og atkvæða er leitað eptir uppástúngu hins heiðraða þingmanns Strandasýslu, um það, hvort vísa eigi málinu til nýrrar meðferðar af nefndinni, eptir 70. grein alþingistilskipunarinnar, þá undir eins, ef atkvæðafjöldi ekki verður nógur fyrir uppástúngunni, að láta þingmenn nú þegar greiða atkvæði um það, hvort leingra eigi að halda málinu fram, eða ekki. Veit eg að vísu, að þessi aðferð ekki er samkvæm rèttum þingsköpum, en vilji þingmenn fallast á hana og mæli eingir á móti, má eigi að síður hafa hana við með fullum rètti og verkun, og sýnist mèr, að hún ekki sè lángt frá vegi, eptir þeirri stefnu, sem mèr virðist umræðurnar hafa tekið í þessu máli hèr í dag, og er eptir þessu varla neinn vafi um, að fleiri þingmenn eru móti því, en með.

Ásgeir Einarsson: Þingmaðurinn frá Húnavatnssýslu furðar sig yfir því, að eg er ekki eins kunnugur þilskipaveiðum á suðurlandi, eins og á vesturlandi, en mig furðar, að hann er kunnugri þilskipum á suðurlandi, en vesturlandi, þó það sè nær honum.

Kr. Kristjánsson: Eg get ekki skilið, hvaða gagn það gæti gjört, að fá nefndinni aptur málefnið til nýrrar meðferðar, því eins mundi verða ágreiníngur um það á ný fyrir það; enda virðist mèr ekki vanti neinar upplýsíngar frá nefndarinnar hálfu. Mèr þykir því rèttast, að málið takist til endi-

legrar umræðu á morgun, eða síðar, og er það þá á sjálfsvaldi þingsins, að láta það niðurfalla.

Varaforseti: Að vísu hafa umræður um þetta mál komizt svo á við og dreif, að ervitt má verða, að ná fullri vissu um vilja þingsins í þessu efni, og mætti að vísu gánga til atkvæða um, hvort málefnið skuli fást nefndinni aptur til nýrrar meðferðar. Menn eru ekki komnir svo niður á málefninu, að ný undirbúningsumræða ekki sè nauðsynleg, ef nefndin semja þyrfti nýtt álit. Það lætur að líkindum, að fulltrúi Árnessýslu vilji koma málinu þannig fyrir, því hann hefir fyrst og seinast viljað láta það falla. Vilji nú þingið fá málefni þetta nefndinni aptur til meðferðar, þá verður það með því eina skilyrði, að það komi aptur til nýrrar undirbúningsumræðu.

Kr. Kristjánsson: Mèr getur ekki fundizt, að neitt það hafi fram komið við umræður þingmanna í dag, sem með rökum hnekki áliti nefndarinnar; og þó hún nú vildi taka málefnið til nýrrar meðferðar, gæti hún ekki breytt áliti sínu; því lítið hefir hún grædt við það, sem um það hefir talað verið fram og aptur. Sè málið þar á móti ekki nægilega rædt til undirbúnings, er ekki annað fyrir, en framhalda þeirri ræðu seinna. En af heimvísun þess til nefndarinnar get eg ekki sèð að neitt komi, og að minnsta kosti bið eg mig afsakaðan frá, að eiga við það framvegis á þann veg.

Framsögumaður: Eg verð líka að styðja það, sem aðstoðarmaður stiptamtmannsins nýskeð mælti: eg sè ekki, hvað grædt yrði á því, eða hvaða tilefni sè til þess, að vísa nefndarálitinu heim aptur. Þingmaður Strandasýslu fótaði uppástúngu sína hèr að lútandi meðal annars á þeim upplýsingum, sem hann gaf um misjafna hlutatölu af lóðum. Nefndin hafði hugleidt þetta og þvílíkt, en var, og verður að líkindum enn, þó hún ætti á ný að fara að velta þessu fyrir sèr, sannfærð um, að ekki væri gjörlegt að binda tíundarlögin við svo ýmisleg og breytileg smáatriði; eg verð því fastlega að mæla á móti uppástúngu þingmannsins úr Strandasýslu.

J. Thorstensen: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði í þessu máli, því mèr þykir það viðurhlutamikið að sleppa öllum hestum algjörlega úr tíund, því það mundi gjöra svo mikla umbiltingu á tíundarreglugjörðinni, að örðugt mundi verða, að jafna það skarð til fulls aptur, en málum mætti miðla, ef hestar væri nokkuð lægra settir í tíund, en nú er. Og því vil eg á-

skilja mèr það breytingaratkvæði, að 3 hestar metist til tíundar í hundrað, en kaplar 4.

Kr. Kristjánsson: Þetta breytingaratkvæði er í því tilliti vel til fallið, að, ef því verður framgeingt, gjörir það ójöfnuð þann, sem leiðir af tíund hesta, nokkru minni, en þó verð eg að álíta uppástúngu þessa einmitt sönnun fyrir því, að menn hafa fundið til þessa ójafnaðar.

Stefán Jónsson: Sá, sem stakk upp á því, að láta nefndina taka málefnið til meðferðar á ný, fór þó fyrst fram á, að eingin bænarskrá væri samin til konúngs um þetta mál, og ætla eg það eingu verra, en ekkert gagn sè eg af, að nefndin taki álit sitt aptur til yfirvegunar; af því getur leidt ein umræða á þíngi, því órètt er, að ræða það ei tvisvar aptur, ef nefndin tæki það til baka, og þó óvíst, hvort því yrði framgeingt á þínginu að lokum, og þá er sú aðferð einúngis til að tefja þíngið, og verð eg að vera því harðlega mótmæltur.

Jón Guðmundsson: Eg vissi það fyrri, að hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu var góðmenni, og áleit það líka sjálfsagt, að hann væri barngóður; en ekki hèlt eg hann væri svo blautgeðja, að hann fyrir það þyrfti að villast svo mjög í ræðu sinni, sem hann gjörði; því einmitt þessari viðkvæmni hans verð eg að kenna það, að hann fór að bendla veru okkar Íslendínga í Kaupmannahöfn og setu okkar á ríkisdeginum við striðsskattinn, sem lagður var á ávaxtafè hèr í landi. Þessi ráðstöfun kemur beinlínis frá ríkisfjárhirzlu-ráðgjafanum.

J. Johnsen: Það var innanríkisráðgjafinn Bang.

Jón Guðmundsson: Jæja, það getur verið; hinum stóð það þó nær, en þetta var samt bein ráðstöfun frá ráðgjafanum, sem hann hvorki bar áður undir ríkisdaginn, nè okkur Íslendínga, sem þar vorum, sem ekki var heldur von til.

En ef að hinn heiðraði þíngmaður getur ekki borið á móti því, að bæði fasteignir og lausafè ómyndugra sè tíundað, þá skil eg ekki, hvernig hann fer að álykta, að eg hafi viljað leggjast á smábörnin, þó að eg vilji, að tíundað sè eins vaxtafè þeirra, og annað fè.

Eg ætla, að hèr sè eingin ástæða til, að vísa málinu aptur í nefndina, þó að mörg og margbreytt breytingaratkvæði hafi verið borin upp. Hèr hefir ekkert það komið fram í umræðum manna, er bendi til þess, að nefndarálitið sè svo óskipulèga samið, að hvorki megi koma við breytingaratkvæðum

við uppástúngur nefndarinnar, nè greiða um sjálfar þær atkvæði; en það er einmitt, þegar svo stendur á, að tilefni er til að vísa máli aptur til nefndar til nýrrar meðferðar. Öðru máli er það að gegna, ef nefndin vildi taka til yfirvegunar breytíngaratkvæði þau, sem borin hafa verið upp í dag, og fallast á þau, ef hún getur, svo styttar yrði ályktunarumræðurnar.

Framsögumaður: Eg álít það líka sjálfsagða skyldu þíngmanna yfir höfuð, og sèr í lagi nefndarmanna í hverju máli, að skoða og rannsaka sem bezt öll þau breytíngaratkvæði, sem fram hafa verið borín, til þess annaðhvort að geta fallizt á þau, eða hrundið þeim að öðrum kosti.

Ásgeir Einarsson: Framsögumaður hefir sagt, að eg hefði það fyrir ástæðu að vísa málinu til nefndarinnar aptur, að eg hafi talað um mismun á hlutum fiskilóða; en þó þessi mismunur sè mikill, þykir mèr sá mismunurinn ekki betri, sem gjörður er á hestatíundinni, og var það helzta ástæða mín fyrir því, að nefndin tæki við málinu aptur, að þetta og fleira yrði lagfært í nefndarálitinu aptur, ef málinu verður ekki slegið á frest, hvers eg helzt vildi óska.

Þíngmaður Skaptfellínga heldur eg hafi feingið geðshræríngu af uppástúngu hans, sem hafi vilt mig í uppástúngu um nefndarálitið; en þetta er ekki svo, því mèr datt það í hug áður; en þó mèr þækti uppástúngan um tíundina af skuldabrèfum ómyndugra ósanngjörn, verður hún þó vest, ef hún kemur á skuldabrèf þau, sem nú þegar eru á vöxtum, án þess eigendur þeirra vissu það fyrir fram.

Jakob Pètursson: Áður en skilið er að öllu leyti við málefni þetta í dag, vil eg geta þess, að eg er á sömu meiníngu og þeir af hinum heiðruðu þíngmönnum, sem hefir þókt það ísjárvert, að fella alla hesta úr tíund, eptir nefndarálitinu; en þar hjá sè eg gjörla, að erviðleiki sumra jarða og sveita neyðir búendur til að eiga fleiri hross, en þeir annars vildu, og þykir mèr það líka ísjárvert, að þeir skuli skyldast til að gjalda fullkomna tíund af svona tilkomnum hrossafjölda: og til að koma nokkrum jöfnuði á þetta, sýnist mèr tækilegt, að fimta hvert brúkunarhross eða hestur falli úr tíund, hver lèttir kemur helzt fram við þá, sem við þessi erviðu kjör eiga að búa, en snertir ekki hina til muna, og kýs mèr svo breytíngaratkvæði á þá leið.

Guðmundur Brandsson: Í tilliti til þess, er hinn heiðraði þingmaður Húnvetninga sagði áðan, viðvíkjandi þiljuskipa fiskiveiðum, og að nokkru leyti skýrskotaði til kunnugra manna í því efni, þá undanfelli eg ekki hèr með að geta þess, að eptir því sem mèr er framast kunnugt, hafði hann öldúngis satt að mæla, því allir þeir, sem gjöra út þiljuskip til þorskfiskiveiða hèr í Faxaflóa, áskilja sèr helmíng af öllum aflanum.

þ. Sveinbjörnsson: Eg er ekki á því máli, að þessu sè vísað til nýrrar meðferðar af nefndinni, en verð að vera við það, sem eg hefi gjört að mínu breytíngaratkvæði, að eingin bænarskrá verði send konúngi. Því skýt eg til varaforseta, hvort hann vill bera þá spurníngu upp nú strax, eða bíða þess, að málið er algjörlega út rædt.

Guttormur Vigfússon: Eptir allar þær umræður, sem hèr hafa fram farið í dag um málefni þetta, og sem hafa verið næsta sundurleitar, get eg ekki annað en leiðzt til þeirrar ályktunar, að málefninu ekki sè í rèttan tíma hreift eður meðhöndlað af þínginu nú, því sá mismunandi skoðunarmáti manna sannar að minni hyggju, að sá rètti tími hafi ei verið kominn að taka það fyrir, þegar þíngið getur ekki komið sèr niður á nokkra fasta undirstöðu þess; hvað má þá ekki ætla að skoðun þess sè laus hjá mönnum út um alt land? Eg ætla, að það sè rèttast, að skjóta málinu á frest, og fellst því á mál hins konúngkjörna þíngmanns, er geymdi sèr breytíngaratkvæði um, að eingin bænarskrá yrði send konúngi að sinni.

Varaforseti: Hèr hefir verið talað með og mót, hvort málefni þetta vinni við að skilast aptur nefndinni til nýrrar meðferðar, og ber mèr nú að leita atkvæða þíngsins um, hvort svo skuli vera, en við ályktunarumræðu, hvort álitsskjal skuli semjast í málinu. Það sem þíngmaðurinn frá Norðurmúlasýslu lèt á sèr heyra, að málefnið væri hèr nú ekki á rèttum tíma upp borið, og færði það því til sönnunar, að mismunur væri á áliti þíngmanna um það, og mundi hann þó enn meiri út um landið: þá gæti þetta líka verið eins að hundrað árum liðnum; get eg því ei sèð af þessu ástæðu fyrir, að þíngið ekki megi fást við það nú. Þess vegna bið eg þíngmenn, að gefa atkvæði um, hvort málinu eigi að vísa aptur til nefndarinnar.

Eptir að þessu var neitað með 21 atkvæði gegn 1, kvað varaforseti málið nægilega rædt til undirbúnings og auglýsti

þinginu, að það kæmi til ályktunarumræðu að morgni, og ákvarðaði fund þá kl. 10. Fundi slitið.

---

20. júlí — fimtándi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá næsta fundi lesin og samþykt.

Varaforseti tók fram nefndarálit um landamerkja-lýsingu og skrásetníng, og afhenti það framsögumanni, Þ. Sveinbjörnssyni, er las það upp fyrir þinginu svo látandi:

NEFNDARÁLIT

um landamerkja-lýsíng og bókun hennar.

Hið heiðraða alþíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga bænarskrá nokkra frá Suðurþingeyarsýslu með 107 nafna undirskriptum, í hverri beiðendur óska, „að alþingið útvegi lagaboð, sem með hæfilegri og landsins háttum og þörfum samsvarandi aðferð fyrirskipi, að svo fljótt, sem verður, sèu skrásettar landamerkjalýsíngar allra jarða í landinu, og þær annaðhvort teknar í hina nýu jarðabók, eða á einhvern annan hátt trúlega varðveittar eptirkomendum vorum“.

Nefndin getur ei annað en álitið innihald þessarar bænarskráar svo alþjóðlegt og mikils umvarðandi fyrir alda og óborna, að hún í einu hljóði vill óska þess, að þingið láti sèr einkar ant um, að leggja þau ráð á við stjórnina, sem bezt og hagkvæmust væru þjóðarmálefni þessu til framkvæmdar. Nefndarmenn vilja, eptir því sem þeir bezt geta, styðja að þessu með eptirfylgjandi athugasemdum.

1. Ætlar nefndin, að þeim eptiræsktu landamerkjalýsíngum verði ekki svo haganlega fyrirkomið í þeirri nýu jarðabók, sem nú er verið að undirbúa samkvæmt tilskipun 27. maí 1848. Nefndin ætlar því, að landamerkjalýsíngarnar fyrir sýslu hverja ætti að skrásetja í sèrstaka bók, sem sýslumaður löggildi og geymi um aldur og æfi við skjalasafn sýslunnar.
2. Sýslumaður hver ætti með ráði presta og hinna skynsömustu hreppsbænda að útnefna í hverjum hreppi 3 menn til lýsínganna. Af þeim ættu 2 að vinna að verkinu, en hinn 3. sè til vara, ef annarhvor hinna væri forfallaður eða sjálfur á hlut að. Þessir allir eiðfestist fyrir fram af sýslumanni.
3. Þegar lýsíngar um landamerki í hreppi hverjum eru leiddar til lykta, ber að senda þær sýslumanni, sem kauplaust færir þær inn í áður nefnda bók eptir frumlýsíngunum.

4. Þar sem frumlýsingarnar gefa til kynna, að ágreiningur sè um landamerki einhverra jarða, láti sýslumaður eyðu opna, svo hann geti þar við bætt, strax þegar sá ágreiningur útkljáist með sáttum eða dómi.
5. Þegar sýslumaður hefir inn fært í bók sína frumlýsingarnar, skilar hann þeim aptur til hlutaðeigandi hreppstjóra, með áteiknunum, að þær sèu færðar inn í máldagabók sýslunnar, og eiga þær síðan að vera geymdar við hreppskjalasafnið.
6. Allar fáanlegar skýrslur um landamerki ber fyrir fram að útvega, bæði hèr í landi og erlendis.
7. Erindisbrèf sè samið af stjórn landsins fyrir lýsingarmenn, eptir ráðfæringu við sýslumenn, og ætlar nefndin, að helztu drættir þessa erindisbrèfs eigi að vera:
   a) Að lýsingarmenn kalli til ákveðins dags ábúendur jarðanna og eigendur þeirra, ef þeir eru innan hèraðs, en fulltrúa eigendanna, ef þessir eru utan hèraðs, að þeir sèu við skrásetningu lýsinganna.
   b) Þeir miðli málum, ef ágreiningur er milli hlutaðeigenda, verði því umsvifalaust og góðfúslega við komið.
   c) Lýsingarmenn undirskrifi daglega það þeir bóka, en hlutaðeigendur undirskrifi við hverja jörð við endaða lýsingu landamerkja hennar.
   d) Lýsing landamerkja sè greinileg og nákvæm, og þar sem eingin glögg og sýnileg merki eru, til að mynda lítilfjörlegt holt eða lángar sjónhendíngar, sjái lýsingarmenn fyrir, að merki verði til sett, helzt jarðhólar með koli í; en hlutaðeigandi hreppstjóri og sýslumaður sjái um, að þessum merkjaþúfum sè við haldið af ábúendum jarðanna.
   e) Ef reki fylgir jörðu, tilgreini þeir nákvæmlega, hvernin rèttindum þeim sè varið, svo og rekamörk, ef rekaítakið er á vissu svæði.
   f) Ef jörðu fylgja ítök í landi annarar jarðar, skal þess nákvæmlega getið, hvort sem það eru rèttindi ein, eða afmarkað land, og ef það er afmarkað land, ber nákvæmlega að tilgreina ummerki þess, bæði við þá jörðu, sem ítakið á, og við hina, í hverrar landi ítakið liggur.
8. Lýsingarmenn fái 1 rbd. 32 sk. daglega í fæðiskaup og ferðalaun, og greiðist það af gjaldtakendum eptir niðurjöfnun á dýrleika jarða allra í hverjum hreppi.

Nefndinni væri það kært, ef alþingið gæti fundið fleiri eða nákvæmari reglur, þessu alþjóðlega verki til betri framkvæmdar, eins og vèr samhuga leyfum oss að ráða alþingi til, að beiðast þess allraþegnsamlegast, að hans hátign, konúngurinn, allramildilegast útgefi hèraðlútandi lagaboð.

Reykjavík, 16. dag júlímánaðar 1849.

Þ. Sveinbjörnsson. J. Jónsson. Kr. Kristjánsson.

Framsögumaður: Eg hefi litlu við það að bæta, sem nefndarálitið segir. Mèr er yfrið kært að heyra tillögur þingmanna, til þess að þetta alþjóðlega málefni geti orðið sem bezt úr garði gjört. Þessara tillaga vænti eg, og þeirra er því heldur þörf, sem nefndarálitinu var af okkur, vegna tímaskorts við önnur þingstörf, meira flýtt. Við vildum sízt, að þetta málefni yrði útideyða. Eitt er það þó, sem mèr síðar hefir hugkvæmzt, og því skýt eg undir umræður þingsins, hvort ei mundi tiltækilegt, annaðhvort að forlíkunarnefnd hverrar sveitar væri við lýsingatökuna, eða þó heldur að lýsingamönnum veittist sömu rèttindi og skyldur, sem sættanefndinni, til að semja milli manna, meðan á lýsingunum stæði.

Kr. Kristjánsson: Málefni þetta er í sjálfu sèr ekki svo margbrotið, og líka svo útbúið, að það að líkindum ollir ekki miklum umræðum. Eg skal að eins leyfa mèr að vikja á, að eg í uppástúngum nefndarinnar finn einga ákvörðun um, hvílíkt gildi þessir hinir nýu máldagar eða landamerkjalýsingar eigi að hafa, og hygg eg að vísu, að gildi þeirra hafi átt að leiðast af nærveru hlutaðeigenda við lýsinguna og samþykki þeirra, sem þar á væri bygt. En þar eð eingin sekt er lögð við fjærveru þeirra, eða neinar afleiðíngar ákveðnar, sem knýi hlutaðeigendur til að mæta, mundi það ekki ósjaldan við bera, að einhver hlutaðeigenda yrði fjærverandi, einkum þegar hann gæti átt von á, að hann hefði ekki hag af lýsingunni.

Ekki er heldur farið fram á í nefndarálitinu, að landamerkjalýsingunum verði þínglýst, og hygg eg þó, að það mundi eiga vel við, og með þessu móti gætu þá landamerkin orðið inn færð í þau registur, sem fylgja kaup- og veðbrèfabókum; líka virðist ástæða til að gjöra það að lagaskyldu, að setja landamerki jarðanna framvegis í afsalsbrèfin.

Í tölulið 6 er það ákveðið, að útvega beri allar fáanlegar

upplýsingar og skilríki; en eg sakna ákvörðunar um, hver eigi að gángast fyrir þessu.

Í tölulið 7. er einnig ákveðið, að erindisbréf fyrir lýsingarmenn skuli verða samið af stjórn landsins, og veit eg ekki nema það ætti við, að skýra betur orð þetta.

Í tölulið 8. er það tekið fram, að gjaldtakendur skuli greiða hið ákveðna kaup til lýsingarmanna, og hygg eg þetta rètt, en þegar gjaldtakendur eru í fjarlægum hèröðum, virðist sanngjarnt, að lýsingarmenn ættu aðgáng að landsetum þeirra, móti endurgjaldi frá afgjaldstakendum.

Eg hefi gjört þessar fáu athugasemdir, ekki til þess að setja út á nefndarálitið, sem eg sjálfur hefi með undirskrifað, heldur til að leiðbeina málefninu, að því leyti mèr var unt.

Framsögumaður: Eg felli mig vel við viðauka aðstoðarmannsins, en spursmál virðist mèr það vera, hvaða verkun það hafa ætti, ef hlutaðeigendur, rèttilega tilkallaðir, ekki mæta, og ætla eg þá, að frávera þeirra, ef þeir sanna ei forföll, eigi að hafa sömu verkun, sem þeir hefðu við verið. Spursmál getur það einnig verið, hver útvega eigi skilríki fyrir jarðanna landamerkjum, sem fáanleg kynnu að vera utan lands og innan. Má ske sýslumaður hverrar sýslu vildi gángast fyrir því. Eg fellst á tillögurnar við 8. grein, og þinglýsingarnar held eg bæði góðar og gagnlegar.

Jón Jónsson: Með tilliti til þinglýsinga held eg, ef borgun eptir aukatekjureglugjörðinni ætti að greiðast sýslumanni fyrir hverja jörð, og þeim væri svo öllum lýst á einu manntalsþingi í hverjum hreppi, þá yrði það óþörf og mikils til of mikil greiðsla, og geymi eg mèr í þessu falli rètt til breytingaratkvæðis.

Guttormur Vigfússon: Mèr datt í hug að gjöra þá athugasemd við nefndarálitið, að hreppstjórum sè boðið að lesa landamerkjaskrárnar upp 3. hvert ár fyrir hreppsbúum, og sýslumönnum á manntalsþingum að taka þingsvitni upp á, að landamerkin sèu óátalin viðurkend, og áskil eg mèr rètt til að gjöra þetta að viðaukaatkvæði mínu. Enn fremur hugkvæmdist mèr að vekja athygli þingsins að því, hvort það væri ei gjörlegt til kostnaðar sparnaðar við landamerkjalýsingarnar, að hlutaðeigendur sjálfir semdu lýsingarnar, en þó væru lögboðnir lýsingarmenn til settir, er optast mundu hreppstjórar eða forlíkunarmenn, sem þá einúngis í uppákomandi

ágreiníngstilfelli væru kallaðir. Fallist þíngið á þetta, sting eg upp á, að þessir síðari hafi sama rètt, sem lögboðnir forlíkunarmenn, og geymi eg mèr rètt til viðaukaatkvæðis um þetta þar til síðar.

R. M. Ólsen: Með tilliti til þess, er þíngmaður Suðurþíngeyínga sagði, þá getur mèr eingan veginn blöskrað þínglýsínga kostnaðurinn til sýslumannanna, sem, ef hann nokkur yrði, mundi verða tekinn eptir 30. grein aukatekjureglugjörðarinnar, er við mun eiga í þessu tilfelli, og eru það 36 sk., og fyrir innfærslu í afsalsbrèfabókina 12 eða mest 24 sk., *summa summarum* 60 sk. Eg held allir vilji fúslega greiða af hendi kostnað þenna, og láti hann ei standa í vegi fyrir, að þeir öðlist ekki vissu fyrir landamerkjum jarða sinna. En að láta hreppstjóra lesa landamerkjalýsíngarnar á hreppaskilaþíngum, eins og þíngmaðurinn frá Norðurmúlasýslu stakk upp á, get eg ei álitið hagkvæmt eða nauðsynlegt.

Jón Jónsson: Með tilliti til athugasemda hins heiðraða þíngmanns frá Norðurmúlasýslu verð eg að efast um, að það geti verið nokkurn tíma ráðlegt eða óhult, að aðrir en þeir tilteknu lýsíngamenn skrásetji lýsíngarnar, því þeirra eigin skoðun held eg hljóti að verða vafaminnst og nákvæmust.

Framsögumaður: Það stendur í 3. grein, að þeir innfæri í sýslubókina kauplaust; en ekki er eg því mótfallinn, að sýslumenn fái borgun fyrir þínglýsíngarnar. Ekki ber eg neinn kvíðboga fyrir, að innfærsla í sýslubókina mistakist í hendi sýslumanna, og þar af er því síður neitt að óttast, sem frumskýrslurnar geymast í hreppanna skjalasafni.

Jakob Pètursson: Eg get ekki felt mig við innihald 8. greinarinnar í nefndarálitinu, ef eg skil hana rètt, nefnil. að skoðunar og lýsíngarkostnaðurinn skuli jafnast á allar jarðir í hreppnum eptir dýrleika, þar auðsjáanlega verður misjafnt haft fyrir skoðun þeirra, t. a. m. eg á með 6 jarðir, hvar eingínn vafi er á landamerkjum, og hefi líka útvegað skjöl fyrir þeim; aðrar jarðir eru aptur landvíðar til heiða, með óglöggum landamerkjum, hvar af þræta getur risið, og sumar eiga fjarlæg afrèttalönd og reka: þykir mèr því rèttara, að hver eigandi borgi kostnaðinn við landamerkjalýsíng á sinni jörðu, einkum hvar ítök þessi fylgja.

Framsögumaður: Þetta, sem nú var mælt, þykir mèr nú lýsa litlum fèlagsanda; þess stærri sem jörðin er, þess meira

er að líkindum haft fyrir henni, af því að þess meira er þá yfir að líta, og er því alleðlilegt, þó hún beri meira af kostnaðinum, en smákotin, enda þó enginn ágreiningur væri um merki hennar. Viðbáru þingmannsins úr Norðurþingeyarsýslu get eg ei til greina tekið, en frjálst á hann að gjöra úr þessu breytingaratkvæði, ef honum svo sýnist.

Jakob Pèturssson: Það er ætlan mín, að sami félagsandinn muni bærast í fleirum, sem mèr, og tek mèr því breytingaratkvæði, samkvæmt því sem eg áðan mælti.

Haldór Jónsson: Með tilliti til skjala þeirra og skilríkja, sem nauðsynlegt væri að útvega, áður en byrjað væri að semja landamerkjaskýrslurnar, held eg nauðsynlegt, að ákveðinn væri nokkurra ára frestur, frá því lagaboðið væri út gefið, til þess tíma þá starfið skyldi byrja; mætti það þá verða meðal til, að færri fyrirstöður yrðu fyrir lýsingarmennina, og minni ágreiningur við starf þeirra, með því hlutaðeigendur mundu nota þenna frest, til þess með lögsókn að fá enda á landaþrætum. Að svo komnu vil eg þó ekki geyma mèr rètt til breytingaratkvæðis í þessu tilliti, en held, að fresturinn ekki mætti vera minni, en 3 ár.

Þar sem í álitsskjalinu er talað um, að hlutaðeigendur skuli undirskrifa, þegar lýsing á landamerkjum hverrar jarðar sè lokið, þá held eg með tilliti til þeirra jarða, sem landaþræta er á milli, ætti að taka það greinilega fram, að eigendur beggja jarðanna undirskrifuðu lýsingu hverrar jarðarinnar fyrir sig, og að þrætupartinum greinilega væri lýst við hverja þeirra.

Framsögumaður: Eg tel það víst, að nefndin felli sig vel við, að ákveðinn sè viss frestur til útvegunar á skilríkjum fyrir jörðunum utan lands og innan.

Haldór Jónsson: Þá áskil eg mèr viðaukaatkvæði, að fresturinn sè ákveðinn til þriggja ára.

Jón Samsonsson: Eg held eg verði líka að áskilja mèr breytingaratkvæði á þá leið, að þegar búið væri að samþykkja og skrásetja landamerki jarða, þá væri þeim, sem bygðu jarðir með brèfi, upp á lagt, að láta landamerkjalýsingu fylgja hverju byggingarbrèfi. Það er líka því eðlilegra, sem flest byggingarbrèf upp á leggja leiguliðum að halda því undir jarðirnar, sem þeim fylgi og fylgt hafi að undanförnu.

Framsögumaður: Nefndin fann sèr óþarfa að hreifa því,

sem þingmaður Skagfirðinga fer fram á, af því að í frumvarpi því til nýrra landbúnaðarlaga, sem er í stjórnarinnar hendi, og sem vænta má að verði meðal enna fyrstu málefna, sem borin verða undir eð nýa alþingi, er það gert hverjum, er jörðu selur, að skyldu, að tiltaka ummerki jarðarinnar í afsalsbréfinu til kaupandans. Þókti því óþarfi, að ítreka þetta aptur á þessum stað.

Þ. Sivertsen: Það gleður mig mikið, að heyra það á ræðum þeirra, er nú þegar hafa farið nokkrum orðum um þetta málefni, að þeir hafa þó fremur hlynt að því, að það feingi framgáng, því þingmenn viðurkenna þó með því, að þeim, eins og þjóðinni, yfir höfuð tekið, mun finnast, þykir þó málið mikils vert, og þess vert, að leitazt sè við, að fá það sem bezt úr garði búið frá þinginu, sem færi er á, hvernig sem það tekst, eða hver helzt úrslit það síðan fær frá stjórnarinnar hálfu. Í þessu skyni er það, og að nefndarinnar tilmælum, sem eg vil leyfa mèr að hreifa fáeinum athugasemdum við nokkur einstök atriði í nefndaruppástúngunni, og get þess þá fyrst

Við. 2. gr., að það getur opt borið að, að allir 3 lýsingarmennirnir sèu viðriðnir um of, t. a. m. 2 af þeim eiga sömu jörðina, sem lýsa á, en sá þriðji á jörðina, sem næst liggur, og fleiri þess konar tilfelli kynnu að bera að. Mèr þækti því varlegra, að sýslumaðurinn útnefndi 2 lýsingarmenn reglulega, en jafnframt aðra 2 til vara, sem gegndi störfum, þar og þá, sem hinir yrðu frá að víkja.

Við 5. gr. Eg man ekki, hvort nefndin getur þess, að lýsingarmenn skuli hafa löggilta bók, til að innfæra strax í frumlýsingarnar. Eg held þó það væri ómissandi og áríðandi, og ætla eg bezt færi, að sýslumaður legði hana til og löggilti, en borgun hennar teldist með öðrum lýsingarkostnaðinum, því fram á það mun þó ekki farandi, að lýsingarmenn af launum sínum borguðu bókina.

Við 6. gr. Ekki getur mèr skilizt, að aðrir standi nær því, eða að öðrum sè það skyldara, en jarðeigurum sjálfum, að útvega skjöl þau og skilríki fyrir landamerkjum, sem til kynnu að vera, og ætla eg þeim væri það innan handar, væri þeim til þess gefinn þriggja ára frestur, eins og mig minnir að stúngið væri upp á af enum heiðraða konúngkjörna þingmanni andlegu stèttarinnar. Líka vilda eg leyfa mèr að hreifa því,

að eg ætla nauðsynleg væri sú ákvörðun, að auglýsa skyldi á þíngum, t. a. m. manntalsþíngi hverrar sveitar, nær landamerkjalýsíngarnar ættu í sveitinni að byrja, svo jarðeigendur gætu mætt, eða látið mæta, og þá, að það yrði gjört að reglu, að þeir jarðeigendur, eða umboðsmenn þeirra, sem ekki mættu þá við landamerkjalýsíngarnar, væru álitnir að hafa viðurkent og játað þau landamerki jarða sinna rètt og áreiðanleg, sem nábúar og nábúajarðaeigendur hefðu frá skýrt. Annars er eg hræddur um, að sumir ekki mættu, og kendu um það óvissunni, nær jarðanna landamerkjalýsíngar áttu að byrja og fram fara. Það er enn fremur eitt atriði, sem eg lítið eitt vildi drepa á, og það er um rekaítökin; mèr þykir það nokkuð ísjárvert, þegar einn getur skýrt frá, að jörðu sinni, kirkju, eða hverju sem er, heyri til það eða það rekaítak í annars manns jörðu, sem verið getur í öðru hèraði, öðrum fjórðúngi, án þess að sá, í hvers jörðu sagt er að ítakið liggi, fái þar um vitneskju, svo hann geti annaðhvort viðurkent það rètt hermt, eða mótmælt því. Eg hygg það væri því nauðsynlegt, að þar sem við einhverja jörð væri talið reka- eða annað ítak í annars landi, í annari sveit eða sýslu, væru lýsíngarmenn skyldugir til, strax og það er inn fært í frumlýsíngabókina, að skrifa um það sýslumanni sínum, en þessi ætti þá strax að skýra frá því lýsíngarmönnum í þeim hreppi, hvar ítakið liggur, sè það innan sýslu, en sè það utan hèraðs, þá sýslumanninum þar, til auglýsíngar viðkomandi lýsíngarmönnum þeirrar sýslu. Eg hefi nú getið þessa, eingan veginn í því skyni, að eg að svo stöddu ætlaði um það að bera upp nokkur breytíngar eða viðaukaatkvæði, heldur, ef ske mætti, að málefnið yrði sem glöggast skoðað og rædt. Heyri eg eptir á, að einhver af þessum athugasemdum feingi meðhald nefndarinnar eða annara þíngmanna, þá er nægur tími, enn sem komið er, þar um að bera upp viðaukaatkvæði. Ræða ens virðulega þíngmanns frá Norðurmúlasýslu skildist mèr einkum lúta að þeirri ósk hans, að landamerkjalýsíngarnar yrðu sem kostnaðarminnstar og óbrotnastar, en mèr varð ekki nógu ljóst af orðum hans, hverja tilhögun hann vildi til þess hafa, svo að eg geti þar um nokkrum orðum farið, fyrr en hann, eða aðrir þíngmenn, skyldu hreifa því að nýu.

Framsögumaður: Eg kann þeim heiðraða þíngmanni Dalasýslu þakkir fyrir þær mörgu bendíngar, hann gefið hefir

málefninu til fullkomnunar, því alt slíkt er nefndinni yfrið kærkomið. Margt af því, sem fram hefir verið borið, á að nefndarinnar meiningu vel við, til dæmis, að auglýst sè á manntalsþingum, hve nær skoðanirnar skuli fyrirtakast, og eins það, að innfært sè í bók fyrir hvern hrepp, heldur en að lýsingarnar geymist á lausum blöðum, sem opt kunna að glatast.

Ásgeir Einarsson: Eg vona enginn þingmaður liggi á liði sínu með að styrkja þetta mál, og það því síður, sem bæði nefndin yfir höfuð og framsögumaður hefir gjört sitt bezta til, og framsögumaður einkum skorar á þingmenn að láta meiningar sínar í ljósi: ætla eg því að fara nokkrum orðum um nefndarálitið. Eg vil fyrst minnast á lýsingarmennina, sem nefndin hefir ætlað 1 rbd. 32 sk. dag hvern. Nú gjöri eg, að þeir ljúki við landamerkjaskoðun tveggja jarða á dag til jafnaðar; yrði þá kostnaðurinn yfir land alt 7,494 rbd. 32 sk. En til að spara þennan kostnað, held eg ei ætti að kalla til lýsingarmannanna, nema þegar eigendur jarðanna ágreindi um landamerki; verð eg því fremur að álíta, að lýsingarmenn þessir ættu að hafa sama myndugleika við þennan starfa sem sáttanefndarmenn, og áskil eg mèr um það viðaukaatkvæði; einnig áskil eg mèr breytíngaratkvæði um það, að lýsingarmenn sèu ekki kvaddir til landamerkjaskoðunar, nema hlutaðeigendur á greini.

Hvað það snertir, sem stúngið er upp á í 3. grein nefndarálitsins, að sýslumenn færi lýsingarnar kauplaust inn í áður nefnda bók samkvæmt stafliðnum *d*, þá finnst mèr það fremur ósanngjarnt, vegna þess að alþíng hefir í öðrum málum sýnt, að það geingur grant að embættismönnum með borgun til opinberra þarfa, og ætti það því síður að leggja þeim ný störf á herðar fyrir einga borgun. Sting eg því upp á, að þeir fái borgun fyrir þetta samkvæmt aukatekjureglugjörð af 10. sept. 1830 7. §, og held eg þetta nemi ekki töluverðu gjaldi fyrir jarðeigendurna, þar lýsingin sjaldnast mun verða yfir hálfa örk, og yrði borgunin þá ei meira en 12 sk. Ekki er þeim heldur neitt ætlað í nefndarálitinu fyrir að útnefna lýsingarmennina, sem þeir ættu þó að fá fyrir 16 sk., samkvæmt sjöttu grein nefndrar reglugjörðar, og geymi eg mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þessa leið.

Eg veit, að mikill vafi gæti orðið á skýrslum um ítök,

einkum kirkna, þar eg veit dæmi til, að skjöl þeirra heimila tveimur sama ítakið.

Jón Jónsson: Ekki kem eg því fyrir mig, eða get meint, að kostnaðurinn verði líkur því að upphæð, sem þingmaður sá, er nú mælti, gjörði áætlun um; eg get valla meint það sè oftætlun fyrir lýsingamennina til jafnaðar, að skrásetja og lýsa merkjum milli fjögra jarða á dag, því þó það sumstaðar og stundum kynni að verða minna, þá eru aptur margra jarða merki svo glögg, einlæg og fábrotin, eins og náttúran hefir myndað þau, þar sem eru ár, gil, eður lækir og þess háttar, sem menn hafa í öndverðu valið til merkja, og geingur þá lýsingin mjög fljótt, þar sem svo á stendur, og í verunni er það ekki nema eins og ein merki fylgi hverri jörðu, eður jarða og merkja tal sè jafnt. Þegar enn nú aðgætist, að einn 8. eða 10. partur af tölu jarðanna er hjáleigur þær, sem hvorki hafa nú aðskilin landamerki frá heimajörðum, og má ske geta aldrei feingið þau, þá gánga jafnmörg landamerki frá í lýsingunum, sem þær jarðir eru, er svoddan hjáleigur fylgja, og hverfur því sá kostnaður eptir tiltölu. Telst mèr þá svo til, að kostnaðurinn ekki mundi yfirstíga 3 til 4000 ríkisdala, og held eg mætti finna dæmi til í landi hèr, að mál, sem risið hafa af þrætu einnar einustu jarðar, hafi loksins kostað mikið upp í þetta verð, og sèst bezt af því, hvað með lýsingum og skrásetníngum þessum kynni að verða fyrirbygt. Hafi eg tekið rètt eptir þingmanni Strandasýslu, þá skildist mèr, að hann stýngi upp á því til kostnaðar lèttirs, að lýsingamenn skyldu einúngis vera kallaðir til, þegar hlutaðeigendum jarða kæmi ekki saman um landamerki, en á það get eg ekki fallizt, framar nú en áður. Það má, ef til vill, eingan veginn eiga það undir lýsingum sjálfra hlutaðeigenda, að þær verði svo glöggvar, skýrar og vafalausar, að það ekki seinna meir geti valdið misskilníngi og ágreiníngi; lýsingarmenn, sem eru viðteknir, geta ekki heldur látið sèr lynda þá lýsingu, sem aðrir gjöra, því það, sem þeir eiga rètt sem að vitna um upp á samvizku sína, verða þeir sjálfir að sjá með eigin augum og orða sjálfir eptir þeirri eigin skoðun sinni, þar sem hlutaðeigendur einúngis segja þeim og sýna, hvar landamerkin eru.

Eyólfur Einarsson: Eg veit ekki, hvort eg hefi tekið rètt eptir nefndarálitinu. Eg fer má ske að villast, því mèr virtist, að þingmaðurinn frá Strandasýslu ætlist til, að landamerkja

kostnaðurinn borgist af því opinbera, en eg tók eptir, að nefndarálitið ætlist til, að kostnaðurinn borgist af eigendum jarðanna, og virðist mèr það rètt; en eg vil líka, að skriptir sýslumanna við þau störf borgist ekki, en að sýslumenn geri það ókeypis, þegar bændur taka á sig kostnað þennan.

Framsögumaður: Það, sem þingmaður Barðastrandarsýslu fer fram á, stendur með berum orðum í 8. gr. nefndarálitsins, og þarf því þar um ekkert viðaukaatkvæði. Eg felli mig vel við meðnefndarmanns míns uppástúngur, en ekki get eg að öllu leyti sagt það sama um uppástúngu þingmannsins frá Strandasýslu, sèr í lagi það, að lýsingarmenn sèu ei tilkallaðir, nema þar sem ágreiníngur verður um merkin. Eg held þeir ættu að gángast fyrir verkinu allstaðar, hver í sínum hreppi; væri það ekki, þyrfti ótal sendiferðir til þeirra, þegar ágreiníng aðbæri, ef þeir ættu ekki aðgjörðalausir að hánga yfir verkinu alt af. Þetta yrði tímaspillir, því skeð gæti lýsingarmenn byggi lángt hver frá öðrum. Eg er og þeirrar meiníngar, að sýslumenn muni ókeypis rita lýsíngar í máldagabók sýslunnar, og það þess heldur, sem þessu þyrfti ei að hraða svo mjög. Eg mótmæli því hèraðlútandi breytíngaratkvæðum. Strax við inngáng umræðu þessarar hreifði eg því, hvort ei mundi tiltækilegt, að lýsíngarmönnum veittist rèttur til, sem sáttamönnum, að semja milli manna á lýsíngafundunum, þar sem ágreiníngur yrði um merkin,

Varaforseti: Mèr finnst þó athugavert við það, er hinn mikilsvirti konúngkjörni þíngmaður stakk upp á við hina 7. grein, staflið *b.*, að lýsíngarmönnum skyldi veita rètt þann, er sáttanefndum ber, svo þeir þess heldur gætu komið miðlun á millum jarða eigenda, ef þá greinir á um landamerkin: því fyrst þykir það má ske ekki vel við eiga, að fela þeim starf nefndar þeirrar, sem það hefir á hendi í sama umdæmi. Mèr virðist og heldur ekki, að lýsíngarmenn verði að nokkru hæfari til að miðla málunum, en þeir áður voru, nè að þeim vaxi nokkuð vit eður vilji þar við til að framkvæma þetta starf sitt, og ætla heldur ekki, að eigendurnir,myndugir menn, ef þeir undirskrifa samninginn ásamt lýsíngarmönnum, muni geta þar frágeingið, og sèu því bundnir við orð sín, eins og samningur hefði orðið af þeim gjör í sáttanefndar viðurvist. Strandasýslu þíngmaður gjörði þetta einnig að viðauka-atkvæði sínu, og í tilliti til þess gjöri eg einnig þessa athugasemd.

Framsögumaður: Eg get skilið svo orð hins heiðraða varaforseta, sem hann vildi gjöra lítið úr nytsemi sáttanefndanna, hvað eg þó veit að ekki er hans meining. Eg ætla það þó ljóst, að það gæti komið í veg fyrir margar lagaþrætur, ef lýsingarmennirnir hefðu sáttanefndarvald og réttindi við lýsingarnar, og líklegra er, að þeir gætu þá kljáð á enda einhverja miskliðina, en ef mótpartarnir einir ættust við.

Varaforseti: Mèr virðist þó, að í drætti nefndarinnar til erindisbréfs lýsingarmanna, staflið *b*, sè tiltekið, að lýsingarmenn miðli málum, verði því með góðu móti við komið. Þessi grein ætlast nefndin til að að lögum verði, og sè eg þá ei annað, en lýsingarmenn með fullri heimild og með nægum myndugleika geti og eigi að miðla málum; gjöra þeir þá viðurvist sáttanefndar óþarfa, og réttindi sáttanefndarinnar lýsingarmönnunum einnig óþörf. Þeim er þá með lögum boðið að semja sætt milli hlutaðeigenda; en hvernig hinn háttvirti konúngkjörni maður fær hèr út af leidt, að eg metti sáttanefndirnar að litlu, fæ eg ekki skilið. Þær eru af stjórninni settar til að miðla málum manna, svo að allir þeir, sem á greinir, geti haldið sig til þeirra; en hèr eru menn settir til hins sama í þessu einstaklega tilfelli.

Framsögumaður: Það er þó öllum kunnugt, að sættir manna á milli utan sáttanefndar, og sættir fyrir sáttanefnd samdar, hafa ekki sömu rèttarverkun. Þær fyrri er ekki ugglaust um að kunni að verða rofnar, en þær síðari hafa sama gildi, sem óáfrýaður dómur.

Varaforseti: Eg ætla þó, þegar eigendurnir sjálfir hafa undirskrifað og staðfest lýsingarnar með lýsingarmannanna undirskriptum, sem votta, þá muni þeir ekki geta geingið frá samníngi sínum. Eg veit ei, hvernig betur á að vera um búið, og ætla hvern mann bundinn við orð sín.

Jón Jónsson: Það vil eg þó meina, að lýsingamenn mundu leggja sig betur til að miðla málum, eður koma sátt á í milli hlutaðeigenda, ef þeir hefðu köllun og umboð til þess, líkt og hin lögskipaða sáttanefnd, heldur en þó þeir einúngis hefðu leyfi til að reyna það.

Varaforseti: En í staflíðnum *b* stendur, að þeir skuli miðla málum, og fái þessi grein lagagildi, þá sè eg ekki, að lýsingamenn þessir geti öðlazt hærri skipun, æðri myndugleika, eða frekari hæfilegleika.

Jón Þórðarson: Það er eitt, sem mèr finnst athugavert við nefndarálitið, þar sem jarðeigendum er gjört að skyldu annaðhvort að mæta sjálfir, eða þeir láti fulltrúa mæta fyrir sína hönd, og eptir því eiga þá fulltrúar þeirra bæði að semja um landamerkin, þar sem ágreiningur kynni að vera, og svo einnig undirskrifa lýsinguna; þettað sýnist mèr nú ísjárvert bæði vegna þeirra myndugu eignarmanna, sem vegna fjarlægðar eða annara forfalla ekki gætu sjálfir mætt, og einnig vegna þeirra ómyndugu, sem altíð yrðu að hafa fulltrúa fyrir sína hönd. Eg áskil mèr þess vegna það breytíngaratkvæði, að eingin landamerkjalýsíng hafi fult gildi, fyrr en myndugur eigandi hafi sjálfur samþykt.

Eyólfur Einarsson: Eg veit ei betur, en lögboðið sè, að sá, sem mætir fyrir annan í jafnáríðandi sök, skuli hafa ótakmarkaða fullmakt.

Jakob Pètursson: Alt of mikið traust virðist mèr þíngmenn bera til þeirrar miðlunar, sem skoðunargjörðarmenn geti gjört milli jarða-umráðenda; en ekki held eg, að umboðsmenn konúngsjarða gjöri töluverða afmiðlun án amtsins samþykkis, og yrði nokkuð tafsamt að ná því við hvert þess konar tilfelli.

J. Johnsen: Tilgángurinn með þetta mál er svo góður og landinu þarflegur, að eg ekki mundi fá það af mèr, að mæla á móti því, hvernig sem skoðunarmáti minn um eðli þess annars væri; enda hefi eg, hvernig sem fer um afdrif þess, von um, að það láti eitthvað gott af sèr leiða. En ekki get eg varizt þess, að eg hafi beig af, að stjórnin verði treg á að taka að sèr, eins og til er ætlazt, mál, sem er svo einstaklegs eðlis sem þetta, eða t. a. m. að leggja embættismönnum sínum þann starfa á herðar kauplaust, sem ráðstöfun sú, sem farið er á flot, útheimtir. Mèr virtist, að þessi hin sama hugsan lægi í þeim orðum, er hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu fór um málið áðan, er hann vèk að því, að eigendurnir sjálfir stæðu næstir til að útvega landamerkjalýsíngar fyrir jörðum þeirra, og ekki verður því neitað, að gjörvöll sú ráðstöfun, sem hèr er farið fram á, er í þeirra eigin þarfir. Eg ber þessa efasemd einmitt fyrir þá sök undir þíngið, að eg með þeim hætti vilda gefa því tilefni til, ef því þykir nokkuð í hana varið, þá að láta það koma fram, málinu til stýrkíngar í þessu tilliti, sem þurfa þækti, og sannfærandi væri fyrir stjórnina.

Kr Kristjánsson: Með tilliti til þess, að hinn heiðraði þingmaður Árnesinga lèt í ljósi efasemdir sínar um, að stjórnin yrði fús á að ganga inn á málefni þetta, verð eg að geta þess, að ef málefnið í sjálfu sèr er svo alþjóðlegt, nytsamlegt og nauðsynlegt til að geta verndað eignarrèttindi manna, eins og öllum þingmönnum kemur saman um, þá verð eg að halda það ófyrirsynju, að drótta því að stjórninni, að hún verði ófús á að gefa því gaum, og það því fremur, sem ekki er beðið um annað en lagaboð, sem eingaungu miðar til að gjöra mönnum það mögulegt að vernda eignarrèttindi sín í tilliti til fasteigna landsins. Eg fyrir mitt leyti þykist sannfærður um, að stjórnin vilji verka til sèrhvers þess, sem í sjálfu sèr er rètt og gott.

J. Johnsen: Það gleður mig að heyra þetta af munni hins heiðraða aðstoðarmanns, sem mælir í nafni stjórnarinnar sjálfrar, og má nú eptir þetta hafa góða von um, að málinu verði framgeingt hjá stjórninni, eins og því er farið á flot.

Kr. Kristjánsson: Í tilliti til þess, sem fulltrúi Árnesinga nú mælti, verð eg að geta þess, að eg hefi ekki gefið neina von um þetta; en hitt sagði eg, að mèr sýndist ófyrirsynju að ætla það stjórninni, að hún mundi ekki leggja sitt til að styðja svo mikilvægt og nytsamt málefni, sem þetta er, eins og sèrhvað annað, það sem í sjálfu sèr er sannarlega rètt og gott.

Þ. Sivertsen. Það getur nú gjarnan verið, að orð mín áðan hafi verið svo löguð, að þar af mætti halda, að mèr þækti geta verið vafi á því, hvort stjórnin vildi, eða áliti sèr skylt, að gefa okkur löggjöf um þetta efni, eg ætla það nú líka vera, svo að fáir geti um það sagt með vissu; en hvernig sem því er varið, og hverja helzt skoðun sem stjórnin leggur á málefnið, held eg þinginu óhætt að fara bónarinnar á leit, þingið hefir vanizt því fyrri, að fá ekki allar sínar óskir heyrðar; það hefir líka vanizt því, að fá margar heyrðar. Og í því skyni, að málefni þetta fái góðan byr hjá þinginu, og tilleiddur af þeim umræðum, sem nú eru orðnar, vil eg í framhaldi þess, er eg áðan mælti, geyma mjer rjett til eptirfylgjandi viðauka og breytingar atkvæða.

1. að lýsingarmenn útnefnist 2, og aðrir 2 til vara.
2. að sýslumaður útvegi og löggildi bók þá, sem frumlýs-

íngarnar ritast í af lýsíngarmönnunum, og að borgun hennar teljist með öðrum landamerkjalýsíngar kostnaðinum.

3. að það sè jarðeigandans skylda, en ekki annara, að útvega þau skilríki fyrir landamerkjum jarðar sinnar, er hann vill og getur.

4. að sýslumenn lýsi því yfir á hvers hrepps manntalsþíngi, nær lýsíngarnar í þeim hrepp eigi að byrja, og að þeir jarðeigendur, sem ekki mæti eða láti mæta, verði álitnir að hafa samsint þeim landamerkjum, er við nábúajarðir þeirra verða til greind.

5. að lýsíngarmenn sèu skyldir strax að ávísa sínum sýslumanni, og hann aptur rèttum viðkomendum, þegar reka- eða annað ítak er eignað jörð, úr eða í annari jörð, sem liggur í annari sveit eða sýslu.

Og þar eð ýmsum meiníngum eða áliti hefir verið hreift hèr um borgunar niðurjöfnunina, ætla eg enn fremur að áskilja mèr það viðauka-atkvæði,

6. að lýsíngarmenn eigi aðgáng að sýslumanni sínum með borgunina, hver aptur jafni því niður á jarðir hvers hrepps, eptir hundraða tali, og greiðist honum af ábúendum, mót fullkomnu viðurlagi til þeirra af jarðanna eigendum.

Það getur nú farið svo, að eg taki sum þessara atkvæða til baka aptur, en eg læt hèr við standa að svo stöddu.

Framsögumaður: Ekki finn eg ástæðu til að mæla á móti því, er nú var sagt, og bíð eg viðauka-atkvæðis þaraðlútandi; en því verð eg að mótmæla, er hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga lèt í ljósi, að því mætti kvíða, að stjórnin ekki mundi vilja gefa málefni þessu gaum, af því það væri svo einstaklegs eðlis; því ekki veit eg, hvað verðugra er liðsinnis af stjórninni, en það sem viðvíkur óhultleika heillar þjóðar, heils lands, á eignarrèttindum, og það rèttindum þeirrar eignar, fasteignarinnar, sem mest er í varið. Það þarf ekki að kvíða slíku; margt er lagaboðið meir einstaklegs eðlis. Varaþíngmaðurinn frá Ráng árvallasýslu bar kvíðboga fyrir, að eigendur mundu ei mæta, þegar þeir væru utan hèraðs, en eg held þetta geti ei riðið í bága við málefnið, því hver jarðar eigandi utan hèraðs á að hafa umboðsmann yfir jörð sinni í því hèraði, hvar jörðin liggur, og vilji hann ei gefa umboðsmanni sínum skýlaust umboð, um að sýna og semja um landamerkin sín vegna, getur hann komið sjálfur. Eg get ei gjört ráð fyrir

þverhöfðaskap í svo þjóðlegu málefni hjá eigandanum. Sama er um ómynduga að segja. Optast mun það að bera, að sá ómyndugi, hans forsvarsmaður og jörð hans sè í sama hèraði, og þó það væri ekki og sá ómyndugi væri í öðru héraði en jörðin, þá hefir hann, sem aðrir, umboðsmann yfir utanhèraðs eign sinni, í öllu falli sèr þá sýslumaður þess hèraðs, hvar jörðin liggur, eða hinn, hvar sá ómyndugi er, fyrir, að hann ekki sè forsvarslaus. Aldrei hefi eg heyrt þess getið nú á dögum, að dánarbúi hafi verið skipt upp aptur, þegar sá ómyndugi hafði náð lögaldri, af því hann þá var óánægður með en gömlu skipti. Það er sök fulltrúa hans og hans á milli.

Jón Þórðarson: Sá konúngkjörni þingmaður, er síðast mælti, hefir misskilið mig, og kemur það má ske til af því, að eg hafi ekki talað nógu ljóslega. Það var aungvan veginn meining mín, að vera því mótfallinn, að jarðareigendum væri gjört að skyldu, að mæta sjálfir eða senda fulltrúa sína, heldur hitt, að aðgjörðir fulltrúanna ekki hefðu fult gildi, fyr en sá rètti eigandi hefði samþykt. Því opt kann svo á að standa, að sá maður sè ekki auðfenginn, sem óhult sè að gefa ótakmarkaða fullmakt, og sömuleiðis vilda eg, að þeir ómyndugu, þegar til lögaldurs væru komnir, ættu rètt á að áfrýa aðgjörðir sinna forsvarsmanna, og hefðu þá sama rètt í þessu falli, eins og með skiptarèttar aðgjörðir; en reynslan hefir sýnt, að þeir hafa þurft þess með.

Jakob Pètursson: Það virðist mèr hart lögmál, ef umráðandi jarðar ætti að verða rèttlaus til að forsvara land hennar, þó hann komi ekki til landamerkjalýsingar-fundar þann ákveðna dag; enda þó hann væri fastsettur og lesið á þíngi, þar sem jörðin liggur, getur skeð, að landsdrottinn sè í þriðju þingsókn að fjarlægð, og viti ekkert af þessu. Eg veit líka til, að eigendur jarða eru utan sýslu, og hafa eingan umboðsmann innan hèraðs, ætla eg því tækilegast, þegar svona á stendur, að gjöra leiguliða hans að skyldu, að tilkynna honum, hvað í efni væri, ef þetta ætti með nokkru lagi að fara.

Th. Gudmundsen: Eg get eingan veginn fallizt á þá uppástúngu nefndarálitsins, að sýslumenn skuli *ókeypis* rita landamerkjaskýrslurnar í bók hjá sèr, er liggja skal við sýsluskjölin; þar á móti er það bæði sanngjarnt og rèttvíst, sem hinn virðulegi þíngmaður Strandasýslu bar fram, að sýslumenn skyldu fyrir þennan starfa þeirra eiga heimtu á borgun eptir

7. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. september 1830. Eg skora því á hann um að áskilja sèr breytíngaratkvæði á þessa leið, hafi hann ei þegar gjört það.

Varaforseti: Eg verð að geta þess, að þingmaður Strandasýslu tók sèr áðan þetta breytíngaratkvæði.

Th. Gudmundsen: Viðvíkjandi sjálfum landamerkjaskýrslunum leyfi eg mèr að geta þess, að eg held það ei illa til fallið, að lýsingarmönnum landamerkjanna yrði í erindisbrèfum þeirra gjört að skyldu, þar sem um örnefni er að gjöra, með skýrum orðum að taka fram í lýsingunum, hvað þau tákni, eða hvaða hlutir það sèu. Nöfnin eintóm nægja ekki, nema um skamman tíma, án frekari skýríngar yfir þau, og þótt allir þeir, sem kunnugir eru, viti, hvað þau tákna, þá er samt hætt við, þegar frá líða stundir, bæði að örnefni þessi gleymist, og að þau, ef til vill, sè flutt yfir á annan hlut. Getur þetta síðar meir valdið ágreiníngi og þrætum, og yrði þá sönnunin að ætlan minni býsna ervið þeim, sem hlut eiga að máli, fyrir að svo eða svo sè. Örnefni sem þessi: *Einbúi, Prettur, Skuggi, Skjóni* og fl., eru eintóm ónóg, þegar líður frá, ef ekki er í lýsingunum skýrt frá, hvort það eða það er skurður, hóll, pyttur, steinn, holt o. s. frv. Eg held þó, að ekki beri nauðsyn til að frambera frekari uppástúngu í þessa átt, en eg hefi viljað drepa á þetta atriði, til að vekja eptirtekt þíngsins á því.

Guttormur Vigfússon: Með tilliti til viðaukaatkvæðis míns, þess er eg áðan geymdi mèr rètt til, þá er eg fastur á því, að landamerkjalýsingarmönnum sè veittur sami rèttur, sem löglegum forlíkunarmönnum, til að semja á millum hluteðeigenda, þegar ágreiníngur verður um landamerki; og hefir þetta skýrzt svo fyrir mèr í dag við umræðurnar, að eg get ei annað álitið, en aðgjörðir lýsíngarmanna með þessu móti öðlist meira gildi, ef lögin beinlínis heimila þeim rètt þar til, þar sem eg get ei skilið, að þær án þessa hafi jafnrètti með hinna. Þess vegna fylgi eg nú fram því viðaukaatkvæði mínu, að beðið sè um, að landamerkjalýsingarmönnum sè veittur sami rèttur sem löglegum sáttasemjendum, til að miðla málum milli manna í ágreinings tilfelli um landamerki, og aðgjörðir þeirra öðlist jafngildi hinna við rèttargángshald.

Steffán Jónsson: Eg er einn af þeim, sem fagna því, ef það gæti á komizt, að gild og góð landamerki feingjust fyrir jörðum, á þann hátt sem nefndarálitið gefur góða von um.

Um kostnaðinn, sem af þessu verður að fljóta, vil eg ekki tala, nè fara út í áætlunarreikninga um hann, því svo mun fara nú sem optar, að ekki er hægt í upphafi endirinn að skoða. Opt hefir það orðið kostnaðarsamt að útkljá landaþrætur, en ekki munu þær fyrirbyggjast að fullu, heldur flýtt fyrir, að þær komist á og útkljáist, þar sem efni er til þeirra. Ekki getur mèr glögglega skilizt, hver sèrleg nauðsyn er til, að gefa lýsingarmönnunum sáttanefndarmanna rèttindi; því ekki sè eg, að þeir gætu framar sætt hlutaðeigendur fyrir það; það eru eigendur sjálfir, eða þeir, sem fullgiltir eru í þeirra stað, sem hèr eiga hlut að máli; þetta verða ætíð fullgreindir menn, og er ekki líklegt, að þeir seinna vilji ganga frá þeim samningi, sem þeir hafa gjört og undirskrifað í votta viðurvist.

Jón Jónsson: Eg held það færi vel, að þingmaður Dalasýslu bætti því við umræðu sína, að leiguliði hver skyldi hafa sama óhultleika fyrir aðgánginum að lýsingalaununum hjá landsdrottni, eins og farið er að með alþingiskostnaðargreiðsluna.

Þ. Sívertsen: Hinn virðulegi þingmaður Suðurþingeyarsýslu hefir annaðhvort ekki heyrt, eða skilizt rètt, mitt seinasta viðaukaatkvæði, hvar eg skýrlega tók það fram, að ábúendur greiddu lýsingakostnaðinn móti fullkomnu viðurlagi til þeirra af jarðareigurunum, og meinti það svoleiðis, að kvittering sú, er leiguliði framvísaði jarðareigaranum fyrir borgun þeirri hann hefði greidt sýslumanni í þessu skyni, skyldi fullgild borgun upp í jarðarafgjaldið, eins og t. a. m. er ákveðið um alþingistollinn.

Framsögumaður: Nefndin tekur vel öllum bendingum, í hverja átt sem þær stefna. Víst er það og satt, að heiti örnefnanna, einkum þeirra enna smærri, mjög svo geta breyzt með tímaleingdinni; en af því eg ætla, að þetta eigi sèr helzt stað með þau en smærri, og öll breytast þó ekki í einu, held eg nægja mundi, að tiltaka áttina eða stefnuna milli örnefnanna; þetta gæti verið leiðbeining, þó eitthvert nafnið breyttist.

Guðmundur Brandsson: Eg man ekki eptir, að minnzt hafi verið á kirkjujarðir eða þær svo nefndu konúngsjarðir, þar sem einginn einstakur eigandi er að; eg vildi því mega leiða þingsins athygli að þessum atriðum. Til að mynda vildi eg spyrja, hversu að skyldi fara, þegar landamerki konúngs-

jarða, kirkjujarða og bændajarða lægju saman, og ágreiningur yrði út úr því, hvar takmörkin skyldu vera, hverjir ættu þá að skera úr þrætu þeirri, sem þar af gæti flotið, og hverjir ættu að vera við landamerkjalýsingarnar á konúngs og kirkjujörðum í staðinn eiganda þeirra, og hverjir ættu að borga kostnað þann, er leiddi af áminnztum skoðunargjörðum.

Ásgeir Einarsson: Þingmaður Suðurþingeyarsýslu dregur nokkuru efa á reikníngsáætlun mína, hvað kostnaðinn snertir, og heldur, að landamerkjalýsingarnar munu gánga fljótar, en eg hefi ætlað; en eingan veginn sýnir jarðamatið það sumstaðar, og þurfa þó ekki jarðamatsmenn að stíga fæti á eina þúfu til að skoða jarðirnar; en hèr er ætlazt til, að þeir fari eptir öllum landamerkjum, sem víða eru mjög víðlend, eins og þingmaður Norðurþingeyarsýslu drap á. En eg vildi að eins benda til þessa, svo kostnaðurinn kæmi hvorki þínginu nè þjóðinni óvart. Eg vildi því, að menn, til að komast sem mest hjá kostnaði þessum, köllnðu sem sjaldnast til lýsingarmannanna; enda þækti mèr það sanngjarnt, að eigendur jarðanna semdu um, að setja landamerkin sjálfir; því það virðist æði mikið minni fyrirhöfn, heldur en það sem bændur gátu skyldað nágranna sína til að hlaða landamerkjagarða að sínum hlut, eptir landsleigubálki 32. kapítula. Þessa vegna áskil eg mèr varaatkvæði á þá leið, að jarðeigendur borgi sjálfir skoðun á landamerkjum jarða sinna; því mèr þykir ósanngjarnt, að allir í sama hrepp borgi til jafnaðar lýsingargjörðina, þar mjög mikill munur getur verið á því á hverri jörðu, eptir víðlendi og öðrum kríngumstæðum. Nefndarálitið stingur upp á, að lýsingarmennirnir sjái um, að landamerkin verði sett, en eg veit ei, hver myndugleiki þeim verður gefinn til þess, ef hlutaðeigendur vanrækja það; enda virðist þetta býsna þúng skylda fyrir lýsingarmenn. Ekki get eg fallið frá því breytíngaratkvæði mínu, að sýslumenn fái borgun fyrir uppskriptir lýsinganna, og það því síður, sem eg álít líka nauðsynlegt, að lýsingunum sè þínglýst, og ber upp um það viðaukaatkvæði, og held eg sýslumenn verði ei með rèttu sviptir borgun fyrir það, enda er hætt við það verði álitið smámunasemi af þínginu, ef það beitir slíku einlægt við sýslumenn, þar það 1847 var á móti því, að þeir feingju sanngjarna borgun fyrir eptirrit kjörskránna.

Varaforseti: Eg verð þó að gjöra þingmanninn varan

við, að ómögulegt mundi, ef til vill, að skipta þessum kostnaði með réttum jöfnuði millum jarðanna eptir uppástúngu hans; því stór jörð getur þannig legið, að fleiri jarðir smáar, má ske alt að 10, liggi í kríng um land hennar, og ýmist meir eður minna af þeirra löndum liggi að landi hennar.

Framsögumaður: Hèr eru í salnum fulltrúar þjóðarinnar frá því nær öllum hèruðum landsins, og enginn mælir á móti þessu málefni, en allir óska því góðs frama. Þjóðin mælir ei móti því, því frá henni er komin bænarskrá um þetta efni, og flestra eða jafnvel allra álit er, að nái það að fullgerast, sè það nytsamt öldum og óbornum. Þetta gefur mèr þá von, að því muni vel af reiða, þó kostnaður yrði nokkur. Hvað því við víkur, að lýsíngarmenn sèu ei til kallaðir, nema stundum, þá hefi eg áður svarað því. Eg neita því eingan veginn, að meira kunni að verða haft fyrir landamerkjalýsíngu einnar jarðar, en annarar, en hvað af kostnaðinum falla eigi á hverja þeirra eptir þessari ástæðu, ætla eg ómögulegt að sundurgreina, og því held eg einga regluna betri, fèlagslegri og þjóðlegri, en þá, að allar jarðirnar í hverjum hrepp sameiginlega beri kostnaðinn, eptir hundraðatali eða þá afgjaldshæð, en ekki eptir því hvað fyrir hverri er haft.

Þ. Sívertsen: Eg vildi leyfa mèr, að hreifa hèr við einni athugasemd, er mèr væri kært að kæmi til umræðu, og hún er sú, að ef nú jarðeigendur, eptir að landamerkjalýsíngarnar eru framfarnar, og alt er, sem menn kalla, slètt og felt, geta eignazt áreiðanlegan máldaga, eður önnur óyggjandi skilríki, er sýni, að landamerki jarðarinnar eiga að vera öll önnur, en lýsíngarnar í lýsíngabókunum herma: hvað er þá, sem gilda skal? Eg hreifi þessu ekki vegna þess, að eg ætli að bera upp viðaukaatkvæði þar að lútandi; mèr þækti mikið í það varið, ef þíngtíðindin bæru með sèr álit þeirra mannanna, er helzt væru færir til að kveða það upp.

Jón Samsonsson: Það er mikið líklegt, að þegar þeir, sem fasteignir eiga, vita, að verk þetta á að vinnast, muni fyrir fram búnir að útvega sèr öll skilríki fyrir jörðum sínum, sem kostur er á að fá, svo varla er fyrir þessu eða þvílíku ráð að gjöra.

Ásgeir Einarsson: Eptir því sem mèr skildust orð þíngmannsins frá Dalasýslu, þá virðist mèr það vafalaust, að löggild eignarskjöl jarða verði ætíð að hafa fullan krapt; en

um það hefir verið talað í dag, að hlutaðeigendur ættu að útvega þau, áður landamerki væru sett, og væri þá hægt að setja landamerkin eptir þeim. Eignarskjöl þessi held eg gildi eins nú, eins og vottar mót hefð í landsleigubálks 26. kapítula, en eg vona, að þeir lögfróðu menn, sem hèr eru á þingi, skýri frá þessu fullkomlega.

Jón Þórðarson: Eg held, að á því sè einginn vafi, að hafi þeir rèttu eigendur á báðar síður komið sèr saman um landamerki, þá hljóti þau að gilda fremur en þau skilríki, sem seinna koma fram; en vanti, samþykki beggja hlutaðeigenda, þá er auðvitað, að gildar sannanir eru jafnmeðtækilegar seinna.

Varaforseti: Fyrst einginn ræðir framar málið, hlýt eg að álíta það fullrædt til undirbúnings, en eg fæ þó ei neitað mèr um í máli svo mikils varðandi og áhrifamiklu, að óska því allrar lukku á leiðina. Eg má segja, að vonin og fullvissan um þess góðu afdrif og náðuga undirtekt stjórnarinnar gleður mig; þó því hafi verið hèr af einum þingmanni hreift, að mál þetta mundi, ef til vildi, ekki sækja sigur til stjórnarinnar, þá hefir aðstoðarmaður konúngsfulltrúa og einn hinna konúngkjörnu þingmanna látið betri vonir í ljósi; en eg ætla menn megi ekki að eins vona, heldur hafi tilefni til að krefjast þess af hverri veglyndri stjórn, að hún verndi eignarrèttindi þegna sinna, en þetta mál varðar rèttindi ekki að eins eigenda jarðanna, heldur einnig leiguliðanna, sem vita þurfa, hvað þeir mega og eiga með rèttu nota. Hèr gildir að tileinka hverjum sitt, og ætla eg einga stjórn í heimi, þá er ei vilji styrkja þegna sína til að ná fullri vissu um, hvað þeir eigi og megi brúka. Eg er því að mínu leyti fullviss um góða úrlausn þessa málefnis.

Síðan tók varaforseti fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu málefnið um tíundarlagið.

Framsögumaður sèra *Halldór:* Umræður um málefni þetta voru í gær svo langar, að eg ekki skal hefja þær að nýu með langri ræðu. Eg veit ekki heldur, hvort málefnið kynni nú að græða mikið á laungum umræðum. Allra sízt ætlaði eg að minnast á hestana, sem svo mikið var búið að tala um, en þegar þingbókin var lesin, heyrði eg í einni ræðu getið um það, sem eg líklega hefi ekki tekið eptir í gær, og mèr þykir merkilegt, að með tilliti til þess, sem tíundað er,

sè ekkert undir því komið, hvort það er jetið á eptir; heimfæri menn nú þetta til nautanna, held eg ekki einúngis, að naut ættu að vera tíundarfri, heldur að það væri mesta heimska að eiga naut (að undanteknum graðneytum). Í annari ræðu var það talið, sem mótsögn af nefndinni mót sjálfri sèr, að hún ei fann ástæðu til að lækka tíund yfir höfuð, en rèði þó til að fella úr eina tegund af tíundarstofninum, nefnilega hestana. Minn skilníngur á orðum nefndarálitsins hèr að lútandi er sá, og hann hygg eg sè rèttur, að ekki bæri að setja niður tíundarstofninn, það er að skilja, að leggja meira í hundrað yfir höfuð, en verið hefir, nema gildar ástæður yrðu til þess fundnar, og gekk nefndin út frá kúnni, sem ómótmælanlegu hundraði, og jafnaði við hana.

Hvað ríkisskuldabrèf og peninga ómyndugra í jarðabókarsjóðnum snertir, þá er eg ragur á að mæla með því, að á þetta verði lögð tíund. Um ríkisskuldabrèfin var þess getið í gær, að ekki væri altjend hægt að komast að vissu um, þó einhver ætti þau. Viðvíkjandi ómyndugra fè er það aðgætandi, að margir munu eiga fè í jarðabókarsjóðnum, sem ekki nemi 150 rbd., og yrði því ágóðinn af því að tíunda peninga ómyndugra (sem væru yfir 150 rbd.) minni, en í fyrsta áliti sýnist liklegt.

Þegar maður tekur fyrir einhverja grundvallarreglu, virðist mèr maður eigi að fylgja henni í afleiðíngum hennar. En bágt er að koma því við, að tíunda skuldabrèf innan lands, og mun það þó ekki sjaldgæft, að einhver ríkismaðurinn láni öðrum peninga og taki leigu, svo töluverðu nemi.

Ísjárvert þykir mèr líka að ráða til þess, að lögð verði tíund á þiljuskip; brúkun þeirra til fiskiveiða er enn ekki mjög farin að tíðkast. Mig minnir líka, að yfir því hafi verið kvartað, að útlendar þjóðir noti þenna bjargræðisveg hèr undir landi, og væri æskilegt, ef töluverð hagsvon væri af honum, að landsmenn gætu notað hann, og að hann fremur jykist, en í hann kæmi kyrkíngur, meðan hann er úngur og óþroskaður.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg hefi í undirbúníngsumræðunni í gær hreift við 2 atriðum í nefndarálitinu um þetta mál, nefnilega um undanþágu hestafènaðar frá allri tíund, og tíundarmátann á geldneytum. Sýndi eg þá fram á það, hve miklu undanþága hestanna nema mundi um land alt fyrir tíundatakarana, og hve mikið tíundanna gjaldstofn lækka mundi í land-

inu við undanþáguna. Þessi skoðun mín er enn óhrakin; það er að vísu nýlega sagt af þeim heiðraða framsögumanni, að nefndin með þeim tíundarstofni landsins, er ekki mætti lækka, hafi meint kúna, en svo hefir mèr farið, og má ske fleirum, að eg skildi þetta um alt tíundbært fè landsins í einu lagi, en ekki um kúna sèr í lagi, er ekki má heita tíundarstofn, nema fyrir sig, þó hún sè ekki undirstaða, heldur fyrirmynd allrar annarar tíundar ílagningar. Við það, sem eg í gær sagði um tíundarmátann á geldneytum, vil eg í dag bæta fáeinu: það hefir verið sagt hèr á þinginu, að ekki sè fram talið til tíundar á vorum, heldur á haustum, en auk þess að eg ekki veit betur, en að vorfundir til tíundar framtals víða hèr í landi sèu fyrirskipaðir, þá er mèr heldur ekki annað ljóst af löggjöfinni um tíund, en að hver eigi að tíunda það fè, sem hann er eigandi að í fardögum. Þetta, að víða er framtalið til tíundar á haustum, er mèr ný ástæða fyrir ótta þeim, er eg lèt í ljósi í gær, að gleymast kynni að tíunda það árinu áður skorna geldneyti, þess heldur sem sá, er tíunda á, getur með sanni sagt, að hann átti ei geldneytið í fardögum, áður en framtalið skeður, af því hann lógaði því haustið fyrir. Ef þessi ótti minn rættist, sem eg hefi fleiri rök fyrir, þá væri tíundarmáti nefndarinnar á geldneytum ný undanþága, er rýrði tíundarstofn landsins. Eg hefi það eptir góðum skilríkjum, að í landinu sèu meir en 2200 geldneyti; ekki veit eg vissu fyrir, hve mikið sè af hverjum aldri, en eg ætla að láta þau öll vera þrèvetur, af því það er meðalaldurinn; ætti þá hvert þeirra eptir reglugjörð 1782 að tíundast á 27 áln., eða rèttara á $26\frac{2}{3}$, en missast mundi af gjaldstofninum 495 hndr., og fyrir tíundartakarana 99 rbdl. Nefndin hefir og undanþegið kvígur mylkar að 1ta kálfi, og þetta væri líka lækkun tíundarstofnsins. Kvígurnar eru að minnsta kosti 3300, og hver þeirra tíundast eptir reglug. 1782 á 60 áln., og er þá auðgerður reikningurinn, að við þær missast 1650 hndr., en tíundartökurunum 330 rbdl. Við þetta má enn þá bæta lækkun á lambsgotum eptir nefndarálitinu frá þeirri rèttarvenju, sem víða mun á komin, að þær tíundist sem tvævetrir sauðir, 10 á 1 hndr. Margt mætti fleira til tína, en alt þetta kemur mèr á þá sannfæringu, að hætta eigi við svo búið málefni, og einga bænarskrá að senda um það konúngi.

Framsögumaður: Það geingur ofur eðlilega til, að þeg-

ar menn gánga út frá ólíkum grundvallarreglum, hljóti menn að komast að ólíkum málalyktum. Þannig hefir líka farið fyrir þeim háttvirta konúngkjörna þíngmanni, sem nú mælti, og nefndinni: nefndin hefir ekki, eins og hann, geingið út frá því, að tíundarstofninn ekki mætti skerðast, heldur að hún væri samngjörn, og bygð á arðinum. Ekki er það rètt hermt, að eg hafi viljað leggja þann skilníng í nefndarálitið, að þar sem talað er um í því, að ekki sýnist ástæða til að lækka tíundina yfir höfuð, þar sè *kýrin ein* höfð fyrir augunum; nefndin tók hana að eins til dæmis, og lèt í ljósi þá meiníng sína, að ekki bæri að víkja frá því gamla ílagi í hundruð, nema gildar ástæður yrðu til þess fundnar. Hvað nautin snertir, hygg eg óþarfan allan *ótta fyrir*, að þau sleppi undan tíund, og þá líka allan reikníng yfir þann skaða, sem þar af mundi leiða. Eg held, að ekkert naut *þurfi* að sleppa undan tíund, því þó fènaðurinn sè fram talinn á vorin, þá er, þar sem eg til þekki, tíundargjörðin samin á haustin; þá er líklega búið að slátra nautunum, og virðist ekki orsök til að efast um, að til þess sè sagt, eins og líka hlutaðeigandi hreppstjóri optast mun vera gagnkunnugur nautaeign í hreppnum. Þannig eiga, að minni meiníngu, nautin að tíundast sama árið sem þeim er slátrað, en ekki árið eptir.

Steffán Jónsson: Eg vil ekki draga það í hlè, að það, sem eg í gær vísaði til að stæði í reglugjörð frá 17. Júlí 1782 um kú á blóðvelli, var ekki rètt hermt; því það stendur í Búalögum 6. kapítula; en eg ætla það sanni eins fyrir því það, sem eg vildi með því sanna. En hvað nautatíundina snertir, þá er mèr ekki skiljanlegt, að nokkurt naut þurfi að falla úr tíund fyrir þá skuld, að það ekki er tíundað, fyr en því er lógað; hitt mætti heldur segja, að hún kæmi ójafnara niður fyrir það, t. a. m., þegar gömlu nauti er slátrað, þá sè sá maður fallinn frá, sem átti að taka tíundina, sem falla átti eptir nú gildandi reglum af gripnum, hefði hann tíundast árlega. Ekki get eg heldur ætlað, í það minnsta norðan lands, að til sèu fleiri naut, en hreppstjórum getur verið fullkunnugt, því heldur sem þeir opt þurfa að hlutast um, hvar þau skuli vera, svo að sem haganlegast sè til þeirra að ná.

Ekki er mèr það vitanlegt, að lögskipað sè, að telja fram til tíundar á vorin, og væri mèr það mjög kært, ef nokkur gæti utan þíngs sýnt mèr þann lagastað, sem þetta skipar; það

væri líka hin mesta ósanngirni, ef tíunda ætti þær bjargræðisskepnur, sem á sumrinu opt detta niður dauðar og verða að engum notum; því ávöxturinn er það, sem tíundin á af að falla. Það er líka auðsèð, að umgetin reglugjörð frá 1782 ætlast til sanngirni, því ei nefnir hún aðrar kýr, en leigufærar, og vita þó allir, að margar kýr eru tíundaðar, sem ekki geta álitizt leigufærar, og verður það að vera komið undir sannsýni hreppstjórans, eins og í mörgu fleiru. En ætti að tíunda í fardögum fyrir það ár, sem þá er liðið, þá getur það ekki átt sèr stað; því þá ætti ekki að tíunda hjá þeim, sem byrjar búskap, fyr en hann hefir búið eitt ár, og hjá þeim, sem bregður búi eða deyr, einu ári eptir það hann hættir búskap, og held eg hvortveggja sè fjarstætt bæði venju og sanngirni. Framtal á vorin er alstaðar í norðuramtinu einúngis til að fram telja allan fènað til innfærslu í þá lögskipuðu búskapartöflu, og getur þá hver hreppstjóri, sem gæta vill verka sinna, haft töfluna á haustin til samburðar tíundarframtalinu, því þá eiga kúgildi jarðanna að dragast frá, og þær skepnur, sem tapazt hafa arðlausar. Eg get því ekki sèð, að nokkrum verði skaði að, þó tíund fari fram á haustin, heldur stuðli það til enn meiri réttvísi eða sanngirni. Eg segi ekki þetta af því, að halda nefndarálitinu fram, eins og auðsèð er, en til þess vil eg hvetja menn, að athuga breytíngar þær, sem bornar hafa verið upp; því sú stund tekur að nálgast, sem menn verða að gjöra grein með atkvæðum fyrir áliti sínu.

Th. Gudmundsen: Með tilliti til þess, er hinn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga, er nú settist niður, lèt í ljósi í ræðu sinni, verð eg þó að geta þess, að undirstaðan undir tíundarlöggjöfinni hèr á landi hygg eg að sè eptir fornum landslögum, hverjum eg þó verð að játa mig ekki með öllu að vera kunnugan, ekki *ávöxturinn* eða *arðurinn,* er hluturinn gefur, heldur *sjálfur sá ávöxt eða arð veitandi hlutur,* sjálfsagt þó með tilliti til arðsins, er hann sanngjarnlega má álítast að láta í tè. Öðruvísi er tíundarundirstöðunni háttað í öðrum löndum. En bezt er að halda sèr til hólma vors. Einnig verð eg að halda, að það sè bæði lygt á fornum og nýum landslögum og þar að auki á venju, að framtal til tíundar fram fari að vorinu, og að sèrhver, sem tíundarbært lausafè á, sè skyldur til að segja til, hvað hann af þess konar stofni átti í fardögum

ár hvert, enda þótt framtalið ekki skei að vorinu, heldur að haustinu.

Við undirbúningsumræðu þessa máls gat eg þess, að eg í álitsskjali mínu til stjórnarinnar þann 14. janúar 1843 hafði látið þá sannfæringu mína í ljósi, að tveggjamannaförin að tiltölu hlytu að álítast hin arðsömustu af opnum skipum. Fyrir þessari sannfæringu minni, sem enn þá sem komið er, stendur mèr óhögguð, hlaut eg sjálfsagt að gjöra stjórninni grein. Eg áleit því, að tilhlýðilegt væri, að hún fótaði sig á og styddist við reynsluna, eða skýrslu um þau skip opin, stærri og minni, er um nokkurt árabil hafði verið haldið úti til fiskiveiða hèr í sýslunni. Eg hèlt, að 13 ára timabil væri í þessu atriði nægilegt. Nú skal eg lesa upp af brèfabók sýslunnar, sem hèrna liggur hjá mèr á borðinu, þessa skýrslu; hún byrjar á árinu 1830, en endar árið 1842, bæði árin meðtalin. Þetta segir bókin um fyrsta og seinasta árið.

Ár.	10 og 8 æringar.	6 og 4 mannaför.	2 mannaför.
1830.	42.	230.	304.
1842.	31.	225.	528.

Hèr af sèst nú, að tala tveggjamannafaranna hefir á þessu tímabili að því skapi, eða þó að hærri tiltölu, farið vaxandi, sem stærri skipatalan hefir minkað. Í þessi 13 ár er nefnilega bátatalan hækkuð í Gullbríngusýslu um 224., eða um $42\frac{14}{33}$ proCto; hefir hún þá ár hvert vaxið um $3\frac{11}{42}\frac{3}{9}$ af 100., 10 og 8æringatalan þar á móti er minkuð um 11, og ber þess þó að geta, að í Höfnum og Grindavík, hvar opið haf er fyrir, geta menn ei sókt sjó um vetrarvertíðina á hinum smærri skipum. 6 og 4mannafara talan er enn fremur minkuð á þessu tímabili, en þó einúngis um ein 5 skip. Virðist þetta ljóslega votta, að fyrr tèð meiníng mín ei sè án allrar ástæðu.

Yfir því hefir ei allsjaldan verið kvartað, og ekki án gildra orsaka, og því fer einnig bænarskráin úr Gullbríngusýslu á flot, að hjú nú gjörist mjög kostavönd og kaupdýr. Einkum mun þetta þó eiga sèr stað, hvað vinnumenn snertir, sèr í lagi hèr við sjóinn, sè hann líklegt formannsefni; þessir vinnumenn halda stundum úti heilum eða hálfum bát, og er gott, ef allir þessir bátar væri tíundaðir; en óhætt mun vera að fullyrða, að þeir þó yfir höfuð muni hafa geingið í vistina með því skilorði, að þeir í kaupskyni feingi hálfan hlut, kann ske allar vertíðir. Að þessu hljóta bændur hèr við sjóinn yfir höfuð að

gánga, því þetta er nú farið að tíðkast, og eru það þraungir kostir fyrir bóndann. En ef nu bátar yrðu niðursettir í tíund, og hesta og hrossaeign skyldi undan þegin tíundarskyldunni, eins og nefndarálitið hefir stúngíð upp á, þá uggir mig, að sjáfarbóndinn muni sæta enn nú þýngri kostum, en hingað til, hvað vinnumannahaldið snertir. Eins og nú, svo að segja, hverjum manni fylgir rakki hèr við sjáfarsíðuna, þannig á eg mjög hægt með að gjöra mèr í hugarlund, að, ef að bátar verða settir niður í tíund, og hrossaeign öll undanskilin tíundinni, þá munu máske svo sem 1 hestur og 1 bátur slæðast með hverjum vinnumanni eptirleiðis. Nú stendur svo á víða hvar hèr í sýslu, að lendíngar og varir eru þraungar, og tún eru graslítil. En kæmist nú það á, sem bænarskráin úr Gullbríngusýslu um skipin og nefndarálitið um hrossin andæfa fyrir, þá held eg, að enn þreyngri yrði eptirleiðis bóndanum í Gullbríngusýslu vör hans, og að fleiri hestar mundu nasla í túni hans, en hingað til. Yrði hans hagur þá miklu verri, en nú.

Guðmundur Brandsson: Eg get nú varla feingið af mèr að vera að elta hvert smáatriðið, sem kom hèr á góma í gærdag, og sem mælt var eg þá hefði verið að berjast fyrir, og því síður get eg þettað, þar sem það við kemur sjáarútvegnum; og mèr fundust umræður sumra á þann veg, að sú ályktun hefði orðið af þeim dregin, að sanngjarnt væri að svara jafnri leigu af tveggjamannafarinu og hafskipinu, og eg veit ei betur, en ástæður þær, er eg tók fram í þessu málefni, sèu enn óhraktar. Því það er alt annað mál, að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, en að koma þeim fram, þegar menn ekki vilja láta sannfærast; annars skil'st mèr, að það muni hafa spilt fyrir bænarskránni frá Gullbríngusýslu, að kýrin var eptir hennar uppástúngu ekki meira metin enn 100 álnir. Eg hefi ráðið þetta bæði af nefndarálitinu og einkum orðum hins heiðraða framsögumanns, því eg ímynda mèr hann hafa álitið kúna þann hyrníngarstein í tíundarlögunum, sem standa ætti um aldur og æfi og aldrei haggast; veit eg þó ei betur, en að lögin sèu undir þeim kjörum, að þau verði að þola breytíngar, jafnvel hvað gömul sem eru og hversu leingi sem gilt hafa. Þar sem hinn mikilsvirti hèraðsdómari Gullbríngusýslu mintist á sjáarútveginn, og vildi leiða rök að því, að efnahagur sjáarmanna færi vaxandi, einkum þeirra, sem stunduðu

fiskiveiðar á bátum, þá eru ástæður hans að minni hyggju ónógar til að sanna þettað; því þó bátar hafi fjölgað um nokkur ár, kemur það einkum til af því, að fólkið í landinu er að fjölga, ekki sízt hússfeðurnir við sjóinn, þar sem verið er að kljúfa í sundur grasbýlin og hreykja upp tómthúsum ár eptir ár, og hygg eg, að orðið hafi vart við þettað í Reykjavík, ekki síður en í sjáarhreppum þeim, sem liggja þó talsvert lángt frá henni; að fólk hefir fjölgað við sjó, þegar vel hefir árað við hann, er ekki nýlunda, það hefir fyrri átt sèr stað í þessu landi. Þar sem hinn sami maður, er eg nýskeð nefndi, drap á það í gærdag, að ef bátar lækkuðu í tíund, þá mundu gjaftollar æði mikið fækka og hin svo kallaða konúngsfjárhirzla þar við tapa töluvert, þá vildi eg leyfa mèr að spyrja, hvort sýslugjöldin hèr hefðu ei töluvert vaxið um nokkur undanfarin ár, og hvort þess vegna mundi ei vera lífvænlegt við sýsluna, þó gjaftollarnir fækkuðu lítið eitt. En þar sem talað hefir verið um sanngirni tíundarinnar og rèttindi þeirra, sem tíund ættu að taka, þá skýrskota eg til þess, er hinn háttvirti aðstoðarmaður stiptamtmannsins sagði í gærdag viðvíkjandi þessu efni, sem var, ef mig minnir rètt, að það bæri ei svo að líta á það, hvað einstakir menn ymnu eða töpuðu við breytíngu tíundarinnar, sem á hitt, hvað sanngjarnast og rèttast væri. Á eitt atriði viðvíkjandi sjáarútvegnum verð eg enn að minnast: það er þettað, að sjáarmennirnir njóta ekki eingaungu þess, er aflast á skip þeirra og báta. Fjöldi sveitamanna hefir þess not, og það án þess að þeir sèu skyldaðir til að svara af þessum aflagjöldum, svo teljandi sè, til opinberra þarfa, enda virtist mèr mjög ósanngjart, að áþýngja þeim fyrir þessa skuld, þar bæði þeir og sjáarmennirnir kosta æði miklu til aflans á stundum. Þar sem nefndin hefir stúngið upp á því, að fella öll hross úr tíund, þá hefir henni að vísu geingið gott eitt til, því hún hefir sèð, að nóg þýngsli í gjöldunum láu á þjóðinni samt; alt fyrir það get eg þó ekki á þettað fallizt, einkum vegna hins sèrstaklega ásigkomulags sýslu þessarar, þar sem gripaeign tómthúsmanna er mest innifalin í hrossum, sem bændum gjöra æði mikinn átroðníng á jörðum þeirra, og ef þessir slyppu undan tíund, mundu gjöld tómthúsmannanna verða lítil til hins opinbera. En þar sem minnzt var á annmarka þeirra jarða, sem þyrftu margra hrossa með til heimilis aðdrátta, þá skýrskota eg til þess, er hinn mikilsvirti há-

yfirdómari sagði í gær þessu viðvíkjandi, nefnilega, að þetta ætti að takast til greina við jarðamatið. Eg leiði nú hjá mèr að fara orðum um hin mörgu breytingaratkvæði, sem komin eru fram í þessu máli, einkum þess vegna, að þingræðurnar eru farnar að verða nokkuð lángar um þettað, sem ekki er heldur undravert, þar málefnið er að minni hyggju bæði yfirgripsmikið og vandhugað, þar það að miklu leyti snertir rèttindi heillar þjóðar.

En áður en eg skilst fullkomlega við þettað mál, vilda eg gjöra eina athugasemd viðvíkjandi efnahag lands þessa; hún er sú, að eg hefi vissu fyrir mèr í því, að á næst liðnum 10 árum hefir tíundarstofn aukizt hèr álitlega, og geta þingmenn ráðið það af skýrslu þessari:

Ár.	kýr.	kvígur.	naut.	kálfar.	ær.	sauðir.	vetur-gamalt.
1839	15,244	2,426	1,421	2,879	161,232	45,996	82,764
1848	16,013	3,449	2,457	4,400	216,755	89,739	143,427
mis-munur.	769	1,023	1,036	1,621	55,523	43,743	60,663

Ár.	lömb.	hestar	ótemj-ur.	fölöld.	10 og Særingar.	6 og 4m. för.	bátar.
1839	130,750	25,345	5,635	1,079	251	1,103	1,379
1848	171,648	25,363	9,551	2,191	244	1,140	1,614
mis-munur.	40,898	18	3,916	1,112	7	37	235

Eg vona nú, að þingmenn sjái hèr af, að kvikfjárafli lands þessa hefir talsvert meira aukizt, en sjáarútvegurinn, á því áminnzta tímabili; og nú vildi eg mega spyrja: Er nokkur sèrleg hætta búin, þó tíund lækkaði nokkuð? Eru ekki stiptanirnar þær sömu, og verið hafa hèr í landi? Eru ekki sýslurnar jafnmargar, og verið hafa? Eru ekki prófastsdæmin eins, prestaköllin eins, og margt fleira? Eru ekki embættin flest hin sömu, og verið hafa?

Eg veit að sönnu, að lærdómur eykst, og kostnaður við hann að því skapi, en læt ósagt, hvort allir þeir, sem nú njóta hinnar miklu mentunar, sem farin er að tíðkast hèr, verða yfir höfuð landinu hagkvæmari, en þeir sumir hverjir, er áður hafa orðið að láta sèr lynda minni mentun, en nú þykir nauðsynleg. Reynslan verður bezt til að skera úr þessu. Eg ætla í þessu

tilliti að minnast á prest einn, hverjum svo að segja á únga aldri var veitt álitlegt brauð. Mörgum þókti þetta órètt, þar hann hefði eingaungu orðið að styðjast við mentun þá, er hann fèkk í Bessastaðaskóla. En núna má eg fullyrða, að sóknarmenn hans mundu ei vilja skipta honum fyrir annan óþektan, þó meiri mentun hefði feingið, enda ætla eg hann muni fárra eptirbátur í öllu því, er stöðu hans við kemur. Taki einginn svo orð mín, sem eg gjöri lítið úr góðri mentun. Nei, en eg álít hana svo bezta, að annað mikilvægt og þjóðlegar heillir eflandi sè í för með henni.

Eg veit að vísu, hvað gjöldum lands þessa víkur við, að þeim muni leingi verða komið fyrir, því viðbætir launa og eptirlaun kalla hátt til stjórnarinnar. Menn hlaupa úr embættum til að geta lifað makindalífi í blíðviðrinu hèrna, í henni Reykjavík, og það gera sumir einmitt á því æfiskeiði, sem helzt væri vonandi að þeir ynnu föðurlandinu gagn. Er nú sèrleg ástæða fyrir því, að alþýða eigi að fóðra þessa menn á sveita sínum?

Eg fel nú þíngmönnum að hugsa vandlega um sèrhvert hèr að lútandi atriði, áður þeir greiða atkvæði í málefni því, sem nú verður bráðum leidt til lykta.

Eyólfur Einarsson: Eg hefi ei staðið fyrri upp í umræðu máls þessa, en af öllum þeim laungu ræðum þíngmanna á þessum heiðraða stað, verð eg að játa, að ei hefir mál þettað skýrzt til hlítar fyrir mèr. Eg mundi, að mál þetta kom til umræðu á næst höldnu þíngi 1847. Var eg við ræður þíngmanna þá, sem meintu, að þegar á alt er litið, að tíundarlögum vorum ei mundi breytt til betra, og á þeirri sömu meiníngu voru nokkrir greindustu menn heima í hèraði mínu. Eg játa, að mikill er munur á tíundarstofni hundraðs hvers, svo sem kýr og ær eður hestar, og geldneyta og sauða hundruð. En um þessa tíundarstofna hefi eg feingið þá hugmynd, sem eg hefi ei heyrt þíngmenn benda á, að flestir munu þeir tíundargreiðendur, sem greiða hana af betri og lakari tíundarstofni, svo sem eru kýr, fè, sauðir, naut og hestar, virðist mèr þar koma jöfnuður gjaldþegna á milli.

Það sem þíngmaðurinn frá Strandasýslu sagði í gær, að við Ísafjörð væri með skipi frá 16 til 24 lóðir, og væri ei tekinn utan 1 hlutur, þar á móti væri við Jökul teknir 2 hlutir eptir 2 lóðir, vil eg glöggva þíngmenn á, að á hverri lóð við Djúp

eru ei utan 60 aunglar, munu fá dæmi þar, að lóðir þessar missist, því þar er slèttur leirbotn og straumar eingir, þar á móti við Jökul eru 2 lóðir 3 til 400 aunglar, þar eru að sönnu teknir 2 hlutir, en formaðurinn á annan hlutinn, má þó skipseigarinn gjalda formannskaup, verður þá hluturiun skertur. Ber það tíðum við, að lóðir þessar missast allar á dag, því þar er bæði straumhart og hraunbotn. Af því, sem nú er sagt, finn eg einga ástæðu til, að þingið biðji um að breyta tíundalögum vorum, en alt sè við það verið hefir í því efni.

Eg vil leyfa mèr að svara nokkrum orðum upp á ræðu þess konúngkjörna þingmanns, er fyrir stuttu mælti; hvort mun það rètt, að tíund greiðist af bátum að vorinu? Mun ekki liggja í hlutarins eðli, að hún ei greiðist, fyrr en menn vita arð bátsins? Eg læt taka bát til róðra á krossmessu, veit þá ei, hvaða arð hann gefur mèr, getur líka skeð eg missi bátinn; þó skal eg tíunda hann. Eg þekki eingin þau lög, sem skylda mig að leggja í tíund framtal bænda að vorinu; eg óska, að þeir lögfróðu menn, sem eru á þingi þessu, vildu fræða mig um lög þau. Eg heyri líka þann lærdóm, mèr annars óþektan, að tíund skuli greiða af höfuðstólnum, en eg held, að tíundarfororðning 17. júli 1782, segi útþrykkilega, að tíund greiðist af arði, en ei höfuðstól.

Framsögumaður: Mèr virðist líka, þar sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, sem nýskeð mælti,vildi láta tíundina hvíla á *stofninum,* en ekki *arðinum,* að skip ætti að tíundast, þó það *stæði í naustinu,* og opt er það óvíst, þegar fram talið er á vorin, hvort skip gánga til sjáfar það vor eða sumar. Eg þarf ekki að svara mörgu af því, sem þingmaður Gullbríngusýslu bar fram: hann hèlt, að það hefði spilt á milli bænarskráarinnar úr kjördæmi hans og nefndarinnar, að bænarskráin hefði ekki viljað leggja kúna nema í 100 ál. En eg veit ekki betur, en milli bænarskráar þessarar og nefndarinnar sè allgóð vinátta, nema hvað þær greinir nokkuð á í sumu; og þetta ágreiníngsefni er raunar ekki annað en það, að nefndinni geðjaðist ekki að því, að *öllum tíundarstofni* yrði kollvarpað. Nefndin hefir ekki, að mig minnir, kallað kúna neinn *hyrníngarstein* tíundarinnar, sem aldrei mætti raska, heldur álitið hana *gott* hundrað; en það er ekki einúngis hún, heldur svo margt annað, sem bænarskráin vill lækka í tíund. Sami þingmaður kom líka við það, að *sveitamenn* hefðu gagn

af bátunum, og það er satt; en hann veit þó, að tíund er lögð á bátshlutinn, en ekki á hluti þeirra, sem á honum róa, og þykir honum þetta víst ekki ósanngjarnt. Hann sagði og, að það mundi verða lifandi við Gullbríngusýslu, þó gjaftollur mínkaði nokkuð; en eg meina, að gjaftollurinn úr Gullbríngusýslu gángi í konúngssjóð. Og sé sýslan nú orðin betri, en hún hefir verið, er það vottur vaxandi velmegunar, sem þó ekki er mjög samkvæmt því, sem hann bar fram í gær, sem ástæðu til að lækka bátana í tíund.

Þ. Sívertsen: Það eru nú komin svo mörg breytíngaratkvæði á kreik í málefni þessu, að eg tel albúið, þegar fara á að veita þeim síðustu þjónustuna, að leiðast kunni í villu, jafnvel útvaldir. Eg veit nú ekki, hvort öðrum fer, eins og mèr, að eg held nefndarálitið lítið eða ekkert bætt með sumum þeirra, og hafa nú þíngmenn sýnt fram á það. Þó þíngið færi nú að fallast á nefndaruppástúnguna með nokkrum eður öllum breytíngaratkvæðunum, held eg á því yrðu ærið miklar ójöfnur, ef ekki ósanngirni. Eg vil t. a. m. benda þíngmönnum á eitt atriði, og biðja þá renna augum til þess jafnaðar, sem stúngið er upp á, þegar ætlað er til, að bátar eða skip með veiðarfærum lækki töluvert í tíund á móts við fènað sveitabóndans; eg bið þíngmenn íhuga, hvort tíundarhundraðið í bátum og veiðarfærum ekki framfæri, fæði og klæði fleiri manneskjur, en fènaðarhundrað sveitabóndans, og sýnir það bezt arðsemi hvers um sig. Eg fyrir mitt leyti þekki hvergi nokkurn vafa á því, að hið fyrr talda hundraðið fæði lángt um fleira fólk. Eg er nú sá trúmaður, að eg trúi því fastlega, að þíngið einga bænarskrá semji nè sendi hèr um, og ætla eg það þínginu vanvirðulaust, en þjóðina einkis í missa; hitt held eg þínginu sómdi miður, að senda bænarskrá eins úr garði búna, og lítur út fyrir að þessi yrði, og þjóðinni með því unnið, ef til vildi, meira ógagn, heldur en gagn. Eg vildi líka minnast þess, er hèr var sagt, viðvíkjandi hausttíundarílagníng sláturnautanna, að henni verður því að eins og þar viðkomið, hvar ekki er eða verður lagt í tíund í fardögunum. Hvað samkvæmara er lögum þeim, er gilda um það efni, að leggja í tíund á haustin, það sem þá er til, eða á vorin, það sem þá er til af tíundbæru gózi, skal eg sneiða mig hjá að áhræra, það tilheyrir enum lögfróðu mönnum, en hitt veit eg, að vorhreppaskil eru orðin lögboðin, og að yfirvöld vor, í hið

minnsta nokkur þeirra, bjóða, að þá sè ekki einúngis talið fram til tíundar, heldur einneginn lagt í tíund, og það gildir þeim fyrir lög, sem skyldir eru að hlýða. Það sem þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu fram færði, eg held tíundarlækkunar sanngirni báta og veiðarfæra til styrkíngar, að sjóarbóndinn nyti ekki sjáaraflans alls, heldur sveitabóndinn með honum, því hygg eg megi snúa við, og segja sveitabóndinn njóti ekki alls fènaðarágóðans, heldur sjáarbóndinn með honum, t. a. m. kaupafólkið úr sjóþorpunum.

Eg ætla ekki að fjölyrða um þetta meira, en að endíngu óska bænarskránum, sem farið hafa tíundarbreytíngunni á flot; til lukku með það, að þær varla þurfi að hætta sèr leingra, en komið er.

Jón Guðmundsson: Eg held eg verði að standa upp til að tala fátt eitt fyrir breytíngaratkvæðum mínum, þó eg í gær þæktist leiða svo ljósar ástæður að þeim, sem mèr var unt.

Mèr þókti vænt um, þegar hinn heiðraði framsögumaður sagði, að nefndin hefði haft það fyrir aðalgrundvallarreglu fyrir uppástúngum sínum, að taka ekki tíund af öðru en því, sem væri sanngjarnt, eða gæfi af sèr einhvern arð, og eg met líka þessa grundvallarreglu meir verða, en það, þó að nefndin gæti ekki fallizt á breytíngaratkvæði mín; því af þessari grundvallarreglu flýtur einmitt, að það sè eins sanngjarnt, að tíunda vaxtafè, bæði föst ríkisskuldabrèf og skuldabrèf ómyndugra, eins og hverja aðra þá eign, sem ávöxt gefur.

Framsögumaður sagði, að vaxtafè ómyndugra mundi ekki muna miklu til tíundar, þegar alt það væri undanfelt, sem ekki nemdi 150 rbd., og eg neita því ekki, að talsvert yrði þá undan þegið tíund af þeim 62,000 rbd., sem ómyndugir eiga á vöxtum í jarðabókarsjóðnum. En þegar aptur kæmi til tíundar, það sem þeir eiga á leigu hjá einstökum mönnum og meiru nemur, en 150 rbd., þá ætla eg þetta mundi verða jafnmikið og hitt, sem geingur frá í jarðbókarsjóðnum, þó eg geti ekki staðhæft það.

Það var satt, sem þíngmaðurinn úr Árnessýslu sagði í gær, að föst ríkisskuldabrèf eru eingum föstum álögum bundin í Danmörku, en þó hvílir á vöxtum þeirra, að svo miklu leyti sem þeim er varið til daglegra lífsnauðsynja, sú álaga, sem hvílir þar, eins og í flestum öðrum löndum, á öllu þess konar fè og eignum; það er nefnil. tollur og neyzlugjald, sem

jafnótt er goldið og eitthvað er keypt. Það kunna margir að lofa hamingjuna fyrir það, að ekkert slíkt gjald á sèr stað hèr á Íslandi; en hvort slíkar álögur eru jafnóvinsælar eða óeðlilegar, sem vèr kunnum að hyggja, um það vil eg að eins benda til Englands, þar sem svo að segja eingir fastir skattar eru, heldur að eins óviss og óákveðin gjöld, og geta menn fyrir það orðið auðmenn þar, eins og öllum er kunnugt; svo vil eg og vísa um það efni til ritlings þess um eignina, sem stjórnarfræðingurinn Thiers á Frakklandi gaf út í fyrra.

Fleira skal eg ekki mæla með breytíngaratkvæðum mínum, en skal láta atkvæði þíngsins skera úr þeim.

J. Johnsen: Mèr er ómögulegt, að fara þá leiðina með þeim heiðraða þíngmanni Skaptfellínga, sem hann er kominn á, til að fá skuldabrèfin lögð í tíund. Hann styður viðaukaatkvæði sín hèr að lútandi við þá sögusögn, að það sè ill fjárbrúkun og skaðvænleg landinu, að verja peníngum til konúnglegra skuldabrèfa, en eigi getur mèr skilizt, að peníngum sè verr varið til þessa, svo að arður fáist af þeim, en ef þeir eru látnir liggja arðlausir, sem áður hefir tíðkazt mjög svo um of. Honum þykir mikið og of mikið ómyndugra fè sett á vöxtu í jarðabókarsjóðinn; en hvers vegna er fè þetta þar á vöxtum, nema af því, að einginn hefir orðið til að taka það á leigu mót veði í fasteign eða til þess að verja því til jarðakaupa eða jarðabóta, en öllum er frjálst að leigja fè sitt öðrum til þessarar brúkunar, sem því miður tíðkast of lítið, enn sem komið er. Sá hinn sami heiðraði þíngmaður vèk nýskeð á það, að sanngirni ætti hèr að ráða málalyktum; en hvaða sanngirni er þá í því, að nokkur skuldabrèf, en önnur ekki, sè lögð í tíund? Það er kunnugt, að leigan er misjöfn af þeim konúnglegu skuldabrèfum, af nokkrum 3, af öðrum 4 og enn öðrum (og það eru þau hin yngstu) 5 af hundraði hverju, og er líku máli að gegna um skuldabrèf hinna ómyndugu, sem með leyfi stjórnarinnar eiga fè á leigu í jarðabókarsjóðnum, því af sumum þeirra eru goldnir $3\frac{1}{2}$, en af öðrum 4 af hundraði hverju, eptir sem fènu er komið á vöxtu í jarðabókarsjóðinn síðan 1839 (að mig minnir) eða áður; alt fyrir þetta ætlast þíngmaðurinn til, að öll þessi skuldabrèf sè lögð jafnt í tíund, og sjá allir, hve ósanngjarnt þetta er. Hann ætlast enn fremur til, að ómyndugra fè, það sem leigt er einstökum mönnum, sè talið fram til tíundar, en aptur á móti ekki til

þess, að leigupeningar myndugra manna sè lagðir í tíund, og ætla eg líka þetta næsta ósanngjarnt, hvernig sem á er litið. Sami þingmaður viðurkennir að vísu, að eigi liggi í Danmörku álaga í skuldabrèfum, sem eigi skylt við tíundina, og er það í alla staði satt, enda veit eg ekki til, að nokkur gjaldbyrði liggi á skuldabrèfum þar, af hverju helzt tægi sem þau eru, nema stríðsskatturinn einn, sem nú um stund hvílir á þeim öllum, hvort heldur þau eru einstakra manna eða konúngleg; eigi að síður virðist mèr, að hinn heiðraði þingmaður nú vildi telja þinginu trú um, að bæði neyzluskattur og tollur lægi á þessum eignarstofni hjá Dönum, en þó getur mèr varla skilizt, hvaða hugmynd hann hefir um þessar álögur, ef þetta er meiníng hans.

Jón Þórðarson: Einn konúngkjörinn þingmaður hefir leitazt við að sýna fram á, að eptir nefndarinnar uppástúngu væru allar mylkar kvígur undanskildar tíund, en framsögumaður hefir ekki þar til svarað. Eg get að vísu ekki borið á móti því, að fyrst þegar eg las nefndarálitið, þá virtist mèr nokkuð efunarmál, hver nefndarinnar meiníng væri með kvígurnar, og ætlaði þess vegna að stínga upp á breytíngu þessu við víkjandi; en þegar eg fór að athuga orðsins merkíngu, þá gat mèr ekki betur skilizt, en að kvíga óborin kelfd sè rètt kölluð að fyrsta kálfi, en sú kvíga, sem einu sinni hefir borið, sè úr því að öðrum kálfi, en sú kýr, sem búin er að eiga 2 kálfa og er kelfd í 3. sinn, getur ekki leingur kallazt að öðrum kálfi. Eg er þíngmanninum samdóma í því, að mylkar kvígur hafi að undanförnu vanalegast verið tíundaðar á 60 ál., jafnvel þó eg líka viti til þess, að sumir hafa lagt þær í tíund eptir Jónsbókar kaupabálki. Reglugjörðin af 17. júlí 1782 mun ekki með berum orðum nefna mylkar kvígur, en geldar hafa verið tíundaðar, sem naut, hvert þriggja hundraða virði í þeim á 1 hndr., og mun það reglugjörðinni samkvæmt.

Framsögumaður: Það var líka meiníng nefndarinnar, að kvígur ætti að tíunda, sem kvígur að öðrum kálfi, þegar þær væru búnar að bera í fyrsta sinn fyrir þann tíma, að fram talið er á vorin.

Ásgeir Einarsson: Eg vona, að þíngmaður Gullbríngusýslu hafi ekki meint það til þíngsins, að það sannfærðist ekki af gildum ástæðum, enda hafa flestir þíngmenn gjört grein með ástæðum fyrir meiníngum sínum. Af skýrslum þeim, er þíng-

maður þessi las upp, sè eg, að bátar hafa heldur fjölgað, en stórskip fækkað, þó þetta sjáist enn betur af því, er sýslumaður hans las upp; sannar þetta meiningu og sagnir þeirra, er álíta, að smábátar eigi ekki að tíundast minna en stærri skip, enda held eg megi fá mörg dæmi til þess, að ábatasamara hefir orðið að eiga lítinn bát, en þilfarsskip, og bendi eg honum í þessu til tímarits þess, er heitir Gestur Vestfirðingur.

Mèr þykir ekki ólíklegt, að þingmaður Skaptfellinga vonaðist eptir, að eg mundi kenna í brjósti um hann, þar hann hèlt í gær, að eg væri svo brjóstgóður, að hann nú ekki má svara þeirri laungu ræðu, er til hans var töluð; en þó eg sè nú ekki fær um að svara fyrir hann, verð eg þó að geta þess, að mèr skildust ekki svo orð hans, að hann ætlaðist til, að skuldabrèf, sem gæfu ólíkan arð, tíunduðust jafnt; heldur fannst mèr hann vera að leiða rök að því, að sanngjarnast væri, að tíundir og önnur útgjöld legðust að tiltölu á arð þann, er gjaldstofnar gefa af sèr, og færði þar til skoðunarmáta ýmsra þjóða; enda munu hugir manna víða vera farnir að hníga að þessu, og mig minnir ei betur, en að fjárgæzlu-stjórnarherrann í Danmörku hafi sagt, að þessi skoðunarmáti væri almennur, þegar hann var að tala um að leggja á stríðsskattinn í Danmörku, eins og hann viðurkendi það sanngjarnt, þó því yrði ekki við komið, þegar leggja yrði skatt á í miklum flýti, eins og sjá mun mega af Departements-tíðindunum.

Jón Guðmundsson: Eg verð að leyfa mèr að geta þess til upplýsíngar, að ekki er til í landinu nema 1 einstaks manns skuldabrèf, sem leigan af ekki er meiri en 3 af hundraði.

J. Johnsen: Þau geta þá orðið fleiri.

Guttormur Vigfússon: Enn sem fyr við umræður máls þessa hefi eg setið og hlýdt á, til þess að vita, hvort ei gæti skýrzt fyrir augum mèr sanngirni og rèttlæti grundvallarins, er verið er að leggja undir hina nýu tíundarlöggjöf; en eg má játa það, að skoðunarmáti minn hefir ei til muna getað breyzt við umræðurnar í dag, nema hvað mèr virðist ei ósanngjarnt viðauka-atkvæði hins virðuglega þingmanns frá Skaptafellssýslu, er hann stíngur upp á, að skuldabrèf þeirra manna, sem myndugir eru og sem þeir taka árlega leigu af, svari nokkurri tíund árlega af þeim, og því fremur virðist mèr þetta sanngjarnt, sem að ætlan minni þess konar eignir hafa hingað til komizt fríar fyrir nokkurri álögu til landsins þarfa, en runnið óskert-

ar inn í eigendanna sjóð. Í meiri vafa er eg um, hvort eins réttvíst sé að taka af leigufé ómyndugra, því gef eg einasta atkvæði mitt fyrir hinu fyrra.

Ræða þingmannsins frá Árnessýslu gat ei sannfært mig um, að þingmaðurinn frá Skaptafellssýslu hefði farið fram á nokkra ósanngirni í uppástúngu sinni, heldur þvert á móti mælir margt fram með henni, er hann hefir viljað leitast við að koma því mikla fé, er einstaka menn eiga í skuldabréfum, en sem hingað til hefir ekkert verið greidt af til opinberra þarfa, undir einhverja sanngjarna hluttekníng til landsins gagns; eg get því ei skilið, að nokkur þingmanna fallizt á ræðu hans, heldur miklu fremur hlynni að viðauka-atkvæði þingmannsins frá Skaptafellssýslu.

Varaforseti: Fyrst einginn tekur framar til orða, ætla eg mál þetta fullrædt til ályktunar. Eg get þó ekki hjá mér leidt, áður geingið er til atkvæða, að svara fáeinum atriðum, er þingmenn hafa hreift og enn er ósvarað, og gjöri eg það fremur vegna landsmanna, en til upplýsíngar þingmönnum. Hinn konúngkjörni varaþingmaður hreifði því, að stofni, en ekki arður, væri undirstaða tíundar; en þessu er honum áður af öðrum svarað. Hann lèt sèr það einnig um munn fara, að í fardögum væri fé rètt talið fram til tíundar; en vèr vitum, að í þremur fjórðúngum landsins hefir fram verið talið á haustum til skamms tíma, í Vestfirðínga fjórðúngi alt fram á næsta ár, í Sunnlendíngafjórðúngi fram yfir arið 1835; því eptir það ár rann fyrst alda sú austan yfir fjall yfir hinar vestlægari sýslur suðurumdæmisins, og hefir tilhögun þessi hugnazt öllum illa, og verið við höfð af hlýðni einni. Þessa gat og fulltrúinn frá Dalasýslu, og vissi þó ekki, hvort hlýða ætti. Vèr höfum einga yngri löggjöf um þetta efni, en frá 21. apríl 1847, og getur hún þess ekki, að á vorþíngum skuli fé telja til tíundar; því þó af vangá, heldur en illum vilja, hafi stjórninni verið sagt, að meiri hluti þingmanna óskaði vortíundar, hefir stjórnin þó sèð, að 17 atkvæði gegn 6 á þingi voru móti vortíund, og því hefir og stjórnin varazt, að gjöra þá ákvörðun.

Þingmaður Dalasýslu gat þess, að bátur hver mundi forsorga fleiri menn, en nokkurt hundrað tíundbært í sveit, og væri því sanngjarnt, að hann væri hærra tíundaður; en hann gætti þess ekki, að bátum er þar ílt að fjölga, sem sveitabóndi fær fjölgað tíundarfé sínu í hið óendanlega.

Síðan leitaði varaforseti atkvæða þingsins um þessi atriði:

1. Vill þingið aðhyllast úr 1tu uppástúngu nefndarinnar:
   a. að öll hross falli úr tíund? Felt með 19 atkv. móti 3.
   b. að fiskilóðir og net falli úr tíund? Felt með 18 atkvæðum mót 4.
   c. að peníngar (arðlausir) falli úr tíund? Samþykt með 12 atkvæðum mót 10.
2. Vill þingið, að 3 hestar eða 4 hryssur tíundist 1 hundrað. (Thorstensen)?
   Felt með 15 atkvæðum móti 7.
3. Vill þingið, að 5ta hvort brúkunarhross falli úr tíund (Jakob Pètursson)?
   Felt með 17 atkvæðum móti 5.
4. Vill þingið, að kvíga að 2. kálfi og geldmjólk kýr tíundist hvort um sig 80 álnir (nefnd Nr. 2).
   Felt með 18 atkvæðum móti 4.
5. Vill þingið aðhyllast úr 3ju uppástúngu nefndarinnar:
   a. að naut 6 vetra og eldra tíundist 1 hndr. 60 áln.? Felt með 19 atkvæðum móti 3.
   b. að naut 5 vetra tíundist 1 hndr. 30 áln.? Felt með 19 atkvæðum móti 3.
   c. að naut 4 vetra tíundist 1 hndr.? Felt með 19 atkvæðum móti 3.
   d. að naut 3 vetra tíundist 90 áln.? Felt með20 atkv. móti 2.
   e. að naut tvævett tíundist 60 áln.? Felt með 17 atkvæðum móti 5.
6. Vill þingið, að algeld kýr tíundist, sem þrevett naut, 90 áln. (viðaukaatkvæði sèra Haldórs)?
   Felt með 16 atkvæðum móti 6.
7. Vill þingið, að 7 ær loðnar og lembdar tíundist 1 hundrað? (nefnd Nr. 4).
   Felt með 12 atkvæðum mót 10.
8. Vill þingið, að 12 lambsgotur tíundist 1 hndr.? (nefnd Nr. 5).
   Felt með 12 atkvæðum móti 10.
9. vill þingið, að 12 sauðir tvævetrir tíundist 1 hndr.? (viðaukaatkvæði sèra Haldórs).
   Felt með 11 atkvæðum móti 11.
10. Vill þingið, að bátar (tveggjamannafar) tíundist 80 áln.? (Guðmundur Brandsson).
    Felt með 20 atkvæðum móti 2.

11. Vill þingið, að tíund gjaldist af þiljuskipum, sem gánga til fiskiveiða, þannig, að þau sèu metin helmíngi færri hundruð, en dauðir hlutir eru af þeim teknir, (Ólsen)?

Felt með 19 atkvæðum móti 3.

12. Vill þingið, að hin föstu ríkisskuldabrèf einstakra manna tíundist eptir þeim jöfnuði, að 600 rbd. sèu sem 10 hndr.? (Jón Guðmundsson).

Felt með 12 atkv. móti 10.

13. Vill þingið, að ómyndugra fè, sem á vöxtum er, hvort heldur í opinberum sjóði eða hjá einstöku mönnum, tíundist, ef meira er en 150 rbd., eptir þeim jöfnuði, að 600 rbd. sèu sem 10 hndr.? (Jón Guðmundsson).

Felt með 20 atkv. móti 2.

14. Vill þingið, að orðin „til fiskjar“ í reglug. 17. júlí 1782 breytist í „til veiði“? (Sèra Haldór).

Felt með 14 atkv. móti 8.

15. Vill þingið eptir þessum breytíngum senda bænarskrá eður ekki? (Johnsen, Sveinbjörnsson, Sívertsen).

Felt í einu hljóði.

Jón Guðmundsson beiddi varaforseta hljóðs, og mælti:

Þegar eg um daginn bar upp og lagði fyrir hið heiðraða þíng uppástúngu um, að þíngið sendi konúngi ítrekunarbænarskrá um, að konúngar undirskrifi með hlutaðeigandi ráðgjafa íslenzka textann þeirra lagaboða, sem gilda eiga á Íslandi, þá varð meiri hluti þíngmanna á því, að bezt mundi fara að fresta, að velja nefnd í mál þetta, þar til í síðustu lög, ef ske mætti, að konúngsfulltrúi yrði kominn fyrri, og auglýsíng stjórnarinnar. Nú þykir mèr ekki fært að fresta þessu leingur, heldur leyfi eg mèr að afhenda hinum heiðraða varaforseta uppástúnguna á ný, og biðja, að nefnd verði kosin. Eg ætla, að frekari umræður sèu óþarfar, því eg man ekki til, að neinn mælti móti nefnd um daginn, heldur var þá einúngis lagt til, að frestað yrði kosníngu hennar.

Því næst afhenti hann varaforseta uppástúnguna.

Varaforseti gat þess, að þegar flutníngsmaður hið fyrra skipti hefði borið fram þessa uppástúngu, hefðu þíngmenn ekki verið á eitt sáttir um það, hvort kjósa skyldi nýa nefnd, eður vísa uppástúngunni til nefndarinnar um brúkun íslenzkrar túngu; en þar eð nefnd þessi hefði nú lokið starfa sínum, yrði sjálfsagt að kjósa nýa nefnd, og kvaðst hann ætla 3 manna nefnd

nægja, og voru í hana kosnir: Jón Guðmundsson með 18 atkv., Þ. Sveinbjörnsson með 7 og J. Johnsen og sèra Haldór, hvor með 6 atkvæðum; gèði þar aldur, og varð Johnsen nefndarmaður.

Síðan voru lesnar upp fyrir þínginu 2 bænarskrár til konúngs:

1) um undirbúníng verðlagsskráaskýrslanna svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hefir verið send bænarskrá, undirskrifuð af 130 mönnum úr Suðurþíngeyarsýslu, sem beiddist þess: að skýrslur til verðlagsskránna verði hèr eptir samdar af nefnd manna í hverjum hreppi, en verðlagsskrárnar sjálfar síðan samdar af nefnd manna í hverri sýslu.

Til að hugleiða málefni þetta kaus þíngið fyrst 3 manna nefnd, og ræddi það því næst á tveimur aðalfundum; og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að láta yðar hátign álit sitt á því í ljósi á þessa leið: þíngið kannast við, að málefni þetta varði mjög miklu, þar sem verðlagsskrárnar eru reglur fyrir flestum gjöldum og viðskiptum manna; það kannast líka við, að sú aðferðin, sem hingað til hefir verið lögboðin til að ná undirlagi til verðlagsskránna, sè eðlileg og skynsamleg; en þar eð svo mikið ríður á þessari undirstöðu, og nokkrar raddir hafa heyrzt á þínginu, sem gjöra það semmilegt, að sumstaðar hafi í þessu tilliti átt sèr stað, ef ekki hlutdrægni presta eða hreppstjóra í gagnstæða átt, þá þó grunsemi manna um þvílíka hlutdrægni, þá álítur þíngið æskilegt, að fundið yrði meðal til að fyrirbyggja hvort heldur hlutdrægnina sjálfa eða grunsemi um hana. Þvílíkt meðal virðist þínginu vera, að nefnd manna í hverjum hreppi semji undirlagsskýrslurnar, og að í henni sèu prestur, hreppstjóri og einn bóndi, sem til þess sè kosinn af hreppsbændum á vorhreppaskilum eður manntalsþíngi; þar sem 2 prestar og 1 hreppstjóri eða 1 prestur og 2 hreppstjórar eiga hlut að máli, sè eingum bónda við bætt, en aptur sè það gjört, þar sem 2 prestar og 2 hreppstjórar eru í einhverjum hrepp, svo að skýrslurnar verði samdar af 3 eða 5 manna nefnd; þó ráði ekki atkvæðafjöldi verðlaginu, heldur sè, þegar ágreiníngur verður, hvers nefndarmanns atkvæði tekið til greina, og meðaltal af þeim öllum út dregið; við verðlagið álítur þíngið að beri að fara eptir meðal-söluverði móti peníngum í fastri verzlan, viðskiptum

manna á milli, og á opinberum uppboðsþingum; það virðist og hlýða, að nefndin auglýsi fyrir fram, hvar og hve nær hún ætlar að semja undirlagið, og að þeir hreppsbændur, sem vilja, megi vera við staddir, án þess þó að hafa atkvæðisrètt. Þegar skýrslurnar úr hverjum hreppi væri samdar af nefnd manna, en ekki, eins og verið hefir, af presti og hreppstjóra, sínum í hverju lagi, getur aðal-skýrsla fyrir sýsluna ekki orðið nema ein, og álítur þingið vel við eiga, að sýslumaður semji hana eptir undirlagsskýrslunum, en að sýsluprófastur sè laus við þetta starf. Það þykir og þinginu óeðlilegt, að verðlag í gjaldskrá nokkurrar sýslu skuli að nokkru leyti vera bygt á gángverði, sem tíðkazt hefir í annari sýslu, og álítur því vel til fallið, að hver sýsla fái verðlagsskrá sèr, þegar orsök sè til þess vegna mismunar í sýsluskýrslunum á verði algeingra verzlunaraura. Þar eð það er auglýst á þinginu, að í sumum verzlunum sèu íslenzkar vörur teknar lakar mót peníngum, en ella, álítur þingið nauðsynlegt að taka það fram, að undirlag til verðlagsskránna skuli gjörast eptir peníngaverði. Þingið finnur þar á móti einga ástæðu til að fallast á hið síðara atriði í bænarskránni, því alt er undir undirlagsskýrslunum komið.

Samkvæmt því, sem hèr að framan er til greint, leyfir alþíng sèr allra þegnsamlegast að biðja yðar konúnglegu hátign að lögbjóða eptirfylgjandi breytíngar á tilskipun af 16. júlí 1817.

1. Með 13 atkvæðum gegn 9, að undirlagið til verðlagsskránna ár hvert verði gjört af nefnd manna í hverjum hreppi.
2. Með 16 atkvæðum gegn 6, að í þeirri nefnd sèu 3 eða 5 menn eptir kríngumstæðum, nefnilega: hlutaðeigandi prestur og hreppstjóri ásamt einum bónda, er kosinn sè af hreppsbændum sem 3., eða þar sem að eru 2 prestar og 2 hreppstjórar, sem 5. nefndarmaður, en þar sem prestar og hreppstjórar til samans eru 3 eða 5, sè eingum bónda viðbætt.
3. Með 19 atkvæðum gegn 3, að atkvæðafjöldi ráði ekki verðlaginu í skýrslunum, heldur sè, þegar ágreiníngur verður, hvers nefndarmanns atkvæði tekið til greina, og meðalverð af þeim öllum út dregið.
4. Með 17 atkvæðum gegn 5, að skýrslurnar sèu samdar eptir meðal-söluverði móti peníngum í fastri verzlun, viðskiptum manna á milli, og á opinberum uppboðsþíngum.

5. Með 20 atkvæðum gegn 2, að hreppsbúum sè fyrir fram auglýst, hvar og hve nær nefndin ætli að framkvæma störf sín, og hverjum sem vill sè heimilt að vera við staddur, án þess þó að hann hafi atkvæðisrètt.
6. Með 20 atkvæðum gegn 2, að nefndin sendi sýslumanni undirlag sitt.
7. Með 20 atkvæðum gegn 2, að sèrstök verðlagsskrá verði samin fyrir hverja sýslu, þegar mismunur er á verði á algeingum verzlunaraurum í sýsluskýrslunum.

Alþingi, dag 20. júlimán. 1849.

Allraþegnsamlegast

H. Stephensen. *J. Guðmundsson.*

2) Að embættismenn og ekkjur þeirra borgi til jafnaðarsjóðanna, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþingis er komin bænarskrá frá 37 andlegrar og veraldlegrar stèttar mönnum í vesturumdæmi lands þessa, er fer þess á leit við þingið, að það biðji yðar hátign um það lagaboð, er bjóði, að allir embættismenn og ekkjur þeirra, sem tíund gjöra, svari eptir tiltölu af hverju lausafjárhundraði þeirra, jafnt bændastèttinni, til jafnaðarsjóðanna lögskipuðum útgjöldum ár hvert framvegis.

Þingið kaus 3 þingmenn í nefnd til að íhuga þessa uppástúngu, og eptir að þingið hefir nú rædt málið á 2 aðalfundum þess, leyfir það sèr allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt um það á þessa leið.

Alþingið finnur ósk beiðendanna yfrið sanngjarna og bygða á þeirri rèttvísu kröfu, að þeir allir, sem njóta sömu rèttinda, beri sameiginlega þá byrði, sem nauðsynleg er rèttindunum til viðurhalds. Þinginu virðist það líka sjálfsögð stefna tíðarandans, að undanþágur vissra stètta frá almennings álögum eigi að fækka, og það þess heldur í því efni, sem hèr ræðir um, sem útgjöldin til jafnaðarsjóðanna enn þá ekki mega þúngbær heita, og í verunni ekki leggjast embættismanninum á herðar, sem slíkum, heldur sem bónda, sem hefir tíundbært lausafè. Alþingið hefir heldur ekki fundið næga ástæðu til að undanskilja prestastèttina eða embættismanna ekkjur þessari álögu, því þó kjör hvorutveggja stundum kunni að vera ervið, og

sumra þeirra jafnvel bágborin, þá er það á hina hliðina líka víst, að eins getur verið ástadt fyrir bændum og ekkjum þeirra, og að útgjöldin til jafnaðarsjóðanna hjá hverjum einstökum lækka, eptir því sem gjaldstofninn er minni.

Af þessum ástæðum leyfir alþingið sèr í einu hljóði allraþegnsamlegast að biðja yðar hátign að gefa landi þessu lagaboð, er ákveði:

að embættismenn og ekkjur þeirra hèr eptir af tíundbæru lausafè sínu greiði lögskipað gjald til jafnaðarsjóðanna, jafnt sem bændur.

Alþingi, 19. dag júlím. 1849.

Allraþegnsamlegast.

H. Stephensen. Þ. Sveinbjörnsson.

---

21. júlí — sextándi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Varaforseti tók fram til undirbúningsumræðu nefndarálit um aukatekjureglugjörð fyrir lækna, og afhenti framsögumanni, justizráði Thorstensen, er las það upp svo látandi:

Það heiðraða alþingi hefir þann 11. þ. m. kosið oss í nefnd, sem hèr undir ritum nöfn vor, til að yfirvega bænarskrá eina frá Ísafjarðarsýslu með 82 nöfnum, um að alþingi vildi semja bænarskrá til konungs, um að ákveðið yrði með lögum, hvað læknar gætu krafizt fyrir ferðir sínar til sjúkra, ráðleggingar og atgjörðir, er mætti ákveða með lögum, og enn fremur um að þeir fari ferðir ókeypis til fátækra manna, og gefi þeim ókeypis ráð. Vèr höfum við meðferð þessa máls skoðað alt, sem vèr vissum gilt hafa fyrir Ísland sem lög í þessu efni, og var það meira, en margur hyggur, sem ei er kunnugur hinum gömlu lögþingisbókum, því í lögþingisbókinni frá 1789 er á dönsku prentað langt konungsbrèf af 21. september 1787, um embættisskyldur landlæknis (en sem aldrei hefir prentað verið á íslenzku, svo vèr til vitum), og þar á meðal er fyrirskipað, að hann ekki megi kaup heimta af fátækum mönnum, og hversu mikils hann krefjast megi af þeim, er ekki borga, eður í dánarbúum, þrotabúum, og ef hann ferðast í opinberar þarfir o. s. frv. Þessa reglugjörð lögðum vèr til grundvallar með því að meta peningaverð, er þá var, þegar konungsbrèf-

ið var skrifað, móti landaurum, og möttum síðan viðlíka marga landaura til þess peningaverðs, sem nú er á þeim alment. Þar að auki tókum vèr önnur lagaboð til hjálpar, svo sem kansellibrèf af 25. september 1845, um líkskurðarverk hèr á landi, kansellíbrèf af 18. júlí 1840, um fæðispeninga landlæknis á ferðum í opinberar þarfir. Ferðakostnaði sleptum vèr eptir lækna erindisbrèfi af 25. febrúar 1824. 4 grein; þar næst tókum vèr til eptirsjónar opið brèf fyrir ferðakaup læknis á Færeyum af 14. janúar 1820, og tilskipun þá elztu í Danmörk af 4. desember 1672, og breyttum vèr eingu eptir því, það var hvorutveggja þó hærra, en vort frá 1787; en við nokkur verk í opinberri þjónustu, er ei var áður ákveðið í neinum íslenzkum lögum, en sem oss þó þókti rèttast að taka með, þó skjaldan fyrir komi hèr í landi, en flest hafa þó átt sèr stað, svo sem að skoða skemdar matvörur á útlendum skipum, opið brèf af 10. marz 1818, rannsókn um, hvort eitur hafi verið viðhaft, og fleiri opinberar rannsóknir, höfum vèr haft hliðsjón af opnu brèfi fyrir Danmörk af 4. október 1825, og lækkuðum vèr þó nokkuð sumstaðar borgunina í Danmörk fyrir þetta land.

Þannig verður vort sameiginlegt álit í þessu máli, að alþíng eigi allraþegnsamlegast að senda konúngi bænarskrá um, að eptirfylgjandi reglur verði löggiltar, hvar læknir þarf að gera kröfur fyrir ferðir sínar og störf, þótt vèr vonum það komi skjaldan að, nema í dánarbúum, þrotabúum, eða fyrir opinber störf, því margir borga læknum hèr á landi sæmilega störf þeirra ókrafðir, en það hindrar líka ósanngjarnar kröfur lækna þeirra, ef einhver gefast kynni, er vildi vera ósanngjarn í kröfum við lítt efnaða menn.

1. Fyrir almenn störf lækna við sjúklínga:

a. Fyrir að gefa ráð við sjúkleika, resept, reglu fyrir meðalabrúkun, matarræði og atbúnaði, eptir efnum og fyrirhöfn frá 16 sk. til 32 sk.

b. Fyrir að taka blóð, sömuleiðis 16 sk. til 32 sk.

c. Nú er læknir í kaupstað, og er hans vitjað þar, að koma í eitt eður annað hús til sjúkra, í hvert sinni sömuleiðis frá 16 sk. til 32 sk. Þó má hann semja um árlega borgun fyrir allar gjörðir sínar við hvern sem er, eptir sem þeim semur um.

d. Fyrir að vitja sjúkra út á hafskip, er liggur í höfn 1 rbdl.

e. Fyrir ferðir og ráðleggíngar allar til fátækra skal hann einga borgun heimta.

f. Fyrir ferðalög, þegar hann ferðast svo lángt, sem þörf er á og mögulegt er, í hið minnsta yfir þíngmannaleið á dag, í ómakslaun daglega 2 rbdl. Þó reiknast nokkuð styttri vegur, yfir hálfa þíngmannaleið, fyrir dagleið, ef ei þarf leingra að fara; en minna en hálf þíngmannaleið reiknast ei nema hálfur dagur.

g. Fyrir dvöl hjá sjúkum, eptir efnum og tíma daglega frá 1 rbdl til 1 rbdl. 48 sk. Flutníng og aðrar viðgjörðir má læknir láta sèr nægja með, eptir því sem hver getur honum í tè látið eptir efnum og kríngumstæðum; þó leyfist honum að krefja nokkuð og alt að þriðjúngi meira, hvar vel efnaðir menn eiga hlut að, fyrir heppilegar lækníngar og ferðir, þar hann alls einga borgun fær hjá öllum fátækum.

h. Fyrir að skoða áverka á lifandi manni, 1 rbdl.

i. Fyrir heppilega fæðíngarhjálp í barnsnauð, eptir efnahag og ástæðum 2 rbdl. til 5 rbdl.

2. Fyrir opinber störf lækna.

a. Fyrir að skera upp lík í rèttarins þjónustu *(obductio)* og gefa ályktun um það *(visum repertum)* 4 rbdl.

b. Fyrir að skoða lík og áverka á því, og gefa skriflega ályktun um það 1 rbdl. til 2 rbdl.

c. Fyrir rannsókn um eiturbyrlun eptir vísindalegum reglum *(chemisk)*, og semja ályktun um það, og leggi til öll rannsóknarmeðöl, 2 rbdl.

d. Fyrir að rannsaka heilbrigðisástand, sjúkdómseðli, hvort barn er fullburða, eða maður sè með fullu viti, o. s. frv., 1 rbdl. til 2 rbdl.

e. Fyrir að græða veneriskan sjúkdóm á opinberan kostnað, fyrir hvern græddan 2 rbdl.

f. Fyrir rannsókn meðala, matvæla, sèrstakra manna húsa, eða annað því um líkt, er heilbrigðisstjórnin má gaum gefa, og gefa skýríngu um það, 2 rbdl.

g. Þegar læknir er sendur í opinber skylduverk af yfirvaldi, hafi daglega fæðispeníngа 2 rbdl., ef ei fær aðra borgun.

h. Fyrir að skoða skemdar matvörur, þegar skoðunargjörðin varir ei yfir 4 klukkustundir, 2 rbd.; vari hún yfir fjórar, alt að sex, þá 3 rbdl., og vari hún leingur en sex, reiknast sem

tvær skoðunargjörðir, og vari hún í fleiri daga, svo sem við affermíngar hafskipa, fyrir dag hvern eptir hinn fyrsta 3 rbdl.; fyrir hverja örk að skrifa af slíkri skoðunargjörð, 24 sk. (Reglugjörð 10. septembr 1830); fyrir skriflegan vitnisburð um sama efni til skaðabótafèlagsins, 1 rbdl. 32 sk.

i. Fyrir að gefa álit yfir meðalareikníng, þegar 1 til 10 resept fylgja með, 2 rbdl., og síðan 1 rbdl. fyrir hver 10 resept þar fram yfir. Fyrir brèfaskriptir í opinberri þjónustu fá læknar ekkert.

Loksins óskum vèr, að þingið vilji útvega læknum hèr í landi sama forgaungurètt í þrota og dánarbúum, sem læknum er gefinn í Danmörk með kansellíbrèfi af 10. marz 1818.

Reykjavík, 17. júlí 1849.

J. Thorstensen. Chr. Magnúsen. Jón Guðmundsson.

Framsögumaður: Eg verð að bæta dálitlu hèr við, einkum að skýra frá, hvers vegna við höfum yfir höfuð sett lægra verð fyrir lækna störf fyrir almenníng hèr í landi, en fyrir einstaka störf við hafskip, og sèr í lagi fyrir að skoða skemdar matvörur á hafskipum, sem við höfum sett, líkt og lög eru fyrir í Danmörk; og er það af því við vildum ei, þegar um útlenda menn er að gjöra, láta lækna fá minna, en hjá öllum öðrum þjóðum er siðvenja; má ske þeir útlendu þar við gætu gjört sèr þá hugmynd, að læknar hèr í landi væru að litlu gagni, ef þeir gjörðu reiknínga minni, en í nokkru öðru landi, og því settum vèr þess háttar, líkt og við höfum heyrt að lægst væri í Danmörku eða öðrum norðurlöndum.

Þar á móti höfum við tekið flest, sem um er getið fyrir almenna lækna hjálp, úr því gamla konúngsbrèfi, er eg gat um í nefndarálitinu að við höfðum lagt til grundvallar. Þó lækkuðum við nokkuð af því, t. a. m. þar sem stóð í gamla konúngsbrèfinu 12 sk. í gamla daga, fyrir að gefa ráð, resept, o. s. frv., og vildum við ei gjöra það 5 fiska virði, sem það var í enni eldri tíð, heldur lètum við nægja, að taka til 16 — 32 sk., sem er nú frá 2 til 4 fiska, eða rúmlega svo; því við vildum skipta því í fleiri stærðir, því bæði er þar við meira og minna ómak, og mikill munur á efnum þeirra, er ráðleggíngar eða blóðtöku meðþurfa, og því vildum við lækka það mikið fyrir suma,

en fyrir eingan hækka, því eptir gildi peninga nú á dögum hefði 12 sk. átt að svara til alt að 48 sk., og það þókti okkur of mikið, enda sem það mesta.

Við nefndum lækningu á veneriskum sjúkdóm, ef borgast af opinberum sjóði; er það má ske ekki óþarfi, þegar frjáls verzlan kemst hèr á, og ef töluverð aðsókn yrði af framandi skipum, sem allir munu óska, þá þykir mèr ei örvænt, að sá kvilli gæti læðzt inn í þá kaupstaði, hvar framandi mest koma, og væri vel til vinnandi, að gefa læknum, sem þar byggi, eða nánast, 2 rbd. fyrir hvern fátækan, er þeir græða, eins og í öllum löndum viðgeingst, svo þeir því meira gjöri sèr far um, að lækna hann, því óþrifagestur mundi hann þykja, ef hann dreifðist upp um sveitir hèr í landi.

Nefndinni gleymdist, þegar hún samdi um tekjur fyrir opinber störf lækna, að stínga upp á þóknun fyrir að uppfræða og yfirheyra ljósmæðnr hèr á landi, og þessa var því heldur þörf að geta, sem ljósmæður eru lángt um of fáar hèr, og væri eingin uppörfun sparandi, til að fjölga þeim, en það væri þó hugnun, ef læknir hefði frá 3—6 dala í kennslukaup fyrir hverja ljósmóður, eptir þeim tíma sem þær þyrftu til að læra, og eptir því hvernig þær væru undirbúnar. Eg vil því áskilja mèr það viðauka-atkvæði, að læknar fái þóknun fyrir að uppfræða ljósmæður og yfirheyra þær, svo að nemi frá 3—6 dala fyrir hverja, eptir tíð þeirri, er þar til þarf fyrir hverja þeirra; og óska eg nú að heyra álit þeirra heiðruðu þingmanna um þetta efni.

Stiptamtmaður: Þegar málefni þetta var rædt í fyrsta sinn, mintist hinn heiðraði framsögumaður á kansellíbrèf frá 25. sept. 1845, og er það einnig nefnt í álitsskjali nefndarinnar, og skal eg þá birta þinginu inntak þess. Af læknum norðan lands var spurt um, hvort opið brèf 4. okt. 1825 væri gildandi hèr á landi, og neitaði kansellíið að vísu í tèðu brèfi spurningu þessari, en úrskurðaði samt um leið, að það þækti hæfilegt, að læknar hèr á landi feingju fyrir líkskurð helming þeirrar borgunar, sem opna brèfið ákveður fyrir lækna í Danmörku, eður 4 rbd. í stað 8 rbd., og bætti kansellíið því við, að læknar í slíkum tilfellum mættu fá 1 rbd. í fæðispeninga, uns með allmennu lagaboði yrði ákveðin hæfileg borgun fyrir störf þeirra, hvort heldur sem þau væru í almennar þarfir eður einstakra manna; og var bæði kansellíið og rentukammerið

á einu máli um það, að nauðsyn bæri til að fá slíkt lagaboð. Kansellíið ritaði því þá verandi stiptamtmanni Hoppe, og leitaði álits hans um, hver borgun væri hæfileg handa læknum hèr á landi, bæði fyrir störf þeirra í þarfir almennings og einstakra manna, og er málefni þetta þannig öldúngis hið sama, sem nú er tekið til umræðu hèr á þíngi, og eins skipt í tvo flokka, að því leyti snertir þarfir almennings og einstakra manna. Stiptamtmaðurinn leitaði um málefnið álits landlæknisins og sýslumanna, og sendi stjórnarráðinu álitsskjal sitt 9. dag septembermánaðar 1846, og kvaðst samdóma landlæknunum og einkum sýslumanninum í Skaptafellssýslu, sem nú er aðstoðarmaður minn, en tók það um leið fram, að læknar hèr á landi mættu ekki fá í fæðispeníinga meira en 1 rbd. daglega, því aðrir embættismenn feingju í því skyni ekki hærri borgun, og það með því skilyrði, að ferðast þyrfti yfir eina mílu vegar. Þannig vaxið var málefnið sent stjórnaráðinu, og hefir síðan setið við sama keip, og mundi það flýta fyrir því, ef nú væri send bænarskrá frá þínginu um það.

Nefndin tekur fyrst almenn störf lækna við sjúklínga, og síðan opinber störf þeirra, og er það gagnstætt því, sem stjórnin fylgir, og vil eg því taka hin síðar nefndu störf fyrir og gjöra þessar athugasemdir við staflið

a) Borgunin fyrir líkskurð er ákveðin til 4 rbd. eður helmíngs af því, sem borgað er fyrir Danmörku, og er þetta samkvæmt kansellíbrèfinu frá 25. september 1845, og mun ei verða haft á móti borgun þessari, því verkið er ílt og óþokkalegt.

b) Alt annað er að skoða lík og áverka á því, og er þetta verk í sjálfu sèr ekki stórt.

Ef þíngið í þessu tilliti vildi fylgja reglu þeirri, sem kansellíið hefir gefið í tèðu brèfi sínu, þá ætti borgunin að vera 1 rbd., eður helmíngur þess, sem opið brèf 4. okt. 1825 ákveður.

Nefndin hefir að vísu til tekið 1 til 2 rbd., en eg hygg rèttara, að tiltaka fasta borgun, 1 eða 2 rbdl., og verð eg að ætla, að 1 rbd. mætti nægja.

c) Fyrir rannsókn um eiturbyrlan hefir nefndin stúngið upp á 2 rbd., og er það sanngjörn borgun, því þetta er vandaverk. Sama borgun er ákveðin fyrir lækna í Danmörk, en við það er athugandi, að þar vinna stundum fleiri en

1 læknir að verkinu í senn, og fær þá hver þeirra þessa borgun. Nefndin hefir ekkert gjört ráð fyrir þessu, eins og hún hefir leidt fram hjá sèr að minnast á, hvort borgun þessi ætti ekki að falla burt eptir opnu brèfi 4. okt. 1825, eður með öðrum orðum vera innifalin í borguninni fyrir að skera upp líkið, ef við þarf, og held eg þá, að borgun þessi megi vera hèr á landi jafnhá og í Danmörku.

d) Fyrir að rannsaka heilbrigðisástand, sjúkdómseðli, hvort barn er fullburða eða maður er með fullu viti, o. s. frv., hefir nefndin stúngið upp á 1—2 rbd., og er sama borgun ákveðin í Danmörku. Betra væri þó, að borgunin væri fast ákveðin, og held eg 1 rbd.mætti nægja í flestum tilfellum, eður sem almenn regla.

Í opna brèfinu fyrir Danmörku stendur: „ef borgun greiðist af opinberum sjóði“ (annað lagaboð gildir fyrir einstöku menn), og held eg nefndin hafi meint til borgunar úr slíkum sjóði, af því þetta stendur á þessum stað.

e) Til að græða veneriskan sjúkdóm á opinberan kostnað, stíngur nefndin upp á 2 rbd., eins og í Danmörku, og held eg það rètt, því eg er samdóma landlæknínum, að mikið sè áríðandi, að sjúkdómur þessi nái ekki að breiðast út.

f) Fyrir rannsókn meðala, matvæla, sèrstakra manna húsa o. s. frv., hefir nefndin stúngið upp á 2 rbd., og verð eg að bera það undir þíngið, hvort nauðsyn beri til, að borgun fyrir þetta sè 2 rbd. eða 1 rbd., því ef eingin sèrleg ástæða er til að borgunin sè hærri en 1 rbd., þætti mèr vel tilfallið, að hún gæti orðið fastsett þannig, svo hún yrði helmingur við það, sem borgað er í Danmörk; þessi rannsókn er optast nær fljótt af hendi leyst og ekki mikið vandaverk, svo eg held 1 rbd. mætti nægja.

g) Regla sú, að læknar fái 2 rbd. í fæðispeníng, þegar þeir af yfirvaldinu eru sendir í opinber skylduverk en fái ei aðra borgun, held eg sè ekki góð, og álít eg það betur til fallið, að þeir í þessum erindum fái hæfilega fæðispeníng, og borgun að auk fyrir störf sín, og hygg eg þá, að 9 mörk um daginn í fæðispeníng megi nægja. Nefndin hefir líklega ekki viljað stínga upp á minni borgun fyrir þess háttar ferðir, af því fæðispeníng ætti ekki að borga, þegar læknirinn fær borgun fyrir starfið sjálft (ef ei fær aðra borgun). Landlæknirinn hefir að vísu hingað til, eptir

kansellíbrèfi 18. júlí 1840, feingið í fæðispeninga um daginn 2 rbd. á ferðum sínum í opinberar þarfir, en að því leyti mig minnir, er þessi borgun ekki ákveðin nema fyrir að rannsaka lyfsölubúðir, og er þetta sèrlegt starf landlæknisins, því honum er gjört að skyldu að fara norður og vestur til að skoða lyfsölubúðirnar, þó þessu um tíma hafi ei orðið við komið, því landlæknirinn hefir verið beðinn um, að vera heldur heima, er menn máttu ei missa hans við. Þar á móti held eg það ei almenna reglu, að taka sömu fæðispeninga á öllum slíkum ferðum, og er það líka gagnstætt áliti stiptamtmanns Hoppes, sem ei vildi hærri fæðispeninga en 1 rbd.; þetta er nú að vísu lítið, en 2 rbd. virðist mèr heldur mikil borgun. Vera má og, að kansellíið hafi haldið, að landlæknirinn ætti að hafa hærri borgun, en aðrir læknar, fyrir þessar sèrstöku ferðir sínar, en nú er til rædt um almenna reglu fyrir alla, og ætti því borgunin að vera jöfn. Það hefir hèr á þinginu þókt sanngjarnt, að þingmenn feingju 9 mörk í fæðispeninga um daginn á ferðum sínum, og get eg ei haft á móti, að læknar fái sömu borgun, en að minnsta kost álít eg það nauðsynlegt, að tiltaka vissa vegaleingd, sem skilyrði fyrir, að þeir fái nokkra borgun, eins og stiptamtmaður Hoppe fór fram.

Eg er þannig búinn að yfirfara þær uppástúngur nefndarinnar, sem lúta að opinberum læknastörfum, því hvað snertir kennslu ljósmæðra, sem hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið fram í viðaukaatkvæði sínu, og, ef til vill, hjálparlækna, þá held eg bezt til fallið, að leiða þetta fram hjá sèr, þángað til ný lagaboð koma út um það.

Hvað hin önnur störf snertir, sem nefndin upp telur undir staflið *h* til *i*, og heimfærir undir opinber störf, þá er þetta hreinn misskilníngur nefndarinnar, því þessi störf eru ekki í opinberar þarfir gerðar, og um þau gilda í Danmörku alt önnur lagaboð, nefnil. opið bréf 10. marz 1818, sem ákveður borgun landlækna og hèraðslækna fyrir þau brèfleg embættisstörf *(legale Forretninger)*, sem þeir framkvæma eptir beiðni einstakra manna; það eru slík störf, sem almenníngur á að hafa traust til, t. a. m. skýrslur um, hvort maður er heilbrigður eða veikur o. s. frv., og eru þau ekki í þarfir almenníngs, heldur einstakra manna. Þegar því nefndin í staflið *h* stingur upp á

borgun fyrir að skoða matvöru í opinberar þarfir, þá á þetta heima í staflið *f*, og voru læknar skyldir að gjöra það kauplaust, þegar opna brèfið af 1818 út kom; fyrst með opnu brèfi 4. október 1825 feingu þeir nokkra borgun fyrir þetta (sjá stjórnarráðatíðindin 682 til 683), þó ekki hærri en 2 rbdl.

Störfum lækna, sem við koma hinu opinbera, er lokið við staflið *g* í nefndarálitinu, en þar á eptir koma þau embættisstörf þeirra, sem einstakir menn eiga að borga; en þegar opna brèfið af 1818 kom út, var það fyrir öll þess konar störf, nema þau sem voru ókeypis, t. a. m. skoðun á matvörum. Þannig eru 24 sk. fyrir að skrifa örk af skoðunargjörð ekki borgaðir, nema þegar einstakir menn eiga hlut að. Að því leyti undir staflið *i* er stúngið upp á 2 rbdl. fyrir álit yfir meðalareikníng með 1—10 receptum, þá á landlæknirinn að skoða meðalareikníngа fyrir alt landið, og fær einga borgun fyrir það, en eptir nefndarálitinu ætti hið opinbera að greiða þessa borgun, en þetta er ekki í Danmörk svo, heldur er það skylda landlækna, að gjöra það ókeypis. Þar á móti er borgun sú, sem nefndin stíngur upp á, ákveðin í Danmörku, þegar einstakir menn eiga hlut að, og álit á að gefa um reikníngа frá lyfsölubúðarmönnum, og er eg því að vísu ekki mótfallinn, að sama borgun sè ákveðin hèr á landi, heldur vildi einúngis geta þess, að þetta við kemur embættistörfum þeirra í einstakra manna, en ekki almennings þarfir.

Því næst vík eg ræðu minni að hinum almennu störfum lækna við sjúklínga, sem, ef til vill, ættu að standa seinast, en eru á undan fram talin í nefndarálitinu, og vil eg þá fyrst geta þess, að að því leyti borgun eptir staflið *a, b, c* er ákveðin frá 16 til 32 sk., þá virðist mèr betur til fallið, að hún sè fast ákveðin, t. a. m. 24 sk., og næstum því ótækt, að tvent sè til tekið. Því setji læknirinn upp á hæstu borgunina, verða viðkomendur reiðir yfir þessu, og vilja þá ei láta af hendi rakna nema í mesta lagi það lögákveðna, þó æskilegt væri, að efnaðir menn gæfu nokkuð fram yfir; að minnsta kosti álít eg það betur eiga við, að borgunin undir staflið *c*, sè fastákveðinn til 24 sk. Borgunin fyrir að vitja sjúkra út á hafskip, er liggur í höfn, virðist mèr of hátt ákveðin með 1 rbdl., og ekki sanngjarnt, að láta útlenda borga 1 rbdl, þar sem aðrir borga 24 sk., og ef skipið liggur nálægt, sem tíðast er, og bátur er sendur eptir lækninum, lítur það ekki vel út, að setja borgun-

ina svo hátt. Að því leyti undir staflið *e* er svo fyrir mælt, að læknar skuli einga borgun heimta fyrir ferðir og ráðleggíngar til fátækra, þá er þetta ónauðsynlegt, því það er nákvæmar fram tekið í lagaboðum, er nú gilda (reglug. fyrir héraðslækna 25. febr. 1824. § 4), og er það ákveðið, að læknirinn eigi að hafa fæði og flutníng ókeypis, og verður hann að láta sér nægja með þann flutníng, sem fátækir menn eptir stöðu og ástandi þeirra geta látið í té, en sèu það sveitarlimir, er það skylda sveitarstjórnarinnar að annast þetta, og á þá að borga honum fæðispeníngа. Undir staflið *f* er nú stúngið upp á 2 rbdl. fyrir ferðir læknis, þegar hann ferðast svo lángt, sem þörf er á og mögulegt er, í hið minnsta yfir þíngmannaleið, þó reiknast vegur yfir hálfa þíngmannaleið, ef ei þarf leingra að fara, fyrir dagleið, en hálf þíngmannaleið reiknast ei nema hálf dagleið. Ákvarðanir þessar, og þær um sama efni í Nr. 2 *g*, verða þá að álítast sem ítarlegri takmörk þeirra fæðispeníngа, sem þegar eru lofaðir læknum á ferðum þeirra til fátækra í opnu brèfi 25. febr. 1824 § 4. Það er vafalaust sanngjarnt, að fæðispeníngarnir vaxi í tiltölu til vegaleingdar, og þykir mèr vel við eiga, að tiltaka vissa vegaleingd, eins og fyrir ferðir í opinber erindi, t. a. m., ef styttri er vegur en ein míla, þá fái læknir einga fæðispeníngа, en fyrir ferðir yfir mílu vegar, en undir þíngmannaleið, 1 rbdl., og fyrir þíngmannaleið og þar yfir, 2 rbdl., eða þar um bil. Þar sem í staflið *d* er fyrir dvöl hjá sjúkum stúngið upp á 1 rbdl. til 1 rbdl. 48 sk., þá getur þessi dvöl að tímaleingdinni munað miklu, nema ef dvöl á íslenzka túngu kallast ei önnur viðstaða en sú, sem nemur töluverðum tíma; mèr virðist því eiga við, að tiltaka þetta nákvæmar, svo sem 4 stundir, og þá ákveða borgunina frá 1 rbdl. til 1 rbdl. 48 sk. Því, sem undir þessum staflið á eptir kemur, virðist mèr bezt að sleppa úr, því þess háttar er bágt greinilega og fast að ákveða, og verður að vera komið undir góðum vilja hlutaðeiganda, enda vilja hinir efnabetri borga meira, ef læknirinn er góður og reglugjörðin lág. Að því leyti loksins snertir borgun þá, 2 rbdl. til 5 rbdl., sem í staflið *i* er stúngið upp á fyrir heppilega fæðíngarhjálp í barnsnauð, þá álít eg betur eiga við að ákveða fasta borgun, t. a. m. 3 rbdl; læknirinn ætti að vísu opt að fá hærri borgun, en hana greiða menn þá af góðvild sinni, en reglugjörðin er sèr í lagi ætluð handa þeim, sem eru efnalitlir.

Framsögumaður: Í nefndarálitinu stóð, að læknir feingi fæðispeninga 2 dali í opinberum erindum, ef hann ekki feingi nokkra aðra borgun, það er að skilja fyrir athafnir sínar á þeirri ferð, en ef hann feingi borgun fyrir störf nokkur, er hann er sendur að gjöra á ferðinni, þá ætlast eg til, ef svo væri, að hann hefði minni eða einga fæðispeninga af því opinbera, eptir sem störfin borgast, og eptir vegaleingd. Fyrir allar þær ferðir, sem eg hefi farið í opinberri þjónustu, hefi eg aldrei annað feingið en fæðispeninga, t. a. m. þegar eg visitèraði apótekið í Stykkishólmi 1841, og hefi líka stundum farið suður á Suðurnes í opinberum erindum. Mèr þykir óliku saman að jafna, um fæðispeninga, þó sýslumenn hafi ei nema 1 rbd. í fæðispeninga í sakamálum einasta, en annars 9 mörk í privatmálum, því bæði fá þeir opt borgun fyrir gjörðir sínar, hvar fyrir þeir ferðast, og líka fá þeir þó einstaka sinnum stærri aukatekjur, en nokkur læknir getur vænt hèr á landi, t. a. m. við (auctioner) uppboðsþíng, skipti í dánarbúum, o. s. frv., þó það komi skjaldan að hjá sumum. Mèr þykir annars miklu skipta, hvað fæðispeninga snertir, hvort læknirinn fer lángferðir og er marga daga burtu frá heimili sínu; því þá ætla eg honum ekki 2 rbd. of goldna í fæðispeninga; en fari hann heiman að að morgni dags og komi heim að kvöldi, þá þykir mèr honum mega nægja einn dalur í fæðispeninga, og sjaldan munu læknar í Danmörku fara ferðir í opinberum erindum leingri, en því nemi. En þegar læknir hèr í landi er fleiri nætur frá heimili sínu, þá má hann opt borga greiða og önnur atvik, ef hann ei nýtur kunníngskapar við, sem ekki er því opinbera við komandi. Eg óska því ekki meira en 1 rbd. í fæðispeninga um daginn nokkurn tíma, þegar vegur ekki er leingri en svo, að farið verði vel að heiman og heim á sama degi, en sè vegurinn yfir þíngmannaleið, eða leingri en svo, að dagferð sè, þykir mèr ekki of mikið, að læknar fái líkt og til tekið er í Danmörku fyrir ferðir í opinberri þjónustu, 2 rbd. daglega, og það því heldur sem hèr hafa þeir ekkert fyrir ferðir til fátækra sveitarlima o. s. frv., er þeir þó í Danmörku hafa 1 rbd. um daginn fyrir fæðispeninga. Fæðispeninga verður annars aldrei getið, þegar um einstaka menn er að gjöra og læknirinn fær borgun fyrir ómakið. Þegar lík er skorið upp, byrjar ætíð ályktunargjörðin með þeirri útvortis skoðun og lýsingu, sem því jafnan reiknast

með í þvílíku álitsskjali. Eg held, að eingin verði of sæll af rannsókn um eiturmál, þó hann fái 2 dali fyrir, og leggur sjálfur til öll rannsóknarmeðöl, því eg hefi tvisvar gjört þvílíka rannsókn, einu sinni fyrir norðausturamtið, og einu sinni fyrir vesturamtið, og kostuðu rannsóknarmeðölin í fyrra sinni mig yfir 1 rbd., en eg hefi aldrei feingið neitt fyrir hvoruga, og ekki krafizt, því eg hafði ekkert lagaboð, eptir hverju eg gæti krafizt, nema það gamla lagaboð af 1787, sem þó mun vera úr gildi geingið í því tilliti; að öðru leyti er örðugt að segja, hvernig borga skuli rannsóknina yfir höfuð, því þær geta verið svo misjafnar, sumar vara ei nema 1 eða fleiri tíma, en aðrar verða ei vel af hendi leystar á minna en heilum dögum eða jafnvel fleiri.

Um mismuninn á milli *opinbert,* og *legale,* er eg ei nógu lögfróður til að geta gjört má ske þann rètta greinarmun, því eg ímyndaði mèr, að það kæmi því opinbera við, þegar yfirvald embættis vegna biður læknir eða skipar honum að skoða skemda matvörufarma, þó það borgist af þeim, er með vörurnar eiga. Mèr hefir aldrei dottið í hug, að læknir nokkur, hvort heldur eg eða aðrir, ættu að fá borgun fyrir að gegnumskoða fátækrameðala reikninga; því eg veit, að það, eins og alt annað, sem fátækum við víkur, á læknirinn að gjöra ókeypis, en það eru aðrir stórir meðalareikningar, er ekki koma fátækum við, er hèr er talað um, og sem skjaldan koma fyrir hèr á landi.

Að öðru leyti óska eg ekki, að aukatekjur lækna sèu háar, heldur að þær sèu eptir samgirni og fyrirhöfn læknisins.

Stiptamtmaður: Með tilliti til þess, er hinn háttvirti framsögumaður sagði, viðvíkjandi borgun fyrir rannsókn lyfsölubúða, skal eg einúngis benda til þess, að eptir því sem stendur í stjórnarráðatíðindunum fyrir 1825 bls. 686, á slík rannsókn að ske ókeypis, af því það er embættisskylda læknisins, sem borgast honum í launum hans. Hvað við víkur borgun fyrir að lækna sjófólk, þá er, ef til vill, 24 sk. of lítið, en það munar miklu, hvort það eru 24 sk. eður 1 rbd., einkum þegar hann á að greiða fyrir hvert skipti, og þó borgunin væri að eins ákveðin til 48 sk. mundi það ekki veikja traust á læknum hjá framandi mönnum. Að ákveða fasta borgun í minnsta lagi, felli eg mig vel við, og má þá taka það fram í inngáng-

inum, án þess þörf sè á að taka það upp aptur við hvert atriði.

Guttormur Vigfússon: Eg leyfi mèr að gjöra fáeinar athugasemdir við nefndarálitið, einkum hvað við víkur hinum almennu gjöldum til lækna; herra stiptamtmaðurinn hefir að vísu ljóslega tekið fram flest af því, er eg vildi hafa sagt í því falli, en því fáa vil eg þó við bæta, er eg nú ætla að til greina. Þar sem í nefndarálitinu er fram tekið undir staflið-num *e,* „að læknar skuli alls einga borgun taka af fátækum fyrir ferðir og ráðleggingar", þá er það að vísu gott, en þar er þó ei til greint, hverjir slíkir fátækir sèu; eg skil það að sönnu fyrir þá, sem öreigar eru, eður þá sem þiggja af sveit, og þá sem ekkert geta til hennar lagt, en fleiri ætla eg megi fátækir heita, því fyrr er fátækur, en bersnauður, og þegar eg lít til þess, er stendur undir bókstafnum *f* í nefndarálitinu, að 2 rbd. skuli vera borgun fyrir lækna um dag hvern, er þeir ferðast um þingmannaleið, þá sýnist það ei alls kostar sanngjarnt, að taka eins fullkomna borgun af þeim mönnum, er ganga öreigunum næst að efnahag, og hinum, sem efnagóðir heita; eg ætla það sè vel kunnugt, að það sè næsta mjótt mið á millum þess, sem bláfátækur er, og hins, sem næst honum geingur að fátæktinni eður efnahagnum, og að þeim mundi því nærfelt jafnómöguleg eða þúngbær borgunin, og því áskil eg mèr breytíngaratkvæði þannig: að læknar fái ei meiri borgun fyrir störf sín og aðgjörðir við alla þá fátæka, er næstir ganga hinum svo köllnðum öreigum að efnahag, en hið hálfa af því, sem minnst er ákveðið í nefndarálitinu, og að þessir fátæku sèu aptur skyldir til að sanna fátækt sína, ef læknir krefur, með vitnishurði viðkomandi sveitarstjórnar.

Enn fremur vil eg gjöra þá athugasemd við staflíðinn *f.* Þar er svo kveðið að orði, að læknir skuli hafa 2 rbd. á dag, þá er hann ferðast *„sem mögulegt er"* og í hið minnsta yfir þingmannaleið. Þetta orð „sem mögulegt er" er svo yfirgripsmikið og ákvörðunarlaust í tilliti til ferðalags, og gæti eg fært dæmi þar til af eigin reynslu, því eg hefi farið það á einum degi, sem alment og venjulega er farið á þremur, má þetta orð því eingan veginn standa óbreytt, þar það er, sem sagt, svo ónákvæmt og ákvörðunarlaust, að það getur valdið mikils ágreinings milli hlutaðeigenda, er annar álítur það mögulegt, sem hinn segir ómögulegt; því áskil eg mèr breytíngaratkvæði

á orði þessu í nefndarálitinu „sem mögulegt er“, að það sè annaðhvort úr felt, eður nákvæmar ákveðið hvað tákna skuli.

Þar að auki sýnist mèr hin ákveðna borgun fyrir vissa vegaleingd ekki að svara hvor til annars að innvortis jöfnuði, þar sem tiltekið er með orðunum, „fyrir að ferðast í hið minnsta þingmannaleið á dag skuli læknir öðlast 2 rbd.“, en rètt á eptir er þó til tekin og fastsett sama borgun, þó hann ferðist yfir hálfa þingmannaleið, hvað ekki sýnist vera sem skipulegast í tilliti til orðanna, sem á undan standa og ákveða 2 rbd. borgunina einúngis, ef læknir ferðast í hið minnsta yfir þingmannaleið; mèr sýnist, að borgunin ætti bæði að vera fastsett eptir vegaleingd að rèttri tiltölu eður innbyrðis jöfnuði, svoleiðis að ferðakaupið vaxi að rèttri tiltölu, sem læknirinn ferðast leingra á dag. Eg ætla þá einnig í þessu tilliti að áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að ferðakaup jafnist niður með meiri jöfnuði, en nefndarálitið ákveður, þannig, að fyrir hálfa þingmannaleið sè mest 1 rbd., heila þingmannaleið 1 rbd. 48 sk., og hvað læknir ferðast þar yfir á dag, má hann ei meiri borgun taka en 2 rbd. Eins og mèr virðist þetta eigi nú þannig að breytast, svo ætlast eg til, að breytíngaratkvæði mitt, það er eg fyrst áskildi mèr í tilliti til fátæklínga, er öreigum geingu næst að efnum, nái einnig til þeirra í þessari grein, að ferðalaunin falli þeim mun lèttar á þá, en hina efnaðri, eins og eg fram tók.

En það er ætlan *mín,* að þegar hinir fátæku, sem næstir eru að efnahag öreigunum, væru, eins og *eg* hefi stúngið upp á, undan skildir hinni í nefndarálitinu ákveðnu borguu til lækna fyrir allan starfa þeirra og aðgjörðir, og efnaásigkomulag þeirra að því leyti samngjarnlega til greina tekið, þá muni hin fastsettu laun þar mega álítast hæfileg og samngjörn, þegar litið er einúngis til hinna efnaðri. Þó læknar sakni launa í, sökum hinna fátækari, þá ætla eg, að margir hinna efnaðri muni sýna það eðallyndi, þar sem við góðan lækni er að skipta, að þeir borgi þeim frílega hið ákveðna, og að þeir þannig upp beri jafnvægi þess, er þèir fyrir hinna skuld mega missa í.

Eg hefði ekki viljað vera þess ollandi, að læknar feingi ei hæfileg laun, því það viðurkenni eg fullkomlega, að sè nokkur verkamaður verður launa, þá sè það í sannleika nákvæmur, ástundunarsamur og góður læknir; enda ætla eg, að

flestir játi það, og margir láti það ásannast í verkinu eptir kríngumstæðum, en eg neita því ekki, að þar á móti kunni að hittast þeir, sem ekki gæta skyldu eður sanngirni við lækna sína, sem vera ber, og að læknum í því falli kunni og svo að yfirsjást, því allir eru menn, og með tilliti til hinna síðari hafa bæði orð landlæknisins bent til þess og fleiri, sem og bænarskráin frá Ísafjarðarsýslu, sem einkum veldur því, að þetta mál er nú í smíðum.

Framsögumaður: Það sem hinn virðulegi þíngmaður frá Norðurmúlasýslu nú fram bar, mæli eg ekkert í móti, að þeir efnalitlu, sem næstir eru þeim örfátæku, borgi minna eptir kríngumstæðum; en læknirinn er ekki þeirra efnaástandi svo kunnugur, að hann sè fær um að dæma, á hvaða fátæktar eða efnatröppu hver sjúklíngur er, þar um ætti hann þá að fá bendíngu eða skýrteini, annaðhvort frá sveitastjórn eða presti. Hvað því við víkur, að borgunin verði misjöfn eptir vegaleingdinni, sem læknir ferðast, þá ætla eg það ei ósanngjarnt, að þó hann fari um 2 þíngmannaleiðir á dag á ferð til hins veika, þá eigi hann ekki meiri borgun en 2 dali fyrir þann dag, ef krefja þarf, því mèr þykir sanngjarnt, að sá veiki gjaldi þess ekki einn, að hann á lángt til læknis að sækja, heldur að læknir beri nokkuð af þeim kostnaði, með því að heimta ekki meira fyrir þá mjög laungu dagleið, en aðra miklu styttri, eina þíngmannaleið; því það er mín hugmynd, að hver læknir ætti að vera snar í ferðum, einkum á ferðinni til hins sjúka, því hann óskar jafnan, að læknirinn komi sem fyrst, þegar þörfin er mikil, og því þyki mèr líka sanngjarnt, að sá, sem ei býr leingra en tæpa þíngmannaleið frá lækni, greiði líka sömu borgun, því sá veiki, er skemra þarf að láta sækja lækni, er þó betur farinn, þar kostnaður hans verður þó minni en hins, er fjær er. Að öðru leyti verður að meta alla vegaleingd, um hvað dagleið, þíngmannaleið eða mílur sèu, eptir sanngirni einni, því eingin merki eru til þess sett í landinu. Eg ætla ekki, að nokkur læknir láti sig muna um 1 eða $\frac{1}{2}$ mílu á lángferð.

Guttormur Vigfússon: Eg ætlaði, að eg hefði áðan tekið það skýrt fram, að læknum væri veittur rèttur til að krefja vitnisburðar sveitastjórnenda, ef þeim þækti þörf til bera, um efnahag þess, er segðist fátækur vera, og þess vegna vildi fá linun í borguninni. Ekki get eg ætlað, að bera þurfi kviðboga fyrir, að vitnisburðurinn muni ei sannur, þar sveitarstjórn-

endum mun ætíð fullkunnugt, hverjir fátækir eru, og hverjir efnaðir í hreppnum, og þess vegna sè óhætt að byggja á vitnisburði þeirra; eg ætla það líka hverjum ráðvöndum manni, að hann skorist ei undan að borga læknirnum fullkomið, ef verk hans heppnast og efni hins leyfa, og munu læknar því optast upp bera laun sín á þann veg.

Jón Jónsson: Það kemur hér fram, sem mèr datt strax í hug, þegar eg las og yfirvegaði nefndarálitið á lestrarsalnum, nefnilega, að þingið mundi ekki fljótlega geta áttað sig í svo margbreytilegu málefni, sem þetta er; og held eg, eptir þeim upplýsingum, sem nú eru fram komnar í þessu tilliti, að ráðlegast væri, að nefndin tæki við því aptur til nýrrar yfirvegunar og umbótar. Eg að vísu álít það gott, að lagaboð feingist, sem ákvæði læknirum sanngjörn og hæfileg laun, en þá líka þyrfti og ætti það lagaboð að vera svo greinilegt og ótvírætt, að eigingjarn læknir ekki gæti eptir því krafizt ósanngjarnrar borgunar af neinum manni, en þetta hefir nefndinni, að mèr finnst, ekki tekizt vel að undirbúa, og vil eg skýra það með dæmi, hvernin þvílíkur læknir gæti notað sèr af þvíliku lagaboði, og jafnvel krafizt 8 ríkisdala um daginn fyrir ekki mikilsvert ómak; til að mynda eptir stafliðnum

f. Borgun fyrir ferð hans rúma hálfa þingmannaleið áleiðis, eins og fyrir 1 dag	2 rbdl.	„ sk.
h. fyrir að skoða áverka á manni, sem hann væri sóktur til	1 —	„ —
b. fyrir það, sem líklega næst lægi við, að taka hinum sama blóð	„ —	32 —
a. að gefa hinum sama ráðleggíngar, hvað hann mætti t. a. m. borða eður ekki borða, með fleiru, sem þar að lýtur	„ —	32 —
a. og nú má ske hèr að auki forskript fyrir meðölum og brúkun þeirra	„ —	32 —
f. og fyrir heimferðina, rúma hálfa þingmannaleið, eins og fyrir heila dagferð, þótt hann færi heim sama daginn	2 —	„ —
g. ef þessi lækníng hans yrði vel heppileg, þá getur sú þriðjúngs viðbót, sem hann ætti rètt á að krefja, orðið	2 —	„ —
gæti því eigingjarn læknir eptir þessu krafizt um daginn	8 —	„ —

Eg get því ekki annað en lagt það til og óskað þess, að nefndin taki aptur álitsskjalið, verði aukin tveimur mönnum, og hún útvegi sèr til leiðbeiníngar allar þær athugasemdir og upplýsíngar, sem stiptamtmaðurinn hefir í þessu málefni gefið alþínginu.

Við undirbúníngsumræðu máls þessa kom það fyrir af hálfu Vestfirðínga, hvaðan málefnið er komið, að læknir þar hefði látið liggja eptir sig mjög svo ósanngjörn dæmi með að krefja of hárrar borgunar fyrir ómök sín. Þetta, sem hvað annað, sem talað er á þíngi þessu, kemur út á prent í tíðindunum, og væri því eðlilegt, að nokkrir þeir, sem lesa þau, en hafa ekki mikinn kunnugleika í landinu, kynnu að leiða af þeim þá ályktun, að svona mundi vera um fleiri lækna í landinu, og þeir í þessu efni eiga óskilið mál; eg finn mèr því skylt að leiða það í ljós, að í norðurumdæminu er eingin orsök til að kvarta undan kröfum læknisins, og eg hefi heldur ekki heyrt neina gjöra það.

Framsögumaður: Sá virðulegi þíngmaður frá Suðurþíngeyarþíngi hefir að minni meiníngu einstaklega misskilið meiníngu nefndarálitsins, því eingum okkar nefndarmanna gat komið annað í hug, en að hver einn mundi skilja svo fyrstu greinina um almenn störf lækna, að það, sem þeim sjúku er ráðlagt yfir höfuð bæði eptir resepti og öðruvísi, opt munnlega, svo sem um matarræði og atbúnað, væri að skilja sem ein ráðlegging og ætti ei til samans að borgast nema með 16 sk. til 32 sk. eptir kríngumstæðum; heldur ekki var það okkar tilætlan, að nokkur læknir væri svo ósanngjarn, að gjöra 2 þíngmannaleiðir úr einni, t. a. m. hálfri áfram og hálfri til baka, því heldur sem í nefndarálitinu stendur, þótt hann fari um dag einn, meira en þíngmannaleið, það er að skilja, hvort heldur áfram eða til baka, reiknast ei nema ein dagleið, en aptur, ef lítið vantar í þíngmannaleið, er hann þarf að fara alls um daginn, reiknist sem ein heil: enda er víða bágt að segja, hvar þíngmannaleiðir byrja og enda hèr í landi, og því gjörum við það með öðru orði dagleiðir, þó þær geti líka orðið misjafnar.

Stiptamtmaður: Þíngmaður Suðurþíngeyarsýslu hefir nokkuð fyrir sèr, því ef eina og sömu borgun átti að greiða fyrir öll störf þau, sem í nefndarálitinu eru upp talin undir 1, *a*, *b*, *c*, þá var óþarft að liða þau þannig sundur, heldur átti að draga þau saman undir eitt atriði. Annars álít eg ekki nauð-

synlegt að vísa málefninu til nýrrar meðferðar í nefnd, því það er alvenja, að nefndir eptir undirbúningsumræðuna endurbæta uppástúngurnar og koma sèr saman við þá, sem hafa borið upp helztu breytingaratkvæði, og yrði nú nefndin heppin í breytingum sínum, gæti þingmaðurinn frá Suðurþingeyarsýslu tekið aptur breytingaratkvæði sitt.

Jón Jónsson: Eg hefi skilið svoleiðis þínglögin, að nefndin ekki gæti eða mætti á annan hátt breyta álitsskjali sínu, en með því að taka aptur við því til nýrrar yfirvegunar.

Steffán Jónsson: Mèr þyki það æfinlega neyðarkostur, að vísa nefndarálitum til nefndanna aptur, því það er eins og menn haldi, að nefndin hafi hroðað svo af störfum sínum athugalítið, að hún gæti gjört þeim mikla bót, ef hún tæki þau til meðferðar á ný; en eg get ekki haldið, að menn gjöri sèr ekki meira far um störf sín en svo, heldur liggur optast orsökin í því, að ekki er gott að hitta á það, sem öllum líkar vel, og held eg þetta eigi sèr hèr stað. Ef nefndarálitið er afhent nefndinni á ný, er líklegt að hún geti ekki bætt það til hlítar, og það vegna tímans naumleika annaðhvort ekki verði rædt til fulls, eða verði á endanum felt með öllu.

Bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu er orsök þess, að þetta mál er til umræðu komið, en eingir aðrir landsmenn hafa kvartað undan ójöfnuði í þessu efni, og lítur svo út, sem fleiri hafi ekki haft orsök til þess; en það er athugandi, að þessir menn hafa danskan læknir, og má því valda venja hans úr öðrum löndum og ókunnugleiki á högum fólks hèr á landi. Eg kannast við, að svo gekk líka til í umdæminu fyrir norðan, meðan þar var danskur læknir, að nafni Hoffmann, en síðan hann fèll frá, er fjærri, að nokkur maður hafi kvartað eða haft orsök til kvörtunar í þessu efni, og held eg, að íslenzkir læknar gjöri ekki fólki of harðkeypt um borgun fyrir lækníngar; þeir þekkja líka betur til kríngumstæða og ástands fólks í hvert skipti, og geta betur hagað sèr eptir því, en það geta danskir menn miklu síður. Eg held því, að ekki beri brýn nauðsyn til, að lagaboð út komi um borgun fyrir lækníngar við einstaka menn; flestir munu vera svo artarlegir, að vilja borga eptir efnum og sanngirni þá hjálp lækna, sem stuðlar til þeirra lífs og heilsu viðurhalds, og vil eg þá, heldur en vísa málinu til nefndarinnar aptur, áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að eingin bænarskrá verði samin til konúngs fyrir

lækníngar á einstökum mönnum, en ef það þækti nauðsyn í opinberu tilliti, þá er eg ekki móti því.

Jón Jónsson: Eg verð þó að halda, að ef bænarskrá skyldi verða samin um borgun lækna í opinberum málefnum, að ekki mundi vert nè viðkunnanlegt, að undanskilja borgunar ákvörðun handa þeim í aðgjörðum þeirra við einstaka menn, sem svo miklu optar koma fyrir. En eg er þeirrar meiníngar enn, að nefndin ætti að taka álitsskjalið aptur til yfirvegunar, og held eg það verði þínginu ekki meiri tímatöf, en þó það þyrfti að ræða það tvisvar að nýu, heldur en nú má ske að eyða miklum tíma þessa dags til hinnar fyrri umræðu þess.

Varaforseti skýrði þínginu frá, að fulltrúi Árnesínga væri sökum lasleika farinn af þínginu.

Jón Guðmundsson: Eg hefi jafnan haft mætur á alls konar reglu, og einnig á því, að ákveðið sè á einhvern veg, hvað hver einn, einkum þeir, sem eru í opinberri þjónustu, megi krefjast fyrir verk sín; hefir margt því um líkt verið helzt til of óákveðið hjá oss, og valdið bæði ágreiníngi og tortryggni, og svo því, að þeir, sem hefir skort lagaleyfi til að krefjast umbunar verka sinna, hafa stundum og optar ekkert hlotið í aðra hönd, en stundum heimtað meira, en þeir áttu að rèttu. Ef vèr lítum rètt á alúð þá, er hver læknir hlýtur öðrum fremur að leggja á störf sín, ef þau eiga að koma að nokkru haldi: ef vèr gætum að því, hversu mikið er undir því komið, að þeir gegni köllun sinni svo vel og samvizkusamlega, sem unt er, þá mega allir komast að raun um, að einginn er betur kominn að launum verka sinna en þeir, og að það dugir ekki að ákveða þau mjög lítil, eigi vel að fara. Eg játa, að þau mannvöl geti gefizt, að þeir fari ekki eptir launum; eg játa, að nokkrir sè þeir, sem þiggja hjálp þeirra, er líti á alúð þeirra og það, hve mikið er á hættu, og launi þeim sómasamlega, en vèr skulum ekki gjöra ráð fyrir hinu bezta, og heldur ekki fyrir hinu lakasta, hvorki í þessu efni nè öðru, heldur öllu í meðallagi: mönnunum, eins og þeir eru og hafa verið og munu verða upp til hópa um aldur og æfi; vèr skulum gjöra ráð fyrir, að vèr bæði fyrir sakir efnaleysis og eigingirni skirrumst við mikil útlát, þar sem við getum, þegar þau eru óákveðin og einúngis lögð, svo að segja, á vald sjálfra vor, og við skulum einnig gjöra ráð fyrir læknum svona rètt í meðallagi; af þeim mun þó flest verða, eins og öðrum mönn-

um, og þessi skoðun verður jafnan hollust, þegar gefa á almennar reglur, líkar og í þessu máli. Læknar flestir hèr á landi hafa lítil föst laun; ef þeir fá lítið eður svo að segja ekkert fyrir verk sín hjá þeim, sem geta launað þau, þá mun fyrir þeim fara sem öðrum, að þeir þreytist og letjist á að gegna köllun sinni, svo að segja ókeypis; því má eingan veginn skera upp á neglur sèr borgun fyrir aukaverk læknanna, því mèr þykir þar aldrei liggja lítið við, þar sem við liggur líf manna og heilbrigði. Þessi aðalskoðun vakti fyrir mèr, þegar eg starfaði að máli þessu, sem eg hefi unnið lítið að að öðru leyti, eins og nærri má geta, heldur falið allar ákvarðanirnar í einstökum greinum enum heiðraða framsögumanni, sem einn þekkir grant til fyrirhafnar þeirrar allrar, er verk lækna eru bundin, en eg áleit víst, að nefndin ætti annaðhvort ekkert að ákveða eður nægilegt, þ. e. svo að það heldur hvetti, en letti, hvern læknir að leysa af hendi störf sín dyggilega og með alúð. Af því verk allra annara embættismanna verða nokkurn veginn miðuð við tiltekinn tíma, en lækna ekki, þá ætlaði eg ómögulegt að ákveða neina ákveðna borgun fyrir hvert verk; læknir er t. a. m. kallaður til sjúklings og á að gefa honum ráð; nú má vel vera, að hann þurfi ekki að dvelja hjá honum nema ½ klukkustundu eður minna, þar eðli sjúkdómsins ekki þurfi neina margbreytta viðleitni eður vandasama umönnun; aptur má vel vera, að hann þurfi að dvelja hjá öðrum sjúklingi alt að hálfum degi, þó ekki sè til annars en einúngis að ráðleggja; ef veikin er óvanaleg og ískyggileg, þá þarf nákvæmlega að spyrjast fyrir um heilbrigðisástand hins veika að undanförnu, um aðdraganda sjúkdómsins, þá þarf vandlega að taka fram um brúkun ýmsra meðala, um alla aðhjúkrun, mataræði og fl.; þarna er læknir kallaður til ráðleggíngar í hvortveggja sinn, og finnst mèr auðsætt, að borgun fyrir hvortveggja getur ómögulega orðið hin sama, nè bundin við eitthvað ákveðið, og svona er um ótal önnur störf lækna; en þetta er þó eitt af því, sem herra stiptamtmanninum þókti ísjárvert við nefndaruppástúngurnar. Öllu öðru máli er að gegna um störf embættismanna andlegrar og veraldlegrar stèttar; þau má yfir höfuð að tala miða við tiltekinn tíma, og eptir því fast ákveða borgunina, en þar sem störf veraldlegrar stèttar embættismanna geta varað um mislángan tíma, þá er þeim víða í aukatekjureglugjörðunum 1814 og 1830 ákveðin borgun

eptir tímaleingd og hún einskorðuð við stundir, og ætla eg því, að uppástúngur nefndarinnar sè ekki ástæðulausar í þessu tilliti, nè það sè fjærri sanngirni, að taka til bæði hina mestu borgun og minnstu, svo hún bæði geti farið eptir tíma og fyrirhöfn læknis, og svo efnahag þeirra, sem þiggja eiga læknínguna. En ef læknirinn er vænn maður og óágeingur, og vèr eigum ekki með að ætla þeim annað að óreyndu, þó vèr gjörum ráð fyrir, að þeir, sem aðrir, vilji eiga sitt, þá mun hann aldrei láta bókstafinn laganna leiða sig til þess, að krefjast hins mesta, þar sem hann á að eins hið minnsta, annaðhvort af því hann hafði sem minnst fyrir, eður hinn er efnalítill, sem þiggja átti ráð hans; vèr hljótum jafnan að eiga nokkuð, já mikið, undir sanngirni manna.

Herra stiptamtmanninum fannst nóg, að læknar feingju jafnt í ferðakaup og fæðispeninga, sem veraldlegrar stèttar embættismenn; en eg ætla þó, að hèr sè öllu öðru máli að skipta; mætti læknar binda sig við það, að fara ekki nema 2½ mílu á dag á vetrum, eður að eins 5 mílur á sumrum, hvað sem við lægi, en nátta sig síðan, og ferðast svo jafnt hinn næsta dag, þá væri þetta að vísu nóg borgun. En þegar læknar ferðast, er yfir höfuð að tala alt undir því komið, að þeir ferðist fljótt og komist sem mest áfram í senn, þeir verða opt að vinda við um hæl og fara af stað nýkomnir heim, og þá ætla eg mikið undir því komið, að ferðakaupið sè svo ákveðið, að þeir heldur fari, en fáist ekki til ferðarinnar.

Mèr getur vel skilizt það, sem stiptamtmaðurinn sagði, að nefndin hefði misskilið hin svo nefndu lagastörf lækna, og heimfært þau í rángan flokk, þegar niður var skipað; þetta ætla eg sè hægt að vinda við, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, og þarf það þá eingum glundroða að valda í bænarskránni til konúngs, að mèr finnst.

Þar sem stiptamtmanninum finnst það ósanngjarnt, sem nefndin hefir ákveðið læknum, fyrir að vitja sjúkra um borð í útlendu skipi, þá virðist það að vísu svo, þegar litið er til, hvað lítil borgun er tiltekin fyrir að vitja sjúkra á landi, en eg ætla það næsta algeingt í öðrum löndum, að talsvert meira sè krafizt af útlendum, en innlendum, og hafa farmenn sagt mèr, að þetta eigi sèr einkum stað í Englandi og Noregi og víðar, og að alsiða sè að hlífast síður við útlenda. Þessi borgun mun ekki heldur óheyrð í Kaupmannahöfn sjálfri,

þegar sá er ekki húslæknir, sem vitjað er, heldur kemur til ókunnugs manns. Mèr var sagt þar í vetur, þegar eg lá, að vart segðist fyrir almennilegan mann og efnaðan, að bjóða lækni minna en 1 rbd. fyrir hvert það skipti, er hann vitjaði ens veika.

Margt talar að vísu fyrir breytingaratkvæði þingmannsins úr Norðurmúlasýslu, þegar litið er einúngis á aðra hlið þess, þá sumsè, að þeir sem standi öreigum næst, eigi ekki að gjalda og geti ekki goldið eins og þeir, sem efnabetri eru, en ef það væri lagt svona á vald sveitastjórnarinnar að skera úr því, hverja ætti að telja næsta öreigum, þá uggir mig þeir yrði nokkuð margir, því hver sveitarstjórn vill hlífa sveitarmönnum sínum við sem mestum útlátum að verða má, yfir höfuð að tala.

En hvað áhrærir uppástúngu þingmannsins úr Suðurþingeyarsýslu, um að vísa málinu til nefndarinnar aptur, þá er auðsèð, að hann sjálfur hefir haft mikið fyrir sèr, þar sem hann hefir svo gjörsamlega misskilið uppástúngur nefndarinnar, eins og framsögumaður leiddi rök að; eg hefi ekki heyrt slíkan misskilníng koma fram af annara þingmanna hálfu, og vona, að flestir skilji betur. Eg er þess fullviss, að breytíngaratkvæði í ýmsum stefnum má bera upp við uppástúngur nefndarinnar, eins og nú þegar er orðin raun á; en þó breyta þurfi niðurskipuninni, þegar til atkvæða kemur, þá þarf það ekki að valda neinum breytíngum á aðaluppástúngunum.

Stiptamtmaður: Eg mælti ekki fastlega á móti því, að læknar feingju hærri fæðispeníngа, en embættismenn hinnar veraldlegu stèttar, heldur gat þess, að þetta væri þannig af öðrum álitið, en hitt þókti mèr ísjárvert, að fæðispeníngarnir handa læknum yrðu fast ákveðnir til 2 rbd., og hèlt eg 9 mörk sanngjarna borgun í þessu tilliti hèr á landi, eins og stúngið hefir verið upp á handa alþíngismönnum; því í Danmörku er hún í mörgum tilfellum ekki hærri en 1 rbd., og væri það þá merkilegt, ef hún hèr væri altíð 2 rbd. Að því leyti snertir erlendis menn, verð eg með tilliti til þess, er hinn heiðraði þingmaður Skaptfellínga mælti, að halda, að læknar erlendis taki ekki fyrir að vitja sjúkra í hvert skipti 1 rbd., nema af merkismönnum og ríkismönnum, en ekki af fátæku sjófólki.

Ef reglugjörð út kemur, sem ákveður hæstu og lægstu borgun, og kvartað er yfir ósanngjörnum reikníngum, verður

bágt fyrir landlækni að skera úr málum, enda eiga læknar opt annríkt, og eru ókunnugir efnahag viðkomenda, og mundi því að minnsta kosti vera betra, að borgunin væri ætíð fast ákveðin.

Framsögumaður: Eg leyfi mèr að benda til opins brèfs af 4. októb. 1825, hvar læknar fá 2 rbd. í fæðispeníng, jafnvel þótt þeir fái borgun fyrir þau opinberu störf, er þeir gjöra, og er það í 9. § í því lagaboði, og því ósanngjarnara þykir mèr, að þeir ei fái 2 rbd. um daginn í fæðispeníng, þegar þeir einga borgun fá fyrir störf þau, er þeir gjöra, en ferðast lángar leiðir til.

Varaforseti: Þíngmaðurinn úr Suðurþíngeyarsýslu hefir þó stúngið upp á því, að nefndin taki aptur við málinu til nýrrar aðferðar; skyldi þíngið fallast á þetta, er ekki vert að tefja tímann nú með frekari umræðum; vil eg því leita atkvæða þíngsins um það, hvort vísa skal málefninu aptur til nefndarinnar, að hún semji nýtt álit, er svo komi til undirbúníngsumræðu síðar.

Síðan voru greidd atkvæði um þetta, og fèll það með 19 atkvæðum gegn 2.

Steffán Jónsson: Litla athugasemd vildi eg gjöra við ræðu þíngmanns Skaptfellínga. Það var ekki af því, að eg bar upp breytíngaratkvæði mitt, að eg ekki vildi játa, að læknar, flestum fremur, sèu verðir launa sinna, þegar þeir standa vel í stöðu sinni, og að þeir líka hafi lítil föst laun í samanburði við suma aðra embættismenn, því þetta viðurkenni eg fúslega; en ef læknir ætti að fá þá borgun fyrir ómök sín, sem væri honum hvöt til að gegna sínum skylduverkum, þá liggur eins nærri að hugsa, að vegna slíkrar borgunar kynnu sumir fátækir að undandraga til fullra nauðsynja að leita læknis, og sá undandráttur gæti, ef til vildi, leidt til einhvers heilsu eða líftjóns, og væru það bágar afleiðíngar, því opt er nauðsyn að fá læknir fljótt. Það er eins og mèr sè á einhvern hátt viðkvæmt að heyra því hreift, að menn í opinberri stöðu muni hvetjast til að gegna skyldu sinni fyrir ríflari borgun í hvert skipti. Eg ætla það mentuðum mönnum, að þeir líti meira á sína embættis skyldu, og þann reikníngsskap, sem þeir síðan eiga að standa. Það mun verða lítt mögulegt, að semja sanngjarna aukatekjureglugjörð fyrir lækna verk og ferðalög, sem opt geti átt vel við, því þeirra verk og hjálp er svo margbrotin, og ferðalög hèr á sjó og landi svo mörgum annmörkum bundin,

að maður kemst opt á tveimur tímum leingri veg í góðri færð, en á heilum degi í vondri.

Öðru máli er að gegna um reglugjörð af 30. septbr. 1830, því hægt er að ákveða fyrir skriptir eptir arkatali, og skipti á búum eptir dalatali, og annað þess kyns.

Stiptamtmaður: Að því leyti landlæknirinn skýrskotaði til, að læknar erlendis eptir opnu brèfi 4. okt. 1825 Nr. 7 feingju í fæðispeninga um daginn 2 rbd., skal eg geta þess, að læknir er þá við liðlángan daginn og á að skoða 3 til 400 manns, og er þetta leiðindaverk, en annars er borgun þessi fyrir skoðunina, en ekki fæðispeníngar, sem aptur eru ákveðnir í 9. grein sama brèfs, sem yfir höfuð eru ákveðnir til 2 rbd., og í einstöku tilfellum, en sem þó, ef til vill, koma mjög opt að, til 1 rbd., t. a. m. þegar fátækir og varastriðsmenn eiga í hlut. Að hèr á landi megi ekki heimta fæðispeninga, þegar fátækir eiga í hlut, er ekki rètt álitið, því það stendur þó með berum orðum, að læknar í þessu tilfelli eigi að hafa flutníng ókeypis og fæðispeninga, þó upphæð þeirra sè ekki ákveðin, og mun það því ekki hafa verið tíðkað hèr; en þegar nú á að fast ákveða þá, væri það merkilegt, ef hèr á landi væru teknir 2 rbd., en í Danmörku að eins 1 rbd., og held eg, að 9 mörk mætti nægja, eður jafnvel 1 rbd., eins og kansellíið þegar 1845 stakk upp á, þó helzt misjafnt eptir vegaleingd.

Framsögumaður: Það var aldrei meiníng mín, að læknir skyldi heimta 2 rbd. í fæðispeninga á ferðum til fátækra manna, og það því síður, sem það hefir verið viðurkent hjer á landi, að læknar einga borgun eða fæðispeninga ættu að hafa á ferðum til fátækra; því það, sem stendur í erindisbrèfi, er nú er í gildi, að þeir skuli hafa viðurværi á ferðinni, brúkar læknirinn ei öðruvísi en svo, að hann fer til kunníngja sinna, ef nokkrir eru, þar í nánd, ef hann er nætur sakir á leiðinni, og kemur það sjaldan til, að hann þurfi að brúka viðurværi hjá þeim fátæka.

Jón Jónsson: Af því að hèr er svo mikið talað um fátæka, sem læknar eigi ekki að taka borgun hjá, verð eg þó að geta þess, að þeir, sem í lagalegum skilníngi eru fátækir kallaðir, eru næsta fáir, þegar það eru ekki aðrir en þeir af búendum, sem engin skil gjöra til sveitar, eða lagt er af sveit; það verða þá ekki nema 1 eða 2 í hverjum hrepp, og sumstaðar enginn, sem ekki greiðir tíund sína, þó lítil sje;

held eg því varla þörf, að ætla læknum svo mikið rífari borgun hjá hinum ríku, af því þeir opt fái einga borgun hjá fátækum; því fátækir bera sig opt sjálfir að borga þeim, má ske eins og hinir.

H. Jónsson: Eg skal nú ekki leingja mikið umræður þessa máls: eg vil einúngis hreifa því áliti mínu, að mèr finnst, eins og herra stiptamtmaðurinn hefir tekið fram, mjög ískyggilegt, að láta aukatekjur lækna vera svo lauslega ákveðnar, að tiltekin sè lægsta og hæsta borgun, og held eg því ætti að þræða meðalveginn. En af því að sú tiltekna borgun í ýmsum tilfellum vegna ýmsra kringumstæðna mundi eiga miður vel við, held eg vel til fallið, að í inngángi lagaboðsins væri lýst yfir þeirri eptirvæntíng stjórnarinnar, að læknar hlífðu efnalitum, en þeir efnabetri greiddu þeim meira en þá tilteknu borgun. Og áskil eg mèr rètt til breytíngaratkvæðis í þessu tilliti.

Steffán Jónsson: Það vildi eg leiða í ljós, þar sem það er sagt, að þeir eigi að kallast fátækir, sem annaðhvort ekki leggi neitt til sveitar, eða þiggi af sveit, þá heyrir það eiginlega til búenda, sem eigi að fríast við borgun fyrir aukaverk presta, og getur því ekki átt við þetta mál; því opt er vinnufólk sárfátækt, þó það vinni fyrir forsorgun og sè ekki á sveit, og getur það opt þurft læknis með, og þarf einhver að gjöra grein á fyrir læknir, í hverjum flokki það eigi að vera í tilliti borgunargreiðslu, ef nefndaráliti þessu verður framgeingt.

Jakob Pètursson: Það kalla menn fátæka bændur í sveit, sem eru í öreiga tíund, og kemst margur þeirra naumlega frá að borga hana, en verður ekki hlíft við því, þar amtið hefir streingilega bannað, að gefa nokkrum eptir tíundargjaldið til fátækra, af þeirri ástæðu, að þetta drægi eingan að borga.

Varaforseti: Eg finn mèr skylt að gjöra hinn virðulega þíngmann Norðurþíngeyarsýslu varan við, að öreigatíund nefnist svo, af því hún greiðist til öreiga einna, en sá getur maðurinn stórríkur verið, sem öreigatíund á að lúka. Það, sem þíngmaðurinn úr Suðurþíngeyarsýslu áðan sagði, að ekki væri nema einn eða tveir fátækir búendur í hrepp hverjum, má vel eiga sèr stað í góðu sveitunum í hèraði hans, en til eru aðrar sveitir, sem hann, ef til vill, ekki þekkir, hvar margir eru fátækir búendur, og það eru sveitir þær, sem hælt var hèr í gær fyrir búsældina af bátaútveginum, og veit eg, að þíng-

mennirnir frá Snæfells og Gullbríngusýslum geta borið um það vitni með mèr.

Jón Jónsson: Eg tek það upp aptur, að eg talaði einúngis um, hve fáir væru fátækir í þessum hinum lagalega skilníngi, og mun það svo vera.

Varaforseti: Alþíngi hefir 1845 ákveðið, hverjir fátækir eiga að nefnast: það eru þeir, sem annaðhvort þiggja af sveit, eða ekkert leggja til sveitar, og ætla eg fjöldi sè slíkra manna í landinu.

Th. Gudmundsen: Þegar mál þetta var hèrna á dögunum rædt til inngángs, lèt eg þá meiníngu mína í ljósi, að það væri enn nú ei kominn þess vitjunartími, og að mèr ei gæti skilizt betur, en að læknaskipunarmálinu yrði áður að vera komið í betra horf, en að menn gæti fjallað um þetta mál.

Af öllum þeim ræðum í máli þessu, sem hafa verið fluttar í dag hèr á þínginu, fèll mèr bezt í geð sú, er hinn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga bar fram, eða þókti yður hún ekki vera sanngjörn, ljós og sannfærandi? Það fannst mèr. Eg held nú, að hèr sè farið bil beggja, ef þíngið vildi aðhyllast tillögur þessa mikilsmetandi þíngmanns í máli þessu. Mèr virðist nefnilega, að það gæti þó verið tiltækilegt, og ætti jafnvel að semja og senda stjórninni bænarskrá um og frumvarp til règlugjörðar fyrir aukatekjum lækna, hvað við víkur *störfum þeirra í erindum hins opinbera*, en ekki held eg, að enn þá sè tíminn kominn til, að þessa sè farið á leit, hvað áhrærir tekjur lækna fyrir *störf þeirra eptir beiðni einstakra manna*, og er eg því mótfallinn með öllu, að þíngið, fyrri en læknaskipuninni er komið hèr á landi í betra horf, en nú er, sendi konúngi nokkra bænarskrá um *þetta* atriði málsins.

En ske mætti, að stjórnin í þessu síðar nefnda atriði málsins geti grædt svo mikið á umræðum þeim, sem hèr eru orðnar á þínginu um *það*, að hún, ef henni sýndist það vera tímabært, af þeim feingi hvöt og leiðarvísir til að semja frumvarp um þetta síðar nefnda málsatriði, er hún síðan bæri undir þíngið. Hafi því hinn fyrr tèði þíngmaður ei áskilið sèr breytíngaratkvæði á þessa leið, þá er það hèr með gjört af mèr.

Stefán Jónsson: Eg áskildi mèr þetta breytíngaratkvæði.

Th. Guðmundsen: Þá þarf eg ekki að gjöra það.

Framsögumaður: Ef að það skyldi fá framgáng, er hinn konúngkjörni þíngmaður, er síðast mælti, stakk upp á, óska

eg þó þau lækna störf, sem kallast „legale“, þó þau við komi sèrstökum mönnum, reiknist þar með, það er að skilja, því opinbera.

Jón Þórðarson: Það eru margir búnir að ræða um þetta nefndarálit, og hafa meiníngar flestra verið því mótfallnar. Eg er nú einn af þeim, sem ekki get verið því samþykkur; það er yfir höfuð ekki sjónarlegt, að út af því geti komið hagkvæmt lagaboð, og verð eg þess vegna að aðhyllast atkvæði þíngmannsins frá Eyafjarðarsýslu; en verði því af þínginu hrundið, þá sting eg upp á þeirri breytíngu til vara, að hin minnsta borgun, sem nefndarálitið ákveður fyrir almenn störf lækna og ferðir þeirra, verði lækkuð til helminga.

Framsögumaður: Ef að varaatkvæði þíngmannsins úr Eyafirði fær framgáng, að beðið verði um reglugjörð fyrir hin opinberu störf lækna, þykir mèr þó sennilegt, að líka væri beðið um reglugjörð fyrir þeim almennu um leið, þó aldrei væri til tekið, nema hvað minnst mætti borga, og þækti mèr þá ekki of mikið að tiltaka það lægsta, sem er í nefndarálitinu.

Steffán Jónsson: Það getur má ske staðið á sama, hvort borgun fyrir þau störf, sem menn kalla legale, eru látin fylgja eptir því opinbera eða einstaka; þegar þau störf koma fyrir, er það fyrir sýslumanns afskipti, og verður honum þá kunnug fyrirhöfn og ómök í hvert skipti, og mundi hafa hliðsjón af borguninni; en þó held eg það eigi að fylgja eptir því opinbera, ef breytíngaratkvæði mitt yrði aðhyllzt.

Eyólfur Einarsson: Ræður þíngmanna virðast mèr lúta að því, að aukatekjur lækna næðu ei leingra en til þess opinbera, og furðar mig stórum; eg held þíngið ei síður sett vegna bænda, en þess opinbera. Ef eg villist í þessu, óska eg þíngmenn leiðrètti mig. Mèr virðist nefndarálitið, hvað aukalaun lækna áhrærir, væri og ætti að vera bæði vegna þess opinbera og almenna; óska eg, að bænarskrá frá þínginu verði samin þess innihalds, annars eingin.

En hvað þann ágreiníng snertir, sem nú sýnist ætla að verða um það, hverjir þeir fátæku sèu, sem geti feingið lækna hjálp ókeypis, þá er það meiníng mín, að fleiri sèu fátækir, en þeir sem þiggja af sveit. Eg veit, að prestar hafa gefið fleirum skýrteini til fátækra meðala með góðri samvizku, sem eg álít skyldu þeirra, því margur er sárfátækur, þó hann

herði sig að borga tiund sína. Virðist mèr, að prestur ætti að vitna um, ef vafi væri á, hvort sá fátæki gæti borgað lækni, eður ekki.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg hefi nú heyrt á þær umræðar um þetta mál, er fram hafa farið, og af því þær virðast að vera á reiki, staðfestist hjá mèr sú sannfæring, að eingin bænarskrá eigi um það svo vaxið að gjörast frá þinginu til konúngs. Ástæður mínar eru áður að miklu leyti teknar fram af þeim heiðraða þingmanni Eyafjarðarsýslu, og mèr þykir óþarft, að alþing biðji um það, sem einginn biður það um, og eingin brýn nauðsyn er á, og það er um, að ákveðnar verði tekjur lækna fyrir verk þeirra í rèttvísinnar og ens opinbera þjónustu. Eg vona, að umræður þingsins um þetta efni verði stjórninni hvöt til að leggja fyrir en komandi alþing frumvarp til slíkrar reglugjörðar, sem hèr ræðir um, og yrði þá þinginu hægra að þræða götu þá, er lögð væri, en að ryðja til nýrrar að stofni, á því þingi, hvar einúngis einn læknisfróður maður situr. Eg geymi mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið, að alls eingin bænarskrá verði send kóngi um þetta efni frá þinginu í þetta sinni.

Jón Guðmundsson: Þetta, sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður nú mælti, finnst mèr á góðum rökum bygt, ef þingmenn á annað borð geta ekki fallizt á uppástúngur nefndarinnar um borgun einstakra manna fyrir lækna störf, eða vilja ekki semja um þær bænarskrá til konúngs. Það geingur yfir mig, að nokkrum skuli koma til hugar, að bera upp breytíngaratkvæði, um að senda bænarskrá um laun fyrir opinber störf lækna, sem nefndinni var aldrei beinlínis ætlað að segja álit um, þó hún gjorði það um leið, og eg ætla með gildum ástæðum, en sleppa öllum uppástúngum um laun þeirra fyrir viðleitni við einstöku menn, sem þó bænarskráin kom um til þingsins og nefndinni var einkum falið að segja álit um; því getur slíkt breytíngaratkvæði ekki átt sèr stað, að mèr finnst, og er atkvæði það, sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður nú bar upp, miklu eðlilegra.

Stiptamtmaður: Eg verð að bæta því við ræðu hins háttvirta konúngkjörna þingmanns, að það er ekki yfirvaldsins, heldur þingsins, að gefa stjórninni hvöt til að semja frumvarp til tekjureglugjörðar fyrir lækna, en áður er stiptamtið búið að gefa álit sitt um málefni þetta, og ætti því að bíða frumvarps frá stjórninni, ef ekki þingið sjálft getur búið til uppástúngu

til reglugjörðar, sem stjórnin alveg getur fallizt á. Samt sem áður álít eg betra, að safna atkvæðum þingmanna um hin umræddu atriði málsins, svo stjórnin með því móti gæti feingið bendingu um þau, og orðið vissari um meiningu manna á þeim, sem nú hefir verið á ýmsa vega, og yrði stjórnin ella að semja frumvarpið frá rótum. Ef þingið á endanum verður óánægt með verk sitt, er ráðlegra að senda eingva bænarskrá.

Þ. Sivertsen: Áu þess eg ætli að tefja leingi fyrir, álit eg mèr þó ekki óskylt, að láta heyrast, hvar helzt atkvæði mitt í málefni þessu muni hníga að. Um nefndaruppástúngunnar smærri eða stærri atriði skal eg því síður fara orðum, sem eg játa greind mina í efni þessu litla, og mèr þar að auki þykir það litlu skipta, hvort borgun til lækna fyrir ómak þeirra og atburði er ákveðin að vera skuli fáum skildingum meiri eða minni, og þannig ætla eg flesta landa mína vera sinnaða, og það því ekki vera sem rèttast hermt, væri þeim borið það á brýn, að þeir ekki fúslega vildu greiða læknir sínum sanngjörn laun fyrir störf þeirra; en þess vil eg þó ekki dyljast, að mèr getur ekki skilizt, að nefndaruppástúngurnar um borgun til lækna af einstökum mönnum geti kallazt ósanngjarnlega háar, og í hið minnsta held eg megi fullyrða, að hvar eg til þekki, mun læknir ekki boðin minni borgun, hvar borgun annars greiðist nokkur, nú á tímum. En hitt fellur mèr lakara í geð, þar sem nefndin hefir ekki ákveðið eina fasta og vissa borgun, en tekið hæstu og lægstu borgun; eg hefi ekki litlar ástæður fyrir því, að það leiði fremur til ógagns, en gagns. Verið getur, að sá ágeingi og ósvífni læknir, ef hann skyldi nokkru sinni vera eða verða til, hnitmiðaði sem optast við hæstu borgun, en sá sýpingssami borgunarmaður þar á móti alt endurgjald við lægstu borgun; sá heimtufreki læknir tæki ætíð, ef til vildi, ena hæstu, sá óheimtufreki hina lægstu, og þetta væri þó efni til ójafnaðar og óreglu, í stað þess sem lagaboðið ætti að leiða til jafnaðar og sömu reglu yfir alt land; af þessu hæsta og lægsta verði mundi opt koma misskilníngur og ágreiníngur sá, er ekki væri hægt að skera úr, eins og mig minnir að herra stiptamtmaðurinn hreifði við; af því gæti að öllum líkindum leidt óþokka milli embættismannsins, sem taka á gjaldið, og hins, sem á að greiða það. Eg veit nú ekki, hvort þingið ákveður að senda eða ekki senda stjórninni bænarskrá hèr um, en færi svo, að bænarskrá yrði send, ætlaði eg að bera upp breyt-

íngaratkvæði, líkt því er hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar bar upp; en þar hann gjörði það, sleppi eg því, og samsinni hans uppástúngu, að öðruleyti en því, sem hann fór fram á, að þess yrði getið í ástæðum eða fyrirmála lagaboðsins, að það ákveðna borgunargjald væri það minnsta, og vonað væri eptir, að enir efnaðri greiddi meira; ætla eg það sè ekki sem bezt við eigandi í þess háttar tekjulögjöf, og valda, ef til vill, halla embættismanninum, ef ekki óþokka af almenníngi, og skýrskota eg í því tilliti til ýmsra presta eigin orða um og út af aukatekjureglugjörð þeirra.

Guttormur Vigfússon: Verði málefni þessu haldið áfram í heilu lagi, framfylgi eg breytíngaratkvæðum mínum. Eg er ekki fastur á því, að brýn nauðsyn sè til að flýta máli þessu þegar í stað, en annaðhvort vil eg það fari heilt, eður ekki, og fallist þíngið á, að eingin bænarskrá verði send, falla sjálfsagt breytíngaratkvæðin. Vilji menn þar á mót taka þá stefnu, að skipta málefninu í sundur, eg senda einúngis bænarskrá konúngi um þann hluta þess, er áhrærir hinar opinberu aukatekjur lækna, þá er eg þvert á móti því. Eg áleit bænarskrána frá Ísafjarðarsýslu vera tilefni til þessa máls, og því að eins hafa verið nefnd valda til að meðhöndla hana, að þíngið hafi ætlazt til, að það, sem beðið er um í henni, yrði hæfilega tekið til greina, en það ætla eg ekki sè, ef þeim parti málsins væri slept, er bænarskráin einmitt biður um; hlýtur því málið annaðhvort heilt að meðhöndlast og sendast, eður ekkert, og verði ei svo gjört, fellst eg á breytíngaratkvæði hins konúngkjörna þíngmanns, að eingin bænarskrá verði í þetta sinn send konúngi um þetta málefni.

Guðmundur Brandsson: Án þess að rýra í nokkru nefndarálit það, sem nú er umræðuefni, þá vérð eg þó að geta þess, að eg er mjög efablandinn um, að fátækir, þó ei liggi á sveit, hafi mikil not læknirsins eptir reglum þeim, er þar er stúngið upp á; fátæka munar um alt, og get eg leidt rök að því, að margur hefir mátt vera án meðala og læknishjálpar vegna efnaleysis, og ætla eg fleiri hafi orðið varir hins sama og eg í þessu tilliti; svo þó hið ámiunzta nefndarálit sè að minni hyggju vel samið, og í sumu falli má ske nauðsynlegt, þá get eg þó ekki að svo stöddu veitt því samþykki, og fellst því að öllu leyti á breytíngaratkvæði það, er nýlega var borið upp af hinum heiðraða konúngkjörna þíngmanni, er síðast mælti.

Steffán Jónsson: Eg er ekkert á móti þessu breytingaratkvæði herra konferenzráðsins, því ekki sè eg neina sanna nauðsyn á löggjöf í tilliti þess opinbera, sem hèr að lýtur, og ef hans atkvæði verður framgeingt, þá verður mitt aðhyllzt í því sem þeim kemur saman, en eg hugsaði nefndinni kynni að þykja betra, að fá nokkru framgeingt, en eingu.

Ásgeir Einarsson: Eg get ekki fallið á breytingaratkvæði þingmannsins frá Eyafjarðarsýslu um það, að samin sè einúngis reglugjörð fyrir aukatekjur lækna í opinberum málum, enda held eg beiðendum þækti það undarlegt, ef farið væri að senja bænarskrá til konúngs um það, er þeir ekki beiddu, en eingin bænarskrá væri samin um það, er þeir beiddu um; þeir munu varla hafa álitið það skyldu sína, að skipta sèr af rèttindum þess opinbera í þessu efni, og haldið, að einhverjir gættu þeirra samt, en að þeim hafi þókt full þörf á að fá lagaboðið, og verið alvara með það, held eg þingmaður Barðstrendínga geti borið vitni um.

Nefndur þingmaður sagði, að þau laun, sem hvettu læknirinn, þegar hann kæmi lúinn heim, til að fara af stað aptur til sjúklingsins, gætu menn ímyndað sèr að mundi tálma einhverjum fátækum að vitja hans, til að fríast við horgunina; en eg held, að ef það væru launin ein, sem kæmu læknirnum til að fara til sjúklínga, mundi hann sjaldan fara til fátæklinganna, sem hann ætti einga borgun að fá hjá.

Þingmanninum þókti vanta ákvörðun um það, hver greinarmunur væri gjörður á hjúum, sem ættu að teljast með þeim fátæku, er ekki ættu að borga læknir; en eg held það vafalaust, að hjú þau, er taka nokkurn veginn kaup, sèu eins fær til að borga læknir, og margir bændur, sem ekki eru kallaðir öreigar.

Einginn ræddi þá framar málið, og kvaðst varaforseti álíta það fullrædt til undirbúnings.

Síðan tók varaforseti fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu málefnið um landamerkjalýsingar og bókun þeirra.

Framsögumaður, Þ. Sveinbjörnsson: Yfrið mörg viðauka og breytingaratkvæði eru komin fram um þetta málefni, sem nú á að fara að ráða til lykta. En eins og málefnið sjálft er sèrstaklegs eðlis, eins er það líka fágætt, að framsögumaður málsins hefir rètt sem tekið með þökkum þeim flestu af þeim framkomnu viðauka og breytingaratkvæðum, og má það kann

ske vera vottur þess, að ekki sè eg sem heppilegast valinn nefndarálitinu til forsvars. Fyrir mínum augum lýsir sèrhvað af því framborna áhuga þingsins á, að máleínið sè sem bezt úr garði gert, en óviljandi verður mèr það, ef eg verð nokkru því, sem betur má fara, til fyrirstöðu. Eg ætla mèr samt að fara fáeinum orðum um nokkur af viðauka og breytíngaratkvæðunum, því ekki eru þau mèr öll eins geðfeld. Sumum mótmæli eg, sum eru mèr efasöm, og að sumum finn eg ekkert.

Eg mótmæli viðaukaatkvæði þingmannsins frá Norðurmúlasýslu um þinglýsíngar 3. hvert ár, og þingvitnistöku, því mèr virðist það gefa óþarfleg umsvif, án þess það gefi meiri óhultleika, en áður var, en gjörir landamerkjabækurnar tortryggilegar. Eg mótmæli breytíngaratkvæði þingmannsins úr Norðurþíngeyarsýslu, að sèrhver borgi fyrir sína jörð; ástæðunum hreifði eg í gær. Eg mótmæli breytíngaratkvæði þingmannsins frá Strandasýslu, að lýsíngarmenn sèu ei við, nema stundum, nefnil. þegar ágreiníng að ber, því eg sè ekki, hverjum hann ætlar að stýra framkvæmdinni, þegar þeir eiðfestu lýsíngarmenn ekki eru við, eða hvaða óhultleika það gefur fyrir rèttri lýsíng. Eg mótmæli breytíngaratkvæði varaþingmannsins frá Rángárvallasýslu, að eingin lýsíng gildi, nema eptir gildum máldögum eða samþykki myndugra eigenda, því 3 ár virðast nóg til að útvega öll þau skilríki fyrir jörðunum, sem til eru, og of laung er óvissan um ómyndugra jarðir, frá því hann er á 1. ári, þángað til hann hefir finm um tvítugt, ef hann þá má ripta það, sem svaramaður hans samþykti. Efasamt er mèr breytíngaratkvæði þingmannsins frá Strandasýslu, að sýslumenn fái borgun fyrir að rita frumlýsíngarnar í máldagabók sýslunnar; þó er eg því fyrir mitt leyti ekki mótfallinn, það er á þingsins valdi. Efasamt er mèr viðaukaatkvæði þingmanns Dalasýslu, að sýslumenn lýsi á manntalsþíngi, nær byrja skal með skoðunina, og að sá, sem þá ekki mætir, álítist sem viðverandi, af því allra sèrhvers hrepps jarðaeigendur eru ei skyldir að vera við á því manntalsþíngi. Efasamt er mèr viðaukaatkvæði ens sama heiðarlega þingmanns um tilkynníngu ítaka í annari jörð til sýslumanns; þó læt eg þetta á þingsins valdi. Að svo fyrirmæltu bið eg þingmenn að taka til ályktarumræðunnar.

Guttormur Vigfússon: Hvað hinum hörðu dómum fram-

sögumanns við víkur, þeim er hann kvað upp um annað viðaukaatkvæði mitt, er eg bar upp í gær í landamerkjamálinu, þá get eg nú ekki glögt gezkað á, hvaða krapt eður áhrif þessi hin hörðu mótmælin kunna að hafa á þingmenn til að fella það; það er sjálfsagt, að það stendur eður fellur þinginu; eg sè þó ekki, að það hafi nokkuð ískyggilegt í för með sèr, það tryggir eignarrèttindin, og víst ætla eg, að hreppstjórar muni ei heimta mikla borgun fyrir upplesturinn, og sýslumenn ekki heldur fyrir að taka þingsvitnin.

Eg veit ekki, hvort mótmælin verða álitin svo merk, að ekki þurfi að bera atkvæðið undir þingið, eg gjöri mig ánægðan einúngis með þingsins dóm.

Framsögumaður: Eg hefi áður fært ástæður fyrir því, að eg væri tregur á að fallast á viðauka-atkvæði ens heiðraða þingmanns, er síðast talaði. Mèr virðist það orsaka óþörf umsvif og fyrirhöfn án verulegra gagnsmuna. En það er, eins og þingmaðurinn sagði, á þingsins valdi, hvað það vill gjöra í þessu falli.

Kr. Kristjánsson: Að því leyti því var hreift, að utanhrepps menn gætu, ef til vill, ekki feingið að vita, hve nær landamerkjalýsingarnar fram færu í einhverjum hreppi, þó þetta áður boðað væri á þingi, þá verð jeg með hinum háttvirta framsögumanni að fallast á þá meiníngu, að það ætti að vera lagaskylda utanhrepps manna, að hafa fulltrúa fyrir sig í hreppnum, og virðist mèr þetta því síður ísjárvert, ef auka atkvæði því, er hinn konúngkjörni þingmaður hinnar andlegu stèttar bar upp í gær, um að fresta gildi lagaboðsins um þriggja ára tíma, yrði framgeingt.

Jakob Pètursson: Þó það verði ekki mikið, sem eg get mælt fram með því breytíngaratkvæði mínu, að hver jarðar umráðandi borgi allan kostnað þann, sem leiðir af hennar landamerkja lýsíngu, þá vona eg samt, að sanngirnin mæli fram með því, þegar til að mynda væri litið til landeignar Gilsbakka í Borgarfirði, Grímstúngu í Húnavatnsþíngi, Reykjahlíðar í Suðurþíngeyar og Áss í Norðurþíngeyarsýslum, um hverra jarða landamerki skoðunar og lýsíngarmenn kæmust trauðlega á 3 eða 4 dögum, með þeim tilteknu auðkennum, sem þar við ættu gjörast, þar sem þeir á jafndýrum jörðum, nú sem stendur, í sömu sveitum, og hinar liggja, gætu skoðað og lýst landeign þeirra á 3 eða 4 klukkustundum; hvar af

þá flýtur, að lakari jörðin borgar nærri hálfan kostnaðinn til þeirrar betri, eða réttara sagt eigandi hennar, sem honum mætti verða tilfinnanlegt.

Framsögumaður: Þingmaðurinn, er nú settist niður, hefir til fært 3 dæmi úr heilum fjórðúngi, að mikið yrði haft fyrir landamerkjalýsingum einstakrar jarðar, og vill þar af sanna, að bezt sé, að hver jörð borgi kostnaðinn fyrir sjálfa sig. En ef eg ekki tek skakt til, eru þau tilfærðu dæmi flest kirkjustaðir, sem eiga stór heiðarlönd, sem brúkuð eru sem afréttir nærliggjandi bygðarlags. Er því og líklegt, að gild eignarskjöl séu fyrir þessu fyrir hendi, og mjög óvíst, að mótmælum gegn eigninni verði hreift, og því eins óvíst, að á slík heiðarlönd þurfi að gánga til landamerkja sýníngar; og þó nú svo væri, er kostnaðurinn ekki svo ógnar stór, að það muni mikið þann má ske eina mann í bygðarlaginu, er gild landamerkjaskjöl þæktist hafa í höndum, að það væri vert fyrir hann, fyrir þann kostnaðarauka, að skerast úr félagsskap frá sveitúngum sínum, við hverja hann í öðru tilliti, t. a. m. hvað fátækra forsorgun snertir, hefir sameiginlegan fjársjóð.

Eyólfur Einarsson: Hvað áhrærir landamerki jarða, virðist mèr, að matsmenn ei þurfi að sjá landið leingra, en búfjárhagar ná; virðist mèr dagur mundi endast meir en til skoðunar tveggja jarða, en eg vænti, að því landi, sem liggur til fjalla, skipti vötn, þar þeim hallar, sem forfeður vorir fundu rètt.

R. M. Ólsen: Með tilliti til þess, sem hinn virðulegi þíngmaður Norðurþíngeyínga hreifði hèr um, að ísjárvert kynni að vera, að leggja jarðalýsínga kostnað á heilar sveitir eptir jarðatali, en ekki á hverja einstaka jörð, að því hlutfalli hve mikill tími geingi til að lýsa hverri þeirra út af fyrir sig, verð eg að geta þess, að í Húnavatnsþíngi eru mörg *víðlend* heiðarlönd eignir *einstakra* manna og ágreiníngur um merki sumra þeirra; heiðarlönd þessi eru: Óspaksstaða afrètt, sem nær fram til Holtavörðuheiðar, Núpsheiði, Aðalbólsheiði, Víðidalstúnguheiði, Haukagilsheiði og Eyvindarstaðaheiði; mundi sveitabændum í þeim plázum, sem heiðarlönd þessi liggja undir, má ske þykja ekki sem sanngjarnast að gjalda jafnt þessara heiðarlanda eigendum fyrir lýsíng á landi jarða þeirra.

Þ. Sivertsen: Eg skal nú ekki mæla með atkvæðum þeim, er eg í gær bar fram í málefni þessu, nefndaruppástúng-

unum til viðauka eða breytíngar, þíngið fellst á þau alt að einu, að svo miklu leyti þau þykja þess verð; hin falla sínum herra. Eg vildi samt fyrst geta þess, með tilliti til ræðu ens mikið heiðraða framsögumanns, að eg get ekki skilið í öðru, en það sè hverjum jarðeigara, eða fulltrúa hans, hægt að fá vitneskju um, nær landamerkjalýsíngarnar eiga að byrja í því sama hjeraði, hann er búsettur í, þegar því er yfirlýst á hverju manntalsþíngi í hèraðinu; ef ekki með öðru móti, þá er hægt að gjöra landsetanum það að skyldu, að láta landsdrottinn vita það, einkum ef til þess gefst nú 3 ára umsvifunartími. Því hefir hèr af mörgum verið hreift, að landamerkjalýsíngar þessar mundu valda ærnum kostnaði, og óvíst, að landaþrætum þó linti; en þó nú að kostnaður yrði nokkur, og enda töluverður, held eg þar ætti við, að aldrei hefði menn vitað ábatameiri skaða, ef tilgángi þeim yrði náð, að þrætum þeim, sem árlega sýnast vaxa og margfaldast, hætti, ef ekki bráðlega, þá samt áður lángir tímar liðu, hvað eg tel víst, því vaxið getur ekki óvissan um landamerkin, án þess lýsíngarnar væru búnar, en það, sem ekki getur vaxið leingur, geingur úr því til þurðar. Eg veit ekki heldur með neinni vissu, hvort kostnaðurinn verður svo fjarskalegur, eins og sagt hefir verið hèr á þíngsalnum; eg get eingan veginn fallizt á það, að lýsíngarmenn, yfir höfuð tekið, komi ekki af nema 2 jörðum á dag; eg ætla þeim, að minnsta kosti allstaðar hvar eg til þekki, yfir höfuð tekið, að meðaltali, 4 jarðir á dag, og kalla eg eingan afarkostnað, þó að tæpir 4 sk. legðist á hvert jarðarhundrað, og varla eptir því sjáandi.

Eitt atriði vildi eg líka minnast á; eg mintist á það í gær, nefnilega um gildi máldaga þeirra og skjala og skilríkja, er fram kynnu að koma á eptir landamerkjalýsíngunum, og man eg ekki, hvort tveir eða fleiri þíngmenn gáfu því gaum; eg hreifi þessu enn, því mèr þækti það miklu varða, þó eingin viss uppástúnga komist úr þessu á framfæri, að enir lögfróðu menn, þeir af þeim hèr á þíngi, er þjóðin bæri mest traust til, lètu þó uppskátt álit sitt hèr um, að þíngtíðindin gætu borið það með sèr.

Framsögumaður: Eg hefi um þetta ekki hreift mótmælum, heldur að eins efasemd, og gjörði eg það mest í þeim tilgángi, að mèr gefizt gæti tilefni til að gjöra þá athugasemd, að þó lýst væri yfir á manntalsþíngi, hve nær landamerkja fundur vera ætti í hverjum hrepp, þá væru utanhrepps, og enn

heldur utansýslumenn ekki skyldir að vera á því manntalsþingi, og yrðu því óvitandi um, hve nær fundurinn byrjaði, og því ei skyldir að mæta. Þessari athugasemd hreifi eg ekki í því skyni, að um þetta geti orðið tekin atkvæðagreiðsla, fyrst bæði mèr og öðrum lást eptir að gjöra í þá stefnu nokkra viðauka - uppástúngu. Eg hreifði því mest þeim til stuðnings við umræður þingsins, er bænarskráua semur.

Spursmáli því, er hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu nú hreifði, hvað þeir máldagar gilda skuli, er fram koma að afloknum landamerkjalýsingunum, er mèr næst geði að svara á þá leið, að slíkum máldögum eigi að vera fyrirskotið, og þeir að eingu hafandi. En af því svo lángur frestur gefst til að útvega skilríki fyrir jörðunum, ef til eru, og hver eigandi mun í þessu gjöra, hvað í hans valdi stendur, þá ætla eg, að þetta aldrei muni að bera.

Kr. Kristjánsson: Með tilliti til spurníngar þeirrar, er hinn virðulegi þingmaður Dalasýslu bar upp fyrir þinginu bæði í gær og nú aptur í dag um það, hvílíkt gildi hinir eldri máldagar skyldu hafa, ef þeir fyndust, eptir að búið væri að semja hinar nýu landamerkjalýsingar, þá verð eg með hinum háttvirta framsögumanni að halda, að hinir nýu máldagar ættu einir að gilda, því annars næði lagaboðið ekki fullkomlega þeim tilgángi sínum, að gjöra enda á allri þrætu, og ætti það að standa í lagaboðinu sjálfu. Líka verð eg að halda, að alla máldaga kirkna og annara þjóðstiptana ætti að innfæra í hina löggiltu máldagabók sýslunnar, og ella ætti um þá sama að gilda, sem eldri máldaga einstakra manna, og virðist mèr það eiga við, að einnig þetta gæti orðið ákveðið í lagaboðinu sjálfu, eða að minnsta kosti hreift við því í bænarskrá þeirri, sem þingið sendir um það.

Framsögumaður: Þetta var, eins og eg nýlega sagði, einúngis athugasemd; því miður var það ei tekið sem viðaukaatkvæði, og getur því ei feingið atkvæðagreiðslu, og þess vegna heldur ekki komið inn í bænaratriðin; einúngis má hreifa þessu í forsendunum (præmisserne) til bænarskráarinnar.

Jón Þórðarson: Framsögumaður hefir gjört nokkurs konar flokkaskipun á breytíngar og viðaukaatkvæðum í málefni þessu, og hefir ákvarðað mitt atkvæði í þann flokkinn, er hann segist mótmæla með öllu. Einnig hefir hann látið á sèr heyra í tveimur ræðum sínum, að eptir þeim ákvörðunum, sem í

nefndarálitinu eru, þá gæti svo að borið, að eigandi ekki hefði tækifæri til að vita fyrir fram, nær lýsingarnar ættu að fram fara; eg get ekki betur séð, en atkvæði mitt bæti úr þessum brestum, og því fremur var þess þörf, hefðu lýsingarnar átt að fá sama gildi, sem máldagar, hvað mjer virðist upphaflega hafa verið aðalaugnamið manna í þessu málefni.

Framsögumaður: Eg fyrir mitt leyti lagði þá hugmynd í breytingaratkvæði varaþingmannsins frá Rángárvallasýslu, að hann, þegar hann nefnir „mynduga eigendur", hefði ætlazt til, hvað hann líka berlega hefir látið í ljósi, að það stæði óafráðið, hvað merki væru á ómyndugra jörðum, þángað til þeir kæmu til lögaldurs, og gæti þá sú óvissa varað, að aflokinni landamerkjalýsingu, í 24 ár, ekki einasta fyrir þeirra jarðir, heldur líka fyrir nábúanna.

Steffán Jónsson: Eg er á því með framsögumanni, að sá félagsandi muni vera í mönnum, að hver vilji bera byrði og kostnað með öðrum, eg held menn gjöri það með fúsu geði og ánægju að taka þátt í þeim greiðslum og gjöldum, sem af landamerkjalýsingunum leiðir, einkum þeir, sem eru sannfærðir um, að af því verði farsælar afleiðíngar fyrir alda og óborna, eins og augnamiðið er. Einginn getur heldur skilið þetta svo, að meintur sé sá kostnaður, sem kynni að rísa af landaþrætum, sem má ske kynnu að vakna við landamerkjalýsíngarnar. Eg fyrir mitt leyti held, að með þessu fyrirbyggist ekki miklar landaþrætur, heldur flýti það fyrir þeim, þar sem tilefni er til þeirra, sem leingi hefðu, ef til vill, legið í dái, en útkljáist nú fyrri með málum og dómum, má ske á einum 10 eða 20 árum, og verði svo alt, sem þar að lýtur, í kyrð og rósemi um aldur og æfi.

Jón Jónsson: Þessi umtalaði víðlendis mismunur, sem er jarða milli, gjörir minni mismun og ójöfnuð, en menn nú álíta; því fyrst og fremst mun varla þurfa að gjöra sér mikið far um að einskorða landamerki upp til öræfa eða fjalla, t. a. m. milli Norðlendínga og Sunnlendínga fjórðúngs; en þar sem kynnu að vera víðlend heiðarlönd með grasvegi, eins og fyrir skemstu var drepið á, þá leiðir það af eðli hlutarins, að þess konar jarðir eru dýrari, en smákotin landlitlu, og eptir því leggst líka meiri borgun á þær að tiltölu.

Ásgeir Einarsson: Það er nú orðið að mesta umtalsefni þíngsins, að hrekja 2 viðauka eða breytíngaratkvæði mín, en

eg vil þau sjáist samt í þingtíðindunum, svo um það yrði gefin bending til þingsins, ef þjóðinni þæktu þau eiga vel við, því þá mætti taka þau til greina, þegar frumvarp um mál þetta væri lagt aptur undir þingið. Annað atkvæðið hnígur að því, að lètta kostnaðinn við landamerkjalýsingarnar, og held eg þetta sè vilji þjóðarinnar og þingsins í flestu; en hitt, sem er um það, að hver eigandi borgi landamerkjalýsingu á sinni jörð, vona eg að einhverjum þyki sanngjarnt, en það sem hefir verið fært á móti því, að opt lægju margar jarðir umhverfis eina, og gjörði það vafa á borguninni, getur eins haft stað á næstu jörðum í öðrum hrepp, þar lönd geta opt legið saman við landareign í öðrum sýslum, svo þessi vafi hverfur ekki, þó hver hreppur sè sèr, enda virðist ekki meiri ástæða til að láta hreppa taka jafnan þátt í kostnaðinum, en heila sýslu, þó nú hafi ekki verið hreift mótmælum gegn því viðaukaatkvæði mínu, að lýsingarmenn fái sama myndugleika, og sættanefndamenn; var það gjört svo í gær, að eg veit ekki, hvert útfall það fær; vil eg því geta þess, að þetta stendur í nokkru sambandi við atkvæði það, að lýsingarmennirnir sèu einúngis við hafðir, þá ágreiningur er, því þeir geta vafalaust miðlað betur málum, þegar þeir horfa á hlutinn, sem um á að sættast, en nokkrir sættanefndarmenn gæti inni í húsi; þessa vegna vildi eg gefa skoðunarmönnum þennan myndugleika, svo hlutaðeigendur þyrftu ekki að ómaka sig til sættanefndarinnar.

Þar eð enginn framar ræddi málið, kvaðst varaforseti álíta það rædt til hlítar, og leitaði því næst atkvæða þingsins á þessa leið:

1. Vill þingið aðhyllast nefndarálitið með eða án breytínga?

Hið fyrra samþykt.

2. Vill þingið, að lýsingarmenn útnefnist og 2 varamenn (Sívertsen)?

Samþykt með 19 atkvæðum gegn 2.

3. Vill þingið, að sýslumaður útvegi og löggildi bók þá, sem frumlýsingarnar ritast í af lýsingarmönnunum, og að borgun hennar teljist með öðrum landamerkjalýsinga kostnaði (Sívertsen)?

Samþykt með 19 atkvæðum gegn 2.

4. Vill þingið, að hreppstjórum sè boðið, að lesa upp landamerkjaskrár þriðja hvert ár fyrir hreppsbúum, og sýslumönnum sömuleiðis, að taka þingsvitni á manntalsþingum,

hvort landamerkin sjeu óátalin viðurkend (Guttormur Vigfússon)?

Felt með 19 atkvæðum gegn 2.

5. Vill þingið, að lýsingarmenn sjeu ekki við landamerkja samníngu, nema þegar ágreiníngur ris milli hlutaðeigenda (Ásgeir Einarsson)?

Felt með 19 atkvæðum gegn 2.

6. Vill þingið, að sýslumenn lýsi því yfir á manntalsþingi hvers hrepps, hve nær lýsingar eigi að byrja, og að þeir jarðeigendur, sem ekki mæta eða láta mæta, sèu álitnir að hafa samsint þeim landamerkjum, er við nábúajarðir þeirra verða tilgreind (Sívertsen)?

Samþykt með 13 atkvæðum gegn 8.

7. Vill þingið, að sýslumenn fái borgun fyrir að skrifa og innfæra í þá þar til gjörðu bók landamerkjalýsingarnar, og að borgun þessi sè ákveðin samkvæmt aukatekjureglugjörð af 10. september 1830, § 7, (Ásgeir Einarsson)?

Samþykt með 17 atkvæðum gegn 4.

8. Vill þingið, að þriggja ára frestur sè gefinn frá því lögboðið sè útgefið, til þess tíma, að byrja megi landamerkjalýsingarnar (sèra Haldór)?

Samþykt í einu hljóði.

9. Vill þingið, að landamerkja lýsingarmönnum sè veittur sami rèttur sem löglegum sáttasemjendum, til að miðla málum í ágreiníngs tilfelli um landamerki, og að þeirra gjörðir hafi jafngildi sem hinna, þó til rèttargángs komi (Guttormur Vigfússon og Ásgeir Einarsson)?

Samþykt með 12 atkvæðum gegn 9.

10. Vill þingið, að landamerkjalýsingum sè þinglýst (Ásgeir Einarsson).

Felt með 12 atkvæðum gegn 9.

11. Vill þingið, að það sè jarðeigandans skylda, en ekki annara, að útvega þau landamerkja skilríki, er hann vill og getur (Sívertsen)?

Samþykt með 20 atkvæðum gegn 1.

12. Vill þingið, að lýsingarmenn sèu skyldir, strax að ávísa sínum sýslumanni, og hann aptur rèttum viðkomendum, þegar reka eða annað ítak er eignað jörðu, úr eða í annari jörðu, sem liggur í annari sveit eða sýslu (Sívertsen)?

Felt með 15 atkvæðum gegn 6.

13. Vill þingið, að eingin lýsing gildi, nema eptir gildum máldögum, eða með samþykki myndugra eigenda (Jón Þórðarson)?

Felt með 20 atkvæðum gegn 1.

14. Vill þingið, að þeim, sem byggja jarðir með brèflegum skilmálum, verði uppálagt, að láta tilsögn landamerkja fylgja byggingarbrèfunum (Jón Samsonsson)?

Samþykt með 17 atkvæðum gegn 4.

15. Vill þingið, að sèrhver jarðeigandi borgi skoðunarmönnum fyrir sína jörð (Jakob Pètursson, Ásgeir Einarsson)?

Felt með 19 atkvæðum gegn 2.

16. Vill þingið, að lýsingarmenn eigi aðgáng að sýslumanni sínum með borgunina, og hann aptur jafni hana niður á jarðir hvers hrepps eptir hundraða tali, og greiðist hún honum af ábúendunum mót fullkomnu endurgjaldi af jarðanna eigendum, (Sívertsen)?

Samþykt með 19 atkvæðum gegn 2.

Því næst var fundi slitið, og næsti fundur ákveðinn klukkan 11 á mánudaginn.

---

23. júlí — seytjándi fundur.

Allir á þingi. Þingbók frá fyrra fundi lesin og samþykt.

Varaforseti tók fram til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu um takmörk vesturamtsins, og afhenti það framsögumanni, Þorvaldi Sívertsen, er las það upp svo látandi:

Hið heiðraða alþing hefir 13. þ. m. falið okkur, sem ritum hèr undir nöfn vor, að segja álit vort um bænarskrá, er send var alþingi frá fundi nokkrum, er Vestfirðingar hafa 23. f. m., haldið á Þórnesi við Þingvelli, með 87 manna undirskriptum; fer hún fram á, að alþingi sendi konúngi bænarskrá, um að vesturamtið haldi sínum takmörkum óbreyttum, eins og verið hefir, meðan landið greinist í fjórðúnga, og þess vegna, að Mýrasýsla aldrei verði skilin frá vesturamtinu, samt að amtmanni vesturamtsins verði gjört að skyldu að hafa bólfestu þar í umdæminu, sem hægast og fljótast er fyrir umdæmisins innbúa til hans að ná; þessi bænarskrá fer líka fram á, að verði annars takmörkum umdæmisins breytt, þa sè tilhlýðilegast, að Borgarfjarðarsýsla suður að Botnsá verði lögð til vesturamtsins. Daginn eptir hefir þingið feingið okkur í hendur aðra bænarskrá með 59 nöfnum frá fundi Vestfirðinga á Þorska-

fjarðarleið 18. f. m., og fer hún fram á sama um amts takmörk óbreytt og amtmanns aðsetursstað. Við að skoða þessar bænarskrár, finnst oss vera að athuga 4 atriði:

1. að vesturumdæmið haldi sömu takmörkum og nú eru.
2. um sameiníngu Mýra og Borgarfjarðarsýslna.
3. um að Borgarfjarðarsýsla leggist undir vesturumdæmið, ef breytíng á amtstakmörkum fram færi, og
4. að amtmanni vesturumdæmisins verði gjört að skyldu að búa á hentugasta stað fyrir innbyggjendur amtsins.

Og viljum vèr nú segja álit vort um hvert atriðið út af fyrir sig.

1. að vesturumdæmið haldi sömu takmörkum, og það nú hefir, meðan landinu á annað borð er skipt í fjórðúnga, höldum við á beztu rökum bygt; því hvorugt ætlum vèr undir nú verandi kríngumstæðum og stjórnartilhögun Íslands gjörlegt, hvorki að leggja vesturamts yfirstjórnina undir suðuramtið, nè taka nokkuð af því til hins. Við getum nú því fáorðari verið um hið fyrra atriðið, sem um það má lesa þíngtíðindin frá 1847, og bænarskrárnar ekki gefa eiginlega tilefni til vissrar uppástúngu þar um, einasta viljum vèr láta það álit okkar í ljósi, að sameiníng vesturamtsins undir suðuramtið sýnist okkur, meðan sama er tilhögun um landsstjórn vora og annað, t. a. m. póstgaungur, sem nú er, ætlum vèr þá sameiníngu ógjörlega, er vildi valda óbærilegum óhagnaði og tjóni umdæmisins innbúum í mörgu tilliti, hverjum vèr ekki álítum þörf að fjölga nè að segja nokkurt álit vort um, hvernig, eða hvort þessi samteiníng mundi gjörleg með nýrri stjórnartilhögun, og víkjum því áliti voru að því,

2. hvort sameiníng Mýra og Borgarfjarðarsýslu er gjörleg eða ekki, og skoðum þá fyrst, hverju gagni hún mætti valda, og getum vèr ekki í fljótu bragði sèð annað, en það eina, að embættislaun viðkomandi sýslumanns yrðu svo miklum mun meiri, að embættið yrði eitt af þeim beztu sýsluembættum að inntektinni til, en það höldum við eingan veginn vega upp móti því ógagni, sem vèr ætlum því samfara fyrir sýslubúana, því við gaungum út frá því sjónarmiði, að embættismaðurinn eigi að vera, ei síður fyrir fólkið, en fólkið fyrir embættismanninn. Við höldum nefnil. eptir þeim kunnugleika, er við höfum, að einginn sýslumaður fái því afkastað til leingdar, þó einn á sínum fjörárum kynni geta það, að stýra því embætti

til hlítar, einkum hvað ferðalög snertir, hvar vegir um Mýrasýslu eru mjög vondir, lángir, og krókóttir, og þaðan aptur ærinn vegur leingst suður í Borgarfjarðarsýslu, hvar Hvítá, það lángmesta vatnsfall, sem er á og í grend við vesturumdæmið, og opt og tíðum ófært yfirferðar, jafnvel á ferju, liggur á milli, og þíngstaðir í báðum sýslum ekki færri en 19. Fyrir innbúana yrði það þó hálfu verra, ef að t. a. m., eins og komið hefir til umræðu, að beðið yrði um kauptún á Akranesi og það feingist, yrði líklega óumflýanlegt, að sýslumaður yrði búsettur, í hið minnsta þar nálægt, og getum við þá ekki annað en álitið innbúum Mýrasýslu, er sækja ættu yfir Hvítá, að við bættum þeim fyrra vegi úr vesturhluta Mýra og úr Hnappadalssýslu, að kalla ófært og ógjörlegt, að ná fundi sýslumannsins, allra sízt til bráðra aðgjörða, sem þó opt getur að borið að með þarf, og þessu höldum við eingan veginn bætt úr, þótt því væri nú fram farið, eins og talað var um nú á alþíngi, að Hnappadalssýsla væri tekin frá Mýrasýslu og lögð undir Snæfellsnessýslu, því yfirferð Mýra og Borgarfjarðarsýslna ætlum vèr ekki þar með gjörða svo litla, að fært sè bæði sýslumanni og innbúum að gegna hverri ferðarköllun, sem að bæri, svo vel, að ekki yrði bagi að, því vegurinn milli Borgarfjarðarsýslu suðurenda og Mýrasýslu vesturenda yrði að sönnu nokkru styttri, en Hvítá yrði þó altjend farartálminn; auk þessa getum við ekki haldið sem ráðlegast, að leggja Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu, hver síðar nefnda er töluvert ervið yfirferðar, og opt og tíðum, einkum á vetrardag, líttfærir fjallvegir, líka er sýsla sú alþekt fyrir það, að mörgu sè þar fyrir sýslumann að gegna, fremur en annarstaðar, sem lætur og svo að líkindum, hvar kauptún eru 4 og innbúarík sjóþorp mörg. Enn fremur kemur hèr með til íhugunar, ef sýslusameining þessi ætti að fram fara, og því samfara, að Mýrasýsla legðist undir suðurumdæmið; og erum við því fáorðari þar um, sem vèr ætlum það hverjum manni ljóst, hvílík ósanngirni það væri, svo að segja kippa fótum undan vesturumdæminu, og þurfum vèr í því tilliti ekki að benda á annað en jafnaðarsjóðinn, er þar við missir þá lángefnuðustu sýsluna, er greiðir optar nálægt þriðja hluta umdæmisins jafnaðarsjóðs útgjalda; en það, að sín sýsla liggi eins eptir sem áður undir hvort amt, og sèrstök afskipti og sambönd sèu milli sýslumannsins og 2 amtmanna, ætlum vèr enn fremur lúta að því,

að sýslumaðurinn hefði því að gegna, er honum, ef til vildi, kynni veita örðugt, og þá hèti ekki, að sýslur væru sameinaðar, heldur að einn sýslumaður gegndi nú 2 sýslum, og ætlum við það ekki sem bezt við eigandi.

3. Hvað hins vegar við víkur því, að Borgarfjarðarsýsla leggist til vesturumdæmisins, er meiníng okkar um það ljós, af því, sem að framan er sagt, að vèr ætlum það eins með tilliti til þeirrar sýslu, sem Mýrasýslu, ógjörlegt vegna óhægðar þeirrar, sem er á að sækja yfir Hvítá, og meiri vegaleingdar til amtmannsins í vesturumdæminu, heldur en í Reykjavík. Vèr ætlum þess líka til getandi, að eins og Mýrasýslu innbúar kynnu, ef til vildi, una því illa, að vera skildir frá vesturumdæminu, hvar þeir hafa og eru orðnir svo leingi vanir við aðra innbúa fjórðúngsins, eins mundi verða með Borgarfjarðarsýslu innbúa, ættu þeir að skiljast frá suðurumdæminu.

4. Hvað loksins við víkur því, sem bænarskrárnar fara fram á, að amtmaður vesturumdæmisins hèr eptir hafi þar bólfestu í umdæminu, hvar innbúar þess ættu hægast með að ná til hans, höldum við sanngjarna bón, og einkar áríðandi að fylgt væri, því bæði er það lèttir og mikill hagur fyrir alla þá, bæði undirembættismennina, sem aðra, að samgaungur milli þeirra og amtmanns gætu orðið sem hægastar og fljótastar, jafnt úr öllum hèröðunum, eins höldum vèr það mikils varðandi fyrir amtmanninn sjálfan og yfirstjórn hans, sem honum þó í öllum greinum hlýtur að verða hægri og lèttari, bæði hvað ferðalög snertir, þegar hann væri búsettur nálægt miðbiki amtsins, og líka með eptirlit þau, hann hafa þarf með embættisfærslu annara. Hèr um bil miðju umdæmisins, ef ekki er litið til yztu skaga og annnesja fjórðúngsins, höldum vèr að vera norðurhluta Dalasýslu, en þó ætlum vèr hentastan staðinn í Stykkishólms kauptúni í Snæfellsnessýslu, því milli þess kauptúns og allra hèraða umdæmisins eru samgaungur tíðastar, nærfelt alt árið, því þar er læknir og lyfsölumaður búsettur auk verzlunarinnar, sem þar heitir vera en mesta og fjölsóktasta í umdæminu; líka getum vèr til, að svo kunni fara, að þar verði aðalkauptún vesturfjórðúngsins, komist verzlunin í annað horf. Til Stykkishólms eru líka samgaungur frá Reykjavík einna tíðastar, er oss þykir mikils varða.

Tilefni til frekari athugasemda hèr um virðist okkur að bænarskrár þær, sem þíngið hefir falið oss á hendur að

yfirvega, ekki gefa, því við einum og öðrum breytingaruppástúngum þeim, sem hèr hefir verið hreift eða talað um á þínginu, álítum við okkur óviðkomandi og óskylt að hræra. Af framantjáðu er það því sameiginlegt álit vort, að þingið eigi í bænarskrá til konúngs að biðja um,

1. að vesturumdæmið haldi sömu takmörkum óbreyttum, sem nú eru, svo leingi landinu er og verður skipt í fjórðúnga.
2. að Mýrasýsla með Hnappadalssýslu hafi einn sýslumann, og Borgarfjarðarsýsla annan, en að þessar sýslur verði aldrei sameinaðar.
3. að amtmanni í vesturamtinu verði gjört að skyldu hèr eptir að vera búsettum í eða nálægt Stykkishólmi.

Reykjavík, þann 18. júlí 1849.

Þ. Sivertsen. K. Magnúsen. E. Einarsson.

Þ. Sivertsen: Eg gjöri ráð fyrir, að um þetta málefni verði hvorki nè geti orðið margar eða miklar umræður, og ætla eg því síður að byrja þær eða verða fyrstur til að vekja þær.

Stiptamtmaður: Eins og eg við undirbúningsumræðu þessa máls var ei svo mjög mótmæltur nefnd til að yfirvega mál þetta, þannig get eg ekki heldur nú mælt móti því, að það sè tekið til endilegrar umræðu; en eg vil, að atkvæða greiðsla í því dragist sem leingst, ef konúngsfulltrúinn kynni að koma, því það væri ákjósandi, að hann gæti sagt þínginu álit sitt hèr um, og afhent skjöl þau frá stjórninni, er hann kynni að hafa meðferðis.

Hvað 1tu uppástúngu nefndarinnar við víkur, þá vil eg geta þess, að þar sem sagt er í nefndarálitinu, að vesturamtið haldi takmörkum sínum óbreyttum, þá ætti eptir þessu eingin smábreytíng að geta orðið gerð, og einnig jáhræra jarðir þær, sem stúngið hefir verið upp á að teknar væru frá Mýrasýslu og lagðar undir Borgarfjarðarsýslu, því að skilja þær þannig frá vesturumdæminu, væri breytíng; en eins og þetta að líkindum ekki verður borið undir þingið, þannig veit eg heldur ei, hvort það hefir verið tilgángur nefndarinnar; því þessi smábreytíng ætti, ef til vill, að geta farið fram eptir áliti amtmanna, og ætti álitsskjal nefndarinnar ekki að vera því til tálmunar. Annars mæli eg, nú sem stendur, ekki móti uppá-

stúngu nefndarinnar; mèr þykir að vísu nokkuð hart ákveðið, þegar nefndin fer þeim orðum, að „aldrei“ sèu lagðar saman sýslurnar, því breyting slík gæti þó komið fyrir, þegar fram líða stundir. Annars var það ei tilgángurinn að sameina sýslurnar á annan hátt, en að einn og sami sýslumaður þjónaði báðum, eins og t. a. m. Gullbríngu og Kjósarsýslu. Ekki heldur var það tilgángur með sýslubreytínguna, að bæta kjör hlutaðeigandi sýslumanna, og skrifaði eg þar um stjórninni og lèt í ljósi, að gjaldið af sýslum þessum til hins opinbera þannig mætti hækka, því breytíngin ætti ekki að vera í hag þess sýslumanns, sem þar var nýorðinn. Í tilliti til hins seinasta atriðis í uppástúngu nefndarinnar, vil eg að svo komnu ekkert segja, af því eg vona, að konúngsfulltrúinn, sem er amtmaður í vesturamtinu, muni verða kominn, áður en mál þetta er útkljáð, og geta þá þíngmenn heyrt álit hans um það.

Varaforseti: Þar sem herra stiptamtmaðurinn stakk upp á því, að frestað yrði hinni síðustu umræðu þessa máls og atkvæðagreiðslu í því, þángað til konúngsfulltrúi koma kynni og legði fram fyrir þíngið skjöl og skilríki í því máli, og segði sjálfur álit sitt um það, og einkum um hið síðasta atriði uppástúngu nefndarinnar, nefnilega um bústað amtmannsins í vesturumdæminu, þá álít eg það að vísu æskilegt, að hann sjálfur gæti fram komið með samsinni sitt eða ástæður móti. En hvað við kemur skjölum þeim, er hann frá stjórnarinnar hendi hafa kynni meðferðis, þá hlýt eg að ætla, að þau komi hèðan af um seinan, fyrst nefndin hefir af lokið starfi sínu við málið, og það er þegar rædt til undirbúnings; getur því nefndin úr þessu eingan gaum gefið nýum skjölum eða skilríkjum. Þíngtíminn er að rèttu lagi út runninn nærsta laugardag, og því ætla eg, að ekki megi fresta síðustu umræðu þessa máls leingur en til fimtudags eða föstudags; því þó menn yrðu að fá þíngtímann leingdan til mánudags, ætti þeim degi ekki að ætlast nema upplestur álitsskjala til konúngs.

Framsögumaður: Að því leyti snertir tilmæli herra stiptamtmannsins, að ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu í málefni þessu verði frestað, í von um komu konúngsfulltrúa, þá ætla eg fyrir mitt leyti ekki að mæla móti því, að svo verði gjört, eins og hinn heiðraði varaforseti líka aðhyltist, en þó eingan veginn leingur en til næstkomandi fimtudags; en þó svo færi, að konúngsfulltrúi kæmi innan þess tíma og hefði

stjórnarfrumvarp í för með sèr, málefni þetta snertandi, býst eg ekki við, að nokkur fari fram á það, að nefnd sú, er meðhöndlað hefir þetta mál, taki á móti því stjórnarfrumvarpi til meðhöndlunar í sameiníngu við þetta, um hvert hún nú er búin að kveða upp álit sitt, hverju hún að líkindum hvorki vill nè getur breytt. Hvað því við víkur, er herra stiptamtmaðurinn hreifði, að eins væri að skilja á nefndarálitinu, sem það færi fram á, að takmörkum þeim, sem vesturumdæmið nú hefir, yrði svo fastlega haldið, að ekki mætti frá því aðskilja jarðir þær 2 eða 3, sem nefndar hafa verið hèr, að mundi betur fallið að legðust til suðurumdæmisins, þá verð eg að skjóta því til meðnefndarmanna minna, hver meiníng þeirra var; eg fyrir mitt leyti hafði ekki þá meiníngu, að þó farið væri fram á það, sem nefndin stíngur upp á, að vesturumdæmið haldi sömu takmörkum, sem nú eru, og því verði framgeingt, að fyrir því væri skotið loku fyrir samsinníngu alþíngis í því, að breyta mætti til um 2 eða 3 bæi, þar sem nauðsyn virðist til bera, og einmitt horfði til gagns. Frá þeirri skoðun, að það varla geti heitið öðruvísi, en einn sýslumaður gegni embætti í 2 sýslum, án þess þær heiti sameinaðar í eitt embætti, skyldi sín þeirra heyra undir hvort umdæmi, get eg að svo komnu ekki vikið. En hvað þetta orð, eða ósk, sem nefndin stíngur upp á, að sýslurnar verði *aldrei* sameinaðar, snertir, þá er það auðskilið á 1tu grein uppástúngunnar, að meiníng nefndarinnar væri sú, að það aldrei fram færi, meðan stjórnartilhögun, fjórðúngaskipti og annað því um líkt, væri sama, og nú er, án þess að nefndin færi að spá sèr fram í ókomnar aldir um það, hvað hentast kynni að vera, úr því að þessu væri öllu breytt og hagað öðruvísi, hvað nefndin gat því síður gjört, sem hún ekki heldur en aðrir gat vitað, hvernig, hve nær, eða hvort nokkurn tíma að slíkt bæri að.

Stiptamtmaður: Eg vil geta þess, að aldrei hefir verið talað um að sameina Borgarfjarðar og Mýrasýslu í nefndarinnar skilningi.

R. M. Ólsen: Eg er samþykkur nefndinni um, að ei beri að sameina sýslur þær, sem nú eru, svoleiðis, að tvær þeirra leggist undir *einn mann:* eg er líka samþykkur nefndinni um, að amtmenn eigi að búa á hagkvæmum stað fyrir amtsbúa sína; en eg verð líka að vera samþykkur herra stiptamtmanninum í, að ærið hart sè að orði kveðið, að *aldrei* megi

raska merkjum amtanna; eg áskil mèr því það breytíngaratkvæði: *að tveir eða þrír bæir megi, ef nauðsyn þykir til bera, takast frá annari sýslunni og leggjast til hinnar.*

Stiptamtmaður: Eg veit ekki, hvort það er þörf á því breytíngaratkvæði, er hinn heiðraði þíngmaður Húnvetníngа bar upp í þessu efni, vegna þess, er framsögumaður mælti.

Varaforseti: Eg ætla þó, að þetta breytíngaratkvæði sè nauðsynlegt; amtsmerkin eru nú svo fast ákveðin, að ekki má skeika, en þörf kynni síðar að vera, að gjöra líka breytíngu, svo sem um 2 eða 3 bæi.

Framsögumaður: Eg verð þó að vera á því, að hèr sè alt öðru máli að gegna; Kjósar og Gullbríngusýsla eru sameinaðar í eitt, og embætti því gegnir einn sýslumaður; sama er að segja um Skaptafellssýslurnar, líka um Mýra og Hnappadalssýslur, í hverjum áður hafa verið sinn sýslumaður í hvorri, en allar þessar sýslur, sem sameinaðar hafa verið, hafa heyrt undir eina og sömu yfirstjórn; en hvernig ein sýsla getur heitið að vera lögð undir aðra, þegar hver sýslan hefir þó sèrskilda amts yfirstjórn, er mèr óskiljanlegt. En þar eð orðið „aldrei“, í nefndaruppástúngunnar tölulið 2, hefir nú vakið umræðu fleiri en stiptamtmannsins, þá veit eg ekki, nema eg fyrir mitt leyti væri ekki ófús á að gánga inn á það, að í þess stað væri sett orðið „ekki“, og skildist mèr breytíngar eða viðaukaatkvæði ens virðulega þíngmanns Húnavetníngа lúta að því, hvað þíngið þá getur fallizt á, ef því þykir það betur við eiga; að öðru leyti get eg nú á undan ályktarumræðunni talað hèr um við meðnefndarmenn mína, að svo miklu leyti sem þeir nú ekki skyldu láta sitt álit þar um í ljósi.

Ásgeir Einarsson: Mèr getur ekki fundizt ástæða til þess, að bíða með mál þetta, þángað til konúngsfulltrúinn kemur, í tilliti til þess að vita, hvar hann vill setjast að í amtinu, því þó hann settist að á hentugum stað, getur verið, að hann færi þaðan á næsta ári, og væri þá eingin ákvörðun um það frá stjórnarinnar hendi í tilliti til þess, er síðar kynni að koma; held eg menn ættu því að halda áfram með bæn þessa, hvernig sem amtmaður tæki þetta mál; en fyrir það er eg ánægður með, þó nefndarálitið verði ei rædt fyrir þann ákveðna tíma. Í tilliti til breytíngaratkvæðis þíngmannsins frá Húnavatnssýslu get eg þess, að mèr þykir bezt, að uppástúnga komi frá alþíngi um þá bæi, er mönnum kynni að sýnast hentugt að tækj-

ust frá Mýrasýslu, því annars kynni stjórnin að halda, að þinginu stæði á sama, hverjar ráðstafanir hún gjörði að því fornspurðu, og gæti það leidt til þess, að hún gjörði frekari ráðstafanir eða breytingar án þess ráðaneytis; enda er auðsèð, að það er af sömu náttúru, að taka nokkra bæi frá einu amti og bæta við hitt, eins og þó meira væri, og gæti svo farið, að ekki yrði eptir því farið, hvort breytingin yrði hagkvæm, þegar hún væri gjörð án þingsins ráða.

Kr. Magnusen: Þar eð eg hefi þess ekki var orðið, að álitsskjal nefndarinnar í nærverandi málefni sè í neinu hrakið, þá hefi eg að svo stöddu þar litlu við að bæta, en vona eptir þeim tilgreindu ástæðum, að þingmönnum muni virðast sameining Mýra og Borgarfjarðarsýslna óhagkvæm, eins og um breyting á þeim takmörkum, sem vesturamtið um lánga tið haft hefir; en hvað þann 2. póst í niðurlagi álitsskjalsins snertir um það, að amtmanni gjörist að skyldu, að taka bólfestu á þeim stað í amtinu, sem innbúum þess væri yfir höfuð haganlegast, þá hygg eg þá kröfu á rèttvísi og sanngirni bygða, og eru öll líkindi til þess, að amtmönnum sè slíkt gjört að skyldu í þeirra embættisbrèfum (Bestalling), eins og sýslumönnum, eptir því sem mig rekur minni til, en sè það ekki mót von ákveðið svo fyrir amtmann, þá er þó slíkt nauðsynlegt og sanngjarnt að væri.

Þar enginn ræddi málið framar, kvað varaforseti það fullrædt til undirbúnings.

Síðan tók varaforseti fram til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu, um að tíund til prests og kirkju gjaldist eptir meðalalin, og afhenti það framsögumanni, Steffáni Jónssyni, er las það upp svo látandi:

Hið heiðraða alþing hefir á einum fundi sínum með atkvæðafjölda kosið oss, sem hèr undir ritum nöfn vor, í nefnd, til að hugleiða og segja álit vort um bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, með 206 manna og þar á meðal 6 presta undirskriptum, og biður bænarskrá þessi þingið um að útvega lagaboð, sem ákveði og bjóði, að tíundir til presta og kirkna verði, eins og tíundir til konúngs og fátækra, hèr eptir borgaðar þannig, að hver alin í presta og kirkna tíundunum megi borgast með verði þeirrar meðalálnar, sem eptir hvers árs verðlagsskrá ræður á rèttum gjalddaga. Nefndin hefir gaumgæfilega hugleidt þetta málefni, og virðist henni, að bænarskrá þessi styðjist við góðar ástæður, og það sè í þessu sem öðru

æskilegt að fá útþrykkilegt lagaboð, sem eyði óánægju þeirri, sem víða er í landinu yfir þeim mismun, sem er milli greiðslumátans á tíundum presta og kirkna, og tíundargreiðslu til konúngs og fátækra, þar eðlilegast og sanngjarnast sé, að tíund sú, sem greidd er af einum og sama gjaldstofni, og sinn fjórðúngur hennar ætlaður hverjum, konúngi, presti, kirkju og fátækum, að þá sé hver þessara fjórðúnga jafn öðrum; nefndin meinar, að síðan tíundir voru inn leiddar hèr í landi í lok 11. aldar, hafi verið brúkaður ýmislegur og ólíkur máti á greiðslu þeirra, það er að segja, í hverju þær hafa verið greiddar, og mun það hafa verið, eptir því sem á hverjum tíma hefir þókt eiga bezt við; þannig var kirkjutíund ákveðin fyrst í stað í þeim hlutum, sem kirkjunni gátu þènað, svo sem viði, vaxi, reykelsi, lèreptum, og svo fleiru, og aptur til prestanna í vaðmálum, vararfeldum, gærum, o. s. frv. Á þessum tímum voru peníngar fágætir í landinu, og var því náttúrlegt, að á meðan væri goldið í nokkurs slags skileyrir; en eptir því sem þeir fóru með framför tímanna að aukast og koma inn í landið, hafa tíundir þessar verið að minna eða meira leyti borgaðar með þeim, en að hinu leytinu með skileyrir. Þannig ákveður tilskipunin af 17. júlí 1782, að bændur megi gjalda í vörum eða peníngum bæði til sveita og sjóar, og ef í peníngum borga, hvort sem er tíundir sínar til presta og kirkna, þá skuli hvert álnar virði í þeim borgast með 4½ sk., sem var eptir hinum fastbundna taxta álnar verðið, og virðist nefndinni það hafa verið aldeilis sama, eður mjög líks eðlis, eins og nú að greiða tíundargjald eptir meðalalin verðlagsskráa, og eins sýnist áður nefnt lagaboð hafa verið samkvæmt hinu yngra, eða ætíð verið tilgángur löggjafarinnar, að gjaldendur mættu sjálfir velja um, hvort þeir vildu greiða í peníngum eður skileyrir. Nefndin játar að vísu, að við stórkostlegar breytíngar utan og innan lands í höndlunarmálefnunum kríngum hin næst liðnu aldamót hafi þessi greiðsla með 4½ sk. í alin orðið óþolanlega lág fyrir presta og kirkjur, svo skileyris gjaldið hafi þá orðið að verða það einasta meðal, sem bætti þeim skaðann, og því muni stiptsyfirvalda brèf af 24. ágúst 1814 hafa úrskurðað þeim ullar og tólgar verðið í tíundirnar, og kansellíbrèfið af 1. apr. 1815 staðfest hið sama, „ind til videre“, það vill meina, þángað til fast og ákvarðandi lagaboð feingist um greiðslumáta opinberra gjalda, og þetta lagaboð kom þá litlu seinna, eður 16. júlí 1817, sem bauð, að árlegar verð-

lagsskrár skyldu verða samdar, og meinar nefndin, að þetta lagaboð hafi fullkomlega og sanngjarnlega bætt úr þessu vankvæði í tilliti presta og kirkna, og þau orðatiltæki þess, sem segja, að öll gjöld til embættismanna og opinberra stiptana hèr á landi skuli gjaldast eptir fyrr tèðum kaptítalstöxtum, hafi átt að skiljast eins í allra tilliti, og eins ná til presta og kirkna tíunda gjalds, sem til annara opinberra gjalda, hvar skileyris gjald ekki er leingur til. Nefndin meinar, að kansellíbrèf frá 28. októbr. 1847 fari því á flot, að sýslumenn hafi átt rètt á að krefja konúngs tíunda eptir skileyris gjaldi, en nefndin getur tæplega haldið, að sú meiníng sè á rökum bygð; því, hefðu sýslumenn ekki gætt skyldu sinnar í að krefja tíundanna, og að því leyti sem þær ekki heyrðu þeim sjálfum til, eptir þeirra upphæð, sem vera ætti, sýnist nefndinni það hafa verið sá ótrúskapur við hið opinbera, sem varla sè leyfilegt að ætla þeim að hafa gjört sig seka í, og hitt heldur ekki rètt líklegt, að svo vel amtmenn, sem rentukammerið hefðu þagað um þetta við yfirskoðun reiknínga yfir sýslna tíundir í fleiri stöðum, sem falla í opinberan sjóð, hefði að lögum borið að lúka þær með hærra verði, en eptir meðalalin verðlagsskránna. Hèr að auki veit einn nefndarmanna til þess, að eptir árið 1817 hafi stiptsyfirvöldin með brèfum til prófastanna boðið þessum að sjá til, að kirkna tíundir greiddust þeim með meðalalin verðlagsskráa ár hvert. Af öllu framan töldu virðist það auðsèð, að ýmislegur skilníngur og ýmisleg greiðsla hafi verið höfð á þessum umtöluðu tíundum, og finnur nefndin því af framan greindum ástæðum nauðsyn að ráða þínginu til að eyða öllum þar af leiðandi mismun, vafa og ágreiníngi í landinu með að biðja hans hátign, konúnginn, um það lagaboð, sem ákveði:

> Að hvert álnarvirði í öllum tíundagjöldum til presta og kirkna verði framvegis borgað eptir verði þeirrar álnar, sem er meðalverð allra meðalverða í þeirri verðlagsskrá, sem ræður á rèttum gjalddaga, á sama hátt og tíundir til konúngs og fátækra.

Reykjavík, 19. dag júlímánaðar 1849.

J. Jónsson. St. Jónsson. Kr. Magnusen.

Framsögumaður: Eg sè ekki nauðsyn að fara mörgum orðum um ástæður þær, sem nefndarálitið er bygt á, og það því síður, sem eg vona, að fleiri verði á því, að það ekki fari

fram á neina ósamngjarna kröfu, því framar sem menn viðurkenna, að jöfnuður allstaðar, þar sem því verður við komið, sè æskilegur; ætla eg því að bíða þess, sem eg heyri nú þingmenn láta í ljósi um málefnið.

R. M. Ólsen: Reynslan hefir sannað, að reglugjörð frá 17. júlí 1782 er ei svo ljós eða skilmerkileg í 7. grein, þar sem ræðir um tíundar-gjaldaura til prests og kirkju og svo kveður að orði, að þeir skuli lúkast í góðum og gildum landaurum, sem presturinn sè *ánægður* með. Með tilliti til skilnings og hagnýtingar orða þessara hefir mátt heimfæra gamla málsháttinn: svo er margt sinnið, sem skinnið; hafa þau má ske af einstökum fènaumingjum verið notuð til að gjalda óágeingum gjaldtakendum, er algjörlega lètu útlátin á vald greiðenda, í lakari eyri, en skyldi; hins vegar er líka ekki dæmalaust, að fáeinir fèskygnir gjaldheimtendur hafi hagnýtt sèr þau til að áseilast tíunda-greiðendur um of. Hèr af mun það hafa atvikazt, að stiptsyfirvöldin fóru því á flot við kansellíið í brèfi dagsettu 24. ágúst 1814, að tíund til prests og kirkju skyldi greiða í ull og tólg, og fèllst kansellíið á þetta í brèfi frá 1. apríl 1815.

Þegar tilskipun frá 16. júlí 1817 um verðlagsskrár kom út, vóx ágreiningurinn enn meir; því þá skildu ekki einúngis bændur, heldur einnig nokkrir lögfræðingar lagaboð þetta á þá leið, að það heimilaði gjaldendum að borga tíundir eptir meðalverðs-alin allra meðalverða; var eg fyrst á líkri meiníngu, en þegar eg hafði betur lesið tilskipan þessa ofan í kjölinn, hugði eg þenna skilníng heimildar og ástæðulausan, þar eð eg þá sá, að tilskipanin einúngis meinti verðlagsskráar verð á gjaldgeingum landaurum, en eingan vegin meðalalín. Loksins hefir nú kansellíið lagt smiðshöggið á tíundargreiðslu málefni þetta með brèfi frá 28. október 1847, og ákvarðaði, að tíundin skyldi borgast með ull og tólg. Eg gjöri mig svo djarfan, að láta í ljósi þá meiníngu mína, að eg hygg stiptsyfirvöldum og kansellii hafi skjátlað í þessu, og þau tekið það fyrir gefið og sannað, sem ekki var, nefnilega að þeir *góðu* og *gildu* landaurar, sem reglugjörð frá 17. júlí 1782 nefnir í 7. grein, væru einúngis ull og tólg; en allir vita, að fleira er matur, en feitt kjöt, fleira eru góðir og gildir aurar, en ull og tólg, t. d. smjör, fríður peníngur, svo sem veturgamall sauður á 10

álnir og löggild ær í fardögum á 20 álnir, hygg eg hana þá bestu aura, sem sveitamanni geta boðizt.

Loksins hefir ruglingurinn og óánægja manna ei alllítið aukizt við það, að yfirvöld hafa nú ákvarðað, að opt umgetnar tíundir mættu greiðast með ¼ í mislitri ull, ¼ í hvítri ull og ²⁄₄ í tólg. Getur þetta orðið mjög flókið, bæði fyrir tíunda móttakendur, og líka fyrir prófasta og biskup við yfirlit kirkjureikninga, þar eð þeir ei geta haft tilhlýðilega tilsjón *(Control)* með kirkjureikninga haldendum um hvað þeim gelzt í hverri tegund, mislitri og hvítri ull og tólg. Þar eð má ske er óvissa um gjalddaga tíunda þessara, væri gott, að hann yrði við þetta tækifæri tiltekinn, og mundu fardagar þar til hentugastir.

Að vísu lýsir nefndarálitið talsverðri þekkingu á tíundargreiðslu á fyrri öldum, en það er eingan veginn nógu skilmerkilegt eður svo ljóslega úr garði gjört, að með því geti fyrirbyggzt allur ágreiningur eptirleiðis, einkanlega álít eg ályktunarorð þess *(Conclusion)* of ónákvæm. Allur misskilningur þarf að fyrirbyggjast, og allur *lúsa*-reikningur að útilokast; þetta álít eg æskilegt bæði fyrir þá, sem úti láta, og þá, sem við taka.

Með tilliti til alls þessa áskil eg mèr breytingar og viðaukaatkvæði á þessa leið:

1. Gjaldendur hafi valið, að greiða tíund til prests og kirkju annaðhvort í peningum eptir meðalverðs-alin allra meðalverða, eður í góðum og gildum landaurum.
2. Þegar í góðum og gildum landaurum er goldið, þá mæti alin alin, þó svo, að sá eyrir, sem goldið er í, ekki sè verðlægri, en meðalalin.
3. Gjalddagur prests og kirkjutíundar sèu fardagar.
4. Kirkjureikninga haldendur gjöri kirkjum skil fyrir kirkjutíundum eptir meðalalin.

Stiptamtmaður: Eg verð að vera samdóma þeim heiðraða þingmanni, að tilskipunin frá 16. júlí 1817 ákveði ekki meðalverð allra meðalverða; kansellíbrèf frá 28. október 1847 segir sama, að ekkert standi um meðalalin í tilskipuninni frá 1817.

Eins og sjá má af nefndu kansellíbrèfi, skoðaði rentukammerið málefnið þannig, að sýslumenn hefðu annaðhvort konúngs tíund á leigu eða að umboði; í fyrra tilfellinu stæði sýslumanni í sjálfs valdi, að taka hana á þann hátt, er hann sjálf-

ur vildi, annaðhvort í skileyrir, eða með peningum eptir gjaldskrá, en í seinna tilfellinu, t. a. m. eins og ástadt er í tilliti til konúngstíundar í Skaptafells og fleiri sýslum, væri sýslumönnum að eins leyft að gera reikníng fyrir henni eptir meðalverði allra meðalverða, einmitt til þess að komast hjá margbrotnum reikníngum; en þrátt fyrir það gætu sýslumenn samt heimtað hana borgaða með skileyri. Að öðru leyti getur skeð, að það, sem nefndin stíngur upp á, sè betra, einmitt með þeirri breytíngu, sem þíngmaður Húnvetninga hefir farið á flot, en þó getur vel verið vafi einnig um það.

Framsögumaður: Stiptamtmaðurinn leiddi í ljós, að nefndin hefði ekki haft rètt fyrir sèr, þar sem hún fór orðum um og dró efa á, að sýslumenn hefðu átt rètt á að krefja kóngstíundar í landaurum; og er það ekki efandi, að hann hafi rètt að mæla; en fyrst að orsökin til að sýslumönnum leyfðist, að taka eptir kapítulstaxta, var sú, að það mundi valda ruglíngslegum reikníngum, þá gæti þetta líka átt sèr stað hjá öðrum tíundatakendum, og er það merki þess, að bón sú, sem nefndarálitið fer fram á, ekki sè ástæðulaus; en að því leyti nefndinni hefir skjátlað í þessu efni, þá er það af ókunnugleika þeirra bændamanna, sem áttu hlut að máli; því þeim geta ekki verið kunnug þau brèf, sem fara milli stjórnarráðanna og sýslumannanna og ekki snerta aðra en sjálfa þá.

Að því leyti þíngmaður Húnvetníngа kvað nauðsynlegt, að tiltaka gjalddaga fyrir tíundargreiðendur, þá hafði nefndin ekki ástæðu til, að taka það til greina, þar eð bænarskráin gaf ekkert tilefni til þess, og nefndin vissi heldur ekki, að það hefði ollað neinum vandkvæðum; tíminn er líka til tèkinn í Gissurar statútu, fimtudagurinn fjórar vikur af sumri, sem er sá seinasti gjalddagi.

Th. Gudmundsen: Eg skal leyfa mèr að skýra þínginu frá, að konúngstíundin í Gullbríngusýslu, sem er á umboði hjá sýslumanni, er, eins og önnur konúngsgjöld þar, annaðhvort borguð í peníngum eptir verðlagsskráarinnar verði á hörðum þorskfiski, eða þá í þessum gjaldeyri.

En í Kjósarsýslu, sem sýslumaður hefir til leigu, er konúngstíundin goldin eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni.

Kr. Magnúsen: Hvað það snertir, sem herra stiptamtmaðurinn gat um í ræðu sinni, að sýslumenn gætu krafizt

skileyris í konúngstíundir upp á líkan máta og prestar, þá verð eg að játa, að slík lagaboð eru mèr að öllu leyti ókunn, og styrkist eg því heldur í þeirri meiníng, að þau eigi sèr ekki stað, þar sem, eins og kunnugt er, að konúngstíundir úr fleiri sýslum greiðast í konúngssjóð, reiknaðar eptir meðalverði allra meðalverða, og það með samþykki háyfirvalda og hins konúnglega rentukammers, sem var, hvað beinlínis kemur í stríð við kansellíplacötin frá 1815 og 1847, sem til tekur skileyrir fyrir kirkjur í tíundir, og hygg eg slíkt gjört af misskilníngi, og tèðum kansellíbrèfum því ekki tilleggjandi neitt verð, sem lagaboðum; en þar eð eg má við búast, að skoðunarmáti minn hèr í ekki sè sem rèttastur, þá leyfi eg mèr að fram bera þá auðmjúkustu ósk við herra stiptamtmanninn, að honum þóknast mætti að gefa mèr upplýsíng um, ef nokkurt konúnglegt lagaboð um tíundina til prests og kirkju fyndi stað, síðan reglug. frá 17. júlí 1782 út kom.

Stiptamtmaður: Eg get vísað hinum heiðraða þíngmanni Snæfellínga til álits rentukammersins í tèðu kansellíbrèfi, og getur það gefið honum nákvæmari útskýríng í þessu efni.

H. G. Thordersen: Af því eg mælti nokkrum orðum við inngángsumræðu þessa máls, svo verð eg enn leyfa mèr að taka til orða, og er eg þó illa undir það búinn, fyrir þá skuld að mèr hefir orðið það á að gæta þess ekki, að mál þetta skyldi ræðast í dag. En eg verð þó enn að vera sömu meiníngar sem áður, að tíundargjald sè bundið við skileyrir, og er þettað auðsært strax í upphafi tíundargjörðarinnar hèr á landi, og er svo tekið fram í Kristinrètti, sem er gildandi lög í þessu efni, að þar um hefir einginn efi verið. Að vísu var nú ekki alveg tiltekinn sami skileyrir fyrir allar tíundirnar, þó var tíundin til biskups, sem seinna varð konúngstíund, og prests ákveðin með sama móti, í vaðmálum, lambskinnum, gulli eður brendu silfri, og er þeim alkunnugt, sem þekkja til fornra tíma, að vaðmál voru þá einhver bezti eyrir, og það svo góður, að við hann var miðað verðlag annara landaura, þegar alinin var lögð til grundvallar, en sú alin var alin vaðmáls; sama er að segja um lambskinn, að þau voru ágætur eyrir, um gull og silfur tala eg ekki. Er nú af þessu auðsèð, að til eru teknir einhverjir hinir beztu aurarnir. Tíundir til kirkna og fátækra eru ákveðnar nokkuð öðruvísi, en þó auðsjáanlega svo sem hvorutveggi mundi bezt koma: kirkjunni reykelsi og vax, í stað

hvers seinna er komin tólg, góð lèrept, sem brúkuð voru eptir sið þeirra tíma til að tjalda með, samt viður til byggíngar kirkjunni. Fátækum var helzt áskilið það, sem brúkað varð þeim til fæðis og klæðis, og var þetta alveg samkvæmt þeirri tilhögun, sem þá var á fátækrastjórn hèr á landi. Af þessu verður þá auðsært, að eingan veginn var leyft að gjalda í hverju sem vildi, heldur skyldi gjalda í hinum beztu aurum, og svo sem bezt gat komið sèrhverjum tíundatakara, og framliðu svo aldir, að mèr er ekki annað kunnugt af sögunum, en við sama stæði, og það mótmælalaust, og lá fyrir því sú hugsan til grundvallar, að tíund bæri að greiða í einhverjum hinum beztu aurum. Reglug. af 1782 fylgdi sömu skoðun, þó nokkuð dragi úr henni, en þegar þó er til tekið, að gjalda skuli í góðum og útgeingilegum aurum, sem prestar vilji taka móti, þá er auðsèð, að söm er hugsunin, nefnil. sú, að vel og sómasamlega skuli af hendi leysa gjald þetta. Svona stóð, án þess mèr sèu kunnar umkvartanir yfir því, þángað til hin svo kallaða frjálsa verzlun komst á 1787, og um leið óx svo mjög ójöfnuðurinn milli landaura og peníngagjalds; íslenzku vörurnar fóru þá að stíga móti peníngum, en menn fylgdu alt að einu hinum gamla höndlunartaxta, sem var í gildi, þegar reglug. af 1782 var samin, og eptir hverjum sèrhver alin var metin á $4\frac{1}{2}$ sk. Þegar nú vörurnar stigu móti peníngum, sáu menn, að prestur og kirkja yrðu fyrir miklum halla, sem bæði var ósanngjarn og ósamkvæmur því, er nokkurn tíma áður hafði við geingizt, og urðu þá stiptsyfirvöldin að skerast í leikinn. Fátækir höfðu ei tilefni til að kvarta, því hvað sem tíundargjaldinu til þeirra leið, þá áttu þeir víst, að sèrhver sveit bar umhyggju fyrir nauðþurftum þeirra. Stiptsyfirvöldin áttu nú ekki og gátu ekki slitið þetta mál frá öllu því sambandi, sem það eptir sögunni stóð í við eldri tímana í hèr um bil 800 ár, og varð það að vera þeim ljóst, að svo vel eptir eldri lögum, sem venju, var tíundargjaldið bygt á skileyrir, og það jafnvel í beztu aurum; og til þess að ákvarða nákvæmar þessa hugsun, tiltóku þau ull og tólg til sveitar, svo sem góðan skileyrir, þó fleiri sèu landaurar jafngóðir, eður jafnvel betri. Sama hefir kansellíið tvisvar staðfest, og hygg eg, að hver sá, sem gætir að anda tíundarlaganna og gjaldmátunum, frá upphafi og fram yfir 1782, verði að viðurkenna, að þetta var á góðum rökum bygt. Ekki er nú með þessu sagt, að ei megi borga í

öðrum aurum, heldur eru þessir til teknir með tilliti til peninga. Sú óánægja, sem um er talað út af þessu gjaldi, veit eg ekki til að hafi átt sèr stað, fyrr en eptir það að konúngur fór að taka tíund eptir meðalverði allra meðalverða, og var það ekki kynlegt, þó almenníngi misgeðjaðist þetta, og má ske leiddi sèr í grun, að prestur og kirkja tækju ei rèttilega gjöld sín, þar sem konúngur tók öðruvísi, en hafði þó að lögum sama rètt, sem aðrir tíundatakarar. En hvað þetta snertir, þá veit eg eingin skilríki fyrir því, að kóngur hafi ei rètt til að taka tíund sína, eins og aðrir, er tíund eiga að taka, enda gat hann gjört við sitt, það sem hann vildi, án þess þar af leiddi, að aðrir þyrftu að slá af rètti sínum. Það kemur mönnum saman um, bæði gjaldendum og þiggjendum, að hèr sè um lítilræði að gjöra; meðalverð allra meðalverða er stundum betra en meðalverð ullar og tólgar, og þó einhverju muni á annan hvorn bóginn, þá verður munurinn aldrei sá, að nærri gángi hlutaðeigendum. Það er því auðsært, að mèr er þetta ekki kappsmál fyrir hönd presta eður kirkna, og því síður ætti það að vera kappsmál gjaldendum, þar sem um svo sárlítið er að gjöra. Það, sem mèr í þessu málefni þykir mestu skipta, er, að rèttlæta stiptsyfirvaldanna aðgjörðir í þessu efni, og að sleppa ekki skoðuninni á þessu gjaldi, svo sem skileyrir, er lúkast eigi í góðum aurum. Þetta hefi eg áður farið fram á, og ítreka eg það aptur.

Mèr eru með tilliti til verðlagsskráarinnar eingi þau lög kunn, sem það verði bygt á, að meðalverð allra meðalverða sè sú regla, sem eigi að fara eptir í tíundargjaldinu, heldur ætla eg, þar sem skileyrir er til tekinn, að borga eigi eptir meðalverði á honum. Að öðru leyti verð eg að vera því samdóma, að allar tíundir ætti að greiða eptir sama mælikvarða, því eg ætla það eðlilegast, eins og það án alls efa er samkvæmast anda löggjafarinnar.

Í 800 ár er sú skoðun á tíundinni búin að vara hèr á landi, að hún eigi nokkurt fyrirrúm fyrir öðru gjaldi, og það hefir alt til þess fyrir skömmu legið í meðvitund þjóðarinnar. Það er ekki lángt, síðan að hèr á þíngi var rædt um að breyta hinni fornu tíundarreglugjörð, og fannst mèr þá, sem að vekti fyrir þíngmönnum einhver þjóðleg tilfinníng og virðíng fyrir hinum eldri tíundarlögum, því þá var mikil og eptirtakaverð einíng í því, að fella allar uppástúngur um breytíngar á vorum

eldgömlu tíundarlögum, því þótt þau sèu nokkuð einstakleg og ólík þeim, sem gilda í öðrum löndum, þá hefi eg heyrt marga vitra menn tileinka þeim ýmsa yfirburði, og álíta þau einkar vel til fallin fyrir þetta land. Hèr er nú og um það mál að ræða, þótt það grípi ei yfir eins mikið, sem snertir hin gömlu tíundarlög, og mætti mèr því virðast undarlegt, ef þingið fellst á breytíngu í þessu efni, en hefir þó áður hrundið öllum breytíngaratriðum í málefni, sem átti undir sömu lög, og vil eg vona, að sú sama tilfinníng, sem þá hèlt þínginu frá að mæla fram með bænarskrá til konúngsins, gjöri enn hið sama. Af því eg hefi mælt þessum orðum af fullri sannfæríngu, án þess að hafa hagnað eður skaða eður vissa stètt fyrir augum mèr, og af því eg þess vegna varla get gjört ráð fyrir, að álit mitt í tèðu efni breytist, áskil eg mèr þegar það breytíngaratkvæði, að eingi bænarskrá um þetta efni verði samin til konúngsins.

Framsögumaður: Eg get borið vorkunsemi með þeim háæruverðuga þíngmanni, sem nú mælti, að hann ekki var við búinn umræðu þessa máls, því fremur, sem hann ella með ræðu sinni mundi hafa getað orðið málinu til enn meiri upp-upplýsíngar og gagns. En að því leyti sem hann sagði sögu fyrri tímanna, virtist mèr ræða hans koma mjög nærri því, sem nefndarálitið skýrir frá. Það gjörir annars lítið til, hvernig greiðslumátanum var varið á fyrri tímum; því mest ríður á, að sýna þær orsakir, sem gjöra breytínguna nauðsynlega, þegar lögum á að breyta. Eg játa það geti verið, og það hefir líka nefndin bent á, að prestar eg kirkjur hafi orðið hart úti, þegar verzlunin breyttist til batnaðar, og þegar prestar ei gátu krafizt nema $4\frac{1}{2}$ sk. í alin hverja, fyrir sig og kirkjur, en samt verður ekki öðrum en þeim sjálfum kent um, að þeir ekki fyrri reyndu til að koma þessu í betra horf, því fyrst með kvörtun sinni, sem orsakaði stiptsyfirvaldabrèfið af 24. ágúst 1814, og hvar í það heitir, að andlegrar stèttar embættismenn hafi „andraget paa“, að fast ákveðinn greiðslumáti í tíundum presta og kirkna, vegna munarins á skileyris og peninga alin, yrði fastsettur, og þetta gaf tilefni til kansellíbrèfsins af 1. apr. 1815. Greiðslumátinn hefir því þókt almenníngi vafasamur, af því þeir ekki hafa feingið að borga eptir meðalalin, og hefir þessi óánægja aukizt við hið síðast út komna kansellíbrèf um þetta efni; en það mun flestum af alþýðu vera óljóst, hvort brèf stjórnarráðanna sèu eins gild og góð lög, eins og konúngs

sjálfs; því leingi hefir það orðtak átt heima hèr í landi: „það eru lög, sem konúngur segir“. En því mætti þá umbreyta og segja: „fleira eru lög, en konúngur segir“. En það kannast eg við, að stjórnarráða ákvarðanir sèu nógar til þess, að gefa hlutaðeigandi krefjendum rètt til útpöntunar hjá gjaldanda, og sèst, hvað vel það á við, að ætla fátækri alþýðu aptur að leita rèttar síns með lögsókn mót ofurefli yfirmanna sinna, ef, og þegar þeir vildu neyta þess; en ekki segi eg þetta af því, að eg hugsi, að svoddan litilræði í tíundunum orsaki það, og það því síður, sem tíundartakendum mörgum er krafa þessi ógeðfeld, sem vottast af því, að 6 prestar hafa ritað undir bænarskrána, og hèr að auki er mèr kunnugt, að nokkrir prestar hafa ekki feingið af sèr að birta sóknarfólki sínu hið umtalaða kansellíbrèf, og því síður að heimta gjöld sín eptir því, að því leyti sem þá sjálfa snertir, en þeir, sem hafa haft gjaldheimtu á hendi vegna kirknanna, hafa hlotið að gjöra það, og er þó auðsèð, að það hefir mátt verða þeim, eins og sýslumönnum, eptir sem stiptamtmaðurinn benti til, tilefni til ruglíngslegra reikninga og meiri fyrirhafnar; og er því líklegt, að flestir prestar vildu fá þetta umbætt, eins og nefndarálitið fer fram á, fyrst það er viðurkent, að það nemi svo litlu, að eing um dragi. Öðru máli var að gegna um tíundar ílagníngar málið, sem hèr var nýlega umhöndlað og felt af þeim ástæðum, að þá var sjáanlegur skaði búinn bæði prestum og kirkjum, ef tíundir skyldu hafa minkað, eins og þá sást fram á að verða mundi; og sè eg því ekki, að það málefni geti studt þetta, sem nú er verið um að höndla, fyrst það er játað, að hvorki prestum nè kirkjum sè af því skaði búinn.

R. M. Ólsen: Eg leyfi mèr með einu dæmi að sanna, að nauðsyn beri til, að skýlausara og ljósara lagaboð verði út gefið um tíundaraura gjald til prests og kirkju, heldur en reglugjörð frá 17. júlí 1782, § 7, og hèr í dag tilgreind stiptsyfirvalda og kansellíbrèf. Eg veit dæmi til, að eptir útkomu kansellíbrèfsins frá 1. apr. 1815 gjörðist einn sjálfseignarkirkju eigandi svo ásvellur í kröfum, að hann heimtaði kirkjutíund goldna í ull, þegar hún var í hærra verði en tólg, en í tólg, þegar hún var verðhærri en ull. Þar eð eg áðan, þegar eg bar upp breytíngar og viðaukaatkvæði mín, gleymdi prestum og bændum við sjó, verð eg nú að bæta því viðaukaatkvæði þar við, að sjáfarbændur borgi prests og kirkjutíundir með ómótmæl-

anlegum þorskfiski, þegar þeir ei gjalda í peníngum eptir meðalalin, svo gjaldtakendum þessum hvorki verði boðin ýsa eða skötubörð.

Th. Gudmundsen: Eptir því sem mèr er kunnugt, er fátækratíundin í Gullbríngusýslu, líkt og konúngstíund, greidd annaðhvort í hörðum þorskfiski, eða í peníngum eptir verðlagsskráarinnar prís á þessari vörutegund.

Jón Jónsson: Með tilliti til allra þeirra ummæla, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar hefir haft um sèrleg rèttindi presta og kirkna, svo sem þau væru í þeirra tilliti, að mèr hefir skilizt, æðra og meira, hvað tíundar greiðsluna snertir, heldur en annara, og viljað láta þessi rèttindi styðjast við eldgamla venju, þá leyfi eg mèr, sem einn af meðlimum nefndarinnar í þessu máli, að leiða í ljós þá meiníngu mína, að þessi hin umtöluðu rèttindi muni vera sprottin af fyrri tímanna katólska þeinkíngarhætti, og munu víst flestir, sem kunnug er kirkjusaga landsins, og hvernin þeirrar tíðar ósanngjörn yfirdrottnun og ráðríki andlegu stèttarinnar útvegaði kirkjum og kennidómi mörg og ýmisleg þvílík rèttindi, verða að leiðast á þessa sömu meiníngu um uppruna og tilveru þeirra, og þækti mér því þjóð vor vera orðin of lángt á eptir tímanum, ef þessi þannig undirkomnu rèttindi skyldu leingur standa í vegi fyrir sanngjörnu lagaboði, sem betur ætti við þessara tíma leiðrètta þeinkíngarhátt. Eg get heldur ekki skilið, hvernin kirkjum eða prestum geti nú leingur verið orðið þènt með eður hagkvæmara, að fá greiðslur sínar í ull og tólg, heldur en peníngum eptir meðalalin verðlagsskráa, eins og nú er verið um að biðja.

H. G. Thordersen: Eg heyri það nú, eins og optar, að lítið er gjört úr gamalli venju, en eg fyrir mitt leyti get ei gjört lítið úr henni, því hún er lítill vottur um hugsunarhátt þjóðarinnar, og þegar semja skal ný lög, hygg eg maður eigi að við hafa hina mestu varúð og athygli, áður maður breyti því, sem leingi hefir staðið. Ekki þarf að bregða mèr um það, að eg hafi eingaungu litið til katólsku tímanna, því eg leit ei síður til tímanna, síðan reformazían komst á, og er sá tími orðinn svo lángur, að hann að vísu er takandi til greina, og var það merkilegt, að svo mikil umbreyting sem varð við siðaskiptin, haggaðist þó ekki um tíundarlögin.

Það hygg eg sannmæli, sem eg mælti áðan, að ekki reis

upp hèr í landi nein sèrleg óánægja út af gjaldmáta tíundar, fyrr en konúngur fór að taka borgun eptir öðrum mælikvarða, en aðrir. Mèr gleymdist má ske áðan að taka það fram, sem mig skildi mest á við nefndarálitið, að eg skil ei betur, en að allur skileyrir sè af máður, þegar fara á eptir meðalverði allra meðalverða; en eg vildi hafa upplýst, að svo vel fyrir, sem eptir reformaziuna hafi tíund verið bundin við skileyrir.

Kr. Magnusen: Eg verð að játa það, að eg ekki hafi af ræðu þess háæruverðuga konúngkjörna þingmanns getað sannfærzt um, að tólg og ull væri að lögum sá skileyrir, sem kirkjur og prestar hefðu einúngis rètt til að krefjast í tíundagjald; því frá eldgamalli tíð, þá kristinrètturinn var saminn, sem tilgreinir margháttaða, nú miður útgeingilega aura í tíund, veit eg ekkert konúnglegt lagaboð útkomið fyrri en reglugjörð frá 17. júlí 1782, sem í 7. grein að sönnu umhöndlar tíundargjald til prests og kirkju, en getur ekki þar um neinn vissan skileyrir, utan kemst svo að orði, að sjáfarbóndi borgi tíundir hálfar í fiski, og hitt í peníngum, 4½ sk. í alin, en sveitabóndi í góðum og útgeingilegum vörum, án þess að ákveða í hverjum vörusortum, hvert lagaboð eptir lögfróðustu manna meiníngu nú ber, sem enn þá óupphafið, að skilja svo, að greiðist ekki tíundir til kirkju og prests í góðum og gildum aurum, beri þær að lúka í peníngum eptir meðalverði allra meðalverða á hverri alin í þeim gildandi verðlagsskrám, og getur mèr ómögulega skilizt, að kanselliið eða háyfirvöldin hafi kunnað að umbreyta ofan nefndri reglugjörð eða lagaboði, eður leggja aðra meiníngu í hennar orð, en þau útþrykkilega tiltaka og ákveða, þó kansellibrèfin frá 1. apr. 1815 og 1847 virðist að hníga að því, án efa meðal annars hafa þaug gefið orsök til misskilnings um greiðslu tíunda hjá almúga, og votta það meðal annars bænarskrár þær, sem inn eru komnar til þingsins, að efi er á orðinn, hvernig tíundir beri að greiða, en þar eð eg hygg, að landsins innbúar hafi rètt til að óska útþrykkilegs lagaboðs í þessu falli, sem burtu taki allan vafa, að gjald ekki innkrefjist eptir hvers geðþótta (Vilkaarligheð), þá mæli eg fast fram með því, að tèðar tíundir, þegar ekki borgast í gildum aurum, greiðist í peníngum eptir meðalverði verðlagsskráarinnar, og þar um verði af þínginu samin bænarskrá til konúngs.

Varaforseti: Eg verð að gjöra þingmanninn varan við, að ekki er ræða um nema prests og kirkju tíund.

Kr. Magnusen: Eg meinti til greiðslu á tíundum til prests og kirkju, en ekki til hinna tíundanna, sem hèr ekki komu til umræðu.

Haldór Jónsson: Eg skal ekki fara mörgum orðum um málefni þetta; það er líka óþarfi, því ræða biskupsins um það var ljós og nákvæm. Það virðist mèr sjálfsagt, að manni beri að leita að einhverri grundvallarreglu fyrir skoðun þess, og er án efa rètt, að gánga út frá því, að allir partar tíundarinnar eigi að greiðast með sama hætti. En eg held það sè nú ekki búið að sanna það, að fullkomin heimild sè fyrir því að greiða *einn einasta* part hennar eptir meðalverði allra meðalverða, og eg trúi því ekki, að hið fyrrverandi kanselli hafi ekkert haft fyrir sèr, er það í brèfi sínu af 28. októb. 1847 segir, að það hafi einúngis verið til að komast hjá margbrotnum reikníngi, að sýslumönnum hafi verið heimilað að gjöra grein fyrir kóngstíundunni eptir meðalalin í verðlagsskránni. Og þó tíund til fátækra hafi verið goldin eptir meðalalin (líklega einnig til að komast hjá margbrotnum reikníngi), sannar ekki heldur neitt, því það er auðvitað, að aukaútsvarið verður því meira, sem tíundin er minni. Að tíundin eigi að gjaldast í skileyri, styðst svo vel við venjuna, sem lög og yfirvalda úrskurði: reglugjörðin frá 17. júlí 1782 nefnir *góða og gjaldgeinga aura, sem presturinn vilji veita móttöku;* hèr er nú geingið svo lángt, að of mikið er, ef til vill, lagt á prestsins (eða kirkjuverjarans) vald; en hèr er þó talað um *skileyri*, og þá er að eins spursmálið, hvað sè skileyrir. Næst sýnist liggja, að binda þetta við fyrsta og annan flokkinn í verðlagsskránum, nefnil. fríðan peníng og landaura, eða þá meðalverð þessara flokka, eins og líka tíðkanlegast mun vera að gjalda í þessum tegundum. Eptir þessu finnst mèr nú ástæða til að fallast á það breytíngaratkvæðið, sem upp hefir verið borið, að eingin bænarskrá verði um þetta samin. En fallist þíngið ekki á þetta, vil eg aðhyllast breytíngaratkvæði þíngmannsins fyrir Húnavatnssýslu, og það því heldur, sem það er samkvæmt minni reynslu: þegar mèr hefir verið goldið í landaurum, hefir alin mætt alin, en þegar goldið hefir verið í peníngum, hefi eg fylgt meðalalin. Menn hafa sagt, að hèr væri um lítilræði að gjöra, og það er satt, en ef það munar litlu *einn mann*, sem tekur

við gjöldum af *mörgum,* þá munar það þó gjaldendur enn minna. Samt er ekki á þetta að líta, heldur á hitt, hvort það er í *sjálfu sèr rètt.*

Jakob Pètursson: Hèr hefir nú verið talað um rètt gjaldenda og viðtakenda, í tilliti prests og kirkjutíundar, og hafa eingin sennileg rök komið fram, sem geti hrundið því, að meðalalin allra meðalálna, sem gildir á rèttum gjalddaga, sè hinn rèttasti og sanngjarnasti reikningsmáti í þessu, bæði fyrir gjaldanda og takanda, þegar þetta er borgað í peníngum eða innskript í kaupstað; en þar hjá sýnist mèr gjaldandi mega eiga valið, að borga heldur í gildum landaurum, og þó þeir kynnu vera lítið eitt dýrari, geti ekki komi til umtals, þar örðugleiki að flytja vöru þá í kaupstað, eg tek til úr Skaptafellssýslu, og víðar, og koma í peninga, gerir meiri útdrátt, en því nemur.

Framsögumaður: Þar sem sá konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar gat þess, að gjaldendur munaði litlu um breytíngu þá, sem nefndarálitið fer fram á, þá er það víst ekki tilefni til bænarinnar, sem hèr að lýtur, heldur þykir náttúrlegt og rèttvíst, að allir tíundartakarar hafi jafnan kröfurètt til tíundargreiðslu mátans; en þetta verður, eptir sem nú stendur á, ekki fullvíst að svo sè, því nokkrir hreppar geta verið þeir, sem ekki leggja til fátækra annað en tíundir, og veit eg þó ei betur, en þar hafi meðalverðs alinin gilt, og yfirvöld landsins hafi látið sèr það lynda, og hefði þó þetta getað ollað mismunandi reikníngsfærslu á aðra hvora síðuna, og því líklegt, að það ekki hefði verið látið án aðfinníngar. Það var eingan veginn meiníng nefndarinnar, að ekki mætti borga tíundir til allra stètta í landaurum, ef greiðendur geta það og vilja, heldur hver regla væri rètt, þegar út af þessu bæri.

Stiptamtmaður: Eg vil geta þess, að þar eð það áður var viðtekin venja, að tíund væri greidd með skileyri, þá var það skylda þíngmannsins frá Snæfellsnessýslu að sýna skýrt lagaboð fyrir því, að tíund þessa ætti að greiða eptir meðalalin, og eg er öldúngis samdóma hinum konúngkjörna þíngmanni andlegu stèttarinnar, að það vanti slíkt lagaboð, er ákveði, að borga eigi tíund eptir meðalalin; og verður það einmitt að vera þetta, sem rentukammerið og kanselliið hafa bygt úrskurð sinn á; og það er einmitt slíkt lagaboð, sem þíngið nú

vill biðja um. Eg vildi einúngis segja, að sönnunar byrðin í þessu tilliti lægi á hinum heiðraða þíngmanni Snæfellínga.

Kr. Magnúsen: Eg leyfi mèr enn fremur að geta þess, í tilefni af því sem herra stiptamtmaðurinn mælti, að þegar ekki er skileyrir ákveðinn með reglulegu lagaboði í opinber gjöld, hvað í nærverandi málefni ekki er sannað að sè tilfellið, svo ber þau gjöld, ekki alleina eptir minni meiníngu, heldur hinna lögfróðustu manna, að greiða annaðhvort í gildum aurum á landsvísu, eður peníngum, þá hitt brestur, reiknuðum eptir meðalverði allra meðalverða, er verðlagsskrár ákveða á rèttum gjalddaga.

Varaforseti: Af því nú ræðir einginn framar þetta mál, verð eg að ætla það fullrædt til undirbúníngs; en get þó ekki að mèr gjört, að fara fáeinum orðum um það.

Þegar eg las nefndarálitið, virtist mèr það að vísu auðsèð, að nefndarmönnum hafi geingið gott eitt til, að koma jöfnuði á millum allra stèttanna, en það eitt fannst mèr að, að nefndin hefir bygt álit sitt á raungum grundvelli, en það er skilníngur hennar á ætlunarverki verðlagsskráarinnar. Það hefir verið meiníng mín, að henni væri ætlað að skera úr, ef ágreiníngur yrði á millum greiðenda og gjaldtakenda, en ekki að vera lagaboð, sem segði hverjum einum: þú skalt gjalda skuld þína með meðalalin.

Þetta lýsir sèr bezt í viðskiptum landsdrottna og leiguliða. Landsdrottinn getur heimtað skileyrir, þegar hann er áskilinn, en bresti hann, hefir leiguliði rètt á, að greiða peninga, eptir því sem hinn áskildi skileyrir er lagður í verðlagsskránni; en sè einginn viss eyrir ákveðinn, á hann rètt á að gjalda eptir meðalalin. Nefndin fer fram á, að tiund til prests og kirkju eigi að greiðast með meðalálnar virði, og það hlýtur þá að vera í peníngum; því meðan ekki er sannað, að þeir eigi ekki heimtu á tilteknum skileyri, má þeim þó ekki bjóða lakari, en meðalaura, en það verður mitt á millum kýrinnar og sjóvetlínganna, og verður sá eyrir vandfundinn, og því að minni hyggju meðalalinin ekki boðin, nema með peníngum.

Það hefir verið sagt hèr á þíngi, að mál þetta sè lítilsvert og skipti ekki miklu; vil eg og sízt í því tala máli prestanna, því eg ætla þá mundu kunna mèr litlar þakkir fyrir; því eg veit, að smámuna-andi sá muni hjá eingum þeirra finnast,

sem mèr virðist hreifa sèr hjá þeim, sem tilefni hafa gefið til meðferðar þessa máls hèr á þingi.

Þar sem nefndin fer ei öðru fram, en meðalálnar gjaldi í tíundir þessar, þá sýnist hún ætlast til peningagjalds eingaungu; en það furðar mig, ef hún ætlar, að greiðsla sú muni allstaðar um land gjaldendum hin geðfeldasta. Eg hlýt því að aðhyllast breytingaratkvæði fulltrúa Húnvetninga, sem tiltekur gjald gildra og góðra aura, ef peninga brestur, því annars mundi lagaboðið verða greiðendum til mestu óhæginda.

Það ætla eg sízt fram á farandi, að það sè í valdi gjaldanda, hvort hann greiðir tíundir þessar í aurum þeim, er honum sjálfum líkar, eða í peningum; því verðlagsskráin er, að minni hyggju, ekki lögmál það, er gefi neinum þetta val, nema skileyrir bresti. En það hlýt eg með þingmanni Norðurþingeyarsýslu að álíta hagræði presti, að taka við tíund, einkum kirkjunnar, strax í peningum.

Viðaukaatkvæði hins heiðraða þingmanns Húnvetninga um gjalddagann ætla eg óþarft; því allir vita það, að gjalddagi á tíundum hefir frá aldaöðli verið, eins og einn þingmanna hefir og getið, fimtudaginn er 4 vikur eru af sumri, eða nálægt því, sem hann ákvað í fardögum.

Framsögumaður: Það getur verið, að nefndarálitið sè ekki svo greinilegt, sem vera þarf í niðurlagi sínu, en ef svo er, má bæta úr því, en það var ekki meining nefndarinnar, sem sá heiðraði varaforseti benti á.

En eg verð samt að hugsa, að verðlagsskráa meðalalin sè nokkurs konar mælikvarði til að gjalda eptir, og þannig er af klaustrajörðum, þar sem áskilið er peninga gjald, goldið eptir meðalalin, og það þó áður hafi forngildan verið tiltekin í vissum gjaldaurum; nefndarálitið tekur það greinilega fram í ályktunarorðum sínum: „eptir verði þeirrar álnar, sem er meðalverð allra meðalverða“, samt held eg ekkert verða á móti frá nefndinni, að fallast á breytingaratkvæði þingmanns Húnvetninga.

R. M. Ólsen: Hafi eg tekið rètt eptir ræðu ens virðuglega þingmanns Eyfirðinga, þá verð eg að mótmæla því, hvað Þingeyraklausturs landsetum við víkur, að þeir megi gjalda þá landaura, sem þeir eptir byggingarbrèfum þeirra eiga að lúka í landskuldir, eptir meðalalin; eptir byggingarbrèfunum eiga þeir að gjalda aura þessa með peningum, eptir því verði,

sem á þeim er í hlutaðeigandi gjaldskrám, þegar þeir ekki gjalda þá í ákveðnum skileyri.

Jakob Pètursson: Eg get nægilega sannað, að meðalalin allra meðalálna er nú tekin í skuld af svo kölluðum konúngsjörðum, það er að segja, 120 meðalálnir eptir 20 hndr. jörð, og þykir sumstaðar nógu mikið.

Varaforseti: Þar sem þingmenn nú greinir á, hvernig landskuldir konúngsjarða eru greiddar með peníngum, hygg eg það þannig undir komið, að sumum eru jarðirnar bygðar með ákveðnu skileyris gjaldi, og þar hljóta þeir að greiða peninga, ef skileyrir brestur, eptir lagi hans í verðlagsskránni; en þar sem jörð er bygð með vissu álnartali í óákveðnum eyri, þar greiðir landseti peninga eptir meðalalin.

Framsögumaður: Eg hefi annaðhvort mistalað mig, eða þingmaður Húnvetninga hefur tekið rángt eptir, því eg játa, að hann hefir rètt að mæla.

Kr. Magnúsen: Til enn frekari upplýsíngar í nærverandi málefni leyfi eg mèr að geta þess, hvernig háttað hefir verið með greiðslu á tíundinni til kirkna þeirra, er konúngi eru eignaðar í vesturamtinu, að reikníngar yfir tíundir þessara kirkna hafa samdir verið eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránum ár hvert í rèttan gjalddaga, síðan inn sendir til vesturamtsins og rentukammersins, og eptir yfirskoðun á báðum stöðum samþyktir sem rètt samdir, hvað ekki væri skeð, utan tèðir reikníngar væri samkvæmir lögum og eptir rèttum skilníngi á þeim, og sannar það með fleiru, er eg áður hefi á vikið um greiðslu kirkjutíunda, að einginn reglulegur skileyrir er í þær ákveðinn að lögum.

Jakob Pètursson: Eg hefi í nokkur ár gjört reikníng fyrir kirkju á svo kallaðri konúngseign, beinlínis eptir verðlagsskráarinnar meðalalin allra meðalálna, en ljóstoll, sem skileyrir, og hefir rentukammerið gamla ekkert að þessu fundið, sem þó var vant að finna það, sem feitt var á stykkinu.

Haldór Jónsson: Að kirknatíund hafi verið goldin eptir meðalalin, held eg einúngis hafi verið *venja,* er vantað hafi fullkomna heimild. Mig furðar annars á því, að menn skuli skilja svo ýmislega tilskipunina um verðlagsskrána. Mig minnir, að orð hennar sèu svo ljós, að ómögulegt sè að misskilja þau, þegar viljinn er góður. Hún heimilar að eins þeim, er skileyri á að lúka, að greiða hann eptir verði hans í gjald-

skránni, en heimilar honum eingan veginn að borga eptir meðalalin. Með tilliti til breytíngaratkvæðis þíngmannsins úr Húnavatnssýslu mætti að vísu segja, að það sè ekki sjálfu sèr fullkomlega samkvæmt, þar sem það fer því fram, að annaðhvort skuli goldið í góðum aurum, eður með peníngum eptir meðalalin; það mætti segja, að peníngagjaldið hefði átt að miðast við verðið á skileyri, eða á meðalverði á fríðum peníngi og landaurum. En eg felli mig samt við, að fylgt sè meðalverði allra meðalverða, þegar borgað er í peníngum, því fjárhaldsmönnum kirkna kemur þó líklega optast betur að fá peninga. En í nefndarálitinu er nú ekki farið svo vel með þá, að það til taki borgun í *peníngum* eptir meðalalin, heldur skilst mèr, að hvað sem goldið er, eigi að reiknast út eptir meðalalin.

Framsögumaður: Eg held það sè ekkert spor til þess í nefndarálitinu, að ekki skiljist, hvað meint er: nefnilega, að borga hvert álnarvirði í tíundum kirkna og prests með meðalálnarverði, og leggja flestir alþýðumenn þann skilníng í þessa grein tilskipunarinnar af 16. júlí 1817, að hèr eptir skuli árlega setja hèr þessa taxta, og er það boðorð konúngs: „að all„ir skattar og gjöld til hans, ásamt allri landskuld, jarða af„gjaldi, tíundum og yfirhöfuð að segja öll gjöld til embættis„manna og opinberra stiptana hèr á landi skuli, þegar þau á„skilin eru í landaurum, en verða ekki af hlutaðeigendum af„greidd í tilteknum skileyrir, gjaldast eptir fyrrtèðum kapítals„töxtum, þó svo, að hafi sá, sem gjalda á, öðlazt rètt til að „kjósa sèr annaðhvort að mega í landaurum gjalda eða með á„kveðnu peninga útsvari, eigi hann framvegis völina þannig, „sem tilskipun af 20. marz 1815 í § 21, ákvarðað hefir". Þessa síðast nefndu löggjöf hefi eg nú ekki, og væri þó má ske þörf að vita hennar ákvörðun.

Guðmundur Brandsson: Hvað við víkur gjöldum til presta og kirkna í Gullbríngusýslu, þá eru þau, að því leyti mèr er kunnugt, jafnan miðuð við verð á hertum þorskfiski, eptir því sem hann er metinn til verðhæðar í þeim árlegu verðlagsskrám; svo með hverju sem gjaldið er greidt, hvort heldur það er þorskur, ýsa, skata, ull, tólg eða peníngar, eða hvað annað, þá er það að miklu leyti saman borið við harðfisksgjaldið, og eptir því farið. Hvað því við víkur, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að óánægja yfir gjalds-

mátanum til prests og kirkna hefði ekki látið sig í ljósi, fyrr en núna svo að segja nýlega, þá hygg eg af þessum orðum hans óhætt að draga þá ályktun, að honum mundi lagið að gæta hins gamla boðorðs, þess nefnilega: að færa alla hluti til betra vegar. Því satt að segja, þá hefi eg þó einstöku sinnum orðið annars var, en að gjaldendur væri ánægðir með gjaldmátann. En andi tímanna getur nú verið orðinn nokkuð breyttur, frá því sem áður var, svo að það, sem þá var talað í húsum inni, verði nú kunngjört á þekjum uppi.

H. G. Thordersen: Þingmaðurinn, sem seinast mælti, hefir sannlega misskilið mig. Eg talaði það, að eg vissi ei til neinnar óánægju yfir tíundargjaldi, fyrr en konúngur byrjaði á nýum gjaldmáta, en eg sagði ekki, að menn nú á tímum væru ánægðir með gjaldmátann, sem verið hefir.

Framsögumaður: Eg hygg nauðsynlegt, að nefndarálitið fái meðhald þingsins, svo einhver föst og viss regla sé til, sem fylgja megi, svo ekki sé brúkuð sín aðferðin í hverjum stað, og eg held, að nefndarálitið standi jafnföstum fótum fyrir flestum þeim mótbárum, sem enn eru fram komnar.

Haldór Jónsson: Eptir nefndarálitinu virðist eingin skylda, að borga tíundina í peningum. Flest mun vera álitið gjaldgeingt, sem stendur í verðlagsskránum, og mèr skilst, að hvað af þessu sem goldið er, eigi metast eptir verði þess upp í meðalalin.

Jakob Pètursson: Mig minnir, að einn af þingmönnum hreifði því, að lambaskinn hefðu verið skileyrir í preststíund, en optast mun meðalalin verða betri, en 2 þeirra, og get eg til, að prestar þökkuðu lítið fyrir þann gjaldmáta.

Þ. Sivertsen: Eg verð líka, eins og aðrir, að gjöra uppskátt, hvers eg helzt óska í málefni þessu, og er það einkum, sem eg mæli fastlega með, að um þetta fáist föst og áreiðanleg regla, sú er tæki burtu allan vafa og ágreiníng, sem hèr á er og hefir verið. Á hverjum rökum sá ágreiníngur hefir verið bygður á báðar hliðar, þar um skal eg nú ekkert segja; það er þeirra, sem til þess eru færir. Mèr þykir mesta nauðsyn til bera, að útþrykkileg lög ákveði, hver rèttastur sè greiðslumáti gjalda þeirra, hèr ræðir um, og ætla eg að veita atkvæði mitt breytíngar og viðaukauppástúngu þíngmanns Húnvetníinga, að því leyti sem hann fór fram á, að gjaldendur ættu valið, hvort heldur að greiða tíundirnar í gildum og góð-

um landaurum, alin fyrir alin, eða í peningum eptir meðalverði allra meðalverða, en eg man ekki, hvort hann tók það fram, að allir reikníngar, sem semjast ættu fyrir tíundir prests og kirkju, skyldu semjast eptir meðalverði allra meðalverða; hafi hann ekki gjört það, geymi eg mèr rètt til þess. Eg hefi nú þá meiníngu, þó hún má ske þyki nokkuð frábrugðin og undarleg, að þó svo færi nú, að lögboð þetta feingist, og enda þó það yrði ofan á, að prestar og kirkjur feingju ekkert nema meðalverð allra meðalverða, og þó að munur þess og aura þeirra, er nú er verið að heimta í tíundir þessar, yrði meiri, en hann reyndar er, þá sè lögboð það einmitt prestastèttinni til hagnaðar. Eg held nefnil., að heimtíng sú, nú er farið fram á, sè án efa vegna óvissunnar, sem margir þykjast vera í, um lagagildi hennar, óþokkasæl, og prestum að ósekju eignuð, og munu þeir flestu viðurkenna það minna, sem úti er látið með ljúfu geði og þokkasæld, hagkvæmara og betra, en hitt, sem næst að eins með tregðu, þó nokkru frekara væri. Líka ætla eg, að kirkjur, sem flestar munu geta fullvel staðið straum af sèr, vanti hvorki uppápössun nè umsjón góða, græði minna, en ætlað er, á hærri tekju eða tíundaheimtunni; því skeð getur, að kirkjuhaldarar, sem neyddir eru til að færa það kirkjunni til inntekta, sem þeir, ef til vill, aldrei geta náð, og allra sízt tregðulaust, leiti, og finni ráð til þess aptur á móti í útgjaldareikníngnum, að vinna upp halla sinn, án þess hægt verði að reisa þar skorður við, sem þeir annars ekki hefðu gjört.

J. Johnsen: Þegar eg greiði atkvæði í þessu máli á sömu leið og hinn heiðraði þíngmaður, sem nú settist niður, þá fer eg einkum eptir því, að eg þekki eingin þau lög (en með lögum tel eg ekki kansellíbrèf nè rentukammerbrèf), sem ákveði tiltekinn tíundarskileyrir, eða þá einmitt ullu og tólg; en þegar svo stendur á, ætla eg það sjálfsagt, að gjaldandi eigi rètt á, að greiða gjaldið eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni. Að embættismenn eða þeir, sem gjaldið eiga að heimta, fari eptir reglum þeim, sem stjórnarráðin aðhyllast, þó ekki sè þær lög konúngs, er næsta að vonum, og má þá svo fara, að gjaldendur sè neyddir eða þvíngaðir til að láta af hendi það gjaldið, sem hinir krefjast, án þess að lagaboð sè fyrir, en þvílíkan ágreiníng ætla eg næsta þörf á að slíta milli gjaldheimtumanna og gjaldenda, og ætla eg ekki eiga

betur við að gjöra það í þessu tilfelli með öðrum hætti, en eg drap á, eins og stúngið er upp á af nefndinni og þíngmanni Húnvetníinga.

Þar einginn ræddi mál þetta framar, kvað varaforseti það fullrædt til undirbúnings, og tók því næst fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu málefnið um aukatekjuskrá handa læknum.

Framsögumaður, Thorstensen: Mál þetta var nú nokkuð rædt á seinasta fundi, og tóku ýmsir þíngmenn sèr breytíngaratkvæði, sem eg ekki vil mótmæla, og er það merki til þess, að þeir hafa vel íhugað málið; einasta vildi eg geta þess, að þar sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gat um í fyrra dag, að sèr þækti of mikið fyrir lækna 1 rbd. borgun, fyrir að vera sóktur út í hafskip, er liggur á höfn, að má ske öllum þíngmönnum hafi ekki verið það kunnugt, að þegar einhver sjómaður á skipi verður veikur, þá borgast allur sá kostnaður af skipseigandans sjóði, og þar sem hann optast er vel efnaður eða í hið minnsta hefir töluvert milli handa (því haffært skip er mikil eign), þá hafa menn í öllum löndum sett ríflegri borgun fyrir þess háttar. Þetta ætla eg vera reglu hjá öllum sjófarandi þjóðum, og það svo, að víða borgast 2 rbd. eða meira í slíku tilfelli, þó er veneriskur sjúkdómur undanskilinn, sem sjálfbakaður kvilli, og borgar þá jafnan skipherra tvöfalt eða þrefalt við háseta, eptir því sem við geingst. Eg þekti læknir einn á víggirtum hólma nálægt Kaupmannahöfn; hann kvaðst geta heimtað 2 rbd. fyrir slíkar ferðir, þó mèr sè óljóst, eptir hvaða lagaboði það er.

Geta má eg þess líka, að mèr skildist, sem herra stiptamtmaðurinn vildi, að læknir hèr á landi feingi ekki fulla 2 rbd. í fæðispeníinga, þó hann fái ekkert annað en fæðispeníinga fyrir ferðir í opinberri þjónustu; en opið brèf af 4. október 1825 í 9. grein gefur læknum í Danmörku 2 rbd. í fæðispeníinga, þótt þeir fái 2 rbd. þar að auki fyrir margar rannsóknir, er þeir gjöra fyrir hið opinbera, og verða þeir þá hèr í landi hálfu ver farnir, en í Danmörku.

Að tiltaka 4 rbd. fyrir líkskurð, er ekki bygt á því, að borgun til lækna hèr í landi skuli vera helmíngi lægri, en í Danmörku, heldur hinu, að þar gánga jafnan 2 læknar til þessa starfa, þar sem læknirinn hèr gjörir það einsamall, og fær svo helmínginn af því, sem þeim báðum er ætlað fyrir það í Danmörku.

Sá misskilníngur, sem orðið hefir um mismuninn á því *legale* og því opinbera, ætla eg gjöri ekki mikið til, því þegar yfirvaldið kallar læknir til einhverra skoðunargjörða embættis vegna og borgar honum þar fyrir, er það ekki að undra, þó læknirinn álíti slíkt fyrir opinber störf, og fallist þíngið á að senda bænarskrá einasta um tekjur fyrir opinber störf, óska eg, að þau *legale*, sem einstaka menn snerta, fylgi með, eptir breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Eyafjarðarsýslu. Annars ætti annaðhvort hvorugt eða hvortveggja að falla, því þíngið var beðið að taka þau til greina, og því setti eg þau á undan. Eg ræð nú hvorki til nè frá, að málið falli eða bænarskrá verði send, en hægt mundi vera, þegar bænarskrá yrði samin til konúngs, að laga nokkuð þá röð, sem nefndin hefir brúkað, t. a. m. setja það opinbera á undan því almenna, og draga saman eða taka skýrlegar fram nokkra þá stuðla, er misskiljast kynnu; það mun ekki vera óleyfilegt, þegar eingu öðru er breytt, og er þá líklegt, þegar slík bænarskrá yrði send stjórninni, að hún mundi hraða sèr meira að semja annaðhvort lagaboð eða frumvarp, og leggja aptur fyrir alþíngi, og mætti það þá skýrast enn betur.

Að öðru leyti ætla eg örðugt að semja þvílíkt lagaboð, svo ekki verði í fleirum greinum að fundið, og sýnir það aukatekju reglugjörð presta, sem gekk í gegnum á alþíngi 1845 með mörgum breytíngum, eptir að 3 lagaboð höfðu út komið um það efni frá 1782, sjá alþíngistíðindin 1845, bls. 654—656.

Stiptamtmaður: Það er satt, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði, að líkskurðar-borgunin í Danmörku væri skipt milli tveggja eða fleiri lækna, og má vera, að þetta hafi gefið kansellíinu tilefni til að niðursetja líkskurðar-borgun hèr á landi til helmínga; en það má vera, að hinn heiðraði þíngmaður hafi haft rètt að mæla, og eg játa, að eg hafi mikið haft tillit til þess í fyrra dag, er eg stakk upp á 1 rbd. fyrir líkskurð. Þó helmíngaði eg ekki borgunina í öllum tilfellum, heldur sèr í lagi þar sem nefndarálitið gaf tilefni til þess, með því að setja tvenns konar borgun, t. d. í nefndarálitinu No. 2, b.

Hvað sjómenn enn fremur snertir, þá er áríðandi, að útlendir menn þurfi ekki að borga of mikið, og ætti borgun fyrir þá ekki að vera of hátt ákveðin, enda mundi það tálma hinni frjálsu verzlun fyrir allar þjóðir, ef útgjöld verzlunarmanna, yfir höfuð að tala, væri of stór. Eg vil því ekki fara

fleirum orðum um þetta. Þegar eg fyrst talaði í þessu máli, og studdi að því, að nefnd væri sett til að yfirvega það, þá gerði eg það í þeirri von, að þingið gæti búið til frumvarp til lækna aukatekju-reglugjörðar, sem ekki þyrfti breytíngar við, en þegar þarf að breyta frumvarpinu á annað borð, er nauðsynlegt, að nýtt frumvarp komi frá stjórninni. Eptir nppástúngum nefndarinnar og vara og breytíngaratkvæðum, sem fram komin eru í máli þessu, get eg ekki séð, að mögulegt sè beinlínis að löggilda frumvarpið til reglugjörðar um það, og mun þá nýtt frumvarp koma, þó þingið sendi ekki bænarskrá um það. Stjórnin hefir þetta mál undir hendi, og get eg því, nú sem stendur, ekki verið annað en samdóma breytíngaratkvæði hins konúngkjörna þingmanns, að eingin bænarskrá verði inn send; samt sem áður geta umræður og atkvæðagreiðsla um málefnið verið stjórninni til leiðarvísis við samníngu frumvarpsins, og til gagns landinu til að aptra ósanngjörnum kröfum, er læknar kynnu að gera, og landsbúum til nýrrar hvatar að borga læknum sómasamlega, ef nokkra hvöt þyrfti í því tilliti.

Kr. Magnúsen: Það er bæði ósk landsmanna í fleiri hèruðum landsins, hvað almenn störf lækna snertir, sem stjórnarinnar, með tilliti til þeirra opinberu, að föst regla á komist um aukatekjur þeirra, hvað þetta hið virðuglega þíng hefir og viðurkent og álitið nauðsynlegt fyrir landið, þar því hefir þóknazt að kjósa nefnd manna til að yfirvega það og meðhöndla; hafa og fleiri þíngmenn fallizt á, að sú í nefndarskjalinu ákveðna borgun væri sanngjörn, hvar fyrir eg leyfi mèr fastlega að mæla fram með því, að nefndarálitið verði af þínginu samþykt, og um málefnið, lagað eptir þeim breytíngaratkvæðum, sem fram eru komin, samin bænarskrá til konúngs.

Framsögumaður: Flýta mundi það fyrir þessu málefni, ef bænarskrá um það yrði samin og send konúngi, ef þingið á annað borð vill fá nokkra aukatekjuskrá handa læknum; opt hefir orðið töluverð bið á nýum lagaboðum.

Í hvorutveggja tilfelli, hvort sem reglugjörð þessi yrði samin fyrst hèr á þingi, eða af stjórninni, mun hún aptur verða lögð fyrir þingið, sem frumvarp.

J. Johnsen: Mèr finnst ekki, að eg eigi gott með að greiða annað atkvæði í þessu máli, en það, að eingin bænarskrá verði send í því. Eg hefða helzt átt von á, að nefndin

hefði tekið að sèr athugasemdir stiptamtmannsins við undirbúningsumræðuna og aðhyllzt þær flestar eða allar, þannig, að þær kæmu hèr fram til atkvæðagreiðslu, en nú hefir þessi von brugðizt, enda sè eg ekki af listanum yfir atkvæðagreiðslluna, þeim sem hèr er lagður fram, að greiða eigi atkvæði um hinar einstöku uppástúngur nefndarinnar sjálfrar, heldur, að mèr skilst, eingaungu um breytíngarnar í þeim, sem þíngmenn hafa áskilið sèr, og ætla eg valla, að þetta nægi, eins og hèr stendur á, því auk þess að stjórnina þá vantar atkvæði þíngsins fyrir þeim einstöku uppástúngum nefndarinnar, er líka fyrir því ráð að gjöra, að sumir þíngmanna, þó þeir ekki með berum orðum mæli á móti uppástúngunum, samt kunni að greiða atkvæði gegn þeim, þar sem ekki ætíð verður búizt við, að *allir* sè á eitt sáttir með nefndinni, og ekkert verður dregið af þögn þíngmanna, er þeir eiga rètt á að kveða upp dóminn með atkvæðum sínum eingaungu. Eptir þessum málavöxtum tel eg mèr það óþarfa, að fara hèr orðum um málsefnið sjálft.

Varaforseti: Það ætlaði eg væri móti rèttum þíngsköpum og venju alþíngis, að einstakar uppástúngur eða miðlun, sem nefndin undir umræðum málsins kynni að leiðast að, geti komið til atkvæðagreiðslu, ef ekki eru þar um tekin breytíngar eða viðaukaatkvæði, áður en undirbúníngsumræðu er lokið. En viðvíkjandi því, er herra stiptamtmaðurinn sagði, að ekki væri vert að senda bænarskrá til stjórnarinnar í máli þessu, nema svo væri úr garði gjört, að lagaboð yrði eptir uppástúngunni samið, þá hlýt eg að vera á gagnstæðri meiníngu. Enn er vald þíngsins ekki svo mikið, að það megi ætlast til, að tillögur þess verði að lögum, nema um þær sè frumvarp fyrst frá stjórninni sent til þíngsins ítarlegri yfirvegunar; en það fæ eg ekki skilið, að bænarskrá, eins og málið nú er lagað, geti þetta hindrað.

Stiptamtmaður: Þetta mál er nokkuð sèrstaklegt; það er víst, að stjórnin hefir heimtað álit embættismanna um þetta mál, og var hún þá mjög meðmælt því, að læknar feingju aukatekjureglugjörð. Eg hefi líka í því skyni verið meðmæltur málefni þessu, að þíngið gæti samið frumvarp, sem ekki þyrfti breytíngar, og gæti strax orðið löggilt, en nú er öðru máli að gegna; í öðrum tilfellum getur það verið vel tilfallið, að biðja um frumvarp frá stjórninni, en í þessu tilfelli stendur

það á eingu; því menn vita, að stjórninni er svo ant um málefni þetta, að hún að líkindum sendir þinginu til álits lagafrumvarp um það; að það sè ekki samkvæmt þinglögum, að leita atkvæða þingsins um sèrhvert einstakt atriði í uppástúngum nefndarmanna, heldur að eins atkvæða um þau breytíngar og viðaukaatkvæði, sem undir málsins meðferð hafa fram komið, þá get eg ei aðhyllzt þessa meiníngu, heldur verð að vera samdóma hinum heiðraða þíngmanni Árnesínga, og held eg, að atkvæðagreiðsla á þennan hátt gerði málefnið lángt um greinilegra.

Varaforseti: Því má víst valda misskilníngur, og er hann víst á mína hlið, að umræða þessi varð. Eg skildi svo bæði stiptamtmanninn og fulltrúa Árnesínga, sem þeir ætluðu, að breytíngar nefndarmanna gætu komið til atkvæða, þó ekki hefðu þeir tekið um þær breytíngaratkvæði, en þessu hlaut eg að neita. Opt ber það við, að nefndarmenn sjálfir slaka til og fallast á meiníngar annara í undirbúníngsumræðunni, en þetta fá þeir ekki tekið inn í nefndarálit sitt, eða það komið til atkvæðagreiðslu, ef ekki með berum orðum hefir verið um það breytíngaratkvæði tekið. En hvað því við víkur, sem herra stiptamtmaðurinn sagði, að umræður þær, sem orðið hafa um mál þetta og prentaðar verða í þíngtíðindunum, muni jöfn hvöt stjórninni til að hraða þessu máli, og þó bænarskrá um það væri frá þinginu send, þá er mín meiníng þvert á móti; því eg ætla, að þíngið geti krafizt þess, að bænarskrá þess sè af stjórninni gaumur gefinn, en eg hygg, að þíngið geti með eingu móti ætlazt til, að stjórnin gefi því mikinn gaum, sem þíngið hefir rædt og síðan slept, því stjórnin mætti þvert á móti hugsa, að um slíkt mál væri þjóðinni ekkert ant, og mundu þá slíkar umræður fremur tefja, en flýta málinu.

Mèr kemur sízt til hugar að reingja, að málefni þetta sè áður til stjórnarinnar komið, eins og herra stiptamtmaðurinn hefir gjört þinginu kunnugt; en þó embættismenn hafi farið einhverju á flot við stjórnina, má þíngið með eingu móti byggja á framgáng þess fyrir það.

Framsögumaður: Eg vona, að hið heiðraða alþíngi enn þá yfirvegi vel, áður en til atkvæða er geingið, hvort ei sè þó ísjárvert að láta mál þetta falla með öllu, því þeir, sem saknað hafa slíks lagaboðs, kynnu þó í mörg ár að sakna þess, ef eingin bending kæmi þar um frá alþíngi; en kæmi einhver

bænarskrá, þótt ei væri mjög fullkomin, mundi það verða mesta hvöt fyrir stjórnina að hraða lagaboðinu og jafnvel leggja það bráðum sem frumvarp aptur undir álit alþingis. Svo mörg breytíngaratkvæði eru nú þegar tekin, að ef þíngið aðhyllist þau, fær nefndarálitið alt annan svip, og líka má skipa hinum einstöku atriðum þess í bænarskrá til konúngs í aðra röð, eins og herra stiptamtmaðurinn hefir bent til. Nú væri líklegt, að þíngið aðhyltist þau breytíngaratkvæðin, sem bezt eru, og væri þá líklegt, að betur væri komið málinu, að senda nú þegar bænarskrá; því óvíst er, að málefnið biði sèr til batnaðar.

Steffán Jónsson: Eg get ekki vænt eptir, að það komi frumvarp frá stjórninni til reglugjörðar um þetta mál, af því eg meina, að nefndarálitið biðji um löggjöf, en ekki frumvarp, og enginn hreifði því við fyrri umræðu málsins. Þegar eg í gær stakk upp á breytíngaratkvæði mínu, var það af því, að það vakti fyrir mèr, að lagaboð, eptir nefndarálitinu og breytíngum þeim, sem þá komu fram því til umbótar, mundi heldur verða almenníngi til óhags, og eg er enn á því, að einga bænarskrá eigi að senda frá þínginu, hvað einstöku menn snertir, og eg er ekki fastur á, að nein sèrleg nauðsyn beri til þess heldur í opinberu tilliti.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg ætla ekki að færa neinar ástæður fyrir atkvæði því, er eg kaus mèr í gær, að eingin bænarskrá yrði um þetta efni send konúngi, því eg veit, að eingum þíngmanna, án eigin ástæðna, gefur atkvæði mínu, hvort heldur verður, já eða nei.

Jón Guðmundsson: Þegar alþíng ber upp einhverja uppástúngu fyrir stjórnina, þá er sú meiníngin yfir höfuð, að þíngið vill, að sú uppástúnga verði að lögum. Ef nú alþíngi hefir tekizt að undirbúa málið svo vel, að stjórninni finnist ekkert við það aðgæzluvert og að öllu svo vel úr garði gjört, sem unt er, þá gefur hún út *lagaboð,* samkvæmt uppástúngunum; en finnist stjórninni meðferð og útbúníngi málsins í einhverju ábótavant, eða hyggi hún, að uppástúngurnar sè í einhverju betur athugandi og standi til einhverra umbóta eður breytínga, er betur eigi við, þá semur hún *lagafrumvarp* og leggur það aptur undir álit og umræður þíngsins; þetta er með öllu samkvæmt stiptan alþíngis og tilgángi þess og ætlunarverkum, og höfum vèr haft dæmi um hvortveggja hin umliðnu þíng.

Því ætla eg, að hinn heiðraði þingmaður úr Eyafjarðarsýslu hafi farið næsta vilt, þegar hann sagði áðan, að ekki væri faranda fram á *lagafrumvarp* um þetta mál, af því ekkert breytíngaratkvæði væri um það borið upp. Ef þingið fellst nú á að senda bænarskrá eptir uppástúngum nefndarinnar og breytingaratkvæðunum við þær, þá fáum vèr annaðhvort beint lagaboð um þetta efni, eða frumvarp til frekari umræðu; því sè eg ekki betur, en þingið eigi að fallast á, að bænarskrá sè samin, því þá eigum vèr víst, að vèr að minnsta kosti fáum frumvarp til lagaboðs, og má þá lagfæra alt það, sem nú hefir þókt ábótavant í uppástúngunum.

Þar sem hinn heiðraði þingmaður úr Árnessýslu sagði, að hann gæti ekki sèð af atkvæðaskránni í þessu máli, að ætlazt væri til að greiða atkvæði um uppástúngur nefndarinnar, þá virðist þetta að vísu svo í fljótu máli, og eg samsinni honum í því, að um ekkert það, sem ekki eru greidd um atkvæði, verður gjörð nein beinlínis uppástúnga í bænarskránni til konúngs; en mèr finnst þessu mega víkja við og lagfæra með viðauka fárra orða við seinustu atkvæðisspurninguna, þannig, að við þessa spurníngu, „vill þingið, að eingi bænarskrá sè samin til konúngs“ sè bætt við: „eða vill þingið, að bænarskrá sè samin eptir uppástúngum nefndarinnar með þeim breytingum, sem nú eru orðnar?“ Sè eg ekki betur, en að þá sè jafnframt við þessa spurníngu greidd atkvæði um alt það, er nefndin hefir stúngið upp á, að svo miklu leyti sem þingið hefir ekki viljað breyta því.

Th. Gudmundsen: Eg hefi, fyrr en eg kom hingað á þíngið, nokkuð fjallað um þetta mál, þegar stjórnin árið 1846 bar það undir álit mitt, eins og annara sýslumanna.

Eg lèt þess getið í svari mínu til stjórnarinnar, eins og eg hefi farið því fram hèr á þínginu, að ótiltækilegt væri, að reglugjörð yrði samin fyrir aukatekjum lækna; eg sagði jafnvel, að það væri ótilhlýðilegt, og að maður gæti ei annað en steytt sig á því. Lækniskonstin væri nefnilega svo háleit og eðla íþrótt, að það ei væri tilhlýðilegt að vega hana eða læknana á móti silfurpeníngum, enda bæri einga nauðsyn til að semja þessa reglugjörð, því eins og læknarnir, þessi heiðarlegi og mikilsvarðandi flokkur af embættismönnum landsins, ei væri kyntir að öðru en hlutdrægnisleysi og sannsýni í kröfum þeirra fyrir borgun á hjálp þeirri, er þeir lèti sjúkum í tè,

og einúngis tæki við því, sem að þeim væri rètt, þannig væri landsfólkið svo þeinkjandi, að sèrhver eptir efnahag sínum borgaði lækninum allsómasamlega hans fyrirhöfn, þegar hans væri vitjað; og hèlt eg enn fremur, að hagur læknanna, sem yfir höfuð að tala hefðu lítil laun, ei mundi batna, þótt reglugjörðin yrði skrásett og gjörð að lögum, og væri þó óskandi, að kjör læknanna yrðu betruð. Eg skýrði stjórninni einnig frá þeim erviðleikum, sem læknar í þessu strjálbygða og stóra landi, hvar næsta víðlend umdæmi eru lögð undir sèrhvern af þeim fáu læknum, ættu að mæta, og hvaða slit það væri á heilsu og kröptum læknanna optsinnis, eins og fyrir kemur, að gjöra lángar ferðir, og væru þessar ferðir einnig læknunum býsna kostnaðarsamar; en aptur á móti lèt eg í ljósi, að þjóðin mundi svo sanngjörn, að hún, án sèrlegs lagaboðs, yfir höfuð við borgunina til læknisins tæki tillhlýðilegt tillit til þessa erviðleika og fyrirhafnar þeirrar, er læknirinn hefði.

En ef nú þingið ályktar að semja bænarskrá til konúngsins um tekjuskrá handa læknum, þá vildi eg þó hafa látið þá meiníngu mína í ljósi, að mèr virðist uppástúngur nefndarálitsins um þær sèrstaklegu tekjur, eða borgunina til læknisins fyrir hvert einstakt starf hans, vera sanngjarnar, þó mèr finnist, að borgunin sè fremur ákveðin of lágt, en of hátt, ef nokkuð skyldi vera. Því mig uggir, að ef stutt alin eða kvarði verður inn leidd hèr í þessu efni, þá muni hún verða eingaungu brúkuð, eða borgunin handa læknum einmitt verða mæld á hana, svo ekkert verði fram yfir, og gæti þetta stundum verið smásmuglegt. En eg spyr yður alla og alla Íslendínga: hvort er yður dýrmætara líf yðvart og heilsa, eða átta skildíngar í heilu lagi?

Varaforseti: Bænarskráin, sem þetta mál byggist á, kollvarpar þó meiníngu hins konúngkjörna varaþíngmanns um sanngirni lækna og ríflyndi þeirra, sem þeim eiga að gjalda. Að öðru leyti lýsir það, er hann sagði, að betra væri að ákveða borgunina háa, en lága, því þegar álnarmálið væri smíðað, mundi læknum mælt út eptir því, að hann er ekki sterkur í trúnni á ríflegu gjaldi til lækna.

J. Thorstensen: Spursmálið er um það, hvort þíngið á annað borð vill fá aukatekjureglugjörð fyri lækna eður ekki. Eg fyri mitt leyti hefi aldrei þarfnazt slíkrar reglugjörðar, en bænarskráin úr vesturumdæminu, sem mál þetta er af risið,

sýnir þó, að mönnum þar þykir nauðsyn bera til þess. Breytíngaratkvæði hins velæruverðuga konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar hefir fallið oss nefndarmönnum vel í geð; ef þíngið aðhyltist það, yrði töluverð breytíng á nefndarálitinu, og gæti það orðið nokkur stofn eður undirstaða til hinnar nýu reglugjörðar.

Eyólfur Einarsson: Eg stend nú ei upp til að skýra mál þetta, það hefir verið svo margrædt, að það skýrist ei við tölu mína; einasta er, að eg vil láta þíngmenn vita, að eg er á sömu meiníng og eg hefi fyrri látið í ljósi, að bænarskrá verði samin; bæði eg og þíngmaðurinn frá Strandasýslu getur vitnað um gildar ástæður til bænarskráinnar, enda virðist mèr rèttur okkar Vestfirðínga lítill, ef málinu er nú frávísað; þar að auki tel eg stóra vanvirðu fyrir þíngið, að spilla tímanum eingum til gagns.

Hvað það áhrærir, sem sá heiðraði konúngkjörni þíngmaður áðan mælti, þá hann nefndi eðla lækna, held eg þá bæði eðla og óeðla; get eg ei ætlað þá öðruvísi, en aðra menn; náttúran sýnir líka, að hún framleiðir bæði eðla og óeðla málma, sem menn svo kalla.

Guðmundur Brandsson: Eptir allar þær umræður þíngmanna, sem orðnar eru í dag, fæ eg ómögulega breytt þeirri sannfæríngu minni, er eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðu þessa máls, nefnilega, að eg álíti hagfeldast, að þessu sinni að senda einga bænarskrá til stjórnarinnar viðvíkjandi áminnztu málefni; því fyrir slíkri reglugjörð, sem út lítur fyrir að þessi muni verða, held eg margur fátæklíngurinn mætti vera án læknis hjálpar, og hefir fulltrúi Suðurþíngeyarsýslu að nokkru leyti sýnt fram á þettað í fyrra dag með dæmi því, er hann þá fram setti, og sem að minni hyggju gæti auðveldlega átt sèr stað. Það ber ei heldur ósjaldan að, að fátækt og heilsuleysi búa undir sama þaki, og leiðir hvort af öðru, því þegar skortur er mikill á hentugu viðurværi og hæfilegum aðbúnaði, þá er ekki að furða, þó heilsan veiklist; aptur á hinn bóginn, þegar einhver hefir mist heilsuna, enda þó vel efnaðir hafi verið, þá hefir hann að miklu leyti mist sjálfan sig um leið, það er að segja, vinnukrapta sína, og fer þar gjarnast fleira eptir, svo sem fyrirhyggja og ráðdeild. Hvað við víkur þeim tröppustigum fátæktarinnar, sem hèr hafa komið til umræðu, þá er ekki ætíð lángt bil milli þeirra, sem þiggja af sveit eða ekkert

leggja til sveitar, og hinna, sem má ske kúgast við að greiða svo sem 5 fiska virði til fátækra. Yrði því nokkur bænarskrá samin um þettað efni, fellst eg að öllu leyti á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Rángárvallasýslu, því mèr virðist sjálfsagt horfa beinast við, að byrja á lágu gjaldi vegna þeirra fátæku; það getur eins stigið upp fyrir því, þegar kemur til hinna efnugri, og dettur mèr ekki í hug, að óska breytíngar á hinum seinni tölulið nefndarálitsins, sem einúngis nær til ríkismannanna. Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um breytíngar-atkvæði það, sem vill einskorða svo aukatekjur þessar, að þær hafi hvorki minkandi nè vaxandi stærð, því eg vona, að þíngmenn sjái, hvað af því leiðir, ef þeirri reglu yrði fylgt.

Það er einúngis í tveimur atvikum, sem við koma einstökum mönnum, að kaup læknirsins er fast ákveðið í nefndarálitinu, nefnilega, fyrir að vitja sjúkra út á hafskip, er liggur í höfn, og fyrir að skoða áverka á lifandi manni. Eg held þá, að þettað hvortveggja hefði mátt vera nokkuð mismunandi í hvert skipti, til að mynda þegar brjótast yrði með læknirinn í stormi og ósjó út til skips einhvers, sem veikan hefði innan borðs, þá er ætlan mín, að hann ætti að fá nokkru meira, heldur en þegar hann í logni og ládeyðu yrði að gegna sama starfi. En hvað hinu síðara við víkur, þá held eg það gæti orðið enn meir mismunandi; því það sýnist ekki sèrlegt ómak eða vandaverk fyrir læknir, sízt í kaupstað, eins og hèrna, að líta á, þó einhver hefði verið ógætilega sleginn, og þar af feingið lítilfjörlegar blóðnasir, eða marblett einhverstaðar á andlitið; öðru máli sýndist mèr vera að gegna, væri einhverjum þjarmað svo, að hann kostaðist innvortis, en sæi má ske lítið á honum útvortis, og læknirinn yrði að hafa þar á nákvæmt eptirlit. Þar sem minnzt er á vegaleingd þá, er læknirinn ætti að miða við dagleiðir sínar, þá virðist mèr að framsögumaður hafi þar nógu mikið tillit haft til sjálfs síns, því þó hann hafi ferðazt leingri veg á dag, en þar er ákveðinn, þá er ekki víst að þeir verði margir, sem komast til jafns við hann í þessu.

Hvað hinum opinbaru læknastörfum við víkur, þá vil eg því síður fara um þær mörgum orðum, sem eg finn mig mjög ófullkominn til að gefa nokkra ályktun um slíkt efni, jafnvel þó herra stiptamtmaðurinn hafi svo ljóslega greidt úr þeim hluta nefndarálitsins, sem við þessu hreifir, og sýnt galla þá, sem á því eru. Eg vil einúngis skýra frá þeirri hugsun minni,

að eg álít mikln betra, að launa læknum sæmilega af opinberum sjóði, heldur en að binda kjör þeirra við ýmisleg smáatvik og hendingar; eg álít það því betra, sem það er fèlagslegra, að hver beri að nokkru leyti annars byrði, að hinn ríki stoði hinn fátæka, og þeir þannig hafi hlutteknîngu hvor í annars kjörum.

J. Jónsson: Eg verð við þessa hina seinustu umræðu málsins að geta þess, að þegar þingbókin frá fundínum í fyrra dag var lesin upp við byrjun þessa fundar, heyrði eg mèr borið á brýn, bæði af hinum konúngkjörna þingmanni, sem er framsögumaður málsins, og líka af hinum virðuglega þingmanni Skaptfellínga, að eg mundi mjög svo hafa misskilið álitsskjal nefndarinnar og villzt í reikníngi mínum í dæmi því, sem eg leiddi út af því. Það var sjálfsagt, og sá var líka tilgángur minn, að eg vildi sýna með dæminu, hvað eigingjarn og ósannsýnn læknir gæti krafizt mikillar borgunar um daginn fyrir heldur lítilvægt ómak af vel efnuðum manni, og ef hann skyldi vilja nota sèr af löggjöf þeirri, sem gjörð kynni verða samkvæmt nefndar álitinu. En þó eg fúslega játi það með þingmanni Skaptfellínga, að bezt sè að gjöra ráð fyrir læknirnum og lunderni hans í meðallagi, og eg hafi ekki heldur ástæðu til að ætla læknum annað, eður því sízt verra, þá hefir það nú samt komið hèr fram á þínginu, að til geta verið ósanngjarnir læknarar, og hafa Vestfirðingar fullkomlega upplýst það, og sú eina bænarskrá, sem til þingsins kom um það efni og af hverri málefni þetta er risið, vottar hið sama, og því vildi eg láta löggjöfina, ef hún annars yrði nokkur, sem þingið bæði um í þessu tilliti, vera svo ótvíræða og glöggva, að ósanngjarn læknir ekki gæti með neinni átyllu misbrúkað hana.

Eg hefi af ummælum hinna áður nefndu virðuglegu þingmanna aungan veginn sannfærzt um, að eg hafi misskilið nefndarálitið, eða dregið út af því það dæmi, sem ekki væri ástæða til að mega gjöra, og þegar álitsskjalið kemur út í þingtíðindunum, sem eg hefi ekki ástæðu til að efa að muni verða, þá geta fleiri en þeir dæmt um misskilníng minn í þessu efni. En þá játníng finn eg mig skyldugan að gjöra fyrir þínginu, að eg lagði þá ekki þann skilníng í alt í nefndarálitinu, sem nú við umræðurnar í dag hefir skýrzt fyrir mèr; þannig voru t. a. m. orð mín í fyrra dag, að eg gjörði reikníinginn fyrir

vegaleingd *yfir* hálfa þingmannaleið áleiðis, sem læknir skyldi fara, og átti hann þá borgun fyrir það, eins og fyrir heilan dag, eptir nefndarálitinu, og koma þá upp eptir hinu fyrra dæminu, en auk þriðjúngs viðbótarinnar, sem bygð átti að vera á efnum hins ríka . . . . . 6 rbdl. „ sk.
en síðan hefi eg tekið eptir því, að ef bið læknirs hjá hinum veika, um má ske 2 eða 3 stundir þann hinn sama dag, skyldu enn auka kostnað hins efnagóða um . . . . . 1 — 48 —

verða þá þetta alt . . . . . 7 — 48 —
og ef nú vegna efnahags hins sjúka að þetta væri fært upp um þriðjúng, eður . . . . . 3 — 72 —

gæti læknirinn, ef hann fer heim að kvöldi, sem honum eptir öllu þessu er ekki ofætlun, sett heim með . . . . . 11 — 24 —
og held eg þetta sýni nægjanlega, hvort ráðlegt sè að semja bænarskrá eptir nefndarálitinu, og þó nú mörg breytingaratkvæði sèu komin fram, sem horfa málefninu til umbótar, finnst mèr þó, að þau sèu orðin svo í bága hvort við annað, að eingin heppileg löggjöf í þessu málefni verði eptir þeim samin.

Framsögumaður: Reikningur þessi er að minni hyggju næsta þvíngaður, og fáir eða eingir gætu gjört eða vildu gjöra slíkan reikning. Í uppástúngu nefndarinnar er nímark ákveðið fyrir dvöl daglángt hjá hinum sjúka, ef læknirinn er einni nótt leingur burt frá heimili sínu fyri dvölina. Styttri tíma kalla eg ekki dvöl, og opt hefi eg beðið hjá veikum 3 eður 4 tíma, og ekki tekið neitt fyrir.

Jakob Pètursson: Bænarskráin hefir þó gefið þínginu hvöt til þess að þeinkja, að nokkur óbilgirni hefði hreift sèr þar vestra í kröfum lækna á borgun fyrir störf sín, so tilgáta þingmanns Suðurþingeyarsýslu, að sona lyndir menn gætu lagt sèrplægan skilning í uppástúngu nefndarinnar á sumum stöðum, er ekki án orsaka.

Guttormur Vigfússon: Eg þykist ekki hafa nokkra sèrlega ástæðu til að fara frekari orðum um breytíngaratkvæði mín, er eg áskildi mèr þegar við undirbúníngsumræður þessa máls, þau standa sjálfsagt eða falla að þíngsins vild; einasta álít eg mèr skylt, að mæla fram með þeim, sem sanngjörnum, ef þíngið fellst á að senda bænarskrá konúngi, og greiði eg

atkvæði mitt á þann veg. En eg verð að segja það, eins og mèr finnst, að eg álít einga brýna nauðsyn bera til þess, að flýta málefni þessu, þó einstaka menn hafi að eins hreift því; því ekki hefi eg orðið þess áskynja, að nokkur umkvörtun hafi hreift sèr í því efni annarstaðar, hvorki af lækna hálfu eður annara; því stendur mèr á jöfnu, hvort málefnið dettur niður í þetta sinn, eður ekki.

Einginn ræddi framar málið, og leitaði varaforseti síðan atkvæða þingsins um þessi atriði:

1. Vill þingið aðhyllast nefndarálitið með breytingum eða óbreytt?

   Felt með 19 atkvæðum gegn 3.

2. Vill þingið, að læknar fái fyrir fræðslu og yfirheyrslu ljósmæðra 3—6 rbdl.? (viðaukaatkvæði J. Thorstensens).

   Samþykt með 15 atkvæðum gegn 7.

3. Vill þingið, að sú minnsta borgun, sem nefndarálitið ákveður fyrir almenn störf lækna og ferðir þeirra, verði lækkuð til helminga? (Jón Þórðarson).

   Felt með 19 atkvæðum gegn 3.

4. Vill þingið, að læknar fái ekki meiri borgun fyrir störf sín og aðgjörðir við alla þá fátæku, er næstir gánga þeim svo kölluðu öreigum að efnahag, en hið hálfa af því, sem minnst er ákveðið í því skyni í nefndarálitinu, og að þessir fátæku sèu aptur skyldir til að sanna fátækt sína, ef læknir krefur, með vitnisburði viðkomandi sveitarstjórnar? (breytingar og viðaukaatkvæði Guttorms Vigfússonar).

   Felt með 17 atkvæðum gegn 5.

5. Vill þingið, að allstaðar í nefndarálitinu, þar sem til tekin er lægsta og hæsta borgun, sè í þess stað sett meðaltalið? (breytingaratkvæði sèra Haldórs).

   Felt með 11 atkvæðum gegn 11.

6. Vill þingið, að ferðakaup jafnist með meiri innbyrðis jöfnuði þannig: að fyrir hálfa þingmannaleið hafi læknir 1 rbd. fyrir heila 1 rbd. 48 sk., og hvað hann ferðast þar yfir á dag 2 rbd., skal hann ekki meiri borgun taka? (Guttormur Vigfússon).

   Felt með 17 atkvæðum gegn 5.

7. Vill þingið, að orðið undir stafliðnum *f*, í nefndará-

litinu „*sem mögulegt er*“ sè annaðhvort úr felt, eða fastar ákveðið? (Guttormur Vigfússon).

Felt í einu hljóði.

8. Vill þingið, að í inngángi til tilskipunar um aukatekjur lækna sè lýst yfir þeim vilja, eður þeirri eptirvænting stjórnarinnar, að læknar sýni sanngirni, þar sem efnalitlir menn eiga hlut að máli, og þeim sè sýnd sanngirni af þeim efnabetri, svo borgunin eptir þessu lækki eða hækki frá því ákveðna? (sèra Haldór).

Felt með 16 atkvæðum gegn 6.

9. Vill þingið, að eingin bænarskrá verði stjórninni send um þetta, hvað einstaka menn snertir, en að en lögboðnu (legale) læknastörf fylgi enum opinberu, og um þau sè ákvörðun gjörð? (Steffán Jónsson).

Felt með 19 atkvæðum gegn 3.

10. Vill þingið, að eingin bænarskrá sè send (Sveinbjörnsson) eður að send sè bænarskrá eptir uppástúngum nefndarinnar með þeim breytíngum, sem nú eru orðnar?

Felt með 13 atkvæðum gegn 9.

Þínginu slitið. Fundur ákveðinn að morgni um 10. stundu fyrir hádegi.

---

24. júlí — átjándi fundur.

Allir á fundi. Þingbók lesin og samþykt.

Varaforseti tók fram til undirbúníngsumræðu nefndarálit um betri niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins, og mælti:

Eg get þess, um leið og eg afhendi nefndarálit þetta framsögumanni, að mjög líður nú á þíngtíma, sem mönnum er kunnugt, og hafa mörg málefni þau ollað lángrar umræðu þingsins, sem síðan eru þó feld. Við þessu virðist mèr því hættara nú, sem þetta er það eina málefnið, hvar í tvenns konar álit eru fram komin, meira og minna hlutans. Eg get ekki á mèr setið, um leið og eg afhendi nefndarálitið, að geta þess, að þar sem meiri hlutinn virðist að eins, sem vera bar, að hafa haft fyrir sjónum þá þrjá alþíngisfundi, sem nú þegar eru liðnir, og því geingið að eins eptir bænarskrám þeim, sem nefndinni eru í hendur seldar, þá sýnist minni hlutinn hafa fyrir augum hina eptirkomandi

tíð; ætla eg þó, að hvorki gefi bænarskrárnar þar tilefni til, og heldur ekki, að þessu máli sè flýtandi; því þegar kosníngarlögunum verður breytt, sem verða mun starf þess fundar, er væntanlegur er að sumri, þá verður þetta mál á rèttum tíma og stað tekið til yfirvegunar.

Þessa vildi eg geta í tíma, svo ekki gángi hver frá gagnstæðu sjónarmiði, farist á mis og mætist aldrei.

Að svo mæltu lèt varaforseti afhenda álitskjöl nefndarinnar framsögumanni hennar, Jóni Jónssyni, en hann las upp, fyrst álitsskjal meiri hlutans, þannig hljóðandi:

Hið heiðraða alþíng hefir með atkvæðafjölda kosið okkur, sem hèr undir ritum nöfn vor, í nefnd, til að segja álit vort um nokkrar til alþíngis komnar bænarskrár, hverra innihald er að biðja um betri og sanngjarnari niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins. Þessar bænarskrár eru

1. frá Borgarfjarðarsýslu, undirskrifuð af 67 mönnum, um að alþíngiskostnaðurinn einnig leggist á timburhús kauptúna landsins.
2. Þegnlegt frumvarp þíngmannsins frá Barðastrandarsýslu, um tekjuskatt af bændakirkjueignum.
3. frá Suðurþíngeyarsýslu, undirskrifuð 197 nöfnum, um að alþíngiskostnaðurinn leggist á alla fasteign í landinu, hver helzt sem hana á, líka á timburhús í verzlunarstöðunum og laun embættismanna.
4. frá Norðurmúlasýslu, undirskrifuð 86 nöfnum, um að þeir embættismenn, er sitja þíngið og búa í eða við Reykjavík, fái að eins 1 rbd. 48 sk. í fæðispeníng dag hvern, er þeir sitja í þínginu.

Nefndin leyfir sèr fyrir fram að fara fáeinum orðum um þá bænarskrána, er seinast var nefnd. Af því hún virðist ekkert skylt eiga við það verkefni, er nefndinni upphaflega var feingið í hendur, og er að öllu einstakleg, þykir nefndinni það sennilegast, að þíngið taki hana ekki framar til greina. Það er í augum uppi, að þó lög feingist fyrir því, sem hún fer fram á, gætu þau lög eptir rèttum reglum einga áhrifu haft á rèttindi þeirra embættamanna, er nú sitja þíngið, og sem eiga heimili *í*, eða þá, sem svo er kallað, *við* Reykjavík, en full óvissa er fyrir, að nokkur slíkur sitji þíngið eptirleiðis. Og þó nú svo yrði um 1 eða 2, virðist nefndinni það ofur smámunalegt að svipta þá rèttindum til sömu fæðispeníng,

og aðrir hafa, meðan ekki verður sannað, að þessir embættamenn ekki vinni minna að þingsins störfum, en hinir, sem leingra eru að. Nefndin geymir sèr að fara frekara inn í þetta efni við umræður þingsins, ef til þeirra þarf að koma.

Þegar litið er til efnisins í hinum bænarskránum og framvarpinu, þá virðist það mega heimfæra til eptirfylgjandi atriða:

a. að alþingiskostnaðurinn leggist á timburhús í verzlunarstöðunum.

b. einnig á sjálfseignar kirkjueignir.

c. enn fremur á spítala, kristfjár og hreppajarðir.

d. á beneficia prestanna og þær jarðir, er þar undir hverfa, samt loks

e. á laun allra annara embættamanna, að umboðsmönnunum með töldum.

Við *a*: Hvað nú uppástúnguna *a* snertir, þá finnur nefndin hana til greina takandi, þó einúngis þannig, að ei teljist til alþingiskostnaðar-svörunar nema timburhús þau í verzlunarstöðum landsins, sem eldstó hafa, og sölubúðir og vörubúr verzlunarmanna, en ekki þau minni timburhús, skúrar, hjallar eða þess háttar. Ætlar nefndin, að þetta ætti að ske á þann hátt, að hús þessi metist af löglega til nefndum eiðfestum mönnum til vissrar peninga verðhæðar, en að alþingiskostnaðurinn að eins leggist á þessara húsa verðhæð, eins og þau væri lausafè, og það þannig, að hverjir 50 rbd. í verðhæðinni álitist að jafngilda einu hundraði í fènaði. Leingra finnur nefndin ósanngjarnt að fara, af því að verzlunarstaðanna hús, einkum þau, sem ekki eru óhult gjörð fyrir eldsvoða, eru ei annað en lausafè, og það að lögum, sjá NL. 5—3—18. Að vísu getur það skeð, að einstök hús í verzlunarstöðunum, einkum einstaka verzlunarmanns, má ske sèu óhult gjörð af brunabótafèlögum Þýzkalands, en bæði er það, að þó svo væri, kostar það ærna peningasummu eigandann á ári hverju, og líka er það, að svo sè, að öllu óvíst, af því það ekki er skeð eptir neinni opinberri tilhlutun.

Við *b*: Uppástúnguna *b* finnur nefndin til allra greina takandi, og að skýlaust lagaboð þar um eigi að útvegast, svo að hverfa mætti sú ólíka aðferð, sem í þessu falli er við höfð víða í landinu. Þótt nú einn af oss, sem erum í nefndinni, sè á því, að sjálfseignarbænda kirkjur, og þær eignir, sem gild skilríki eigna þessum kirkjum, megi heimfærast til mildra

stiptana, þá viðurkennum vèr samt, að eptir almennri venju tilfellur alt afgjald þessara eigna kirknanna eigendum, að prestsmötunni einni frá skilinni, og sjáum vèr því ekki nein gild rök til að fría þá við að svara af því afgjaldi tèðra jarða, sem geingur í þeirra eigin sjóð. Að sjálfseignarkirkjueigandinn hafi ábyrgð kirkju sinnar á hendi, virðist nefndinni ekki geti frjálsað hann frá útsvari alþingiskostnaðarins frekar, en hvað prestsmötunni svarar, því þær aðrar tekjur kirkju hans, ásamt öðrum hlunnindum og rèttindum, er kirkja hans víðast hvar veitir honum, ætlar nefndin nægja muni þessari ábyrgð til endurgjalds. Sè nú þetta víst um kirkjueignina á sjálfseignarbænda kirkjujörðum, þá er það enn þá vissara um bændaeignarhlutann í slíkum kirkjustöðum.

Við *c*: Hvað þessa uppástúngu snertir, þá má nefndin játa, að hún er í nokkrum vafa, því bæði er það, að alþíng sjálft hefir undir nafninu „mildar stiptanir" berlega 1847 viljað hafa spítala og kristfjárjarðir undan þegnar álögu alþingiskostnaðarins, og hvað spítala og hreppajarðir snertir, er álaga á þær ekki annað, en að þjóðin tekur úr einum sjóð sínum og lætur í hinn, og líka virðist nefndinni, hvað kristfjárjarðirnar snertir, ekki ætíð hægt að sjá, hvaðan álagan á að takast, nema af munaðarlausum ekkjum og ómyndugum börnum, t. a.m. með Reynisgjöfina í Borgarfjarðarsýslu, Hrafnatóptagjöfina í Árnessýslu, og fl; þó, ef að alþíngið vill aðhyllast þessa uppástúngu, finnur nefndin ekkert þar við athugavert, því síður sem grundvallarreglan um álögu á fasteign landsins þar við áfram helzt.

Við *d* og *e*: Staflíðina *d* og *e* þykir nefndinni vel megi taka í einu lagi, því í því kemur henni saman, að gjöld öll af beneficiis og þeim jörðum, er þar til heyra, sèu embættislaun presta, og að hèr sè því einasta umtalsefnið, hvort leggja eigi alþíngisskattinn á embættislaun allra embættamanna í landinu. Um þetta hafa nefndarmenn geingið í 2 sveitir, þar sem meiri hluti nefndarinnar, eg biskup Thordersen, og eg, jústiziarius Sveinbjörnsson, neitum þessu með öllu, ekki einúngis af þeirri ástæðu, sem alþíngið hefir til greint 1847 prestastèttinni til fríunar, heldur einnig af þeirri ástæðu, og það sèr í lagi, að alþíngisskatturinn, ef hann yrði lagður á laun allra embættismanna, breytti að öllu leyti lögskipuðu eðli sínu, og yrði atvinnuskattur. Hann hefði í þessu tilliti ekkert útvortis, er hann væri bygður á, eingan eiginlegan gjaldstofn, heldur

einúngis þá þekkingu embættismannsins, er hann með ærnum kostnaði hefði útvegað sèr, og hvar til hann varið hefði öllum fyrri hluta æfi sinnar. Komi alþingið, móti meiri hlutans von, inn á þessa hálu götu, er það tvísýnt, hvar það á staðar að nema, því án efa ættu þá allir verzlunarmenn, allir handiðnamenn og margir fleiri, sem seinna skulu nefnast, að takast með, ef embættismönnum ætti ekki að vera órèttur gjör, og þetta mundi verða allilla kleyft, svo vel færi. Við, meiri hlutinn, viljum færa til dæmi, er sýnir fram á, hvað sanngjarnt það verður, er minni hlutinn og bænarskráin frá Suðurþingeyarsýslu fara fram á: bóndi sá, er býr á sjálfseign í sveit, geldur: *a)* af jörðunni, *b)* af fènaði sínum. Embættismaður, er býr á Landakoti við Reykjavík, ætti þar á móti að lúka alþingisskatti *a)* af jörðunni Landakoti, *b)* af fènaði þeim, er hann þar heldur, *eins og sjálfseignar bóndinn*, *c)* af timburhúsi því, er hann þar á, af því það stendur í Reykjavík, og *d)* af embættislaunum sínum, eptir uppástúngunni; og vitum við þá ei, hvað eptir er, nema að leggja nefskatt á hann, konu hans og börn. Meiri hlutinn verður því að vera fastur á því, að alþing ekki eigi að gefa neinn gaum að uppástúngunum *d* og *e* hèr að framan. Eptir því sem hèr er mælt, verður nefndin að ráða þínginu til að biðja konúng vorn um lagaboð er ákveði:

1. að timburhús í verzlunarstöðum landsins, nefnil. íbúðarhús öll, líka sölubúðir og vörubúr verzlunarmanna metist til verðhæðar af löglega til nefndum eiðfestum mönnum á alþjóðlegan kostnað, og að á verðhæð þessa jafnist alþingiskostnaður, eins og hún væri lausafè, þannig, að 50 rbdl. í verðhæðinni jafngildi 1 hndr. í fènaði.
2. að það ákveðist berlega, að alþingiskostnaði eigi að lúka af sjálfseignar kirkjueigna afgjaldi eins og af annari sjálfseign, að prestsmötunni einni af numinni. Bændahlutinn í sjálfseignar-bænda kirkjustöðum og hjáleigum svari sem önnur sjálfseign, án allrar undanþágu afgjaldsins.
3. því skýtur nefndin til alþingis ályktunar, hvort það vill láta spítala, kristfjár og hreppajarða afgjöld bera alþingiskostnað, hvað þó nefndin finnur grundvallarreglunni samkvæmt.

Reykjavík, þann 16. júlí 1849.

Th. Sveinbjörnsson. *H. G. Thordersen.*

Jón Jónsson,

með tilliti til míns ágreinanda álitsskjals.

Því næst las framsögmaður upp ágreiningsálit minni hluta nefndarinnar (þ. e. sjálfs hans), svo látandi:

Eg, hreppstjóri Jón Jónsson, sem er minni hluti nefndarinnar í málefninu um betri jöfnuð á alþingiskostnaðinum, hefi í þessu efni í skoðun minni og áliti leiðzt út á nokkuð aðrar og fleiri götur, en meðnefndarmenn mínir. Svo er það þá fyrst, hvað snertir bænarskrána frá Norðurmúlasýslu um það efni; meiri hlutinn hefir við upptalningu þeirra skjala í málefninu, sem nefndinni voru afhent, tekið eitt atriði hennar til yfirvegunar, og auðkent það með tölustafnum 4 í álitsskjali sínu, og er minni hlutinn hinum samdóma í, að þetta atriði sé ekki eiginlega viðkomandi nefndarinnar ætlunarverki, þar hún eiginlega á að stinga upp á og segja álit sitt á betra og sanngjarnara jöfnuði, en ekki, hvernig kostnaðurinn mætti minkast. En bænarskrá þessi hefir hèr að auki fleiri mjög athugaverð atriði, sem þingið er beðið að hugleiða, og sem minni hlutinn álítur aldeilis heyra undir ætlunarverk nefndarinnar, og eru þau þessi:

1. að eins og alþingið eigi að vinna gagn öllu landinu og öllum innbúum þess, í hverri stètt sem þeir eru, þá ættu sem flestir að lètta undir byrðina, sem af alþingi leiðir, og þegar meiri hlutinn þingkostnaðarins er lagður á fasteigna afgjöld landsins, þá sýnist sanngjarnt, að hver jörð á landinu, eða þeir, sem njóta afgjalda þeirra, taki að tiltölu þátt í þessu gjaldi, nema ef undan væru skildar lènsjarðir þeirra prestakalla, sem lakari eru en meðallags.
2. að af öllum kaupstaðareignum greiðist hæfilegur skerfur til hins sama (þ. e. þingkostnaðarins), og þær ekki verði undan þegnar.
3. að bærinn Reykjavík taki að sínu leyti þátt í kostnaðinum, eins og hvert annað kjördæmi í landinu, og
4. að allir verzlunarþjónar, þurrabúða eigendur, iðnaðarmenn, sem ekki eru í fastri vist, taki þátt í sama kostnaði.

Minni hlutinn sèr því ekki annað, en þessi bænarskrá sè rèttilega feingin nefndinni, og að atriðin 1 og 2 hèr að ofan sèu aldeilis sama eðlis og bænarskráin frá Suðurþingeyarsýslu, og biðji um hið sama, sem meiri hlutinn hefir í álitsskjali sínu markað með tölustafnum 3. En hvað við víkur uppástúngunum 3 og 4 hèr að ofan, um að bærinn Reykjavík,

sem eitt kjördæmi landsins, taki að sínu leyti, eins og önnur, hlut í kostnaðinum, og allir verzlunarþjónar, þurrabúða eigendur, samt iðnarmenn, sem ekki eru í fastri vist, taki og svo hlut í honum, þá finnst minna hlutanum það aldeilis ekkert vafamál, að nefndin hafi átt að gefa þinginu um það hugleiðingar sínar og álit, þar þetta alt auðsjáanlega miðar til betri og sanngjarnari niðurjöfnunar alþingiskostnaðarins, en verið hefir. Minni hlutinn tekur það fyrst fram, að það sè að vísu sjálfsagt, að þau niðurjöfnunar lög um þingkostnaðinn, sem þjóðin biður um, hvort heldur þau verða, eins og þau nú eru, ellegar með einhverjum umbreytingum, muni ekki eiga sèr stað leingur, en þángað til hið nýa skattalögmál yrði inn leidt í landið, því þá muni allar þær sèrlegu álögur hverfa, og leiðast inn í samband við aðal-skattgjaldið. En þó nú að minni hlutinn búist við þessu, þykist hann sjá margan undirbúning þess, að skatta-lögmálið geti ekki komið út, fyrr en að töluvert laungum tíma liðnum; því hinn sanngjarni grundvöllur þess, jarðamatið, að því leyti það verði lagt til grundvallar, muni ekki fljótlega leiðast til lykta, auk annars fleira, sem valda hljóti, ef til vill, tálmun skattgjalds-laganna. Minni hlutinn þykist því fullkomlega sjá fram á, að sú óánægja þjóðarinnar, sem alla reiðu er, eptir eins árs greiðslu þingkostnaðarins, farin að láta sig í ljósi, ekki einúngis heimuglega, heldur opinberlega, bæði í bænarskrám og kröfum til þingsins, um að reyna að bæta úr þessum ójöfnuði, og þar að auki í tímaritum landsins, muni ár frá ári fara vaxandi og loksins, ef til vill, hafa skaðlegar afleiðíngar, ef þingið ekki nú þegar útvegar eða reynir til að útvega lagaboð, sem í þessu millibili ákveði sanngjarnari niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, en verið hefir. Minni hlutinn er því fastur á þeirri meiníngu, að þingið ætti nú strax að leggja til með því, að í þessu efni feingist það lagaboð, ef mögulegt væri, sem bæði væri skynsamlegt, sannsýnt, jafnaðargjarnt, þjóðlegt og vinsælt, því hann meinar, að þegar eins eður fleiri þessara atriða missi við í löggjöfinni, muni virðing og hlýðni við hana standa á veikum fæti. Hèr að auki hefir hann þá skoðun á málefninu, að alþíng sè stofnað hèr í landi vegna allrar þjóðarinnar yfir höfuð, jafnvel alinna og óborinna, af hverri stètt eður standi sem eru eður verða; líka hefir þjóðin, sem í einu hljóði, beðið konúng um gjöf þessa, og hafa beggja stètta embættismenn í landinu verið

hvatamenn þess og fylgjendur, og opt látið í ljósi, sem vonlegt var, að þá gjöf feingju menn seint fullþakkað; enda ætlar minni hlutinn, að ef óánægja og sundurþykki þjóðarinnar um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins ekki fellir það af fótum, muni það eins sanngjarnlega, og það hefur hingað til viljað gjöra, gæta réttinda, gagnsmuna, sóma og þjóðernis landbúa án nokkurrar undantekningur eða manngreinarálits, hvort embættismenn eður alþýða á í hlut. Af þessu finnst leiða, að allar stèttir þjóðarinnar ættu sanngjarnlega og tillögulega, eptir þeirra ólíku efnum, atvinnuvegum og kringumstæðum að taka meiri eður minni þátt í kostnaði þeim, sem af alþingi leiðir, og gjörir minni hlutinn sèr vissa von um, að enginn landsmanna mundi vilja skorast undan eður hlíðra sèr hjá hæfilegri hluttekningu kostnaðarins, ef það jafnaðargjarna lagaboð feingist, sem, þótt það ekki að öllu leyti, þá samt að miklu leyti, drægi fleiri landsmanna og fasteigna undir lagaboðið, heldur en nú er.

Nefndinni hefir komið saman um það, að sjálfsagt ætti að láta sjálfseignarbænda kirknajarða afgjöld þau, sem bændur sjálfir njóta, dragast undir hluttekningu í alþingiskostnaðinum; en þegar kemur til spítala, hreppa og kristfjárjarðanna, kemur æríð hik á meiri hlutann með að vilja hvetja til að leggja á afgjöld þeirra, og það þótt þeir í niðurlagi álitsskjalsins játi það grundvallarreglunni samkvæmt, að svo sè gjört, og telur meiri hlutinn þar til helzt tvær ástæður í tilliti spítala og hreppajarðanna, af því „að þjóðin taki þá úr einum sjóði sínum og láti í hinn“, en í tilliti til kristfjárjarðanna, af því „ekki sè ætíð hægt að sjá, hvaðan álagan skuli takast, nema af munaðarlausum ekkjum og ómyndugum börnum“. Fyrri ástæðan sýnist minni hlutanum ekki eiga alls kostar við, því það sem tekið er af afgjöldum jarða til þingkostnaðargreiðslu, er ekki eiginlega lagt í neinn sjóð, heldur borgaður með því árlegur kostnaður þingsins í hvert skipti; en ef svo ætti að skiljast ástæða þessi, sem beinna horfir við, að þjóðin væri þá, ef hún fer að taka af afgjöldum hinna áminnztu jarða, að taka úr einum sjóði sínum, til að þurfa að bæta hinum sama sjóði skaðann, með að leggja í hann aptur síðar, þá verður skoðun minni hlutans á þá leið, að einmitt sama sè tilfellið með allar kóngs og klaustrajarða inntektir, sem landið nýtur sjálft afgjaldanna af, og því sè ekki vegna þessarar ástæðu orsök til að gánga

öðruvísi til verks með einar jarðirnar, en aðrar, svo ef það sè að taka úr einum sjóð og leggja í hinn í tilliti til spítala og hreppajarða, þá sè hið sama í tilliti kóngs og klaustrajarða, og þó nú þetta væri, sýnist minni hlutanum ekki skaðlegt að lofa þjóðinni að ráða þessu, þegar hún vill hafa það svo. Hvað spítala sjóðina snertir, þá veit eg flestir þingmenn munu þekkja til þess, hvort þeir ekki án nokkurs tilfinnanlegs skaða eða rýrnunar mundu þola þessa lítilvægu álögu á afgjöld jarða sinna, sem ekki mundi verða nema 1 eður mest 2 rbdl. af 100 rbd. í afgjöldum, ef lagt yrði á fleiri gjaldstofna, en nú er gjört. Hvað hreppajarðirnar snertir, er það líks eðlis, því fyrst og fremst mun sjaldan sá hreppssjóður vera mjög fátækur eða lítill, sem jörð á, og hann mun því standa jafnrèttur fyrir því, þótt hann láti greiðslu þessa, sem aðrir eigendur jarða, og þótt nú svo færi, að sjóður sá yrði fátækur, er það ætíð sjálfsögð skylda hreppsbænda, að auka hann þá hæfilega eptir þörfum og kríngumstæðum í hvert skipti.

Hvað kristfjárjarðirnar snertir, þá neitar minni hlutinn því að sönnu ekki, að álagan verði að takast af fátækum, því þeir einir njóta þeirra, þegar ekki er svo að farið, að safna í sjóði, sem gripið sè til, einúngis í aðþreyngjandi almennum vandræðum, sem sumstaðar mun þó, ef til vill, vera tilhögunin. En minni hlutinn veit og þekkir víða til í landinu, að líkt stendur á í tilliti til bændaeignanna, að margur, þótt hann lafi á fáeinum jarðarhundruðum, og sama er opt um lausafèð, þá er hann svo fátækur og skuldugur, að opt er eign hans ekki til muna meiri, en fyrir skuldum hans, og fær hann þó einga fríun við hluttekníngu sína í borgun þíngkostnaðar hvorki af fasteign nè lausafè, sem hann þannig undir höndum hefir; og þó börn erfi lítilræði í fasteign, sem eingan veginn nægir þeim til uppeldis, muni hrepparnir ætíð hjálpa þessum, ef með þarf, og eins sè um börn þau, sem njóta afgjalda kristfjárjarðanna, þá muni þeirra hreppar taka við, þar sem kristfjárjarðaafgjaldið hrekkur ekki, og finnst því minni hlutanum að öllu leyti fram á farandi, að þessar umtöluðu jarðir dragist undir hluttekníngu alþíngiskostnaðarins, eins og hinar aðrar fasteignir í landinu, því þó nú alþíngið árið 1847, eins og meiri hlutinn drepur á í álitsskjali sínu, hafi þá viljað álíta þetta „mildar stiptanir“, og má ske eigi að álíta það enn, þá meinar minni hlutinn, að það sè ekki einúngis vafalaust, held-

ur jafnvel hrósvert fyrir þingið, þó það annaðhvort í þessu, eður hverju öðru, kynni nú að vera komið á aðra reynslu eður þekkingu um einhver málefni og fyndi því nauðsyn að biðja nú um breytingu þeirra lagaboða, sem það þá lagði grundvöllinn til.

Hvað nú framvegis snertir það atriði í bænaskránni, sem vill láta lènsjarðir presta komast undir hluttekningu alþingiskostnaðarins, þá verð eg að játa, að umhugsan þessi kemur inn hjá mèr nokkurs konar ótta, ef eg með skoðun og ummælum mínum í þessu efni skyldi „leiða þingið inn á hina hálu götu", og um leið svo myrka, „að það yrði tvísýnt, hvar það ætti staðar að nema". Ótti þessi rènar að vísu mikið, þegar eg hugleiði, að þingið samanstendur af svo mörgum góðum og greindum, og þar á meðal nokkrum mikið mentuðum mönnum, svo eg sannfærist um, að það lætur ekki meiningar eða tillögur einstakra manna villa um fyrir sèr; verð eg því að ætla því nú, eins og vant er, að ráða úrsliti málefnanna, og sjálfa að hafa ábyrgð á tillögum sínum.

Eg verð því að fara dálitið leingra fram í þetta málefni, og ber bænarskráin frá Suðurþingeyarsýslu það með sèr, hvort sem hún er sanngjörn eður ekki, að sýslumaðurinn og nokkrir prestar þar biðja um jöfnuð þenna, að eins verði lagt eptir tiltölu á lènsjarðir þeirra, sem aðrar jarðir, og aðhyllast sèrhvað annað, sem bænarskráin biður um. Það eru því ekki mikil líkindi til að þeinkja, að allir aðrir prestar og embættismenn í landinu standi á baki þeirra í þessari jafnaðargjörnu og þjóðlegu uppástúngu; þessi hugmynd hefir fyrr hreift sèr þaðan, sem sjá er af alþingistíðindanna 256. bls., 1847, og er hvervetna höfundinum til sóma, en hitt vita þingmenn sjálfir, að eins og nú horfir við, kemst mikill fjöldi jarða undan kostnaðinum, og þar optast mest, sem prestar sitja að beztu brauðum, en hitt er auðráðið, að þegar kemur að þessum atriðum, og sèrdeilis þeim sem bænarskráin frá Norðurmúlasýslu skorar á þingið að hugleiða, og meiri hlutinn hefir þó í álitsskjali sínu geingið þegjandi fram hjá, þá muni minni hlutinn, sem sumum þeim atvinnuvegum ókunnugur, ekki geta komið fyrir sig neinni fastri eða ljósri hugmynd, hvernin þar á skuli leggja einhverja litla hluttekningu í kostnaðinum. Minni hlutanum sýnist þó ekki með öllu ófært, að eins og meiri hlutinn hefir aðhylzt það, og nefndin öll geingið inn á þá meiningu, að

bæta einum gjaldstofni við það, sem áður var, nefnil. timbur-, íbúðar og verzlunarhúsum kaupstaðanna, þá mundi mega bæta við enn nú einum eða tveimur gjaldstofnum, ef þeir fyndust hentuglega; því víst er það, að margir efnamenn og embættismenn, sem rífleg laun taka, komast að miklu eður og öllu leyti undan þessum kostnaði.

Dæmið, með hverju meiri hlutinn vill sannfæra þingið um, hvað ábúandinn í Landakoti við Reykjavík yrði hart úti með hluttekningu í þingkostnaðinum, ef hann skyldi greiða af 4 gjaldstofnum sínum, held eg að vísu sè mikið vel valið, en þó er það nú ekki almennt, heldur fágætt, að prestar landsins eigi timburhús í kaupstað, og hvyrfi þá að mestu þessi gjaldstofn í þeirra tilliti; en minni hlutinn vill ráða þinginu til að hugleiða dæmið, líkt og því er feingið það í hendurnar, og með þeim uppástúngnu fjórum gjaldstofnum.

Væri Landakotið eptir Johnsens jarðatali með 90 álna landskuld og 1 kúgildi, yrði alþingiskostnaður af eptirgjaldi þess, eins og lög eru nú, ...	„	rbd.	53 sk.
alþingiskostnaður af lausafè, líkt og nú stendur á	„	—	9 —
eður af þessum tveimur gjaldstofnum ábúandans, ef hann er eigandi, ...	„	—	62 —
ef nú þetta við útbreiðslu þinggjaldskostnaðarins almennu gjaldstofna, eður allar jarðir og timburhúsin, eptir uppástúngunni, skyldi lækka um þriðjúng, yrði þessi hluttekníng hans hèr um . .	„	—	40 —
Skyldi hann nú enn fremur eiga þar timburhús, eins og meiri hlutinn gjörir ráð fyrir og nú stenzt á, og það væri nálægt 4000 rbdl. virði, og ef það leigðist landi voru, eins og nú, fyrir 150 rbdl., þækti má ske ekki öfgar, þótt eptir uppástúngu nefndarinnar af því væru greiddir í alþingiskostnað rúmir	2	—	„ —
og skyldi nú maður þessi hafa í embættislaun frá 8 til 900 rbdl., og alþingiskostnaður á honum kynni við það að vaxa um	1	—	56 —
sem á þessa upptöldu fjóra gjaldstofna gjörði þá árlega í þingkostnaðinn, gæti mèr nú ekki sýnzt, hvað sem þinginu sýnist, að svo væri harðlega með hann farið, að nú væri ekki annað eptir, en að leggja nefskatt á hann, konu	4	—	„ —

hans og börn, og getur minni hlutinn ekki ætlað annað, en að þessi ummæli meiri hlutans séu spaugfullur útúrdúr, og væri óskandi, að þau ekki leiddu neinn á þá hugmynd, að kalla toll þann, sem gipt, en fátæk vinnukona þyrfti að borga fyrir kirkjuinnleiðslu sína og skírn barns síns, nefskatt þeirra, af því hún hafði ekki af neinum stofni að gjalda, nema kaupi sínu, sem má ske ekki gjörði betur en hrökkva henni til klæðnaðar, og sleppi eg svo fleirum ummælum um þetta dæmi.

Minni hlutinn kannast við þá mótbáru, sem reist er móti því að leggja lítinn hluta þingkostnaðarins á laun embættismanna, sem er sú, að það verði þá úr því næringar eða atvinnuskattur. En sú skoðun og það nafn um þingkostnaðinn, að nefna hann skatt, finnst mèr ekki eiga við, því þá mætti eins nefna jarðaskatt, lausafjárskatt, húsaskatt, og svo frv., en greiðsla þingkostnaðarins er að meiníngu minni hlutans ekki þess eðlis, að það geti skattur heitið, því þjóðin vill sjálf leggja til eptir einhverjum samngjörnum reglum, svo hún með því geti viðhaldið alþingi sínu og borgað fulltrúum sínum. En þó það nú alla æfina gæti heitið skattur, og það í tilliti til embættismannanna *næringarskattur,* meinar minni hlutinn, að alt, sem greidt er af lausafè búenda, hverra aðalatvinnuvegur að er kvikfènaðurinn, og jafnvel fiskibátarnir, sem tíundaðir eru, mætti þá með líkum ástæðum heita næringarskattur. Hèr að auki eru það margir jarðeigendur í landinu, sem með sinna yngri ára súrum sveita, dugnaði, áhyggju, spörun við sjálfan sig, og töpun annara efna sinna hafa eignazt jörð, líkt og presturinn á æskuárum sínum, eptir meiníng meira hlutans, hefir komizt til mentunar, og þessir jarðeigendur hafa þá opt á ellilasleika árum sínum einúngis afgjald jarðar sinnar sèr til atvinnu, og framfæris, og mundi þá rètt kallaður næringarskattur, sem tekinn væri af þeim til þingkostnaðargreiðslu?

Hvað nú framvegis snertir hluttekníngu embættismanna í alþingiskostnaðinum, þá hefir það heyrzt optar en einu sinni hèr á þingi, og það af lögvísum manni, að þeim væri ekki órèttur gjörður, þó undanþágum frá almennum skyldum væri af þeim kipt, þar þeir væru komnir til embætta með þeim skilmálum að ganga undir breytíngar laganna, og sýnist þessi hugmynd eiga rètt vel við, í tilliti til hinna undanþegnu fasteigna.

Það er enn nú ótalin ein mikilvæg ástæða, sem mælir fyrir því, að alþingiskostnaðurinn leggist að einhverju leyti á sem flesta innbyggjendur landsins, og það er sú: að almenn reynsla sýnir það í öllu sínu þjóðlega og frjálsa félagslífi manna, að sá sem er hluttekningarlaus í tilkostnaði félags eins eða stiptunar, þá verður hann áhugaminni um velferð þess, og afskiptaminni um athafnir þess, en veigrunarfullur að þiggja ávöxt og not þess, sem hann sjálfur ekki kostaði neinu til.

Eg hefi þannig stuttlega leidt þínginu fyrir sjónir grundvallarástæður þær, sem eg þykist hafa fyrir því, að alþingiskostnaðurinn þyrfti og ætti að jafnast sanngjarnlegar niður, en verið hefir; en svo ætla eg orð mín ljós, að ekki þurfi að óttast fyrir, að þau leiði þingið út á hálku þá, á hverri það ekki geti staðar numið.

Að endíngu vill minni hluti nefndarinnar geta þess, að bænarskrá frá Mýrasýslu var feingin henni til yfirvegunar, með 44 undirskriptum. Þessi bænarskrá biður um, að útveguð verði laun mönnum þeim, er tilbjuggu skýrslur þær yfir afgjald jarða, á hverjum alþingiskostnaðurinn er bygður, og sést af því, að hún ekki eiginlega heyrir undir ætlunarverk nefndarinnar, sem einúngis á að segja álit sitt um betri niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, þar að auki er nú því mesta í þessu falli af lokið, og árleg leiðrèttíng skýrslna þessara, sem breyttur leigumáli og breytt verðlagsskrá getur orsakað, er lángt um minni hèðan af, sem ekki veldur talsverðu ómaki eða tilkostnaði hlutaðeigenda, varð því nefndin að útilykja þessa bænarskrá frá sínum frekari afskiptum.

Af öllu framan töldu finnst minni hluta nefndarinnar, að bænarskrárnar frá Norðurmúla og Suðurþíngeyarsýslum fari fram á sanngjarnar óskir og kröfur til þíngsins, og vill því ráða þínginu til allra þegnsamlegast að bera upp þá bæn við hans hátign, konúnginn:

1. að alþingiskostnaðurinn verði lagður á allra fasteigna afgjöld í landinu, samkvæmt hinu konúnglega frumvarpi.
2. að verzlegir embættismenn, umboðsmenn, og höndlunarþjónar greiði til þíngkostnaðarins svo mikið, sem svari $\frac{1}{10}$ parti lögleigu þeirrar, sem árleg laun þeirra gæfu þeim, ef á vöxtum væri.

3. að þurrabúða og tómthúsmenn svari til þessa kostnaðar 4 sk. af hverju hlutar hundraði þeirra, um vetrarvertíðina.

Reykjavík, þann 20. júlí 1849.

Jón Jónsson.

Framsögumaður, Jón Jónsson: Nefndin í þessu málefni, að því leyti hún varð á eitt sátt, hefir í álitsskjali sínu geingið nokkuð leingra áfram í skoðun sinni, heldur en til þeirra stofna, sem eru privatjarðir og lausafè, og fundið sanngjarnt, að bænda kirkjujarðir, sem þeir njóta afgjalda af, ættu að takast líka undir alþíngiskostnaðar hlutteknínguna; hèr að auki kemur henni saman um, að timburhús kaupstaða eigi líka að komast undir þessar sömu skyldur. Minni hlutinn heldur nokkuð leingra áfram með greiðslu af fasteignunum, og álítur, að allar jarðir í landinu eigi að taka þátt í kostnaðinum, samkvæmt undirstöðureglunni. Líka álítur minni hlutinn, að sanngjarnt mundi, að lítilvæg hluttekníng verzlegra embættismanna og höndlunarþjóna, miðuð við stærð launa þeirra, væru á þá lögð til þíngkostnaðar. Nefndin, hvorki að því leyti sem henni kemur saman, eða hana ágreinir, finnur nú í bráð ástæðu til leingri fyrirmála, og er þess fullviss, að þó dálítið mismunandi skoðun kunni að verða á einstökum atriðum nefndarálitanna fyrst í stað, muni þó sá sanngirnis og þjóðernis andi, sem hvervetna vottar sig hèr í þínginu, ráða loksins góðu og farsælu úrsliti málefnanna.

Stiptamtmaður: Það eru þegar liðin 10 ár, síðan mál efni þetta í fyrsta sinn var rædt á fundi embættismanna, árið 1839; það er að vísu ekki öldúngis hið sama málefni, sem þá var rædt, því þá var til rædt um kostnað þann, sem leiddi af setu fulltrúa Íslands á fulltrúaþínginu í Hróarskeldu, en í sjálfu eðli sínu er það þó hið sama, er það áhrærir, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er leiðir af þíngstörfum yfir höfuð. Eins og sjá má nú af tíðindunum frá nefndarfundinum 1839, var stúngið upp á, að kostnaðinum væri jafnað niður, annaðhvort á sjálfseignir einar eptir afgjaldinu, eða þá einnig á lausafè, eptir því sem að er farið, þegar gjald er krafið til jafnaðarsjóðanna. Í fyrra, 18. júlím., kom út opið brèf um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókasjóð alþíngiskostnaðinn og önnur þar við riðin útgjöld, og var það í fleirum atriðum samkvæmt uppástúngum embættismanna-

nefndarinnar, og er eptir því ¾ kostnaðarins jafnað á allar jarðir á landinu eptir leigumála þeirra yfirhöfuð að tala, en ¼ á lausafjártiundar hundruðin. Það hefir víst ekki heldur verið tilgángur beiðendanna, að breyta þessum grundvelli, því í bænarskránni frá Suðurþingeyarsýslu stendur með berum orðum tekið fram, að útvegað sè lagaboð, sem leggi alþingiskostnaðinn „að þremur fjórðu pörtum á afgjald allra fasteigna í landinu“. Hvað þann fjórðúng kostnaðarins snertir, sem lagður er á lausafèð, þá held eg, að allar uppástúngur, bæði hins meira og minna hluta nefndarinnar, sem nú eru bornar upp, og ekki beinlínis snerta jarðir, heyri undir eitt, eða lausafèð eingaungu. Eg er öldúngis samdóma þeirri uppástúngu meiri hlutans, að ef alþingiskostnaðinum á að jafna á timburhús á verzlunarstöðum landsins, þá ber að skoða þau, eins og lausafè, og sama eðlis virðist mèr vera það, sem minni hluti nefndarinnar hefir stúngið upp á undir tölulið 2 og 3, en þar eð þingið rètt fyrir skömmu hefir hrundið öllum uppástúngum um breytíngu á lausafjártiundarlagi hèr á landi, get eg ekki heldur ímyndað mèr, að þingið geti aðhylzt uppástúngur þessar.

Aðalspurníngin verður því, að mínu áliti, um, á hverjar jarðir eigi að jafna þeim þremur fjórðu pörtum alþingiskostnaðarins, sem á jarðir yfir höfuð að tala er lagður, og hefir bæði meiri og minni hluti nefndarinnar mælt mest fram með því, að jafna niður kostnaðinum á allar jarðir, nema presta. Meiri hluti nefndarinnar ræður nú frá, að leggja álögu þessa á jarðir presta, því þetta væri að leggja álögur á laun þeirra, og þess vegna ósanngjarnt, þegar ekki er lagt á laun annara embættismanna. Þessum skoðunarhætti verð eg nú að vera mótfallinn, því það er alt annað, að hafa laun í peníngum, en afgjald af jörðum, og hingað til hafa þær einúngis verið undirstaða þess hluta alþingiskostnaðarins, sem hèr er umtalsefnið. Einnig er alþingistollurinn borgaður af öllum embættisjörðum hinnar veraldlegu stèttar, og líka af biskupsins. Ef því prestar eiga að sleppa álögufríir í þessu tilliti, verður það að vera af öðrum ástæðum, eður vegna þess þeir geta ekki mist af tekjum sínum, sjá nefndarfunda- tíðindi 1839 bls. 202—203, og skal eg ekki vera því mótmæltur, því síður, sem þingið hefir nýlega stúngið upp á, að prestar jafnt öðrum borgi til

jafnaðarsjóðanna, og það þá kynni of mjög þraungva að kjörum þeirra, að leggja nýar álögur á jarðir þeirra.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil fyrst hreifa fátt eitt við því, er stiptamtmaðurinn seinast mælti. Hann telur það sem ástæðu fyrir, að timburhús í verzlunarstöðunum eigi ekki að svara alþingiskostnaði, að þau ekki sèu tíunduð, og svari því eingu til jafnaðarsjóðanna, en eg held þetta sè ekki sterk ástæða, því þær gömlu Skálholtsstólsjarðir eru heldur ekki tíundaðar, og þó er af afgjaldi þeirra lokið alþingistolli. Sem ástæðu fyrir því, að mensaljarðir presta og beneficia eigi að bera alþingistoll, hefir hann tilfært, að tollur þessi sè goldinn af ábýli biskups, amtmanna og lènsjörðum sýslumanna; en eg ætla þetta sanni ekki mikið, því eg ætla þessum ekki veittar jarðir þessar, sem embættislaun, heldur sem einhver þóknun, og væri afgjald þeirra með launununum, þá ættu þær eptir minni skoðun að vera undan þegnar.

Eg verð líka að gjöra fáeinar athugasemdir við það lánga ágreiníngsatkvæði meðnefndarmanns míns, sem nýlega var lesið. Eg segi fáeinar, því ekki alt í því er svaravert, og honum er víst kunnugra, sem von er, álít meiri hlutans, en mèr er minni hlutans. Það er þá fyrst, að eg ætla töluliðir hans 2 og 3 á 1. eða 2. síðu sèu eitt og hið sama. Reykjavík tekur þegar þátt í að lúka alþingistollinum; hvað þá, ef timburhús hennar takast með? Eg veit ei betur, en hún í ár hafi, fyrir litla tíund og þessa fáu túnbletti hèr í kríng, lokið 12 rbd.; þar um getur sýslumaður í Gullbríngusýslu, sem bæarfógeti, má ske gefið upplýsíngu. Minni hlutinn þykist sakna þess, að meiri hlutinn hafi ei látið í ljósi „hugleiðíngar og álit“ sitt, um það, hvort verzlunarþjónar og þurrabúðarmenn ekki ættu að greiða alþingistoll, en svo kunnugt ætlaði eg honum álit meiri hlutans, að hann hefði fundið þar í eitthvað um atvinnuskatt, og hèr er ekki um þessa menn að tala öðruvísi en svo, að þeir ekki hafi af öðru að gjalda, en atvinnu sinni. Það sem minni hlutinn talar um jarðamatið og þar á bygð skattalög, veit eg ekki hvað hèr á við. Það vekur mèr grun um, að minni hlutinn blandi saman í eitt fasteignarskatti og skatti á atvinnuvegi. Um spítala-, kristfjár- og hreppajarðir er það að sönnu svo, að meiri hlutinn ekki hefir gjört um þær uppástúngu, heldur að eins sett það til þíngsins atkvæða, hvort þær skuli teljast til alþíngiskostnaðar-

greiðslu eður ei, og talið ástæður móti og með, og þó jafnvel heldur hneigzt að því síðara, en þó nú meiri hlutinn hefði gjört um þetta beinlínis uppástúngu (Indstilling), þá hefði hún þó að líkindum komið til atkvæða þíngsins, svo eingu er enn spilt. Hann talar um undirskriptir presta og embættismanna undir bænarskrána frá Suðurþíngeyarsýslu, en hvorugur okkar getur sagt öðrum mikið um þessara manna innvortis sannfæríngu. Hann ber meiri hlutanum það á brýn, að hann líka hafi bætt við nýum gjaldstofni, þar sem hann hafi látið til leiðast að bæta timburhúsum verzlunarstaðanna við, en þetta er eingan veginn svo; þessi hús eru annaðhvort fasteign eða lausafè, eins og nefndin telur þau, og þannig einginn nýr gjaldstofn, því þetta eru þeir eldri gjaldstofnar. Það er minni hlutinn, sem býr til nýan gjaldstofn, atvinnuveginn. Minni hlutinn gjörir sèr glatt yfir nefskattinum, en af dæminu, sem hann tekur af vinnukonunni, sem leiðast á í kirkju, er mèr nær geði að halda, að hann viti ekki, hvað nefskattur er. Það er skattur lagður á mannsalið. Honum ægir það ekki, þó embættismaður í Landakoti svari 4 rbd. í alþíngistoll, en viss er eg um, að margir ríkisbændur í sveit svara ei svo miklu enn þá. Minni hlutinn vill ei gefa alþíngiskostnaðar greiðslunni skattsnafn, en mèr er sama, hvaða nafni hann nefnir hana. Hann má kalla hana skatt, toll, álögu, eða hvað hann vill. Hann segir þjóðin vilji leggja til alþíngiskostnaðarins eptir sanngjörnum reglum, en eru þá aðrir skattar álagðir eptir ósanngjörnum? Í hvaða villu minni hlutinn er um eðli atvinnuskattsins, sýnir það, að hann segir, að gjald af skepnum og skipum sè líka atvinnuskattur. Gjaldið af skepnum og skipum hefir þó sýnilegan stofn, en ekki sá skattur, sem lagður er á krapta iðnaðarmannsins eða þekkingu embættismannsins. Minni hlutinn ber mèr, að eg held, á brýn, að eg sè ekki samkvæmur sjálfum mèr, að eg í nefndinni um gjald embættismanna til jafnaðarsjóðanna ekki hafi viljað hafa þá undan þegna því gjaldi; en hèr er alt öðru máli að gegna. Þar var umtalsefnið, að þeir gyldu af lausafè því, er þeir áttu sem bændur, en hèr er að ræða um að leggja á laun þeirra, sem embættismanna; það fyrra er sanngjarnt og rèttvíst, það síðara, að eg held, hvorugt. Seinast kemur minni hlutinn með nokkuð, sem hann kallar „mikilvæga ástæðu“, að „sá, sem er tilkostnaðarlaus, verði líka hluttekníngarlaus“. Prestar eru þó ekki hlut-

tekníngarlausir í þíngkostnaðinum, þeir gjalda þó af fènaði sínum og eignarjörðu, ef nokkur er, og þó hèr sæti á þínginu einhver embættismaður, sem hvorki á jarðir nè tíundarfè, þá ætla eg ekki með minni hlutanum, að ásaka þá fyrir hlutteknìngarleysi í þíngsins störfum, þó þeir enn ekki lúki alþíngiskostnaði af embættislaununum.

Framsögumaður: Eg hefi nú alla reiðu gleymt þeim smáu atriðum, sem meiri hlutinn hefir verið að hreifa við í tilliti til ágreiníngsskjals minni hlutans, og er það, af því að fæst af þeim komu aðalefninu við eður skoðun þeirri, sem minni hlutinn gekk út frá, og veiktu því hvorki nè hrundu neinum þeim ástæðum, sem hann hafði stuðzt við. Eg vil að eins minnast á það marklitla atriði í tilliti til prestanna, sem undir hafa skrifað bænarskrána; eg get ekki kannazt við, að þeir hafi gjört það móti sannfæríngu sinni, en vottur var það samngjarns vilja hjá þeim, og get eg ekki haldið, að þeir hafi þókzt þurfa að hafa nokkra ábyrgð á þeim vilja sínum í annara presta tilliti. Hvað hinu við víkur, að ekki sè sanngjarnt að leggja gjald á hið ósýnilega, eða hvað það hèt, þá skilst mèr ekki, að afgjald af lènsjörðum presta, spítala, kristfjár eður hreppajarða, eður laun annara embættismanna, hvort þau heldur eru greidd í gjaldaurum eða peníngum, sèu ósýnilegir hlutir.

Í tilliti til verzlegra embættismanna verð eg þó að halda, að almenn hlutteknìng þeirra í alþíngiskostnaði, sem bænda í landinu, sè yfir höfuð heldur smá, meðan margir þeirra taka sig út úr búskaparfèlögum þjóðarinnar og setja sig niður í kaupstöðum landsins. En í tilliti til presta er það að vísu nokkuð öðruvísi, þar þeir flestir að meira eða minna leyti búa á jörðum, og taka þá, að því leyti lausafèð snertir, dálítinn þátt í þíngkostnaði, og hvað snertir eigin fasteignir þeirra, þá greiða þeir líka sem bændur af þeim. En ef prestastèttin yfir höfuð að tala er svo fátæk í samanburði við alþýðu, sem sumir eru að berja fram, þá munu þeir ekki heldur eiga mikla fasteign í landinu, af hverri töluverð hlutteknìng í alþíngiskostnaði greiðist.

Gleðin, sem samnefndarmaður minn þóktist sjá að eg gjörði mjer út af nefjaskattinum, er minni, en hann hyggur, og ætla eg, að því leyti mig snertir, að eptirláta það gleðiefni hverjum öðrum, sem hafa vill seinna meir.

Með tilliti til þess, sem herra stiptamtmaðurinn talaði um bænarskrána frá Suðurþingeyarsýslu, þá vakti sú hugmynd fyrir beiðendum, að þeir ¾ partar þingkostnaðarins, sem eru 3rbd. af hundraði í afgjöldum jarða, mundi lækka og léttast til muna, ef lagt yrði á allar jarðir og hið annað, sem upp á er stúngið, og hvernin sem niðurlag hennar er orðað, ber hún það með sèr, að hún vill, að betri jöfnuður og meiri léttir fáist í alþingiskostnaðinum, heldur en verið hefir, og er því fyrr og seinna sjálfri sèr samkvæm.

En hvað uppástúngu nefndarinnar í Reykjavík 1839 snertir, og þau lög, sem þar af hafa leidt, eður hvort að einhverju leyti hefði verið bygð á því sú nú gildandi löggjöf um alalþingiskostnaðinn, þá sè eg ekki, að það þurfi að standa neitt í vegi fyrir nýu lagaboði.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að í bænarskránni frá Suðurþingeyarsýslu stendur ekki neitt um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins með 3 af 100, heldur með þremur fjórðu pörtum á afgjöld af allri fasteign; þess vegna hèlt eg, að tilgángurinn bænarskrárinnar væri sami sem í opnu brèfi 18. júlí 1848, og ef þetta er nú tilgángurinn, þurfti að taka það fram, hve miklum hluta alþingiskostnaðarins ætti að jafna á fasteignina, og hve miklum á hina aðra stofna.

Varaforseti: Eg ætlaði ekki að ræða í þessu máli, en fyrst eg sè, að eg fæ ekki með öllu haldið mèr frá því, þá finn eg mèr skylt, að gjöra það heldur fyr en seinna. Tilgángur minn helzti er, að minna þingmenn á, hvað þeir sjálfir hafa hin fyrri árin unnið að þessu máli. Hèr eru við hart nær allir hinir sömu mennirnir, sem voru hin fyrri árin, og sama málefnið fyrir höndum, sem þá var.

Árið 1845 var þingið á þeirri meiníngu, að þingkostnaður allur leggjast skyldi á fasteign þá í landinu, sem eptir alþingistilskipuninni af 8. marz 1843 veitir rètt til kosníngа og kjörgeingi, og því rèði þingið stjórninni til, að kostnaður þessi greiddist með hundraðs gjaldi af sölu og virðínga-verði allra fasteigna, sem eigendum skipti, hvort heldur með kaupum, erfðum eða gjöfum. Stjórnin fèllst nú ekki á þessa uppástúngu þingsins, og sendi þínginu frumvarp til annarar kostnaðar álögu 1847, og af því þínginu þótti þá ei mál þetta mega bíða, fèllst það á frumvarpið, þó með því, að sem mest legðist á fasteign þá, er kjörgeingi veitti og kosníngarrètt. Því

var það og, að þingið undan skildi í 4. grein atkvæðagreiðslu sinnar alt mensal-góz prestanna, af því að góz þetta eitt veitti eingum kjörgeingi; því öðruvísi er til háttað með kóngsgózið, sem alþingistilskipunin í 3. grein veitir sama rètt, sem 10 hundraða fasteign er gefinn, ef einhver heldur 20 hundruð af gózi því með lífsfestu. Þetta fær einginn prestur veitt leiguliða kirkju sinnar, hversu mikla fasteign sem hún á, því lífsfestu má prestur eingum gefa fyrir kirkjugózi, hverju hann ekki ræður, nema sína tíð. Vildi nú þingið breyta svo með öllu skoðun sinni, frá því sem hún var hin fyrri árin, og gjöra nú alt það að gjaldstofni, sem til er í landinu, laun embættismanna, atvinnu tómthúss og þurrabúðar manna, sem þó eru hinir fátækustu í landinu, þá getur mèr ekki annað virzt, en þingið sè orðið sjálfu sèr sundurþykt. Eg get ekki heldur varizt að ætla, meiri hluti nefndarinnar hafi villzt frá rèttum vegi, þegar hann leggur timburhús kaupstaðanna í flokk lausafjár landsins. Það veit eg víst, að stjórnin hefir þá skoðun, að timburhús þessi teljast eigi með fasteign; því í 2. grein nefndrar tilskipunar segir, að „hið íslenzka alþing eigi að samsetjast af 20 mönnum, er fasteign halda í landinu“, og í 3. grein, að „rèttindi til hluttöku í kosníngu alþingismanna beri einúngis slíkum fasteigna haldendum, sem eitt af þrennu eigi 10 hundruð í jörðu, 1000 dala virði í múr eða timburhúsi, eða haldi með lífsfestu 20 hundraða jörðu af opinberu gózi. Með þessum orðum virðist mèr stjórnin berlega gefa til kynna, að hún telur kaupstaðahúsin með fasteign, en ekki lausafè.

En hvað því við víkur, er herra stiptamtmaðurinn sagði, að þó það væri sanngjarnast, að prestar svöruðu alþingisgjaldinu af mensalgózi því, er þeir undir höndum hafa, þá kynni þó fátækt prestastèttarinnar að ráða frá þessu; er það víst, að þingið 1847 þág prestana undan gjaldi þessu, sem notendur mensalgózins, sem þess er eingan rjett veitti til kosníngar eða kjörgeingi.

En samlíking sú, er stiptamtmaðurinn gjörði á bújörðum amtmanna og einstakra sýslumanna, þá hefir hinn fyrsti konúngkjörni þingmaður sýnt ofan á, að hún eigi ekki sem bezt við; en mèr virtist hann ekki taka það nóg fram, að sá er munurinn á bújörðum þessum og mensalgózi prestanna, að þær munu aldrei reiknaðar sem laun þessara embættismanna, heldur að eins íveruhús, ef þar eru, mót húsaleigu, er slík-

um embættismönnum nú er svo opt veitt; hvar á móti mensalgózið berlega er reiknað prestinum sem embættislaun, eins þær jarðirnar, sem þeir búa á, eins og hitt annað jarðagóz, er undir kirkjuna liggur. Þetta má bezt sjá af spesificazíón þeirri, sem gjörð var fyrir Skálholtsstipti 1736. Mensaljarðirnar geta því ekkert átt skylt við brúkunarjarðir einstakra embættismanna. Það er því skýlaus meiníng mín, að jarðir presta sèu eins undan þegnar alþíngiskostnaðar gjaldinu, eins og hver önnur laun annara embættismanna, og það því heldur, sem margir kannast við, að þeir sèu öðrum embættismönnum fremur illa launaðir. Hvað spurníngunni um timburhús við víkur, hvort þau eigi að reikna sem fasteign eður ekki, þá áleit þíngið 1847 þau sem vafalausa fasteign; var þá og eingínn ágreiníngur um skilníng alþíngistilskipunarinnar; því allir mundu það þó, að eignir þessar veittu kjörgeingi og eigendur þeirra kölluðust fasteignarmenn. Þó opið brèf frá 18. júlí 1848 tilnefni að eins jarðirnar, sem þær, er þíngkostnaði eigi að svara af, ætla eg það komi annaðhvort af því, að semjandi þessa opna brèfs hafi ekki algjörlega komizt inn á skoðun alþíngisins, um hvað fasteign væri, eða að stjórnin hafi viljað þiggja þau undan alþíngiskostnaðinum, þótt hún veitti þeim samrètti við aðra fasteign. Það er því vafalaus meiníng mín, að ef hús þessi eru tekin undir alþíngiskostnaðar byrðina, þá eigi þau að takast inn, sem fasteign; annað væri synd bæði á móti málýzku og öllum jöfnuði.

Eg ítreka það, að eg er sannfærður um, að alþíngi sè ekki svo horfinn hugur frá 1845 og 1847, að það vilji nú breyta skoðun sinni á alþíngiskostnaðar niðurjöfnuninni til þeirra þriggja funda, sem þegar haldnir eru eptir nú gildandi kosníngarlögum.

Menn búast við, að á næsta ári verði ný kosníngarlög samin, og þá nýir gjaldstofnar teknir, á hverja þíngkostnaðurinn verður síðan lagður; það er því nú að eins um þrjú þínghöld að gjöra.

Stiptamtmaður: Eg verð að vera mótmæltur meiníngu þeirri hins heiðraða varaforseta, að undanþága presta frá hlutteknínga í alþíngiskostnaðinum sè bygð á því, að þeir eptir alþíngistilskipuninni voru úti lokaðir frá kosníngarrètti og kjörgeingi. Í álitsskjali þíngsins til konúngsins, sem innfært er í þíngtíðindin 1847 bls. 453, stendur það þvert á mót með ber-

um orðum, að prestar ættu að vera undan þegnir álögu þessari, því þeir ættu yfir höfuð hèr á landi við þraung kjör að búa, svo verið væri að reyna til að bæta þau, og samkvæmt þessu er það borið upp við konúng í 2. ályktunar-atriði álitsskjalsins, að mensaljarðir presta og mildar stiptanir verði undan þegnar hlutdeild í þessum kostnaði. Stjórninni hefir ekki dottið í hug að blanda báðum þessum málefnum saman, og aldrei að mínu áliti haft þá skoðun, að þeir einir ættu að greiða alþingiskostnaðinn, sem hefðu kjörgeingi og kosníngarrètt, enda verða margir, svo sem ekkjur og fl., sem annars ekki hafa þessi rèttindi, að taka þátt í greiðslu hans að sínu leyti. Hafi því prestar verið undan þegnir, þá er það ekki af þessari ástæðu, heldur af hinu, að ei hefir þókt tiltækilegt að þraungva kjör þeirra með hluttekníngu í álögu þessari. Í tilliti til þess að öðruvísi sè ástadt með lèns og mensaljarðir presta, en jarðir þær, sem amtmenn og sýslumenn hèr á landi hafa að lèni, þá veit eg að vísu, að þessir síðar nefndu embættismenn hafa að því leyti orðið að taka hlutdeild í alþingiskostnaðinum; þó er mèr ómögulegt að sjá þenna mismun, en það er alt öðru máli að gegna, hvort ekki er ástæða til að prestanna lèns og mensaljarðir framvegis sèu undan þegnar álögunni, og get eg vel felt mig við það, og fel eg þínginu á hendur að dæma þar um.

Þ. Sveinbjörnsson: Það er, eins og öllum er alkunnugt, hèr í landi, enn þá sem komið er, einúngis 2 gjaldstofnar, á hverjum öll opinber útgjöld hvíla, og sona hefir það verið um lángan tíma, og þessir gjaldstofnar eru fasteignir og laust góz, eða sem nú er orðið lifandi fènaður og skip. Minni hlutinn vill nú verða fyrstur til að skapa þriðja gjaldstofninn, nefnil. atvinnuveginn, áður óþektan hèr í landi. Eg fæ ei betur sèð, en að hann fari slíku fram, þar sem hann vill leggja alþingisskattinn á laun embættismanna, og þau eru þó hans atvinna, sem embættismanns. Eins vill hann fara að með ársafla verzlunarmanna og iðnaðarmanna; já, tómthúsmaðurinn kemst ekki frí, hann á líka að svara 4 sk. af hundraðshlut. En hann gleymdi að telja með bóndans fiskiafla, hans ull, tólg, smjör og annað því um líkt; fyrst hann fór að hreifa við atvinnuskattinum á annað borð, þá átti það ekki að gleymast. Nærri má nú geta, hve hægt t. a. m. iðnaðarmönnum, verzlunarmönnum o. fl. muni veita að segja til afla síns á ári;

eg er hræddur um, að skýrslurnar yrðu ei allar sem rèttastar. Þetta óska eg þingið vildi athuga grandgæfilega, áður það með atkvæðum sínum gefur atvinnuskattinum, og líklega ásamt mörgum fleiri slíkum sköttum, lögmæta inngaungu í land þetta.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að álögur eru lagðar á atvinnuveg búenda, og þegar prestar hafa sömu atvinnu, þá er ekkert í sjálfu eðli málsins á móti því, að þeir að sínu leyti taki þátt í álögum þessum, eða með öðrum orðum, alþingiskostnaðinum, sem hèr er rædt um.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem hinn konúngkjörni þingmaður, er seinast mælti, fann það til ástæðu, að ekki mundu upplýsíngar fást hjá embættismönnum um þann stofn, sem hluttekníng þeirra í alþingiskostnaðinum ætti að byggjast á, þá er þó öll sú vissa, sem gjöld þjóðarinnar grundvallast á, að mestu leyti svo undir komin, að hlutaðeigendur segja sjálfir bæði til tíunda sinna og fasteigna, og sýnist það undarlegt, ef ekki mætti eins vel trúa embættismönnum landsins til þess háttar skýrslna, eins og hverjum öðrum alþýðumanni, og held eg, með því að láta hvern gjöra grein á gjaldstofni sínum, að þeir hnútar, sem hinn konúngkjörni þingmaður talaði um, mundi ekki verða með öllu óuppleysanlegir.

Varaforseti: Eg vildi þó einu orði svara mótbáru herra stiptamtmannsins, og sýna það, að mensalgózið hafi helzt og fremst af alþíngi verið undan þegið alþingiskostnaðar-byrðinni, af því það gaf eingan rètt til kosníngа. Hver, sem les alþíngistíðindin, hlýtur að sjá það, að svo opt sem þetta mál var rædt, var það aðalhugsun þingsins, að lagður yrði kostnaðurinn sem mest á eignir þær, sem kosníngarrèttinn gáfu; því stakk þingið einnig upp á, að $\frac{3}{4}$ partar kostnaðarins legðust á þennan stofn. Í fjórða atriði atkvæðagreiðslu í máli þessu var spurt, hvort þingið vildi hafa hið beneficerða góz og mildar stiptanir undan þegið, og var það samþykt með 20 atkvæðum. Að þingmönnum hafi og dottið í hug, að kjör presta væru þraung, efa eg ekki heldur, og sè eg, að það er tekið fram í álitsskjali þingsins til stjórnarinnar. Um hitt vil eg að vísu ekki þræta, að bújarðir annara embættismanna sèu eins konar partur embættislauna þeirra, en hitt veit eg, að bújarðir prestanna eru reiknaðar þeim til launa; því lýsir, eins og eg áður hefi sagt, spesifikazíónin frá 1736, og skýrsla sú,

er Steingrímur biskup Jónsson krafðist af prestum um inntekt þeirra, og bauð þeim að segja til alls. Þetta á sèr ekki stað, þegar annara embættismanna laun eru talin, og reiknast ekki bújarðir þeirra meðal embættislauna, og ekki er nema íveruhúsið eitt reiknað, þar sem það er til, því þar á móti falla niður húsleigupeningarnir.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis bæta því við, að eg get ekki efað, að þingið hafi sèð um, að láta aðalþánka sína sjást í álitsskjali sínu, og þar stendur að eins, að ekki megi þraungva að kjörum presta með álögu þessari, enda mun stjórnin hafa helzt farið að því, sem stendur í sjálfu álitsskjalinu.

Haldór Jónsson: Það fáa, sem eg hafði ásett mèr að minnast á í þessu máli, er nú þegar sagt af enum háttvirta varaforseta og þeim 1. konúngkjörna þingmanni veraldlegu stèttarinnar, svo eg get verið því fáorðari. Þegar eg las álitsskjöl nefndarinnar, fannst mèr minni hlutinn ekki hafa geingið fram eptir svo föstum grundvallarreglum, sem meiri hlutinn, og gat eg að vísu ekki furðað mig svo mjög á því; en það furðaði mig meira, að stiptamtmaðurinn, sem mèr annars ekki fannst vera því meðmæltur, að alþingiskostnaður yrði lagður á embættismannalaun, skyldi halda með því, að þessi kostnaður væri lagður á mensalsgózið, því þetta finnst mèr of mikil fastheldni við þá grundvallarreglu, að jarðagózið sè sá stofn, sem þessi álaga hvíli á; þetta kemur nefnilega í bága við aðra grundvallarreglu, eg meina þá, að laun embættismanna eigi að vera undan þegin alþingiskostnaði og öðrum álögum, af því, eins og þegar er leidt í ljós, að þetta yrði ekki álitið ödruvísi en *atvinnuskattur*. Eg skoða prestana, eins og aðra embættismenn, sem *þjóna* þjóðarinnar, sem hafi laun sín fyrir starfa sinn sèr til uppheldis; vildi nú þjóðin binda þessi laun álögum, þá vildi hún taka aptur nokkuð af því, sem hún hefði gefið. Eg get metið það vel, að stiptamtmaðurinn aptur og aptur kom við það, að laun margra presta væru svo lítil, og kjör þeirra svo ervið, að það kynni að vera ískyggilegt, að leggja alþingiskostnaðinn á jarðir þær, sem þeir hafa af part launa sinna; en þetta er samt ekki ástæðan fyrir því, að eg álít, að jarðir þessar eigi að vera undan þegnar alþingiskostnaðinum, heldur hitt, að þessi partur af jarðastofninum er tekinn frá, til að launa embættismönnum þjóðarinnar. Við-

víkjandi þeim fáu jörðum, sem biskup, amtmenn og nokkrir aðrir embættismenn hafa til umráða, þá er það þegar sýnt, að eingin regla fyrir mensaljarðirnar verði þar af dregin, að þessir embættismenn hafi sín ákveðnu laun, *auk* þessara jarða, en meiri partur embættislauna sumra presta sè inni falinn í afgjaldi kirknajarðanna; en því vil eg við bæta: þó þessar fáu jarðir, sem biskup og nokkrir verzlegir embættismenn hafa not af, væru verulegur partur af launum þeirra, þá er þó sú ályktun, að af því þær beri alþingiskostnað, þá eigi einnig mensaljarðirnar að bera hann, ekki réttari en sú, að af því mensaljarðirnar eptir réttri grundvallarreglu sèu undan þegnar alþingiskostnaðinum, þá eigi líka hinar að vera það.

Asgeir Einarsson: Eg ætlaði mèr að standa upp fyrri, til að vita meiníng meiri og minni hluta nefndarinnar um, hvort hún hefði meint, að nú skyldi biðja einúngis um breytíng á alþingislöggjöfinni fyrir þau 3 næst umliðnu þíng, eins og varaforseti gat í öndverðu að mundi hafa verið meiníng minni hluta nefndarinnar, eða hvort biðja ætti um löggjöf til að greiða eptir alþingiskostnaðinn, þángað til skattgjaldslögin kæmust á; þetta ríður þínginu á að vita strax, svo eptir því verði hagað umræðunum; óska eg því, að nefndin skýri meiníngar sínar um það, og svo þíngið sjálft yfir höfuð, svo viss stefna verði tekin í umræðunum. Ætli þíngið einúngis að biðja um löggjöf fyrir þessi 3 fyrstu þíng, held eg alþíngikostnaðurinn verði greiddur að mestu fyrir þau, þegar löggjöfin kemur, og verða þá þíngræðurnar um það nógu dýrkeyptar. Varaforseti sagði, að þar eð nú væru flestir þeir sömu á þíngi, sem áður hefðu á 2 undan förnum þíngum rædt þetta mál, þá væri því síður líklegt, að þeir hefðu síðan breytt meiníngu sinni; eg ætla nú ei að svo stöddu að láta í ljósi, hver aðalmeiníng mín er nú í málinu, en fyrir því mun eg gjöra grein, áður þíngræðum er nú lokið, en vil nú einúngis geta þess, að 1845 bar eg upp breytíngaratkvæði (sjá tíðindi bls. 426), og mun það vera nokkur orsök til þess, að eptir því var að mestu farið árið 1847.

Framsögumaður: Hvað þá spurníngu snertir, sem þíngmaður Strandasýslu bar upp, vill minni hlutinn benda til þess ágreiníngsálits, sem upp var lesið, og sýnir það þann tilgáng minni hlutans, og samkvæmt tilætlan bænarskránna, að frá því ný löggjöf feingist í þessu efni, og til þess hin nýu skatt-

gjaldslög inn leiddust í landið, ætti kostnaðurinn að greiðast eptir þeirri löggjöf, sem þingið nú í þessu efni undir býr.

Hvað snertir ummæli hins velæruverðuga konúngkjörna þingmanns, er næst áður talaði, þá get eg ekki verið honum samdóma í, að *þjóðin,* heldur *stjórnin* hafi hingað til ákveðið svo vel prestum, sem öðrum embættismönnum laun þau, sem þeir nú hafa. Það er alþekt, að þjóðin hefir alt að þessu haft minni ráð á málefnum sínum en svo, að hún hafi sjálf ákveðið þeim launin.

Guttormur Vigfússon: Eg hafði einsett mèr að leingja ekki þingræðurnar í þetta sinn, en eg get þó ekki sneidt mig hjá að tala fáein orð.

Orð hins heiðraða varaforseta hníga að því, að þingið yrði sjálfu sèr ósamkvæmt, ef það fèllist nú á að gjöra nýa breytíng á alþingiskostnaðar niðurjöfnuðinum, þar sem flestir hinir sömu mennirnir sætu nú í þingi, sem unnið hefðu að löggjöfinni, er gildandi væri. Eg skoða þetta á nokkuð annan veg: eg ætla, það sè eingin sèrleg ósamkvæmni í því af þingsins hálfu, þó þessu máli sè hreift á nýj. Það er nú fyrst ekki þingið sjálft, sem hreift hefir þessu, heldur raddir þær, sem ekki eru svo fáar, sem til þingsins eru komnar frá þjóðinni sjálfri, og sem með bænum sínum hafa farið þessara breytínga á flot við þingið; þar að auki er önnur ástæða til þess, að eins og allir vita, gat stjórnin ekki fallizt á uppástúngu alþíngis 1845 í þessu falli, og sendi því þínginu frumvarp frá sèr 1847, sem því þókti þá ráðlegt að aðhyllast í flestum greinum, ekki svo fyrir þá skuld, að því þækti frumvarp þetta á allan hátt fullkomið, heldur hitt, að þínginu þókti ískyggilegt að safna gjaldi á gjald ofan, og munu flestir mega játa, að gjörðir þíngsins hafi ekki í þessu tilliti verið svo fullkomnar, að þeim væri í eingu ábótavant, eður að það þá hafi verið komið til svo fastrar skoðunar, að henni mætti ekki nú hagga, og því sýnist mèr ekki illa til fallið, þó þingið vildi nú reyna til að ósk beiðenda, að bæta úr þeim brestum, sem fyrr kynnu að hafa á orðið, og leitaðist við að jafna kostnaðinum niður á fleiri gjaldstofna, og það finnst mèr nefndin öll, og einkum minni hlutinn, hafa gjört sèr far um. Eg álít að vísu ástæðu til þess, eins og fyrri hefir fundið verið, að lènsjarðir presta, einkum á hinum fátækari brauðunum, ættu að vera fátæktarinnar vegna undan þegnar gjaldgreiðslu þessari, en ekki fyrir það, að það sè eptir grundvallarreglu löggjafarinnar nokkur

sèrleg ástæða til þess, þar sem ákveðið er, að allar jarðir á landinu skuli bera að tiltölu kostnaðinn.

Bænarskráin frá Norðurmúlasýslu, sem meiri hlutinn hefir ei fundið sèr skylt að taka inn í álit sitt, hefir og af þeim ástæðum, að sum prestaköll sèu fátæk, undan skilið þau prestaköll, sem lakari eru en meðallags, frá hluttekníngu í alþíngiskostnaðinum, en ekki fyrir þá sök, að slíkar jarðir hefðu fremur rèttindi þar til eptir grundvallarreglunni.

Það hafa og svo verið leiddar ástæður að því hèr á þíngi í dag, að allar jarðir, svo vel þær, sem prestar hafa að lèni, sem aðrir embættismenn á landinu, eigi að taka jafnan þátt í alþíngiskostnaðinum, og á þessari meiníngu hafa víst beiðendur og svo verið, og því hafa og sumir prestar tjáð sig fúsa til hluttekníngar í gjaldgreiðslunni, og það því fremur sem þeim hefir verið vel kunnugt, að álögur og öll útgjöld alt meir og meir aukast á aðra síðuna, en þarfir vorar á hina.

Því fremur sem þetta er athugað, hljóta allir að viðurkenna, að það er eingin ósamkvæmni af þínginu, þó það vilji nú leita að fleiri gjaldstofnum til að bera byrðina, þar sem 2 hinir gömlu gjaldstofnar, jarðir bænda og lausafè, eru orðnir svo kafnir álögum, að ekki má fyrir sjá að undir rísi, og þess meiri hvöt ætla eg það sè fyrir alla, að taka fyrst um sinn þátt í sameiginlegri byrði til eflíngar allri framkvæmd og þarflegum fyrirtækjum hjá oss, sem alt er enn í því ólagi, sem það er, með betri niðurjöfnun launa embættismanna og annað. Eg vil því, ef álit minni hlutans fær ei framgáng, áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að beðið sè um, að öllum embættismönnum andlegrar og veraldlegrar stèttar sè gjört að skyldu að borga eitthvað til alþíngiskostnaðarins af embættislaunum sínum, en sú borgun sè ei ákveðin, heldur sè látin vera að frívilja hvers eins; þá kemur bezt í ljós eðallyndið og höfðíngsskapurinn.

Varaforseti hèlt, það væri ekki rèttilega orðað.

Guttormur Vigfússon: Eg hefi má ske ekki nógu ljóslega tekið það fram, meiníng mín var, að beðið væri um, að öllum geistlegum og verzlegum embættismönnum væri gjört að skyldu að gjalda, en að gjaldhæðin væri að frívilja hvers eins.

Enn fremur vil eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um nefndarálit meiri hlutans; eg get ei dulizt þess, að mèr virð-

ist hann hafi ei að vilja þingsins og tilætlun tekið bænarskrána frá Norðurmúlasýslu til greina; eg hèlt, að bæn þessi, þó hún væri lángt að komin, mundi ei vera á nokkurn hátt höfð út undan á þessum háleita stað, þegar hún fèkk þó einu sinni aðgáng að honum, heldur vonaði eg, sem flutníngsmaður hennar, að hún feingi að njóta jafnrèttis með öðrum bænarskrám, hvaðan sem þær kæmu. Eg veit ei til, að bænarskráin innihaldi nokkuð það, sem geti verið ásteytíngarefni, og því ætlaði eg sízt hinum vitru og merku mönnunum, er unnu að meiri hlutanum, að þeir mundu ei að vilja þíngsins og tilætlan beiðenda hæfilega taka hana til greina, og einúngis taka undir álit sitt það atriðið úr henni, sem sízt átti við verkefni hans, en frádæmdu öll hin merkari atriði hennar, sem einstakleg og málefninu óviðkomandi. Eg bið nú þíngið að meta, hvort meiri hlutinn hafi í þessu falli gætt skyldu sinnar, og svarað til þess trausts, er þíngið bar til hans, þegar nefnd var kosin í málinu.

Þ. Sveinbjörnsson: Þíngmaður Norðurmúlasýslu tvítekur það, svo er honum mikið um það hugað, að nefndin hafi einúngis rædt um seinasta atriði bænarskráarinnar, en slept hinu öllu óáhrærðu, en honum var svo mikið niðri fyrir, að hann gleymdi að skýra þínginu frá, hvað *hitt alt* er. Hann þarf ekki að vera um þetta svo harðmæltur; það sem áhrært er berlega í nefndarálitinu úr bænarskránni, fann nefndin í alla staði ósanngjarnt. Má ske hitt sè af sama súrdeigi, og hefði þá verið skaðlaust hlutaðeigendum, þó geingið hefði verið fram hjá því En, eg vil einúngis tala um efnið: það er eptir minni skoðun ekki vegna fátæktar, að eg vil hafa tekjur presta undan þegnar alþíngiskostnaðar álögunni, heldur vegna grundvallarreglu minnar, að eg ekki vil styðja að því, að atvinnuskattur sè hèr inn leiddur. Eg vil ekki, að svo stöddu, fleiri gjaldstofna, en eru; eg vil eingan nýan, einúngis þá 2, sem verið hafa hèr frá alda öðli, og sem því nær allir hafa. Eg vil líka leyfa mèr að svara þeirri spurníngu, sem sá virðulegi þíngmaður Strandasýslu vèk til nefndarinnar um það, hvort nefndin hefði meint öll alþíng eptirleiðis, eða einúngis þau 3 fyrstu, og var það meiri hlutans meiníng, að það við kæmi einasta þeim 3 fyrstu þíngum.

Stiptamtmaður: Eg held jarðir hafi verið gjaldstofn frá

alda öðli, og að jarðir presta sèu jarðir, og get eg því ekki skilið, að þetta sè nokkur nýr gjaldstofn.

Haldór Jónsson: Eg tók það fram áðan, að hin erviðu kjör sumra presta væru ekki ástæða til að undan þiggja mensaljarðirnar alþingiskostnaðinum, heldur það, að afgjaldið af tèðum jörðum væri embættislaun þeirra; en stiptamtmaðurinn skýrði frá, að þingið 1847 í álitsskjali sínu til konúngs um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, hefði bygt undanþágu mensaljarðanna á því, að kjör margra presta væru mjög ervið. Við þetta verð eg að geta þess, að þó í álitsskjalinu hafi verið minnzt á, að kjör margra presta væru ervið, þá var þó undanþágan bygð á því, að ekki væri rètt að binda álögum laun þessara *einna* embættismanna, og má sjá, að svo var, af breytingaratkvæði því, sem þar að lútandi var upp borið á þinginu 1847.

Guttormur Vigfússon: Hinn konúngkjörni þingmaður, er nýlega mælti, ber mèr það á brýn, að eg hafi ei til greint, hvað það sè, er meiri hlutinn hafi ekki til greina tekið úr bænarskránni frá Norðurmúlasýslu. Eg ætlaði eg hefði dregið eingar dulur á það áðan, að meiri hlutinn hefði í ástæðunum fyrir áliti sínu lýst því yfir, að bænarskrá þessi inni hèldi eingin þau atriði, er áhrærðu verkefni nefndar þessarar, og að hún væri svo sèrstakleg, og þess vegna sennilegast, að taka hana ekki til greina, og er það auðsèð á dómi þessum, að hinn heiðraði þingmaður þarf ei að spyrja, hvað það sè, sem slept sè úr bænarskránni, þar það er alt, nema sú eina greinin, sem meiri hlutinn fann sèr tilefni til að taka inn í álit sitt, jafnvel þó hún væri það í bænarskránni, er sízt átti við verkefni nefndarinnar. En til þess að geta gjört þingmanninum fullkomna úrlausn, og einkum sýnt þinginu, hver þau atriði eru, sem meiri hlutinn hefir slept fram hjá sèr í bænarskránni, leyfi eg mèr að biðja hinn heiðraða varaforseta, að lofa mèr að lesa að minnsta kosti þann kafla úr bænarskránni frá Norðurmúlasýslu, sem eg ætla að einkum sè í þremur atriðum, er eg gat um að meiri hlutinn hefði geingið fram hjá í áliti sínu; hefir bænarskráin aldrei verið lesin upp hèr á þinginu; því vona eg, að mèr verði ei neitað um það nú, þegar svona á stendur.

Varaforseti leyfði.

Guttormur Vigfússon: Nú vona eg þingið hafi heyrt,

hvort það er tilhæfulaust, er eg bar meiri hlutanum á brýn. 1. greinin, sem eg las upp, er hin sama, sem meiri hlutinn tók inn í álit sitt og fordæmdi, og hefi eg viðurkent, að hún átti minnst skylt við málefnið, en eg vona og svo, að þingið hafi heyrt, að hinar 3 greinirnar, er eg las síðast, hafi vel átt við þetta mál, og hefði í því tilliti getað verið nefndinni til upplýsingar, að svo miklu leyti sem hún hefði viljað laga álit sitt eptir ósk beiðenda.

Eg ætla, að það sèu þá næg rök leidd að því, að það sè ekki án orsaka fundið að aðgjörðum meiri hlutans í þessu falli, undir eins og eg viðurkenni, að minni hlutinn hefir hæfilega í þessu tilliti gætt skyldu sinnar.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr virðist þingmanninum frá Norðurmúlasýslu taki sárt til bænarskráarinnar þaðan, og það er von; má ske hann eigi eitthvað í henni. En hvað sem um það er, þá ber nefndarálitið það með sèr, að öll hennar atriði eru áhrærð í meðferð nefndarinnar; eru ekki timburhúsin áhrærð í nefndarálitinu? Tekur ekki Reykjavík þátt í að svara kostnaðinum, enda nú, og hvað þá, ef timburhúsin í henni bætast við? Eru ekki embættismennirnir í og við Reykjavík áhrærðir í nefndarálitinu, og sú uppástúngan er þó, það eg man, hvergi að komin, nema frá Norðurmúlasýslu? Um öll atriðin segir nefndin álit sitt, nema má ske um það seinasta, og getur þá þingmaðurinn gert um það viðaukaatkvæði eða uppástúngu, ef hann vill.

Guttormur Vigfússon: Nefndarálit meiri hlutans ber með sèr seint og snemma, hvort bænarskráin hefir verið rètt og tilhlýðilega tekin til greina af meiri hlutanum, með því einúngis að kippa út úr henni því sem stendur í 4. grein álits hans, fella síðan fordæmingardóm yfir hana, en sleppa hinum atriðunum, er merkari voru og málefninu til upplýsingar.

Steffán Jónsson: Það munu flestir, sem verið hafa á hinum 2 þingunum, muna, hvernig geingið hefir að fá undirstöðustofn til að taka af alþingiskostnaðinn; uppástúngu nefndarinnar frá fyrsta alþingi gat stjórnin ekki fallizt á, en á seinna þinginu 1847 kom nefndin, sem þingið hafði kosið til að segja álit sitt um frumvarp stjórnarinnar, áhrærandi niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, fram á þinginu einúngis með það álit sitt, að ráða frá að frumvarpið öðlist lagagildi, án þess að benda á, hvernig haganlegast mundi verða að jafna þennan kostnað á

landsmenn, svo þær tillögur, sem þá komu frá þínginu í þessu máli, voru að öllu leyti eptir breytingaratkvæðum þingmanna, sem nefndin gekk þá líka sjálf inn á, og þegar svona er ástadt, má ætla, að ei hafi, ef til vill, heppnazt sem allra bezt að hitta á það allra réttasta og sanngjarnasta, enda getur þetta líka má ske átt sèr stað, hvað timburhúsin snertir; þau verða þó að heita annaðhvort fasteign eða lausafè; eg fyrir mitt leyti hefi álitið þau heyra undir lausafè, af því að af orðinu fasteign verður að skiljast fastur eða óhræranlegur eigindómur, en húsin eru hræranleg, þó ervitt sè, en jarðir ekki; timburhús verða, hvort sem er, að líkindum að taka þátt í alþingiskostnaði, líklega líkt og lausafè, þau veita líka rètt til kosninga og kjörgeingis, en samt held eg það ætti ekkert að takast til greina. Eg er því á þeirri meiníngu, að nefndin hafi rètt fyrir sèr með alþingiskostnað af timburhúsum í verzlunarstöðum; en (ef) sú þingkostnaðar greiðsla, sem hèr ræðir um, ætti einúngis að miða til þeirra þriggja þínga, sem nær því eru liðin, þá held eg menn gjöri sèr nógu mikið far um þetta; en nefndarálit minni hlutans talar um tímabilið, þángað til skattgjaldslögin koma út og alþingiskostnaður yrði tekinn í sameiníngu skattgjaldsins.

Stiptamtmaður: Eptir elztu lögum, bæði í Norvegi og hèr, voru timburhús álitin lausafè, eins og nefndin fer fram á, en sem fram liðu stundir, er svo komið, að þau eru skoðuð sem fasteign, að minnsta kosti að nokkru leyti; í tilliti til kjörgeingis hafa þau nú eptir alþingistilskipuninni verið skoðuð sem fasteign, en í nokkru tilliti eru þau enn skoðuð sem lausafè. Hvað Reykjavíkurbúa snertir, þá borga þeir að sínu leyti bæði af jörðum og lausafè alþingiskostnaðinn, en annað er það, hvort gjaldið til jafnaðarsjóðsins, sem greiddur er af sá hluti alþingiskostnaðarins, sem lagður er á lausafjárhundruðin, er í sanngjörnu og réttu hlutfalli við það, sem hinir hlutar umdæmisins greiða.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil geyma mèr rètt til þess varaviðaukatkvæðis, að *ef* uppástúnga minni hlutans um, að lagður verði alþingistollur á laun embættismanna, iðnaðarmanna, verzlunarmanna, tómthúsmanna handbjörg, *þá* verði tollur þessi einnig lagður á ársafla bóndans, hans ull, fisk, tólg, smjör og fleira, er bú hans af sèr gefur.

Framsögumaður: Eg verð að halda, að sú bæn sè feingin, þótt vèr biðjum ekki.

Th. Gudmundsen: Það er nú einmitt í dag liðið *1 ár og 6 dagar*, frá því að konúngurinn undir skrifaði hið opna brèf frá 18. júli 1848 um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóði alþingiskostnaðinn. Hefir þetta lagaboð einúngis einu sinni komið á þing, og get eg borið um það, að því hefir tregðulaust verið hlýðnazt og alþingistollurinn verið greiddur án nokkra mótmæla eða knurrs í Gullbríngu- og Kjósarsýslum. Það voru jafnvel margir af gjaldþegnum, sem lètu í ljósi, að þeim fyndist, að álaga þessi ekki væri há, enda minnir mig, að einúngis 4 eða 5 menn þar í sýslum hafi í þessu skyni greidt yfir 2 rbd., en mjög fáir hafa borgað yfir 1 rbd. Að fara nú að beiðast, að þetta nýa lagaboð verði felt úr gildi, eða um nýtt lagaboð í þessu efni, virðist mèr votta bæði hviklyndi, staðfestuleysi og relluskap einn. Þá færist þjóðinni og þínginu, sem rellóttu barni við móður sína, er fleygði því burt, er hún nýlega gaf því, og heimti annað í stað hins.

Því má ei heldur gleyma, að löggjöf þessi er af konúnginum gefin öldúngis samkvæmt tillögum alþíngis 1847. Nú er, eins og kunnugt er, í vændum ný tilhögun og skipun alþíngis, og eptir því sem hinn háttvirti varaforseti skýrði í ræðu sinni, er hèr einúngis umtalsefnið um kostnaðinn, sem risinn er af setum alþíngis 1845, 1847 og 1849. Ef nú alþíngi fer leingra út í þetta mál og fellst á nokkrar breytíngar í þeirri fyrr greindu löggjöf, þá mundi það reka sig í bága við sjálft sig og verða sjálfu sèr ósamkvæmt, og ætla eg því, að þetta sè ei gjörandi að svo stöddu, og ei fyrr, en vissa er feingin um skipulag, ætlunarverk og rèttindi alþíngis framvegis. Eg verð því að vera fastur á því, að það sè með öllu ótilhlýðilegt að svo komnu, að fara leingra út í þetta mál, en áskil mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að þíngið ekki sendi konúngi neina bænarskrá í þessu máli.

R. M. Ólsen: Hèr á þínginu hafa verið leidd rök að, hvort timburhús í verzlunarstöðum skuli teljast meðal fasteignar eða lausafjár, svo eg ætla ei að minnast á það; en þar eð einginn þíngmanna hefir áskilið sèr breytíngaratkvæði á þá leið, ætla eg að áskilja mèr það svoleiðis, að af timburhúsum í verzlunarstöðum verði tekinn alþíngiskostnaður, eins og af fasteign.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi enn þá ekki feingið svar frá

meiri hluta nefndarinnar upp á það, er eg spurði að áðan; en skyldi breytingaratkvæði það, er nú var upp borið, fá meðhald, verð eg að gjöra fleiri spurningar: fyrst, hvort nefndin hefir ætlazt til, að alþingiskostnaðurinn yrði einúngis lagður á timburhús, en ekki múr og steinhús? Í annan máta, hvort leggja skuli alþingiskostnaðinn á hús þau, er til heyra opinberum stiptunum; því mèr virðist það samkvæmt grundvallarreglu þeirri, að leggja alþingiskostnaðinn á þær svo kölluðu kóngsjarðir, og vona eg, að hinir lögfróðu menn upplýsi mig um þetta.

Stiptamtmaður: Það er satt, að einnig ætti að jafna alþingiskostnaðinum á múrhús, þó að eins sèu nefnd timburhús í álitsskjali meiri hluta nefndarinnar, og ekki heldur álít eg ástæðu til að undan þiggja torfhús í verzlunarstöðum þessari álögu, og ætti þá að meta þau eptir stærð, og er alt erviðara í tilliti til húsa, en í tilliti til jarða, að fá vissa og áreiðanlega undirstöðu fyrir hluttekníngu þeirra í alþingiskostnaðinum, enda eru jarðirnar lángt um óhultari eign, en hús í verzlunarstöðunum, meðan þau fást ekki í ábyrgð fyrir eldsvoða, og leiðir þar af meðal annars, að ekki má lána ómyndugra fè mót veði í húsum þessum.

R. M. Ólsen: Með tilliti til ræðu herra stiptamtmannsins get eg þess, að líks eðlis er eign timburhúsa og jarða, því opt býr jarðeigandinn á jörð sinni, eins og húseigandinn í timburhúsi sínu; hvorutveggi leigja jarðirnar og húsin líka stundum út mót árlegu eptirgjaldi.

Stiptamtmaður: Mèr virðast timburhús í verzlunarstöðunum geta verið líks eðlis nokkrum timburhúsum í sveit, og væri því undarlegt að leggja álögur á húsin í verzlunarstöðunum, en undan þiggja öll hús í sveitunum.

Þ. Sveinbjörnsson: Þíngmaður Húnvetníinga gat ei einnar kríngumstæðu við timburhúsin, þeirrar nefnilega, að þau geta brunnið að köldum kolum á einni nóttu; fyrir því þarf ekki að óttast, hvað jarðirnar snertir. Þessi ástæða held eg sè nóg til að gjöra þau að lausafè, og eru þau þó í þessu falli lausafè verri. Ef það nokkurn tíma kæmist á, að þessi timburhús væri óhult gjörð fyrir eldsvoða, þá má ske mætti telja þau með fasteign, eða mitt á milli lausafjár og fasteignar.

R. M. Ólsen: Eg viðurkenni sannindi þess, er herra konferenzráðið fram bar, um að timburhúsum væri meiri voði

og eyðilegging búin, en jörðum; þó má þess geta, að mjög sjaldan hefir húsbruna hér að borið, en það er *ekki heldur dæmalaust*, að jarðir hafa hèr gjörsamlega lagzt í eyði. Við þetta tækifæri vil eg bæta því við breytingaratkvæði mitt, er mèr gleymdist áðan, að alþingiskostnaður leggist einnig á múrhús í verzlunarstöðum, sem fasteign.

J. Thorstensen: Eg fellst fullkomlega á meiningu hins háttvirta 1. konúngkjörna þingmanns, er nýlega talaði, að timburhúsin ekki ætti að metast svo hátt til alþingiskostnaðar útsvars, sem jarðir eptir leigu þeirra, því þau eru svo fallvölt eign, á meðan engin útsjón er til, að þau fáist tekin inn í skaða eða brunabótarfèlag nokkurt.

Að sönnu er það satt, að við, sem búum í þessum kaupstað, höfum nú um lángan tíma sloppið fyrir töluverðum skaða af eldi, en sú var þó tíðin árið 1764, að fleiri timburhús brunnu hèr á einni nóttu, þegar klæðaverksmiðjan, er hèr var, brann til kaldra kola, og eyðilagðist við það.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis bæta því við, að þegar þess konar fèlög verða stofnuð, fá húsin verð, og verður þá hægra að meta þau og leggja á þau álögur, heldur en ef það ætti nú að ske einúngis vegna alþingiskostnaðarins, og virðist mèr einnig, að torfhús í kaupstöðunum ættu ekki að sleppa fyrir álögunni.

J. Thorstensen: Þá áskil eg mèr það viðaukaatkvæði eptir þingmannsins frá Húnavatnssýslu, að á meðan timburhús ekki komast inn í neitt brunabótarfèlag, verði þau ekki meira metin en að hálfu eptir afgjaldi þeirra móti jörðum, en þegar þau eru tekin inn í brunabótarfèlag, þá metin að fullu eptir þeirri brunabót, sem von er á.

Varaforseti: Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður hinnar veraldlegu stèttar er í breytingaratkvæði sínu nærri því sem mèr virðist rèttast. Tilskipunin leggur 1000 dala virði í timburhúsi móti 10 hundruðum í fasteign, og lætur það nærri hálfri virðingu. Það hefir verið aptur og aptur rædt hèr á þingi um fasteign geistlegra, hvort hún væri rèttilega lögð undir alþingiskostnaðinn, og ber eg á það eins fullkominn efa eins nú og fyrri. Herra stiptamtmaðurinn gat þess, að ekki leiddist inn nýr gjaldstofn í landinu, þó alþingiskostnaðurinn legðist á þetta gózz, því áður hefði hann á jörðum legið; en eg ætla þó, að gjaldstofn þessi sè spónnýr, því aldrei hefir

góz þetta verið álögum háð, ekki að eins sem laun embættismanna, heldur eins og *pium corpus* hefir það jafnan verið undan þegið. Eins er um hús opinberra stiptana, eg ætla þær muni aldrei eiga undir slíkar álögur að koma: þetta hús, sem nú erum vèr í, er þó án efa *pium corpus,* og á það án efa að vera álögufrítt, eins og önnur þess kyns.

Jón Jónsson: Það væri má ske vert fyrir þingið, fyrst það er komið hèr í umræður, að vita, hver hluttekning Reykjavíkurbæar, sem kjördæmis, væri í þingkostnaðinum í samburði við önnur kjördæmi landsins, og finnst mèr, eptir því sem eg hefi heyrt að máti væri til, að þegar 1 sk. væri tekinn af hverju lausatjárhundraði í landinu til jafnaðarsjóðanna, þá væri í samburði við það teknir til sömu sjóða 10 rbd. af Reykjavíkurbæ; finnst mèr af þessu leiða, að þegar ekkert er litið á hinn stærri stofninn í landinu, nefnil. jarðirnar og afgjöld þeirra, á hverjum kostnaðurinn liggur að þremur fjórðu pörtum, en einúngis litið á lausafèð, og það álitið hèr um bil 50,000, mundi hvert kjördæmi í landinu greiða til jafnaðar, að sömu hlutföllum og Reykjavík, 22 rbd., þar sem hún greiddi 10 rbd. til þingkostnaðarins, og veitir þá hægt að gjöra áætlun, hvað fasteignirnar leggja til, sem eru $\frac{3}{4}$ partar, og hver sem sèr, hvað lagt er á sitt lausafè, sèr um leið, hvað í hvert sinn er lagt á Reykjavík, og væri ekki af vegi, að þingið áttaði sig á þessu.

Stiptamtmaður: Eg skal geta þess, að Reykjavík, hvað jarðir snertir, tekur sama þátt í greiðslu alþingiskostnaðarins og önnur kjördæmi landsins, þar eð hún einnig í þessu skyni geldur af lausafè í sama hlutfalli, sem hún greiðir tillögur sínar til jafnaðarsjóðsins, en þetta við kemur ekki efni því, sem nú er til rædt um. Að því leyti hinn heiðraði varaforseti fer fram á, að prestajarðir væri nýr gjaldstofn, þá eru þær einginn nýr gjaldstofn, því þær eru þó jarðir, og undanþága þeirra er þá ekki bygð á eðli hlutarins, heldur, eins og eg áður hefi bent til, á kjörum presta hèr í landi. En ef þessar jarðir ættu ekki að verða undan þegnar, ættu, ef til vill, heldur ekki, ef reglan á að vera samkvæm sjálfri sèr, hús þjóðstiptana að vera undan þegin.

Th. Gudmundsen: Viðvíkjandi hluttekníngu Reykjavíkur kaupstaðar, hvar eg um tíma er settur til að gegna bæarfógeta störfum, í alþingiskostnaðargreiðslunni, skal eg leyfa mèr að

skýra þinginu frá, að á yfirstandandi ári eru goldnir af tún blettunum hèrna í þessu skyni 12 rbd., sem eg þó ekki enn þá er búinn að leggja í jarðabókarsjóðinn, en úr bæarins sjóði eru greiddir til jafnaðarsjóðs suðuramtsins 20 rbd. eður 1920 sk.; nú var hèr í suðuramtinu í ár einúngis jafnað 2 sk. á sèrhvert tíundarskyldugt lausafjárhundrað til greiðslu alþíngiskostnaðarins og annara þarfa jafnaðarsjóðsins, og samsvarar því þessi greiðsla til jafnaðarsjóðsins úr sjóði kaupstaðarins 960 hndr. í lausafè, eða þeim skerfi, sem þessi stofn mundi hafa látið í tè.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg get ekki komið fyrir mig ástæðum stiptamtmannsins fyrir því, að gjaldið, lagt á mensaljarða afgjald presta, ei sè að leggja á nýan gjaldstofn, því sá kostnaður væri lagður á afgjaldið, en ekki á jarðirnar. Það er afgjald mensaljarðanna, sem prestinum er lagt til launa, en jarðirnar ekki. Jarðanna verð minkar ekki við álöguna, heldur ávöxtur jarðanna, afgjaldið, og hann er lagður prestinum til launa. Laun hans fyrir árs erviði sitt minka því, og þannin er það atvinnuskattur.

Eyólfur Einarsson: Eg hefi verið á þeirri meiníngu, að þíngið ætti einasta að tala um þann gjaldstofn, sem borga ætti fyrir þann kostnað, sem flyti af þessu og þeim liðnu tveim þíngum; en við ræðu þess háæruverðuga konúngkjörna þíngmanns, er áður mælti, að eptirtíðar þíngmenn mundu má ske líta til þeirra gjaldstofna, sem nú kæmu til umtals, um þíngkostnað síðar meir, vil eg geta þess, að almenn ósk hèraðsmanna er, að fjölgað sè þíngmönnum, það er og ósk mín, sjálfsagt til næsta þíngs. Þegar eg af ræðum þíngmanna verð að fallast á, og það verði ofan á, að laun fulltrúa lækki ei að mun, virðist óþolandi fyrir þá gjaldþegna, sem nú eiga að borga kostnað þennan, að gjalda hann, undir eins og ógjörlegt þeim mönnum, sem þjóðin hefir kosið til setu hèr, að kveða ei til fleiri gjaldstofna. Þíngmenn muna, að gjaldstofn sá, sem þjóðin ætlaðist til að gjald þetta að væri bygt á, var alt hundraðatal landsins, en þar þíngmönnum fannst það ógjörlegt vegna innvortis ójafnaðar á hundruðunum, fèllu þíngmenn því upp á, að tollur þessi greiddist af afgjaldi þeirra, því það virtist meiri sannsýni, þó eg og aðrir þíngmenn þá undan skildu mensal- og mildra stiptana jarðir, virðist mèr nauðsyn til, að öll fasteign í landinu sè sá stofn, sem gjald þetta byggist á, svo vel mildra stiptana, sem mensal-

jarðir, þó með þeirri undanþágu, að allar mensal-eignir, sem tilheyra meðal og minni brauðum, sèu undan þegnar þíngkostnaði, jafnvel þó eg viti, að um mildra stiptana jarðir má segja, að maður láti út með annari hendi og taki inn með hinni, það má og segja eins um konúngsjarðir, en þar á móti segi eg, að bæði er það rètt í eðli sínu, og gjaldþegnum minna tilfinnanleg útlát; áskil eg mèr því það breytíngaratkvæði, að allar mensal-eignir, sem tilheyra meðal og minni prestaköllum, sèu undan þegnar álögu til þíngkostnaðar.

Stiptamtmaður: Sá virðuglegi þíngmaður, sem seinast ræddi, hefir rètt að mæla, að jarðirnar sjálfar eru gjaldstofninn, og hefir þetta einnig verið tilgángur stjórnarinnar, eins og sjá má af opnu brèfi 18. júlí 1848, 1. og 2. grein, og er leigumálinn að eins við hafður, sem mælikvarði fyrir álögunni. Nefndin sjálf hefir skoðað þetta á sama hátt, því eins og lagaboðið segir, að það eru eigendurnir, sem á endanum eiga að greiða alþíngistollinn, þannig til greinir nefndin í staflið *d* „beneficia prestanna og þær jarðir, er þar undir hverfa“, sem undirstöðu undir alþíngiskostnaðar álögurnar, ef þær á annað borð ætti að leggja á.

Varaforseti: Mèr finnst það athugavert við ræðu þíngmannsins frá Barðastrandarsýslu, þótt hún feingi meðhald herra stiptamtmannsins, að eiginlega hvíli gjaldið á jörðunni sjálfri, en ekki á afgjaldi hennar, því bæði hefir stjórnin í opnu brèfi af 18. júlí 1848 lagt gjald þetta á afgjaldið, og dómsmálastjórnarinn hefir svo ráð fyrir gjört, að þannig skuli alþíngiskostnaðinn taka. Það væri einnig hið órímilegasta, að leggja afgjald á jörðu án tillits til afgjaldsins; því hver eru notjarðar önnur, en afgjöldin?

Eyólfur Einarsson: Eg held sá heiðraði varaforseti hafi ekki hrundið ástæðum mínum, og ekkert sannað með því hann nú mælti; því bæði sannar frumvarpið frá stjórninni það, að jarðirnar eru undirstaða gjalds þessa, en ei afgjald þeirra, þó þíngmenn vegna ójafnaðar hundraðanna geingju inn á afgjaldið; eg er líka viss um, að þíngmenn ei hefðu gripið til þessara úrræða, ef nokkur jöfnuður hefði verið á hundraðatali jarðanna og þar af fljótandi afgjaldi þeirra. Stiptamtmaðurinn hefir og optar í dag sannfært mig um, að sá skoðunarmáti væri rèttur, að jarðirnar, en ei afgjaldið, væri sú rètta undirstaða gjalds þessa.

Stiptamtmaður: Eg skal að eins vísa til lagaboðsins sjálfs, og brèfs dómsmálastjórnarherrans frá 18. júlí 1848, sem mæla svo fyrir, að þremur fjórðu pörtum alþingiskostnaðarins sè jafnað niður á allar jarðir á landinu eptir leigumála þeirra, og virðist mèr af því auðsætt, að jarðirnar sjálfar eru gjaldstofninn, en leigumálinn mælikvarði fyrir niðurjöfnuninni.

Guttormur Vigfússon: Jafnvel þó eg sjái, að það yrði ekki þúngbær álaga, er lenti á hverjum einum, ef alþingiskostnaðinum yrði skipt á afgjald allra jarða í landinu, þá vil eg þó samkvæmt því, er bænarskráin frá Norðurmúlasýslu fer fram á, þar mèr virðist það sanngjarnt, áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að allar lèns eða kirkjujarðir þeirra kalla, sem eru lakari en meðallags eptir síðustu skýrslum (spesificazíón) til biskupsins, sèu undan skildar alþíngiskostnaðar álögunni.

Eyólfur Einarsson: Það gleymdist mèr að taka fram, þá eg ræddi síðast, að íbúðarhús í kaupstöðum og höndlunarhús sèu og tekin inn sem gjaldstofn þíngkostnaðar, en eptir þeirri reglu, sem hinn konúngkjörni þíngmaður áðan mælti, það hálfa á móti afgjaldi jarða, virðist mèr það sanngjarnt; það sýnist og, þegar frumvarpið áskilur, að sá, sem er kjörgeingur, eigi hús, sem kosti 1000 rbd., benda til þessa, því ei munu dæmi, að 10 hnd. í jörð kosti jafnmikið.

Th. Gudmundsen: Á Vestmannaeyum er svo ástadt, að næstum því öll hús hjá bændum eru af timbri, svo var það fyrir 10 árum, en Vestmannaeyar er þínghá sèr, og kaupstaður á eyunum.

Þótt eg nú eingan veginn sè mótfallinn því, að timburhús í kaupstöðum taki þátt í alþíngiskostnaðinum, ætti þó ekki að leggja hann á timburhús bænda á landsbygðinni. Því er það, að eg leyfi mèr að fram bera það viðauka-atkvæði viðvíkjandi Vestmannaeyum, að einúngis timburhúsin í sjálfum kaupstaðnum þar sæti álögu þessari , en að bændahúsin og annara utan kaupstaðarins verði undan þegin henni. Þókti mèr nauðsyn til bera, að taka þetta fram, af því Vestmannaeyar eru lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, og á þeim kaupstaður, til þess að öllum vafa sè hrundið burt um timburhús bænda þar á eyunum.

Jón Þórðarson: Hvað Vestmanneyar snertir, ætla eg þeim borgið, í tilliti til hinna smærri timburhúsa, fyrir uppástúngu meira hlutans.

Þ. Sívertsen: Eg held eg verði að fylgja straumnum, og tala fáein orð, til þess sèzt geti, hverju eg muni helzt veita atkvæði. Eg get orðið því fáorðari, sem margt eða flest af því, sem eg ætlaði að álíræra, er nú þegar rædt, en á það skal eg ekki draga dulur, að eg fremur aðhyllist uppástúngu meiri hluta nefndarinnar, þó mèr þyki hún nokkuð ísjárverð, hvað timburhúsin snertir. Minni hlutanum get eg því síður orðið samferða, sem hann hefir kunngjört, að hann væri að búa til lög, sem ekki einúngis skyldu gilda fyrir þau nú þegar höldnu þíng, hvað kostnaðar endurgjald þeirra snerti, heldur fyrir hin eptirkomandi, sem mèr getur nú ekki fallið allshendis vel, og tek til, það sem næst er fyrir hendi, fund þann, sem talað er um að haldinn verði hèr að sumri, sem eg veit nú ekki hverju nafni þessi hluti nefndarinnar vill nefna; eg ímynda mèr þó, að alþíngisfundur heiti það ekki, eg hefi haldið það mundi verða nokkurs konar grein af ríkisfundi Dana, þeim fundinum, er semur frumvarp til ens nýa stjórnarforms, og þessir fundir, hvar helzt sem væru, snertu ekki einúngis þann hluta ríkisins, hvar þeir haldnir væru, heldur ríkið sameiginlega, og játa eg það, að sè þessi skoðun mín rètt, þá er mèr hitt óljóst, að hve miklu leyti okkur ber að standa kostnaðinn, hvort heldur að öllu eða ekki, en mjög svo ísjárvert þækti mèr, að stínga nú upp á löggjöf þeirri, er skuldbindi okkur, fremur en hæfði og rèttur væri til. Eg hefði helzt viljað, að þessu efni hefði ekki verið hreift að svo stöddu, og eingin bænarskrá um það samin eða send stjórninni, því eg ætla, að hvorki sè álaga þessi svo fjarskalega þúngbær, nè heldur niðurjöfnun hennar eins óþokkasæl, og nokkrir einstakir láta; en það er eitt, sem heldur mèr frá því, að fylgja því fastlega, að eingin bænarskrá verði samin, og það er sú fráleita skoðun, sem hefir látið sig í ljósi á skilníngi löggjafarinnar, þar eð margir hafa skilið hana á þann veg, að bændakirkna eignir ekki væru undan þegnar álögunni, að öðru leyti en því sem prestsmötuna snertir, og hefi eg nú verið og er einn meðal þeirra; en aptur aðrir hafa látið þessar fasteignir með öllu undan þegnar, og það hygg eg þá sterkustu orsök til óánægju þeirrar, sem sumstaðar kann að hafa hreift sèr um niðurjöfnun gjaldsins. Um þetta atriði þarf má ske nýa löggjöf, til þess að taka allan vafa í burtu; en hvað því að öðru leyti við víkur, er minni hluti nefndarinnar stíngur upp

á, þá virðist mèr, eins og hann hafi hleypt sèr í þær ógaungur, að óvíst mundi, hvar hann lenti, og það sýnist hann að hafa viðurkent og sèð, þegar hann þó snýr aptur, fyrri en á miðri leið; hann að sönnu kemst svo lángt, að leggja tollinn á, að hann hefir náð, eða vill ná í embættalaun presta, embættismanna annara, laun umboðsmanna, verzlunarmanna og þurrabúðarmanna, en hann snýr frá iðnaðarmönnum, lausamönnum, vinnuhjúum, bóndanum sem bónda, og fleiru, sem ættu þó að vera í sama hlutfalli og hinir, því vilji hann koma atvinnuskatti á, má hann ekki gleyma neinu; eg veit nú ekki, hvort öðrum fer eins og mèr, mig hryllir við nafninu atvinnuskattur, og fell í undrun yfir því, að nokkur hinna heiðvirðu manna, er hèr eru saman komnir, gæti feingið af sèr, að stínga upp á því, að þess háttar álaga nokkurn tíma feingi hèr bólfestu. Eg fell líka í undrun yfir því, að nokkur skuli nú fara fram á það, þvert á móti því sem fyrir tveimur árum var ályktað hèr á þínginu næstum samhuga, að ljensjarðir presta ekki sèu undan þegnar álögunni, þær jarðirnar, sem eg þrátt fyrir alt það, sem hèr hefir verið rædt á móti því, hiklaust þori að kalla embættislaun prestanna, það er að skilja afgjald þeirra jarðanna, og á sumum stöðum er það má ske sú mesta inntekt prestsins, hvar tíundir eru litlar og fólkfá sókn, og tíundir þær, er gjaldast eiga, má ske greiðist, eptir sem hèr hefir áður hreift verið, í ýmislegu, jafnvel eins og máltækið segir, í skjaldaskriflum og baugabrotum. Ætti nú þessu að verða framgeingt, að prestar greiddu af embættalaunum sínum, tel eg alla sanngirni mæla með, að embættamenn aðrir, sem hafa sumir hverjir má ske tífalt meiri laun, greiddu tollinn líka, og að eingin embættalaun slyppu þar frá, og einginn sá, er nokkra inntekt hefir; en allir sjá þó, hvort það er hins vegar sanngjarnt í þessari minni hlutans uppástúngu, að fátæklíngs þurrabúðar maðurinn, sem rær út á sjóinn, og kemur í land að kvöldi með fáeina fiska til að sjóða og borða, verði þó að greiða af þeim toll, eins og jarðeigarinn af fasteign sinni; en hvernig uppástúngumaður ætlar nú að fá þessari tollheimtu framgeingt, svo vel fari, það er mèr óskiljanlegt; hann hefir gleymt að fræða menn á því, hvers eg þó óska; hann hefir að sönnu sagt, að hann bygði á sögusögn greiðenda, og framtali stofna þessara allra til alþíngistollsins, en það hefir óvart orðið eptir hjá honum, að geta þess, hvaða

straff ætti að liggja við undanskotum eða raungu framtali fjárins, sem tollurinn á að greiðast af, eins og t. a. m. sektir liggja við raungu tíundar framtali; hann hefir haldið, að byggja mætti eins á sögusögn viðkomenda, hversu margir sem stofnarnir yrðu, eins og það er gjört um afgjald jarða og framtölu lifandi penings, en þetta held eg ekki, því aðrir segja til jarða afgjaldsins, en lifandi skepnum er óhægra að leyna, en t. a. m. launum og inntektum verzlunarmanna, og fleiri. Því hefir verið hreift, að prestar margir óski þess sjálfir, að lènsjarðir þeirra væru ekki undan þegnar, en að þeir mættu greiða af þeim toll að jöfnuði, og veit eg ráð til þess, að ósk þeirra, ef nokkrir eru, sem frambera hana, heyrist, það nefnilega, að þeir greiði og frambjóði tollinn, sem þá yrði að líkindum meðtekinn, en eg ætla það sè ekki ætíð samfara, að segjast vilja, og sýna alvöruna í verki. Hèr hefir nú verið hreift mörgum breytíngaratkvæðum viðvíkjandi timburhúsa tollinum, svo óvíst er, hvað verður ofan á af þeim; hinn virðuglegi þíngmaður Húnvetníinga minnir mig hafi stúngið upp á því, að telja timburhúsin líkt og fasteign eða jarðir, í tilliti til tolltökunnar, en eg held hann hafi þó gleymt því, að áskilja sèr breytíngar atkvæði á þá leið, um timbur og múrhús þau, sem vera kunna híngað og þángað út um landið, og þíngmaður Barðstrendínga gjörði það ekki heldur; og ætla eg því að stínga upp á því, ef þingið annars fellst á tolls uppástúngu nefndarinnar af timburhúsum, að það nái eins til allra timbur og múrhúsa, hvar helzt þau eru á landinu, því eins og þess háttar hús út um landið geta verið eign bænda, þá er eins um mörg timburhús í kaupstöðum, og tek eg til hèr í Reykjavík, hvar ekki öll þau hús munu til heyra embættismönnum nè kaupmönnum, heldur mörg hver iðnaðarmönnum og bændum; og geymi eg mèr rètt til viðauka-atkvæðis á þá leið. Þíngmaður Eyfirðínga minnir mig færi fram á það, hvort timburhús mundi teljast eiga með fasteign, og er nú eins og mig minni, að svo sè, eptir tilskipan 8. febr. 1840, þó eg hafi hana nú ekki við hönd og geti því skjátlað; en hvað um það er, get eg eingan veginn fallizt á, að tollurinn greiðist jafnt af timburhúsum sem fasteign, heldur, ef hann nokkur yrði, þá ekki hærri, en meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á, því eg held allir hljóti þó að viðurkenna, að munur sè á 100 rbda. virði í húsi, eða jörð; húsið getur, þegar minnst varir, staðið í ljósum loga, en

jörðin fer þó aldrei svo, meðan landið er við lýði, að ekki sè eptir einhver urmull hennar.

Kr. Magnúsen: Þar eð alla reiðu er svo mikið rædt í þessu málefni hèr á þínginu á ýmsa vega, vil eg ekki, til að spilla tíma, leingja það, en einúngis láta þá meiníng mína í ljósi, að eg að öllu leyti fellst á uppástúngu meiri hluta nefndarinnar og þær ástæður, er sá fyrsti háttvirti konúngkjörni þíng- og nefndarmaður hefir í sínu nefndaráliti til styrkíngar fram fært; en hvað því við víkur, sem minni hluti nefndarinnar hefir fram á farið, þá hygg eg því með umræðu fleiri þíngmanna hrundið, og mun það því sem ástæðulítið falla af sjálfu sèr.

J. Jónsson: Af því eg sè nú ekki fyrir mèr þær miklu ógaungur hèrna meginn í þíngsalnum, sem hinum góðgjarna þíngmanni Dalasýslu virðist eg vera kominn í, þá ætla eg þó að áræða að standa upp og svara honum einu orði, sèr í lagi í tilliti kvíða þess, sem hann ber fyrir því, að einginn sannleiki, sem á mætti byggja, mundi fást í skýrslum þeirra, sem sjálfir ættu að gefa þær í tilliti grundvallar fyrir alþíngiskostnaðinum, og held eg hann vilji nú með þess háttar ummælum sannfæra þíngið eður og mig um það, sem eg hefi aldrei fyrr trúað, í tilliti landa hans Vestfirðínga, „að ekki mundi þeir sem trúastir í fjárframtalníngu sinni“, og sem þeir eru eptir vonum að mótmæla í tímariti sínu. En hvað hinu líður, að hann undrar sig svo mjög yfir, að eg ekki gjörði uppástúngu um nýa ströffunar löggjöf handa þess háttar mönnum, þá undrar mig eingu minna, að hann í þeirri stöðu, sem hann þó á að vera, ekki skuli þekkja þau lög, sem til að mynda eiga við tíundar undandrátt, hospítalsliluta óskilvíslega meðferð og s. frv., sem eg held vel ættu við þessi hans ímynduðu lagabrot.

En að því leyti hann kynni vilja ímynda sèr, að þjóðin greiði prestum sínum skyldur sínar í *skjaldaskriftum* og *baugabrotum*, verð eg að játa, að mèr eru ókunnugar þessar vörur vesturlandsins; en ef þessi ummæli eiga að þýða það, að greidt sè í ónýtum eður fánýtum hlutum til presta, verð eg þjóðarinnar vegna fullkomlega að neita sannleika þessarar hugmyndar, og held eg þess háttar ummæli, sem þessi eru, færu betur ótöluð, en töluð.

Þ. Sivertsen: Hinn virðulegi framsögumaður hefir annaðhvort misskilið mig með öllu, eða misheyrzt, eptir sem honum fórust nú orð; eg ætla einúngis að láta hann vita, að af ræðu hans fræddist eg ekkert, og eg held enginn þíngmanna, um það er eg óskaði fræðslu á, og kalla eg það ekki fákænsku, þó menn ekki geti spáð sèr áfram í því, sem ekki er minnzt á með einu orði, en hitt ætla eg fákænsku, þegar sá, sem ekki er nema íslenzkur maður, lætur ekki skilja algeing íslenzk orðatiltæki, svo sem það, hvað meint er með orðunum *skjaldaskrifli og baugabrot.* Að öðru leyti þyki mèr ekki við eiga, að svara þíngmannsins ræðu, er í einhverju úrræðaleysi sýndist fara út fyrir efni málefnisins.

Framsögumaður: Eg fæ nú ekki leingur af mèr, að svara þessum eða þvílíkum ummælum, sem þá mundu seint þrjóta.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að spyrja þíngmann Dalasýslu, hvort það er meiníng hans, er hann stakk upp á, að leggja alþíngistoll á öll timburhús í landi hèr, að hann líka sè lagður á timburkirkjur þær, sem nú er farið að byggja, þar sem torfkirkjur voru áður, enda þó biskupinn álíti það einga lagaskyldu að byggja þar trèkirkju, sem áður var torfkirkja. Skyldu bændur fara að byggja timburhús á jörðum sínum, gæti það verið ísjárvert, að leggja gjald á hús þessi, ef af því kynni að leiða, að það yrði svo óvinsælt, að það yrði svo nytsömu fyrirtæki til fyrirstöðu.

Það eru víst ekki gustuk, að setjast á þann heiðraða framsögumann; því nógu mörgum þarf hann að svara, þó eg geingi undan, en þó verð eg að geta þess, er hann mintist á það, hvað lítið Reykjavík tæki þátt í alþíngiskostnaðinum sem kjördæmi, að ekki verður eptir því farið, hvað mikið hvert kjördæmi geldur, þegar það geldur jafnt við önnur kjördæmi af þeim gjaldstofnum, sem lögákveðnir eru.

Framsögumaður: Þetta var að eins skoðun mín, en eingin uppástúnga, hvað hluttekníngu Reykjavíkur snertir í alþíngiskostnaðinum.

Þ. Sivertsen: Það er einúngis með tilliti þess, er hinn virðulegi þíngmaður Strandasýslu vèk til mín, að eg nú tek til orða, og læt hann vita, að eg því síður ætlaðist til, að tollurinn legðist á timburkirkjur, sem eg hefi látið á mèr heyra, að ísjárvert mundi, að leggja hann á timburhús kaupstaða, því af því mundi leiða þá reglu, að hann legðist á timburhús út

um landið, er mèr finnst með öllu sjálfu sèr samkvæmt, og því bar eg upp viðauka-atkvæði mitt, ef timburhúsa álögunni skyldi verða framgeingt.

En þar eg tók þetta ekki greinilega fram, bæti eg því við mitt viðauka-atkvæði, „að kirkjum öllum undan skildum".

J. Thorstensen: Eg verð að biðja þingið að lofa mèr að bæta við viðauka-atkvæði mitt þeim orðum, að í staðinn fyrir *timburhús* mætti standa *kaupstaðarhús einstakra manna, hvort heldur eru bygð af timbri eður múr.*

Árni Helgason: Eg leyfi mèr og að bera fram það breytíngaratkvæði, að ef þingið fellur upp á, að leggja þingtoll á öll íbúðar eða geymsluhús í kaupstöðum landsins, þá sè líkur tollur lagður á hvert hús í landinu, hvort heldur af timbri, steini eða torfi. Eg undan tek að eins þau hús, sem leigð eru, hvort heldur til íbúðar eða geymslu, öðrum út í frá, og gefa svo eigandanum árlegan arð; þau vil eg svari að tiltölu þessum tolli, þó hin húsin slyppu.

Framsögumaður: Eg held það ætti að bæta þeirri áthugasemd við ræðu hins velæruverðuga þingmanns, sem nú mælti, að timburhúsin út um landið eru í veru sinni bæirnir á jörðunum, og alþingiskostnaðurinn er greiddur af jörð og bæ í einu, þar sem hann er lagður á afgjöldin.

þ. Sivertsen: Eg kann enum háæruverðuga þingmanni, varafulltrúa Reykjavíkur, miklar þakkir fyrir hans viðauka-atkvæði; með því sýndi hann svo ljóslega fram á, í hverjar ógaungur menn komast, þegar farið er að tína saman fleiri gjaldstofna í Íslandi, en þá tvo, fasteignirnar og tíundbært lausafè; hann sýndi fram á, að ef tollur væri tekinn af öllum timburhúsum, mundi með sömu stefnu mega halda áfram til moldarkofanna; og eg vona, að honum með fáyrðum þessum hafi heppnazt að benda þingmönnum svo, að enginn, eða fáir þeirra, muni veita atkvæði því, er leiðir í þær gönur, sem uppástúnga minni hluta nefndarinnar og sum breytíngaratkvæðin sýnast benda til.

Guðmundur Brandsson: Ekki get eg haldið, að á sama standi, hvar timburhús eru bygð, því mèr virðist kostnaður til þeirra vaxa talsvert af viðarflutníngum lángar leiðir, þegar þau eru niður sett upp til sveita; öðru máli sýnist mèr vera að gegna, þegar þau eru bygð við sjóarsíðu einkum í kaupstað, eins og t. a. m. hèrna, þar sem þau verða leigð svo dýrt, að

það getur samgilt beztu jarða afgjöldum, og hefi eg fyrir mèr í þessu einmitt sögn þeirra manna, sem orðið hafa að búa í leiguhúsum í Reykjavík.

Því hefir verið hreift hèr í dag af einum hinum konúngkjörna varaþíngmanni, að óánægja hjá þjóðinni yfir gjaldgreiðslumáta alþíngiskostnaðarins mundi ei vera svo mikil, sem orð væri á gjört, og vildi hann leiða rök að þessu frá kjördæmi því, er hann átti að safna af alþíngistollinum. Eg var nú einn með fleirum á einu þeirra manntalsþínga, sem gjaldgreiðslu þessari var lokið, og þó það væri gjört ummælalitið í það sinn, þá er ekki sagt þar fyrir, að allir hafi gjört það með ljúfu geði, því sá, sem móti gjaldi þessu tók, tók einúngis á móti skildíngum þeim, er í því skyni greiddir voru, en hugsanir gjaldendanna sá hann þá ekki, því satt að segja, þá hefi eg orðið var megnrar óánægju yfir því, hvernig kostnaði þessum væri niður jafnað, og hefir hún eins átt sèr stað hjá þeim, sem greiddu á hinu áminnzta þíngi, sem öðrum út í frá, er eg hefi talað við um þetta efni. Það var sagt hèr í dag, að það væri hviklyndismerki, og jafnvel barnaskapur þjóðarinnar, ef hún nú vildi fara að breyta rúmlega ársgömlu lagaboði; eg er nú eingan veginn þeirrar meiníngar, eg held miklu heldur, að það sè merki stolts og sjálfbirgíngsskapar, að vilja ei kannast við takmörkun þekkíngar sinnar, eg held það sè eingin vanvirða að kannast við skammsýni og ófullkomleika sinn, og breyta því, sem breytt verður til betra. Það efar líklega einginn, að lagaboð það, er hèr ræðir um, hafi svo vel verið hugað og af hendi leyst í hitt hið fyrra sumar af þíngmönnum, að þeir hafi ekki getað það betur í það skipti, jafnvel þó það komi nú til nýrrar yfirvegunar, það geta þó allir sèð, að fèlagsandi er þar ekki vel vakandi, hvar nokkrir vilja draga sig í hlè, þegar greiða á gjöld þau, er horfa til almennra heilla eflíngar, og til hvers er alþíng á stofn sett, ef ekki til þess? Þar sem talað var um, að það yrði eins konar atvinnuskattur, ef lagt yrði gjald á tekjur presta og laun annara embættismanna, þá vildi eg mega spyrja, hvað lausafjártiund bænda væri: hvort hún væri ekki að nokkru leyti svipuð atvinnuskatti, eða rèttara sagt, hvort gjöld þau, er á henni grundvölluðust, væru ekki eins konar atvinnuskattur. Þar sem talað hefir verið um, að stjórnin eða þjóðin tæki það aptur, sem hún hefði úthlutað embættismönnunum, ef hún færi nú að leggja toll á laun þeirra,

og yrði hann þá næringar eða atvinnuskattur, þá vildi eg mega spyrja, hvað nafnbótaskattur væri, hvort hann væri ekki í vissum skilningi næringar eða atvinnuskattur, og hvort stjórnin ekki með þessu móti tekur að nokkru leyti aptur, það sem hún hefir gefið. Því verðskuldi þeir virðingu, sem nafnbæturnar eru veittar, þá finnst mèr óviðfeldið, að þeir skuli verða að kaupa hana, og það jafnvel á stundum mót vilja sínum, og þá er virðing þessi að miklu leyti inni falin í titlum, sem margir alþýðumenn skilja ei hvað tákna eiga, og eru nöfn þeirra því í eyrum margra, sem hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Eg held því, að þessum mönnum væri eingin vansæmd að, þó þeir verðu litlum hluta launa sinna til greiðslu þingkostnaðarins, eins og þeir taka mikilvægan þátt í störfum þingsins, og njóta sem aðrir ávaxta þess. Ef eg hefi nú ránga skoðun á þessum hluta málefnisins, sem nú er umræðu efni, þá óska eg aðrir leiðbeini mèr, og tek eg því öllu þakklátlega, sem ekki stríðir á móti sannfæringu minni. Ekki get eg felt mig við þá skoðun, sem sumir hafa látið í ljósi, að alþingiskostnaðurinn, eins og hann er nú greiddur, sè ekki lagður á jarðirnar, heldur afgjöld þeirra, því væru ekki jarðirnar til, væru heldur ekki afgjöld þeirra til, svo mèr sýnist það hvorugt mega annars missa. Það var áðan kallaður nýr gjaldstofn, ef lagt yrði á tekjur embættismanna; eg held alþing, eins og það er núna, nefnil. ráðgjafarþing, sè líka ný stiptun; hvað er þá á móti því, að nýar álögur komi með nýrri stiptun? Enda hefir það verið sagt hèr á þingi, að allir menn væru með þeim skildaga til embætta komnir, að þeir yrðu að þola þær breytingar, sem löggjöfin kynni að gjöra á kjörum þeirra.

Ásgeir Einarsson: Það hafa ekki allir sama láni að fagna og hinn háæruverðugi þingmaður Reykjavíkur, að fá bæði hrós og þakklæti, eins og hann nú, í fyrsta sinni er hann stendur upp til að tala; en alt fyrir þetta þarf eg að fá upplýsingu um breytingaratkvæði það, er hann nú bar upp. Eg veit ekki, eptir hverjum reglum hann vill leggja þennan toll á, eða hvernig hann vill virða húsin, hvort heldur spíturnar einsamlar, eða veggi og tópt með og hvern moldarköggul í veggjunum, þegar þeir eru farnir að hrynja; en aðgætandi er greinarmunur sá, sem er á ábýlisjarðar húsum og húsum í Reykjavík. Jarðarhúsin eru orðin til, af því jörðin er til, því án þeirra er hún

óbyggileg, en húsin í Reykjavík eru einúngis orðin til vegna mannanna, er í þeim búa. Mèr fannst stiptamtmaðurinn hafa gjört það skiljanlegt, hvernig greniarmun þessum væri varið, þegar hann var að tala um ástæður fyrir því, að leggja alþingisgjaldið á öll hús í verzlunarstöðum, af hverju sem gjörð væru. Eg er hræddur um, að uppástúngan, ef henni yrði framgeingt, fældi menn frá húsabyggíngum á ábýlum sínum, ef þeir ættu von á áminnztum skatti á þau, því eg veit þessi dæmi, að til allra húsa á jörð hefir verið kostað nærfelt verði hennar, þegar reiknaður er allur kostnaður byggínganna. Eg veit að sönnu ekki, hvað uppástúngan á að ná langt í tilliti til húsanna, hvort leggja ætti gjaldið á hvern smákofa, svo sem skothús, sem víða eru á jörðum, og gæti það verið nokkuð vandasamt að búa til reglur fyrir því. Hægra yrði að fara eptir uppástúngu þíngmannsins frá Dalasýslu um virðíngu á smá-timburhúsum, sem farin eru að tíðkast á bæum. En fari nú svo, að fallizt verði á öll breytíngaratkvæði þau, er upp hafa verið borin, einkum þau, er leggja alþíngiskostnaðinn á laun embættismanna, áskil eg mèr það viðauka-atkvæði: að alþíngismenn gjaldi af þíngfararkaupi sínu öllu að tiltölu, eins og embættismenn af launum sínum.

Ekki get eg borið á móti því, að eg hafi heyrt óánægju yfir niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins, þó það hafi verið mest út af því, að af bændakirkjueignunum hefir ekkert verið tekið, og af því að ekkert hefir verið lagt á hús í verzlunarstöðum; líka hefi eg heyrt ýmsa mæla með því, að gjald þetta væri lagt á laun embættismanna og jafnvel embættismenn sjálfa; en ástæður til þessa verða að metast eptir skynsamlegum og löglegum ástæðum, en ekki eptir því, hverrar stèttar þeir eru, sem þær fram bera. Þegar eg 1845 bar upp það breytíngaratkvæði, að leggja alþíngiskostnaðinn á afgjald allra „privat“ fasteigna, þá hafði eg í huga, að þá nýr tollur yrði lagður á, sem ekki ætti leingi að vara, þegar von væri á algjörlegri breytíng skattalaganna, yrði að leggja á þann gjaldstofninn, sem undir minnstum álögum væri, en ervitt mundi vera, að leggja á eins marga gjaldstofna og í dag hefir verið uppástúngið. Eg gat hvorki þá nè síðan gjört mèr það skiljanlegt, að það væri skynsamlegt að leggja skatt á laun embættismanna, þar mèr virtist það vera sama sem að taka með annari hendinni, það sem maður gæfi með hinni, og væri þá fyrir-

hafnarminna að gjalda þeim ekki meira en svo, að ei þyrfti að ómaka sig á að taka af þeim aptur og sama virðist mèr, vera um mildar og opinherar stiptanir, en mèr þykir betur fara, að málið var tekið til yfirvegunar, ef fyrir það gæti feingizt bót á þeim tveimur atriðum, er mest þykir hafa yfirsèzt, nefnilega með bændakirkna afgjaldið og kaupstaðarhúsin, þó eg sè á því, að mjög varlegt væri, að leggja á þau hátt gjald, meðan þau hefðu eingan ábyrgðarsjóð, því eg álít þau mikið stopulli eign, en aðra fasteign.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að þó það geti sýnzt óeðlilegt, að taka úr einum sjóð og leggja í annan, er það samt við tekið sem almenn regla, að allir sjóðir borgi álögur þær, sem á þeim liggja eptir undirstöðu álaganna, þannig greiða í Danmörku allar þjóðstiptanir og konúngurinn sjálfur toll-álögur af varningi sínum, eins ríkissjóðurinn sama toll, þegar með þarf. Það er því samkvæmt í sjálfu sèr, að stiptanir og prestar greiði að sínu leyti alþingistollinn af jörðum sínum. En alt öðru máli skiptir, sem áður er á vikið, hvort á-, stæða er til að undan þiggja prestana álögu þessari, og er eg því ekki mótfallinn.

Ásgeir Einarsson: Eg fortek ekki, að ýmislegt, sem stiptamtmaðurinn hefir mælt um þetta mál, eigi vel við, þegar semja á ný skattalög, en eins og nú stendur, held eg skatt-heimturnar yrðu mjög vafasamar, eins og þingræðurnar hafa nú sýnt, að eg tali nú ekki um breytingaratkvæði þingmannsins úr Barðastrandarsýslu, að taka af embættisjörðum presta eða launum þeirra niður að meðalbrauðum. Gæti þá svo staðið á, að prestur einn gyldi af 200 dala launum, en annar ekkert af 150 dala inntekt, og væri þetta enginn sannur jöfnuður, eins og mèr finnst það ekki styðjast við neina sèrlega grundvallarreglu.

Eg hefi áður sagt frá skoðunarmáta mínum um það, að leggja skatt þennan á embættisjarðir presta, og þarf þess því ekki framar, og finn eg ekki neina ástæðu til, að þetta þing breyti þeirri skoðun að öðru leyti en því, að leggja tollinn á kaupstaðarhús og á bændakirkjujarðir, sem og raunar var ætið meining alþingis. Eg veit það satt, sem stiptamtmaðurinn sagði, að hugir manna í öðrum löndum eru mjög farnir að hníga að embættistekjuskattinum, en hæði var ervitt að koma honum á í Englandi, og þar að auki eru mjög ólík laun em-

bættismanna á Englandi og hèr, og eg veit ekki, hvernig Íslendíngum lízt á það, að leggja á næríngarskatt, sem í mörgu gæti orðið vafasamur, og kynni að leiða til þess, að auka þyrfti gjaldheimtumönnum, eða að minnsta kosti gjöra þeim mjög torsókta gjaldheimtuna. Eg held menn ættu því að fara sem varlegast út í alt þess háttar, meðan ekki verða samin ný skattalög.

Árni Helgason: Þar eð þíngmaðurinn frá Strandasýslu hefir mælzt til, að eg skýrði breytíngaratkvæði mitt betur, þá vil eg reyna það, þó eg viti ekki, hvort mèr tekst það í fám orðum. Það vakti í huga mínum, að öll útgjöld ættu að miðast við ágóðann af eignum manna, og eptir þessu mun regla gefin alþínginu áður fyrir lúkníngu alþíngiskostnaðarins. En kaupmaðurinn, þó hús hans sè dýrara, en bóndans, hefir eingan ágóða af sínni stázstofu, meiri en bóndinn af sínni baðstofu, ekki af krambúðinni, meiri en bóndinn af búrinu, og ekki af þeim húsum, er hann geymir í vörur sínar, meiri en bóndinn af sínum geymsluhúsum, t. d. skemmunni, sem hann hann geymir í áhöld sín og reiðínga. Af þessum húsum er eingin eiginleg inntekt, hvar sem þau svo standa; þar á móti þau húsin, sem leigð eru út, gefa eigandanum árlega inntekt, og af þeirri inntekt finn eg sanngjarnlegt að eigandinn svari til alþíngiskostnaðar.

Þ. Sveinbjörnsson: Af því breytíngaratkvæði nú eru farin að koma að úr öllum áttum, og sum með óvissri stefnu, lýsi eg því yfir, bæði eigin vegna og míns meðnefndarmanns í meiri hlutanum, að við föllum frá uppástúngu okkar, um að alþíngiskostnaður leggist á timburhús verzlunarstaðanna.

Ásgeir Einarsson: Stiptprófasturinn jafnaði saman stázstofum kaupmanna við baðstofur, og ætla eg ekki að gjöra við það aðra athugasemd, en þá, að þó kaupmenn kosti meiru til stázstofu sinnar, en bóndinn til baðstofunnar, held eg bændur eigi ekki að gjalda þess í neinum útgjöldum. En þar sem hann talar um vörubúðir eða geymsluhús þeirra, þá held eg því sè svo varið, að þeir hafi ekki minni hagnað af þeim, en bændur af geymsluhúsum sínum; enda veit eg til þess, að kaupmenn hafa tekið töluvert gjald fyrir að geyma í þeim nokkuð af vöru fyrir aðra, og það hèr í Reykjavík.

Jón Guðmundsson: Fyrst meiri hlutinn fellur frá uppástúngu sinni um timburhúsin í kaupstöðum, að á þau sè lagð-

ur alþingiskostnaður að tiltölu, og svo mörg breytingar og viðauka-atkvæði eru nú borin upp við hana: þá tek eg nú upp þessa uppástúngu nefndarinnar og gjöri hana að minni.

J. Thorstensen: Eg gjöri þetta sömuleiðis.

Framsögumaður: Þetta var og í fyrstu sameiginlegt álit meira og minna hlutans, og get eg fyrir mitt leyti ekki horfið frá því.

Th. Gudmundsen: Hafi nokkur óánægja átt sèr stað í Gullbríngu og Kjósarsýslu yfir alþingistollinum, eins og þíngmaðurinn þaðan lèt í ljósi, þá verð eg að játa það, að sýslubúar mínir hafi í þetta skipti verið uppburðarminni við mig, en þeir hafa verið áður, og í öðrum efnum; því það er einn sá kostur við þá, að þeir eru hreinskilnir, og ættu þeir að temja sèr þessa dygð framvegis, að eg geti skýrt frá því sanna um þá.

Guðmundur Brandsson: Eg veit ekki til, að hinn konúngkjörni varaþíngmaður, er nú settist niður, hafi spurt gjaldendurna að, hvort þeir lètu hið áminnzta gjald af hendi með fúsum vilja, eður ekki, en það hefir hingað til verið viðtekin venja meðal margra, að svara ekki fyrr en þeir væru spurðir, sízt þar sem yfirvald hefir átt hlut að máli annars vegar.

Steffán Jónsson: Því hefir verið hreift, að ekki hafi borið á ónægju fólks að greiða alþingiskostnaðinn, en því er miður, að eg ætla alt ofmikið hafa vottazt ónægju yfir greiðslumáta þeim, sem við var hafður, og þess er alla reiðu getið í tímariti, að ein sveit hafi neitað að greiða kostnað þennan; en hvort með gildum ástæðum, er óvíst; eg held tímaritin fái nú tilefni, ekki síður en áður, að hreifa við þessu máli. Því verður ekki neitað, að eptir grundvallarreglum er rètt að leggja þennan kostnað á allir jarðir, en úr því yrði þó ójöfnuður, hvað presta snertir, því þau veit eg dæmi, að prestar hafa 400 rbd. laun, og þar í ekkert jarða afgjald, og líka, að prestar hafa 60—80 rbd. laun, og nokkuð af því jarða afgjald, og ættu þá þessir að gjalda til alþingiskostnaðar, en hinir fyrr töldu að vera fríir. Segja má, að þetta muni lítið, þann sem greiðir, og er það satt, en samt er það ekki sanngjarnt. Ekki fer ætíð lunderni að efnum, og margur kynni að verða fús að greiða þíngkostnað að sínu litla leyti, þar sem annar væri tregur, sem til þess væri færari.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr þykir það í sjálfu sèr sundur-

þykt, að undan þiggja suma presta álögunni, vegna fátæktar þeirra, en taka þó gjaldið af kristfjárjörðum, af örsnauðum ekkjum og munaðarlausum börnum. Eg fyrir mitt leyti fæ ekki komið þessu saman, og af bið lagaboð, er svo vel fylgdi eigin ástæðu. En það er fyrir mèr ekki fátækt prestanna, er í vegi stendur, heldur hitt, að gjaldið, lagt á laun þeirra, væri atvinnuskattur, hverjum eg að svo stöddu hafna.

Steffán Jónsson: Það er meiri ástæða, að taka af hreppa, spítala og kristfjárjörðum, þó að fátækir njóti afgjaldsins, því hrepparnir taka við að styrkja þessa, þegar ekki er annað fyrir hendi, en það er miður sæmandi að fara þeim orðum eða ætlast til þess um fátæka presta og fjölskyldu þeirra.

Jakob Pètursson: Hart þykir mèr það, ef alþingiskostnaður skyldi leggjast á þær svo kölluðu kristfjárjarðir, því eg veit til, að ein þeirra liggur undir stóran og hrjóstugan hrepp, hvar á stundum hafa verið 50 til 60 sveitarómagar, og sýnist þá ekki vera fært, að draga neitt frá þeim af þessu litla eptirgjaldi. Öðru máli sýnist mèr gegna, þó alþingistollurinn legðist á allar kirkjujarðir, einkum síðan eg heyrði hèrna um daginn, að fèlagsandanum var svo mikið hrósað, og öllum þeim, er hann bæri, þegar útgjöld snerti, að eg er á þeirri meiníng, að prestar vorir þæktust vera litils metnir, ef þeir næðu nú ekki til að verða fèlagslimir í því að borga alþingiskostnaðinn eptir áður sagðri tiltölu.

Eyólfur Einarsson: Eg verð að ítreka, að ei vil eg láta greiða gjald til þíngkostnaðar af öðrum húsum í kaupstöðum, en nefnt hefi, og þeim sem út kynnu vera leigð; önnur hús vil eg frá skilja gjaldi þessu, svo sem timburhús, sem vera kynni hèr og hvar á jörðum frá skilin kaupstað, eður í sveitum, því þau má meta sem jarðarhús; hús það, við erum nú í, vil eg undan skilja þessum álögum, sem og allar opinberar byggíngar, þær eiga að greiða okkur gjald þettað upp á annan máta. En hvað það áhrærir, sem þíngmaðurinn, er síðast mælti, fram færði, vil eg svara, að þar sem 60 ómagar eru í sveit, verður bændum ei tilfinnanleg álaga, þó þíngkostnaður greiðist af einni jörðu, sem sveitin ætti að tiltölu.

Framsögumaður: Hafi eg tekið rètt eptir þíngmanni Norðurþíngeyarsýslu, verð eg að efa, að jafnríkur hreppur og Reykjadalshreppur er, ef til hans er meint, mundi hafa frá 50

til 60 ómaga eða niðursetur, og held eg því hann hafi meint skyldu ómaga búendanna þar í hrepp.

Jakob Pètursson: Hreppsbækurnar sýna, að það hafi verið svo.

Haldór Jónsson: Þó mèr sè það ógeðfelt, held eg, að eg verði að geyma mèr rètt til þess breytíngaratkvæðis, að ef þíngið, mót þeirri von, sem eg byggi á umræðum margra þíngmanna hèr í dag, skyldi fallast á, að leggja alþíngiskostnað á þau einu embættislaun, sem prestar hafa af þeim beneficeruðu jörðum, þessi álaga þá verði þeim endurgoldin úr opinberum sjóði. Sè eg þá að vísu ekki, hvað unnið væri, en þetta er meðalið til að geta haldið fast við báðar grundvallarreglurnar, að leggja kostnaðinn á alt jarðagóz, en ekki á laun embættismanna.

Stiptamtmaður: Þetta er það meðal, sem opt hefir orðið að grípa til, til að endurgjalda þeim, sem hafa orðið fyrir álögunum í viðlíkum tilfellum. Og hefi eg haldið, að prestar gætu feingið alþíngistollinn endurgoldinn í reikníngum kirknanna eða af öðrum peníngum brauðanna, ef þeir eru til, þar eð álagan í eðli sínu er á brauðinu sjálfu, en ekki á prestinum, en verði þessu ekki á þann veg við komið, get eg ekki neitað, að mèr þækti ákjósandi, að prestar þá feingju endurgjaldið úr opinberum sjóði.

Varaforseti: Því hefir nú verið hreift hèr á þíngi af ýmsum, og það jafnvel af þeim, hverra dómur mun gildur þykja, er hann berst út meðal almennings, að eingin laga-ástæða sje fyrir að sleppa jarðagózi 'presta undan alþíngiskostnaðar álögunni, en að hin fátæklegu kjör prestanna sjeu einasta ástæða. Breytíngaratkvæði það, er hinn annar konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stjettar bar upp um það, að endurgjald veitist prestum aptur af opinberum sjóði, getur mèr ekki sýnzt annað en ölmusu beiðni, og vildi eg gjarnan undan þiggja alla presta, þó fátækir sèu, þessari ölmusu. Staða mín hindrar mig frá, að taka mèr breytíngaratkvæði á þessa leið, sem eg annars mundi gjört hafa. Hvort heldur sem maður lítur til breytíngaratkvæðisins, eða meiníngar herra stiptamtsmannsins, verður þó undanþágan ölmusa.

Haldór Jónsson: Við þessa ræðu hins háttvirta varaforseta verð eg þó að gjöra þessa athugasemd: eg tók það skýrt fram í dag, já, optar en einu sinni, að eg áliti undan-

þágu mensaljarðanna ekki grundvallaða á *þörf*, heldur á *rètti* prestanna, sem embættismanna; og eins kaus eg mèr breytíngaratkvæðið, ekki af því að eg vildi *beiðast ölmusu* handa prestum, heldur af því að eg áleit sanngjarnt og sjálfsagt, að þeim væri endurgoldið það, sem eg meinti *órèttilega* af þeim tekið.

Varaforseti kvaðst álíta málið nægilega rædt til undirbúníngs, fyrst enginn mælti framar, en þar nú væri svo lángt komið degi, að nauðsyn væri að hverfa frá fundi að sinni, en þó órædt til lykta mál það, er boðað var til þessa dags, ákvað hann fund aptur í kvöld kl. 6½. Fundi slitið.

---

24. júlí — níljándi fundur.

Varaforseti hóf þíngstörfin, þar sem þeim síðast var slitið.

H. G. Thordersen: Eg veit ekki, að hvað miklu leyti að þíngmönnum er kunnugt um málefni það, sem lagt var fyrir þá nefnd, sem átti að bera upp álit sitt um bænarskrá þá, er fór fram á, að kirkjur ættu hèðan af að álítast sem hverjir aðrir skuldunautar, og bið eg mèr því, eptir því sem og hefi mælzt til við varaforseta, orlofs að mega upp lesa niðurlag hennar, sem er svo hljóðandi: *að hèr eptir verði lögskipað, að kirkjur hafi sama rètt og sömu skyldum að gegna að gjaldi og skuldatöku, sem hver einstakur maður, og hver ein þjóðstiptan hefir, svo að þegar kirkjan er skyldug fráfaranda, að hún af tekjum sínum borgi það sjálf, jafnótt og hún gètur, af því sem af geingur útgjöldum hennar, og nauðsynlegu viðhaldi.*

Bænarskrá þessi er undir skrifuð af 16 mönnum, hvar af vera munu 7 andlegrar stèttar menn. Um innihaldið ætla eg ei að tala að svo komnu, en þar sem svo má skilja af orðum hennar, að reglan, sem þar greinir um, sè á komin á seinni tímum, þá getur sú ekki verið meiníngin, því venjan hefir við geingizt alla jafna frá reformazíunni.

Þegar við, sem í nefnd þessari erum, förum að tala okkur saman, þá vorum við á einu máli um það, að þau tilfelli gæti að borið, og höfðum vèr dæmi upp á það, að prestar eður ekkjur þeirra yrðu hart úti með þeirri reglu, sem við geingizt hefir, að hver prestur ábyrgist kirkju sína, en vèr urðum líka að játa, að það kansellibrèf af 24. maí 1834, sem bænar-

skráin vill fá leidt úr gildi, gefur þó von um aðstoð, þegar svo stendur á, að regla þessi verður ósanngjörn, og er svo með þessu móti lögð nokkur líkn með þraut, og vissum svo, einkum eg, þess dæmi ekki allfá, að ekkjum í þessu tilliti eru veittar pensiónir eður prestum náðargjafir, eður annar styrkur. En þótt vèr alt að einu sæum vankvæði á þessari aðferð, urðum vèr samt við ítarlegri yfirvegun að játa, að það mundi vera mjög ísjárvert, og bundið við mjög ósèðar og, ef til vildi, hættulegar afleiðingar, ef sú regla væri fyrir tekin, að skoða kirkjurnar alveg, sem hvern annan skuldunaut. Eg gat líka upplýst, að þegar einstöku biskupar í landinu vildu innleiða þetta, leiddi það bæði til vanræktar í viðhaldi kirknanna, og þar að auki til margbrotins ágreinings milli viðkomenda. Oss virtist þannig málið í sjálfu sèr vera mjög vafasamt.

Hèr við bættist hjá oss önnur athugasemd, að mál þetta er mjög svo einstaklegs eðlis, þar það einúngis snertir prestsstèttina, og þó ekki nema beneficiarios eður staðarhaldara, en það snertir alls ekki almenníng hèr á landi, og finnst oss það ísjárvert fyrir þíngið í málefni, sem að öllu leyti er kirkjulegt, að fara fram á nýa lagabreytíng að óheyrðri hinni andlegu stèttinni, sem þó enn á hlut að máli, því þó einstöku andlegrar stèttar menn hafi skrifað undir hænarskrána, þá getur það naumast, að svo mörgum öðrum óheyrðum, álitizt öðruvísi en sem aðkvæði á stángli, sem maður ekki enn þá nákvæmlega sèr á hve gildum rökum eru bygð. Vèr hugðum því, þar sem allur hagnaður eður skaði af nýrri tilhögun í þessu efni eingaungu kemur niður á hinni andlegu stèttinni, að þíngið mundi vilja firra sig vanda, og gefa þeim mönnum tilefni til að semja um þetta mál, sem sjálfir eiga mest á hættu, hvernig tiltekst.

Þegar nefndin var komin niður á þessa skoðun, þá tilkynti eg henni, að það væri nú í smiðum, að prestafundur, fjölmennari en að undanförnu, mundi, og það má ske strax að sumri komanda, verða haldinn hèr í Reykjavík, og bauðst eg þá til að bera málefni þetta undir hann, og greiða svo fyrir því, sem eg gæti bezt og fljótast, eptir þeim málalokum, sem þar kynnu að verða. Þessu var vel tekið af samnefndarmönnum mínum, sem hvergi hèldu málið rèttar niður komið, en hjá þeim mönnum, sem ættu að vera færastir til að dæma um það og einir ættu hlut að því.

Þannig er nú komið þessu málefni í nefndinni, og skyldi nú þingið, sem eg vona, verða oss samdóma í þeirri skoðun, sem vèr höfum á því, þá virðist oss einber óþarfi, að semja um það nefndarálit og fara að ræða það tvisvar á þingi, en hèldum það gæti nú þegar í stað orðið útgjört um það. Væntum vèr, að þingið því fremur aðhyllist þetta, sem það er orðið naumt fyrir með tíma, en hefir um ýms mál að ræða, sem varða það meiru og liggja því nær. Eg vil ekki orðleingja þetta fremur, en skýt því til hins háttvirta forseta, hvort ei megi strax leita atkvæða þingsins um það, að þetta málefni megi, eptir uppástúngu nefndarinnar, afhendast mèr til að bera það fram á þeim fyrsta prestafundi, sem hèr eptir verði haldinn hèr í Reykjavík. En má ske það sè þó rèttast, að eg áður skori á samnefndarmenn mína að láta í ljósi, hvort eg ekki hefi skýrt frá málefni þessu, eins og áður var samið með okkur.

J. Johnsen: Eg á hægt með að bera um það með hinum háæruverðuga þingmanni og formanni nefndarinnar, að það er nefndarmanna allra samhuga skoðun á eðli málsins, ósk og tillögur, að með mál þetta sè bezt farið að sinni, eins og nú var skýrt frá, og undir eins öllum þeirra, að sú meðferð stríði eigi gegn þinglögunum, ef einginn þingmanna mælir á móti henni.

Kr. Magnusen: Eg leyfi mèr með fám orðum að láta í ljósi meiníngu mína í tilefni af ræðu þess háæruverðuga konúngkjörna þingmanns í nærverandi málefni, nefnil. að sè það með ráði þess háttvirta varaforseta, og að vilja þingsins, samt ekki stríðandi móti þinglögunum og góðri reglu, að málefnisins skjöl afhendist háttnefndum konúngkjörna þingmanni til meðferðar, en þess frekari framkvæmd og meðhöndlan hèr á þinginu sè lokið í þetta skipti, þá vil eg, sem flutníngsmaður bænarskráarinnar og nefndarmaður, gjöra mig þar með ánægðan, og álíta málið komið í beztu höndur, til þess það fái sem haganlegastan og heillavænlegastan framgáng fyrir andlegu stèttar mennina og kirkjur þeirra, og leyfi eg mèr að vænta þess fastlega, að upp á þennan máta verði því sem fyrst til vegar komið, að stjórnin sendi lagafrumvarp, er lagt verði fyrir næsta alþíng, því til meðferðar og ráðaneytis, hvar við málefnið vonast að fái þau æskilegustu afdrif, og verði bezt ráðið til lykta.

Þ. Sivertsen: Það er í allan máta satt og rètt, er hinn

háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar hermdi um meðferð nefndarinnar á málefni þessu, og hefi eg því heldur fallizt á þá meðferð málefnisins, sem hann drap á, að eg með því áleit því bezt borgið og komið í góðar höndur; eg áleit nefnilega, að prestar, hverjum málefni þetta að mestu eða öllu er við komandi, gætu, ef þeim þækti það miklu skipta, eins og það að minni skoðun gjörir, því fremur, svo að kalla í einu hljóði, inn sent upplýsíngar og bænarskrár um efnið til biskupsins, sem þeim með þessari aðferð gæfist til þess nægur frestur, og nokkurs konar bendíng af þíngtíðindunum til þess, að málefnið á eptir feingi þau úrslit, sem bezt mættu verða.

Varaforseti: Hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar hefir, sem nefndarmaður í málinu um jafnrètti kirkna við aðra í skuldaheimtum og gjaldi, skýrlega kynt þínginu ástæður sínar fyrir því, að mál þetta mundi rèttar leidt frá þínginu til annarar meðhöndlunar; hefir hann einnig sagt greinilega, hverja skoðun kanselliið hafi haft á þessu málefni, þar það optar en einu sinni hafi veitt ekkjum presta og þeim sjálfum ýmsar náðargjafir þeim til huggnunar, er orðið hafa fyrir tjóni af tilhögun þeirri, sem verið hefir á í þessu efni um margar aldir. Bæti eg því við að eins til lítillar upplýsíngar, að eg veit til, að nokkrum sinnum hafa prestar feingið skuld sína hjá kirkjum þeim, er þeir hafa yfirgefið, smám saman goldnar af afgángsleifum kirkju inntektarinnar, eptir það þeir voru frá þeim fluttir; þetta man eg að var tilfellið 1821 í Holti í Önundarfirði. Málefni þetta er nú að vísu orðið þíngsins eign, er eg vil ráða þínginu til að segja sèr af hendi.

Ásgeir Einarsson: Eg vil spyrja, hvort nefndin má ekki taka uppástúnguna aptur, án þess að leita atkvæða þíngsins, þó eg annars sè ekki á móti því; mèr virðist eptir 69. grein alþíngistilskipunarinnar, að nefndin megi það, þó leingra sè komið; annars get eg þess, að eg sá bænarskrá þessa á Þíngvallafundinum, og rèði eg til að fara með hana, eins og nefndin hefir upp á stúngið.

Eyólfur Einarsson: Í ræðu þeirri, sem herra biskupinn nú fram færði, virtist mèr hann undrast yfir, að þíngmenn hefðu vogað sèr að taka mál þettað til umræðu, þar það væri að öllu geistlegt málefni; eg verð nú að efast um, að þetta sè sem rèttast, vil eg upplýsa það með eptirfylgjandi: eg hefi verið

nær staddur, þá ekkja nefndarprófasts stóð í skýrtúnni, sem menn kalla, með 8 börn, eptir að hafa svarað út staðnum, var þá kirkjan nýbygð, sem prófastur hafði mikið lánað, sem ei gat tekizt til greina við staðar úttektina vegna nú verandi lagaboðs, lá ei annað fyrir, en ekkjan með börnum sínum færi á sveit, hefði ei bæði sá aðkomandi prestur og fleiri rètt henni hjálpar hönd, meðal hverra eg tel mig einn. Nú vil eg mega spyrja, mun þettað hafa fremur verið geistlegt, en verzlegt mál?

Kr. Magnusen: Í tilefni af því, sem hinn virðulegi þingmaður Barðstrendinga nú mælti, leyfi eg mèr að geta þess, að það er nú einmitt á þingsins valdi, hvort það vill, að umræður og meðhöndlun málefnis þessa haldi áfram eður ekki, því áliti þingið ekki hæfilegt, eptir ósk þess háæruverðuga konúngkjörna þingmanns, að sleppa því, þá er eg, sem flutníngsmaður bænarskráarinnar, fús til eptir megni að styrkja að því, að það fái sem beztan framgáng og endalykt.

Eyólfur Einarsson: Meiníng mín var eingaungu, að benda á, að þetta mál gæti þó verið svo vaxið, að það næði til fleiri, en geistlegra einna, en alls ekki, að mæla móti því, að svo sè farið með málefni þetta, sem nú hefir orðið til rædt um.

Th. Gudmundsen: Án alls vafa er þetta mál bezt niður komið á prestastefnu þeirri, sem nú er í vændum með betra fyrirkomulagi, en hingað til. Mèr virðist því, að þingið ætti að kunna þeim heiðruðu nefndarmönnum þakkir fyrir þá rèttu stefnu, er þeir hafa gefið þessu máli, og einnig fyrir það, að þingið nú hefir unnið nokkuð af tíð við þessa tilhögun, til að leysa af hendi önnur umvarðandi mál, er því standa nær.

Kr. Kristjánsson: Eg vil að eins geta þess, að 69. grein alþingistilskipunarinnar getur ekki verið því til fyrirstöðu, að með málefni þetta sè farið, eins og nú er stúngið upp á, því þar stendur með berum orðum, að þegnlegt frumvarp megi ekki aptur taka án samþykkis allra meðlimanna, þegar búið er að upp lesa álitsskjal þeirrar nefndar, sem í því tilliti var kosin, en í þessu málefni er ekkert álitsskjal búið að upp lesa hèr á þinginu.

J. Johnsen: Eg ætlaði mèr einmitt að gera þessa hina sömu athugasemd, og skal nú einúngis bæta því við, að nefndarmenn naumast muni geta haldið aðra stefnu með málið (eg að minnsta kosti fyrir mitt leyti ekki) en þá, sem hinn há-

æruverðugi þingmaður, nefndarinnar vegna, benti á, þó þeir hefði farið með það, eins og lög gjöra ráð fyrir, samið nefndarálit, og lagt það fyrir þingið, og get eg varla heldur ímyndað mèr, að sú geti orðið niðurstaðan, þó mál þetta svo vaxið yrði rædt til undirbúnings og ályktunar á þinginu, að það að svo stöddu sendi nokkra bænarskrá í því.

Varaforseti: Af umræðum þeim, sem orðnar eru um þetta, þykist eg sjá, það muni skýlaus vilji þingsins, að málefni þetta fái þá stefnu, sem það nú hefir verið leidt á, og komi ekki framar til aðgjörða þingsins í þetta sinn.

Því næst tók varaforseti fram til ályktunarumræðu málefnið um tíundargjald til prests og kirkna.

Framsögumaður, Steffán Jónsson: Þetta mál var hèr til undirbúningsumræðu í gær, munu þingmönnum því í minni þær ræður, sem þá fóru fram, en eg verð samt að fara fáum orðum um þau breytingaratkvæði, sem fram eru komin, og eru þau 5 frá þingmanni Húnvetninga og 1 frá hinum háæruverðuga konúngkjörna þingmanni andlegu stèttarinnar.

Það fyrsta breytingaratkvæðið er: að gjaldendur hafi valið, að greiða tíund til prests og kirkju, annaðhvort í peningum eptir meðalverðsalin allra meðalverða, eður í góðum og gildum landaurum. Þetta breytingaratkvæði er í raun og veru ekki annað en nefndin hefir meint og ætlazt til, þó hún hafi, ef til vill, ekki tekið það ljóslega fram, og tekur því nefndin fúslega móti þessu breytingaratkvæði. 2 breytingaratkvæði, þegar í landaurum er goldið, þá mæti alin alin, þó svo, að sá eyrir, sem goldið er í, ekki sè verðlægri en meðalalin. Eins og nefndin sjálf hafði stúngið upp á meðalalin, þá er auðsèð, að hún ætlaðist ekki til lægra gjalds, og er því ekki frá nefndarinnar síðu ástæða til að mótmæla þessu breytingaratkvæði.

Það 3. breytingaratkvæði er, að sjávarbændur borgi prests og kirkju tíundir með gjaldgeingum þorskfiski, þegar þeir ei gjalda í peningum eptir meðalalin. Hvað þessu breytingaratkvæði við víkur, þá mætti, ef til vill, álíta, að það væri ekki nógu ljóslega tekið fram; eg þykist samt vita, að ekki sè meint, að sjávarbændur megi ekki borga í landaurum, eins og sveitabændur, ef þeir hafa landaura til, sem opt getur verið, því opt hafa svo nefndir sjávarbændur líka landbúnað; eg ætti því heldur að taka þetta fram, sem því hefir verið hreift, að nefndin hafi ekki farið vel ljósum orðum í niðurlagi sínu, en

eptir þessum skilníngi finn eg heldur ekki vegna nefndarinnar ástæðu til að mótmæla þessu breytíngaratkvæði.

4. breytíngaratkvæðið er, að kirkjureikníngar haldendur gjöri kirkjum skil fyrir kirkjutíundunum eptir meðalalin; þetta áleit nefndin sèr ekki skylt að taka til greina, af því hún hafði einga hvöt til þess úr bænarskránni, sem henni var feingin, og einginn hafði vakið máls á því; en það sýnist vera í eðli sínu, að þegar kirkjum er goldið eptir meðalalin, geti ekki verið efi á, að reikníngarnir verði líka að vera það, og hefir nefndin ekki orsök til að mótmæla því, þegar forsetinn vill taka það til atkvæða.

5. breytíngaratkvæði sama þíngmanns er, að gjalddagi á prests og kirkjutíund sèu fardagar. Hvað þessu breytíngaratkvæði við víkur, þá gat eg þess í gær, að gjalddagi til þessa gjalds sè sá seinasti tiltekni í gömlum lögum, fimtudagurinn, þá 4 vikur eru af sumri, svo það virðist þarflaust að fá breytíngu á því, en samt, ef uppástúngumaður vill fram fylgja því, þá er nefndinni lítið um að gjöra að hrekja það.

Þá er hið 6. breytíngaratkvæði frá herra biskupinum: að eingin bænarskrá verði stjórninni send um þetta málefni; eg ætla því síður að gjöra mèr far um að hrekja þetta breytíngaratkvæði með ástæðum, sem eg vona, eptir því sem mönnum fórust orð í gær, að fáir verði til að styrkja það, og ætla eg því að bíða átekta og sjá, hverju fram fer.

R. M. Ólsen: Þar eð eg af umræðum þíngmanna hèr í gærdag sannfærðist um, að óþarft mundi, að þíngið nú beiddi konúng um að ákveða gjalddaga á tíundargreiðslu til presta og kirkna, apturkalla eg það viðauka-atkvæði, sem eg þar um áskildi mèr.

Þar eð einginn ræddi framar málið, lèt varaforseti ganga til atkvæða um þessi atriði:

1. Vill þíngið aðhyllast nefndarálitið með breytíngum, eður óumbreytt?

   Felt í einu hljóði.

2. Vill þíngið, að gjaldendur hafi valið, að greiða tíund til prests og kirkju annaðhvort í peníngum eptir meðalverðsalin allra meðalverða, eður í góðum og gildum landaurum (R. M. Ólsen)?

   Samþykt með 19 atkvæðum gegn 3.

3. Vill þíngið, að þegar í landaurum er goldið, þá mæti alin

alin, þó svo, að sá eyrir, sem goldið er í, ekki sè verðlægri en meðalalin (R. M. Ólsen)?

Samþykt með 17 atkvæðum gegn 5.

4. Vill þingið, að sjávarbændur borgi prests og kirkjutíundir með gjaldgeingum þorskfiski, þegar þeir ei gjalda í peningum eptir meðalalin (R. M. Ólsen)?

Samþykt með 15 atkvæðum gegn 7.

5. Vill þingið, að kirkjureikninga haldendur gjöri kirkjum skil fyrir kirkjutíundunum eptir meðalalin (R. M. Ólsen)?

Samþykt með 17 atkvæðum gegn 5.

6. Kallað aptur af uppástúngumanni.
7. Vill þingið, að eingin bænarskrá verði stjórninni send um þetta málefni (Thordersen)?

Felt með 18 atkvæðum gegn 4.

Þinginu slitið. Fundur ákveðinn að morgni um 11. stundu fyrir miðjan dag.

---

25. júlí — tuttugasti fundur.

Allir á fundi. Þingbók lesin og samþykt.

Þá var tekið til undirbúningsumræðu málefnið um brúkun íslenzkrar túngu; las framsögumaður nefndarinnar, H. Thordersen, upp álitsskjal hennar, svo hljóðandi:

Alþing hefir kosið oss, sem hèr höfum ritað undir nöfn vor, til að segja álit vort um þær bænarskrár, sem því hafa borizt við víkjandi brúkun íslenzkrar túngu í málefnum þeim, sem snerta stjórn landsins; en bænarskrárnar um þetta efni eru þessar:

1. frá Borgfirðíngum, undirskrifuð af 119 mönnum, og fer hún fram á, að brúkun danskrar túngu verði með öllu af tekin í embættisbrèfum þeim, sem áhræra íslenzk málefni, svo vel embættismanna hèr í landi, sem erlendis, samt að þeir einir verði kallaðir til stjórnar afskipta Íslands, sem sannað hafi, að þeir sèu svo færir í íslenzku máli, að þeir fái bæði skilið túngu vora og ritað á hana.
2. úr Suðurþíngeyarsýslu, undirskrifuð af 130 manns, og æskir hún lagaboðs um það, að embættisbrèf, reikningar og skýrslur og hver önnur málefni, sem gánga eigu um í landinu, hvort heldur snertir þjóðina eður einstaka menn, verði hèr eptir rituð á íslenzku máli.

3. frá Þorskafjarðarfundi með 56 manna undirskript, og mælist hún til, að öll embættisbréf, sem allir embættismenn rita um öll stjórnar og þjóðar málefni innan lands, verði framvegis rituð eingaungu á íslenzku.
4. frá Þórness og Þingvallafundum með 40 nafna undirskript. Er bænarskrá þessi öldúngis sama innihalds og sú fyrri, en tekur það sèr í lagi fram, að skýrslur og fullgilding á embættisbókum verði líka rituð á íslenzku.

Bænarskrár þessar byggja á þeim ástæðum, að embættismenn hèr í landi riti stundum að nauðsynjalausu brèf sín á danska túngu, einkum þykir þetta eiga illa við, þar sem við leikmenn erað eiga eður eitthvað á að auglýsa almenníngi, sem ei skilur nema sitt móðurmál. Sumar bænarskrár taka einkum fram, að þetta sè gagnstætt öllu sönnu þjóðerni, og því ótilhlýðilegra, sem íslenzka túngan sè í sjálfri sèr ágætari, og konúngurinn *Kristján* hinn áttundi hafi heiðrað túngu vora og þjóðerni, sèr í lagi með úrskurði af 8. apríl 1844. Þótt alt af nú á seinni tímum sú venja fari í vöxt, að embættismenn hèr í landi tíðki brèfaskriptir sínar á íslenzku máli, þá getum vèr samt ekki neitað því, að þeir hafi, meir en þurfti eður vel gegndi, tíðkað danska túngu í embættisbrèfum sínum, og játum vèr, að slíkt gat ei annað en verið alþýðu ógeðfelt, eins og það varð að olla erviðleikum, kann ske misskilníngi, þar sem um þau málefni var að gjöra, sem almenníng varðaði og honum þurfti að auglýsast; líka verður eingan veginn móti því geingið, að slík aðferð, þar sem embættismaður í landinu átti við alþýðu, var mjög svo ótilhlýðileg og gagnstæð sannri þjóðernistilfinníngu, og verðum vèr að þessu leyti að samsinna þeim ástæðum, sem fram eru færðar í áminnztum bænarskrám.

En þessu næst verðum vèr að geta þess, að þó þær byggi allar bæn sína á líkum ástæðum og séu líks innihalds, þá er niðurlag bænarinnar ekki með einu og sama móti í þeim öllum. Sú fyrst nefnda frá Borgfirðíngum fer fram á, að öll embættisbrèf, sem snerta íslenzk málefni, svo vel frá embættismönnum hèr í landi, sem erlendis, verði rituð á íslenzku máli, og er hún þannig af öllum bænarskránum hin umfángsmesta, þar sem hinar 3, að norðan og vestan, láta sèr nægja þá ósk, að brèfaskriptir embættismanna hèr í landi, sem snerta íslenzk málefni, fari fram á íslenzku máli, en binda þetta ekki við meðferð málefnanna erlendis.

Þótt oss finnist mikið til þess koma, að íslenzk málefni mættu fara fram á íslenzka túngu, þá virðast oss ósigrandi erviðleikar á því, að gjöra þetta að skyldu þeim embættismönnum, sem eru erlendis, og sem ei verða skyldaðir til að kunna íslenzku, enda verða íslenzk málefni ekki svo bundin við vissa embættismenn ytra, að ei komi það fyrir opt og tíðum, að leita verði álits annara embættismanna þar; íslenzk og dönsk málefni verða ei slitin svo í sundur, eins og þau ættu ekkert skylt saman, og verða sum af þeim svo bezt hugsuð, að litið sè á báðar hliðarnar. Vèr viljum líka ætla, að svo mikið sem um túngumálið er að gjöra, sem málið er skráð á, þá sè þó enn meir varið í meðferð sjálfs málefnisins, og hyggjum vèr þá, að það gæti orðið einhverju málefni til fyrirstöðu, ef ritað væri á öðru máli en því, sem maður er vaxinn; því fylgja og margir erviðleikar og óvissa, að fá aðra til að leggja út orð sín, enda eigum vèr óhægt með að sjá, á hverju oss Íslendíngum ríður það, á hverju málinu ritað er um málefni vor í Danmörku. Eins og vèr eigum að óska þess, að sem bezt verði þar frá þeim geingið, svo eigum vèr ekki að fara fram á það, sem geti gjört þetta ervitt eður leitt dönskum embættismönnum ytra. Þar sem nú ekki nema *ein* bænarskráin af *fjórum* fer því á flot, að um íslenzk málefni sè ritað á íslenzka túngu í Danmörku, sè það einúngis við haft hèr í landi, svo hyggjum vèr og, að þetta sè fremur einstakra manna ósk, en að það megi heita ósk þjóðarinnar, hverja það varðar mestu, að það, sem til hennar kemur snertandi almenn málefni, sè henni birt á hennar móðurmáli, hitt lætur hún sig litlu skipta, hvort málið menn bera fyrir sig erlendis.

Þessu næst viljum vèr hyggja að innihaldi hinna bænarskránna, sem binda brúkun íslenzkrar túngu í þjóðarmálefnum við takmörk þessa lands, og er þó ekki alls kostar tekið fram með berum orðum, hvað lángt ósk þeirra nær; 2 af þeim taka svo til, að öll þjóðar og stjórnarmálefnin *innan lands* verði rituð á íslenzku, og virðist oss óliklegt, að meiníngin sè sú, að alt, sem ritað er í landinu sjálfu um íslenzk málefni, eigi að vera á íslenzka túngu, heldur ætlum vèr, þar sem tekin eru fram þjóðar og stjórnarmálefni *innan lands*, að bænarskrárnar hafi haft tillit til brèfa frá embættismönnum hèr á landi og allra brèflegra embættisgjörða þeirra í þeim málefnum, sem á einhvern hátt snerta alþýðu; þessi meiníng er hvað ljósast orðuð

í bænarskránni úr Suðurþingeyarsýslu, hvar svo er að orði komizt: að öll embættisbréf, reikníngar, skýrslur og hver önnur málefni, sem *gánga eiga um í landinu*, verði rituð og auglýst á íslenzku. Hèr er íslenzka málið í embættisbréfum bundið við þau málefni, sem eiga að gánga um í landinu, hvort sem þau snerta þjóðina yfir höfuð, eður einstaka menn. Samkvæmt þessu skilst oss ekki betur, en að þessar bænarskrár láti það á valdi embættismanna sjálfra, á hverju málinu þeir rita um þau málefni, þó íslenzk sèu, sem ekki að svo komnu eigu að gánga um í landinu sjálfu, heldur út úr því til stjórnarráðanna eður annara danskra embættismanna. Þykir oss, sem það sómi þjóðinni, þegar menn í öllum samskiptum við hana heiðra mál hennar, að hafa það traust til embættismanna sinna, bæði hèr og líka ytra, þegar svo á stendur, að þessir eru Íslendíngar, að þeir muni í öllum embættisstörfum, er snerta málefni þessa lands, við hafa íslenzka túngu, að svo miklu leyti sem þeir ítrast geta án baga fyrir málefnin sjálf eður án of mikils tímaspillis eður tafar. Að eiga þetta undir þeim, sýnist ekki einúngis viðurkvæmilegt, heldur og með öllu hættulaust, því vèr gjörum ráð fyrir því, að sèrhver íslenzkur embættismaður muni fara svo lángt í brúkun íslenzkrar túngu, sem hann sèr sèr fært, án þess að tefja eður spilla fyrir málefnunum.

Vèr viljum ekki orðleingja þetta fremur, en mælum fram með bænarskránum um þetta efni, og leggjum það til við þíngið, að það vilji semja bænarskrá til hans hátignar, konúngsins, um:

> Að öll þau embættiserindi, sem embættismenn hèr á Íslandi eiga við alþýðu í landinu eður einstaka menn af henni, fari eptirleiðis eingaungu fram á íslenzkri túngu, samt að embættismenn hèr á landi í reglunni skrifist á á sama túngumáli sín á milli, en megi þó við hafa danska túngu, þar sem leitað er álits eður ritað um þau málefni, sem beinlínis sendast hèðan til stjórnarinnar.

Reykjavik, þ. 21. d. júlímánaðar 1849.

H. G. Thordersen. Þ. Sveinbjörnsson. H. Jónsson.

H. G. Thordersen, framsögumaður: Þótt eg geti ekki vitað, hvernig þínginu muni geðjast að þessu áliti, sem nú var lesið, þá vona eg samt, að það beri með sèr virðíngu fyrir þjóðerni voru og túngumáli, samt fylgi tímanum svo lángt

sem ítrast verður að svo stöddu. Því eg vil biðja þingið að gefa því sèr í lagi gaum, að þetta málefni er mjög svo komið undir því sambandi, sem er eður verður milli Danmerkur og Íslands, og hversu til hagað verður með stjórnina á báðar hliðar, og er enn þá ekki sèð út fyrir það, hversu þessu verði ráðið til lykta. Nefndin vildi ekki miða álit sitt við það, sem er óvíst, hún hèlt sèr við það eina, sem er víst, en það er fèlagskapur vor innbyrðis hèr í landi, og við hann batt hún þjóðerni vort og túngumál. Eg er ekki sá, sem að þarflausu vil leingja þingræðurnar, og sleppi eg svo nefndarálitinu við þingið, og bið það að segja þar um meiningu sína.

Varaforseti: Málefni þetta, sem hèr ræðir um, er skylt oss öllum, því allir erum vèr Íslendingar; vona eg því, að þau fáu orð, er eg mæli hèr, finni ljúfan veg að hjörtum allra Íslendínga.

Oss er það kunnugt, og yfir því hefir einatt verið kvartað, að ein af aðalmeinsemdum stjórnarhögunar lands þessa sè sú, að framandi túngu hefir beitt verið og er beitt enn í dag í stjórnarmálefnum; þess vegna eru og inn komnar til þingsins í ár 4 bænarskrár úr ýmsum hèröðum landsins, og óska þær, að þingið leitist við að ráða bót á þessu mikla vankvæði, hefir og þingið falið þær allar nefnd þeirri, er samið hefir álit það, er nú var upp lesið. Mèr virðist, sem nefndin hafi meðhöndlað málefni þetta, eins og mjúkhentur og viðkvæmur bartskeri, er þuklar sullinn, en spreingir ekki, og er þá heldur eingin lækníngar von. Nefndin hefir lagt þann dóm á eina af bænarskránum, sem ekki hafði nema 119 manna undirskript, að hún væri að eins ósk einstakra manna, en hinar þrjár, sem 226 nafna undirskript er undir öllum til samans, hefir nefndin virzt að nefna almenníngsósk. Allar fara nú bænarskrár þessar sömu leiðina, en þrjár þær síðast nefndu nokkuð skemra. Bænarskráin með 119 nöfnunum fór fetinu leingra; því hún fór einnig út yfir landsteinana. Það reingir eingínn, sem nefndin einnig finnur til, að ekkert má hörmulegra eða viðkvæmara vera, en þegar embættismenn beita við fáfróða alþýðumenn dönsku máli, og á þessu hefir nefndin að nokkru leyti viljað ráða bót með því að stínga upp á, að ei megi framvegis beita dönsku við bændur í þjóðstjórnarmálefnum. En nefndin ætlar á hinn bóginn það fari vel á því, að embættismenn, einkum hinir æðri, hugsi, ræði og riti málin, jafnvel hèr innan lands,

á dönsku, einkum ef svo kynni að bera undir, að þau yrðu send til þeirra í Danmörku, er stjórn landsins hafa á hendi. Bið eg nú þingið yfirvega og meta með sjálfu sèr, hvílíka hagsmuni hèr af muni leiða fyrir þjóð vora. Eg hygg, að túngumál vort sè vor dýrasta eign og helgur dómur þjóðarinnar; að hugsa stjórnarmálefni vor á útlendu máli, ætla eg bæði óþjóðlegt og háskalegt, já, eg held, að sá hljóti að vera of ókunnur ytra og innra hag vorum til að hafa ráð vort í hendi sèr, sem ei kann túngu vora. Hvort sem menn skoða mál þetta að ofan eða neðanverðu frá, eru annmarkarnir augljósir. Ef vèr skoðum þá á leiðinni ofan eptir, þá sjáum vèr auðveldlega, að hið æðsta boð, sem hefir hið mesta gildi og myndugleika, verður að vera þeim skiljanlegt, er því eiga að hlýða. Sè það nú hugsað og rædt á dönsku, hlýtur einhver að gefa því íslenzka þýðingu, hvort sem það er æðri eða lægri embættismaður. Reynslan hefir sýnt það, og breiskleiki manna og fákunnátta gjörir það skiljanlegt, að allar slíkar þýðingar geta haft sína miklu annmarka. Það hefir verið kvartað yfir því hèr á þingi í ár, og svo hefir optar að borið áður, að lagaboð hafa aðra meiningu í hinni íslenzku þýðingu, en danski textinn; svo má verða að ári og um aldir.

Skoði maður mál þetta að neðanverðu frá, þá vitum vèr, að alþýða þarf opt að bera kveinstafi sína fram fyrir stjórnina, hún verður þá að gjöra það í móðurmáli sínu, geingur þá málið frá hinum lægra til hins æðra embættismanns. Gjöri eg nú ráð fyrir, að sýslumaður taki við því fyrstur, og hugsi málið og mæli með því á íslenzku; en þegar málið kemur til hins æðra embættismanns, þá á hann eptir nefndarinnar uppástúngu að hugsa um það og velta því fyrir sèr á dönsku, af því að fyrir því liggur, að fara út til Danmerkur. Ef nú undirstaða málsins óumflýanlega þarf að þýðast á dönsku, þá munu margir þeir, er ekki vilja eiga velferð sína undir annara þýðingu á orðum sínum. Hèr af er það bert, að illar verða afleiðingar af tilhögun þessari, hvort maður rennir huga að vegi stjórnarmálefnanna upp eða ofan. Mönnum þykir krafa þessi ósanngjörn, svo sem krafa einstakra manna, í hið minnsta að nefndarinnar áliti; en það er því merkilegra, að slíku skuli vera hreift á þessari tíð, sem Kristján konúngur 8. fann til sanngirni slíkrar kröfu, er hann gaf Íslendíngum óbeðinn úrskurð sinn af 8. apríl 1844, og vildi þannig reisa nokkrar skorður

við kúgun þeirri, er hin danska túnga lagði á íslenzka þjóð; hann sýndi það og einnig með tilhögun alþingis, að hann vildi ræða við oss, þegna sína, ekki á sínu, heldur á voru eigin móðurmáli. Ekki getur mèr fundizt, að hinum æðri embættismönnum sè of boðið, þó þeim væri gjört að skyldu, að kynna sèr mál vort, fyrst hinum lægri er gjört það að ófrávíkjanlegri skyldu. Menn verða og að ætlast til meiri mentunar hjá æðri stjórnarstarfamönnum, þeir hafa og fyrir meiru að gángast, sem meiri hafa umbunina og hærra standa í stjórnarstiganum; því er það sanngjörn krafa, að þeir sèu vaxnir máli voru. Menn hafa sagt, það væri í vændum og þegar á komið í Danmörku, að ráðherrar konúngs hafi stjórnarábyrgð við þjóðina; en ef slíkir menn eptir nefndarinnar uppástúngu einga skuldbindíng eiga að hafa til að kynna sèr mál vort, þá virðist öllum vegi lokað fyrir slíkri ábyrgð handa oss. Þessi krafa er eingan veginn ný, hún hefir leingi verið viðurkend í Danmörku sjálfri, að þegnarnir eigi rètt á, að málefni þeirra sèu rædd og hugsuð á þeirra eigin túngu; því eptir að Slèsvík, sem upprunalega og fram eptir öldum var danskt skattland, varð þýzk, þá varð einnig stjórn hennar, eins og Holsetalands, þýzk. Málefni þessara hertogadæma lágu þá ekki leingur undir hið danska, heldur þýzkt kansellí. Að hvað miklu leyti vèr höfum rètt til sömu kröfu, er ekki mitt að dæma. Því eina vil eg við bæta, að þíngið mun ætla sèr að þessu sinni að ræða annað mál, sem því liggur mikið á hjarta, en það er bæn til konúngs um að rita nafn sitt undir lagaboð til vor á íslenzku. Verði nú þíngið ásátt um, að láta ei bænina um brúkun túngu vorrar ná út yfir takmörk landsins, eins og nefndin fer fram á, þá mundi það gjöra rèttast í, að taka hitt málið aptur og ræða það aldrei.

H. G. Thordersen: Það mun fara laglegar á því, að eg standi upp, þó ekki sè til annars, en að tjá forsetanum þakklæti mitt fyrir þá ræðu, sem hann með svo miklum hita hefir flutt um móðurmálið, og væri það skömm fyrir mig, ef eg ei tæki einlægan þátt í virðíngu og elsku á móðurmáli mínu, alt eins og hann eður hver annar hèr á þingi; og mun eingi vita eður hafa sèð eptir mig nokkuð það, er votti annað, en að svo sè, jafnvel þótt eg ekki í þettað sinni þykist enn hafa haft tilefni til að fara um það mörgum orðum. Sama er að segja um samnefndarmenn mína, sem eg hygg kunna að ást á fósturjörðu

sinni og móðurmálinu, svo ef einhver er gallinn á nefndarálitinu, þá rís hann sannarlega ekki af virðingarleysi í þessu tilliti.

En þar sem forsetinn (því forseta verð eg að kalla hann, þó mèr fremur virðist, sem hann nú hafi um stund stigið niður úr forsetastólnum og sezt á bekk með öðrum þingmönnum) bar mèr það á brýn, að eg segði bænarskrá Borgfirðinga bygða á einstakra manna ósk, þar sem þó 119 manns væru undir skrifaðir, þá verð eg að biðja hann forláts á því, að mèr kom til hugar, þegar eg las nöfnin undir skránni, að þeir mundu ekki allir, sem þar eru taldir, hafa haft alls kostar ljósa þekkingu á því, sem bænarskráin fór fram á, sízt eins glögga og þá, sem mèr virðist nú hafa komið í ljós af ræðu forsetans; og má eg þó játa, að eg veit ekki, hvað lángt hann vill fara með brúkun íslenzkrar túngu; en það var þó vandinn í þessu efni að finna þau rèttu takmörkin, en af ræðu hans skilst mèr, einkum þar sem hann setur undirskript konúngs í samband við þetta mál, og fer fram á, að alt, sem snertir stjórnarmálefni Íslands, sè hugsað og ritað á íslenzku, að hann ætlist til, að allir ráðherrarnir skilji íslenzku; því þar sem um ýmisleg lagaboð er að gjöra, þá getur ekki einn ráðherra haft ábyrgð á þeim öllum, heldur verður ábyrgðin að hvíla á sèrhverjum þeim, sem málefnið heyrir undir, verða þeir þá allir að kunna íslenzka málið, og mèr þykir líklegast, að með þessari skoðan sè ætlazt til, að konúngur læri það sjálfur. Að vísu verð eg nú að játa, að það væri æskilegt, og það skyldi einkanlega gleðja mig, að allir embættismenn ytra, sem íslenzk málefni hafa á hendi, kynnu móðurmál vort, já, að allir danskir lærðu það, og fleiri þjóðir; en hvernig menn geti farið slíku fram, sè eg ekki, og hvað sem því líður, þyrfti þó að minnsta kosti að taka takmörkin ljósar fram, en skeð er í bænarskrá Borgfirðinga, og af því nefndin sá ekki, hvar eptir henni skyldi staðar nema, gat hún ekki fylgt henni svo nákvæmt, sem forseti vildi óskað hafa.

En hvernig sem þessu máli reiðir af, þá ætla eg að vera fastur í þeirri von, að sá grunur búi ekki í nokkurs manns brjósti, að nefndina hafi brostið virðingu fyrir móðurmáli sínu, og í þeirri öruggu von sezt eg niður að sinni, og fer á sínum tíma burt af þessu þingi.

Jón Guðmundsson: Eg hefi aldrei dregið neinn efa á, að enir heiðruðu nefndarmenn virði og elski móðurmál sitt; mèr

hefði líka yfir höfuð að tala ekki fundizt neitt sérlega athugavert við nefndarálitið, hefði niðurlagið samboðið ástæðunum, en það er ekki, að mèr finnst; og eg sè ekki, að nein veruleg breyting fáist eður verði á, frá því sem verið hefir, ef bænarskrá er rituð samkvæmt niðurlags-uppástúngunni; í seinna hluta þess kveður nefnilega svo að orði „samt að embættismenn *í reglunni* (eg ætla það sè sama og: yfir höfuð að tala) skrifist á á sama túngumáli sín í milli, en *megi þó við hafa danska túngu*, þar sem leitað er álits, eður ritað um þau málefni, sem beinlínis sendast hèðan til stjórnarinnar."

Mèr finnst nú hèr vera með berum orðum lagt á vald embættismanna að beita dönskunni, eins hèr eptir og verið hefir, þar sem þeir alt af geta borið fyrir til afbötunar: „já, þetta málefni verður, ef til vill, að gánga til úrskurðar stjórnarinnar, því verð eg að rita á dönsku og fá álitið hins á dönsku".

Yfir höfuð virðist mèr nefndin, þegar í ástæðunum í áliti sínu, gjöra of mikið úr vankvæðum þeim og erviðleikum, sem sè á því að rita á íslenzku; mèr skilst, að þetta sè einkum meint til ráðgjafanna erlendis, og má ske til enna dönsku stiptamtmanna; en svo virðist, sem þetta eigi að ná einnig til embættismanna annara hèr á landi, og jafnvel íslenzkra, en þar um verð eg að vera öldúngis á máli ens háttvirta varaforseta, að þetta eigi ekki nokkru sinni að eiga sèr stað; þeir eiga aldrei hvorki að hugsa nè rita á dönsku, og þó svo fari um eitthvert mál, að það verði að gánga til stjórnarinnar, þá má, ef þess er þörf, þýða málið, og er embættismönnunum eins trúanda fyrir að staðfesta þýðínguna, eins og að segja álit sitt um málið sjálft. Eg ætla yfir höfuð að tala, að hvergi nærri sè eins ervitt að temja sèr íslenzkuna fyrir útlenda (auk heldur fyrir innlenda), eins og nefndin ber orð á, eða höfum vèr ekki haft þess ljósan vott hèr á þessu þíngi, að í þessu sannast það, sem öðru: mikið má, ef vel vill?

Það er satt, að vart mun því verða við komið, að stjórnin erlendis riti öll mál sín hingað á íslenzku, eða að stiptamtmaður, meðan hann er danskur, riti á íslenzku öll mál til stjórnarinnar; þessi mál eru árlega svo umfángsmikil og margbreytt, að til þess má vart ætlast.

Eg vil í þessu, sem öðru, gæta allrar sanngirni, og að því eina sè farið fram, sem auðið er að fá. Að vísu hafa Danir sjálfir næsta frjálslega skoðan á þessu efni með tilliti til vor

Íslendínga; sagt var, að merkismaður einn hefði spurt Bang ráðherra, sem mestu ræður nú um stjórnarmál Íslands, hvort hann væri vel fær í íslenzku máli. En Bang kvað það því miður ekki vera; þá svaraði merkismaðurinn: þá er yður líka of vaxið, að hafa stjórnarmál Íslands á höndum.

Öllu öðru máli virðist mèr vera að gegna, þó beðið sè um, að löggjöf sú, er til vor á að ná, sè á móðurmáli voru og staðfest með undirskript sjálfs konúngsins. Fyrst eru lögin, sem koma út árlega, ekki svo umfángsmikil, að ekki megi þessu með góðu við koma, og þegar um lög er að tala, þá eru það þær ákvarðanir, sem gilda eiga, svo að segja, um aldur og æfi, og ríður á, að þau sè ljós og hafi órækt gildi. Hin önnur stjórnarmál snerta aptur yfir höfuð að tala einstakleg efni og optar að eins þann tímann, sem þá er, en eru svo afar umfángsmikil og svo margbreytt; því virðist mèr, að á því sè miklu minni brýn nauðsyn, en sè margfalt fleira því til fyrirstöðu, að ráðgjafarnir riti á íslenzku.

Að vísu er nú sett á stofn í stjórnarráðunum deild sèr í lagi, er af greiðir öll íslenzk stjórnarmál, og veita íslenzkir menn deild þeirri forstöðu, en ráðgjafinn sjálfur þarf þó að vera fullfær í málinu, ef hann á að geta ritað undir öll þau mál á íslenzku, sem hann þó einn, að svo komnu, verður að hafa ábyrgð á. En eg vil láta þetta bíða og sjá, hvort ekki fæst lagfæríng þess á annan veg, er beinlínis leiði af þeirri stjórnarbreytíngu, sem vèr vonum að einnig verði og hlýtur að verða hér á Íslandi.

En eg ítreka það aptur, að mèr finnst uppástúnga nefndarinnar ekki samsvara ástæðum hennar, og af því eg sè eingrar lagfæríngar von, ef hún verður aðhyllzt, get eg ekki gefið henni atkvæði mitt; eg vil, að eingin danska og ekkert útlent mál sè haft við af embættismönnum hèr á landi; ef herra biskupinn á Íslandi, til að mynda, biður prestinn eður fleiri um álit á einhverju máli, sem á að gánga til stjórnarinnar, þá má hann eptir uppástúngunni rita prestinum á dönsku og biðja um álit hans á dönsku, þó hvortveggi „*í reglunni*“ eigi að rita á íslenzku, en ef nú presturinn getur ekki ritað álitið á dönsku (eg ætla þeir sè ekki „í reglunni“ allir því vaxnir, sízt ef um vandamál er að ræða, þeir kunna að vera það sumir), hvernig fer þá?

Eg leyfi mèr því að bera upp það breytíngaratkvæði: að

einúngis íslenzk túnga sè hèðan af við höfð á öllum embættisgjörðum og embættisbrèfum á Íslandi.

Framsögum. Eg skildi ei betur orð hins heiðraða þingmanns, sem nú mælti, en að hann væri nefndinni samdóma að mestu; einúngis setti hann út á, að niðurlagið væri ekki svo skorinort eður skýrt takmarkað, sem skyldi, þar eð embættismenn gætu enn haldið því fram, að skrifa dönsku hvorir öðrum. Vera má, að nefndin hafi ekki svo ljóst, sem þurfti, komið orðum að meiníng sinni, sem einúngis var sú, að þegar hinir æðstu embættismenn hèr ættu að senda frá sèr beinlínis til stjórnarinnar einhver málefni, þá væru þeir ekki svo bundnir, að þeir mættu ekki rita á danska túngu, eður frá einstaka manni, sem þeir vissu að málinu væru vel vaxnir, leita álits um eitthvert atriði, sem beinlínis skyldi sendast út úr landinu. Að biskup leiti álits presta á dönsku, hefir aldrei verið venja, svo hèr getur ei leingra rekið, en til einhvers sýslumanns, sem amtmaður kynni vilja skora á um álit hans, þegar svo stæði á, sem áður segir. Annars verð eg að vera því samdóma að þetta og því líkt lagist í hendi, eptir því sem tímarnir fram líða og greiða úr ýmsri þeirri fyrirstöðu, sem nú er í þessu efni.

Að öðru leyti skildist mèr svo, sem hinn heiðraði þingmaður vildi þó taka stiptamtmenn hèr á landi undan þeirri reglu, að skrifa alt á íslenzku, hvað mèr virðist einkar sanngjarnlegt; en þá skil eg samt ekki, hvernig menn geti bannað amtmönnum eður biskupi að rita stjórnarráðunum á dönsku, þegar þeim virðist það koma betur við. Það er kunnugt, að mikið berst að þessum skrifstofum, sem þaðan á að sendast stjórninni, og berst þó hvað mest af slíku stiptamtmanni, og í sameiníngu með honum einnig biskupi. Eigi nú alt þetta að útleggjast, er það vel athugandi, auk þess vanda, sem er á slíkri útleggíngu, að það eykur talsverðan kostnað, og ollir því, að þessir embættismenn að minnsta kosti megi bæta við sig öðrum skrifara til; þegar danska málið er úti lokað frá öllum málefnum, sem gánga um í landinu sjálfu, sè eg ei, á hverju stendur, þó þessir menn, að svo komnu, meðan stjórnin er í því horfi, sem enn er, skrifi á því málinu, sem þeim þykir bezt við horfa.

Stiptamtmaður: Mál þetta, sem nú er til umræðu, er að sönnu nokkuð vafasamt, ekki að því leyti hvað í þessu efni sè æskilegt, heldur að hinu, hvað í því efni er mögulegt; mèr

sýnist þínginu megi nægja að bera þá ósk upp fyrir konúnginn, að íslenzk túnga verði við höfð, sem ítrast verður við komið, og láti í ljósi það traust til stjórnarinnar, að hún geri í þessu tilliti það, sem í hennar valdi stendur.

Haldór Jónsson: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þær umræður, sem þegar eru orðnar um málefni þetta; framsögumaður hefir, að mèr virðist, svarað þeim til hlítar. Að hve miklu leyti það er rètt, sem hinn háttvirti varaforseti fór fram, að meðferð málefna geti ekki orðið *þjóðleg,* nema þau sèu *hugsuð* á þjóðarinnar eigin máli, er mèr kann ske of vaxið um að dæma; en mikill galli væri það við málin, svo mörg og ýmisleg sem þau eru, ef hugmyndir þeirra væru svo öldúngis ólíkar innbyrðis. Ekki ætla eg að tala um það, hvort nokkur virðíng fyrir, eður ást á móðurmáli mínu búi mèr í brjósti; og hvað í þessu tilliti er *álitið,* ríður ekki á miklu; meira riður á að *vera,* en að *sýnast.* Þíngmaður Skaptfellínga virtist mèr hafa fundið sömu annmarka og nefndin á því að beiðast þess, að um öll stjórnarmálefni Íslands bæði innan lands og erlendis væri skrifað á íslenzku, og fannst mèr breytíngaratkvæði hans vera náskylt nefndarálitinu, því eg skildi það þó svo, sem vildi hann ekki gjöra embættismönnum að *skyldu* að skrifa á íslenzku það, sem þeir beinlínis skrifuðu til stjórnarinnar; en ekki var það nefndarinnar meiníng, að brèfaskript á dönsku máli skyldi mega tíðkast milli embættismanna í landinu, heldur var með berum orðum tekið fram, að þá að eins, þegar leitað væri *álits* eða skrifað um eitthvað, sem beinlínis ætti að gánga til stjórnarinnar, skyldi mega skrifa þetta á dönsku til að spara útleggíngar. Annars hygg eg það eina atriðið nóg til að rèttlæta nefndina, þó hún ekki geingi leingra í uppástúngu sinni, að hún áleit, að þetta fámenna þíng ekki mætti taka fram fyrir hendurnar á því fjölmennara þíngi, sem vonazt er eptir að haldið verði hèr að sumri. Verkefni þess þíngs mun þó eiga að verða það, að ræða um stjórnarskipun Íslands og samband þess við Danmörku. Og væri nú farið fram á það, takmarka eða undantekníngarlaust, að öll embættisbrèf, o. s. frv., á Íslandi og erlendis skyldu vera skrifuð á íslenzku, þá væri fyrir fram og heimildarlaust búið að skapa sér það stjórnarform, sem ekki er víst að fáist.

Steffán Jónsson: Í nefndarálitinu var eins og leidt í efa,

að það mundi vera þjóðarósk, að farið væri svo langt fram í þetta mál, eins og bænarskráin frá Borgarfjarðarsýslu fer; en eg vil fullvissa þingið um, að ef ekki verður farið svo langt og strángt fram á þetta nú, þá má eiga það víst, að þjóðin lætur ekki vanta að leiða vilja sinn í ljós á næsta alþingi, og væri því betra, að gánga svo frá þessu máli nú, að ekki þurfi að taka það fyrir aptur á næsta þingi, eins og nú geingur um sum málin, og því vil eg hvetja þá menn, sem á þinginu eru því vaxnir, að fara svo langt fram á þá bæn, sem hèr ræðir um, sem þeir sjá í frekasta máta fært, en eg ætla ekki að gjöra grein á takmörkunum í þessu efni, þar til eru aðrir fullfærir.

Framsögumaður: Nefndin batt ei uppástúngu sína við þessa hugsun, hún fór eingaungu eptir sannfæríngu sinni, því þó allar bænarskrárnar hefðu farið hinu sama fram, sem sú eina, sem yfirgripsmest var, þá hefði nefndin alt að einu ekki að svo stöddu getað farið fram á meir; en af því svo mikill munur var á uppástúngum bænarskránna, þá var eðlilegt, þó nefndin mintist þess, og tæki það fram í þeim, sem kom heim við hennar sannfæríng, og ef tala skyldi um þjóðarvilja, var víst ekki ólíklegra, að hann fyndist í 3, en í 1 bænarskrá.

J. Thorstensen: Mèr sýnist ómögulegt að geta komið því við, að eingin embættismálefni megi ritast á dönsku á landinu, því menn hafa svo margt að sælda saman við menn í Danmörku, sem ekki skilja íslenzku, t. a. m. eg skrifast á við heilbrigðisráðið í Kaupmannahöfn, sem eg þarf að skrifa um til hèraðslækna, og svara svo aptur heilbrigðisráðinu, en færi eg að svara þeim á íslenzku, held eg þeir mættu hugsa, að eg væri orðinn undarlega lyndur, eða jafnvel vitskertur, þar eg veit, að einginn maður skilur íslenzku af þeim mönnum, sem eru í heilbrigðisráðinu eða í þeirra skrifstofu; því vildi eg, að þeim, sem þurfa að skrifa þeim mönnum erlendis, sem ekki hafa haft tækifæri til að nema íslenzka túngu, væri leyft að rita á dönsku, þó það væri í íslenzkum málefnum.

Steffán Jónsson: Það var mín meining, að þeir menn, sem færastir eru um hèr á þingi, vildu athuga vel þetta mál, og ef nefndarálitið virtist í einhverju ófullkomið, þá skyldu þeir menn, sem því eru vaxnir, nú með breytíngaratkvæðum bæta úr nefndarálitinu, að því leyti þörf sýndist, en til hins ætlaðist eg ekki, að nefndin raskaði áliti sínu. Fleiri eru á þing-

inu, en þeir, sem í nefndinni voru, sem ætla má að þekkja líka fullvel til þessa máls.

Halldór Jónsson: Eg vil bæta því við það, sem eg fyrir skemstu sagði, að eg ímynda mèr, að þó lagaboðs væri æskt, og það feingist samkvæmt nefndarinnar uppástúngu, þá mundi það ekki verða undan þegið því lögmáli, sem kemur niður á svo mörgum öðrum lagaboðum, nefnil. að þau eigi sèr ekki lángan aldur, ef tímar og kríngumstæður breyttust svo, að ástæða virtist til að biðja um meira, en nú væri beðið, þá held eg, að því væri ekkert til fyrirstöðu.

Jón Guðmundsson: Það er einkum tvent, sem eg vildi leyfa mèr að leiða athuga þíngsins að, og eg tók fram áðan að nokkru leyti, en þó kann ske ekki svo ljóslega, sem skyldi; mèr þykir það miklu skipta, hvort beðið er um, að öll mál, sem Ísland snerta, sè rituð á íslenzku, einnig þau, sem koma frá ráðgjöfunum og frá Danmörku; en að fara þessu fram má kann ske segja sè bæði meira, en til verður ætlazt, og heldur snemma upp borið nú, þegar nokkur breyting á stjórn Íslands fer í hönd, og enginn veit, hvernig stjórn þeirri verður hagað, eða að þíngið biðji að eins um, að íslenzk túnga sè eingaungu við höfð í öllum embættisgjörðum á Íslandi, því þetta ætla eg hóflega bæn og sanngjarna, og eingan veginn í ótíma upp borna, því á þessu ætla eg að vèr eigum fullan rètt, þó fyrr hefði verið, og þessu fer eg líka einúngis fram með breytíngaratkvæði mínu.

Varaforseti: Fyrst enginn ræðir nú framar mál þetta, hlýt eg að gjöra þessar tvær athugasemdir, áður en málið er fullrædt til undirbúnings. Hinn fyrri konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar brá mèr því, að eg hefði geingið af forsetastólnum og gefið mig of mjög við umræðu málsins; þetta ætla eg ósatt ámæli; því eg ætla mig eiga fullan rètt á, að ræða málin, svo opt sem mèr þykir þurfa, samkvæmt 49. § alþíngistilskipunarinnar. Aðra athugasemdina gjöri eg við það, er hinn annar konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar sagði, að jafnvel mundi maður fá hugsað málefnin á annarlegri, eins og eigin túngu sinni. Hafi hann nú meint vísindalegt málefni, mótmæli eg honum ekki, en hafi hann meint stjórnarmál, sem hèr var ræða um, þá veit eg víst, að bezt muni fara, að hugsa hvers lands stjórnarmálefni á þess lands túngu.

Halldór Jónsson: Vísindin eru að minni hyggju ekki ein-

stakra landa eign. En þó um stjórnarmálefni sè talað, þá get eg ekki annað en haldið, að mögulegt sè að hugsa þau á öðru máli, en þess lands, sem þau snerta; eg meina þetta sjálfsagt undir því skilyrði, að maðurinn sè *málinu* vaxinn, sem hann ætti að skrifa á, og *málefninu,* sem um væri að gjöra.

Ásgeir Einarsson: Þó nokkuð hafi verið rædt um mál þetta, ætla eg að fara um það nokkrum orðum. Því hefir að sönnu verið svarað, er getið var til í nefndarálitinu, að Borgfirðingar þeir, er ritað hefðu undir bænarskrána, mundu ekki hafa allir haft ljósa hugmynd um alt innihald hennar; en eg held, að svo sè varið um fleiri bænarskrár, það mun optast vera tilfinning einhverrar þarfar, sem knýr beiðendur til að semja bænarskrár, en þingið á að skera úr, hvað vel þær eiga við, og hverjum kröfum beiðenda geti vorðið framgeingt, það hefir áður verið vikið á það, hvernin að undanförnu hefir verið farið með móðurmál vort, einkum af embættismönnum, þó lögfræðingarnir sjálfir hafi ritað um það, að eingin lagaskylda væri fyrir embættismenn á Íslandi, að rita embættisbrèfin *hèr á landi* á dönsku. Nú mætti þjóðin óttast, að þó embættismönnum væri gjört að skyldu að rita á íslenzku hèr á landi, mætti svo fara, að því yrði ekki hlýdt, þegar alt væri ritað á dönsku milli embættismanna og stjórnarinnar. Framsögumaður hèlt, að ef bænarskrá Borgfirðinga ætti að verða framgeingt, þyrftu allir stjórnarherrarnir, og jafnvel konúngur, að kunna íslenzku. Þetta kynni nú að sýnast svo í fyrsta áliti, eins og nú stendur á, en feingi Ísland með tímanum stjórnarherra sèr, sem öll stjórnarmálefni þess geingju til, líkt og ráðgjafa þess er þau gánga nú til, þó hann standi undir stjórnarherranum, er líklegt, að stjórnarherra *sá* þyrfti að kunna íslenzku; væri þá ekki skaði, þó nú væri farið á flot þeirri áminnztu bæn, því svo hefir sumum málefnum Íslands byrjað seint, að ekki er líklegt, að um þetta kæmi mjög fljótt lagaboð, og gæti margar tálmanir, sem fram eru færðar, horfið á þessum tíma. Hver mundi segja, að úrskurður af 8. apríl 1844 hefði komið of snemma, þó það væri nokkur orsök til þess, að honum hefir ekki verið hlýdt. Stiptamtmaðurinn heldur, að stjórnin og allir hlutaðeigendur gjöri nú alt til, er mögulegt sè, til þess að þessu máli verði framgeingt, og þykir mèr von, þó hann geti þessa til, því það er nú vorðið kunnugt á íslenzku máli, að hann vill, að Íslendingar njóti rèttinda með móðurmál þeirra,

og munu Íslendíngar vona, að hann gjöri sitt til, að styrkja að þessu, enda munu allir viðurkenna, að hann hafi sjálfur sýnt þessa ljósan vott hèr á þíngi, en hvort þeir hafa sama traust á öllum embættismönnum, eða stjórnendum landsins, veit eg ekki.

Sá konúngkjörni þíngmaður gat þess, að hann þyrfti opt að skrifast á við heilbrigðisráðið í Kaupmannahöfn, og gæti ekki gjört það á íslenzku, sem enginn skildi þar. Eg veit nú ekki, hvort þetta heyrir beinlínis til aðalstjórnarmálefna Íslands, enda gæti verið, að landlæknirinn þyrfti að skrifast á við einhverja í öðrum löndum, og held eg enginn mundi meina honum það. Samkvæmt framan sögðu ætla eg að bera upp breytíngaratkvæði á þá leið, er bænarskráin frá Borgarfjarðarsýslu stíngur upp á, en verði því ekki framgeingt, held eg bezt væri fyrir þíngið, að rita einga bænarskrá til konúngs um þetta efni.

Th. Gudmundsen: Mig minnir ekki betur, en að eg hafi einhverstaðar lesið, að *öll* sjórnarmálefni Íslands, er fara utan, skuli send því nýa íslenzka stjórnarráði, er skipað var í vetur (det islandske Departement) og sem að innanríkisstjórnarherrann er fyrir, og að málefnunum þaðan skuli leiðbeint til hinna stjórnarráðanna, og aptur frá þeim til konúngs, að því leyti þau ekki eru lögð undir innanríkisstjórnarherrann. Þau vandræði, sem talin voru á að senda heilbrigðisráðinu skýrslur frá landlæknínum á íslenzku, af því að enginn af þeim mönnum, sem sitja í þessu ráði, skildi þessa túngu, virðist því með öllu hverfa, þar sem landlæknirinn eptirleiðis mun eiga að senda *íslenzku stjórnardeildinni* þessar heilbrigðisskýrslur, og ætti það þá vel við, að þær væru skrásettar á íslenzku, en stjórnardeildin íslenzka ætti að láta snúa þeim á dönsku, ef við þyrfti.

Eins og eg elska móðurmál mitt, þannig virði eg það, og vildi styðja til þess, að brúkun þess færi vaxandi hèr á landi, þannig, að íslenzk túnga eingaungu væri við höfð í öllum skrifum milli embættismanna innbyrðis og annara hèr á landi, og þetta held eg að mundi nægja fyrst um sinn, á meðan stjórnarskipun Íslands er á þann hátt, sem nú er, en ekki heimtanda eða ætlanda, að stiptamtmaður eða æðstu embættismenn landsins við hafi að svo stöddu íslenzka túngu í málum þeim, er þeir senda frá sèr út til stjórnarinnar, eða annara erlendis.

Stiptamtmaður: Eg vil einúngis geta þess, að eg held,

að of lángt væri farið, ef þingið aðhyllist bænarskrána frá Borgarfjarðarsýslu, þar sem farið er fram á, „að aftekin verði með öllu brúkun danskrar túngu í embættisbréfum þeim, sem áhræra Íslands málefni, svo vel embættismanna hèr í landi, sem erlendis“. Eg held, að þessu máli, nú sem stendur, geti ekki orðið framgeingt, og að ótiltækilegt sè, að biðja um brúkun íslenzkrar túngu við vikjandi öllum málum erlendis, því þetta virðist mèr nú ekki mögulegt, og það tjáir ekki, að biðja um það, sem er ómögulegt; og held eg því tiltækilegra, að fram bera þá bæn fyrir konúnginn, að hann, eptir hylli þeirri, er hann hefir auðsýnt landinu, geri alt sem honum er unt, til að við halda og hlynna að hinni íslenzku túngu, og þá mun hann skipa, að íslenzka verði við höfð hèr á landi. Mál þetta stendur annars í nákvæmu sambandi við þær breytíngar, sem menn eiga í vændum, og held eg því, að þingið að sinni ekki geti farið leingra fram í þetta mál, fyr en þær eru á komnar, því á meðan getur bænarskrá ekki orðið bygð á neinu vissu. Þar eð það nú er alment viðurkent, að íslenzk túnga hafi ekki verið við höfð í öllum opinberum störfum hèr á landi, verð eg að aðhyllast þá ætlan, að þingið hafi ástæðu til að senda konúngi bænarskrá um þetta málefni, en eg held það þó nauðsynlegt, að brúka sem mesta varúð í því tilliti, því lagaskipanir, sem koma of snemma, spilla fremur en bæta, að mínu áliti, og eins og í íslenzku riti nokkru, sem nýlega er komið hingað, hefir verið fundið að, hvernig sumir íslenzkir embættismenn rituðu illa dönsku, þannig mundi fara með danska embættismenn, þegar þeir erlendis ættu að fara að rita íslenzku, og gætu þeir borið kviðboga fyrir, að ófimni þeirra í þessu tilliti yrði útlögð, sem skortur á virðíngu fyrir hinni íslenzku túngu, enda er það mikill vandi að skrifa vel á íslenzka túngu, þó menn geti að nokkru leyti fleytt sèr í málinu.

Guðmundur Brandsson: Mèr virðist það standa í nánu sambandi hvað við annað, að vera við embætti á Íslandi og að hafa afskipti íslenzkra málefna í Danmörku. Nú hefir þeim, sem sækja um embætti hèr, verið gjört að skyldu, að kunna íslenzka túngu, þess vegna virðist mèr það eingan veginn ósanngjarnt, þó óskað væri, að ráðherra sá, sem mest á að fjalla um íslenzk mál, kynni hana líka. Öðru máli væri má ske að gegna um konúnginn sjálfan, og vil eg sem fæst um það tala, en einúngis geta þess, að það mundi þykja lítilfjörlegur húsbóndi,

sem væri svo fákænn, að hann gæti ei skilið börn sín eða hjú, og ekki heldur gjört sig þeim skiljanlegan. Íslenzkir menn, sem komizt hafa hèr til embætta, hafa orðið að læra dönsku áður; hvað er þá á móti því, að Danir læri íslenzku, einkum þeir, sem alla ábyrgð hafa íslenzku málefnanna, og einmitt með þessu móti ímynda eg mèr að samband það, sem er milli Íslendínga og Dana, geti orðið staðfast og affarasælt. Mèr virðist, að nærvera herra stiptamtmannsins á þessu þíngi sanni þettað, og einkum sá staki áhugi, með hverjum hann leitast við að gjöra sig sem bezt skiljanlegan, sem eg veit til að svo hefir hrifið til sín hjörtu sumra þíngmanna, að þeir munu honum seint gleyma, heldur bera minníngu hans með sèr hèðan til átthaga sinna.

Ásgeir Einarsson: Eg bar ekki beinlínis upp breytíngaratkvæði um það, að eingin bænarskrá yrði rituð, enda er líka til breytíngaratkvæði fulltrúans frá Skaptafellssýslu, sem þíngið gæti fallizt á, ef því litist ekki að fallast á mitt, af því það þykir yfirgripsmeira. Stiptamtmaður gat þess, að nú sem stæði mundi ekki vera hentugt, að senda bænarskrá, samkvæmt breytíngaratkvæði mínu; en ekki veit eg, hvort til góðs er að gjöra með biðina; því opt má leingi bíða nýrra lagaboða, og fyrir skömmu var þess getið hèr á þíngi, að stjórnin mundi hafa gefið snubbótt svar upp á bón alþíngis 1847, um að konúngur undir skrifaði hinn íslenzka texta lagaboðanna; gætu menn því vonazt, að um það bænheyrslan feingist, yrðu fleiri, sem vinna að stjórnarstörfum landsins, búnir að nema íslenzka túngu, einkum fyrst farið er að kenna hana við háskólann í Kaupmannahöfn. Stiptamtmaðurinn hefir líka sýnt það á þessu þíngi, hvað mönnum getur farið fram í íslenzkri túngu, þó maður læri hana ekki í skóla. Þó bænarskrá verði nú send, eins yfirgripsmikil og eg hefi stúngið upp á, væri samt líkindi til, að hún yrði bænheyrð að nokkru leyti, og væri það þá betra en ekkert; en fyrir það ætti maður ekki að hika við að biðja strax afdráttarlaust um það, sem þörf er á, svo ekki þurfi strax á eptir að bæta við bæn sína.

Stiptamtmaður: Eg vil einúngis, við víkjandi því, er þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að það er alt annað, að geta munnlega skýrt hugsanir sínar á íslenzka túngu, en hitt, að skrifa hana, svo vel fari. Ráðgjafarnir í Danmörku hafa sýnt vilja og viðleitni sína, að rita á íslenzku, og t. a. m. kom í fyrra brèf frá dómsmálastjórnarherranum á íslenzkri

túngu um jarðamatið, og sýnir þetta berlega, að stjórnina vantar ekki viljann til, að efla hina íslenzku túngu.

Guðmundur Brandsson: Við víkjandi því, sem herra stiptamtmaðurinn nú sagði, verð eg að geta þess, að eg þekki nokkra menn, sem skilja dönsku af bókum sæmilega, og geta nokkurn veginn skrifað hana, en engan veginn talað hana svo í lagi fari.

Ásgeir Einarsson: Stiptamtmaðurinn gat þess, að dómsmálastjórnarherrann hefði ritað hreppstjórum brèf á íslenzku, en einmitt þetta dæmi sýnir bezt mögulegleikann til, að frá hálfu stjórnarinnar geti breytíngaratkvæði mínu orðið fylgt; því þó einstöku sinnum yrði að leggja brèfin út, eins og mun hafa verið um þetta brèf, mundi þjóðin ljúflega vilja bera þann kostnað, sem þar af leiddi.

Th. Gudmundsen: Vandasamt mundi þó fyrir embættismenn landsins, einkum hina óæðri, og ógjöranda, að snúa á íslenzku fyrirskipunum þeim, er stjórnarherrarnir sendu þeim á dönsku, og er hætt við, að mikill misskilníngur á þeim og vafi um rèttan skilníng þeirra mundi þá fram koma. Því væri óskandi, að hinir aðrir stjórnarherrarnir vildu taka sèr löggæzlu-stjórnarráðherrann til fyrirmyndar, og eins og hann, senda út híngað skipanir sínar á íslenzka túngu og rita undir nöfn sín, til þess að öll vandkvæði hvyrfu í þessu tilliti.

Þ. Sivertsen: Það er einmitt þess vegna, að eg stend nú upp, að eg hefi gjört mèr það að reglu, ekki að vilja draga dulur á það, hvernig eg veiti atkvæði í hverju máli, án þess að bera kvíðboga fyrir almennings-álitinu, sem nú er svo mikils metið, því sá dómur ætla eg gjöri litlar áhrifur á mèr. Eg ætla nú ekkert að skýra frá því, hvort eg hafi mikla eða litla ást og virðíngu á túngu vorri, Íslendínga. Ástin er að líkindum svipuð hjá öllum sönnum óspiltum Íslendíngum, þó hún láti sig í ljósi má ske í nokkuð ólíkum myndum; hitt vildi eg geta um, að af því eg lifi í von um betra og betra, um framför á framför ofan, eptir því sem frekast er unt að öðlast, þá ætla eg að halla mèr að breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns Skaptfellínga, því verði því framgeingt, þá eru reistar skorður við það, og því út rýmt, sem mest af öllu hefir í þessu efni sært þjóðartilfinninguna.

Varaforseti kvaðst álíta mál þetta fullrædt til undirbúníngs, úr því einginn tæki framar til orða, en af því málefni það,

sem ræða átti til lykta í dag, hefði ollað svo miklum umræðum í gær, og við hinu sama mundi aptur mega búast í dag, þá ákvað hann fund aptur í dag kl. 5, en sagði nú fundi slitið.

---

25. júlí — tuttugasti og fyrsti fundur.

Forseti bað, að tekið væri þar til þingstarfa eptir hinni auglýstu dagsreglu, og tók fram til ályktarumræðu málefnið um betri niðurjöfnuð alþingiskostnaðarins. Þá tók til máls

Jón Jónsson, framsögumaður: Eg ætla ekki að hafa lángan fyrirmála fyrir þessari ályktunarumræðu, sem þingið nú á fyrir hendi, það var alla reiðu í gærdag rædt á marga vegu, og þeir, sem þá kynnu að hafa hafa haft annaðhvort aungva eður hvikula sannfæríngu um málefnið, vona eg nú muni að dæmum góðra manna snúa frá villu síns vegar og komast á rètta þánkastefnu. Í tilliti álitsskjals meiri hlutans, þarf eg ekki að hafa mörg ummæli, því að því leyti það gekk í fyrstu út yfir takmörk tilskipunarinnar um alþingiskostnaðar niðurjöfnuðinn, og aðhyltist sem sanngjarnt að leggja hæfilegan skerf á timburhús kaupstaðanna, þá hafa nú 2 nefndarmennirnir tekið það álit sitt til baka, sem þinginu er ljóst, svo nefndarálit meira hlutans er að minni meiníngu búið að fá þá umbót, að það er algjörlega samkvæmt löggjöfinni; því þó það haldi nú eptir þeirri meiníngu, eða áliti nefndarinnar, að leggja eigi alþingiskostnað á sjálfseignarbænda kirknajarðir, þá hefir það verið skýrt svo opt fyrir sèr hèr á þínginu, að sú sè líka tilætlun löggjafarinnar, og sè eg svo ekki, að þetta álitsskjal meiri hlutans þurfi nè geti feingið frá minni hálfu frekari meðmæli; margur mætti því leiðast hèr af á þá skoðun, að löggjöfin um alþingiskostnaðar niðurjöfnunina sè svo rèttlát, jafnaðargjörn og þjóðleg, að hún hvorki þurfi að fá nè geti tekið umbót, en þjóðin svo ósannsýn og rellótt, að hún fái ekki af sèr að una við löggjöf þessa; því víst er það, hvað sem hver segir, að hèr á þínginu hefir það vitnazt, að í flestum umdæmum landsins hreifi sèr meir eða minna megn óánægja í þjóðinni út af niðurjöfnun kostnaðar þessa, en hvort nú þjóðin hefir tilefni til þessa með sanngjörnum ástæðum, ætla eg nú ekki að fullyrða, hún mun sjálf gjöra grein á því, þó seinna verði, hvernig hún unir því, að heilir flokkar jarða

og manna sèu látnir komast undan hluttekníngu í kostnaðinum, þar sem aðrir eru teknir undir hana. Á þessu vildi eg vekja athygli þíngsins, en sjálft ræður það, hvernig það leiðir málefnið til lykta, og þykist eg því hafa að nokkru leyti af lokið skyldu minni; en þessi skoðun var það, sem vakti fyrir mèr, þegar eg fór að gánga dálítið leingra, en meiri hlutinn gjörði, áfram með uppástúngur mínar; því til þess áleit minni hlutinn að nefndinni væri feingið málið, að hún ætti að reyna til að hugleiða, fyrst hvort ástæða væri til, að þjóðinni lynti svo illa lagaboðið, og ef þörf sýndist til, þá að reyna til að bæta eitthvað úr því. Eg segði algjörlega móti sannfæríngu minni, ef eg færi því fram, að löggjöf sú, sem nú er um talað, væri jafnaðargjörn og þjóðleg; og líka segði eg móti sannfæríngu minni, ef eg færi hinu fram, að ekki mundi með neinum ráðum mega umbæta hana. Af því eg að orsakalausu hefi ekki sína sannfæríngu hvern daginn, þá leiddist eg til að benda þínginu á, hvernig þó mundi reynandi að fá sanngjarnari jöfnuð alþíngiskostnaðarins, en verið hefir, og því stakk eg upp á:

1. Að vilja láta allar jarðir landsins, eina með annari, bera þessa álögu, og það hefir líka verið sýnt fram á það hèr í þínginu, að sá hafi verið tilgángur stjórnarinnar, og útþrykkileg orð hins konúnglega lagafrumvarps.
2. Að verzlegir embættismenn, umboðsmenn, höndlunarþjónar, tækju líka svo þátt í þessu gjaldi, eptir einhverri tiltölu við launaupphæð þeirra, því allir vita, að af lausafè eður kvikfè þeirra mun sjaldan greiðast mikið til jafnaðarsjóða eður þíngkostnaðar, að því leyti gjald það er sameinað, og víst munu þessir mennirnir ekki vera ófærari til hluttekníngar í kostnaðinum, en fátæk alþýða; en að eg hafi má ske verið óheppinn í að taka til sanngjarna stærð þessarar hluttekníngar, með að stínga upp á $\frac{1}{10}$ lögleigu af launum embættismanna, skal eg ekki um segja, en einginn tók þó um það breytíngaratkvæði.
3. Að timburhús kaupstaða í landinu, sem nokkurs konar fasteignir, en þó lángt um lakari, en fasteignir í jörðum, skyldu taka líkan þátt og lausafè búenda út um landið í kostnaði alþíngis, en eptir hinni minnstu tiltölu við það, get eg ei heldur meint ósanngjarnt.
4. Að tómthúsmenn, þessi töluverði fjöldi af innbúum landsins, sem hafa þann atvinnuveg, sem lángminnst mun vera

lagður undir nokkur afgjöld til opinberra þarfa, meinti eg ekki ósanngjarnt þó tækju nokkurn þátt, eptir ágóða atvinnuvegsins, í þingkostnaðargreiðslu, og verið getur fyrir þekkingarleysi mitt á þeim atvinnuvegi, að sú hlutteking sè of há, en á það hefir heldur enginn bent.

Um iðnarmenn talaði eg ekkert, og hefir það verið mátulega góð eptirtekt þingmannsins frá Dalasýslu, sem bar fram í gær, að eg hefði gjört það.

Hvað þeim ummælum við kemur, sem komið hafa fram móti því, að nú væri breytt alþingiskostnaðar-jöfnunar-tilskipuninni, af því nýtt þing væri í vonum, og að afstöðnu þessu þingi ætti að koma ný skipun á alþingið, þá get eg ekki skilið, að hentugt sè að bíða þess, því á meðan undirstaðan til hinna nýu skattgjaldslaga, sem líklega koma ekki fyrr en eptir nokkur ár liðin, er ekki feingin, skilst mèr ekki, hvernin nokkurt þing í því millibili geti, hvort sem er, nema að handahófi og til bráðabirgða ákveðið, hvernig alþingiskostnaðurinn yrði grundvallarlega jafnaður niður, og þó næsta alþing fái annað skipulag í einhverju falli, þá mun komast reynd á það, að þeir, sem á því sitja, munu ekki, meðan svona er málum varið, að algjörlega rètta undirstöðu opinberra gjalda vantar, koma sèr niður á góða grundvallarreglu í þingkostnaðar niðurjöfnuninni, nema rètt að handahófi, en það handahóf eður sú áætlun ætti þó að vera svo sanngjörn, sem mögulegt er, og sjái nú ekki þjóðin þá sanngirni látna í ljósi, býð eg ekki fè við því, með hverri alúð og heppni að kosningar hennar til þinga eptirleiðis kunna að fara fram, og heldur óttast eg fyrir, að þjóðin, ef hún sèr, að ekki er gaumur gefinn sanngjörnum óskum eða kröfum sínum, muni um of hneigjast til kosninga alþýðumanna, en sneiði hjá hinum, sem henni fyndust síður þjóðlegir, en bágt er þá samt að ætla á, hvernig málefnum hennar yrði þá komið; því víst er það, að þjóðlyndi og mentun mega hvorugt annars án vera.

Það, sem í gær var haft á móti álitsskjali minna hlutans, fannst mèr margt vera smávegis marklitlar aðfinníngar, meira fram komnar af vilja, en mætti sumra þingmanna, og minnst snerta aðalgrundvöll og ástæður málefnisins; en hvað sem um það hefir verið, þá vil eg nú biðja þingmenn með ljósum og góðum ástæðum að hrekja álitsskjalið, og láta stillingu og skynsemi, án allrar kappgirni, ráða fyrir skoðun sinni, og þar

sem nú er komið að tímanum, þeim sem greiða á atkvæði í málinu, þá ætla eg að leyfa mèr að fara fáeinum orðum um hvert þeirra breytíngaratkvæða, sem fram eru komin, og segja um þau meiníngu mína.

1. Að embættismönnum sè gjört að skyldu, að greiða af launum þeirra til þíngkostnaðar, en þeim sè sett í sjálfsvald, hvað mikið eða lítið það sè (Guttormur Vigfússon). Um þetta atkvæði veit eg ekki hvað eg á að segja, því eðli þess er svoleiðis, að það getur, ef til vill, orðið til stórvægilegs hagnaðar fyrir þjóðina; en þetta er nú alt undir ríflyndi og aðsjálni embættismanna komið, sem allir geta skilið, því ef stórhöfðíngskapur í þessari tillögu kynni að koma fram, yrði vist mikill hagnaður þjóðinni, en ef hið mótsetta vottaði sig, og tillög þeirra hin fríviljugu yrðu lítil, er lítið að missa, hvort sem er; eg ætla því að láta þíngið sjálft álykta, hvað það ræður af í tilliti þessa atkvæðis.
2. Ef minna hlutans uppástúngu, um að alþíngiskostnaður leggist á laun embættismanna, verzlunarþjóna, iðnarmanna tekjur, og tómthúsmanna fiskiafla, verður viðtaka veitt af þínginu, að alþíngistollur leggist einnig á alla bændastèttarinnar nærìngu, fisk, ull, tólg, smjör og fleira þess háttar, er bú hans af sèr gefur (Þ. Sveinbjörnsson). Eg skil ekki, hvernig þetta breytíngaratkvæði hefir farið að myndast hjá höfundinum, því fyrir því vil eg ekki gjöra ráð, að hann hafi viljað brúka þá ósanngirni við bændastèttina, að fyrst væri tekinn alþíngiskostnaður af tíundarfè bænda, sem gjört er og lög bjóða, og síðan um leið og í sama sinn annar til, af hverri ágóða tegund, sem fènaðurinn af sèr gefur, sem flestar opinberar greiðslur hvíla á, og ekki heldur get eg meint, að hann viti ekki, hvernig ull, smjör og tólg er til orðið, að því þó ekki rignir úr lopti niður í skaut alþýðu, svo það sè undan þegið hlutteknìngu í almennum álögum; eg mótmæli því með öllu, að þíngið aðhyllist þetta breytíngaratkvæði.
3. Að eingin bænarskrá sè samin um þetta efni (Th. Gudmundsen). Eg er ragur með, meðan ekki er búið að greiða atkvæðin, að ráða frá því, og í hið minnsta mundi sú ósk, að sjálfseignarbænda kirknajarðirnar kæmust undir alþíng-

iskostnaðinn, þá ekki komast á framfæri; eg ræð því þinginu frá, að aðhyllast þetta atkvæði.

4. Að kaupstaðahús öll af múr eða timbri reiknist með fasteign landsins, og greiðist alþingiskostnaður af, sem af fasteign (R. M. Ólsen). Eg er þeirrar meiningar, ef þingið geingur inn á þetta breytingaratkvæði, að þá mundi hlutteknîng þingkostnaðar í húsunum verða of há, og töluvert hærri, en nefndarálits uppástúngan ætlast til; ræð eg því heldur frá, að það sè aðhyllzt.

5. og 6. Að kaupstaðahús virðist þriðjúngi lægra, en jarðir, og sè undan skilið skólahúsið og timburhús út á landsbygðinni (Eyólfur Einarsson), og kaupstaðarhús einstakra manna af múr eða timbri metist að hálfu móti jörðum, meðan þau fá einga ábyrgð neins brunabótafèlags, en að fullu, eptir að ábyrgðarupphæð er feingin (J. Thorstensen). Þessi atkvæði greinir svo lítið á, að um þau má tala í einu lagi, og vil eg ekki segja neitt álit mitt um þau, annað en að heldur horfa þau til þèttari álögu á timburhúsin, en nefndaruppástúngan.

7. og 8. Prestaköll, betri en í meðallagi, gjaldi af fasteign sinni (Eyólfur Einarsson), en brauðið metist eptir seinustu brauðalýsíngum til biskups sál. Steingríms Jónssonar (Guttormur Vigfússon). Þessi eru samkvæm hvort öðru í eðli sínu, og þó eg sè sannfærður um, að eptir undirstöðureglunni eigi allar fasteignir að taka hlut í þingkostnaðinum, kann eitthvað annað að mæla fram með þessu í tilliti hinna lakari brauða, og vil eg, sem minni hluti nefndarinnar, gánga inn á það breytingaratkvæði.

9. Bændahús af timbri út um landið sèu undan skilin (Th. Gudmundsen). Þetta er svo sanngjarnt, að eg vona þingið muni aðhyllast það í einu hljóði.

10. Að öll timburhús og múrhús í landinu, að fráskildum kirkjum, svari alþingiskostnaði (Þ. Sívertsen). Eg mun ekki þurfa að tala um þetta við þingið, því allir þingmenn munu koma því fyrir, að fella það í einu hljóði.

11. Sè tollur lagður á kaupstaðahús, önnur en þau sem leiga er af tekin, þá sè einnig tollur lagður á öll íveruhús um land alt (Árni Helgason). Eg hefi ekki um þetta atkvæði önnur ummæli, en hið næsta á undan.

12. Verði nærîngar og embættismannaskattur lagður á, þá

einnig á laun alþingismanna að réttum jöfnuði (Á. Einarson). Þetta breytingaratkvæði er sanngjarnt og þjóðlegt, og gef eg því meðmæli mitt við þingið.

13. Uppástúngu nefndarinnar, við víkjandi kaupstaðahúsum, sem nefndin (meiri hlutinn) slepti, tók Jón Guðmundsson, þegar nefndin öll hafði komizt á þá sannfæríngu, að á hús kaupstaðanna skyldi leggja dálitið í alþingiskostnaðar skyni, fæddist af því *uppástúngan* í nefndarálitinu, en úng misti hún faðerni sitt í aðra ættina, en þingmaður Skaptfellínga lèt það ásannast, að hann væri barngóður, og tók hana upp úr duptinu, þar sem hún var niður fallin, og gjörði hana að skjólstæðíngi sínum, og treysti eg því hann sleppi ekki af henni tilsjón sinni, fyrr en hún er komin á framfæri, og líka meina eg annar þingmanna tæki hana að sèr, svo hún hafi alla reiðu feingið missir sinn bættan.

14. Að opinberar stiptanir endurgjaldi prestum alþingiskostnað þann, sem kynni verða lagður á þeirra mensalgóz (H. Jónsson). Um þetta atkvæði get eg ekki gjört mèr ljósa hugmynd, og ekki heldur ráðið þínginu til afskipta þess, því eg meina, að eptir eðli sínu geti það verið eitt af þeim hlutum, sem þurfi andlega að dæmast.

Eg ætla svo ekki að fara fleirum orðum að sinni, en bíða þess að heyra skynsamlegar og ljósar athugasemdir og ræður þíngmanna um málefnið.

J. Thorstensen: Eg verð ítarlegar að svara *spursmáli hins virðuglega* þíngmanns frá Suðurþíngeyarþíngi í gær, um *hlutteknîngu Reykjavíkur í alþingiskostnaði,* að eg var *meðal þeirra* manna, er möttum túnpetti þau litlu, er liggja innan bæarins umdæmis, og geingu þó 2 kot frá, er liggja undir prestaköll, og gjörðum við 400 dali eptirgjald þeirra, og ætla eg hvergi jafnhátt virt afgjald af jörðum í landinu, því margur hreppur mun gefa minna en 12 dali af jarða afgjaldi í þíngkostnað, en öll þau tún, er hèr um ræðir, í kríng um Reykjavík, eru þó ei stærri en svo, að eins stór tún fylgi margri stórjörð í landinu, eins og þau eru öll til samans, heldur ætla eg það 10 til 20 sinnum dýrar metið, en afgjald jarða er matið víðast í landinu, og tek eg til dæmis Möðruvelli í Hörgárdal, þar munu vera tún má ske stærri en Reykjavíkur tún öll til samans lögð; lausafjártíund mun nú vera lítil, enda

borgast þess konar af bæarins gjaldsjóði inn í jafnaðarsjóðinn, og af honum aptur eitthvað til alþingiskostnaðar, en eg veit óglögt, hvað mikið.

Steffán Jónsson: Eg skil ekki, hvernig það getur átt við, að tala um túnastærð jarða, svo sem Möðruvalla í Hörgárdal; túnin leigjast með jörðunum, og afgjaldið eitt er það, í tilliti jarðanna, sem þingkostnaðurinn er miðaður við, en eingin landvídd. Að því leyti sem þess var getið, að Reykjavíkurbær greiddi til alþingiskostnaðar, í því hann legði að sínu leyti til jafnaðarsjóðanna, þá getur það að nokkru leyti átt sèr stað; en eg veit ekki til, að annarstaðar hèr á landi sè goldið af timburhúsum til jafnaðarsjóða, svo þau ná ekki á þann hátt inn í gjaldgreiðslu til þingkostnaðar.

J. Johnsen: Eg verð að vera í tölu þeirra þingmanna, sem mæla á móti bænarskrá til konúngs í þessu málefni. Eg gjöri ráð fyrir, að fyrsta og helzta tilefni til þessa máls sè skilníngur eða misskilníngur sumra á opnu brèfi frá 18. júlí í fyrra, 1. gr., um það atriðið, hvort bændakirkna jarðir eiga að bera alþingiskostnaðinn eða ekki; en að senda bænarskrá til að komast í rèttan skilníng hèr um, tel eg þó litla nauðsyn á, þar sem mig varla rángminnir, að alþingistíðindin frá 1847 beri þess nægan vott í þingræðunum þá, ef vel er að gáð, að það eigi var þingsins meiníng, að undan þiggja bænda kirknajarðir alþingiskostnaðinum. En eg get þess síður ætlað, að tilefni til máls þessa sè þó annað, en þessi misskilníngur, sem eg vona, að þingmenn verði mèr samdóma um það, að máli þessu að öðru leyti sè, nú sem stendur, svo varið, að ekki fari vel á, að senda konúngi bænarskrá í því. Þegar menn setja sèr fyrir sjónir, að á þessu þingi ekki getur verið um annan þingkostnað máli að skipta, en um þann, sem er risinn og rís af alþingi 1845, 1847 og 1849, og að sú hin nýa löggjöf um þenna kostnað, sem menn vildu biðja um, ekki getur gilt aptur á bak fyrir lúkníngu þess kostnaðar, sem þegar er og verður lokið, áður en hún kemur út, þá verður það næsta ísjárvert, þyki mèr, og smámunalegt fyrir þingið, að halda áfram með þetta mál. Hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu sýndi þegar í gær, að fundarkostnaðurinn að ári ekkert gæti átt skylt við þetta mál, og eg fyrir mitt leyti verð að ætla það eins ófært fyrir stjórnina sjálfa, að samsinna nú þegar nokkra ákvörðun um kostnað þann, sem leiðir af alþingi

hinu nýa, sem menn vona eptir, eins og fyrir það þing, sem nú situr hèr, að leggja á nokkur ráð um hann, sem gildi fyrir eptirkomendurna.

Minni skoðun á málinu er því þannig varið, að eg ekki þarf að segja álit mitt upp um efni þess í sjálfu sèr, eða um uppástúngur þær, sem bornar eru upp, og get eg því heldur að mestu leyti sneidt hjá því, sem hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Dalasýslu hafa, að mèr virðist, hrakið uppástúngur minni hluta nefndarinnar með góðum ástæðum. Um álögu alþíngiskostnaðarins á hús má eg þó geta þess, að mèr virðist fráleitt, að leggja hann á timburhús eingaungu, eins og stúngið er upp á, en ekki múr- og steinhús jafnframt, og verð eg að fallast á, að hann þá líka yrði að liggja á öllum timbur-, múr- og steinhúsum í landinu, eins og þíngmaður Dalasýslu hefir stúngið upp á, já, enda á það, að öll íveru og geymsluhús í landinu ættu, eins og kríngumstæðum hèr er varið, að vera jafnrèttis. Í kauptúnum landsins stendur opt og víða svo á, að þeir, sem þar búa, gjalda af jörðum, sem til kauptúnanna liggja, og voru það t. a. m. í Reykjavík í ár, eins og frá er skýrt, 12 rbd., og þar að auki af lausafè þeirra; en þá getur mèr nú ekki skilizt, að þar í sè rèttur og sanngirni, þar að auki að leggja skattinn á hús innbúa kauptúnanna og einga aðra húseigendur landsins, heldur öllu fremur, að vara-uppástúnga hins háæruverðuga þíngmanns Reykvíkínga líka frá þessu sjónarmiði sè á rökum bygð, ef menn á annað borð vilja hlynna að uppástúngunni um húsaskattinn í þessu máli.

Eg læt hèr við lenda, en hefi þá von, að eingin dragi efa á, að eg fer eptir beztu sannfæríngu, er eg greiði atkvæði mitt á móti bænarskrá í þessu máli.

Guttormur Vigfusson: Áður en geingið er til atkvæða, vil eg minnast á breytíngaratkvæði mitt, sem eg bar upp í gær í málefni þessu, og sem var þess efnis, að öllum embættismönnum yrði gjört að skyldu að leggja einhvern fríviljugan skerf til alþíngiskostnaðarins. Ástæðan fyrir því, að eg bar breytíngaratkvæðið npp í þessari stefnu, var sú, að eg þóktist fyrir sjá, hverja niðurstöðu að mál þetta mundi fá hèr í þetta sinn, og að það mundi ei svo greitt aðgaungu að finna, og enn síður koma við öðrum geðfeldum gjaldstofnum, heldur en hinum 2 gömlu, fasteign og lausafè bænda, sem menn þó

viðurkenna, að hlaðnir sèu margföldum álögum, og þjóðinni sjálfri fannst því fremur um, sem hún álítur, að þeir sèu margir, sem fríist frá sanngjarnri hlutteknìngu í byrðinni, er þó að öllum rètti ættu að bera hana. En eins og eg hreifði í gær, við undirbúningsumræðurnar, vil eg minnast þess enn, að mèr finnst brýn nauðsyn til þess, að menn þá á þennan veg, sem eg hefi stúngið upp á, tjái sig fúsa til að lètta undir byrðina með bræðrum sínum, en dragi sig eingan veginn í hlè, þar eð það fyrra er kröptugt meðal til, að hin góðu, hin þarflegu fyrirtækin, sem vèr erum að leitast við að koma í verk hjá oss, geti haldið áfram, þar sem þau annars má ske hljóta að stansa. Eg vil spyrja, hvort embættismennirnir, þessir leiðtogar þjóðarinnar, vilji ei alt til vinna, vilji ei með frjálslyndi sínu og eðallund leggja sinn skerf til, að hin góðu málefnin, sem oss ríður svo mikið á, ekki kafni, og með því leiða þjóðina á eptir sèr með fúsum vilja og sameinuðum kröptum; þetta bið eg alla að athuga, áður en geingið er til atkvæða.

Jón Guðmundsson: Eg hefi hikað við að ræða í þessu máli alt til þessarar stundar, því eg hefi frá byrjun þess óskað með sjálfum mèr, að það hefði hèr aldrei rædt verið, og því heldur, að ekki hefði verið farið um það jafnmörgum orðum, og búið er. Eg játa, að það er nauðsyn á bænarskrá um aðra uppástúngu meiri hlutans, að á bændakirkjujarðir verði lagður alþíngiskostnaðurinn, eins og á aðrar bænda- og þjóð-eignir, fyrst þetta nú hefir verið svo misskilið, því eg álít þetta rètt, og sú var víst meining nefndarinnar í málefni þessu 1847; en hvort þær bændakirkjujarðirnar, sem nú hafa komizt hjá gjaldinu, eigi að verða fyrir kostnaðinum fyrir um liðna tíð, þá sem þeim hefir verið hlíft, um það mun stjórnin geta ákveðið eitthvað í lagaboðinu, þó að ekki hafi verið borið upp um það neitt viðauka-atkvæði, sem þó hefði verið betra. Eg neita því ekki, að hinn heiðraði minni hluti hafi barizt vel og rækilega fyrir uppástúngum sínum, og eins þeir aðrir þíngmenn, sem honum hafa fylgt, og ætíð standa þeir menn vel að máli, sem mæla fram með jöfnuði og sanngirni, í hverju sem er; en eg verð samt að þessu sinni að verða á máli þíngmannsins úr Dalasýslu í gær, að ekki sè semjandi bænarskrá hèðan um þessar uppástúngur, nè breytíngaratkvæði þau, sem við þær eru borin upp. Eg ætla það eiga við, sem mig minnir einn þíngmanna segði í gær, að menn sèu að berjast við skugga

sjálfra sín. Óvíst er, hvernig alþingi verður hagað framvegis, eða jafnvel hvort verður alþing; ef það verður, þá mun því verða skipað frjálslegar, einkum að kosningum til og kjörgeingi, en þá er á valdi þeirra þingmanna, að bera upp uppástúngu um að jafna kostnaðinum, sem af þeim leiðir, betur og jafnar niður. Þessar uppástúngur, sem nú eru bornar upp, geta því vart náð svo lángt fram í tímann, og einúngis til kostnaðarins af þessu þínginu og þeim 2, sem liðin eru, en eg ætla, að sá kostnaður muni verða að mestu endurgoldinn, eptir því sem nú er ákveðið, um það uppástúngur þessar verða búnar að ná lagagildi hjá stjórninni. Því vil eg, að kostnaðar jöfnuður fyrir hin seinni þíng sè geymdur þeim þíngunum. Alt um þetta sè eg ekki annað fært, en að samin sè bænarskrá um, að stjórnin ákveði, að eingar bændakirkjujarðir sèu undan þegnar alþingiskostnaðinum.

Th. Gudmundsen: Eptir hinum danska texta í opnu brèfi frá 18. júlí 1848 virðist mèr ekki geta verið neinn vafi á því, að bændakirkjujarðir eigi að taka þátt í greiðslu alþingiskostnaðarins, þó eg verði að játa, að hin íslenzka þýðing hans sýnist að gefa átyllu til að halda, að þessar jarðir sèu undan skildar þessari álögu. En eg hefi alt af skilið þessa löggjöf þannig, að bændakirkjujarðir væru háðar greiðslu þessari, og frá því skýrði eg strax í vetur þeim mönnum, er skráðu jarðaútgjalda skýrslurnar, og hafa þeir fylgt þessari skoðun. Eg sè því ei, að þörf sè á að biðja konúng um að skýra þessa löggjöf; en þess get eg, að mèr hefir þókt vafasamt, hvort ekki ætti að vera undan þegið alþingistolls greiðslunni það, sem bændakirkjan, sem stiptun, á í heimalandi jarðar þeirrar, er hún stendur á.

Eg hefi aldrei getað álitið afgjöldin af lènsjörðum prestanna annað en embættislaun þeirra, og mig furðar á því, að nokkrir hèr á þínginu skuli hafa skoðað þau á annan hátt. Er eg því með öllu fráhverfur, að alþingistollurinn sè lagður á þessar jarðir.

Aptur virðist mèr nokkur sannsýni tala fyrir því, að timbur og múrhús í kaupstöðunum væri gjörð í greindu tilliti skattskyld, en ekki ætla eg hús þessi þoli hærri álögu, en nefndin hefir stúngið upp á, nefnilega að hverjir 50 rbd. af verði þeirra samsvari 1 hndr. í lausafè.

Hvað því að endíngu við víkur, sem þíngmaður Gullbríngu-

sýslu lèt í ljósi við undirbúningsumræðuna, áhrærandi óánægju og knurr bænda þar í sýslu yfir alþingistolls greiðslunni, þá skal eg fræða þingið á því, að eg á öllum manntalsþingum í vor tók þingsvitni, er sannar öldúngis það gagnstæða. Amtmaður getur lesið þetta í þingbók sýslunnar, almúginn líka, því bókin er opinber. Læt eg svo hèr með út talað.

Þ. Sivertsen: Það nálgast nú sá tíminn, á hverjum alþíng kveður upp dóm sinn í máleíni þessu; eg ætla nú samt ekki að fara að hreifa við þess sèrstaklegu atriðum; það er að ætlun minni fullbúið að hræra við þeim og enda í *þeim.* Það er nú eptir að greiða atkvæðin, og ætla eg að veita því atkvæði, eins nú, sem endrarnær, er mín *eigin* sannfæring segir mèr að sè og muni verða þjóðinni hollast, en þínginu vanvirðulaust, og þess er eg viss, að þannig vilja allir greiða atkvæði; en eg vil líka varast að veita nokkru því jákvæði, sem lýtur að því, að hèr verði smokkað inn atvinnuskatti *(Næringsskat)*, og munu það líka gjöra allir þeir, sem hafa nokkra ást á fósturjörðu sinni, því eg held einginn sè svo sljóskygn, og einginn fari svo villur vegar, að hann ekki grilli til þeirra vondu afleiðínga, sem því hlytu að fylgja, kæmist hann hèr á, og líka held eg, að allir, sem vilja gæta þess, muni renna grun í það, að yrði þessari flugu skotið inn, muni þykja aðgeingilegra á eptir, að smokka inn annari, eg meina þeirri útlendu tolltöku áþjánar aðferð með öllum þeim ókjörum, sem þar á eptir fylgdu, og vildi eg óska þess, að slíkir gestir, sem eg held óvættum verri fyrir land vort, næðu hèr aldrei landtöku, og munu fleiri þess sama biðja. Um þetta vil eg nú ekki fara fleiri orðum, eg vildi einúngis hafa bent til þess, hvað í veði væri, greiddi menn atkvæði fyrir því, sem verr gegndi; en áður eg sezt niður, verð eg að minnast á eitt atriði úr ræðu ens virðulega framsögumanns í gær, sem eg tók þá ekki eptir, en heyrði í dag við lestur þingbókarinnar, við víkjandi tíundar framtali Vestfirðínga, og benda þingmanninum á, að mèr þyki það undrum gegna, af eins greindum manni og honum, skyldi honum verða það á, að lesa vesturamt í stað hinna amtanna, eða vesturland, í stað Aungulsstaðahrepps, einkum ef svo er, sem eg ætla, að hann sè nákunnugur þeim hreppi og háttum hans, og gæti eg lánað þingmanninum Fèlagsritin nýu, ef hann vildi betur glöggva sig á þessu (VII. 24. 68).

Framsögumaður Eg þekki líka til þessara ummæla, sem þingmaður Dalasýslu gat um, en eg veit líka, að á þeim stað sem hann vitnaði til, er það sama borið á brýn einum hrepp í vesturamtinu.

Eyólfur Einarsson: Eg vænti eptir, að sá heiðraði konúngkjörni þingmaður, er áðan mælti, mundi mèr skiljanlega útleggja dönskuna í opnu brèfi af 18. júlí 1848, en það varð ekki; þó eg að vísu ekki skilji dönsku til hlítar, veit eg þó, að orðið „milde Stiftelser" í danska textanum getur ei heimfærzt til bændakirkjueigna, þar arður eigna þeirra að mestu lendir í vasa eigenda. Eg hefi fyrri á þingi þessu áhrært málefni þetta, því mèr virðist það miklu varða, þar nokkrir bændur vestra hafa neitað að borga þingkostnað þennan, og munu neita, þar til jöfnuður fæst; Þó mál það, sem nú hefir leingi rædt verið, fái ei þann enda, sem vera ætti, óska eg, að þingið sendi stjórninni bænarskrá, áhrærandi rètta útleggíng lagaboðsins og jöfnuð milli gjaldþegna.

Jón Samsonsson: Eg held, að alþing sè þó alþýðu skyldugt um, að lagfæra það, sem því sèst yfir að taka ljóslega fram með berum orðum fyrri, en það var um bænda eigna kirkjujarðirnar. Eg vil því fyrir mitt leyti fallast á meiri hlutans álit í þessu falli, og að samin sè bænarskrá til konúngs um það, að taka vafann af í þessu, því eg er líka einn af þeim mönnum, sem vita til þess, að almenníngur er mjög óánægður yfir aðgjörðum alþíngis í þessu efni á 2 undangeingnum þíngum.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg var í gær að reyna til að berjast fyrir þeirri hugsun, að ekki væri vert að leiða hèr inn í landið atvinnuskatta stofn, að öllu leyti nýan og óþektan, og leiddi aptur af þeirri hugsun, að ekki ætti að leggja alþingistollinn á laun embættismanna eða handbjörg annara landsmanna minna. Sama hugsun er enn þá vakandi fyrir mèr, og býst eg því ekki við, að fylla flokk minni hlutans, nè styðja að því, að skapa nýan gjaldastofn. Þegar einn væri tekinn nýr af þínginu í ár, gæti svo farið, að fyrir næsta alþíng yrði borinn upp annar nýr gjaldastofn, óþektur líka hèr í landi, nefnil. inn og útfluttar vörur, og heitir það, sem á hann er lagt, *tollur.* Þar eptir kynni að bætast enn einn, það sem hver brúkar og eyðir í húsi sínu, þar á er lagt *neyzlugjaldið*, og svona leingra fram. Það er gamall málsháttur: *„að þar sem kötturinn kemst*

inn með klóna, þar fer hún öll“, og svo kynni að fara með þetta. Þegar vikið væri frá gamalli grundvallarreglu í þessu, opnast vegur til hverra álaga sem vera skal. Atvinnuskattar hafa líka það óþokkalega í för með sèr, að hylming og launúng verður af enn fleiri viðhöfð en er, og skemma þeir þannig hugsunarháttt þjóðarinnar, eins og öll böud og álögur á næringarvegi manna hindra þá. Þó fram á þetta væri farið í ótal bænarskrám, hvað þó, eins og hèr er ástadt, ekki er nema í 1 eða 2, þá væri eg því eins mótfallinn; við sitjum hèr ekki, þjóðarinnar fulltrúar, til að smjaðra fyrir hverri einni bænarskrá, er koma kann til þingsins, stílaðri má ske af höfðingja þessa heims, tíðarandanum, heldur til að útvelja það góða og hafna því vonda, eptir *eigin* umþeinkingu. Eg bið þingmenn að skoða vel um þetta huga sinn, áður til atkvæða er geingið. Einni spurníngu vildi eg mega víkja að þeim heiðraða framsögumanni minni hluta nefndarinnar, og væri það þinginu ekki óþarft, að heyra um hana hans meiníngu: hvort hann vill, að alþingistollurinn sè lagður á laun embættismanna, handbjörg tómthússmanna, arð verzlunarmanna etc., brúttó eða nettó, á launahæðina, eins og hún er ákveðin eða finnst í bókunum, eða á það, sem eptir er, þegar lögskipuð útgjöld, og kostnaður til embættisfærslunnar er af numinn. Margir embættismenn, sem föst laun hafa, svara þar af nafnbótaskatti, og ýmsum fleiri afnámum (Decourter). Sýslumenn halda marga hesta, launa skrifurum, o. s. frv. Eg vil ekki hræra hèr við bænarskránni frá Norðurmúlasýslu, þó hún væri lesin hèr í gær, og hún vel verðskuldaði, að hún í einni grein sinni yrði nákvæmar upplýst hèr á þinginu.

Framsögumaður: Eg sè einga þörf nè ástæðu til þess hèðan af, að útskýra meiníngu minna hlutans um, hvort laun skyldu takast með heilu og höldnu til grundvallar þíngkostnaðar hluttöku, um það hefir hvorki verið upp borið viðauka nè breytíngaratkæði, og verður því að sitja við það, sem komið er. En hafi eg tekið rètt eptir orðum þíngmannsins, er talaði, eignaði hann minni hlutanum, að hann gjörði ráð fyrir tíundar undanbrögðum, en það er fjærri, að minni hlutinn óttist þau eður þvílík undanbrögð, sem menn bruki til að lètta á sèr sanngjörnum byrðum, því þó það sè auglýst á prenti (sjá Ný Fèlagsrit 7. ár 68. bls.), og það af einum merkismanni landsins, að Aungulsstaðahreppur gjöri sig líklega sekan í rángri

fjárframtölu, þá þekki eg svo vel til þess, að eg lýsi því að vera bæði ósatt í sjálfu sèr og um leið ósannað af höfundinum, hverjum það nú hèðan af einum við kemur.

Guðmundur Brandsson: Það er nú búið að ræða svo mikið um þettað mál, að eg hygg mig fáu geta þar við bætt, og því síður skýrt það nákvæmar, en gjört hefir verið; eg vildi einúngis reyna til að gjöra ljósa skoðun mína á þeim hluta málsins, sem við kemur launum embættismanna; því uppástúnga sú, að þeir miðluðu nokkru af launum þessum til alþingiskostnaðarins, hefir orðið fyrir hörðum dómum, og álitið, líkt og ef vinnumenn ættu að svara gjöldum af kaupi sínu. Eg gef þettað eptir að nokkru leyti, en má eg spyrja: er það svo sjaldgæft, að vinnumenn miðli af kaupi sínu? Eg þekki þó nokkra, sem þannig hafa aðstoðað skyldmenni sín, jafnvel þó löggjöfin hafi ekki beinlínis lagt þeim þá byrði á herðar; líka veit eg til, að þar sem vandræði hafa komið fyrir í fátækum hreppi, þá hafa vinnumenn stundum sjálfviljugir tekið hlutdeild þar í; eg veit líka til, að þegar efnalitlar kirkjur hafa verið bygðar, þá hafa vinnumenn opt gefið til þeirra, enda hafa kirkjuverjarar, og þar á meðal prestarnir, ekki svo mjög kinokað sèr við að fara þess á leit, bæði við þá og aðra.

Það er ekki lángt á að minnast, síðan farið var að beiðast gjafa hèrna af landsmönnum handa Dönum, og voru vinnumenn þá ei undan skildir, enda vissi eg til, að sumir prestar geingu vel fram að safna gjöfum þessum bæði hjá fátækum og hinum efnugri. Eg vil nú að vísu sleppa þessum skoðunarhætti, því það mun verða borið fyrir, að hver sè sjálfráður gjörða sinna í því, er gjöfum við kemur, en einmitt þettað, er eg nú hefi sagt, vona eg megi heimfærast til breytíngaratkvæðis þess, sem varaþíngmaður Norðurmúlasýslu hefir áskilið sèr í málefni því, sem nú er umræðu efni. Þegar hin lögákveðnu gjöld eru nú skoðuð, þá virðist mèr sum þeirra vera svipuð atvinnuskatti. Eru ekki manntalsfiskarnir í þessum flokki, sem bundnir eru við vissa hlutarhæð af sjáarafla? Eru ekki spítalafiskar það líka, og sætisfiskar til kirkna, þar sem þeir eru goldnir? og svo getur verið með fleiri, sem eg ekki þekki til. Eg get þess vegna enn ekki trúað því, að það sè nokkur föst alvara fyrir embættismönnunum, að þeir vilja eingu miðla af launum sínum til viðurhalds þjóðstiptun þeirri, sem þeir og þjóðin öll hafa fegins hendi móti tekið,

og þakkað mörgum fögrum orðum, sem hina beztu gjöf af öllum, er Danakonúngar hafa nokkru sinni veitt landi þessu; einúngis vilda eg mega láta í ljósi þá ósk mína, að þeir miðluðu ekki svo, að þeir gætu ei á eptir sómasamlega lifað á eptir, jafnvel þó eg þykist vita, að alþýðan mundi ekki skora sig undan að veita þeim að nýu, ef þeir þessa vegna kæmust í þrot.

Eins og embættismennirnir eru þjóðinni ómissanlegir og henni því kærkomnir mjög, svo virðist mèr, að ástarband það, sem á að vera milli þeirra og alþýðunnar, muni því sterkara verða, sem þeir taka meiri hlutdeild í kjörum hennar, og að minnisvarði sá, sem margir þeirra hafa reist sèr í landi þessu, muni því stöðugri standa, og nöfn þeirra því fremur geymast í þakklátri endurminníngu.

Þar sem minnzt var á kaupstaða húsin, og sagt þau væri völt eign í samanburði við jarðirnar, þá neita eg því eingan veginn, að svo geti verið. En þó ætlaði eg, að saga lands þessa væri ekki horfin svo úr huga manna, að þá rámaði ekkert í jarða eyðileggíngu þá, sem hèr hefir átt heima, bæði af eldi, sandi, sjó og ýmsum áföllum, og það opt á stuttum tíma, svo þó allur timburhúsa bruni í kaupstöðunum væri borinn saman við jarða eyðileggínguna, held eg það kæmist í eingan samjöfnuð. Eg veit nú ekki til, að búið sè að byrgja svo niðri í eldgjósandi gjám, að þær geti ei optar spúð, nè að sandur sè svo örfoka orðinn, að hann geti ekki fokið meir, nè að búið sè að girða svo fyrir sjóinn, að hann geti ekki geingið upp á landið og eydt því; vötnin held eg geti flóð út úr farvegum sínum, líkt og fyrr, og hrifið með sèr grassvörðinn, ogjafnvel bæina; skriðurnar úr fjöllunum munu enn geta ollað hinu sama; svo eg sè ekki af þessu, að jarðirnar sèu sú eign, sem ekki geti geingið til þurðar. Látum nú svo vera, að menn ættu að hlynna að Reykjavík, sem helzta verzlunarbæ, og þó enn heldur þess vegna, að hún er sögð að vera sá hluti landsins, sem hugsi og álykti. Eg fyrir mitt leyti held nú, að þeirri byggíngu reiði aldrei vel af, hvar undirviðirnir sligast af því, sem á þá er lagt, og heyrt hefi eg, að ekki þyrfti nema lítilvægan jarðskjálfta til að fella stórt hús, enda hversu skrautlegt sem væri, og að þá yrðu optast nær undirstöðusteinarnir ofan á.

Það hefir verið talið hèr sem merki hvikuls þjóðvilja, að fara nú að umbreyta liðuglega ársgömlu lagaboði; en hvað á

þá að segja um þann vilja, sem eptir fjóra daga, eða jafnvel styttri tíma, aptur kallar það, er hann þá aðhyltist? Eg miða þetta einmitt við nefndaruppástúngu þá, sem aptur kölluð var hèr í gærdag, og skil eg ekkert í, hvernin þessu er varið, nema ef hún að nokkru leyti hefði verið nauðfáng þeirra, er svona sjá sig um hönd, og get eg þó heldur ekki ætlað það.

Eg sleppi nú að minnast allra hinna mörgu breytíngaratkvæða við þettað mál, því eg vona, að við atkvæðagreiðsluna sannist hið fornkveðna: svo kemur hver til dyra, eins og klæddur er.

Við víkjandi því, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, er áðan mælti, vakti máls á alþíngiskostnaðar greiðslunni í Gullbríngusýslu, þá verð eg að geta þess, að eg hefi aldrei sagt, að gjaldþegnarnir hefðu á manntalsþíngum látið í ljósi óánægju sína yfir greiðslumátanum, heldur að eg hefði orðið hennar var bæði hjá þeim og öðrum, og hugsaði eg ekki, að orð mín yrðu svona misskilin, eða þyrftu nýrrar ítrekunar; þyki mèr hann því of mjög hafa hlaupið í gönur við þetta einstaka atriði, og óska eg þíngmenn virði honum til vorkunar, þar eg þekki hann að öðru en því, að hann vilji rángfæra orð annara.

Haldór Jónsson: Þó eg álíti það ekki nauðsynlegt, ætla eg að láta í ljósi álit mitt á því, hvaða annmörkum að sè bundið breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norðurmúlasýslu, að embættismönnum skyldi verða gjört að *skyldu*, að *gefa* nokkuð upp í alþíngiskostnaðinn. Aðalannmarkinn er nú sá, að það er sjálfu sèr mótsegjandi, því það, sem ekki er *skylda*, verður ekki *skipað*. Þó háyfirvöldunum sè ætlað að gefa eptir eigin vild til fátækra, sannar ekkert, því það er bygt á þeirri grundvallarreglu, að allir eigi eptir efnum og kríngumstæðum að leggja til þarfa enna fátæku; að eins er það lagt á þessara embættismanna vald, hvernin þeir vilja upp fylla þessa skyldu, og er víst vonað eptir því af þeim, að sveitin ekki hafi skaða af þessu. Meðan það ekki er viðurkent, að rètt sè að leggja á atvinnuskatt, held eg ekki meiri ástæðu til, að láta ósk um gjafir út gánga til embættismanna, en annara. Og þó þíngið vildi beiðast lagaboðs um sjálfviljugar gjafir, held eg ekki, að konúngur vor, nè nokkur annar konúngur, mundi gefa það lagaboð.

Ásgeir Einarsson: Þíngmaður Árnessýslu hefir sagt, að

breytíngaratkvæði þingmanns Reykjavíkur „sè öldúngis rètt“, en vegna þess að eg hefi sagt álit mitt um það áður, ætla eg nú að skjóta því undir dóm þjóðarinnar, sem eg vona víst, að vilji meta ástæður okkar beggja í þessu. Framsögumaður sagðist ekki vera á annari meiníngu í gær, og annari í dag, þegar hann sè sannfærður um eitthvað; eg vona því, að hann vorkenni mèr, þó eg sè líkur honum í þessu, og það því fremur sem eg hefi gjört grein fyrir áliti mínu í þessu máli, síðan eg átti fyrst nokkurn þátt í því. Þjóðin getur nú gjört grein fyrir áliti sínu, áður en skattalögin verða samin, hvort hún vill fjölga gjaldstofnunum, til að mynda, nærìngar eða neyzlusköttum, og getur hún þá kosið þá til þíngsins, er hún treystir bezt til að koma þessu til leiðar, því *framsögumaður* óttast, að hún muni ekki kjósa þá, er nú eigi þíngsetu, og get eg látið bæði *hann* og *þjóðina* vita, að eg skal einga þykkju leggja á *hana*, þó hún kjósi mig ekki aptur.

Varaforseti: Þar einginn tekur nú framar til máls, ætla eg mál þetta rædt til lykta; en áður en geingið er til atkvæða í máli þessu, finn eg mèr skylt að gjöra þíngið vart við, svo einginn láti leiðast í villu, um hina aðra uppástúngu nefndarálits meira hlutans, sem fer fram á, að afgjöld af bændaeigna kirknajörðum verði lögð undir alþíngiskostnaðinn, að hinn konúngkjörni varaþíngmaður birti þínginu skilníng sinn á málefni þessu á þá leið, að eign kirkjunnar í heimalandi ætti að vera undan þegin, en ekki útlendur hennar, þá skil eg ekki betur, en heimaland og útlendur hafi að öllu leyti sama rètt.

Því næst leitaði varaforseti atkvæða þíngsins um þessi atriði:

1. Vill þíngið, að ákveðið sè berlega, að alþíngiskostnaði eigi að lúka af sjálfseignar kirkjueigna afgjaldi, eins og af annari sjálfseign, að prestsmötunni einni af numinni, og að bændahlutinn í sjálfseignarbænda kirkjustöðum og hjáleigum svari sem önnur sjálfseign án allrar undanþágu afgjaldsins (2. uppástúnga meiri hlutans)?

Samþykt í einu hljóði.

2. Vill þíngið, að af spítala og kristfjárjörðum og hreppajörðum sè goldinn alþíngiskostnaður (3. uppástúnga meiri hlutans)?

Hrundið með 14 atkv. gegn 8.

Þar með álízt hrundið 1. uppástúngu minni hlutans og

breytíngaratkvæði þingmannsins úr Barðastrandar og úr Norðurmúlasýslu.

3. Vill þingið, að verzlegir embættismenn, umboðsmenn og höndlunarþjónar greiði til þingkostnaðarins svo mikið, sem svari $\frac{1}{10}$ lögleigu þeirrar, er árleg laun þeirra gæfi þeim, ef á vöxtum væri (2. uppástúnga minni hlutans)?

Hrundið með 20. atkv. gegn 2.

Þar með fèll vara-atkvæði þingmannsins úr Strandasýslu.

4. Vill þingið, að þurrabúðar og tómthúsmenn svari til þessa kostnaðar 4 sk. af hverju hlutar hundraði þeirra um vetrarvertíðina (3. uppástúnga minni hlutans)?

Hrundið með 21 atkv. gegn 1.

5. Vill þingið, að lagður sè alþingiskostnaður á kaupstaðarhús?

Samþykt með 15 atkv. gegn 7.

6. Hvort vill þingið heldur, að á timbur og múrhús einstakra manna í kaupstöðum (nefndin og Thorstensen), nefnil. íbúðarhús öll, sölubúðir og vörubúðir, eptir að þau hús eru metin til verðhæðar af eiðsvörnum mönnum á alþjóðlegan kostnað, sè lagður alþingiskostnaður, svo að 50 rbd. í verðhæðinni jafnist við eitt hundrað í lausafè (nefndin)?

eða

að hús þessi metist að hálfu mót jörðum, meðan þau fá einga ábyrgð neins brunabótafèlags, en að fullu eptir ábyrgðar upphæð, þegar sú ábyrgð er feingin (Thorstensen)?

Hið fyrra samþykt með 14 atkv. gegn 8.

Þar með fèllu breytíngaratkvæði þingmannanna úr Barðastrandar og Húnavatnssýslu um þetta atriði.

7. Vill þingið, að bændahús úr timbri út um landið sè undan skilin?

Samþykt með 18 atkv. gegn 4.

8. Vill þingið, að timbur og múrhús út um land sè undan þegin alþingiskostnaði?

Samþykt í einu hljóði.

9. Breytíngaratkvæði Á. Helgasonar apturkallaði hann þá sjálfur.

10. Vill þingið, að embættismönnum verði gjört að skyldu, að greiða af launum sínum til lúkníngar alþingiskostnað-

arins, en það sè þeim sett í sjálfs vald, hvort þeir greiði mikið eður lítið (Guttormur Vigfússon)?

Hrundið með 20 atkv. gegn 2.

11. Vill þingið semja bænarskrá til konúngs eptir þessum breytíngum? (Th. Gudmundsen stakk upp á eingri bænarskrá).

Samþykt með 16 atkv. gegn 6.

Því næst var fundi slitið.

---

26. júlí — tuttugasti og annar fundur.

Allir á fundi. Þíngbókin lesin og samþykt.

Þá tók varaforseti fram til undirbúnings nefndarálit í málefninu um alment verzlunarfrelsi og uppsiglíngu ýmsra hafna á Íslandi, og afhenti það framsögumanni, Jóni Guðmundssyni, er las það upp svo látandi:

Hið heiðraða alþíngi kaus oss 5, sem fyrst eru hèr undir skrifaðir, og bætti síðan, að tilmælum vorum, við oss hinum 6., til þess að kveða upp álit vort um eptir fylgjandi bænarskrár, sem að þessu sinni eru sendar til alþíngis, og allar eiga skylt við sama efni.

1. 4 bænarskrár, nefnil. frá Þorskafjarðar- og Þórnessfundinum, samþyktar á hinum almenna fundi við Öxará, 28. júní þ. á., og frá Suðurmúla og Norðurmúlasýslum *um alment verzlunarfrelsi.*
2. 3 bænarskrár, úr Eyafjarðarsýslu um uppsiglíngar og verzlunarleyfi við Hrísey; úr Gullbríngusýslu, um leyfi handa lausakaupmönnum til uppsiglíngar í Grindavík, Höfnum, Njarðvíkum og Vogum, og úr Snæfellsnessýslu, um uppsiglíngar og verzlunarleyfi fyrir lausakaupmenn í Hellnavík.
3. bænarskrá úr Húnavatnssýslu, um leyfi fyrir alla til að verzla af sjó á Sauðárkrók.
4. bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu, um að kauptún megi setja á Krossvík.
5. bænarskrá úr Rángárvalla- og Árnessýslum, um að Norðmönnum leyfist að flytja timburfarma til Þorlákshafnar.
6. bænarskrá úr Austurskaptafellssýslu, um sjóverzlun á Papafjarðar eða Hornafjarðarósi.

Vèr nefndarmenn höfum nú yfirvegað vandamál þessi sem gaumgæfilegast, eins og þau eiga skilið, og verður álit vort um þau þannig:

1. Um aðalmálefni frjálsrar verzlunar á Íslandi.

Þetta mál var sem ítarlegast rædt á alþingi 1845, og því fylgt fast fram og í einum huga að aðalatriðunum til, eins og lesa má í þess árs alþingistíðindum. Þar er skírskotað til hinna eldri fyrirheita stjórnarinnar, síðan 1785, um frjálsari verzlan hèr á landi, og löggjafar þeirrar, er síðar kom út og fremur krepti að verzlun vorri, eins og hún var fram undir aldamótin, heldur en hvað þau rýmkuðu hana; þar er sýnt, að með tilskipan 11. sept. 1816 er útlendum þjóðum þegar leyfð verzlun á Íslandi, en með þeim afarkostum, að lof það er sem blátt bann; þar eru og skýrlega teknir fram allir þeir annmarkar, sem eru á verzluninni, eins og henni er nú hagað, tjón það, er vèr af henni bíðum, og hversu hún, á meðan svo búið stendur, er til fyrirstöðu allri framför vorri yfir höfuð, atvinnuvegum og nytsömum fyrirtækjum; þar eru og ljóslega leiddar til allar þær ástæður, er mæla með frjálsri verzlun yfir höfuð, og hve margfaldur hagur, ekki að eins sjálfum oss, heldur einnig jafnvel Dönum, megi af henni standa. Stjórnin virðist og að vísu hafa gefið málefni þessu nokkurn gaum, þar sem hún segir í auglýsingunni til alþingis 1847, „að hún vilji flýta rannsókninni um málið, sem fremst má verða, eptir því hvað málið er mikið og mikils áríðandi“, og svo var að sjá, sem alþing það árið áliti þessa undirtekt nægja, er það hratt uppástúngu þeirri, er fyrir það var borin upp, um „að fullkomið verzlunarfrelsi yrði veitt til reynslu hið næsta ár“ 1848 (sjá alþingist. 1847, bls. 156—175). En þar sem stjórnin þó, alt um þetta, lætur enn þá ekkert spyrja til neinnar afgreiðslu eður úrlausnar á því, en nú eru liðin 4 ár, frá því alþing gjörði um það uppástúngu, og líklegt mætti þykja, að nú væri búið að leita allra þeirra upplýsínga, sem unt er að ná, þá virðist oss hin brýnasta nauðsyn á, að alþing ítreki enn bæn sína um verzlunarfrelsið, og beri fram um það enn uppástúngu þá fyrir stjórnina, er á rökum sè bygð.

Auk hinna almennu og auðsjáanlegu ástæðna fyrir þörf vorri á, að oss veitist *sem fyrst* fult verzlunarfrelsi (því sè það órækt, að oss sè það í sèrhverju tilliti ómissandi, þá er hitt eins víst, að oss ríður á, að oss veitist það sem fyrst),

þá vildum vèr leyfa oss að skýra frá og taka fram enn nokkrar, sem þessi 4 hin síðustu árin hafa fram leidt og sumpart leiða yfir höfuð að tala af ástandi tímans, sem nú stendur yfir, og af stjórnarbreytingu þeirri, sem nú er orðin á í Danmörku, og vænta má að hèr komist á, en sumpart af því sambandi, sem stjórnin hefir sett aðalmálefni verzlunarfrelsisins í við önnur mikils um varðandi málefni lands þessa.

Danakonúngur einn hefir af mildi sinni og öðlíngskap veitt þegnum sínum sjálfviljugur og fúslega það frelsi, sem aðrar þjóðir hafa orðið að heimta með vopnum og blóðsúthellíngu; oss Íslendíngum eru einnig veitt hin vonarfyllstu fyrirheit í þessum efnum með allra hæstum úrskurði 23. sept. í fyrra. En því fremur sem stjórnarmálefni vor komast í frjálslegra horf, yfir höfuð að tala, þess heldur ríður oss á, að sèrhverju því einstöku lagaþandi, sem er þjóðlegum og frjálslegum framförum vorum til fyrirstöðu og hnekkis, verði sem fyrst af lètt; að rudd verði braut aðalmálefni þjóðfrelsisins, með því að nema í burtu þær tálmanir, sem beinlínis hljóta að verða því til fyrirstöðu. Komist og á frjálslegri stjórnarskipan hjá oss, eins og vænta má, þá ríður oss á eingu fremur, ef hún á að verða oss að fullum notum, en að fjárhagur vor komist, ekki að eins í viðunanlegt horf fyrir sjálfa oss, heldur einneginn í nokkurn veginn fast horf, þegar til alls ríkisins er litið, en til þess út heimtist ekki einúngis, að vèr vitum sem fyrst, með hvaða kjörum verzlunin verði gefin frjáls, svo að nokkurn veginn verði á ætlað um það, að hve miklu leyti hin vissu inngjöld landsins fyrir það muni aukast, heldur einneginn, að hve miklu leyti bjargræðisvegirnir með því móti muni eflast og aukast, og hinni innri velmegun landsmanna fyrir það þoka áfram, því undir því er mjög svo komin niðurjöfnun og ákvörðun hinna almennu skatta í landinu.

Þessa skoðun hefir og stjórnin sjálf látið í ljósi þegar 1847, í ástæðunum fyrir frumvarpi til tilskip. um nýan jarðadýrleika á Íslandi (alþíngistíð. 1847, viðbæt. A. bls. 6), þar sem hið fyrra rentukammer segir, að „þessi tvö mál“ (um rýmkað verzlunarfrelsi og skattana) „hafi verið teingd saman, vegna þess að skatta þá, er kynni að leiða af rýmkuðu verzlunarfrelsi, verði að taka til greina, þegar breyta á hinum almennu skattgjaldslögum“. Og á sama veg er síðar í ástæðunum leidd rök að því, að jarðamatið hljóti, sem undirstaða

skattamálsins, að gánga á undan. Þessi þrjú mál hefir stjórnin sjálf þannig sett í innbyrðis samband hvert við annað, og það er auðsætt, að þó mjög svo ríði á gjörsamlega að umsteypa skattalögum vorum sem fyrst, eins og bæði stjórnin sjálf og þeir menn, er undirbúið hafa mál þetta, hafa viðurkent, til þess að jöfnuður komist á gjöld hvers einstaks gjaldþegns og aðal-inngjöld landsins komist í fastara horf, þá verður ekkert af ráðið í því efni, fyr en verzlunarmálið er á enda kljáð.

Það er að vorri ætlan augljóst af því, sem vèr nú höfum til fært, að oss ríður á eingu jafnmikið sem því, að stjórnin veiti oss sem fyrst frjálsa verzlun, með því öll önnur aðalmálefni vor eru meira eður minna undir þessu komin, og ber oss því með fám orðum að benda til, að hve miklu leyti vèr hyggjum að beiðast eigi frjálsrar verzlunar með hinum sömu uppástúngum, og alþíng bar upp í þegnsamlegri bænarskrá sinni til konúngs 4. ágúst 1845 (alþingistíð. 1845, bls. 629—636), eður nokkru beri þar við að bæta eður undan að fella.

Vèr verðum að vera á sama máli og bænarskrár þær, er þíngið fól oss til yfirvegunar um þetta efni, að ekki sè tilefni til, hvorki fyrir alþíng nè Íslendínga yfir höfuð, að breyta þeirri skoðun á verzlunarmálefnum vorum yfir höfuð að tala, sem kom í ljós af flestra þíngmanna hálfu á alþíngi 1845. Þó eru 2 þær uppástúngur í hinni áminnztu þegnlegu bænarskrá þíngsins, að oss nefndarmönnum virðist ekki brýn nauðsyn á að fylgja fram eður bera fram bænir um að svo komnu, en þær eru:

a. hin 3. uppástúnga: „að útlendum verði leyfð verzlun í öllum verzlunarstöðum, sem eru eður hèr eptir verða löggiltir".

Oss virðist það næsta aðgæzluvert og ekki laust við talsverða áhættu, að svo sè ákveðið fyrst um sinn án allrar takmörkunar, því bæði geta mjög misgæfir menn hafið ferð hingað, fremur má ske til þess með fram að misbjóða landsmönnum, þar sem þeir ætla, að þeim muni haldast það uppi og þeir hyggja fyrirstöðu einga, heldur en eingaungu til friðsamlegra verzlunarviðskipta, og svo eiga menn einneginn mikið á hættu, ef næm sótt væri innan borðs, sem vel mætti að bera, ef slík skip bæri að höfn, þar sem hvorki væri sýslumaður í grend nè læknir, er gæti varnað samgaungum við

landsbúa, ef við þyrfti; vèr ætlum því brýna nauðsyn á, að áður en útlendir kaupmenn sigli upp hin smærri kauptún, þá sè þeim *fyrst* gjört að skyldu að hleypa inn á þær aðalhafnir landsins og fá þar áteiknan vegabrèfa sinna og heilbrigðisskilríki, sem teknar eru til í vara-atkvæði við hina áminnztu 3. uppástúngu, nefnil. Reykjavík, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð, en þar við viljum vèr að bætt sè Vestmannaeyum; eru í eður rètt í grend við alla þessa staði búsettir bæði sýslumaður og læknir, og kaupstaðir þeir hvað fjölmennastir. Þegar á þessa hlið málsins er litið, fannst oss brýn nauðsyn á að stínga einnig upp á tèðum kaupstað, því eyarnar liggja einkar vel við öllum siglíngum sunnan yfir höf, nppsigling þángað auðrötuð, en höfn hin bezta, og talsverð verzlan sækir þar að; mundi útlendum opt minnstur krókur að hleypa þar að, áður þeir færi til flestra annara minni hafna vestan lands eður á Djúpavog.

b. hin 8. uppástúnga: „að verzlun í hèröðum verði leyfð með þeim hætti, að amtmaður veiti hverjum búandi manni, sem beiðist þess og má þykja til þess hæfilegur, leyfisbrèf til verzlunar, þar sem þörf þykir, með því skilyrði, að hann hafi ávalt nokkra nauðsynjavöru, svo gjaldi hann og fyrir leyfisbrèfið 10 rbdl. til fjárhirzlu yðar hátignar á Íslandi“.

Vèr könnumst að vísu fyllilega við það, hve ervitt hèr er til allra aðflutníngа, og hve mikill hagur mætti að því leyti standa af verzlunarmönnum til sveita upp, ef þeir hefðu eður gætu haft nauðsynjavöru á boðstólum með fram, en vèr ætlum, að einmitt hinn sami erviðleiki, sem gjörir þetta svo æskilegt, verði því einnig til óvinnanlegrar fyrirstöðu, að nokkur maður geti haft neina nauðsynjavöru að ráði á boðstólum í þeim hèruðum eður plázum, sem þess er helzt þörf, og þetta mætti verða til hagsmuna eður hægðar fyrir hèraðsmenn; aptur óttumst vèr, að væri það leyft að veita slík leyfisbrèf, en þótt sala nauðsynjavöru væri áskilin, þá mætti á marga vegu svo fara í kríng um þetta sökum viðáttu hèraðanna og erviðleikans, sem þar af leiðir fyrir yfirvöldin á eptirlitinu á, að svo sè hagað verzlun, sem áskilið var, að úr því megi vel verða landpráng eitt á munaðarvöru einni saman, og þótt það má ske sè minna tjón að þess konar sölu, þegar á hana er litið eina og sèrstaklega, heldur en alment er ætlað, einkum þegar fram

liði stundir, þá óttumst vèr, að af henni mundi þó leiða í bráð annað mikilsvert tjón, en það er, að margur maður kysi fremur þenna atvinnuveginn, sakir bæði hægðar og ábatavonar, heldur en að gefa sig við hinni miklu arðminni stritvinnu, sem jarðrækt vorri fylgir og allri búsýslun. Um þessar uppástúngur var og mjög sundurleitt álit á alþíngi 1845, þar sem hún var ekki samþykt, nema með 13 atkvæðum gegn 10.

Yfir höfuð að tala virðist oss, að því framar sem vèr teljum oss frjálsa verzlun ómissandi, og áríðandi, að hún fáist sem fyrst, því síður byrji þjóðinni eður þessu heiðraða þíngi að gjöra leyfi hennar geigvænlegt fyrir stjórninni, með að fara því nokkru fram í þessu efni að svo komnu, sem oss er ekki hin augljósasta og brýnasta nauðsyn á. Og vendum vèr því næst athugasemdum vorum að bænarskránum.

2. Um uppsiglíngu og verzlunarleyfi á hinum ýmsu höfnum.

Af þeirri ástæðunni, er vèr tókum síðast fram, ætlum vèr ekki nægilegt tilefni til, að hèðan sè send nein bænarskrá að þessu sinni um uppsiglíngu þeirra hafna, sem þær 3 bænarskrár, er vér höfum sagt frá hèr að framan undir tölustafnum 2, fara fram á; að vísu viljum vèr eingan veginn reingja, að það mætti verða til hægðar fyrir hèraðsmenn þar í grend, ef á þessum höfnum mætti verzla, en af því þaðan er ekki alllángt til annara kaupstaða, og þeir fleiri en einn samhèraðs, þá virðist oss, bæði að nauðsynin sè minni, og þá einneginn að þegnleg bæn þíngsins um það mætti, ef til vill, heldur spilla, en bæta fyrir úrslitum aðalverzlunarmálefnisins hjá stjórninni, sem kann að álíta, að tala kaupstaða sè nóg hjá oss, og það ekki með öllu án orsaka, þegar litið er á sumar sýslurnar.

Ekki virðist oss heldur þörf að þessu sinni, að borin sè upp sèrstök uppástúnga um uppsiglíngu Sauðárkróks í Skagafjarðarsýslu; 1847 bar alþíng upp þegnsamlega bæn sína fyrir konúnginn, um að veita kaupmönnum og lausakaupmönnum leyfi til sjóverzlunar á tèðri höfn, og er ekki fram á frekara farið í bænarskránni No. 3; þar sem nú stjórnin, að sögn, í auglýsíngu sinni til þessa alþíngis um afgreiðslu málanna frá alþíngi 1847, hefir heitið að skera úr þessari bæn alþíngis, jafnframt og lagður er úrskurðar á aðalmál verzlunarfrelsisins, þá virðist oss því síður faranda frekar fram á þessa litlu grein, sem vèr fremur treystum því, að stjórnin ráði aðalmálefnið sem fyrst til lykta.

Öllu öðru máli virðist oss skipta það, sem bænarskrár-

nar No. 4, 5 og 6 fara fram á, eður um verzlunarleyfið á Krossvík, Þorlákshöfn, og Papafjarðar eður Hornafjarðarósi, eins og því er farið fram í tèðum bænarskrám, og hljótum vèr að fara fáeinum orðum um hvern þessara staða sèr í lagi.

a. Krossvík. Með opnu brèfi 11. maí 1847 leyfði stjórnin, að Reykjavíkurkaupmenn flyttu þángað útlenda vöru, en sækti aptur landvöru í þau 3 ár, 1847—1850. Leyfi þetta er því á enda um lok ársins, sem nú stendur yfir. Þar sem Krossvík hefir nú reynzt hin bezta höfn þeim, er þángað hafa sókt bæði í fyrra og nú (í hitt eð fyrra notaði sèr einginn leyfi þetta), en þángað geta sókt verzlun tvær þær sýslur, er ekkert kauptún hafa annað, þá finnst oss ekki að eins nauðsyn á, að alþíng beiðist þess, að leyfi þetta sè endurnýað, heldur einneginn, eins og bænarskráin No 4. beiðist, að þar megi kauptún reisa, eður að minnsta kosti, að lausakaupmenn, hvaðan sem eru, megi verzla þar um tiltekinn tíma sumarsins, er fyrir fram væri auglýstur, ei að eins til leiðbeiníngar farmönnum, heldur og einnig hèraðsmönnum, er þá gætu sókt þángað kaupstefnur.

b. Þorlákshöfn. Um höfn þessa er sama að segja, að leyfi það, er kaupmönnum frá Reykjavík, Eyrarbakka og Vestmannaeyjum var veitt til vöruflutníngs þángað, er á enda um lok þessa árs. En þó þar sè höfn góð, eins og skýrt var frá 1845, hefir leyfi þetta ekki verið notað, svo vèr til vitum. Því heldur virðist oss nauðsyn á, ekki að eins að leyfi þetta sè nýað upp, heldur einneginn, að Norðmönnum, eins og í bænarskránni No. 5 er farið fram, sè leyft að flytja þángað og selja timburfarma. Er á þessu hin mesta nauðsyn fyrir alla hèraðsmenn austan fjalls. Timburflutníngur úr Vestmannaeyum er næsta erviður og áhættusamur, enda geta fæstir Rángvellíngar, en eingir Árnessýslubúar sætt því, þar sem yfir sjó er að fara milli lands og eya. Að Eyrarbakka hafa jafnan verið litlir timburflutníngar, í samanburði við hvað margir sækja þángað til verzlunar, og hefir optar en eitt skipti sú raun á orðið, að ekki má liggja þar meira en 1 skip í senn. Í hvorugum þessara kaupstaða hefir og nokkurn tíma feingist timbur, er Norðmenn hafi beinlínis flutt híngað, heldur mun það optast hafa verið flutt beinlínis frá Danmörk,

en það er, eins og allir vita, miklu dýrra, og fyrir þá sök er Norðmönnum einmitt leyfðir viðarflutníngar híngað til landsins. Árness og Ránǵárvallasýslu búar hafa því neyðzt til að sækja norskan við til Reykjavíkur, en bæði eiga þeir þá yfir mjög lángan og torfæran veg að sækja, og þar til svo grýttan, að drögurnar eyðast svo mjög og spillast af drættinum. Vèr teljum því víst, að alþíngi beri þegnsamlegast að beiðast, að stjórnin á nýi leyfi sitt til aðflutníngs í Þorlákshöfn, og að hún jafnframt leyfi Norðmönnum uppsiglíngu þángað og sölu á timburförmum.

c. Papafjarðar eður Hornafjarðarós. Ósar þessir skerast inn í landið sinn hvoru megin við höfðann Vesturhorn, sem nefndur er, í Skaptafellssýslu hinni eystri. Það er öllum kunnugt, að eingar eru hafnir nè kauptún með allri suðurströnd Íslands, frá Eyrarbakka eður Vestmannaeyum og að Djúpavog í Múlasýslu; að vísu er uppsigling leyfð undir Dyrhólaey, sem útlendir nefna *Portland,* en þar er höfn svo ískyggileg kaupmönnum, að þeir hafa ekki viljað eiga á hættu að leggja þar að, enda virðist, að þá taki ekki svo sárt til erviðleika landsmanna með kaupstaðarferðir, þar sem þeir vita, að neyðin hlýtur að knýa þá, hvort sem er. Vesturskaptfellíngar hljóta því að sækja kaupstað á Eyrarbakka eður til Reykjavíkur, eður til Berufjarðar, en þá verða þeir að verja til kaupstaðarferðar frá 10—15 dögum, eptir því hvað þeir búa austarlega, og hvernig viðrar; þeir eiga að sækja yfir mörg hin mestu vatnsföll á þessu landi, og þar á meðal 1 eða 2 ferjuár, eptir því hvort á Eyrarbakka er lent, eður farið er híngað suður, og af því ekki er unt að fara nema þessu einu kaupstaðarferð, þá hlýtur margur búandi að hafa þann hrossafjölda, sem ella væri með öllu óþarfur heimili hans; og þarf þá ekki frekar að lýsa því, hvert tjón þeim stendur af slíkum erviðleikum, og hver nauðsyn þeim sè á kaupstað nær sèr, ef unt væri. Höfnum þessum er nákvæmlega lýst í bænarskránni, og höfum vèr því síður tilefni til að bera brigður á það, sem þar er borið fram, sem þeir menn eru hèr tveir á þíngi, er bæði hafa sèð báðar hafnirnar fleirum sinnum og munu þekkja grant beiðendurna að skilvísi og rètthermi. En þar að eins einn vor nefndarmanna þekkir grant til, hvernig höfnum þessum báðum

er varið, og hann mun í umræðum málsins lýsa því svo nákvæmlega, sem unt er, viljum vèr án frekari ástæðna leyfa oss að leggja það til við þingið, að löggilt verði kauptún við Papafjarðarós.

En áður vèr lyktum þetta álit vort, verðum vèr að fara nokkrum orðum um eitt það atriði, er oss virðist standa í óaðskiljanlegu sambandi við aðalverzlunarmálið yfir höfuð, og standa á afarmiklu fyrir landsbúa, en það er, að öllum kaupmönnum, í hverju kauptúni sem þeir eru búsettir, sè leyft að flytja og sækja nauðsynja og þúnga vöru inn á hverja þá vík eður höfn, sem þeir sjá fært að leggja að skip sín, og megi brúka við þess konar vöru vigt og mælir, á þann hátt og með þeim kostum sem kaupmönnum og hèraðsbúum um semur; mætti þetta verða landsbúum ómetanlegur hagur, en hvorki viðgángi kaupstaðanna nè kaupmönnum sjálfum til neins hnekkis.

Því verður það í þessu máli álit vort, að alþingi eigi að senda konúngi þegnsamlega bænarskrá um:

1. Að utanríkis þjóðum verði *sem allra fyrst* leyfð frjáls verzlan á Íslandi.
   a. á þann veg sem tekið er fram í allra þegnsamlegustu bænarskrá alþingis dags. 4. ágúst 1845, að undan teknu því sem beiðzt var í 3. og 8. grein niðurlagsins.
   b. að hverjum utanríkis kaupmanni, er hingað fer til verzlunar, sè gjört að skyldu að sigla fyrst upp einhvern þessara 6 kaupstaða: Reykjavík, Vestmannaeyar, Eskifjörð, Eyafjörð, Ísafjörð eða Stykkishólm, og láta rita þar á leiðarbrèf sín og taka heilbrigðis-skírteini, áður þeir sigla upp til verzlunar hina aðra kaupstaði landsins.
2. Að löggilt verði kauptún við Krossvík á Akranesi,
   en til vara:
   að lausakaupmönnum, hvaðan sem eru, verði leyft að verzla þar um ákveðinn tíma sumarsins, sem fyrir fram sè til tekinn og auglýstur.
3. Að Norðmenn megi flytja timburfarma í Þorlákshöfn og selja þar, á sama veg sem í öðrum kaupstöðum landsins, og að aðflutningsleyfi það, sem veitt var þángað með opnu brèfi 11. maí 1847, verði að öðru leyti endurnýað.

4. Að kauptún verði löggilt við Papafjarðarós í Austurskaptafellssýslu.
5. Að öllum búsettum kaupmönnum á landinu verði leyft að láta flytja og sækja alla nauðsynja og þúnga vöru inn á hverja þá vík, sem þeim þykir fært fyrir skip sín, með þeim kjörum sem hvorumtveggjum um semur, og brúka við þessa vöru vigt og mæli.

Reykjavík, 22. dag júlímánaðar 1849.

St. Jónsson. H. Jónsson. J. Thorstensen. J. Samsonsson. Á. Einarsson. Jón Guðmundsson.

Framsögumaður.

Framsögumaður, Jón Guðmundsson: Vèr nefndarmenn höfum tekið fram í álitsskjali þessu 'enar helztu ástæður, sem vèr ætlum að taka eigi fram í bænarskránni til konúngs um þetta mál; en eg ætla þó að leyfa mèr að taka fram nokkrar athugasemdir, fyrst við aðalmálið, og síðan um uppsiglíngu Papafjarðar eður Hornafjarðaróss, eptir því sem bænarskráin úr Austurskaptafellsýslu fer fram á.

Eins og drepið er á í áliti nefndarinnar, eru nú nærfelt 5 ár liðin, síðan að bænarskrá var rituð til konúngs með beinum uppástúngum um þetta mál frá alþíngi. Allir munu nú hljóta að játa, að mjög svo seinki úrgeiðslu þessa máls, og skoðun bæði ennar dönsku þjóðar og ennar dönsku stjórnar hefir tekið svo miklu frjálslegri stefnu síðan, bæði um verzlun yfir höfuð og um önnur mál. Þó að konúngsfulltrúinn 1845 teldi margföld og mikil tormerki á, að verzlunin yrði gefin laus við oss Íslendínga, þá taldi þó konúngsfulltrúinn á fulltrúaþínginu í Hróarskeldu víst, og það ekki alllaungu á eptir, þegar þar var rædt um verzlunarfrelsi Færeyínga, að þar af mætti leiða mikill hagur fyrir Dani sjálfa í verzlunarviðskiptum þeirra við aðrar þjóðir, og hið sama mætti segja um verzlunarfrelsi hinna annara norðurlanda, sem væri undir veldi Danakonúngs. Það hefir ekkert upp á sig, að leiða neinar getgátur að því, hvað helzt hafi valdið drætti stjórnarinnar á afgreiðslu málsins; en eg verð að telja víst, að því leingur sem afgreiðslunni hefir verið frestað híngað til, þess skemur verði hún dregin undan hèr eptir. Menn hafa sagt, að íslenzkir kaupmenn, þeir sem leitað hefir verið álits hjá um þetta mál, að þeir hafi talið sèr nauðsynlegan 5 ára frest, áður verzlunin yrði

gefin laus, svo þeir gæti verið við búnir og biði ekki mjög mikinn skaða af. Þessi 5 ár eru nú þegar liðin, en eg ætla, að Íslendíngar eigi ekki að gjalda þess, þó svo sè, að kaupmenn hafi ekki fært sèr frest þenna í nyt.

En því meiri breyting sem orðin er á stjórnarhögum Dana, og aldrei fer svo, að sú breyting nái ekki til Íslands á einhvern veg, því meir ríður bæði Dönum og svo sjálfum oss á, að þetta mál og önnur aðalmálefni vor komist í nokkurn veginn fast og viðunanlegt horf.

Enn er á það að líta, hve afar mikið við eigum á hættu, efmáli þessu er leingur frestað, og við hljótum að eiga alla aðflutníngatil vor undir Dönum einum, einkum eins og nú stendur á, þegar flest lönd Norðurálfunnar eru í uppnámi, en Danmörk liggur svo við, að hún getur varla komizt hlutlaus af, þó hún eigi ekki beinlínis sjálf í stríði; tilfinnanleg og minnisstæð dæmi urðu þess í hinu svo nefnda 7 ára stríði 1807 — 1814, þegar siglíngar híngað til landsins teptust með öllu, og eingir voru aðflutníngar, og fólkið bjargþrota, nema að því leyti sem einstöku ensk og amerikönsk hleypiskúta skauzt híngað í óleyfi með matvæli. Þetta ætla eg aldrei of vandlega hugað, og aldrei nógu vandlega hugað, hvorki af oss Íslendíngum, nè af stjórninni, og eg ætla, að ábyrgð stjórnarinnar sè mikil, ef að því rekur, að hún getur ekki birgt oss, en meinar þó öðrum aðflutníngа; og nærri lá í vor, að skipaferðir teptist híngað, þegar verið var að skrifa út sjómannaliðið á herskipin. Voru þá íslenzku kaupmennirnir um tíma í vandræðum, þegar eingir sjómenn feingust, en sum skipin, sem seglbúin voru um það leyti til Íslands, voru kyrsett og tekið manntal háseta eptir fyrirlagi sjóliðs-ráðgjafans. Að vísu raknaði nokkuð úr þessu aptur, þegar að kaupför þau, sem um það leyti voru í öðrum löndum, komu heim; því þá gátu kaupmenn aptur feingið á leigu sum þessi kaupför, en þó var kaupmönnum vorum að þessu mikil töf og bagi, og hefði þó getað ver úr ráðizt.

Menn hafa sagt hèr á þíngi í ár, að frjáls verzlun kæmi nógu fljótt, ef hún kæmi nógu vel, en eg ætla þó, að það verði bágt um það að dæma, hvort verzlunin kemur vel, á meðan hún kemur alls ekki og fæst alls ekki; hún verður fyrst að fást með einhverjum kjörum, áður menn geti vitað,

hvort þau eigi vel við, en þá fyrst ætla eg megi laga þau nokkuð í hendi sèr.

Hèr við ætla eg að láta lenda að sinni athugasemdir mínar við aðalmálefnið, en hreifa nokkrum, við víkjandi bænarskránni úr Austur-Skaptafellssýslu um uppsiglíngu á Papafjarðar eða Hornafjarðarósi, verð eg að biðja leyfis að mega lesa upp bænarskrána, svo að eg geti gjört þínginu ljósara, við hvað þessar athugasemdir mínar styðjast.

Síðan las framsögumaður upp bænarskrána, að leyfi forseta, þannig hljóðandi:

Á enum undanförnu alþíngisfundum 1845 og 1847 eru nægilegar ástæður í ljós leiddar fyrir því, hversu mjög það efli fái hag okkar, Íslendínga, að kauptún fjölgi, eða sjóverzlunarleyfi útvegist á þeim stöðum, sem til þess álitast hentugir; við viljum því ekki fara þar um fleiri orðum, en hins viljum við geta, að eins og hvergi mun leingra á milli kauptúna hèr á landi, en milli Berufjarðar og Eyrarbakka, eða vegir jafnmörgum torfærum undir orpnir sökum stórvatna og eyðisanda, sem í Skaptafellssýslum, svo mun hvergi heldur brýnari nauðsyn til bera, að áminnzt leyfi útvegist, heldur en í Austur-Skaptafellssýslu, sem þá hin, nefnil. vestari Skaptafellssýslan, gæti einnig fært sèr í nyt, ef leyfið feingist, eins og ýmsir þaðan hafa á undan förnum árum, farið kaupstaðarferðir austur á Berufjörð (Djúpavog); þetta höfum við séð fyrir laungu síðan, en orsökin, að við alt til þessa höfum ekki, eins og aðrir landar okkar, sent bænarskrá hèr um til vors heiðraða þíngmanns, að hann bæri hana fram á alþíngi, kemur til af því, að okkur þókti við eiga að fá eða útvega sem greinilegasta og undir eins sönnustu lýsíngu á plázum þeim, sem hèr til virðast tiltækilegust, nefnil. annaðhvort Papafjarðarós eða Hornafjarðarós, og þess vegna var það, að við, prestar og hreppstjórar í Austurskaptafellssýslu, skriflega á út hallandi næst liðnum vetri, óskuðum af hafnsögumönnum (Lótsum) við Berufjarðarhöndlunarstað, að þeir kæmu til vor, móti 1 rbd. endurgjaldi fyrir dag hvern, meðan þeir væru frá heimilum sínum, til að skoða nákvæmlega, og segja álit sitt um nefnda ósa, hvort þeir álitu þá ei fullfæra til uppsiglíngar fyrir kaupskip m. m., að við síðan gætum sent álitið ritað með þeirra eigin hendi til alþíngis; þetta misheppnaðist, og vitum við

ekki, hvað valdið hefir því lúalega og ástæðulausa afsvari, er þeir sendu okkur.

Við viljum samt ekki hætta við svo búið, heldur leyfum okkur hèr næst sjálfir eptir sannfæring að lýsa opt nefndum Ósum, hver lýsing þannig er, sem fylgir: hvað þeim fyr nefnda, eða Papafjarðarósi við víkur, sem er eystra megin *Vestrahorns,* þá hafa á seinni árum bæði kaupskip, og útlend fiskiskip, sem leitað hafa þar hælis, bæði þegar styrmt hefir úr hófi, og eins þegar hafísar hafa að þeim krept, hörfað þángað, lagzt þar, og þókzt hafa fundið tryggva og góða skipalegu, og hafa 3 skip legið þar undir eins, nefnil. árið 1840. Við þykjustum því sannfærðir um það, að einhverjir mundu verða til að sigla ós þennan upp til sjóverzlunar, ef leyfið feingist fyrir milligaungu vors heiðraða alþingis.

Sá síðar nefndi, eða Hornafjarðarós, er vestan megin Hornsins; um hann hafa ekki haffær skip farið á seinni árum, og þó er sú saga sönn, sem enn geingur mann frá manni, að kauptún, sem *Höfn* nefndist, hafi staðið yzt á nesi því, sem er allskamt fyrir innan ósmynnið; bær er norðast á því, sem Hafnarnes heitir, hann er konúngseign. Aurmál tèðs kauptúns sèst enn í dag; líka fara sögur af ýmsum örnefnum, er benda til sama, svo sem *Ferjuklettur,* hvar skip voru bundin m. m.; hèr er það þá að líkindum, sem á er minnzt í fornritum vorum, að ýmsir hafi tekið sèr far í Hornafirði. Svo er ós þessum varið, að vestra megin á fjörunum, eða sandrifinu, sem liggur fyrir Hornafirði, eru hraunklettar, sem *Hvanney* nefnist; en eystra megin afar mjór tángi; breiddin á ós eða fjarðarmunnanum er hèr um bil 140 faðmar; dýpið 3 faðmar; straumur er þar allstríður, einkum fráfallsstraumur, þó hafa áttæríngs fiskibátar undir seglum unnið móti honum í hagstæðum byri; eingin þekkjum vèr blindsker fyrir utan eða innan fjarðarmunnann, en ókyrleiki er þar nokkur, þegar brimærsli eru í sjó, sèr í lagi um fjörutímann, eins og jafnan er við að búast, þar sem þúng hafalda og stríður vatnastraumur mætast. Á firðinum fyrir innan opt nefndan ósmunna er svo kyrt, að þar bólar ekki á brimi, að báran brotnar ekki við land, nema vindkaldi reki á eptir. Eyar eru nokkrar í þessum *ummálsmikla firði,* og við sumar þeirra lagnir eða straumleysa, og mun að ætlan vorri mega velja um skipalegu við sumar þær, fyrir fleiri eða færri skip í senn á nægilegu dýpi; það er nú aungu síður við

þenna Hornafjarðarós, að við óskum að kaupskipum verði leyfð frjáls uppsigling til sjóverzlunar, og að þar megi kauptún setjast, þegar tími þykir til kominn. Um sjóverzlunarleyfið biðjum við ekki einúngis handa lausakaupmönnum, heldur einnig fastakaupmönnum; við viljum sem minnst óhagræðist fyrir öðrum, í því við erum að leitast við að efla vorn hag. Ávinníngurinn hèr af fyrir okkur mundi verða næstum ómetandi, og ekki útþýddur í fáum orðum.

Við, Bæarhrepps, Bjarnarnesshrepps og Borgarhafnarhrepps innbúar, þyrftum þá ekki að verja nema 2 dögum, í staðinn 8 eða 10, að fá verzlað varníngi vorum, þá þyrfti líka að líkindum ekki að óttast brest á nauðsynjavörum, sem við allopt höfum haft af að segja, eins og misjöfnum og vondum prísum, frekari en á öðrum stöðum; þá yrðu heyannir fyrri byrjaðar í góðum árum, og annar starfi betur stundaður.

Hvað okkur Öræfahreppsbúum við víkur, þá mundum við því fremur fagna, ef ósk þessi næði að upp fyllast, sem við eigum örðugra með alla aðflutníngа, en nokkrir aðrir, sem við til þekkjum; til okkar kaupstaðaferðar gánga 16 dagar, þegar bezt tekst til, og við mætum aungum tálma við Breiðamerkursands vötnin, sem einkum hlaupa fram í júlímánuði; ef við þyrftum ekki að fara leingra, en austur í Hornafjörð til kaupverzlunar, gætum við farið 2 ferðir á ári hverju með sömu hesta, og fækkað þá hestum meir en að þriðjúngi, en aukið málnytupenínga að því skapi, m. m.

Það er því vor allra undirskrifaðra sameiginleg bón:

Að vort heiðraða alþíng mæli fram með því, að fram borin verði bænarskrá fyrir hans hátign, vorn mildasta konúng, um frjálsa sjóverzlun annaðhvort við Papafjarðar- eða Hornafjarðarós, eins fyrir fasta sem lausakaupmenn, og að þar megi kauptún setjast með tímanum, í hverjum helzt staðnum sem þar til virðist betur lagaður.

Skrifað í júnímánuði 1849.

Með 150 nöfnum undir skrifuðum.

Framsögumaður: Eg get að mínu leyti ekki annað um borið (en eg hefi þrem sinnum sèð báðar þessar hafnir), en að lýsíngin á þeim sè sönn og rètt í alla staði, og ef að bænarskráin sjálf ekki vekti hjá mèr efa nokkurn um Hornafjarðarós, væri eg sjálfsagt á því máli, að uppsigling eður kauptún yrði leyft þar; því það munar fullri dagleið, og henni illri yfirferð-

ar, hvað Skaptafellssýslu-búum er hægra, að sækja þángað verzlun, en við Papafjarðarós. Ef Hornafjörðurinn sjálfur og innsigling til hans væru óyggjandi, þá er þar og miklu meiri skipalega; en þar sem bænarskráin segir, að ósinn, eður fjarðarmynnið, sè „þrjá faðma á dýpt", þá er það ekki tekið fram, hvort þetta er um flóð eða fjöru, en það varðar miklu; því sè það að eins um flóð, þá geta vart meðal-kaupför siglt þar inn, þegar lágsjáa er. En á meðan þetta er ekki víst, vil eg ekki fara fram á uppsiglingar leyfi þar. Auk þess er mèr ekki grunlaust um, að sandleðja kunni að vera í Hornafirðinum; því víst eitt stórvatn, nefnilega Hornafjarðarfljót, falla fram í fjörðinn og bera með sjer mikla jökul og sandleðju. Að öðru leyti mætti þar vera bezta höfn fyrir öllum vindum, og svo er líka um Papafjarðarós; en þar er ekki hitt að óttast, þar hefir innsigling reynzt fulldjúp; því kaupskip hafa optar en í eitt skipti lagt þar inn og legið þar, en harður sandur í botni; því eg hefi riðið með fram ósnum um fjöru. Inn í ósinn getur eingin hafalda náð af neinni átt, en vel má vera, að þar sè svo grunt um fjöru, að skip verði að liggja á þurru, einkum ef mörg væru; og þetta kom nefndinni til eptir lýsingu minni, að stínga upp á Papafjarðarós, þó hann sè fjær, og liggi ver við fyrir hèraðsmenn til verzlunar.

J. Johnsen: Þetta mál, aðalatriði þess öll, og ástæðurnar fyrir og gegn þeim, eru þíngmönnum svo gagnkunnugar og ljósar, síðan málið var hèr til meðferðar á þínginu 1845, að eg ætla það tóman óþarfa og til málaleingingar eintómrar, að fara nú orðum um annað en það, sem eptir nefndarálitinu víkur frá því, er alþíng fór á flot í bænarskrá sinni 1845 um alment verzlunarfrelsi hèr á landi, og gegnir sama máli um þá uppástúngu nefndarinnar, sem hnígur að löggildíngu nokkurra kauptúna í landinu, og var því líka farið fram í bænarskrá 1845 um kauptún á Krossvík og í Þorlakshöfn, og ætla eg, að eg því síður þurfi að mæla með uppástúngu nefndarinnar um hinn síðar nefnda stað, sem nefndin hefir farið fram á miklu minna fyrir þenna stað, en þíngið í bænarskrá sinni 1845, og að öðru leyti fært næg rök fyrir uppástúngu sinni. Þar eð nefndin fer því einu fram með breytíngu þeirri, er hún stíngur upp á í 3. niðurlagsgrein hænarskrárinnar frá 1845, sem eg þá hlynti að, bæði í nefndinni og á þínginu, tel eg mèr líka óþarfa, aptur að mæla fyrir þeim tillögum nefndar þessarar, um leið

og eg verð að vera á hennar máli, um að Vestmannaeyakauptún að réttu lagi eigi að vera hið 6., þar sem framandi kaupskip mættu hafna sig, áður en þau fara á hin önnur kauptún landsins, og er það sömuleiðis enn þá öldúngis samkvæmt minni skoðun og sannfæríngu, að nefndin nú samhuga mælir á móti sveitaverzlun þeirri, sem atkvæða-fjöldi varð fyrir 1845. Þar á móti verð eg að láta í ljósi þá sannfæríngu mína, að það sé næsta ísjárvert, nú að fara því fram, sem nefndin hefir stúngið upp á, um að verzlunarmenn, sem eru búsettir í landinu, megi flytja vörur, sem þeir kaupa og selja, á víkur allar, þar sem það um leið er tekið fram, að þeir megi flytja með sér vigt eg mælir; því eins og eg ekki þekki nokkurt lagabann fyrir verzlunarmenn við því, að sækja og flytja vörur, sem þeir þegar hafa keypt eða selt, á hvern stað sem þeir vilja, ef þeir þó ekki verzla með vörur sínar annarstaðar en í kauptúnunum, svo get eg hins vegar ekki vel ímyndað mér, hvernig nokkurri umsjón yrði komið við gegn verzlun annarstaðar, ef kaupmenn eiga kost á að flytja með sér vigt og mælir á allar víkur landsins; óttast eg mjög, að stjórnin, ef þessari uppástúngu yrði framgeingt hér á þíngi, þá mundi skilja hana á þann veg, að Íslendíngar með þessum hætti ætluðu sér að ná tilgángi sínum með fjölgan kauptúna, án lagaleyfis, og þá undir eins sjálfsagt til hnekkis hinum löggiltu kauptúnum og verzlunarkrapti þeirra, en eg gjöri ráð fyrir, að einkum þetta standi stjórninni fyrir hugskotssjónum, er hún sýnir nokkra tregðu á að löggilda fleiri kauptún í landinu; og þækti mér þá góðu málefni spilt fyrir lítið, ef þetta, sem eg er hræddur um, yrði aðalmálefninu til nýrrar fyrirstöðu, og er það fyrir þá sök, og af því mér er svo mjög ant um málið sjálft, að eg verð að ráða frá uppástúngu nefndarinnar á þenna veg.

Stiptamtmaður: Eg er samdóma nefndinni í því, að málefni þetta sé mjög svo á ríðandi fyrir landið, og við ríðið svo mörg önnur málefni landsins, að þau geta ekki komizt í gott horf, fyr en búið er að ráða þessu til lykta, og hefi eg þegar áður sýnt ofan á margar kríngumstæður, sem hafa seinkað því. En þó var það fremur önnur álíka uppástúnga þíngsins 1845, að verzlunarfrelsi það, er beðið var um, yrði ekki bundið við árabil; þetta er nú heldur freklega til orða tekið, því ef stjórnin strax hefði fallizt á nokkrar breytíngar á verzlunarmálefninu, en þó í þeirri stefnu, að breyta því alveg seinna,

þá hlaut það að vera nauðsynlegt að löggilda þessar breytíngar, sem einúngis gjörðar til bráðabirgða. En það er ómögulegt, að gefa slíkt lagaboð, er veiti til bráðabirgða rýmkað verzlunarfrelsi í nokkru tilliti, án þess að til taka vissan áratíma fyrir gildi þess. Stjórnin varð að vísu að vera samdóma nefndarálitinu í sumum atriðum, en hún hèlt jafnframt, að verzlun hèr á landi væri komin í það horf, sem ekki gæti við haldist, og ef því breytíng ætti að verða á því, þá gæti hún ekki að lokum orðið á annan hátt, en þann, að taka úr gildi öll hin eldri verzlunarlagaboð, og búa til önnur ný frá rótum, en uppástúngurnar allar um breytíngu á verzlun eru miðaðar við lög þau, er nú gilda, og breytíng sú, sem eptir þeim gæti fram farið, gæti þá að eins orðið til bráðabirgða. Þannig er t. a. m. að eins beðið um, að tollur sá, sem tilskip. 11. sept. 1816 leggur á utanríkisskip, verði lækkaður, en ekki alveg af tekinn. En stjórnarinnar skoðun var, að ef alment verzlunarfrelsi ætti að veita, ættu utanríkismenn að fá jafnrètti með Dönum, og þessa meiníng lèt fulltrúinn á þínginu í Hróarskeldu í ljósi, þegar til rædt varð um, að veita Færeyíngum verzlunarfrelsi, eins og framsögumaður drap á. Það hefir líka ætíð verið gagnstætt grundvallarreglu stjórnarinnar, að láta utanríkisskip borga meiri tolla, en innanríkisskip, og ef því 1. uppástúngunni í álitsskjali þíngsins hefði átt að fylgja, þá gat það að eins verið til bráðabirgða, uns utanríkisskip feingju jafnrètti með innanríkisskipum. Þar á móti gátu að vísu bænir þíngsins flýtt málefninu, þó það eptir þeim gæti ekki orðið alveg útkljáð, því í sjálfu sèr er það hægra, að gjöra litla, en stóra breytíngu, en þá urðu þessar minni breytíngar að vera bundnar við árabil, sem þó var gagnstætt uppástúngu þíngsins. Að því leyti er áhrærir 3. uppástúnguna, að leyfið fyrir utanríkisverzlun verði bundið við vissa kaupstaði, þá held eg þetta sè góð breytíng, sem flýti málinu til lykta, og álít eg það nauðsynlegt í þessu tilliti, að sýslumenn og læknar hafi bústað sinn á þessum stöðum, eða að minnsta kosti svo nálægt þeim, að hægt sè til þeirra að ná. Í Reykjavík og á Vestmannaeyjum á nú þetta sèr stað, en hvað hina aðra verzlunarstaði þá snertir, sem stúngið er upp á, þá er það ekki skylda embættismannanna, að búa í þeim eða í grend við þá, og getur því breytíngunni ekki orðið við komið, fyr en búið er að færa þetta í lag. Annars álít eg vafa á, hvort Eski-

fjörður er heppilega valinn, og væri, ef til vill, Seyðisfjörður eða Berufjörður betur til fallinn; verzlunin á Eskifirði hefir, ef til vill, rýrnað, og dregizt á seinni tímum til Seyðisfjarðar, en aptur tel eg víst, að á Berufirði sè bezt höfn, eins og líka verzluninni þar ekki hnignar, enda liggur Berufjörður bezt fyrir skipum, sem kynnu að líkindum að koma frá Færeyjum, þegar þar er búið að veita verzlunarfrelsi, og gætu þingmenn þeir, sem kunnugir eru eystra, skýrt betur frá, hver þessara staða mundi bezt til fallinn. Hvað við víkur 4. uppástúngu þingsins 1845, að utanríkismenn þurfi ekki að sækja leyfisbrèf til hins konúnglega rentukammers í Kaupmannahöfn, heldur hafi að eins venjuleg skilríki, og þar á meðal frá hinum næsta verzlunarfulltrúa, þá held eg, að þetta sè bæði ógjörlegt, og ósanngjarnt móti innanríkismönnum, er þessir ættu að sækja leyfið, en hinir ekki. Þegar tekið hefir verið leyfisbrèf, getur stjórnin sèð, hvort alt hefir verið borgað, sem ber, þegar það er skilað aptur; en alt annað er, að leggja þetta í hendur verzlunarfulltrúa, sem að vísu eru teknir svo góðir, sem feingizt geta, en hafa þó ekki laun frá stjórninni, og standa í ýmsu sambandi við hin og önnur verzlunarfèlög, og gæti því á þennan hátt ekki feingizt nein áreiðanleg vissa um, að allir þeir skilmálar, sem verzlunarfrelsið er takmarkað við, væru upp fyltir. Betra mundi því vera, að stjórnin sendi vissum verzlunarfulltrúum leyfisbrèf til að út fylla og út býta, þegar á þyrfti að halda, og gjört væri að skyldu, að skila þessum leyfisbrèfum aptur, þegar búið er að nota þau, því þá gæti stjórnin haft svo mikla umsjón um þetta, sem þörf er á.

Hvað við víkur hinni 6. uppástúngu, að íslenzkum kaupmönnum eða þeim, sem búsettir eru á Íslandi, sè leyft að taka skip og farma á leigu utan ríkis, og fara með til Íslands og frá með sama rètti og innlend væru, þá hefi eg að vísu minnst á móti því, að hún yrði strax löggilt, en mèr virðist vafi geta verið á, hvað með orðunum „íslenzkum kaupmönnum eða þeim, sem búfastir eru á Íslandi“ sè meint, og verð eg að halda, að meintir sèu allir kaupmenn, sem hèr á landi hafa fasta verzlun, hvort sem þeir eru búsettir hèr eða ekki, en ekki lausakaupmenn, meðan þeir eru ekki búnir að stofna hèr fasta verzlun.

Hin 7. uppástúnga, að lausakaupmönnum verði eingin takmörk sett, hversu leingi þeir skuli mega liggja eða verzla á

höfnum, held eg þar á mót ekki, eptir sem nú á stendur, geti feingið góða móttöku hjá stjórninni; því það verður að vera aðaltilgángur stjórnarinnar, að efla föstu verzlunina, en lausakaupmenn eru henni til tálmunar; mèr virðist þannig ósanngjarnt, að lausakaupmenn fái að liggja og verzla hèr á höfnum, svo leingi sem þeir vilja, og ekki að eins fylla sín eigin skip með varníngi, heldur leigja skiprúm hjá öðrum, en þurfi hèr ekkert að borga, sem þó hinir föstu kaupmenn þurfa, og er þetta móti öllum reglum, sem við gángast í öðrum löndum. Öðru máli skiptir, hvort ekki megi breyta reglu þeirri, sem nú gildir, að lausakaupmenn megi ekki liggja á sömu höfn leingur en mánuð, því það getur verið harður kostur fyrir þá, að fá ekki stundum að liggja leingur, en aptur verður þá bágt að sjá um, að þeir verzli ekki, en ótakmarkað leyfi fyrir þá í þessu tilliti væri ósanngjarnt móti hinum föstu kaupmönnum.

Hina 8. uppástúngu, að verzlun í hèröðum verði leyfð með þeim hætti, að amtmaður veiti hverjum búandi manni, sem beiðist þess og má þykja til þess hæfilegur, leyfisbrèf til verzlunar, þar sem þörf þykir, með því skilyrði, að hann hafi ávalt nokkra nauðsynjavöru, hefir nefndin nú aptur kallað, og má vera, að svo fari betur, eptir því sem nú á stendur, en öðru máli er að gegna, þegar verzlunin er komin í sitt rètta horf. Allstaðar annarstaðar getur leyfi feingist til að verzla með nauðsynjavöru á landsbygðinni fjarlægt kaupstöðunum, en aptur er hinum ábatasamasta varníngi haldið undir kaupstaðina, því stjórnin vill í öllum löndum efla kaupstaðaverzlunina sem mest. Einkum er verzlun leyfð úti á landinu með varníng þann, sem ervitt er að flytja, og stendur þetta því í nokkru sambandi við það, sem í nefndarálitinu nú er farið fram á undir tölulið 5, að öllum búsettum kaupmönnum á landinu verði leyft að láta flytja og sækja alla nauðsynja og púnga vöru inn á hverja þá vik, sem þeim þykir fært, og brúka við þessa vöru vigt og mæli, og verð eg að vera samdóma hinum heiðraða þingmanni Árnesínga, að eingin lög sè, sem banni þetta, ef að eins ekki er verzlað, og held eg fyrir mitt leyti, að ekki sè mjög mikið móti því, að þeim sè leyft að hafa vigt og mælir; annað er það, að ekki ætti að leyfa að flytja annað en nauðsynjavörur, sem greinilega ætti að til taka hverjar vera mættu, og stjórnin í því tilliti ákveða viss takmörk; annars er það mjög ákjósandi hèr í landi, að vörur þannig fáist fluttar,

og verð eg móti hinum heiðraða þingmanni Árnesinga að halda, að með því móti mundu fækka verzlunarstaðir, og vissir verzlunarstaðir komast upp, og sannar reynslan þetta bæði erlendis og hèr á landi, því í öndverðu voru bæði þar og hèr fleiri verzlunarstaðir en nú eru, en þegar hægra varð fyrir með flutninga, drógst verzlunin aptur saman á færri staði; þannig var áður t. a. m. verzlun á Laxavogi, Straumsvík, og víðar.

Hvað við víkur vara-uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 2, þá held eg, að þingið ætti að stínga upp á vissum föstum tíma til verzlunarinnar, því aðalaugnamiðið verður að vera, að fá sem flesta kaupmenn á sama stað og tíma, því þá er öll líkindi til, að verzlunin verði öllum haganlegust. Í tilliti til uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 3, þá er Norðmönnum ekki fremur en öðrum leyft ókeypis að flytja timburfarma á verzlunarstaði landsins; aðrir en Norðmenn hafa að vísu ekki notað timburflutníngsleyfið, en líkindi eru til, að það seinna verði notað, þegar menn fá að vita um það. Að endurnýa leyfi það, sem gefið var með opnu brèfi 11. maí 1847, veit eg ekki hvort kemur að liði, því einginn hefir notað leyfi þetta, en vegna timburflutninga kynni það, ef til vill, að vera ákjósandi. Hvað Papafjarðarós snertir, þá hefir framsögumaður léidt í ljós ástæður fyrir því, að þar gæti legið skip, og veit eg til, að þau hafa flúið þángað undan hafís, en að setja þar kauptún, mundi draga úr verzlun á Berufirði, en alt öðru máli væri að gegna, þó kaupmönnum þeim, sem hafa fasta verzlun á Berufirði, yrði leyft að sigla þángað.

J. Thorstensen: Þar sem sá hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að það væri örðugt, að koma því við, að gefa öllum dönskum höndlunarfulltrúum í framandi löndum leyfisbrèf fyrir skip híngað, þá játa eg það fullkomlega, því þeir munu flestir vera innlendir í þeim löndum, hvar þeir búa; en þar á móti ætla eg líklegt, að yfirhöndlunarumsjónarmenn (General-Consuler) danskra í hverju landi, sem líklegra er að margir séu danskir, eða í það minnsta kunnugri Danmörk, mættu hafa slík leyfisbrèf í höndum. Væri því óskandi, að þessum mætti gefast myndugleiki til að út gefa leyfisbrèf, ef það þá er skemra eða fljótara, að fá þau svo fyrir skipin í hvert sinn, en að fá þau frá stjórninni í Kaupmannahöfn. Eg neita ei, að það sè nokkuð efasamt, hvort gefa ætti lausakaupmönnum ótakmark-

aðan verzlunartíma, og sýnist mèr enda mánuður mætti nægja, einkum ef á nokkurn veginn haganlegri tíð er verzlun þeirra, eða þá leingja hann um vissan tíma, til 5 eða 6 vikna alls, ef þínginu sýnist svo, en þeir brúka skjaldan svo lángan tíma til að verzla alleina.

Að þeir ekkert gjalda til þess opinbera, þykir mèr ekki sanngjarnt, en við nefndarmenn vissum ei, hvort skattanefndin hefði lagt nokkuð á lausakaupmenn, eða ekki, og í öllu falli sýnist mèr sanngjarnt, að þeir borgi nokkuð til bæarsjóðsins eða fátækrasjóðsins í þeim kaupstað, sem þeir verzla, t. a. m. 5 til 10 dali, því þeir hafa áður svo gott sem ekkert borgað. Vigt og mælir sýnist mèr sè nauðsynleg fyrir þau skip, er flytja vörur og sækja fyrir bændur, því þeir verða að vega og mæla vörur, sem þeir láta úti og taka á móti. Eg tek til dæmis, ef bændur í Vogum tækju sig saman og semdu við einn kaupmann um, að færa sèr hamp, korn, og salt; af því seinasta þurfa þeir fleiri hundruð tunnur, og mundu þeir borga alt með fiski, og þar væri ómögulegt að gefa hverjum sitt, nema mælir og vigt sè við höfð.

Eg kýs mèr það breytíngaratkvæði, að í staðinn fyrir *verzlunarfulltrúar* standi *aðalverzlunarfulltrúar*..

Guttormur Vigfússon: Herra stiptamtmaðurinn skoraði á þá þíngmenn, er kunnugastir væru, að láta í ljósi, á hverjum hinna þriggja verzlunarstaða á austurlandinu, Seyðisfirði, Djúpavog eður Eskifirði væri tryggust höfn, og hægust uppsigling; í því tilliti leyfi eg mèr að skýra frá, að svo miklu leyti sem mèr er kunnugt, að eg ætla alla þessa verzlunarstaði hafa góðar og tryggar hafnir, en með tilliti til uppsiglíngar, þá liggja leingri firðir til Eskifjarðar, og einkum Seyðisfjarðar verzlunarstaða, heldur en Djúpavogs, og þegar á alt er litið, mun bæði höfnin þar einna óhultust, og innsiglingin liggja þángað bezt við, og skemst inn á hana fyrir skip, er koma að austurlandinu, en aptur mun leingra þángað að sækja fyrir læknir og sýslumann, ef byggja nærri miðbiki sýslunnar.

Hèr að auki vil eg leyfa mèr að láta í ljósi, að mèr sýnist yfrið nauðsynlegt, að kaupmönnum, sem leyft er að sigla upp firði, víkur eður voga, sè og svo gefið leyfi til að hafa með sèr vigt og mælir, svo þeir geti bæði mælt út varníng þann, korn, salt og annað, er menn hafa á verzlunarstaðnum áður hjá þeim út tekið, og líka tekið á móti varníngnum aptur,

er þeim var heitið í endurgjald. Eg þekki dæmi til þessa að austan; það bar nefnil. til einstaka sinnum, áður en Seyðisfjarðarverzlanin komst á, að bændur úr hinum fjarlægari fjörðum frá Eskifirði, einkum Borgfirðingar og Loðmundarfjarðarmenn gjörðu út menn, 1, 2, eður fleiri frá sèr, til að semja við verzlunarmenn um þess háttar flutninga, þar þeir höfðu yfir örðugan og langan veg að sækja til Eskifjarðar; kváðu þessir sendimenn upp við kaupmann upphæð alls kornsins eður hins annars, er þeir áttu út að taka, og hètu aptur vissum vörum til endurgjalds þess ákveðna; hèr af flaut, að flutningsmenn þurftu að hafa vigt og mælir með sèr, svo hver gæti feingið sitt, þar ómögulegt hefði verið að flytja mikinn varning aðgreindan.

Hvað því við víkur, er herra stiptamtmaðurinn sagði, það væri ósanngjarnt, að verzlunarleyfi lausakaupmanna væri um of ótakmarkað, þá er eg og að vísu á því, að það ætti að vera takmarkað til einhvers viss tíma, t. a. m. 6 vikna, og ætla eg hann muni nægja, þar það takmark, sem þeim hingað til hefir verið sett, hefir fremur þókt þraungt, með tilliti til alls, er verzlan þeirra hefir krafið, en aptur mundi þessi viðauki nægja.

Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um uppsiglingar og verzlunarleyfið á Papós, hinn virðuglegi þingmaður Skaptfellinga hefir tekið það flesta fram, er eg vildi sagt hafa; því einu finn eg orsök til að bæta við, að gæti það sannazt, að Hornafjarðarós álitist eins hæfilegur til uppsiglingar, sem hinn, ætla eg hinn fyrri miklu betur þar til fallinn með tilliti til allra aðflutninga, einkum trjáflutninga úr allri Skaptafellssýslu, því á millum þessara tveggja staða liggur illur og örðugur fjallvegur; eg áskil mèr því það breytingaratkvæði, að ef uppsigling reynist eins trygg á Hornafjarðar, sem Papafjarðarósi, og sönnun fyrir því getur komizt til stjórnarinnar, áður leyfið er gefið, þá sè heldur leyfð uppsigling og verzlun á Hornafjarðarósi.

En hvað sveitarverzlunina áhrærir, þá sýnist mèr nefndin gjöra sèr of mikið far um að úti loka hana, einkum í tilliti til þeirra sveita, er liggja við sjáarsíðuna; því þó það kynni að álítast eptir nær verandi ásigkomulagi hjá oss ekki eiga sem bezt við, einkum hvað verzlunina upp til sveita í hèröðum áhrærir, þá virðist mèr þó ísjárvert að úti loka efnaða menn við

sjáarsíðuna, sem hefðu vilja og þrek í sèr, að kaupa varníng af lausakaupmönnum, nauðsynjavöru og annað, er þeir síðan mættu verzla með, sem eg get ei sèð annað en komið gæti að liði þeim mönnum, er ekki hefðu efni á að kaupa nauðsynjar sínar alt í einu, og þó þeir hefðu hagræði af því, sýnist ekkert vera á móti því, þar ávinníngurinn ætti að vera eins vel kominn í þeirra hönd, ekki síður en útlendra. Eg hreifi að eins þessum athugasemdum, ef þíngmönnum sýndist betur ætti við að breyta þessu frá nefndarálitinu; eg, fyrir mitt leyti, er ekki svo fastur á því, einkum ef það væri sneidt hjá þessu atriði sem mest í bænarskránni til konúngs, en þó ætla eg að áskilja mèr það breytíngaratkvæði fyrst um sinn, að efnamönnum mætti leyfast af amtmanni að verzla við innlenda og útlenda, mest með nauðsynjavörur; eg get tekið það aptur, ef mèr sýnist svo.

R. M. Ólsen: Það skyldi ekki alllítið gleðja mig, ef hinn virðulegi þíngmaður frá Norðurmúlasýslu vildi aptur taka heim með sèr viðauka atkvæði hans um sveitaverzlun, eins og mèr heyrðist hann gefa vilyrði um í ræðu sinni, því sveitaverzlun getur ei orðið nema til mesta niðurdreps sveitamönnum, þar sem líkt hagar til og í Húnavatnsþíngi, að vörur þessar yrði að flytja á hestum til sveitaverzlunarstaðanna; sveitaverzlun, þannig löguð, gæti ei orðið annað á þessum stöðum, en landþráng ónauðsynlegra vörutegunda. Yfir höfuð er eg algjörlega samdóma nefndinni um skaðvæni sveitaverzlunar.

Steffán Jónsson: Þess vilda eg geta, að ef leyfðir yrðu flutníngar á þúngri vöru inn á ýmsar hafnir og víkur, þar sem nauðsyn bæri til, þá væri þetta leyfi öldúngis gagnslaust, nema að þá líka leyfðist að brúka þar mælir og vigt, því bæði er það, að flest vara, önnur en trjáviður, þarf annaðhvort að vegast eða mælast, og hvorugir mundu öðrum trúa, þó þeir segðu vigt og mælir, sem verið hefði, þegar þeir fluttu að heiman, líka mundi á þessum stöðum þurfa að skipta milli margra, og leiðir þar af, að þessi áhöld þurfa.

En hvað við víkur verzlunarstöðum þeim, sem nefndarálitið minnist á að skip ættu að vera skyldug að hafna sig á, og sýna sinn heilbrigðisvitnisburð og fleiri skilríki, þá má eg geta þess í tilliti Akureyrar, að þar hefir að undan förnu verið bæði sýslumaður og læknir, og líkur eru til, að læknir verði þar ekki lángt frá, því jörð sú, sem er út lögð fyrir læknis-

setur, liggur þar mjög nærri, og þó sýslumaður ekki verði hèr eptir búsettur þar á verzlunarstaðnum, þá er líklegt hann verði ekki mjög langt frá, því svo hefir verið í lánga tíð.

Guðmundur Brandsson: Það mundi þykja kynlegt, ef eg lèti ekki í ljósi meiníngu mína um nefndarálit það, sem nú er umræðuefni, þess heldur sem eg var einn þeirra manna, sem flutti hingað bænarskrá, í hverri beðið var um siglíngu og verzlunarleyfi á nokkrum til teknum víkum, en það er satt að segja, að eg hefi ekki mikið út á það að setja, því ef það feingist, sem þar er farið fram á, þykir mèr mikið vera á unnið. Það vorn einkum tvær orsakir, sem hvöttu beiðendurna að fara þess á leit, að rýmkað yrði um siglíngaleyfi, þessar nefnil., vöruskortur í Keflavík, og erviðleiki á flutníngum til kaupstaðar og frá honum, og á þettað sèr einkum stað í Grindavík, Höfnum og suðurhluta Rosmhvalaneshrepps. Eg er nú eingan veginn þeirrar meiníngar, að vilja rýra svo föstu verzlunina, að hún dragist meiri part til lausakaupmanna, einúngis vildi eg óska, að föstu verzlunarmennirnir hægðu svo aðflutnínga fyrir innbúum áminnztra hreppa, sem þeim framast væri mögulegt, en eg er nú nokkuð efablandinn um, að svo verði, því eg hefi heyrt sagt, að flutníngar eða verzlun á Krossvík hafi fremur verið lítil, og við Dyrhóla varla teljandi, þar fáir munu hafa þángað vogað sèr; mig minnir líka, að í nefndarálitinu væri drepið á, að kaupmenn mundu láta sig litlu skipta, þó kaupstaðaferðir væru örðugar.

Hvað Vogavík snertir, þá er það alkunnugt, að þar er trygg og góð skipalega, miklu betri en í Keflavík, og hafa skipherrar margir komizt að raun um þettað og játað það; en fiskiver er þar eitthvert hið bezta, og því mjög að sókt bæði af sjáar og sveitamönnum, svo þar mundi trautt vöruskortur verða, þó einhverjir að sæktu. Í Höfnum er að sönnu ekki fiskiver á borð við Voga, en má þó heita ágætt, einkum núna nokkur undan farin ár; lega, einkum fyrir minna lagi skip, er þar góð á vík þeirri, sem Þórshöfn heitir, og hafa kaupmenn sjálfir játað, að svo væri. Eg ætla því að áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að öllum þeim lausakaupmönnum, sem eru undir Dana stjórn, verði leyfð frjáls uppsigling og verzlun í Höfnum og á Vogavík, meðan hin almenna frjálsa verzlun er ei leyfð, en til vara, verði það fyrra ei aðhyllzt, þá eingaungu á Vogavík.

Jakob Pèturssón: Þó eg vilji ekki eiginlega mæla mikið fram með þeirri almennu sveitaverzlun, eða jafnmikilli og þingið stakk upp á 1845, sýnist mèr nauðsyn bera til þess, að efnugir menn hafi frjálsræði til að kaupa svo mikið, sem þeir vilja og geta, af þarflegum vörum, þegar svo ber við, að lausakaupmenn koma á hafnir og höndla um stuttan tíma á sjó, og selja aptur þeim, sem annaðhvort gátu ekki keypt að því sinni vegna efnaskorts, eða fjarlægðarinnar notað sèr tækifærið.

Eg mæli því heldur fram með þessu, sem eg hefi fyrir mèr reynsluna á dæmi dugnaðarmanna í minni tíð, sem gjörðu þetta, og feingu kaupendur hjá þeim opt og tíðum betra verð á mörgu, en þá var tíðkanlegt hjá höndlurum í kaupstöðunum, auk þess sem opt varð þar, eins og enn, skortur á þarfavörum, um það leyti lausakaupmenn urðu að fara á aðrar hafnir eptir lögmálinu. Samkvæmt þessu leyfi eg mèr að gjöra það viðauka-atkvæði, að efnugum mönnum til sveita sè leyft að kaupa svo mikið, sem þeir geta og vilja, að lausakaupmönnum, og selja aptur þeim, sem ekki geta náð til þess, og fái til þessa yfirvaldsins samþykki.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að mèr ekki eins mikið virðist liggja á því, að til tekið sè, að yfirverzlunarfulltrúar að eins geti gefið hin um ræddu leyfisbrèf, sem hinu, að utan og innan ríkismenn sæti í þessu tilliti sömu kjörum. Hvað íslenzka kaupmenn snertir, þá er þeim auk annars gert að skyldu, að sýna skýrslu yfir vörur þær, er þeir flytja, og virðist mèr, þegar mismunur eptir vörutegundum á að vera á tolli þeim, sem lagður er á lestarúm skipanna, meiri nauðsyn bera til, að utanríkismönnum sè gjört hið sama að skyldu, og þeir látnir undir gángast hegníngu, ef þeir verða uppvísir að því, að hafa flutt aðrar vörur, en þeir hafa til greint. Með tilliti til lausakaupmanna, er aðalatriðið, hvort gjöra eigi mismun á tímaleingd þeirri, sem þeir megi verzla og liggja í höfn; ef yfirvald býr á verzlunarstaðnum, virðist óhætt að leingja legutímann, því yfirvaldið gæti sèð um, að þeir verzluðu ekki, og ef þeir brygði út af því, hegnt þeim fyrir það, en þar sem ekkert yfirvald er á verzlunarstöðunum, mundi tiltækilegri ákvörðun sú, sem nú gildir, að takmarka legu og verzlun lausakaupmanna á höfnum við sama tíma; en eptir

hinum eldri lögum var gjörður mismunur á þessu, því þá máttu þeir liggja leingur, en þeir verzluðu.

Ekki held eg mikið móti því, að leyfa íslenzkum kaupmönnum að hafa stórvigt og stórmæliker, en ef þeir mættu hafa smávigtir, yrði hætt við, að þeir mundu verzla, þar sem ekki væru yfirvöld til að sjá um það. Mèr virðist ákjósandi, að leyfið sè gefið, eins og í tölulið 5 er til tekið, en verði þó takmarkað, og held eg nefndin sè fær til að stinga upp á þeim takmörkunum, sem í því tilliti við þurfa. Það, sem þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, mælir fram með Berufirði, fyrst innsigling þángað er hægri, en á Eskifjörð.

R. M. Ólsen: Ræða hins virðuglega þingmanns Norðurþingeyínga var ei svo skilmerkileg, sem eg vildi óska; eg verð því að biðja hann að gefa ítarlegri upplýsingar um, hve lángt þeir uppbyggilegu verzlarar, er hann gat um, hafa flutt vörurnar upp í landið frá kauptúnum; hverjar vörur þessar voru, hvort það voru kornvörur og aðrar jafnnauðsynlegar, eður þær vörurnar, sem *einstakir* menn kalla nauðsynlegar, svo sem brennivín, tóbak o. s. frv. Viðauka-atkvæði hans minnir mig væri á þá leið, „að efnuðum mönnum til sveita verði leyft að kaupa svo mikið, sem þeir geta og vilja, að lausakaupmönnum, og selja það síðan aptur út frá sèr"; mig lángar til hann ákveði nákvæmar, hvað efnugir þessir menn eigi að vera, hvað þeir eigi að eiga mörg hundruð í fasteign, og hvað mörg hundruð í lausafè, til þess að þeim geti leyfzt sveitaverzlan.

Við víkjandi því, sem þingmaðurinn frá Norðurmúlasýslu til greindi um hafnir á Djúpavog við Berufjörð og Eskifirði, þá get eg sannað það með honum, því eg hefi komið á báða þessa staði, að á Djúpavog er einhver sú allra bezta höfn, sem til er á landi hèr, og hagar þar svo til, að vogurinn geingur út úr utanverðum firðinum, og tveir tángar fram fjarðar megin við voginn, sem gjöra höfnina einkar óhulta, og líkist hún þannig stöðuvatni.

Jakob Pètursson: Eg verð að svara þeim heiðraða þingmanni Húnvetninga því upp á ræðu hans til mín, að það var ekki ásetningur minn að taka það fram, hvað vel efnugir þeir menn skyldu vera, sem gjöra mættu það, sem nauðsyn hæri til, heldur ef þeir vildu gjöra það eptir efnum. En hvað hinu líður, hvaða vörur þeir um getnu menn hafi keypt og selt, þá gat eg

þess, að það hefðu verið þarflegar eða nauðsynjavörur, svo sem matvara, járn, færi og þess háttar.

Guttormur Vigfússon: Eins og eg lèt áðan í ljósi, er eg ekki svo fastur á síðara breytíngaratkvæði mínu; eg lèt þá í ljósi, hvers vegna eg bar það upp, en þess vildi eg óska, að þíngmenn segðu álit sitt um það, og þó það fái ei meðhald þíngsins, vildi eg fyrir mitt leyti samt óska, að í álitsskjalinu eða bænarskránni til konúngs væri sneidt sem mest hjá að orða sveitaverzlunina eður að leiða í ljós galla hennar. Eg ætla það sè ei glögt að fyrir sjá, hvað í þessu tilliti kynni síðar að þykja hentugt, eptir sem alt kann að breytast, og sem reynslan ein getur bezt kent; mundi stjórninni þykja það undarlegt, ef vèr síðar færum að knýa á hana um þetta, og það má ske um skamt, sem vèr nú hefðum talið svo mikla galla á og fundið oss í öllu óhagkvæmt; eg ítreka því ósk mína, að þíngið vildi ei úti loka sveitaverzlunina með öllu.

Steffán Jónsson: Vigt sú, sem nefndarálitið meinar til, er stórvigt, því bæn þessi á einúngis að miða til að gjöra mönnum hægra fyrir með flutninga, en af smávöru geta menn flutt mikið á einum hesti fyrirhafnarlítið. Opt getur svo farið, að lausakaupmönnum geti verið óhagkvæmt, að mega ei vera nema einn mánuð á höfn, og ei geti allir náð til þeirra, sem vilja; þeir fara höfn af höfn, hvort sem er, þángað til þeir eru búnir að selja farm sinn, og sýnist mega standa á sama, hvort þeir selja hann á einni höfn eða fleirum. Til þess veit eg, að lausakaupmenn hafa ekki þorað að liggja á höfnum, nema mánuð, þó þeir hafi ekki verzlað, því hafi þeim ekki gefizt byr til burtsiglíngar, hafa þeir þá reynt að komast eitthvað af höfninni. Það gæti líka má ske valdið tortrygni um verzlun þeirra, ef þeir væru leingur á höfn, en leyfi er fyrir.

Sigurður Brynjúlfsson: Í tilliti til þess, sem sá heiðraði þíngmaður Húnvetníngа talaði um höfnina Djúpavog, þá er eg honum öldúngis samþykkur, og það hafa kunnugir menn sagt, að hún væri sú bezta á öllu austurlandi; fjörðurinn er á leingd þángað hèr um bil 1 míla, og álít eg því auðveldast og fljótast fyrir skip, að hleypa þar inn; líka geta skip legið þar um vetur.

J. Thorstensen: Eg hefi þekt einn mann, sem vel var fær að dæma um hafnir, það var herskipaforíngi aðmíral sálugi Lövenörn; hann sagði, hann hefði aldrei sèð jafngóða eða

betri höfn, af náttúrunni einni gjörða, en Berufjarðar eða Djúpavog, en hann hafði komið þar inn á herskipi 1782.

Guðmundur Brandsson: Án þess þingmenn hafi í enu minnsta reingt það, er eg áðan sagði við víkjandi vöruskortinum í Keflavík, þá ætla eg þó því til sönnunar að geta þess hèr, að í Rosmhvalaneshreppi í vetur, sem leið, var svo hart á milli manna af bjargarskorti, að farið var að sjá á mörgum, og það svo, að sóknarpresturinn þar og hreppstjórarnir urðu að skerast í, að sókt væri korn hingað til Reykjavíkur, og það á því tímabili, sem veður var mjög stirt, því að öðrum kosti var útlit fyrir, að sumir hefðu dáið af húngri, og mun sýslumaðurinn í Gullbringusýslu og fleiri hèr vita til, að þetta er satt. Það er líka aðgæzluvert við Keflavík, að þar hefir núna á stuttum tíma fækkað tveimur verzlunarmönnum, svo það lítur út fyrir, að hún sè nú fremur að fella af.

Þess var getið í nefndarálitinu, að það mundi seinka afgreiðslu aðalverzlunarmálsins, ef nú væri farið að biðja um siglíngaleyfi á ýmsa til tekna staði; eg get nú ekki öldúngis verið á þeirri meiníngu, eg held það einmitt ætti að flýta því, þar stjórnin getur sèð af þessu, að þörf muni vera að rýmka um verzlunina, og á meðan það fæst ekki, sem mest er vert í þessu máli, þá sýnist mèr ekki af vegi, að biðja um það minna, því lítið er betra en ekkert. Það er líkt með þetta, eins og ef fátækur maður kæmi í sölubúð, og óskaði, að kaupmaðurinn vildi hjálpa sèr um eina skeppu af korni, en hinn svaraði, að hann þyrfti fyrst að athuga reikníng hans og sjá, hvort hann væri skuldugur, þá beiddi hinn má ske um hálfa skeppu, af því þörfin væri bráð, svo hann yrði ekki með öllu bjargþrota. Eg held því, að það, sem hèr er farið fram á, þurfi ekki að standa í vegi fyrir hinu eptir æskta verzlunarfrelsi.

Framsögumaður: Herra stiptamtmaðurinn snèri athugasemdum sínum að þessu tvennu yfir höfuð að tala: að aðalmálinu yfir höfuð, og svo að einstökum atriðum þess, sem stúngið var upp á 1845, og þess, sem nefndin hefir nú gjört uppástúngur um.

Með tilliti til aðalmálsins, þá sagði stiptamtmaðurinn, að uppástúngur alþíngis 1845 hefði, eins og þær voru lagaðar, tafið fyrir afgreiðslu málsins hjá stjórninni. Stjórnin hefir játað, sagði hann, að verzlunarlög Íslendínga og allar ákvarðanir um hana væri í raungu horfi frá rótum, og þar sem nú uppá-

stúngur alþingis 1845 hefði, yfir höfuð að tala, að eins farið fram á breytíngar á verzluninni og verzlunarlögunum, eins og þau væru nú, þá hefði þessi stefna, sem alþíng þá tók, valdið töfinni; einkum mundi stjórninni hafa þókt ísjárverð sú uppástúnga, „að ekki ætti að binda breytíngar þær, sem upp á var stúngið, við neitt víst áratal"; því einmitt af því að þessar uppástúngur væri knýttar við hin eldri verzlunarlög, sem þó þækti horfa í ránga stefnu, þá hefði einkum verið þörf á að fara fram á, að þær yrði ekki löggiltar, nema til reynslu um til tekinn tíma, svo menn hefði í hendi sèr, að stínga upp á breytíngum á því, sem betur þækti við eiga síðar. Af þessu virðist það auðsætt, að alþíng 1845 *hafi beðið um of lítið,* og er þá hèr að minni ætlan eindæmi þess, að menn hafi orðið af bænheyrslunni, eður henni hafi verið svo óskiljanlega frestað, af því að ekki var farið fram á *nógu mikið.*

Mèr er hægt að skýra frá skoðun alþíngis 1845, eða víst nefndarinnar, sem þá var sett í málinu, því eg var einn í henni. Menn hugðu þá fyrst og fremst, að um fram alt bæri að fara fram á sem hóflegastar breytíngar og bagaminnstar fyrir kaupmenn hèr og í Danmörku, og þær einar, sem stjórnin hefði sjálf lagt götuna að í löggjöfinni að undan förnu; því lagði nefndin tilsk. 11. sept. 1816 til grundvallar; þar var stjórnin þegar búin að veita utanríkisþjóðum verzlunarleyfi á Íslandi, og því þókti að eins þörf að hækka svo leyfisgjaldið, að það ekki yrði til beinnar fyrirstöðu komum þeirra hingað, eins og að undan förnu; nefndinni 1845 fannst sjálfsagt, að binda verzlun utanríkiskaupmanna nokkuð meiri kvöðum, en Dani sjálfa, svo þeir gæti staðið jafnt að verzlun hèr við útlenda, og svo þeir, sem væri hèr búsettir eða hefði verzlað hèr að undan förnu og gjört það að atvinnu sinni, yrði ekki fyrir of miklu tjóni, ef útlendir sækti hèr svo frekt að og gæti boðið landsbúum svo miklu betri kjör, að Danir sjálfir færi halloka.

Mèr getur nú eingan veginn skilizt, að þessi svo hóflega skoðun á málinu og hlíð sú, er gætt var í uppástúngunum við Dani sjálfa, hafi á nokkurn veg getað orðið leyfinu sjálfu eður fljótri afgreiðslu málsins til neinnar verulegrar fyrirstöðu. Alþíngið 1845 ætlaði aldrei, að uppástúngur sínar væri svo fullkomnar, að þær gæti strax orðið bein lög, heldur að hèr væri þó tekin fram hin helztu undirstöðu-atriði málsins, sem mætti leggja til grundvallar að nokkru leyti í lagafrumvarpi um þetta

efni, og hefði nú stjórnin viljað bjóða oss betri kosti, þá mundi alþíng hafa tekið þeim feginsamlega og þakklátlega; og sama er að segja um það, sem herra stiptamtmaðurinn sagði, að betra hefði verið, ef 1845 hefði verið að eins farið fram á þessar uppástúngur til bráðabirgða, en eg ætla, að stjórninni hefði verið innan handar að stínga upp á þessu í frumvarpinu, en ekki hinu, ef það var fremur málinu til fyrirstöðu. Eg ætla því, að eitthvað annað hafi hlotið að valda drættinum, en það, sem herra stiptamtmaðurinn nú ber fyrir.

Því næst vil eg leyfa mèr að svara uokkrum þeim athugasemdum sumum, er herra stiptamtmaðurinn hreifði við einstök atriði málsins.

Eptir því sem hann vakti máls á, og hinir heiðruðu þíngmenn úr Múlasýslunum hafa leidt rök að, skilst mèr það vel, að Berufjarðarkaupstaður sè betur fallinn til uppsiglíngar útlendum mönnum, en Eskifjörður. Flestum oss nefndarmönnum var ókunnugt um það, en eg ætla, að nefndin öll verði fús á að styðja að þeirri breytíngu. En hvað því við víkur, að ekki sè enn lögboðið, að sýslumenn sè búsettir í þessum kaupstöðum eður í grend við þá, þá mun það að vísu vera svo yfir höfuð að tala; en bæði ætla eg, að sýslumenn sè skyldir að sæta þeim breytíngum í embættisstöðu þeirra, sem stjórnin vill ákveða, og því mætti stjórnin ákveða þetta nákvæmar í löggjöfinni um verzlunarfrelsið; svo ætla eg og, að þeir sýslumenn yrði skaðlausir af þessu, fyrir aukatekjur þær, er þeim jykist fyrir uppsiglíngar útlendra kaupmanna.

Stiptamtmaðurinn fann mikil vandkvæði við fjórðu uppástúnguna 1845, en menn sáu þá ekki betur, en að það mætti valda óbærilegum vandkvæðum og erviðleikum fyrir útlenda kaupmenn, ef þeir, hvaðan sem væru, yrðu að sækja leiðarbrèf sín til Danmerkur, og þetta gæti orðið til beinlínis fyrirstöðu, að þeir sæktu hingað, einkum fyrst í stað, og á sama máli varð nefndin að vera enn. En mèr finnst, að þessu mega vel vinda við á þann veg, er stiptamtmaðurinn stakk upp á, nefnilega, að verzlunarfulltrúarnir (Konsúlarnir) í hinum stærri stöðum í hverju landi hefðu undir höndum þess konar leyfisbrèf til útbýtíngar mót lögskipuðu endurgjaldi, ef þetta væri tilhlýðilega auglýst fyrir fram; er til þessa bent að nokkru leyti í 14. grein tilsk. 11. sept. 1816, þar sem gjört er ráð fyrir, að stiptamtmaðurinn á Íslandi hafi slík leiðarbrèf til út-

býtíngar, ef á liggur. Að öðru leyti skil eg ekki, að svo hætt yrði við, að farið yrði í kríng um leiðarbrèf frá verzlunarfulltrúunum, sem stiptamtmaðurinn hèlt; því þó þeir kunni að vera misjafnir menn og óhlutvandir, þá ætla eg samt, að treysta mætti eptirliti embættismanna hèr á landi í þessu, sem öðru.

Athugasemd stiptamtmannins við 6. uppástúnguna fannst mèr síður eiga við; eg held, að einginn geti skilið, þar sem nefndir eru íslenzkir kaupmenn, að þar sè meint til annara, en þeirra, sem verzla og verzlað hafa á Íslandi, en ekki til hinna, sem að eins ráðgera það. Eg ætla, til dæmis, að stiptsyfirvöldin á Íslandi mundu eingum þeim manni veita braud, sem að eins ráðgerði, að hann ætlaði að læra til prestsskapar. Honum fannst 5. uppástúngan vera mjög ísjárverð og gjöra jafnvel örðugra fyrir tollheimtunni; en þess er vel að gæta, að hèr er einúngis farið fram á, að utanríkis lausakaupmönnum sè ekki gjört erviðara fyrir, en lausakaupmönnum úr Danmörku.

En hvað við víkur tíma þeim, sem lausakaupmönnum yfir höfuð ætti að veita til verzlunar og dvalar á hverri höfn, þá ætla eg það næsta ísjárvert að takmarka hann. Kaupmenn þeir, sem koma híngað frá útlöndum, verða, víst fyrst í stað, einúngis sem lausakaupmenn, og þeir munu þá mestmegnis skipta við búsetta kaupmenn hèr. Nú ætla eg það geti orðið bæði hinum innlendu og hinum útlendu að baga, ef leyfið er einskorðað við vissan tíma, til dæmis, að hinir útlendu yrði að fara, áður en fiskur væri til búinn hjá kaupmönnum. En þar sem stiptamtmaðurinn fer fram á, að öðru máli væri að gegna, hvort þeim væri að eins leyft að liggja á höfn, eða jafnframt að verzla, þá verð eg þó að ætla, að hin seinni löggjöf hafi tekið rètta stefnu í þessu; því ef kaupmenn hafa leyfi til að liggja, þá mun ekki vera svo hægt að girða fyrir, að þeir ekki jafnframt verzli.

Stiptamtmaðurinn fèllst að mestu á seinustu uppástúngu nefndarinnar, og get eg þá því síður sèð þau vandkvæði við hana, sem hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga hreifði, nè að þörf sè að svara þeirri ræðu hans. Sú uppástúnga má vera hèraðsmönnum til lèttis og hagsmuna, en hvorki kaupstöðum nè kaupmönnum til baga, og það er skýrlega tekið fram, að ekki eigi að brúka aðra vigt og mælir, heldur en eigi við þá vöru, það er þúngavöru og nauðsynjavöru.

Eg get ekki verið á sama máli og stiptamtmaðurinn við víkjandi Þorlákshöfn; hann hèlt uppástúngan væri óþörf, ef alment verzlunarfrelsi feingist. En þegar þess er gætt, að ekki er löggilt kauptúns stæði í Þorlákshöfn, heldur að eins leyft Reykjavíkur, Eyrarbakka og Vestmanneya kaupmönnum, að flytja þángað vöru, þá ætla eg, að stjórnin muni ekki án frekari beiðni eður uppástúngu löggilda þar kauptún, nè leyfa þar verzlun öðruvísi, en áður var leyft, nema að svo miklu leyti um það verður beðið, eins og nefndin nú hefir gjört.

Stiptamtmaðurinn fann það helzt athugavert við kauptúns stæði við Papafjarðarós, að það mundi draga um of verzlun frá Berufjarðar kaupstað; en mèr getur þó ekki annað fundizt, en það sè fjarstætt, ef þetta yrði til fyrirstöðu bæninni, þar sem Skaptafellssýslu búum er svo brýn nauðsyn á, að fá kauptún nær sèr, sakir erviðleika þeirra, er þeir verða að sæta við kaupstaðaferðir, fremur en flestir aðrir innbúar landsins.

Sveitaverzluninni hefir verið hreift hèr, eins og vonlegt var, og skal eg ekki fara um hana mörgum orðum, eða fleiri en gjört er í nefndarálitinu; eg vil einúngis leyfa mèr, að gjöra þingið vart við, að nefndin hefir tekið það skýlaust fram, að hún álítur sveitaverzlun miður henta hèr á landi, *einúngis að svo komnu.*

Stiptamtmaður: Eg játa að vísu fúslega, að það hafi kunnað að vera fleiri ástæður, en eg nú fram taldi, sem seinkað hafa fyrir verzlunarmálefninu, en eg verð samt að halda, að málefni þessu nú væri þokað betur fram, ef þingið, undir eins og það bað um fullkomna endurbót á verzlunarlögunum, hefði stúngið upp á minni breytíngum til bráðabirgða. Annars sagði eg ekki, að það hefði seinkað málefninu, að þingið bað ekki um nógu mikið, heldur hitt, að stjórnin hefði haft annan skoðunarhátt á málefninu, en þingið, sèr í lagi með tilliti til sambands þess, sem er á milli uppástúngu þingsins undir tölulið 1 og 2 í nefndarálitinu 1845, enda voru öll líkindi til, að stjórnin þyrfti leingri tíma til að ráða málefni þessu til lykta, þegar það þurfti að takast frá rótum. Hvað lausakaupmenn snertir, þá skal eg ei fastlega mæla móti, að það sè nauðsynlegt, að ákveðinn sè sami tími fyrir þá til að verzla og liggja á höfnum, en eg verð að álíta það ógjörlegt, að leingja þennan tíma, einkum þegar utanríkis lausakaupmönnum verður leyft að verzla hèr á landi. Ef verzlun þessi væri að eins bundin við fasta-

kaupmenn hèr á landi, þá virðist 4 vikur nægur tími, en ef þeim ætti að leyfast að verzla við aðra, þá væri, ef til vill, þörf að leingja tíma þenna, en það væri gagnstætt öllum lögum, sem annarstaðar gilda um bjargræðisvegu búsettra kaupmanna. Þíngmaður Eyfirðínga sagði, að það stæði á sama, hvort lausakaupmönnum væri leyft að vera 2 mánuði á sömu höfn, eða sinn mánuðinn á hvorri, og er það að vísu satt í tilliti til lausakaupmanna, en alt öðru máli er að gegna, þegar litið er á föstu verzlunina á hverjum stað.

Framsögumaður: Eg verð að leyfa mèr að benda herra stiptamtmanninum til, að í 5. uppástúngunni 1845 er einúngis farið fram á, að utanríkis lausakaupmönnum sè í eingu gjört örðugra fyrir, að undan teknum tollinum, heldur en þeim, sem eru innan ríkis að.

Stiptamtmaður: Það er 7. grein uppástúngunnar.

Framsögumaður: Nú, var það 7. uppástúngan? þá bið eg forláts.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg ætla ekki að vera lángorður um þetta mál, og ekkert ætla eg mèr að hræra við því margrædda höfuðefni þess; einúngis ætla eg að geta þess, að eg er enn sama sinnis með sveitaverzlunina, sem eg var 1845; um hana hefir mèr ekki horfið hugur síðan. Það breytíngaratkvæði ætla eg samt að upp bera: að þeir frá verzlunarstöðunum, sem flytja farma á þá staði, hvar verzlun ekki enn er leyfð, megi ekki hafa meðferðis minni vigt en 5 £℔ lóð, með tilheyrandi skálum og mundángsreizlu, og ekki minna mælir en tunnumál.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að þetta breytíngaratkvæði er nauðsynlegt; t. a. m. ef brennivín er skoðað eins og nauðsynjavara, verður að takmarka mælir fyrir það.

Guðmundur Brandsson: Hvað við víkur því fimm lýsipundalóði, sem hèr var nýlega talað um, þá leyfi eg mèr að láta í ljósi þá meiníngu mína, að eg ætla það muni verða í stærra lagi, þegar vega á í sundur hamp á milli margra, því eg veit til, að ekki eru nærri allir, sem biðja um svo mikið af honum, að það svaraði jafnvægi þess.

J. Thorstensen: Eg ætla líka að bera upp það breytíngaratkvæði, að Djúpivogur verði kaupstaður í staðinn fyrir Eskifjörð, af því eg veit, að Djúpivogur er sú bezta höfn þar á austurlandi.

Ásgeir Einarsson: Eg vil spyrja þann heiðraða konúngkjörna þíngmann, hvort hann vill ekki um breyta þannig breytíngaratkvæði sínu, að í staðinn fyrir tunnumælir sè sett hálftunnumælir.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg er fús á að takmarka breytíngaratkvæði mitt, í mælikeraldanna tilliti, við hálftunnumál. En því, sem þíngmaður Gullbríngusýslu sagði með hampinn, held eg sè hæfilega svarað með því, að nauðsynin er ekki svo brýn með farmaflutníngínn, ef fleiri geta ekki einazt um að taka 5 lýsip. saman í einu lagi.

Varaforseti: Fyrst enginn framar ræðir málið, verð eg að ætla það fullrædt til undirbúnings, en eg hlýt að gjöra þá athugasemd við hina fyrstu ræðu þíngmannsins frá Gullbríngusýslu, að þegar hann, til sönnunar því, að lítið gagn mundi verða að vöruflutníngum á víkur þær og hafnir í Gullbríngusýslu, er beðið hafði verið um verzunarleyfi fyrir, tók dæmi af Krossvík og Dyrhólaey, þá hefir honum annaðtveggja orðið mismæli, eða hann hefir villzt af vanþekkíngu; því í fyrra sumar verzlaði eitt skip á Krossvík, en annað kom þar til vöruflutníngs, og í sumar hafa 6 skip komið þángað til verzlunar og vöruflutníngs.

Síðan var lesin upp og samþykt allra þegnsamlegust bænarskrá þíngsins um konúnglegt frumvarp til löggjafar, er fyrir skipi lýsíngu og skrásetníngu allra jarða landamerkja á Íslandi, svo látandi:

Til alþíngis hefir komið bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, undirskrifuð af 207 mönnum, og fer hún fram á það, að útvegað verði lagaboð, er með hæfilegri og landsins háttum og þörfum samsvarandi aðferð fyrir skipi, að svo fljótt sem verður, sèu skrásettar landamerkjalýsíngar allra jarða í landinu, og þær lýsíngar annaðhvort ritaðar í þá nýu jarðabók, sem í smíðum er, eptir yðar hátignar mildilegustu ráðstöfun í tilskipun 27. maí 1848, eða á einhvern annan hátt trúlega varðveittar eptirkomendum vorum.

Þetta, landi þessu að þíngsins álíti mjög svo mikilvæga málefni fól það þriggja manna nefnd til íhugunar, og ræddi það síðan svo rækilega, sem faung voru á, á tveimur aðalfundum þess, og af því þíngið er þess fullörugt, að löggjöf um þetta efni verða megi til fullkomins óhultleika fyrir alla fasteign landsins, og til hindrunar alls ágreiníngs framvegis manna

á milli, á hverjum þó svo opt og víða bryddir, og hvar við eykst ósamþykki milli nágranna, sem tíðum brýzt út í lángvinn, kostnaðarsöm og tvísýn málaferli, þá leyfir alþíngið sèr allra þegnsamlegast að bera upp fyrir yðar hátign tillögur sínar um það skipulag þessa málefnis, sem það ætlar hagkvæmast, og eru þær þessar:

1. Að sýslumaður hver í hreppi hverjum með ráði prests og skynsömustu hreppsbænda út nefni og eiðfesti 4 valinkunna menn, hvar af 2 sèu til vara, til þess að skrásetja sèrhverrar jarðar landamerki í hreppnum í þar til gjörða bók, er sýslumaður út vegi og löggildi.
2. Að þessum tilnefndu mönnum veitist sáttanefndarmanna rèttindi, til þess með fullri rèttarverkun að miðla málum milli hlutaðeigenda, þar sem þess er kostur, og ágreiningur mætti á vera um landamerki.
3. Að afloknum landamerkjalýsíngum í hreppi hverjum ætti frumlýsíngabók hrepps hvers að sendast sýslumanni, sem riti hana í höfuðmáldagabók sýslunnar, af honum löggilta, og hafi fyrir starf sitt þau laun, er aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 7. gr. ákveður fyrir skrásetníngar. Bók sú geymist við skjalasafn sýslunnar um aldur og æfi, en frumlýsíngabækurnar sendir hann aptur í hrepp hvern, til þess þar að varðveitast með áteiknun sinni um þá skeðu skrásetníngu.
4. Þar sem þræta mætti á vera um landamerki einhverrar jarðar, sem útkljást þarf með dómi, láti sýslumaður eyðu *opna* í máldagabók sýslunnar, svo hann eptir feingnum skilríkjum geti þar í ritað seinna, það sem endilegur dómur dæmir.
5. Landamerkjalýsíngarnar byrji ekki, fyrr en 3 ár eru liðin, frá því hèr að lútandi lagaboð er gefið, og á þeim fresti sè það sèrhvers jarðeiganda skylda, á eigin kostnað að út vega öll þau skilríki fyrir landamerkjum jarðar sinnar, er kostur er á, utan lands eða innan. Það hefir einnig komið til umræðu á þínginu, en þó ekki til atkvæðagreiðslu, að þeim landamerkjaskjölum, er síðan mættu fram berast að loknum lýsíngum, verði einginn gaumur gefinn.
6. Að sýslumenn lýsi því yfir á manntalsþíngi hvers hrepps, nær lýsíngar landamerkja eigi þar að byrja, og að þeir

jarðeigendur, sem ekki mæta, eða láta löglegan fulltrúa mæta fyrir sína hönd, sèu álitnir að hafa samsynt þeim landamerkjum, er við nábúa jarðir þeirra verða til greind.

7. Að það gjörist að skyldu þeim, sem byggja jarðir með brèflegum skilmálum, að láta tilsögn landamerkja fylgja byggingarbrèfum.
8. Að þeir í 1. grein nefndu landamerkjalýsingarmenn fái 1 rbd. 32 sk. daglega í fæðiskaup og ferðalaun, meðan þeir eru við lýsingarnar; þessi kostnaður greiðist lýsingarmönnum af hlutaðeigandi sýslumanni, sem jafni kostnaði öllum niður á hundraðatal hrepps hvers, innkrefji það niðurjafnaða hjá ábúendum jarðanna, sem aptur fái endurgjald hjá landsdrottni sínum í jarðargjöldunum.
9. Að erindisbrèf verði samið af stjórn landsins fyrir lýsingarmennina, er nákvæmlega til greini skyldur þeirra í framkvæmd þessa starfs síns.

Þessar greinir eru þannig samþyktar af þinginu:

1. gr., með 19 atkvæðum gegn 3.
2. gr., með 12 atkvæðum gegn 10.
3. gr., hvað borgun til sýslumanna snertir, með 17 atkvæðum gegn 5; hitt annað innihald greinarinnar ómótmælt.
4. gr. er ómótmælt.
5. gr., um 3 ára frestinn, í einu hljóði; hitt, að því leyti atkvæði hafa um það greidd verið, með 20 atkvæðum gegn 2.
6. gr., með 13 atkvæðum gegn 9.
7. gr., með 17 atkvæðum gegn 5.
8. gr., hvað upphæð borgunarinnar snertir, ómótmælt; hitt annað í greininni, með 19 atkvæðum gegn 3.
9. gr. ómótmælt.

Alþingið felur yðar hátignar vísdómi framan skrifaðar greinir til allra mildastrar nákvæmari skoðunar, og leyfir sèr þegnsamlegast að beiðast þess:

Að frumvarp til löggjafar um þetta efni verði að yðar hátignar tilhlutun samið og lagt fyrir hið næsta alþingi, til enn nákvæmar að ræðast að nýu.

Varaforseti kvað bezt að slíta fundi, og ákvarðaði fund aptur hálfri stundu fyrir miðaptan í dag.

26. júlí — tuttugasti og þriðji fundur.

Varaforseti lagði fram til ályktunarumræðu málefnið um takmörk vesturamtsins og sameiningu Mýra og Borgarfjarðarsýslna, m. m.

Framsögum. Þ. Sivertsen: Móti nefndaruppástúngunni í málefni þessu eru ekki fram komin þau mótmæli, sem eg get ætlað að gefi tilefni til mikilla umræðna, og býst eg því við þær verði ekki lángar. Einn hinna heiðruðu þíngmanna hefir að sönnu borið upp breytíngaratkvæði á þá leið, að 2 eða 3 bæir, sem nú til heyra Mýrasýslu, mættu leggjast til Borgarfjarðarsýslu, en nefndin hefir ekki getað aðhyllzt það, því henni sýnist það vera nokkuð frá brugðið, að þíngið fari að biðja slíks, án þess nokkur ósk eða hvöt þar til sé til þíngsins komin; einn þíngmanna hefir líka látið í ljósi sama álit og nefndin hefir, að það væri ísjárvert fyrir þíngið, að kasta nú frá sèr þeim rètti, þó í litlu sé, hvað þetta snertir, er stjórnin sjálf virðist að hafa viðurkent að þíngið ætti, þeim nefnil., að mega segja álit sitt, áður takmarka umbreytíng eða sameiníng sýslna fram fer. En þíngmanna atkvæði ráða úrslitunum, og skal eg nú ekki fara um það fleiri orðum.

Kr. Kristjánsson: Eg vil einúngis geta þess, að hvað 3. uppástúngu í nefndarálitinu við víkur, þá er konúngsfulltrúinn, sem er amtmaður í vesturamtinu, að vísu enn þá ókominn, sem og þíngmenn vita, en eg get þó ei verið mótmæltur því, að þíngið greiði atkvæði sitt um þetta atriði, og það því síður, sem eg þykist viss um, að stjórnin ráði því ekki til lykta, áður en hún er búin að ritast á um það við hann. Að því leyti hinn heiðraði framsögumaður fór þeim orðum, að honum þækti ekki tilhlýðilegt að biðja um, að 2 bæir frá Mýrasýslu legðust til Borgarfjarðarsýslu, þá held eg þetta misskilníng. Það er í breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Húnavatnssýslu ekki farið fram á, að þíngið skuli biðja um breytíngu þessa, heldur að álit þíngsins til konúngs sé smábreytíngu þessari ekki til fyrirstöðu, ef stjórnin álítur hana þarfa.

Þ. Sivertsen: Mèr getur þó ekki betur skilizt, en nógur sé tíminn til þessarar breytíngar, þegar búið er fullkomlega að sýna fram á það, að nauðsyn krefji þess; en eg ætla, að þíngið sé þar um í eingri fullkominni vissu, í hið minnsta þykist

nefndin ekki vera það, enn sem komið er, að brýna nauðsyn til beri, eða nokkur beiðni eða hvöt um það hafi komið til þingsins.

Kr. Kristjánsson: Hinum heiðraða framsögumanni er kunnugt, hvernig þetta breytíngaratkvæði er orðið til, því í nefndarálitinu stóðu þau gagnyrði, að vesturumdæmið skyldi halda sínum fornu takmörkum óbreyttum, og hinar um ræddu sýslur „aldrei" verða sameinaðar. Það er líka kunnugt, að hinar um ræddu jarðir heyra, eptir afstöðu sinni, betur undir Borgarfjarðarsýslu, en Mýrasýslu, en umtalsefnið er hèr ekki annað, en að þingsins álit sè því ekki til fyrirstöðu, að þessu sè breytt, ef þurfa þykir.

Framsögumaður: Það hefir ekki verið nefndarinnar meining að tálma því, að bæir þessir legðust til Borgarfjarðarsýslu, ef til þess væri nauðsyn, en eg ætla nefndin hafi eingan rètt haft til að taka fram fyrir hendur þíngmanna og rèttra hlutaðeigenda, og segja nú, að svo væri.

Nú ræddi einginn málið framar; kvað varaforseti það því fullrædt, og leitaði atkvæða þingsins um þessi atriði:

1. Vill þíngið, að vesturamtið haldi takmörkum sínum óbreyttum (nefndin)?

   Samþykt með 20 atkvæðum gegn 2.

   hvar með breytíngaratkvæði þíngmanns Húnvetníngа álízt fallið.

2. Vill þíngið, að Mýra og Hnappadalssýsla sè undir einum sýslumanni, og Borgarfjarðarsýsla undir öðrum, og verði ekki sameinaðar (nefndin)?

   Samþykt í einu hljóði.

3. Vill þíngið, að amtmaður vesturamtsins búi í eða nálægt Stykkishólmi (nefndin)?

   Samþykt með 16 atkvæðum gegn 6.

Síðan tók varaforseti fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu málefnið um brúkun íslenzkrar túngu.

H. G. Thordersen, framsögumaður: Málefni þetta er þá komið til mín aptur, og á nú að ræðast til lykta, og verður mèr þá fyrst að líta á listann yfir atkvæðagreiðsluna; sè eg þar, að þíngmaður Strandasýslu hefir gjört að breytíngaratkvæði, það er stóð í niðurlagi bænarskrár Borgfirðínga. Leyfi eg mèr í því tilliti að geta þess, að nefndin hafði þann ásetníng, að fara svo lángt, sem hún gat álitið tiltækilegt eptir tím-

um og kringumstæðum, en þó svo, að von gæti verið um, að því yrði framgeingt, sem farið væri fram á; þess vegna batt hún bæn sína við það, er hún varð að álíta sanngjarnt, til þess hún gæti verið því vissari um bænheyrslu. En svo mikilvægt og dýrmætt virðist henni þetta málefni, að hún vildi ekki spilla fyrir því með að biðja stjórnina um það, sem henni að svo stöddu kynni vera ómögulegt að bænheyra. Með að sneiða hjá því, er þannig gæti verið til baga, vonaði nefndin, að málið mundi fá góðan róm og greidt yrði fyrir því til betri úrlausnar eptirleiðis, þegar greiddist eða rýmkaðist um tilhögun stjórnarinnar. Af þessum rökum gat hún ei geingið inn á bæn Borgfirðinga. En það var þó ekki einúngis þetta, er aptraði nefndinni frá að aðhyllast breytíngaratkvæði þetta, heldur og, að eins og það er stílað, gat hún ekki fundið takmörkin, eður látið sèr verða ljóst, hvar staðar skyldi nema í brúkun íslenzkrar túngu.

Breytíngaratkvæði þíngmanns Skaptfellínga er að sönnu að orðunum til stílað nokkuð öðruvísi, en nefndarinnar, en ekki sè eg betur, en það sè á sömu stefnunni, og leiði eg því hjá mèr, að fara um það fleiri orðum.

Ásgeir Einarsson: Það var einmitt það, er framsögumaður fann helzt að breytíngaratkvæði mínu, sem mèr þókti mest að nefndarálitinu, nefnil. að það væri svo ótakmarkað; þegar þó embættismönnum innan lands stundum á að vera leyft að rita á dönsku, veit eg ekki, hver getur haldið vörð á því, að þeir taki sèr þetta leyfi optar, en nauðsyn krefur; því þegar lögfræðíngarnir íslenzku hafa lýst því yfir, að það hafi ekki verið lagaskylda fyrir íslenzka embættismenn að undan förnu, að skrifast á á dönsku sín á milli eða til alþýðu, þá veit eg ekki, nema sæki í sama horfið hèr eptir, sem híngað til, og þeir finna opt nauðsyn til þessa, þegar takmörkunin ekki er fastar ákveðin, en nefndarálitið hefir gjört; en þó framsögumanni þyki breytíngaratkvæði mitt of yfirgripsmikið, hefir það þó vissa takmörkun, og það er sú takmörkun, að íslenzk túnga nái yfir alla stjórn, þá er beinlínis snertir Ísland; en í meiníngu minni lá þó eingin straung ákvörðun um það, að t. a. m. landlæknirinn ekki mætti skrifast á við heilbrigðisráðið í Kaupmannahöfn á danska túngu, eða stjórnendur Íslands, þeir er í Danmörku væru, mættu aldrei á sinni túngu leita álits annara embættismanna danskra um þau mál, er eitthvað kynnu

að snerta stjórn Íslands, og því breytti eg nokkrum orðatiltækjum í uppástúngu bænarskráarinnar frá Borgarfirði, eins og eg áður gjörði ráð fyrir. Það lítur svo út, sem sú hugmynd vaki fyrir þeim, sem ekki vilja aðhyllast breytíngaratkvæði mitt, að af því það sè svo yfirgripsmikið, muni eingin bænheyrslu von frá stjórninni, ef eptir því yrði samin bænarskrá, og því vilji þeir ekki nè þori að biðja um það nú, sem nauðsynlegt verður síðar meir, ef við fáum jafnrètti með Dönum í stjórnarskipun landsins, t. a. m. stjórnarherra, sem eins ætti að ábyrgjast stjórnarathafnir sínar við Íslendínga, eins og hinir dönsku stjórnarherrar við Dani; en það er auðsèð, að ef svo lángt kæmist, þyrfti stjórnarherra þessi að kunna íslenzku, svo alt á milli hans og Íslands gæti farið fram á vorri túngu. Þegar beðið var um, að konúngur auglýsti frumvörp stjórnarinnar fyrir fram, vildu menn heldur aðhyllast þá uppástúnguna, er skemra fór, og þókti það jafnvel ókurteysi, að biðja konúnginn um það, er hann ekki ætið mundi eiga hægt með að veita; en þrátt fyrir alla þessa kurteysi veit eg ekki til, að þessi bæn sè veitt enn. Fallist þíngið nú ekki á breytíngaratkvæði mitt, get eg ekki ætlað, að það vilji eða þori að biðja konúng um undirskript hans undir íslenzk lagaboð, einkum fyrst þessari bæn einu sinni hefir verið neitað. En hvað græða menn á þessu þorleysi, sem einúngis sýnir, annaðhvort að menn hafa ekki ljósa þekkíngu um nauðsyn þess, er maður biður um, eða hafa vantraust á stjórninni og þora ekki, að fela henni bænheyrsluna?

Þó beðið sè nú um það, sem breytíngaratkvæði mitt til tekur, verður eins veitt fyrir það, það sem nefndarálitið biður um, eða breytíngaratkvæði þíngmanns Skaptfellínga, því báðar þær uppástúngur eru fólgnar í breytíngaratkvæði mínu. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál; að eins verð eg að minnast á það, að mèr sýnist breytíngaratkvæði þíngmanns Skaptfellínga ekki hafa nógu glögg takmörk, þegar hann vill, að einúngis íslenzk túnga sè hèðan af við höfð í öllum embættisgjörðum og embættisbrèfum á Íslandi. Eg kalla það nú embættisbrèf á Íslandi, sem skrifuð eru á Íslandi, þó þau eigi að fara til Danmerkur. Eg veit nú ekki, hvernig ætti að gjöra dönskum stjórnarherra það að skyldu, að taka á móti þessum íslenzku brèfum, án þess honum væri gjört það að skyldu að svara þeim aptur á íslenzku; því opt getur svo borið við, að

þau fari beinlínis til bænda, eins og brèfið frá dómsmálastjórnaranum í vetur. Þetta breytíngaratkvæði er því á sömu stefnu og mitt, en vantar þá ákvörðun, að stjórnin skrifi á íslenzku til Íslendínga.

Eg þykist fullviss um, að meiri hluti þíngsins muni ekki fallast á nefndarálitið, og sè þá ekki, hvers vegna þíngið ekki getur aðhyllzt breytíngaratkvæði mitt, þó það sè yfirgripsmeira, en hitt breytíngaratkvæðið, þegar það annars er skilmerkilegra, og með glöggvari takmörkum.

Th. Gudmundsen: Þegar mál þetta í gær var rædt til undirbúníngs, stóð eg upp og mælti fáein orð með breytíngaratkvæði því, er hinn virðulegi þíngmaður Skaptfellínga hafði áskilið sèr í því. En nú þegar eg lít á atkvæðagreiðslu listann, fellur mèr þetta breytíngaratkvæði ekki eins vel í geð, og þegar hann fram bar það, eptir því sem eg þá tók eptir, og enda liggur við, að eg ypti öxlum við því, eins og það nú er orðað; mèr þykir nefnilega, að það sè ofaukið þessum orðum: „í öllum *embættisgjörðum*“, því óumflýanlegt er að við hafa danska túngu í sumum embættisgjörðum hèr á landi, einkanlega í rèttargángi, helzt þó í sakamálum sumum og í þíngvitnatöku, við víkjandi kaupskipum, þegar þeim berst á, því optast nær stendur þá svo á, að farmenn eru Danir og skilja ei íslenzka túngu, líka ber þetta að í öðrum rèttargángsmálum. Tilskipunin frá 11. júlí 1800 leyfir í 16. grein, að við hafa hina dönsku túngu í dómsmálum þeim, er hinn konúnglegi landsyfirrèttur meðhöndlar, þegar báðir málspartar eru annaðhvort Danir eða Norvegsmenn, og við geingst það stund um við undirdómstólana í líkíngu fyrr tèðrar tilskipunar, að málspartarnir, þótt annar þeirra sè danskur, en hinn Íslendíngur, koma sèr saman um, að málið sè flutt á danska túngu. Þetta hefir einu sinni skeð í Gullbríngusýslu í embættistíð minni, og hèlt eg, að eg ekki gæti fyrirmunað málspörtunum að við hafa danska túngu í máli þessu, þar eð þeir urðu báðir á það sáttir. En ef nú breytíngaratkvæði hins fyrr tèða virðulega þíngmanns verður aðhyllzt af þínginu og gjört að lögum, eins og það nú liggur fyrir, þá er auðsjáanlega loku fyrir skotið brúkun danskrar túngu í rèttargángsmálum hèr á landi; en eg gjöri mèr í hugarlund, að þetta hafi þó ekki verið ætlan hins virðulega þíngmanns, og því skora eg á hann um, að skýra

hetur orð sín og að aptur kalla úr breytíngaratkvæði því, er hann bar upp, þessi orð: „í öllum *embættisgjörðum*“.

Jón Guðmundsson: Þetta var sjálfsagt líka meiníng mín; þegar alútlendir menn einir ætti í hlut, eins og hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður nú tók dæmi af, þá liggur það svo beint við, að eins verður að hafa við mál það, er þeir skilja, fyrir rètti, eins og þegar við þá er mælt á annan veg, og eitthvað verður að gjöra þeim skiljanlegt; breytíngaratkvæði mitt fer því eingan veginn fram á, að hafa við íslenzku á rèttargjörðunum, þegar svona stendur á, heldur á hitt, að ekki sè verið að sperrast svona við dönskuna að óþarfa, t. a. m. þegar annaðhvort báðir, sem hlut eiga að máli, skilja vel íslenzku, þó þeir *kunni* dönsku, eða þá að eins öðrum þeirra sè svo varið, ef hinn er íslenzkur, eins og þó mörg dæmi hafa verið til, til að mynda þegar danska hefir verið við höfð við málspróf, af því sækjandi var útlendur, þó hann hafi sagt, að hann skildi eins vel íslenzku, og að sèr væri eingi þægð í dönskunni. Eg ætla ei hægt, eins og nú stendur á, að gjöra alla stjórnina alíslenzka, og hvorki farandi fram á það, nè vert að fara fram á það að svo komnu, en hitt held eg sè rètt að fara fram á, að íslenzka ein sè við höfð hèr á landi, og það verð eg að ætla að sè ekki ofætlun neinum manni.

Haldór Jónsson: Mèr var ekki öldúngis ljóst, hver að væri meiníngin í breytíngaratkvæði þíngmannsins fyrir Skaptafellssýslu, þángað til hann nú sjálfur skýrði það á þá leið, að embættisbrèf þau, sem beinlínis geingi hèðan til stjórnarinnar, ættu að vera undan þegin því lögmáli, að vera skrifuð á íslenzku; en þegar þessi skilníngur er lagður í breytíngaratkvæðið, er það, að mèr virðist, sömu meiníngar, sem uppástúnga nefndarinnar, því þær undantekníngar, sem hún gjörir, tekur hún greinilega fram. Það eina, sem til stjórnarinnar geingur, vill nefndin yfir höfuð að skrifast megi á dönsku, og hèlt, að þegar einhver embættismaður gefur öðrum embættismanni álit sitt á einhverju málefni, og þetta álit á að gánga til stjórnarinnar, þá ætti þetta, eins og brèfið sjálft frá embættismanninum, að mega skrifast á dönsku. Þíngmaður Strandasýslu heyrist mèr byggja breytíngaratkvæði sitt á *ímyndun* um því samboðna stjórnartilhögun hjá oss; en eg veit nú ekki, hvort allir eru búnir að festa hjá sèr einhverja ímyndun um stjórnarskipun Íslands, og enn síður er eg viss um,

hvort ímyndunin er eins hjá öllum; og að minnsta kosti er sú nýa stjórnarskipun enn ekki á komin; held eg því einga skynsamlega ástæðu til, að fallast á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, sem byggir á óvissum og óorðnum hlutum. Eg get þannig hvorugt breytíngaratkvæðið tekið fram yfir nefndarinnar uppástúngu.

Varaforseti: Af því eg ætla nú að því komið, að þíngmenn ðykist hafa fullrædt mál þetta, vilda eg fara að lyktum um það fáeinum orðum, þó ekki þækti eg, ef til vill, gjöra vel að byrja því nær umræðurnar um það í gær.

Eg ætla enn, eins og eg í gær mun hafa drepið á, að mál þetta sè oss Íslendíngum nákomnast af öllum málum, sem nokkurn tíma hafa á þíngi rædd verið eða rædd verða. Þessi er sá eigindómurinn, sem vèr leingst höfum átt og með helgustum rètti, og sem vèr seinast munum missa. Það er búið að skýra ítarlega nefndarálitið og breytíngaratkvæðin, svo eg þarf ei um þau neinum orðum að fara. Eg vildi að eins, að menn gæfu gætur því lagaboði, sem nú er gildandi, og miðuðu dóma sína í málefni þessu eptir því. Það var danskur maður í allar ættir, er óbeðinn gaf oss þetta lagaboð, og í hverju skyni mun hann hafa gefið oss það? Svo að vèr hefðum not móðurmáls vors í allri stjórnarathöfn hèr innan lands. Nefndin fer nú lángt um skemra, en konúngur fór 1844; hún vill, að hinir lægri embættismenn brúki íslenzka túngu, og hinir æðri að eins þá, er þeir skipta máli við almúgamenn í landinu, rètt og *í reglunni,* sem eg ætla þýða muni *optast,* skrifist á á íslenzku við aðra embættismenn, en eigi þó rètt á, að rita á danska túngu, einkum ef málefni það, sem þeir rita um, kynni þurfa sendast til Danmerkur. Allir sjá nú, hve miklu skemra nefndin fer, en konúngur hefir til ætlazt, er því að eins gjörði öllum embættismönnum hèr innan lands það að skyldu, að hafa numið túngu vora, að hann hefir viljað, að vèr hefðum hennar sem frjálsust og bezt not.

En eins og mèr þykir nefndin í þessu máli hafa farið of skamt, svo þykir nefndinni breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Strandasýslu fara of lángt; en eg vil spyrja þíngmenn, hver skaði það muni vera, að beiðast þess, er maður á rètt á, þó menn sæu, að það feingist ekki á næsta ári. Eg ætla það fullkomna skyldu, að mælast til, að fá að njóta rèttar síns, þó ekki getum við feingið hann strax.

Ef að embættismenn innan lands eru skyldir til, að hafa numið íslenzka túngu, og því mun nú einginn neita, þá skil eg ekki, að sá, er erlendis vill komast til embætta þeirra, er beinlínis snerta stjórn Íslands, hafi ekki sömu skuldbindínguna. Það sjá menn, að sú meiri mentunin, er slíkir menn hafa ættu, fær þó ekki hindrað þá frá þessu; og það, að þeir standa hærra í röð embættismannanna og eru betur launaðir, fær þó ekki fríað þá frá þeirri kröfu, er lögmálið hefir til hinna lægri embættismannanna. Þar er og ein hjálp, að nú mun hægra, en áður var, að læra erlendis íslenzka túngu. Einn af þíngmönnum gat á það í gær, að mál þetta mundi ekki til lykta leidt, fyr en breytíng væri komin á stjórnarhögun landsins, og að það mundi ósk þjóðarinnar, að standa heldur undir einum ráðherra, sem kunnugur væri, en 5 eða 6, að öllu ókunnum Íslands háttum. Þá er og óskin einfaldari, að einn læri túngu landsins, en allir ráðherrar Danakonúngs. Eg ætla því hættulaust hverjum Íslendíngi, að bera fram bæn sína, eins og breytíngaratkvæðið stíngur upp á, nefnilega, að brúkun íslenzkrar túngu verði við höfð í öllum þeim málefnum, sem beinlínis áhræra Ísland, og að einginn verði til ráðherra kallaður eða embættismanns Íslands, nema hann sannað hafi, að hann hafi numið túngu landsins til hlítar, það er að segja, að hann bæði geti ritað á túngu vora, sèð, hvort rètt væri á hana ritað, og rædt hana. Eg ætla eingan Íslendíng þurfa blygðast við, að biðja um, að sá einn, er þetta gæti, verði kallaður til stjórnar afskipta landsins. Það er auðvitað, að stjórnin heyrir ekki meira, en hún getur, og þó ekki geti hún bænheyrt, ættum vèr að finna oss skylt, að láta hana heyra þarfir vorar.

Þíngmenn ráða nú atkvæðagreiðslu sinni í máli þessu, en þjóðin sèr á eptir af atkvæðagreiðslunni, hvort mönnum hèr á þíngi hefir verið þetta alhugamál, ellegar menn hafa rædt hèr þetta þjóðarinnar nauðsynjamál að eins til gamans.

J. Thorstensen: Eg verð að biðja þíngið að leyfa mèr að bera fram eina athugasemd, og það er sú, „að skyldi breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Skaptafellssýslu fá framgáng, eða flest atkvæði, þess þá verði getið eptir umræðum þíngsins, að þar frá skiljist framandi menn, er ekkert skilja í íslenzku“, eins og ómögulegt er að koma við íslenzku máli við slíka menn.

Framsögumaður: Eg ætla ekki að fara um þetta mál-

efni mörgum orðum, fremur en komið er. Mèr getur ekki skilizt betur, en að þjóðin öðlist það, sem hún í þessu efni þarfnast, þegar hún má vera viss um, að eingi mál, sem snerta hana og til hennar koma, verði rituð á annari túngu, en hennar móðurmáli. Þetta er líka nauðsynlegt, sanngjarnt og rèttvíst, og þessu hefir nefndin fram fylgt, en ekki gátum vèr litið svo á þetta, sem það mundi styrkja þessa bæn, að fara fram á það, sem stjórnin að svo komnu ekki gæti veitt.

Eg veit ekki greinlega, hverja hugmynd um væntanlegan stjórnarhag landsins þeir heiðruðu menn hafa, sem með breytíngaratkvæðinu hafa mælt; þeir töluðu, að því sem eg tók eptir, um *einn* stjórnarherra, en eg veit ei, hver einn maður ætti að geta haft ábyrgð á öllum málefnum Íslands, nema hann væri sem nokkurs konar kóngur, og hefi eg drepið á eitthvað áður, sem lýtur að þessu, og ítreka það því ekki aptur. Ekki held eg þjóðin hafi neitt tilefni til brígzla á þíngið, ef það gæti feingizt, sem nefndin æskir eptir; því ei veitir mèr hægt að sjá, hvort tilefni til umkvörtunar það getur gefið, þó embættisbrèf þau, sem beinlínis sendast út til Danmerkur, séu á öðru máli, þegar það ekkert spillir málefnunum sjálfum, en það má ske öllu fremur getur verið þeim til bóta.

Þó von sè nýrrar stjórnarlögunar, getur mèr ei skilizt, að það mundi flýta fyrir henni, að svo umfángsmikil bænarskrá væri geingin á undan. Sú nýa stjórnartilhögun verður fyrst að komast á, og þá geta menn fyrst sèð, hvað lángt verður komizt í brúkun málsins. Það er mín trú, að menn verði að taka tíðina, eins og hún er gefin, en varast að taka undir sig þau stökk, sem menn ei vita hvert leiða. Eins og hver af oss hefir sína sannfæríngu, svo hefi eg mína, og hefi þannig látið hana í ljósi, eins og eg veit rèttast.

Steffán Jónsson: Það mun varla þurfa að ætla, að bændur gjöri sèr miklar hugmyndir um stjórnartilhögun; það er hinum ætlandi, sem ofar standa, en ætla má bændum að segja vilja sinn um móðurmál sitt. Þó nú væri beðið um meira, en í bráð sýnist brýn nauðsyn til, þá mun það hættulaust, og betra er það, en ásaka sig síðan um, að of lítils hafi verið beiðzt, og ei mun þurfa að óttast fyrir, að meira verði veitt, en mögulegt sè að upp fylla.

Þar einginn ræddi málið framar, kvað varaforseti það fullrædt, og leitaði síðan atkvæða þíngsins um þessi atriði:

1. Vill þíngið aðhyllast nefndarálitið breytt eða óbreytt?

Síðara felt með 18. atkv. gegn 4.

2. Vill þingið, að brúkun danskrar túngu verði með öllu af tekin í embættisstörfum þeim, sem beinlínis áhræra íslenzk stjórnarmálefni, bæði hèr innan lands og erlendis, og að þeir einir verði kallaðir til að vera stjórnarherrar og embættismenn Íslands, sem sannað hafi, að þeir kunni íslenzku til hlítar (Ásgeir)?

Felt með 12 atkv. gegn 10.

3. Vill þingið, að einúngis íslenzk túnga sè hèðan af við höfð í öllum embættisgjörðum og embættisbrèfum á Íslandi (Jón Guðmundsson)?

Samþykt með 18 atk. gegn 4.

Þinginu slitið. Fundur ákveðinn að morgni um 10. stundu fyrir miðjan dag.

---

27. júlí — tuttugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá tveimur síðustu fundum upp lesin og samþykt.

Varaforseti tók fram til undirbúnings umræðu málefnið um undirskript konúngs á íslenzkum texta þeirra lagaboða, sem gilda eiga á Íslandi, og afhenti álitsskjal nefndarinnar framsögumanni, Jóni Guðmundssyni, er las það upp svo hljóðandi:

Alþingi hefir kosið oss í nefnd til að segja álit vort um þá uppástúngu, er einn vor, Jón Guðmundsson, bar upp fyrir þingið, um að hèðan sè send *ítrekunar bænarskrá* um:

að hinn íslenzki texti þeirra lagaboða, sem gildi verður gefið á Íslandi, verði upp frá þessu staðfestur með undirskript hans hátignar, konúngsins, og hlutaðeigandi ráðgjafa, eins og vanalegt er á frumrituðum lagaboðum.

Eptir uppástúngu eins þingmanna 1847 var þá nefnd sett á alþingi til að yfir vega þetta mál, var það síðan rædt á þinginu svo einhuga, eins og málefnið átti skilið, og samþykt með 22 atkvæðum gegn 1, að semja skyldi um það þegnsamlega bænarskrá til konúngs; hún er dagsett 2. dag ágústm. 1847, og má lesa hana í þess árs þingtíðindum bls. 666—668, en uppástúnguna og umræðurnar hvorutveggju bls. 107—113, 455—467 og 485—497. Nú er því lýst yfir í þessari uppástúngu, er vèr höfum til meðferðar, að stjórnin hafi greidt

beint afsvar þessari bæn alþingis í auglýsingu þeirri til þessa alþingis, er tjáir frá úrgreiðslu alþingis málefnanna 1847. Að vísu er sú auglýsing enn ókomin til þessa alþingis, en vèr höfum því síður ástæðu til að bera brigður á það, sem í uppástúngunni segir um afsvarið, sem stiptamtmaðurinn, er hèr er á þíngi til að greiða svör í umboði stjórnarinnar, bar eingan efa nè tvímæli á þessa sögu uppástúngumanns, og fremur styrkti hana, en reingði, og hyggur því nefndin, að henni byrji að álíta afsvar stjórnarinnar vafalaust, og kveða upp álit sitt í þá stefnu.

Vèr ætlum ekki að þessu sinni nákvæmlega að taka fram neinar þær ástæður, er uppástúngumaðurinn og þíngið 1847 studdust við, þær hljóta að vera þingmönnum flestum í fersku minni, og stjórnin hefir þær allar hjá sèr í skjölum málsins frá því í hitt eð fyrra. En því mikilvægari og augljósari sem þessar ástæður eru, því skýrlegar sem þær voru þá teknar fram á alþíngi 1847, því fremur verður nefndin að vera föst á því, að alþíngi beri nú ekki að leiða þegjandi hjá sèr afsvarið stjórnarinnar. Þá voru leidd að því ljós, rök og óhrakin, að konúngar hafa fyrri staðfest íslenzk lagaboð með undirskript sinni, að hins sama hefir leingi og stöðuglega verið gætt í hertogadæmunum; þá voru sýnd þess mörg dæmi, hve ónákvæm og ónóg væri útlegging sú á lagaboðum enna seinni tíma, sem fylgt hefir hinum danska texta lagaboðanna, sem hèr hafa náð gildi, en hann einn hefir verið undirskrifaður af konúngi, og ef ágreiníngur hefði orðið á meiníngunni í útleggíngunni og á textanum, væri danskan látin gilda, þar hún væri að eins staðfest með undirskript konúngs.

Þó nú hin síðustu árin kunni að vera vandaðra mál á útleggíngum lagaboðanna, þá eru þó fleiri en eitt dæmi þess, að hún er mismunandi við danska textann, og ekki sem nákvæmust að meiníngunni til, en þá eru en sömu vandkvæðin og fyrri, að danskan er látin gilda, yfir höfuð að tala. En eins og ekkert getur verið fremur áríðandi fyrir neina þjóð, en að hún hafi traust lög og skiljanleg, ef hún á að meta þau eins helg, og hlýðnast þeim svo algjörlega, sem vera ber, eins víst er og hitt, að aldrei geta lög hèr á landi náð fullri helgi nè þeirri virðíngu og hlýðni af hendi landsmanna, sem nauðsynleg er, fyrri en þau eru gefin út á íslenzku og staðfest með undir-

skript konúngsins sjálfs og ráðgjafans, þess er málið liggur undir.

Nefndin verður að ætla vafalaust, að stjórnin geti ekki, sízt með tilliti til hinnar þjóðlegu breytíngar, sem nú er orðin á stjórnarlöguninni í Danmörku, litið á mál þetta öðruvísi, en vèr nú látum í ljósi; hún hlýtur þó að játa, að ekki má til þess ætlast af íslenzkri alþýðu, að hún skilji dönsk lög, eða að hún virði þau lög og hlýðnist þeim, sem hún skilur ekki; vèr ætlum, að einhverjar sèrstaklegar og óskiljanlegar kríngumstæður hafi ollað afsvarinu, og vèr hikum því ekki við að leggja það til, að þetta heiðraða þíng semji þegnsamlega ítrekunar-bænskrá um:

að hinn íslenzki texti á þeim lagaboðum, sem gildi verður gefið á Íslandi, verði upp frá þessu staðfestur með undirskript hans hátignar, konúngsins, og þess ráðherrans, sem málið á undir.

Reykjavík, 25. dag júlímánaðar 1849.

J. Guðmundsson. Þ. Sveinbjörnsson. J. Johnsen.

Framsögumaður, Jón Guðmundsson: Nefndinni þókti ekki þörf að skýra þetta mál ítarlegar, eða fara um það fleiri orðum í álitsskjalinu, þar sem allar enar helztu ástæður eru áður svo ítarlega teknar fram við meðferð málsins 1847.

Þar sem nefndin hefir bent til, að í hinum seinustu lagaboðum megi enn finna frábrugðnar meiníngar í útleggíngunni við það, sem stendur í danska textanum, þá var einkum meint til enna tveggja opnu brèfa 6. og 18. júlí 1848. Í hinu fyrra er í 2. grein, þar sem verið er að ákveða, frá hverjum tíma hin nýa ákvörðun um 10 ára tímann eigi að byrja, í danska textanum *1848,* en í þýðíngunni *1849.* Í hinu lagaboðinu er það augljóst af danska textanum, að jafna ætti alþíngiskostnaðinum á kirkjueignir bænda, eins og á aðrar eignir þeirra; íslenzka þýðíngin fer um þetta svo mörgum orðum og óskilmerkilegum, að von var, þó bændur og íslenzkir menn tæki það svo, sem bændakirkju eignir væri undan þegnar gjaldinu. Einn enna heiðruðu valdstjórnarmanna sagði í gær, „*að hann hefði farið í dönskuna,*“ til þess að fá rèttan skilníng á þessu, og eg ætla, að hann hafi gjört rètt, fyrst danskan ein var staðfest með undirskript konúngs; en eg ætla líka, að íslenzk alþýða hafi gjört rètt, að fara eptir þýðíngunni, en ekki dönsk-

anni, sem hún ekki skilur, og vilja eptir því vera laus við gjaldið af bændakirkju eignum. Hefir mismunur þessi og misskilníngur ollað megnri óánægju og ágreiníngi út um landið, eins og hèr hafa nú komið fram ljós merki á þínginu, og hefir það ollað hèr margbrotnum og kostnaðarsömum umræðum.

Þessu og því um líku mun fara fram, og hlýtur að fara fram í landinu, á meðan lögum vorum er svona hagað; á meðan konúngur sjálfur ritar ekki undir íslenzka textann og staðfestir hann með því, verður þýðíngin jafnan ónákvæm; þá verður farið fyrst að vanda hana, þegar hún á að verða texti og staðfest með undirskript konúngs; á meðan konúngur ekki undir skrifar, verður þýðíngin *þýðíngarlaus*, þó aldrei nema standi undir henni þessi orð: *„undir vorri hendi og innsigli,“* þegar þó ekkert sèst nafnið og ekkert innsiglið, eru þau orð þá næsta marklaus og hlægileg; á meðan þessu fer fram, er jafnan hlaupið í *dönskuna*, ef orða eða meiníngamunur er; en hvaða rèttur er á því, að ætla íslenzkri alþýðu að skilja dönsku? En eg gef ekki um að fara fleirum orðum um þetta atriði; því ef nokkur þjóðarrèttur er, þá er hann sá, að hún sè bundin þeim einum lögum, sem hún skilur, það er, að þau sèu rituð á hennar máli, og sem hún má hafa fult traust á; en það verður þó aldrei, á meðan löggjöfin ekki undir skrifar lögin á því máli, og þessi rèttur er öllum svo augljós, að eingum getur skilizt, hvaða ástæður stjórnin hafi til þess, að gánga svo frá lögunum, sem vèr Íslendíngar erum bundnir, að þau megi verða oss bæði heilög og skiljanleg.

Eg ætla þá ekki að fara fleiri orðum um þetta; en af því, sem eg lèt í ljósi í gær, þegar rædt var um brúkun íslenzkrar túngu, að mèr þækti vart fram á það farandi að sinni, að allir ráðgjafarnir og hin önnur æðsta valdstjórn rituðu hvað eina, er Ísland snerti, á íslenzka túngu, þá kann sumum að virðast, að þetta komi ekki sem bezt heim við það, er eg fer fram á í þessu máli, að konúngurinn og ráðgjafarnir gefi út og undir skrifi lögin á íslenzku, þar sem svo sýnist, sem eg þannig ætlist til, að ekki að eins ráðgjafarnir, heldur einnegin konúngurinn skilji íslenzku; en hèr er á tvent að líta, sem gjörir það augljóst, að vel er farandi fram á þetta, og þó ekki hitt að sinni. Stjórnarmálin, yfir höfuð að tala, snerta að eins einstök atriði og einstöku menn, og eru að eins bundin við ákveðinn tíma; þau eru svo margbreytts og umfángs-

mikils eðlis, að vart er mögulegt, nema fyrir alíslenzka menn, að rita alt það á íslenzku. Aptur eru lögin, þau er árlega koma út, svo miklu umfángsminni; þau eru *almenn og ná til allra*, og eiga að gilda, ef til vill, um aldur og æfi; því er bæði svo miklu hægra, að gefa þau út á íslenzku, og svo öldúngis nauðsynlegt.

Vèr Íslendíngar vonum og óskum, að breytíng verði á stjórnarskipun hèr hjá oss í nokkuð líka stefnu, og nú er orðið í Danmörku; vèr vonum og óskum, að þessu verði framgeingt sem fyrst, og vor mildi konúngur hefir sjálfur alið og eflt þessa von vora með fyrirheitum þeim, er hann þegar hefir boðað oss með allra hæstum úrskurði af 23. sept. 1848, þar sem sagt er skýlaust, að ekkert skuli ákvarða um stjórn Íslands framvegis og samband þess við Danmörku, fyr en búið sè að leita um það álits sèrstaks þjóðfundar hèr á Íslandi. Þar ætla eg hinn rètta tíma og hinn rètta stað til að ræða um það og kveða á, hvaða máli hin æðri valdstjórn, sem næst geingur konúnginum, eigi að beita við landsbúa í stjórnarathöfnum sínum. Undir eins og breytíng kemur hèr á stjórn, kemur og breytíng á mál það, sem hún brúkar. En þess hefir einginn Íslendíngur nokkurn tíma óskað, að standa undir öðrum konúngi, eður eiga annan landshöfðíngja yfir sèr, en Danakonúng einn; því óskum vèr og þess og treystum því nú þegar, að hann bindi oss ekki öðrum lögum, en þeim, sem eru á túngu sjálfra vor, og sem hann treystir og gildir með undirskript sjálfs sín, og treystir hann því að eins og tryggir, sem vera ber, ríki sitt á þessu landi.

Stiptamtmaður: Hvað því við víkur, sem í nefndarálitinu er farið fram á, að eg hafi ekki borið brigður á þá sögusögn, sem lýst er yfir í þeirri uppástúngu, sem nú er til meðferðar, að stjórnin í auglýsíng sinni um úrgreiðslu alþíngismálefna árið 1847 hafi greidt beint afsvar bæn alþíngis um undirskript konúngs undir íslenzka lagatextann, þá áleit eg það ekki samkvæmt stöðu minni að neita þessu, þótt eg ekki af öðrum en hinum heiðruðu þíngmönnum, er nýlega komu frá Danmörk, hafi feingið vitneskju um afsvarið; en þar á móti get eg ekki vitað, á hverjum ástæðum afsvar þetta er bygt, og virðist mèr, að þíngið ætti ekki að fara fram á þessa bæn, fyr en það fær að vita ástæðurnar, og það því síður, sem mikið undir því er komið, hvernig svarið er orðað. Eg skal að öðru leyti ekki

fara leingra inn í málefni þetta sjálft; þegar það var borið upp hèr á þinginu, var eg því ekki öldúngis mótfallinn, að því væri gefinn gaumur, því eg vonaði, að konúngsfulltrúinn mundi bráðum koma og sjálfur skýra þinginu frá ástæðum þeim, sem svar stjórnarinnar er bygt á, og sem mèr eru ókunnugar. Ef þessar ástæður væru hinar sömu, sem í alþingistíðindunum 1847 eru fram taldar, þá held eg óþarfa, að ítreka þær, en ef þær eru nýar, þá getur það verið, að sú ástæðan hafi verið í fyrirrúmi, að stjórnin hafi álitið málefni þetta í svo nákvæmu sambandi við hina tilvonandi nýu stjórnarhögun landsins, að því gæti ekki fyr orðið ráðið til lykta; annars fel eg það á þingsins vald, að dæma um, hvort við eigi, að bera upp fyrir konúng bænarskrá um málefni þetta, þar sem þingið á aðra síðuna veit ekki, á hverjum ástæðum afsvarið um það er bygt, en á hinn bóginn veit þó, að það verður rædt á næsta fundi. En fallist þingið á að semja bænarskrá, þá held eg hún eigi að vera í þeirri stefnu, að mál þetta megi koma fyrir á þjóðfundi þeim, sem væntanlega verður haldinn að ári.

Guttormur Vigfússon: Það ætla eg mèr óhætt að fullyrða, að aldrei muni þær raddir þagna, sem ei endurtaki og ítreki alt heitar og alvarlegar bænir sínar um þetta efni, svo lopt sem þeim er hrundið, uns þær eru heyrðar.

Sá hugsunarháttur er þjóðinni svo inn gróinn, að hún álítur sjer ekki skylt að hlýða þeirri skipan, er hún ekki skilur, hver helzt sem er; en það er alkunnugt, að fæstir Íslendingar skilja danska túngu, og þess vegna ekki heldur dönsk lög.

Þetta málefni var svo ítarlega rædt hèr á þinginu í hitt eð fyrra, að vart mun ætlandi, að mörgu sè hægt þar við að bæta nú, er styrki það; þeim orðum var þá farið um það, að önnur fegri, fullkomnari og sannari munu trautt hittast. Einn meðal hinna merkustu þingmanna þá kvað svo að orði, að lögin væru næst guðs eigin orðum þau helgustu og háleitustu orð, er töluð væru til þjóðanna. Þetta eru þau sannmæli, sem alment eru viðurkend, og af þeim ástæðum álítum vèr oss beinlínis gjörðan órètt, ef vèr erum skuldbundnir til að hlýða þeim lögum, er vèr ekki skiljum, eður þeim lögum, sem ekki eru merkt með þeim stimpli, er veitir þeim tign sína og helgi, eður skuldbindandi krapt, sem er konúngsins eigið nafn eður undirskript; vèr meinum oss eiga fullkomna heimtu á þessu,

og réttvísa kröfu til að verða bænheyrðir, og því ánýum vèr bæn vora, að öðlast þau lög, sem sjeu á móðurmáli voru fullgilt með konúngsins nafni.

Það traust ætlum við að bera til konúngs vors, að þó hann af einhverjum oss óþektum ástæðum hafi neitað oss um þessa vora bæn hingað til, muni hann samkvæmt vísdómi sínum hafa vilja og ráð til að ryðja úr vegi eptirleiðis öllum tálmunum, sem hingað til hafa verið í vegi fyrir þessu voru áríðandi þjóðarmálefni, og sem allra fyrst heyra þessa vora hjartans ósk og bæn.

R. M. Ólsen. Eg get ekki dulizt þess, að eg verð að vera herra stiptamtmanninum samdóma með öllu um, að málefni þetta heyrir undir aðgjörðir þjóðfundarins, sem í vændum er að haldinn verði hèr að ári. Eg vil heldur ekki láta þess ógetið, með tilliti til ræðu ens heiðraða þingmanns Skaptfellínga, að einmitt vegna fyrstu greinar í íslenzku þýðingunni á opnu brèfi frá 18. júlí f. á. hrópuðu sjálfseignar kirkjueigendur, og það sumir hátt, að alþingiskostnaðargjalds væri ekki krafizt af kirkjueignum þeirra, hvar til þeir virtust hafa talsverða átyllu, þar eð þar er svo að orði kveðið: „lènsjarðir presta, kirkjujarðir og spítala, og þær jarðir aðrar, er til guðs þakka eru lagðar", og í danska textanum standa líka orðin „milde Stiftelser".

Stiptamtmaður: Það, sem hinn heiðraði þingmaður fór fram á, gefur mèr tilefni til að fara fleirum orðum um það, er hinn heiðraði framsögumaður áðan mælti. Íslenzka þýðingin, sem nú er gefin á lagaboðunum, er ljós vottur um, að hún er vönduð, og veit eg ekki betur, en að hún sè samin af þeim sama manni, sem á mikinn þátt í undirbúningi lagaboðanna, og virðist mèr eptir því, að þar sem danski textinn er óljós, getur íslenzka þýðingin verið til leiðbeiningar. Hvað sèr í lagi við víkur opna brèfinu frá 18. júlí 1848, þá hefðu lènsjarðir presta, ef beinlínis var farið eptir danska textanum, ekki verið undan þegnar alþingistollinum, en af því þetta ekki var samkvæmt tilgángi lagaboðsins, eins og þeim, er þýddi lagaboðið á íslenzku, líklega var kunnugt, þá hefir hann, held eg, með vilja valið önnur orð í þýðingunni, en standa í danska textanum. Alt öðru máli var í þessu tilliti áður að gegna, því þá var þýðing lagaboðanna falin á hendur íslenzkum embættismanni, sem eingan þátt átti í undirbúningi þeirra;

en þar á móti starfar sá maður, er tekur þátt í undirbúningi lagaboðanna, að þýðingu þeirra á íslenzka túngu, og virðist mèr því ástæða til, að leggja meira traust á þýðingu þessa, en áður; en á hinn bóginn neita eg því samt ekki, að vafi nokkur er á, hvort fremur beri að fylgja hinni íslenzku þýðingu lagaboðanna, en danska textanum, meðan undirskript konúngs vantar undir hana.

Thorstensen: Eg er enn þá sömu meiningar, sem fyrri, að ei sè enn þá kominn tími til að bera upp bænarskrá um þetta efni, heldur að það heyri undir næsta þjóðfund; enda sýnist mèr mikið vanta, meðan þingið hefir ekki þá prentuðu neitun frá ráðgjafa konúngs um þetta efni, og væri það rètt í eðli sínu og formi, að hún væri lögð fram fyrir þingið, áður en farið væri að semja bænarskrá að nýju, svo við vitum, hvaða rök eru til færð fyrir neitun þessari, sem eg hefi heyrt að hafi átt sèr stað; eg efast nú ei um, að þettað sè satt; en þó svo sè, þá er hitt formlegra, að þingið sjái fyrst neitunina, því sjón er sögu ríkari.

Th. Guðmundsen: Eg ætlaði einmitt að bera upp þá sömu athugasemd, og hinn konúngkjörni þingmaður nú gjörði, því heldur sem eg hreifði líku, þegar þetta mál var rædt til inngángs.

Steffán Jónsson: Eg get með eingu móti fallizt á það, sem menn nú eru farnir að bera til mótmæla þessu máli; eg held menn verði þó að vona, að konúngur gefi út lög, hvernig sem stjórnar tilhögun að öðru leyti yrði háttað, og þegar hann gefur út lögin, þá held eg menn eigi rètt á, að biðja hann um að undirskrifa þau lög, sem hann gefur oss, og það á því máli, sem vèr skiljum, og er okkar móðurmál. Eg held því, að eingin ástæða sè til, að hrinda þessu máli tímans vegna. Það er borið fyrir, að menn hafi enn þá ekki feingið neitandi svar konúngs um þessa bæn, sem honum var send frá alþingi 1847, og þó því væri neitað, þá hefðu menn ekki sjeð ástæður fyrir þeirri neitun; en eg verð samt að halda, að menn viti svo mikið, að bænin sè ekki enn þá heyrð af konúngi, og þá held eg, að það eina úrræði sè, að biðja aptur, og svo leingi menn ekki fá það, sem beðið er um með gildum ástæðum og af sannri þörf, eins og þetta er, og því sè eg ekki betur, en að nefndarálitið hafi rètt fyrir sèr.

Jón Jónsson: Það var fyrir skemmstu talað um opna

brèfið af 6. júlí 1848, um breytíngu tíma þess, á hverjum maður gæti áunnið sèr rètt til sveitar framfæris, svo sem að íslenzka þýðíngin á því kæmi ekki saman við danska textann. Strax í vetri var, þegar eg sá áminnzt brèf, tók eg eptir, að sitt ártal var í hvoru, dönskunni og íslenzkunni, og álít eg það prentvillu eina, því ártalið verður ekki eiginlega þýdt, þegar það er í tölustöfum. En alt fyrir það ríður ekki minna á, að svoddan hirðuleysi og trassaskapur sè ekki brúkaður, og sízt af öllu í lagaboðum, sem rèttindi manna eru bundin við, og sýnist mèr vert, að menn þó í hið minnsta láti af þessum ummælum hlutaðeigendur sjá, að tekið væri eptir þessu og því líku athugaleysi.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að prentvillur geta komið fyrir í öllu, sem prentað er, ekki einúngis hèr á landi, heldur og í Danmörku; þannig var í dönsku lagaboði nokkru af vangá við prentunina slept orðinu „ikke“, svo það fèkk þýðíngu gagnstæða þeirri, sem til var ætlazt af stjórninni, og komst þetta fyrst upp laungu seinna, þá beðið var um breytíngu á því.

Eyólfur Einarsson: Eg veit, að einginn af þíngmönnum óskar, að bænarskráin falli; þækti mèr líklegt, að dæmið um þíngkostnaðinn bendi mönnum á þá uauðsyn, að öll lagaboð, sem stjórnin sendir okkur, fáist undir skrifuð af konúngi; er enn ei fyrir endann sèð, hvað mikið það verkar á rèttindi manna, að undirskriptir eru ei feingnar; ættu menn ei að þreytast að biðja um þetta, þángað til það fæst. Eg verð líka að geta þess, að mèr kemur undarlega fyrir, að nokkur lærður maður sè í vafa, hvað orðið Mensalgaarde þýði; eg var það líka fyrst, þar til eg las það í konversazíóns orðbókinni, þar er það svo útlagt, „jarðir, sem prestum er lagt í kost og tæríng, til fæðis og klæða“, og því stóð eg svo fast á útleggíngu orðsins.

R. M. Ólsen: Hvað sem mensalsjörðunum líður, þá verð eg að biðja hinn virðuglega þíngmann Barðstrendínga, að athuga dönsku orðin „milde Stiftelser“ í 1. grein umgetins opna brèfs, og sjálfseignar kirkjujarðir munu þó fremur mega kallast mildar, en ómildar stiptanir.

Eyólfur Einarsson: Eg held, að í sömu orðabók megi sjá, að orðið „milde Stiftelser“ er alt annað; þó er eg ekki

eins fastur á, að það sè þar; en sè það ei svo, skal eg fá sönnun mína annarstaðar frá, ef þingmaðurinn óskar.

Þ. Sivertsen: Nefndin í málefni þessu telur það að líkindum víst, að eg muni hallast að uppástúngunni, því svo hafi mèr farizt orð, bæði nú á þinginu, og líka á þinginu 1847, og það er líka rètt til getið, að svo muni verða, ef að þingið annars skyldi af ráða það, að semja og senda hèr um bænarskrá. En alt fyrir það get eg þó ekki dulizt þess, að mèr ekki allshendis geðjast sem bezt að nefndaruppástúngunni, og getur það verið af því, að mèr sè ekki orðin hún nógu ljós; mèr finnst, sum sè, að hún ekki taki það nógu skýrlega fram, hvort lagaboðin eigi að vera á dönsku og íslenzku, þó undirskript konúngs fáist nú á þeim íslenzka texta, hvort bæði danzkan og íslenzkan eigi þá að undirskrifast af konúngi, og hvor textinn eigi þá að vera sá gildandi. Eg fyrir mitt leyti vildi nú heldur óska, að lagaboðunum, sem hèr eru gjörð gildandi, fylgði engin danska, en að þau væri einúngis á íslenzku, undir skrifuð af konúngi og stjórnarherra þeim, sem undir ritar með sonum, og ætla eg, hvernig sem fer, að geyma mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið, og áskil mèr hann. Mèr þykir þetta ekki svo litlu skipta; menn heyra, eins og hreift var á þínginu, konúnglega embættismenn, dómarana sjálfa, bera það fram, að þeir hlaupi í dönskuna á lagaboðunum, þegar þýða þurfi eitthvert vafa eða vandasamt atriði löggjafarinnar, og er eg hræddur um, að þeim kynni að bregða til ens sama, þegar þeir hefði danska málið fyrir sèr á sömu opnunni, enda þó það vantaði konúngsins undirskript, og því heldur, ef það væri nú undir skrifað líka, en engin vissa fyrir, hvor textinn skuli gilda.

Stiptamtmaður: Eg skal þó geta þess, að lagaboðin eru ekki einúngis til orðin fyrir alþýðuna, heldur einnig fyrir embættismenn, og þar á meðal dómendur í hæsta rètti. Nokkrir af þessum dómendum skilja að vísu íslenzku, en ekki allir, og má þess vegna ekki sleppa danska textanum. Að lagaboðin eru til bæði á dönsku og íslenzku, getur, ef til vill, í einstökum tilfellum ollað nokkrum vafa, en stærri vandkvæðum mundi það olla, ef danska textanum væri að öllu slept. Dæmi það, sem hèr var tekið fram, sýnir, að embættismenn hèr á landi hafa heldur mikið farið eptir íslenzku þýðíngunni. En þótt eg hafi mælt fram með þessu, getur það samt orðið

að miklum stuðningi til að finna réttan skilning lagaboðanna, þegar þau eru einnig prentuð á dönsku.

Haldór Jónsson: Þegar rædt var um það hèr á þingi, hvort nefnd skyldi kjósa til að hugleiða málefni þetta, lèt eg í ljósi það álit mitt, að vèr Íslendingar hefðum ástæður til að biðja og vona þess, að konúngur vor undir skrifi hinn íslenzka texta þeirra laga, sem hann gefur oss; en eg studdi það þó líka, að nefndarkosningu væri frestað, þar vèr ekki hefðum sèð af sjálfri hinni konúnglegu auglýsingu, að bæn vorri frá 1847 um þetta efni væri neitað. Af sömu ástæðu verð eg enn að álíta málið of snemma upp borið, því þingið stendur í svo beinu sambandi við konúnginn, að auglýsing um úrlausn málefna vorra á að koma til vor beinlínis frá konúngi, en ekki á krókóttum vegum fyrir milligaungu annara. Hvað annars snertir samband þessa málefnis við málefni það, sem hèr var rædt í gær um brúkun íslenzkrar túngu, er eg enum heiðraða framsögumanni samdóma. Hvernin sem eg ímynda mèr samband Íslands við Danmörku, þá hygg eg, að Islendingar ávalt muni óska, og hafa gilda ástæðu til að óska, að lög þau, sem þeir eiga að lifa eptir, verði skráð á íslenzku og undir skrifuð af stjórninni.

J. Johnsen: Eg verð þó hèr við að leyfa mèr þá einu athugasemd, að þar sem nú lítur svo út, að konúngsfulltrúi sjálfur eigi komist á þetta þing, áður en því er slitið, og því líka, að ástæðurnar fyrir neitun þeirri, eða svari því upp á bæn vora 1847, sem eg tel fullsannað að stjórnin hafi gefið, ekki verði þinginu kunnar, þá má það einmitt fyrir þessa sök, að mèr virðist, álítast á góðum rökum bygt, að þingið nú aptur ítreki bæn sína í þessu áríðanda og þjóðlega málefni, því annars eru, að mèr virðist, öll líkindi til, eins og á stendur, að þjóðin seint eða aldrei fái vitneskju um það, hvað verið geti ósk hennar, eða bænheyrslunni til fyrirstöðu. en þar í sýnist mèr á margan hátt mikið varið, að þetta skýrist, heldur fyrr en seinna.

Stiptamtmaður: Ef málefni þetta ræðst til lykta að ári með stjórnarhögun þeirri, sem menn þá eiga í vændum, þá fæ eg ekki skilið, að það geti verið svo áríðandi nú, að vita ástæður þær, sem afsvarið er bygt á.

Guttormur Vigfússon: Eg ætla, að dæmið sem herra stiptamtmaðurinn til færði um prentvilluna, sem átt hefði sèr

stað í hinni dönsku löggjöf, geti verið sönnun fyrir því, hversu nauðsynlegt það sé, að konúngurinn staðfesti lögin með nafni sínu; því það mundi ella vart hafa verið gjört sér far um, að láta prenta löggjöfina um, sakir prentvillunnar, ef hún einúngis hefði verið nafnlaust eptirrit, en sökum þess að það voru gildandi lög sakir undirskriptarinnar, er höfðu skuldbindandi krapt til að lifa eptir bókstafnum, en sem fyrir prentvilluna voru mótstríðandi andanum (meiníngunni), þá var nauðsynlegt, að leiðrètta hana, svo menn leiddust ekki í villu.

Stiptamtmaður: Prentvilla sú, sem eg talaði um, var í dönsku lagaboði.

Jón Jónsson: Hefði nafn konúngs verið undir íslenzku þýðíngunni á opna brèfinu, sem um var talað fyrir skemmstu, af 6. júlí 1848, og gjört það þannig að lögum, hefði áður nefnd prentvilla gjört lagaboðið bæði óvanalegt og ekki heldur sanngjarnt, því þá hefði það bundið tímann við nýárið næsta á undan því, sem boðorðið kom út, er því líklegra, að í textanum sè ártalið rètt, en þó kynni þetta að geta valdið ágreiningi, svo betra væri, að fá nýa vissu fyrir því, hvort rèttara væri.

Haldór Jónsson: Hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga sagði áðan, að það væri fullsannað, að konúngur hafi neitað bæn þíngsins frá 1847, um að konúngur undir skrifi íslenzka texta laga þeirra, sem Íslandi verða gefin. Eg efa nú í eingan máta, að þetta sè *satt*, en, eptir því sem eg sagði áðan, held eg það sè þó ekki fullsannað fyrir *þínginu*, þ. e. að vissan sè ekki komin til þíngsins á rèttum vegi, svo þíngið megi ekki skipta sèr af þessu að svo komnu, einkum þar ekki er nema 1 ár, þángað til gjört er ráð fyrir að sá fundur verði haldinn þar, sem þetta atriði í fyllsta skilníngi á heima, og geymi eg mèr því rètt til þess breytíngaratkvæðis, að eingin bænarskrá um þetta efni í þetta sinn verði samin.

Varaforseti: Það virðist þá svo, sem undirbúnings umræðu þessa máls sje lokið, fyrst einginn tekur framar til orða.

Eg hafði ekki ætlað mèr að taka nokkur þátt í umræðum máls þessa; því í gærdag lèt eg mèr þau orð um munn fara, að ef þíngið ekki fèllist á, að biðja um brúkun íslenzkrar túngu í öllum þeim málefnum, er við kæmu stjórn Íslands utan lands og innan, þá væri ekki vert, að fara fram á þessa bæn, að konúngur með undirskript sinni staðfesti löggjöf vora á íslenzku. En breytíngaratkvæði hins velæruverðuga kon-

úngkjörna þingmanns, er síðast mælti, kemur mèr þó til, að fara fáeinum orðum um málið. Árið 1847, þegar uppástúnga þessi fyrst var rædd hèr á þingi, voru flestir á því, að biðja skyldi konúng vorn, að fullgilda lög vor á móðurmáli með undirskript sinni og þess stjórnarráðs, undir hvert málefnið heyrði; því þá voru í Danmörku stjórnarráð (Collegia), en ekki ráðherrar. Það hefir verið aptur og aptur á þingi sagt, ef ekki sannað, að oss hafi neitað verið um þessa bæn; því ætla eg þinginu skylt og því sæma, að ítreka bæn sína. Menn hafa að undan förnu sjeð til hlítar annmarka þá, er íslenzk útleggíng danskra lagaboða hefir fyrir oss Íslendínga, þegar þeim er ekki gildi gefið; og sjást þó annmarkar þessir bezt, þegar farið er á stundum að fylgja hinni íslenzku útleggíngu; því svo ílt sem það er fyrir nokkra þjóð, að lifa undir lögum þeim, er hún ekki skilur sjálf, þá er þó hitt bálfu verra, ef beita má við hana, hverju er vill af tveimur ágreinandi lagaboðum. Ef illviljaður embættismaður á í hlut, og það geta menn þó ætíð hugsað sèr mögulegt, þá gæti hann ætíð beitt hinu verra við undirmenn sína; og þó ekki hefði þingið önnur rök, en þessi, til að ítreka bæn sína, ætla eg þau einhlit. Þó vèr gjörum ráð fyrir hinu lakasta, að hin íslenska löggjöf yrði óhönduglega samin fyrst um sinn, er þó betra, að búa við einn, en fleiri annmarka.

Stiptamtmaður: Eg verð að álíta það skyldu embættismanna, þegar vafi er á rèttum skilníngi einhvers lagaboðs, að leita allrar þeirrar upplýsíngar, sem leidt geti að rèttum skilníngi þess; þess vegna er það og, að menn verða að gá að ástæðum þeim, sem lagaboðin eru bygð á, og þegar þau eru á tveimur málum, getur samanburðurinn opt studt að rèttum skilníngi. Þetta er nú skylda embættismannanna, og einginn sjálfskapaður rèttur, og er ekki hin minnsta hætta af því búin, að þeir munu misbrúka það, og sýnir þetta dæmi það, sem hèr hefir verið tekið fram á þinginu í dag, með því embættismennirnir, af því þeir voru óvissir um rèttan skilníng á opna brèfinu frá 18. júlím. 1848, aðhyltust þýðíngu þá, sem vægari var, og ef þeir vildu nú beita ójöfnuði, gætu þeir komið því við á annan hátt, en þennan, en í því skyni eru lög og yfirvald og þíng þetta, að þau eigi að vernda gegn öllum ójöfnuði.

Th. Gudmundsen: Eg verð að vísu að samsinna hinum heiðraða varaforseta í því, að valdamenn vorir, eins og aðrir,

geti verið óráðvandir og slægvitrir, en það hygg eg þó, að fæstir þeirra muni vera svo sinnaðir, sem hann gat um, að þeir ekki skirrist við að leggja vísvitandi ránga þýðingu í löggjöfina, og þar með draga á tálar einfaldan almúga lands vors, og, ef til vill, fèfletta hann, og væri ei gott, að margir því líkir embættismenn sæti að völdum, enda hygg eg það stránga straffansvar, er löggjöfin leggur við þessu, og hvílir á þessum illgjörnu og slægvitru þjónum, muni vera nægileg mótspyrna tèðri illgirni og þeim nefnda glæp, þannig, að hann ei opt að beri. En þótt nú konúngurinn sjálfur skrifaði nafn sitt undir hinn íslenzka texta í lagaboðunum, þá held eg þó, að ei þar með yrði girt fyrir fyrr greinda óráðvendni og illgirni, þar sem hún annars væri búin að taka sèr bólfestu, og er hætt við, að hún þá mundi smeygja sèr inn milli orðanna í íslenzka textanum á löggjöfinni, þótt konúngur sjálfur hefði sett nafn sitt undir hann, eingu síður en í þeim danska, hafi það annars nokkru sinni átt sèr stað. Yfir höfuð er það ómögulegt, allshendis að tryggja menn fyrir þess konar illgirni og slægvizku, nema ef það væri með straungum straffs ákvörðunum.

Varaforseti: Eg ætlaði ekki, að leidt yrði út úr orðum mínum, að eg gjörði ráð fyrir þessu, svo sem því, er víst væri; eg sagði að eins, þetta væri mögulegt. En þar sem hinn konúngkjörni varaþíngmaður, sem nú settist niður, kvað þann, er illviljaður væri, eins geta hártogað lögin og rángfært, þó ekki væri þau rituð nema á íslenzku einni, þá verður hann þó að sjá, að slíkur maður, ef nokkur væri, er þeim mun skæðari, sem honum býðst meira tækifæri og fleiri vegir; og þetta ætla eg eiga sèr stað, þegar löggjöfin er á tveimur málum.

Ásgeir Einarsson: Eptir þeim skilníngi, sem lagður var í breytíngaratkvæði mitt í gær, ætlaði eg ekki að ræða í þessu máli í dag, sem mèr fannst því mjög skylt, en eins og nú er komið þíngræðunum, get eg ekki neitað því, að mèr finnst blóðið renna til skyldunnar, þegar um móðurmálið er að ræða; því mèr finnst það ætíð skylt mèr. Verði atkvæði greidd í þessu máli, get eg ekki látið eptirkomendur mína sjá eptir mig svo ambáttarlega hugsun, að eg hafi mót mælt því, enda þó mèr ekki yrði fullljóst af því, sem rædt hefir verið hèr í dag, samband það, er vera kynni milli þessa máls, og þess er hèr var rædt í gær, eða milli þessara mála og stjórnarbreyt-

íngar, sem vonað er eptir, enda er svo að heyra á sumum þingmönnum, sem þeir sèu ekki farnir að gjöra sèr ljósa hugmynd um þau atriðin, er þó mun mest á ríða, um stjórnartilhögun Íslands. En ef menn fara ekki að hugsa um þetta, fyr en þeir koma á þingið, getur svo farið, að það verði nokkuð seint, og þau kraptaverk beri ekki til nú á dögum, að andinn komi yfir menn í augabragði, þó þeir kæmu inn í þenna sal, þó hann hafi verið kallaður heilagur staður.

Sumir vilja ekki senda bænarskrá til konúngs um þetta mál, þar menn hafi ekki sèð ástæður fyrir afsvarinu; meiri hluti þingsins vildi ekki biðja um verzlunarfrelsið í hitt eð fyrra, og sáu þeir þó ástæðurnar fyrir neituninni; en það voru þær miklu og mörgu rannsóknir.

En nú hafa menn heyrt af ræðum stiptamtmannsins, hverjar þessar miklu rannsóknir muni hafa verið. Þannig getur verið nú, að ekki fylgi miklar ástæður með neituninni, í þeirri áminnztu bæn, og eru menn þá jafnnærri eptir, sem áður. Ekki get eg fallizt á það, að lagaboð þau, sem gefin eru út fyrir Ísland, sèu á báðum málunum, íslenzku og dönsku, þó þau verði undir skrifuð, vafinn hvyrfi ekki fyrir það; mèr þykir Íslendíngum mætti nægja, þau væru á íslenzku eingaungu; líka er hægra að láta þau vera á íslenzku, síðan alþíng fór að semja frumvörp til þeirra á íslenzku, svo heita má, þau sèu sprottin af íslenzkri rót, en meðan þau voru samin af dönskum að öllu leyti, eða þó embættismenn semdu til þeirra álit sitt, hugsað og ritað á dönsku; fellst eg því á breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Dalasýslu.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að þó lagaboðin verði gefin út á íslenzku, mundi það þó leiða að rèttum skilníngi þeirra, ef þau einnig væru þýdd á dönsku, einkum ef danska þýðingin væri samin af þeim sama íslenzka embættismanni, sem starfað hefði að undirbúníngi þeirra.

Ásgeir Einarsson: Þó dönsk útlegging fylgdi lagaboðunum, hefi eg ekkert á móti því, þegar hún væri ekki með undirskript konúngs, því þá yrði ekki vafi af henni, því hún yrði ekki álitin skuldbindandi. Verstur verður misskilníngurinn, þegar farið er eptir bæði dönskunni og íslenzkunni, og er til þess ljósastur vottur um alþíngiskostnaðinn. En fyrst á það hefir verið minnzt, væri æskilegt, að þíngtíðindin bæru það með sèr, að lögfræðíngarnir segðu álit sitt um það, hvort þeir,

er hafa goldið hann af bændakirkjujörðum, ættu ekki að fá hann endurgoldinn, ef hann hefir verið ránglega tekinn eptir löggjöfinni, og svo, hvort þeir ættu að láta hann, sem ekki hafa gjört það, ef það er rètt eptir löggjöfinni; þetta er því nauðsynlegra, sem óánægjan hefir orðið meiri út af niðurjöfnun alþingiskostnaðarins.

Th. Gudmundsen: Í erindisbrèfinu frá löggæzlustjórnarherranum þann 18. júlí 1848 til sýslumanna, við víkjandi, hvers þeir eigi að gæta með tilliti til heimtu á alþingiskostnaðinum, er gjört ráð fyrir, hvernig fara eigi að, ef of mikið er borgað eitthvert ár í þessu skyni af einhverri jörðu; er þá fyrir skipað, að það, sem of mikið er greidt, skuli af nemast í næsta árs gjaldi af þeirri sömu jörðu, hafi hún ei skipt eigendum, en ella endurgjaldast eigandanum af gjaldi því, sem greiðist það ár. Þar á móti er ekki um það getið, hvernig fara eigi að, ef einhverri skattskyldri jörðu væri úr slept, en eg álít þá sjálfsagt, að hana beri, þegar maður sèr það, að taka inn í reikninginn, og jafna á hana rèttum alþingiskostnaði, einnig fyrir það um liðna tímabil. Þetta er þó einúngis meining mín.

Þ. Sivertsen: Herra stiptamtmaðurinn hreifði áðan nokkrum mótmælum móti breytíngaratkvæði mínu. Það getur nú verið, að þíngið fallist ekki á breytíngaratkvæði mitt, og líka, að því verði framgeingt, en hitt er óvissara, að stjórnin veiti bænina, þó þíngið biðji. Eg ætla því að bera upp það breytíngaratkvæði til vara: að verði lagaboðin, sem hèr eiga að gilda, út gefin á dönsku og íslenzku, að þá undir skrifist íslenzki textinn einn, og öðlist gildi, en danski textinn ekki.

Enginn ræddi framar málið, og kvaðst því varaforseti ætla það nægilega rædt til undirbúnings.

Þá var tekið fram til síðustu umræðu málefnið um frjálsa verzlun og uppsiglíngu ýmsra hafna.

Framsögumaður, Jón Guðmundsson: Eg vil víkja fáeinum athugasemdum að breytíngaratkvæðum þeim, sem upp eru borin í máli þessu.

Hið fyrsta er frá hinum konúngkjörna meðnefndarmanni, um að Berufjörður sè ákveðinn aðalkaupstaður til uppsiglíngar í stað Eskifjarðar; þessu breytíngaratkvæði mun eg gefa mitt atkvæði eptir þeim upplýsíngum, sem hèr komu fram í gær.

Hið annað er um, að ef uppsigling reynist eins trygg í Hornafjarðar, sem Papafjarðarósi, og sönnun um það getur

komizt til stjórnarinnar, áður leyfið fæst, þá verði fremur leyfð uppsigling á Hornafjarðarósi; þessu atkvæði verð eg að samsinna í alla staði, þar það er slíku skilyrði bundið, en Hornafjarðarós liggur svo miklu betur við til verzlunar fyrir Skaptafellssýslubúa, en Papafjarðarós.

Hið þriðja er, að dönskum lausakupmönnum verði veitt verzlunarleyfi á Vogavík og í Höfnum, eða þá í Vogavík einni, *þángað til alment verzlunarfrelsi fæst.* Þessu get eg ekki samsint; því fyrst finnst mèr síður þörf á verzlun á þessum stöðum, einkum ef fyrstu uppástúngu nefndarinnar verður framgeingt; svo er í þessu atkvæði gjört ráð fyrir, að enn liði þó nokkur tími, áður en alment verzlunarfrelsi fáist, þvert í móti því sem farið er fram í aðaluppástúngu nefndarinnar, og sem þíngið álítur aðalatriði máls þessa, *að frjáls verzlun fáist sem fyrst.*

Fjórða breytíngaratkvæðið fer fram á sveitaverzlun, eins og hún má verða frekust hèr á landi, og hafi nefndinni þókt ísjárvert, að fara fram á þetta atriði, eins og upp á því var stúngið 1845, þá mun öllum mega skiljast, hve fjarstætt henni muni vera, að aðhyllast þetta breytíngaratkvæði.

Hið fimta fer fram á, að einskorða vigt þá og mæli, er kaupmenn megi hafa við vöruflutníngа; þetta kemur öldúngis heim við meiníngunа í fimtu uppástúngu nefndarinnar, og fellst eg því fúslega á það að mínu leyti.

Hið sjötta er um, að fjórða grein í uppástúngunum í bænarskránni 1845 verði svo breytt, að í stað „verzlunarfulltrúa“ sè sett „*aðalverzlunarfulltrúar*“. Þetta á nú að vísu má ske vel við, en úr því farið er að breyta þessu, hvort eð er, hefði mèr þókt rèttast að breyta því samkvæmt athugasemdum herra stiptamtmannsins, nefnil., að aðalverzlunarfulltrúarnir hefðu leiðarbrèf frá stjórninni til útbýtíngar handa utanríkiskaupmönnum, og mun eg, áður til atkvæðagreiðslu kemur, leyfa mèr að biðja forseta, að skora á þíngið, hvort það mæli í móti þessari breytíngu.

Þ. Sivertsen: Eg get þó ekki stilt mig um það, að standa upp rètt snöggvast, áður atkvæði verða greidd í þessu máli; eg hefi ekki talað eitt orð um málefni þetta, og verð því að láta vita það, að eg er einn í tölu þeirra, sem vilja frjálsa verzlun, og fylli þann flokkinn, sem óska hennar sem fyrst; og er óskiljanlegur dráttur sá, er orðinn er af stjórnarinnar

hendi á úrlausn máls þessa. Eg hefi þó ímyndað mèr, að segja mætti okkur já eða nei; segja okkur, hvort við feingjum frjálsa verzlun, eins og við óskuðum, eða með þeim kjörum, þeim skilmálum, sem neyddi okkur til að segja, að frjálsa verzlun vildum við ekki með þeim kostum; hvað af þessu verður ofan á, það veit eg ekki, en hvað helzt það verður, eg óska að fá vitneskju um það, sem fyrst. Eg verð líka um leið að minnast lítið eitt á atriði nokkurt í þessu máli, sem hèr hefir verið rædt um, og það er sveitaverzlunin; fyrir henni gaf eg atkvæði 1845, og fleiri hluti þíngmanna voru henni þá meðmæltir, og sumir þíngmenn hafa látið á sèr heyra, að þeir væru henni hlyntir, og jafnvel hinn heiðraði framsögumaður hefir fremur í orði látið á sèr heyra, að henni væri þó ekki, þegar frá liði, að mótmæla, eða því um líkt, minni mig rètt, en nú hefir þó nefndin bygt henni út úr bænum sínum; alt fyrir það get eg þó ekki fallizt á það, að svo muni betur fara; eg hefi haldið, og ætla svo enn þá, að á meðan sveitaverzlun er bönnuð, verði verzlunin ekki á eins föstum fótum, eins innlend og þjóðleg, sem óskandi væri. Eg skal nú ekki tefja fyrir, með því að fara að telja upp meðmæli sveitaverzlunarinnar; þau eru fram talin áður, bæði í þíngtíðindunum 1845 og viðar, og flest óhrakin; eg vil að eins hreifa við mótmælunum: það hefir verið sagt hèr, að sveitaverzlunarleyfi, ef feingist, væri skaðlegt og tjóns ollandi, án þess að geta um, í hverju helzt, og er það fyrirhafnar lítil skoðun; þeir sem leingra hafa komizt, hafa nefnt nokkra ókosti, er sveitaverzlun mundi fylgja, og nefnt fyrst práng og okur, og það hefir nú leingi heyrzt, en eg held, að bannið sè einmitt hvöt til, að práng og okur verði við haft; eg er nú ekki svo kvíðinn, að eg óttist þetta, við Íslèndíngar þykjumst orðnir þeir menn, og við erum það, að hafa greind á því, að sitja við þann eldinn, sem bezt brennur; en látum nú svo vera, að okurgróði leiði af sveitaverzluninni, sá gróði hverfur þó ekki landinu, hann verður kyrr í því, og getur orðið efni til mikils góðs og hika eg mèr ekki við, að óska hans heldur í landinu, en óska honum safnað af kauptúna búunum, og síðan af þeim fluttan hèðan til annara landa, til að eyða honum þar; það er sagt, að bágt muni verða að nota sveitaverzlunar leyfið; en fyrir hverju eru menn þá að óttast? Hvers vegna eru menn þá að sperrast svo mikið í á móti leyfinu? Það er haldið, að fara mætti í kríngum lagaboð það, sem þar

að lyti; en svo mun mega segja um flest lagaboð; og nýfundin er sú mótsögnin, að sveitaverzlun muni hindra jarðræktina, og spilla henni, því þeir, sem að henni eigi að vinna, muni gefa sig að sveitaverzluninni; eg hefi nú aldrei skoðað hana svo, að eg hafi getað ímyndað mèr, að hún yrði leyfð þannig, að hver vinnudreingurinn, hver fátæklíngurinn, eða hver letíngjnn, sem ekki nenti að starfa, gæti hlaupið til hennar, og tekið upp gróða; eg hefi haldið, hún mundi bundin þeim takmörkum, að einhver efni yrðu að vera fyrir hendi, og að hún mundi ekki verða notuð, nema af búandi mönnum, yfir höfuð tekið, og væru menn nú vissir um, að af henni leiddi gróða og betri efnahag, held eg það einmitt leiða til þess að bæta og efla jarðrækt, því kraptarnir aukast þá henni til stuðnings. En úr annmörkum þeim, sem leiða kynnu af banni sveitaverzlunarinnar, hefir nefndin nú viljað bæta, með því að smíða 5. greinina í uppástúngu sinni, og játa eg það fúslega, að hún hafi sýnt þar bezta vilja, en eg get ekki gert að því, hjá mèr vaka ýmsar efasemdir á móti þeirri uppástúngu, sem eg get ekki svæft; eg þykist vera þess óviss, að stjórnin að svo stöddu veiti leyfi það, sem þar er farið fram á, og líka um það, hvort það, þó feingist, yrði notað, og leiddi það gott með sèr, sem nefndin hefir ætlazt til, og hvort ekki mundi verða farið í kríngum það lagaboð, er þar að lyti, eingu síður en sveitaverzlunar leyfið. Um ekkert af þessu vildi eg samt í gær bera upp breytíngaratkvæði, enda bar einn hinna virðulegu þíngmanna upp atkvæði um sveitaverzlunina, sem eg líklega gef mitt atkvæði, þó eg játi, mèr þyki því þannig varið, og þannig lagað, að þíngið varla muni fallast á það, og læt eg mèr það í léttu rúmi liggja, því eg spái því (en það mun nú þykja, sem eg sè ekki spámannlega vaxinn), að komist verzlunin hèr í annað horf, muni ekki líða á laungu, þángað til menn sjái nauðsyn sveitaverzlunarleyfisins, og biðji þess.

Mig minnir herra stiptamtmaðurinn hreifði því í gær, að ísjárvert kynni vera, að veita utanríkismönnum uppsiglíngarleyfi á Stykkishólm, sem aðalkaupstað, vegna þess að hvorki sýslumanni nè læknir væri, enn sem komið er, gjört að skyldu að vera þar búsettum, og verð eg með tilliti þessa að geta þess, að nú er í Stykkishólmi búsettur, bæði læknir og lyfsölumaður, og er það ekki ástæðulaust, þó menn haldi svo muni verða úr þessu; það eru líka eingin ólíkindi til, að stjórnin

veiti þínginu þá samhuga bón þess, að amtmaður umdæmisins verði þar búsettur, og sennilegt er það, að sýslumaðurinn taki sèr bólfestu þar einneginn, og ef ekki, að hann þá, verði beðinn þess, svo eg held þetta geti ekki orðið kallað til fyrirstöðu.

R. M. Ólsen: Ræða hins heiðraða þingmanns, er nú settist niður, við víkjandi sveitaverzlan, knýr mig til að mæla fáein orð í málefni þessu. Ár 1845 geingu þingmenn hèr í tvær sveitir um, hvort hún væri nauðsynleg eða ekki, fylti eg þá flokk þeirra seinni. Þegar eg kom heim til átthaga minna, leitaði eg álits enna helztu Húnvetninga um það, og voru þeir allir, að einum einasta undan teknum, og sem fremur virtist mæla fram með henni af keppni, en skynsamlegum ástæðum, á eitt sáttir um, að hún væri óhagkvæm og skaðleg í Húnavatnssýslu. Eg verð nú að sönnu að vorkenna þeim heiðraða þingmanni frá Dalasýslu skoðunarmáta hans, sem eingaungu er rígbundinn við pláz hans, því hvergi yrði hèr á landi hægra að koma sveitaverzlan við, en kríng um hann, þar sem vörurnar yrðu sóktar á stórum skipum (teinæringum) í kaupstaði og fluttar þaðan í vör sveitaverzlarans, og mætti þannig kasta brennivínstunnunum, kramsekkjunum og tóbaksrjólunum .o s. frv. af skipi upp í sveitaverzlara húsin, en minna mundi verða tekið og flutt af kornvörunni og öðrum nauðsynjum. Það er kunnugt, að kaupmennirnir norðlenzku eru betri búþegnar og birgari að vörum, en þeir vestfirzku, sem opt er mælt að séu tæplega staddir, og hefir heyrzt, að það væri ei með öllu dæmalaust, að bændur á vesturlandi hefðu orðið að hjálpa þeim í bágindum þeirra um, „út á pottinn“, og ætti þetta að sýna nauðsyn sveitaverzlunar á vesturlandi.

Eyólfur Einarsson: Eg stend nú upp, eins og aðrir góðir menn, ekki til að út lista málið, því eg kalla það gjört til hlítar, en einúngis að láta þingmenn heyra, að eg er á sama máli um verzlunina, og árið 1845; vil eg, að beðið sè um frjálsa verzlun, samstemma þá gjörðri bæn til konúnngs, geri eg 7. grein hennar, um sveitaverzlun að vara-atkvæði mínu; þó eg viti, að fáist frjáls verzlan, kemur hin sjálfsagt líka, því alfrjáls verzlun og sveitaverzlun geta ei að skilizt, fremur en sól og birta.

Kr. Magnusen: Áður en geingið er til atkvæða í nær verandi málefni, leyfi eg mèr að geta þess, að eg, hvað sveita-

verzlunina snertir, er aldeilis á máli þingmannsins frá Dalasýslu, og vil eg því síður til málaleingingar fara mörgum orðum um það, að sveitaverzlun sè nauðsynleg, þegar frí-höndlun á að veitast, sem alþingistíðindin frá 1845 fram færa margar, enn nú óhraktar ástæður þessu til styrkíngar, hvar fyrir eg ekki geti látið vera að greiða mitt atkvæði á þá leið, eins og fyrir því, að sú svo leingi eptir þreyða frjálsa verzlun fyrir framandi þjóðir við Ísland yrði nú veitt án leingri undandráttar, samkvæmt nefndarinnar uppástúngu og eptir hennar til færðu ástæðum í því tilliti.

Stiptamtmaður: Hvað sveitaverzluninni við víkur, þá virðist mèr það bert, að fram telja megi ástæður fyrir því, að hún bæði geti orðið að gagni og tjóni, og fer það eptir því, hvernig landslaginu er háttað; einkum getur hún orðið að gagni við sjávarsíðuna, þar sem hægt er að við koma flutníngi á þúngum vörum, og mun ágreiníngur sá, sem í þessu tilliti á sèr stað á milli þingmanna, vera sprottinn af því, að hver þeirra skoðar sveitaverzlunina eptir því, sem til hagar í hans sýslu. En hvað sem þessu líður, þá mun það þó víst, að þörf sè á, að binda hana við einhver viss takmörk, og þannig var t. a. m. á vesturströndum Jótlands gjört að skilmálum, að þeir sjálfir, sem vilja verzla til sveitar, skyldu eiga skip til aðflutníngs þúngu vörunnar, og mundi því tillögum þíngsins 1845 um svo ótakmarkaða sveitaverzlun, sem þar er farið fram á, varla geta orðið framgeingt.

Guttormur Vigfússon: Eg ætla, að það megi segja um þetta mál, sem nú er rædan um, að „vèr vitum ei, hvers biðja ber“. Það fráleita álit manna á því hlýtur að fram koma af mismunandi ásigkomulagi og ólíkri tilhögun í hèröðunum, og mun herra stiptamtmaðurinn hafa skoðað það rètt, því annars gætu menn ekki geingið í þessu efni út frá svo gagnstæðum skoðunarmáta, sumir að álíta það ílt og óhagkvæmt í alla staði, er hinir segðu gott og gagnlegt. Um leið og eg áskildi mèr breytíngaratkvæði í gær við víkjandi sveitaverzluninni, lèt eg í ljósi, að eg áliti það að vísu ekki svo nauðsynlegt, að biðja um hana í þetta sinn, en að mèr þækti nefndin hafa gjört of mikið af, að kasta skugga á hana, og væri dregið úr því í álitsskjalinu til konúngs, og annaðhvort sneidt hjá að fara mörgum orðum um sveitaverzlunina, eður þá einúngis þau orð við höfð, er ekki gætu spilt fyrir okkur síðar, ef hún kynni að á-

lítast eiga betur við, en nú, þá er mèr nóg, og í von um, að það yrði gjört, var eg ei á fram um, að breytíngar-atkvæðið væri borið upp, með því líka að þíngmaðurinn frá Norðurþíngeyarsýslu hafði áskilið sèr annað í sömu stefnu.

Jakob Pètursson: Sá heiðraði þíngmaður frá Dalasýslu hefir svo ljóslega fært rök til þess, hvað nauðsynlega sú alfrjálsa verzlun þyrfti að hafa sveitarverzlunina í eptirdragi, ef vel skyldi fara, svo eg, sem bar fram viðauka-atkvæðið um þetta efni, hvorki þarf, nè get þar neinu við bætt; en einasta vil eg geta þess, að þíngmenn þurfa ekki að óttast fyrir því að svo stöddu, þó þessu yrði framgeingt, að efnagóðir menn (um hina tala eg ekki), sem áður eru orðnir alvanir hapti á innsveita-verzlun, mundi byrja á henni við fyrsta tækifæri, nei, þeim brygði í gamla vanann, að taka sem minnst af nauðsynja vöru hjá lausakaupmanninum, sem þeir kæmust af með fyrir sjálfa sig, en hitt í peníngum, og lètu þá í kistu sína, svo þegar hreppstjórinn leitaði til efnamannsins um bjargræði handa þeim þurftugu, hefði hann ekkert nema skildíngana, fyrir hverja þá ekkert þarflegt feingist á höndlunarstaðnum. Svona á það að vera!

Þíngmaður Húnvetníinga breifði því, að brennivínstunnur og afarstórar tóbaksrullur væru í för með sveitaverzlunar óskinni, en það væntir mig, að þíngmenn hafi heyrt, að eg til tók þarflegar vörur, sem seljast skyldu þeim, er með þyrftu, með yfirvalds leyfi. Eg mæli svo ekki meira fram með þessu, en dæmi hver, sem honum gott þykir.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil leyfa mèr að tala fáein orð til stuðnings því breytíngaratkvæði, er eg bar upp í gær, áhrærandi vigt og mælikeröld á þeim skipum, sem flytja farma á þá staði, hvar verzlun ekki er lögleyfð. Ásetníngur minn var ekki annar en sá, með þessu breytíngar atkvæði að koma í veg fyrir það, sem lög ekki leyfðu, og ástæðan var því, að styðja helgi laganna og hlýðni við þau, og alt, sem þar að lýtur, tel eg víst að þíngið aðhyllist. Eg fer því ekki fleirum orðum um það.

Eg verð enn sem fyrri að mæla á móti sveitaverzluninni, í hverjum búníngi sem hún birtist. Þó eg kunni að vera hverflyndur, þá er eg samt ekki svo ístöðulítill, að eg ekki geti haft sömu skoðun á sumu hverju, jafnvel í býsna mörg ár. Eg þarf ekki að telja fram ástæðurnar, því það er svo

margsinnis gjört, og nú seinast af þeim heiðraða þingmanni Húnvetninga; þeim heiðraða þingmanni Dalasýslu fórust svo orð, sem eingar ástæður væru enn fram komnar gegn sveitaverzluninni, en honum varð það, að hann taldi sjálfur upp nokkrar þeirra, sem fram komnar, og var að reyna til að hrekja þær, en gat ekki. Þingmaður Barðastrandarsýslu sagði áðan, að alfrjáls verzlun og sveitaverzlun væru óaðskiljanlegar, rètt eins og sól og birta. Eg ætla því ráðlegast að bíða þess, að sólin renni upp fyrst, og þá er birtan sjálfsögð, þó vèr biðjum ekki.

Eg verð líka fátt eitt að minnast þeirra mörgu kauptúna, sem verið er að biðja um í öllum áttum, sum þeirra rètt við hliðina á þeim nú verandi löggiltu verzlunarstöðum, til að mynda í Vogum og á Krossvík. Mín skoðun á þeim er líka hin sama, og hún var 1845, að þeir sèu þeim föstu verzlunarstöðum til niðurdreps og fyrirstöðu, og vinni ekkert sannarlegt gagn, en sèu að öllu óþarfir, einkum ef farmaflutningar frá verzlunarstöðunum fást, sem um er beðið, eða fara eins í vöxt, sem hingað til. Eg tók um þetta efni í gærdag ekkert breytingaratkvæði, enda hefði það ei verið til neins, eins og eg sè að spursmálunum er hagað í þessu máli á þeim spursmálalista, sem fram er lagður.

J. Thorstensen: Breytingaratkvæði mitt var einasta um, að aðalfulltrúar stæði í staðinn fyrir fulltrúa, nefnil. aðalverzlunarfulltrúar, og var það vegna þess mèr skildist á þeim hæst virta konúngsfulltrúa, að allir verzlunarfulltrúar danskra væri ei færir um, að stjórnin sendi þeim leiðarbrèf til skipa, er hingað vildu sigla, og varð eg að játa því; en mín meining var, að aðal-verzlunarfulltrúar mundi vera færari til að sjá um, að ei mundu leiðarbrèfin verða misbrúkuð, heldur í öllu þeirra löglega gætt, og var sú hugmynd fyrir mèr, að þeir verzlunarfulltrúar yfir höfuð, sem trúandi væri fyrir leiðarbrèfum, mættu fá þau, ef hagræði væri að; og mundu það einkum vera aðal- verzlunarfulltrúarnir, er færastir væru um að leggja svo fyrir og sjá svo um, að leiðarbrèfin ei væru misbrúkuð; og svo búið legg eg breytingaratkvæði mitt undir dóm hins heiðraða alþingis.

Guðmundur Brandsson: Mèr mun hæfa að hlúa eitthvað að breytingaratkvæði mínu, jafnvel þó eg helzt búist við, það verði að villikorni því, sem deyi út, af því það hafi ekki jarð-

veg sèr samboðinn. Eg verð þá að geta þess, að þar sem í bænarskránni, sem við kemur málefni þessu, er beðið um siglíngaleyfi á fjórum stöðum, en breytíngaratkvæði mitt stíngur ekki upp á því nema í tveim stöðum, þá eru þar til þessar orsakir: hvað Grindavík snertir, þá er þar bygðarlagi svo varið, að það liggur fyrir opnu hafi, og skipalega þar nokkuð hæpin, nema í allri norðanátt; er eg því hræddur um, að ókunnugir yrðu tregir á að voga þángað skipum sínum, einkum ef þeir væru bundnir við víst tímabil að mega vera þar; öðru máli er að gegna am fastakaupmenn, sem flyttu og sæktu þángað vörur, því þeir gætu að nokkru leyti valið til þess hentugustu kafla sumarsins, og hagað sèr eptir veðri og kríngumstæðum, því þar er þó sagður góður akkera-botn í nokkrum stöðum, og í einum stað geingur þar inn í landið breiður og mikill ós, sem kallast *Hóp,* og markar hann af að utanverðu rif eitt, sem þornar um hverja stórstraumsfjöru, það er lægst í einum stað, og þykir ekki uggvænt um, að það mundi mega gera skipgeingt, einkum fyrir smáskútur, en þegar inn fyrir hið áminnzta rif væri komið, er legan eins og á stöðuvatni með hreinum og mjúkum botni.

Hvað Þórshöfn við víkur, þá hefi eg áður getið þess, að þar er ágæt skipalega; á leiðinni þángað inn er að sönnu eitt sker sem varast þarf, en breitt og djúpt sund er beggja megin þess, og á sjálfri legunni, eins og verið sè í húsi, enda liggja fiskiskútur þar opt, þegar stirð eru veður. Vík þessi skerst inn í landið nálægt takmörkum Hafna og Rosmhvalaneshreppa, svo allir þeir, sem byggju fyrir sunnan Garðskaga, gætu notað sèr siglíngarleyfið þar, ef það feingist, og eg held Grindavíkurmenn gætu það má ske að nokkra leyti, því eptir að kaupstaður lagðist þar niður, þá hafði verið fluttur fiskur á opnum skipum þaðan, og að Bátsendum, sem er örskamt frá Þórshöfn, og verður hèr um bil mitt á milli Grindavíkur og Keflavíkur, þegar sjóveg er farið. Það er enn fremur hèr við athugavert, að nú verandi sóknarprestur beggja hreppanna, Rosmhvalaness og Hafna, hefir fyrir nokkrum árum síðan tekið upp nýa verstöðu, sem Mársbúðir heita, og hefir hann með ærnum kostnaði og stökum dugnaði látið byggja þar íveruhús handa sjómönnum, og ýms vergögn önnur. Tilgángur hans með þessu fyrirtæki var sá, að á meðan fiskur á vetrarvertíðinni geingi ekki norður fyrir Skagann, að menn þá gætu þarna

róið frá til suðurdjúpanna, og hefir þetta mörgum manni orðið að miklu liði bæði úr hans sóknum og annarstaðar að. Ef nú þetta fyrirtæki, sem beinlínis er stofnað til almennra heilla eflingar, á ekki að kollsteypast, þá sýnist mèr skylt að hlynna að því með öllu leyfilegu móti. Nú eru flutníngar milli Mársbúða og Keflavíkur erviðir mjög, en þaðan og á Þórshöfn stuttur vegur, svo öllum þeim fiski, sem verkaður væri við Mársbúðir, yrði miklu hægra að koma þángað, heldur en í Keflavík, hvort heldur hann væri fluttur sjóveg eða landveg.

Hvað Njarðvík áhrærir, þá er hún annar sá staður, sem eg hefi geingið fram hjá í breytíngaratkvæði mínu, og það er vegna þess, að hún má heita örskamt frá Keflavík, svo ef hún skyldi hánga uppi á rifjunum, held eg ekki veitti af, þó Njarðvíkíngar tækju úr henni húngurmál; þó veit eg til, að sumir þeirra eru ekki sem ánægðastir með að binda verzlun sína eingaungu við Keflavík; en feingist siglíngaleyfi á Vogavík, er ekki mjög lángt þángað frá Njarðvík; skipalega er þar skjólbetri, en í Keflavík, og hægt að leggja þar kaupför á þurt, ef til þyrfti að taka.

Um Vogavík hefi eg ekki annað að segja, en eg sagt hefi áður við undirbúnings umræðu þessa máls, og fer eg því ekki að ítreka það hèr, enda er vík þessi og veiðistaða svo nafnkunn bæði hèr og erlendis, að eg ber eingan kvíðboga fyrir því, að lausakaupmenn sæktu ei þángað, væri þeim það leyft.

Það er því mín fullkomin sannfæríng, þegar litið er til verzlunar yfir höfuð, að menn ættu að greiða götu hennar með öllu leyfilegu móti, svo flutníngar milli hèraða landsins gætu orðið svo hægir og kostnaðarlitlir, sem framast væri mögulegt, því að vilja hindra þettað, virðist mèr vera svipað því, að þvergirða í á eða læk nærri sjó, þar sem veiði væri, svo að þeir, sem ofar byggju, gætu ei notið veiðinnar, nema með því að sækja hana fram undir fjörumálið.

Eg leyfi mèr að geta þess, að þar sem meiníngar skiptust í gær fyrir mèr og hinum heiðraða varaforseta, þá kom það til af því, að eg tók ekki nógu greinilega fram tímabil það, við hvað eg miðaði flutníngana á Krossvík, sem var sumarið í fyrra, en af því hann einnig miðaði við sumarið, sem nú er, þá fórum við að nokkru leyti sína leiðina hvor.

Haldór Jónsson: Eg ætlaði ekki að leingja umræður þessa máls, og skal ekki heldur gjöra það, því hinn heiðraði

framsögumaður hèlt svo vel svörum uppi fyrir nefndarálitið, þegar málið var rædt hið fyrra sinn. Að vísu er í nefndarálitinu vikið á nokkra annmarka, sem sveitaverzlun geta verið samfara; hún er ekki eiginlega *af beðin,* heldur er með berum orðum sagt, að nefndin álíti hana ekki nauðsynlega *að svo komnu.* Aðal-atriðið er, að minni meiníngu, og hin brýnasta nauðsyn, að verzlunarfrelsið fáist *sem fyrst*: hvernin það verður lagað, sèst þá fyrst, þegar það er feingið; og þá mun bráðum lýsa sèr, hvort sveitaverzlun er nauðsynleg; reynist það svo, er vonandi hún fáist líka. Eg tek það því upp aptur, að mèr finnst aðal-atriðið vera, að verzlunarfrelsið fáist sem fyrst, og ekki vert að herða mikið á því, sem kann að verða til fyrirstöðu aðalmálefninu; sveitaverzlun kann sumstaðar að vera góð, en ekki get eg álitið hana eins óaðskiljanlega frá frjálsri verzlun, eins og birtuna frá sólunni.

Framsögumaður: Eg verð nú að lyktum að leyfa mèr að fara fáeinum orðum um mál þetta, áður til atkvæða er geingið.

Hinn heiðraði nefndarbróðir minn, sem nú settist, svaraði að miklu leyti því, er eg ætlaði mèr að svara þeim mönnum, sem hafa mælt með sveitaverzluninni. Eg ætla enum heiðruðu þíngmönnum að vestan þá skynsemi og föðurlands ást, að að þeir ekki spilli góðum málalyktum með atkvæðum sínum, en það gjöra þeir víst, ef þeir gefa atkvæði sín breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Norður-Þíngeyarsýslu, eins og það er lagað; og ef þeir eru eins sannfærðir um nauðsyn og gagn sveitaverzlunarinnar, og þeir láta, þá var þeim innan handar að bera upp um hana viðauka eður breytíngaratkvæði, það er betur ætti við, en þetta, þegar í undirbúníngsumræðu málsins; hafi sveitaverzlun þókt tvísýn, eptir því sem upp á henni var stúngið 1845, þá er það ljóst, að hún er óhafandi svo, sem í þessu atkvæði er farið fram. Eg skal fúslega játa, að vestanmenn hafa rètt að mæla, að sveitaverzlan eigi vel við og megi koma að gagni í kríngum Breiðafjörð, og má ske víðar þar vestra; landið er þar vogskorið, eg þekki þar ekki grant til, en þá krefst eg einnig þess, að þeir heiðruðu þíngmenn að vestan játi, að vèr einnig höfum á rèttu að standa, sem þekkjum til í öðrum hèröðum betur en þeir, og segjum að hún sè þar óhafandi að sinni, og ekki nema til íls eins. Þeir verða þá að játa, að hafi stjórninni fundizt athugaverðar

uppástúngurnar um sveitaverzlunina 1845, eins og eg ætla víst, og stiptamtmaður að nokkru leyti drap á í athugasemdum sínum í gær, þá muni uppástúngan eptir þessu breytíngaratkvæði, og eins og það nú er orðað, þykja næsta ískyggileg; en ef hún þykir svo, þá er það auðvitað, að hún spillir fremur fyrir aðalmálinu og seinkar úrgeiðslu þess, heldur en hvað hún bætir eða flýtir fyrir henni, og þá ætla eg, að hinir heiðruðu vestanmenn breyti óhyggilegar, en þeir eiga vanda til, ef þeir vilja spilla fyrir aðalmálinu, með því að gefa atkvæði sín þessari breytíngar uppástúngu.

Hinn heiðraði varaþíngmaður úr Gullbríngusýslu hefir bæði í gær og í dag fastlega mælt fram með breytíngar atkvæðum sínum, og eg lái honum það ekki, þó auðvitað sé, að ef hann er oss öðrum samdóma í því, að mest sé nauðsynin á, að frjáls verzlun fáist sem fyrst, þá eigi í rauninni ekki við, að stínga upp á nema því, sem gjöri að sjálfsögðu ráð fyrir, að frjáls verzlun fáist ekki nú fyrst um sinn. En það var og eitt í ræðum hans bæði í gær og í dag, sem þegar vel er að gætt, fremur fellir, en styður þessar uppástúngur hans; hann nefndi það optar en í eitt skipti, að Keflavík væri svo ónógur og lítilfjörlegur kaupstaður, að kalla mætti, eptir því, sem mig minnir hann segði, að hún væri á „horriminni“; en mèr virðist auðsætt, að ef leyfð væri verzlun eptir hans uppástúngu á Vogavík og í Höfnum, og þannig drægist talsverð verzlun frá Keflavík, eptir því sem verið hefir, þá yrði hún fyrir það henni handbjargar ómagi. Yfir höfuð álít eg litla nauðsyn þessara breytíngaratkvæða, og hygg, að ekkert verulegt á vinnist frekara fyrir þau, en fyrir fimtu uppástúngu nefndarinnar. Öllu öðru máli er að gegna með Krossvík; eg get eingan veginn verið á máli hins fyrsta konúngkjörna þíngmanns, að það dragi of mjög frá Reykjavík, ef þar er verzlað, einkum eptir varauppástúngu nefndarinnar, en það má þó verða tveimur þeim sýslum, sem ekkert kauptún hafa, til hinnar mestu hægðar. Eða því mundu ekki Reykjavíkur kaupmenn geta gjört þángað út lausakaupmenn til verzlunar, sem svo er nærri, fyrst þeir finna sig skaðlausa af því, að gjöra út lausakaupmenn til ýmsra hafna vestan lands og til Múlasýslnanna, sem svo margfalt leingra er burtu.

En eg ætla að lykta þessar athugasemdir með því, að minna þíngið á það, sem annar hinna heiðruðu konúngkjörnu

nefndarmanna áðan tók fram, að það er aðalatriði máls þessa, að vèr biðjum um, að fá frjálsa verzlun sem fyrst, og að vèr megum því ekki láta hugann leiðast til neinna þeirra uppástúngna, sem miklu er minna í varið, en sem stjórninni kunna að virðast ískyggilegar, og geta orðið aðalmálinu til fyrirstöðu, og eg vona, að þessi skoðun ríki og ráði mestu hjá þíngmönnum, þegar þeir gánga nú til atkvæða.

Ásgeir Einarsson: Mèr hefir þókt óþarfi að taka til orða í þessu máli hingað til, því eg hafði tækifæri til þess í nefndinni. Hingað til hefir ekkert verið hrakið í nefndarálitinu, þó einstaka smá-atriðum hafi verið lítilfjörlega vikið við. Nú er farið að ræða um sveita og einstakra smávíkna verzlun, sem nefndin hèlt að mundi verða bætt úr fyrst um sinn með flutníngaleyfinu, enda hefir nú ekkert breytíngaratkvæði verið borið upp um sveitaverzlun, sem á yrði fallizt, því þíngmannsins úr Norðurþíngeyarsýslu er svo óákveðið. Annars er mèr það ókunnugt, að efnuðum bændum sè bannað, að hjálpa sveitúngum sínum um nauðsynja vörur, þó þær sèu útlenzkar; þvert á móti get eg fært gagnstætt dæmi um bónda, sem keypti töluvert af korni á Ísafjarðar verzlunarstað, og flutti það lánga vegi til heimilis síns í hallæristíð, seldi og gaf sveitúngum sínum mikið af því; þess er ekki heldur getið, að hann hafi sætt neinni heguíngu fyrir þetta, því konúngur sæmdi hann heiðursmerki fyrir þetta og fleira. Eg veit ekki heldur til, að bændur, þar sem eg er kunnugur, fari neitt leynilega með það, þó þeir selji nágrönnum sínum, er á liggur, færi, steinkol, járn, salt, eða korn, og þetta hefi eg ekki vitað þá varast. Eg ætla ekki að þessu sinni að fara að spá, hverjar afleiðíngar sveitaverzlun mundi hafa, eins og sumir skoða hana nú; en þess vil eg geta, að nefndinni þókti nógur tími til að koma henni á, ef nauðsyn krefði, þegar aðalverzlunarfrelsið væri feingið, því varla yrði það óhægra, ef frjálsari stjórnarskipun kæmist á hèr í landi. Mèr hefir ekki verið borið það á brýn, að eg vildi ekki eða þyrði biðja um nógu mikið, eða væri svo fast bundinn við gamlan vana, en þó vil eg ekki beiðast þess með ákefð, er mèr sýnist að geti orðið til óhags. Mèr sýnist, eins og sumir sèu svo ákafir með að fá svo ótakmarkað verzlunarfrelsi nú þegar, að þeir haldi, að ómögulegt sè seinna að bæta við smágreinir þess, og ætli því strax að grafa út fyrir allar rætur, eða ímynda sèr, að öllu verði við komið í einu,

eins og menn ímynduðu sèr að geta tekið eilífðina upp í einni ausu. Þingmaður Dalasýslu hèlt, að ef sveitaverzlun yrði ekki leyfd, mundi allur verzlunar ágóðinn dragast til kaupmanna, og þeir fara með hann til annara landa; en það er nú einhver krðptugasta ástæðan, sem færð hefir verið fyrir verzlunarfrelsinu, að þá mundu kaupmenn setjast að í landinu sjálfu. Eg vil nú biðja þingmenn að athuga, hversu vel það mundi líta út hjá stjórninni, ef þingið fèllist á þennan skoðunarmáta þingmannsins. Eg ætla ekki að fara um þetta fleirum orðum, því eg vona þingmenn gæti sín, þegar þeir greiða atkvæði. Í gær var talað um það, hvort Ísafjarðar verzlunarstað vantaði ekki læknir og sýslumann, til að geta vorðið aðalverzlunarstaður; get eg þess því, að þar er læknir, og mundi vera hægt að koma því við, að sýslumaður væri þar líka, sem að öðru leyti er ekki óhentugur staður í tilliti til sýslubúa, sem þángað fara opt, en verzlunarstaðurinn einkar vel fallinn til að vera aðal-verzlunarstaður. Líka vil eg minnast þess, er rædt var um, að takmarka legufrest lausakaupmanna á höfnum, og get eg þess, að ómögulegt er að fyrir muna slíkt, því þó þeir sèu algjörlega búnir til burtsiglíngar, gefur þeim opt ekki.

Varaforseti: Áður en geingið er til atkvæða í máli þessu, verð eg með einu orði að mæla fram með bænarskrá þeirri, er eg var flutníngsmaður að frá Borgarfjarðarsýslu.

1845 flutta eg bænarskrá sama efnis, að verzlan yrði leyfð á Krossvík á Akranesi; höfðu undir hana skrifað fáeinir menn, flestir úr Mýrasýslu. En í ár hafa 122 menn í Borgarfjarðarsýslu undir skrifað bænarskrána, sem hèr er að ræða um, og er það eðlilegt, að fleiri Borgfirðíngar hafa nú hallazt að þessu máli, því tveggja ára reynsla hefir nú sannfært þá um þá verulegu hagsmuni, er slík verzlun veitir þeim. Hefir það einnig rekið eptir þeim, að endurnýa bæn sína, að á nýári 1850 er leyfi það út runnið, sem gefið var verzlunarmönnum í Reykjavík til að verzla þar. Framsögumaður hefir eptir sannfæríngu sinni studt mál þetta; en hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður veraldlegu stèttarinnar lagði áðan Krossvík og Vogavík að jöfnu, er hann mælti á móti fjölgun kauptúnanna; en hann gætti þess ekki, eða vildi ekki gæta þess, að í Gullbríngusýslu eru þrír kaupstaðir, svo að stærri kauptún eru hvergi á landi hèr, og þar liggur Vogavík mitt á millum tveggja þessara kauptaða, svo að örskamt er til beggja, en Krossvík þar

á móti í Borgarfjarðarsýslu, þar sem eingin verzlun er, og ekki heldur í næstu sýslu, og eru það eindæmi í landi hèr, að kauptúnalausar sèu tvær sýslur, er saman liggja, og kauptúnum þó verður við komið í báðum.

Innbúar Mýrasýslu mundu að vísu vinna, ef verzlun kæmist á í Krossvík, helming kostnaðar, tímatafar og erviðismuna, er af verzlun þeirra leiðir, en Borgfirðingar tvo þriðjunga.

Verða nú þingmenn, sem atkvæði eiga að greiða máli þessu, að dæma hèr um eptir sanngirni sinni; eg mæli hèr ekki meira fyrir, því eg vona öllum sè auðsær sanngirni kröfunnar.

Th. Gudmundsen: Hafi eg rètt tekið eptir, þá gat hinn heiðraði varaforseti þess í ræðu sinni, að í Gullbringusýslu væri 3 kaupstaðir, en þá er það orðið af misskilningi, því Reykjavík er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig.

Í eingri sveit í Gullbringusýslu eru aðflutningar eins örðugir og í Grindavík, því bæði liggur þessi hreppur nokkuð lángt frá kaupstað, og er vegna grasleysisins mjög hrossafár, svo eg hefi orðið opt var við, þegar eg hefi skipt dánarbúum þar í sveit, að erfingjunum hefir, hverjum fyrir sig, mest leikið hugur á að hlotnast í sinn hluta dróg, þar sem búið átti hana. Eg vil því innilega mæla fram með, að þeim föstu kaupmönnum verði leyft að flytja vörur til Grindavíkur, og að sækja þángað sjóleiðis íslenzkar vörur.

En þar sem þess var getið, að ef að lausakaupmönnum yrði leyft að verzla á Vogavík, mundi Keflavík komast á heljar þrömina, þá get eg ekki sèð, að þetta beinlínis leiði af þessu verzlunarleyfi, með hverju eg reyndar ekki mæli neitt fram. Má ske þetta leyfi, feingist það á annað borð, yrði kaupmönnum í Keflavík meiri hvöt til að birgja Strandarhreppsmenn í tíma með aðflutningum af vörum, áður en lausakaupmenn árlega kæmu á Vogavík, og ætla eg, að verzlun þeirra með því móti mundi fremur fara vaxandi, en minkandi.

Þar eð einginn tók framar til máls, kvað varaforseti málið fullrædt til lykta, og skoraði á þingmenn að gánga til atkvæða um þessi atriði.

Þá beiddi framsögumaður forseta, ef hann hefði ekkert móti því, að bera það undir þingmenn, hvort ekki mætti breyta orðatiltækjunum í hinni sjöttu atkvæðaspurningu á þá leið, sem hann (framsögumaður) áður hafði drepið á í hinni fyrri ræðu sinni, „að verzlunarfulltrúarnir hefðu leiðarbrèf hinnar

dönsku stjórnar til útbýtingar; forseti bar þá þetta undir þingmenn, en enginn mælti á móti þeirri breytingu.

Síðan leitaði varaforseti atkvæða þingsins á þessa leið:

1. Vill þingið, að Berufjörður sè ákveðinn aðalkaupstaður á austfjörðum til uppsiglingar fyrir útlenda, í stað Eskifjarðar (Thorstensen)?

Samþykt með 21 atkvæði gegn 1.

2. Vill þingið, að 4. uppástúngu bænarskráarinnar til konúngs frá 4. ágúst 1845 verði svo breytt, að aðalverzlunarfulltrúum (General-Consuler) hinnar dönsku stjórnar verði feingin leiðarbrèf stjórnarinnar til útbýtingar gegn lögskipuðu endurgjaldi handa kaupmönnum í því ríki, sem vilja verzla á Íslandi (Thorstensen)?

Samþykt í einu hljóði.

3. Vill þingið biðja um, að utanríkis þjóðum verði sem allra fyrst veitt frjáls verzlun á Íslandi, á þann veg sem tekið er fram í allra þegnsamlegustu bænarskrá alþingis dags. 4. ágúst 1845, að undantekinni 3. og 8. grein og með breytingu þeirri á 4. grein, sem nú var samþykt með atkvæðagreiðslunni No. 2?

Samþykt í einu hljóði.

4. Vill þingið aðhyllast stafliðinn *b* í fyrstu uppástúngu nefndarinnar um þá verzlunarstaði, er útlendum kaupmönnum sè gjört að skyldu að sigla fyrst upp, að því breyttu, að Berufjörður sè í staðinn fyrir Eskifjörð?

Samþykt í einu hljóði.

5. Vill þingið, að löggilt verði kauptún við Krossvík á Akranesi (2. uppást. nefnd.)?

Samþykt með 18 atkvæðum gegn 4.

6. Vill þingið, að lausakaupmönnum, hvaðan sem eru, verði leyft að verzla þar (í Krossvík) um ákveðinn tíma sumarsins, sem fyrir fram sè til tekinn og auglýstur (2. varauppástúnga nefndarinnar?

Samþykt með 21 atkvæði gegn 1.

7. Vill þingið, að Norðmenn megi flytja timburfarma í Þorlákshöfn og selja þar, á sama veg sem í öðrum kaupstöðum landsins, og að aðflutníngsleyfi það, sem veitt var með opnu brèfi 11. maí 1847, verði að öðru leyti endurnýað (3. uppástúnga nefndarinnar)?

Samþykt með 21 atkvæði gegn 1.

8. Vill þingið, að kauptún verði löggilt við Papafjarðarós í Austurskaptafellssýslu (4. uppástúnga nefndarinnar)?

Samþykt í einu hljóði.

9. Vill þingið, ef uppsigling reynist eins trygg í Hornafjarðar, sem í Papafjarðarósi, og sönnun sú getur komið til stjórnarinnar, áður leyfið er gefið, þá sè heldur leyfð uppsigling og verzlun á Hornafjarðarósi (Guttormur Vigfússon)?

Samþykt í einu hljóði.

10. Vill þingið, að öllum búsettum kaupmönnum á landinu verði leyft að láta flytja og sækja alla nauðsynja og þúnga vöru inn á hverja þá vík, sem þeim þykir fært fyrir skip sín, með þeim kjörum, sem hvorumtveggjum um semur, og brúka við þessa vöru vigt og mæli (5. uppástúnga nefndarinnar)?

Samþykt með 21 atkvæði gegn 1.

11. Vill þingið, að þeir frá verzlunarstöðunum, er flytja farma á þá staði, hvar verzlan enn ekki er leyfð, megi ekki hafa meðferðis minni vigt, en 5 £ lóð með tilheyrandi skálum og mundángsreizlum og ekki minni mælikeröld en hálftunnu mál (Sveinbjörnsson)?

Samþykt með 17 atkvæðum gegn 5.

12. Vill þingið, að öllum dönskum lausakaupmönnum verði veitt verzlunarleyfi á Vogavík og í Höfnum, þar til alment verzlunarleyfi fæst (Guðmundur Brandsson)?

Felt með 12 atkvæðum gegn 10.

13. Vill þingið þá, að þetta verði veitt á Vogavík einni (Guðmundur Brandsson)?

Felt með 13 atkvæðum gegn 9.

14. Vill þingið, að efnagóðum mönnum sè leyft að kaupa svo mikið, sem þeir vilja eða geta, að lausakaupmönnum, sem verzla á sjó um lítinn tíma, af þarflegum vörum, og selja þær aptur þeim, sem ekki geta keypt á þeim tíma vegna kríngumstæða, og fái þar til leyfisbrèf frá yfirvaldinu (Jakob Pètursson)?

Felt með 15 atkvæðum gegn 7.

Að lyktum var lesin upp og samþykt allra þegnsamlegust bænarskrá um, að greiða megi tíund til prests og kirkju annaðhvort í góðum og gildum aurum eða í peníngum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni; bænarskrá þessi er svo látandi:

Til Konúngs.

Frá 206 mönnum í Suðurþingeyarsýslu, og þar á meðal 6 prestum, er alþingi send uppástúnga um, að tíundir til prests og kirkju megi greiða eptir meðalverði allra meðalverða eptir verðlagsskránni á réttum gjalddaga.

Eptir að búið er að ræða mál þetta til undirbúnings og ályktunar á 2 aðalfundum þingsins, leyfir það sèr allra þegnsamlegast að tjá yðar hátign tillögur sínar þar að lútandi.

Þingið má að vísu viðurkenna, að eigi sè neitt beint lagaleyfi fyrir því, að gjaldendur megi greiða tíund sína í peningum, eins og nú var ávikið, eptir verðlagsskránni, en aptur er þó hins að gæta, að tíund til yðar hátignar og fátækra um lángan tíma hefir verið greidd í peníngum eptir meðalverði allra meðalverða, þar sem gjaldendur hafa kosið sèr þenna gjaldmáta, heldur en að gjalda tíundarhluti þessa í aurum; og má það því þykja næsta óliku farið fram, þar sem svo náskyld gjöld, sem allir fjórir hlutar tíundarinnar eru innbyrðis að uppruna og eðli sínu, að eigi er hinn sami gjaldmáti hafður við fyrir þá alla eða af öllum tíundaheimturum, eins og það líka er alleðlilegt, að gjaldendum ekki getur skilizt, að nokkur skylda geti legið á þeim um að greiða sama gjaldið með ýmsu móti til þeirra, sem við eiga að taka, og það því síður, sem hin upprunalegu og elztu tíundarlög Íslendinga ekki gera ráð fyrir neinum greinarmun í þessu tilliti; en þegar nú svona hagar til, þá valda þær reglur, sem kirkna haldendur og prestar almennast fara eptir og fyrir þá eru lagðir í kansellíbréfunum frá 1. apríl 1815 og 28. oktbr. 1847, þess meiri ágreiníngi víða um landið, sem ekkert það lagaboð nokkurn tíma hefir verið birt gjaldendum, er einskorði ullu og tólg, sem tíundar skileyrir, en það virðist þínginu að eingan veginn verði bygt á reglugjörð frá 17. júlí 1782, 7. gr., sem til tekur útgeingilegar vörur, (afsættelige Varer), og þar á meðal fisk, en aptur ætlar þingið það sjálfsagt, eptir þýðingu þeirri á tilskipun frá 16. júlí 1817, sem næst liggur við og við hefir geingizt í öðrum tilfellum hèr í landi, að gjaldheimtumaður þá að eins fær heimtað gjaldið greidt í peníngum eptir verði verðlagsskrárinnar á til teknum gjaldeyrir, þegar þessi gjaldeyrir að réttu lagi er áskilinn, en að öðrum kosti eigi það að vera á gjaldanda valdi, að greiða eptir meðalverði allra meðalverða, þegar hann eigi kemur sèr saman við gjaldheimtumann um neinn (annan)

gjaldeyrir; hafa það því orðið málalyktir á þinginu, að það hefir fallizt á þessa tilhögun, eins um tíundargjald til prests og kirkju, sem til konúngsins og fátækra, enda stendur opt svo á, að fyrr nefndum tíundatakendum má koma þetta eins vel og tólgar eða ullar gjaldið.

Þessu samkvæmt leggur þingið það einnig til, að þegar gjaldandi velur að gjalda í landaurum, þá sè hinn framboðni gjaldeyrir eigi lægri í verði, en verðlagsskráin segir fyrir um meðalverð allra gjaldaura á alin, þó þannig, að þorskfiskur jafnan sè gildur gjaldeyrir í allar tíundir við sjávarsíðuna; en þar sem það nú er lagt fyrir í hinu áður nefnda kansellíbrèfi frá 1847, að kirkjum sè gjörð skil fyrir tíundum (upp til sveita) eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ullu og tólg, þá liggur það beint við, að kirkjuhaldendum, er þær framan greindu ákvarðanir ná lagagildi, eigi verður gjört að skyldu að gjöra kirkjum skil fyrir tíundinni eptir hærra verðlagi, en meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni.

Að svo fyrir mæltu leyfir alþíng sèr allra þegnsamlegast með 18 atkvæðum gegn 4 að bera þá bæn upp fyrir yðar hátign, að yður allra mildilegast mætti þóknast að láta ganga út lagaboð, er ákvarði:

1. Að gjaldendur hafi valið að greiða tíundir til prests og kirkju, annaðhvort í peningum eptir meðalverði allra meðalverða á alin í verðlagsskránni, eða í góðum og gildum landaurum, þó þannig:
2. Að sjávarbændur jafnan eigi kost á að greiða tíundir þessar með gjaldgeingum þorskfiski.
3. Að þegar í landaurum er goldið, mæti alin alin, þó svo, að sá eyrir, sem goldið er í, ekki sè verðlægri en meðalalin eptir verðlagsskránni, óg
4. Að kirknahaldendur gjöri kirkjum skil fyrir kirkjutíundum eptir meðalalin.

Er hið 1. þessara atriða samþykt af þinginu með 19 atkvæðum gegn 3. hið 2. með 15 gegn 7, hið 3. og 4. með 17. gegn 5.

Alþíngi, 27. dag júlímánaðar 1849.
Allra þegnsamlegast.
Hannes Stephensen. *J. Johnsen.*

Fundi slitið þángað til kl. 5½.

27. júlí — tuttugasti og fimti fundur.

Varaforseti hóf þingstörfin að nýu, og lagði fram til undirbúningsumræðu frumvarp og álitsskjal nefndarinnar í kosningarlaga málinu, og afhenti hvortveggja framsögumanni, Jóni Guðmundssyni.

Framsögumaður: Áður en eg les upp frumvarpið til kosningarlaganna og álitsskjal nefndarinnar, vildi eg leyfa mèr að spyrja hinn hátt virta forseta, hvort ekki muni fara bezt á því, að ræða frumvarpið greinum saman, eptir því sem nefndin hefir skipað þeim að efninu til og ástæðunum.

Varaforseti: Eg er á því með framsögumanni, að bezt muni vera, að ræða frumvarpið á þann hátt, sem hann stingur upp á; ætla eg það verði viðfángshægra og greinilegra, að ræða þannig sèr í lagi og ljúka við í einu þær greinirnar, sem saman eiga, heldur en að hafa alt frumvarpið undir í senn.

Framsögumaður las þá upp frumvarp og álitsskjal nefndarinnar svo látandi:

Frumvarp

til kosningarlaga, eptir hverjum kjósa skal til þjóðfundar þess á Íslandi, sem boðaður er með allra hæstum úrskurði 23. september 1848.

§ 1.

Á þjóðfundi þeim, sem boðaður er í allra hæstum úrskurði 23. sept. 1848, og hvers ætlunarverk þar er tekið fram, skulu eiga setu 46 fulltrúar, 40 þjóðkjörnir og 6, er vèr áskiljum oss að kjósa, áður en þjóðkosningar fara fram í landinu.

§ 2.

Kjördæmi til kosninga skulu vera lögsagnarumdæmin á Íslandi, eins og þeim er nú skipað. Þó skal Skaptafellssýslu skipt í 2 kjörhluta, eins og til þessa.

§ 3.

Tveir skulu fulltrúar kosnir úr hverju kjördæmi.

§ 4.

Rètt á að kjósa fulltrúa eiga þeir einir:

a) sem hafa óflekkað mannorð; því má enginn sá kjósa, sem af hefir verið dæmt embætti, æra eður borgara rèttindi, eður sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almennings áliti; ekki heldur

neinn sá, sem sætt hefir laga-ákærum fyrir nokkurt því um líkt verk, og ekki er dæmdur alsýkn sakar.

b) Þeir sem eru 30 ára að aldri, þá kjósa skal.

c) þeir sem ekki eru sviptir forráðum fjárs síns á nokkurn hátt.

d) þeir sem leggja til sveitar af efnum sjálfra sín, og ekki standa í skuld fyrir sveitarstyrk.

e) þeir sem eru löglega ráðandi sjálfum sèr; þó má einnig sá kjósa, sem öðrum er háður, ef hann veitir heimili forstöðu; einnig, ef hann er mentaður maður og út skrifaður úr skóla; svo og verzlunarfulltrúar allir.

f) þeir sem hafa verið heimilisfastir í kjördæminu um 1 ár.

g) þeir sem oss eru þegnlega háðir.

§ 5.

Rètt á að verða kosinn til fulltrúa á þjóðfundinn á hver sá maður, sem er fullra 25 ára að aldri, þá er kosningin fer fram, og skortir að öðru leyti einga þá hæfilegleika, sem ráða kosningarrètti (4. §). Þó má og þann kjósa, sem ekki á heimili í kjördæminu.

§ 6.

Fyrir kosningum skulu standa, bæarfógetinn í Reykjavík, og sýslumaður hver í sinni sýslu.

§ 7.

Prestur hver skal með hreppstjórum, að ráðstöfun kjörstjóra semja áreiðanlega skrá yfir alla þá menn í sóknum hans, sem hafa þá eiginlegleika til að bera, sem til eru teknir í 4. gr. Skal skrá þessi til greina með fullum nöfnum, aldri, heimili og stètt, fyrst þá, sem eru þrítugir og eldri, og þar eptir hina, sem eru fyrir innan þrítugt, en þó fullra 25 ára. Í Reykjavík semur skrár þessar dómkirkjupresturinn og oddviti bæjarstjórnarinnar.

§ 8.

Nú eru nafnaskrár þessar ritaðar; skulu þær þá vera til sýnis öllum í þinghúsinu í Reykjavík, og hjá hverjum sóknarpresti ella, og skal því lýsa á vanalegan hátt, að minnsta kosti 14 dögum fyrir kjörþingi.

§ 9.

Þyki nokkrum einhver sá vera nefndur í kjörskránum, sem ekki hafi það til að bera, er veiti kosningarrètt eða kjörgeingi, eður að nokkrum manni sè þar ránglega slept, á hann

að tjá það kjörstjóra og sýna rök fyrir, að minnsta kosti 4 dögum fyrir kjörþing, en kjörstjórinn kveðji þá til kjörþingsins, sem fyrir slíku verða, og svo mótmælendur.

§ 10.

Kjörstjóri hver skal kveðja til aðstoðar sèr 2 eiðsvarna valinkunna menn, er vel þekkja til í kjördæminu, og skal hann skipta verkum með þeim.

§ 11.

Kosníngar skulu fara fram á sama degi um alt land, ef þess er kostur, og ella svo fljótt sem unt er. Áskiljum vèr oss að ákveða þenna dag, jafnframt og vèr boðum fulltrúana til fundarins, en kjörstjóri hver skal auglýsa á vanalegan hátt dag, stað og stundu þá, er kosníng á að fara fram, að minnsta kosti 8 dögum á undan.

§ 12.

Kjörstjóri og aðstoðarmenn hans skulu vera komnir á kjörþíngið hinn ákveðna dag og stundu, og hafa meðferðis kjörskrárnar (7. §) úr öllu kjördæminu og athugasemdirnar gegn þeim, ef nokkrar eru (9. §).

§ 13.

Kjörstjóri skal taka til starfa með því að brýna fyrir kjósendum, hve mikils varðandi kosníngin sè, og annist hann síðan, að hún fari fram sem skipulegast.

§ 14.

Áður en til kosníngа er geingið, skal kjörstjórinn leggja úrskurð á athugasemdir þær, sem fram eru komnar gegn kjörskránum (9. §) og sem enn kynnu að verða bornar upp á þínginu sjálfu. Þessir úrskurðir skulu ritaðir í gjörðabók kjörstjórnarinnar.

§ 15.

Skal að svo búnu geingið til kosníngа, á þann hátt sem kjörstjóri segir fyrir. Atkvæðin skal rita í 2 bækur þær, er hann fær sína hvorum aðstoðarmanni; skal í aðra rita nöfn allra kjósenda, og þar út undan nöfn þeirra, er hver kýs; en í hina nafn þess, sem kosinn er, og þar út undan nafn kjósenda hans, og skal hvert bókað atkvæði bera saman.

§ 16.

Hver sá, er neyta vill kosníngarrèttar síns, skal koma sjálfur á kjörþíng, og þá er hann er til kvaddur, nefna þá tvo menn, er hann kýs, fullu nafni, einnig stètt og heimili, og

kjósi hann nokkurn þann, sem kjörstjórnin ekki veit deili á, þá skal hann leiða ánægjanleg rök að kjörgeingi hans, ef þess er krafizt. Kjörstjórnarmenn greiði atkvæði sín seinastir allra kjósenda.

§ 17.

Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal að nýu bera saman kjörbækurnar og lesa upp greinilega, og sè þá leiðrètt og bókað um aptur, ef eitthvað hefir misbókazt. Nú er kosníngu lokið; skal þá telja saman atkvæði fyrir hvern þann mann, sem kosinn er, og þegar saman er lagt, kveða það upp fyrir þíngheiminum.

§ 18.

Þegar kosníngum er af lokið í báðum kjörhlutum Skaptafellssýslu (2. §), skal kjörstjóri þegar í stað kveða á dag, til þess að bera saman atkvæðin úr öllu kjördæminu, leggja þau saman, og rita í gjörðabókina, hvernig ráðizt hafa þar kosníngar. Annarhvor aðstoðarmannanna kjörstjóra úr báðum hlutunum sè þá viðstaddir, ef kostur er á, og riti nöfn sín undir það, sem fram fer. Skal kjörstjóri ákveða og auglýsa fyrir fram, nær kjörfundur sá skal vera, svo allir geti þángað komið, er vilja.

§ 19.

Þá 2, sem hafa hlotið flest atkvæði, skal nefna kjörna fulltrúa fyrir kjördæmið. Nú hafa 2, 3 eða fleiri jafnmörg atkvæði, þá sker kjörstjórnin úr með atkvæðagreiðslu að nýu, hverjir þessara sèu kosnir. Lendi eitt atkvæði kjörstjórnarmanna á hverjum tveggja, skal atkvæði kjörstjórans ráða.

§ 20.

Nú hefir sami maður hlotið flest atkvæði í fleirum en einu kjördæmi, og er búsettur í einhverju þeirra, þá er hann rètt kosinn þar, þó hann hafi hlotið fleiri atkvæði annarstaðar; sè hann í eingu þeirra búsettur, skal hann rètt kosinn þar, sem hann hefir atkvæðin flest.

Nú missir þannig eitthvert kjördæmi af einum eður fleirum þeirra, sem flest hlutu þar atkvæði, þá eru þeir, sem flest hafa atkvæði næst þeim, en þó ekki færri en 20, rètt kjörnir fulltrúar.

En fari svo að einginn þeirra, sem völ er á eptir í kjördæminu, hafi 20 atkvæði, þá skal sá rètt kosinn fulltrúi þess, sem fleiri hefir hlotið atkvæði í einhverju kjördæmi landsins,

en er þó ekki orðinn fulltrúi; og ræður þá einninn atkvæðafjöldi, en hafi 2 eður fleiri jöfn atkvæði, skal aldur, eða að öðrum kosti hlutkesti ráða.

§ 21.

Þá er kosningum er lokið, skal kjörstjóri hver tafarlaust senda stiptamtmanni skýrslu sína um þá, er atkvæði hafa hlotið, og hve mörg hver, og láta kjörskrárnar fylgja skýrslu þeirri. Ef innanhèraðsmaður hefir hlotið flest atkvæði, birti kjörstjórinn það á vanalegan hátt í kjördæminu, og fái fulltrúa þá þegar gjörð um kosníngu hans. En sè hann sjálfur kosinn, skulu gjörð þá rita undir sínum nöfnum aðstoðarmenn hans. En hafi eingi innan hèraðs flest atkvæði, skal stiptamtmaður vor kveða upp, eptir áður greindum skýrslum, samkvæmt 20. gr., hver rètt sè kjörinn fulltrúi hvers þess kjördæmis, og annist hann um, að þeir menn fái vissu um fulltrúa-nefnu sína svo tímanlega, að þeir geti setið þjóðfundinn.

Hver fulltrúi skal á þjóðfundinum sanna kosníngu sína með gjörð þeirri, er hann hefir feingið frá kjörstjórninni eður stiptamtmanni.

§ 22.

Hver fulltrúi skal fá 3 rbd. dag hvern í fæðispeníng, á meðan á fundi stendur, og fyrir hvern þann dag, sem hann verður að dvelja á fundarstaðnum fyrir og eptir fund.

En fyrir þann tíma, sem til ferðar geingur til fundarins og frá honum, fá þeir í fæðiskaup og ferðakostnað 4 rbdl. dag hvern.

Kostnað þenna skal greiða úr jarðabókarsjóðnum.

NEFNDARÁLIT OG UPPÁSTÚNGA

um frumvarp til kosningarlaga, eptir hverjum kjósa beri til þjóðfundar á Íslandi samkvæmt konúnglegum úrskurði 23. sept. 1848.

Þegar þetta heiðraða þíng fól oss undir skrifuðum nefndarmönnum bænarskrár úr ýmsum héruðum og frá ýmsum fundum, og þar á meðal frá hinum almenna fundi, sem sóktur var úr flestum umdæmum landsins 28. júní, er næst leið, á Þíngvöll við Öxará, um kosníngar til hins almenna þjóðfundar á Íslandi, sem boðaður er í allra hæstum úrskurði 23. sept. f. á., væntum vèr, sem fleiri aðrir, að konúngsfulltrúann mundi bera

að landi á hverri stundu með frumvarp til enna sömu kosníngarlaga frá stjórninni, er vèr vissum að hann ætti að hafa meðferðis, og bera undir álit þessa alþíngis, og frestuðum vèr fyrir þá sök að semja nýtt frumvarp til þessara laga frá stofni, svo leingi sem vèr hugðum fært vera.

En af því þetta málefni er svo mikils varðandi, og undir afgreiðslu þess frá alþíngi að þessu sinni er komið, að þjóðfundurinn komist á að ári, en aptur kosníngarlög þau, eptir hverjum til hans skal kjósa, eru ei að eins aðalhyrníngarsteinn fundarins sjálfs, heldur og alls þess, er hann leggur til um stjórnarskipun hèr á landi framvegis og samband þess við Danmörku, þá hefir það fyrir oss vakað, hvert vandaverk alþíng lagði oss á herðar, er það kaus oss í nefnd, til að leysa af hendi starfa þenna.

Hið fyrsta og helzta yfirvegunarefni vort til undirstöðu máls þessa var það atriðið, hvort kosníngar ættu að vera einfaldar eða tvöfaldar, sem um mörg undan farin ár hefir verið mesta umtalsefni allra kosníngarlaga, bæði í ritum og ræðum, ei að eins hèr á landi, heldur einnig víða erlendis. Vèr höfum og yfirvegað aðalatriði þetta sem vandlegast, og ástæður þær allar, sem hafa verið og verða teknar fram fyrir hvorritveggja kosníngaraðferðinni. Oss hefir eingan veginn gleymzt, að þegar rædt varð til lykta á alþíngi 1847 málefnið um breytíngu á alþíngistilskipuninni 8. marz 1843, þá fèllst alþíng með 12 atkvæðum gegn 10 á tvöfaldar kosníngar hèr á landi. Vèr viljum ekki neita því, að þegar litið er einúngis á víðáttu og strjálbygð lands þessa, og öllu öðru tilliti er slept, þá eigi tvöfaldar kosníngar hèr fult eins vel við og einfaldar. En þegar hins vegar er litið til hugarfars og hugsunarhátta Íslendínga yfir höfuð, til hugmynda þeirra, er hver maður, eins hinn fátæki, sem hinn ríki, gjörir sèr um hinn upprunalega og óræka rètt, sem hver frjáls maður á á því, að ráða því sjálfur, hvern hann velur sèr til erindsreka, í hverju sem er; þegar þess er gætt, að hèr er eingin meðalstètt í landinu, að hvergi er auður eða fátækt jafnlítill vottur vitsmuna og mentunar, sem hjá oss; þegar menn kannast við það, sem einginn hefir nokkru sinni dregið af alþýðu vorri, að hún sè, yfir höfuð að tala, mjög jafnkomin að greind og heilbrigðri skynsemi, að hvergi varla gefist minni þrælsótti meðal almúgans, nè kúgun á honum af hendi yfirboðara: þegar á allar þessar ástæður er litið, segj-

um vèr, þá mun það þó verða ljóst, hverjum manni, að einfaldar kosníngar og sem minnst bundnar sè hugsunarhætti og þjóðerni Íslendínga miklu eðlilegri, heldur en tvöfaldar kosníngar.

Vèr vitum, að það má bera fyrir, að allmargar bænarskrár hafi þó komið til alþíngis, bæði 1845 og 1847, um tvöfaldar kosníngar, og muni mega það leiða þá ályktun, að talsverður hluti þjóðarinnar hafi þá, að minnsta kosti til þessa, viljað fremur þessa kosníngar-aðferðina, en hina. En vèr þorum að fullyrða, að þó einstöku menn kunni að hafa álitið þessar kosníngar betri í raun og veru, en einfaldar, þá hafi þeir fremur litið á landslag og erviðleika, en á hugsunarhátt vorn og þjóðerni, eins og það er; vèr vitum og, að nokkrir merkismenn hafa haldið fast fram tvöföldum kosníngum, og talið nokkra aðra til að fallast á sína skoðan; en vèr erum þess og fullvissir, að sumir þessara manna, og ekki allfáir, hafa því að eins haldið fram þessum kosníngum, að þeir vildu heldur fá nokkra rýmkun og umbót í kosníngarlögunum, eptir því sem þau voru einskorðuð í tilskipun 8. marz 1843, en einga; þeir fundu þann kost þraungastan, að eptir tèðu lagaboði var kjörgeingi bundin við fjáreign, en þókti jafnframt síður eðlilegt, að kosníngarrèttur væri svo frekt bundinn, ef kjörgeingi feingist án allrar fjáreignar, en menn gátu ekki vonazt, eptir því sem kosníngarrèttur og kjörgeingi var bundin í Danmörku þar til í fyrra, að um hvortveggja yrði svo rýmkað hèr, sem þörf var á, einkum kjörgeingi; lèt konúngsfulltrúinn, sem þá var, skýlaust í ljósi um þetta meiníngu sína á alþíngi 1847 (alþ. tíð. 1847 bls. 750); fyrir þessa sök fóru margir að grípa til tvöföldu kosninganna, eins og annars neyðar-úrræðis, eins og þess hins skárra af tvennu illu, með því ekki var vonarlaust um, að stjórnin mundi ekki með öllu ófús á að slaka til með breytíngu á kosníngarlögunum á þenna veg.

Að bænarskrár undan farinna ára um tvöfaldar kosníngar, og jafnvel uppástúngurnar um það á alþíngi 1847, hafi að nokkru og miklu leyti átt kyn sitt að rekja til þess, er vèr nú gátum, fremur en hins, að sú hafi verið óbifanleg sannfæríng beiðenda og uppástúngumanna allra, það er nú komið fram, og styðst við meira, en eintóma skoðun vora á þessu. Bænarskrá frá almennum fundi við Öxará, dags. 28. júní þ. árs (en þann fund sóktu menn úr öllum umdæmum landsins, nema

einu), fer beinlínis fram á einfaldar kosníngar; 2 aðrar bænarskrár frá hèraðsfundum tveimur vestan lands á hinum fornu Þorskafjarðar og Þórness þíngstöðum (en úr nokkrum þeim hèruðum hafa áður komið eindregnar bænarskrár áður um tvöfaldar kosníngar) eru nú komnar, beiðist önnur einfaldra kosníngа, en hin leggur á vald alþíngis um kosníngaraðferðina, ef hún að eins megi verða sem þjóðlegust og frjálslegust. Þannig eru nú komnar fram af hendi þjóðarinnar svo skýlausar og órækar auglýsíngar, sem verða má, um það, að henni þyki hèr ekki eiga við öðruvísi kosníngar en einfaldar, og að hún geti eingar mætur haft á annari kosníngar-aðferð.

Allar þessar ástæður til samans teknar þókti oss nefndarmönnum svo miklu mikilvægari, en hinar, sem fyrir tvöföldum kosníngum mæla, að oss gat ekki blandazt hugur, að leggja einfaldar kosníngar til undirstöðu fyrir frumvarpi því, sem vèr nú höfum orðið að semja, þar sem ástæður þessar eru sprottnar af skýrlega og sem reglulegast auglýstum vilja þjóðarinnar, og koma öldúngis heim við sannfæríngu sjálfra vor, og vèr getum ekki dregið efa nokkurn á það, að stjórnin gefi þeim góðan gaum og aðhyllist þær, en þótt hún, ef til vill, kynni að hafa aðra skoðun á málinu, og vèr efum þetta því síður, sem þessi hin sama kosníngar-aðferð, sem vèr erum sannfærðir um að einúngis á við á Íslandi, eptir því sem hèr stendur á, var höfð við til ríkisfundarins í Danmörku.

Viljum vèr nú taka fram ástæður við hverja grein frumvarpsins sèr í lagi, þar sem ákvarðanirnar ekki leiða beint af eðli hlutarins, eður því sem áður hefir tíðkazt við kosníngar til alþíngis að undan förnu.

Við 1. — 3. grein.

Þegar vèr áttum að ákveða tölu fulltrúanna á þjóðfundinum, varð það helzt umtalsefnið, hvort ekki bæri nokkuð að líta á fólksríki hvers kjördæmis, og hvort ekki mundi nær sanni, að þau hin fólksríkari kjördæmi kysi 2 hvert, en hin 4 fólkfæstu, Reykjavík, Vestmannaeyar, Norðurþíngeyar og Strandasýsla, kysi hvert um sig einn. En þegar vèr annars vegar litum á það, að hin svo nefndu fólksríkari kjördæmi voru þó næsta misjöfn að fólksfjöldanum til, og svo, að aldrei mundi nást rèttur jöfnuður, þó kjörnir væri 3 úr hinum fjölmennustu kjördæmum: en hitt fannst oss ógjörlegt, að hafa kjördæmin með öðrum takmörkum, en verið hefir, og eðlilegast er,

eins og hèr stendur á; og einnig, að fulltrúar þjóðfundarins eiga að eins að ræða um aðalstjórnarmálefni alls landsins, en ekki neinar þær ákvarðanir, sem snerta einstaka hluti þess sèr í lagi; en þess er hins vegar gætt, að ef hin minni kjördæmi mætti ekki kjósa nema einn hvert, þá ættu þau svo mjög á hættu að verða af þessum eina, er þar væri, ef til vildi, kosinn með miklum atkvæðafjölda, bæði fyrir það, ef hinn sami væri kjörinn með fleiri atkvæðum í einhverju hinna fjölmennari kjördæma, eða fyrir ýmsra forfalla sakir, en þá mundi þeim kjördæmum þykja, að þau færi halloka fyrir öðrum hèruðum, ef þau ætti eingan á fundinum, er þau hefði sjálf kosið.

Við 4. og 5. grein.

Kosníngarrètt og kjörgeingi höfum vèr bundið hinum vanalegu og algeingu skilyrðum; vèr höfum hvorugt bundið við neina fjáreign, bæði af því, sem þegar er tekið fram í inngángi álitsskjalsins, að hvergi mun eign síður vera vottur vitsmuna og mentunar, en á Íslandi, og svo með tilliti til annar almennu skoðunar á slíku bandi kosníngarrèttar og kjörgeingi, bæði í öðrum löndum, og svo nú í Danmörku.

Aptur fannst oss, að kosníngarrèttinn bæri að binda við nokkurn þann aldur, sem fremur mætti tryggja skynsamlegar kosníngar, þegar sá rèttur væri gjörður svo almennur, sem vèr höfum stúngið upp á; því höfum vèr ákveðið 30 ára aldurinn. Þá eru menn ekki að eins komnir til fulls vits og ára, og hafa hlotið talsverða lífs reynslu og festu, heldur hafa kjósendur þá og yfir höfuð að tala veitt heimili forstöðu um leingri tíma; þeim hefir þá lærzt að taka eptir ýmsu verulegu ástandi bæði landsins yfir höfuð, og sveita þeirra, er þeim eru næstar, og að hafa mætur á, að alt fari fram með sem beztri skipun og reglu, og reynsla þessi og mætur, sem einmitt áratalan frá 25 til 30 hvað optast hefir leidt með sèr, tryggir það, fremur en hvað annað hèr á landi, að þeir gjöri sèr far um, að kjósa þá menn eina til þjóðfundarins, sem bezt eru til þess fallnir.

En einmitt af því vèr ætlum víst, að með þessu sè svo tryggilega, sem unt er, girt fyrir, að ekki verði kærulauslega flanað að kosníngum þjóðfulltrúanna yfir höfuð að tala, þá sjáum vèr ekkert á hættu, þótt kjörgeingi, eins hèr, eins og í Danmörku, sè bundin að eins við 25 ára aldurinn, því vèr erum

fullvissir um, að svo úngur maður verði hvergi kosinn, nema því að eins, að menn sè sannfærðir um ágæti hans og hæfilegleika, eins og vel má eiga sèr stað um einstöku vísinda og embættismenn á þeim aldri, en þá mætti það valda miklu tjóni, ef slíkan mann mætti ekki kjósa til fulltrúa, þar sem þó ekki er völ á allmörgum góðum fulltrúa-efnum hjá oss.

Við 6. — 14. grein.

Nefndinni fannst nauðsyn á, að alþýðu væri gjörður kostur á, að yfir fara kjörskrár þær, er prestur og hreppstjóri semja, og bera upp athugasemdir og aðfinníngar gegn þeim, en hún þorði ekki að stínga upp á leingri tíma til þessa, þar sem svo uggandi er, að hann, ef til vill, verði naumur; en sè þessa skipulega og vel gætt, ætlum vèr þó þenna tíma nægja, yfir höfuð að tala. Hin önnur aðferð við kosníngarnar yfir höfuð, er, að því leyti sem við á, á sama veg og lögboðið var til alþíngiskosníngа.

Við 15. — 19. grein.

Nefndinni þókti það of mikið band á kjósendum, og auka þeim óþörf umsvif, ef þeim væri gjört að skyldu, að sanna aldur *allra utanhèraðsmanna*, sem þeir gefa atkvæði sín, því kjörstjórninni má ætla það yfir höfuð, að þekkja til hlítar kjörgeingi flestra þeirra, sem kosnir eru, sem yfir höfuð að tala munu verða embættismenn, eður þjóðkunnir á annan veg; en aptur fannst henni rètt, að gjöra kjósendum þetta að skyldu, ef þeir kysi einhvern þann mann, er kjörstjórnin vissi eingi deili á, og ráði nokkrir kjósendur það af, að gefa atkvæði slíkum, þá verður það svo óvíða og sjaldgæft, að þeir mega fyrir fram vera við búnir ákvörðun þessari, þegar þeir sjá hana í þíngtíðindunum.

Þar sem við kosníngar til alþíngis var lagt fyrir, að kjörstjórnarmenn kysi *fyrst*, þá virtist nefndinni, að ástæða væri til að breyta þessari ákvörðun, þar menn yfir höfuð að tala hafa traust og álit kjósenda, og er ekki grunlaust með öllu, að þeir megi með atkvæðum sínum, ef þau eru greidd fyri fram, leiða nokkra kjósendurna til að greiða atkvæði sín á líkan hátt; en einmitt af þessari ástæðu, og því þeir eru að líkindum einhverjir skynsömustu og óvilhöllustu menn í kjördæminu yfir höfuð að tala, fannst nefndinni það hættulaust, og bezt til fallið, ef þeir rèði því með atkvæðum sínum að lokum, hver fulltrúi kjördæmisins yrði, ef svo stæði á.

Þessi hin sama skoðun hefir leidt nefndina til að stínga upp á ákvörðuninni í niðurlagi hinnar 19. greinar, sem þar til getur orðið nauðsynleg, ef svo stendur á, sem þar er gjört ráð fyrir, með jafnan atkvæðafjölda; þá ræður tilviljan ein, ef hlutkesti er látið ráða, og má af því leiða baga, eins og hverri annari blindri tilviljun, en ekki er kjörstjórninni jafnan unt, að láta aldur ráða, sízt þegar um utanhèraðsmenn er að ræða, enda má og segja, að þar ráði einnig tilviljan, þó aldur sèrhvers væri kjörstjórninni kunnur.

Við 20. og 21. grein.

Eptir alþingistilskipuninni mátti ekki kjósa kjörstjórann í hans kjördæmi; nefndinni fannst ekki, að þeirri ákvörðun bæri að halda, því þegar jafnmarga fulltrúa skal kjósa, þá má eingan veginn úti loka iafnmörg góð fulltrúa-efni, sem kjörstjórana, en þeir munu þó helzt kosnir yfir höfuð að tala í kjördæminu sjálfu, þar sem kjósendur þekkja þá; en ekki þókti nefndinni þörf að taka leyfi þetta beinlínis fram, nè á annan veg, en hèr er gjört.

Þegar nefndin var komin að þeirri niðurstöðu, að einfaldar kosníngar ættu hèr við, þá hlaut það að verða eitthvert hið fyrsta og helzta yfirvegunar efni vort, hvort það mundi verða hèr þokka eður happasælt, eður því yrði komið við hèr yfir höfuð, eptir því sem lands víðátta er hèr mikil, og erviðleikar, að gjöra fulltrúa-efnum að skyldu, að þeir fram bjóði sig á kjörþínginu, af því þetta þó þykir svo nauðsynlegt og eðlilegt í öðrum löndum, þar sem kosníngar eru einfaldar, og upp á því er stúngið í Þíngvalla bænarskránni. En nefndinni fundust svo mörg og mikilvæg vankvæði við framboð fulltrúaefna, einkum til þessa þjóðfundar, þar sem í mesta lagi ekki verður um að tefla, að þessu sinni, nema hávetrar tímann til samkoma þeirra, samræðna og samtaka, sem slík framboð út heimta af hendi kjósenda, að hún hlaut að leggjast á öll mið, til þess að komast hjá að stínga upp á framboðunum, ef hjá þeim yrði komizt á nokkurn veg. Þar til mundu framboð þessi verða miklu síður tíðkuð og notuð hèr á landi, en í öðrum löndum. Íslendíngum er yfir höfuð að tala fjarstæð öll sú framgirni, yfirlæti yfir sjálfum sèr og yfirlýsíng meiníngа sinna og skoðunar svona fyri fram, sem framboðum hljóta þó að vera samfara að meira leyti eður minna; og af því þetta er svo fjarstætt hugarfari manna hèr, þá mundi alþýða sízt leggja trúnað á þá,

eður veita þeim atkvæði sín, sem þann veg byði sig fram; allur þorri manna mun vilja hafa þekkingu og reynslu sjálfra sín fyrir sèr, þegar þeir kjósa, og því að eins gefa þeim, sem býður sig fram, atkvæði, að þeir þekki hann áður, og vilji hann til fulltrúa, en þá kjósa þeir hann, hvort eð er.

En til þess að komizt verði hjá, að kjósa um aptur, þegar sami maðurinn er kosinn með flestum atkvæðum í fleirum en einu kjördæmi, en það má vel að bera án framboðs, þegar kjósa má fulltrúann, hvar sem hann er í landinu, og á því verðum vèr að vera, svo kosningar geti verið sem frjálsastar og sem minnst band á kjósendum, þá höfum vèr stúngið upp á ákvörðuninni í 20. og 21. grein; vèr ætlum nú víst, að ekki muni þurfa að koma til þessarar úrgreiðslu, sízt þegar alþýða sèr, að svona er fyrir lagt, því þá mun hvert kjördæmi gjöra sèr far um, að undir búa svo kosníngar fyri fram, og haga þeim á þann veg, að ekki þurfi til þess að koma, að sá verði fulltrúi þeirra, sem kosinn er í öðru hèraði. En þó nú svona rèðist kosníngar fyrir eitthvert kjördæmi, þá meinum vèr, einkum þar sem vart yrði nema annar fulltrúinn svo kosinn, sem gjört er ráð fyrir í 20. grein, að af því leiði ekki nein veruleg vankvæði, af því þjóðfundurinn mun einúngis ræða alþjóðleg málefni, en eingi sèrstakleg, eins og vèr tókum fram í ástæðunum við 1. grein. Þó aðferð þessi valdi umsvifum nokkrum og sendiferðum, þá ætlum vèr, að hún valdi þó minni vankvæðum, en bæði framboð fulltrúa-efna og endurkosníngar, sem vart verður tími til.

Við 22. grein.

Fæðispeníngа fulltrúanna á þjóðfundinum ætlar nefndin að ekki muni mega lækka úr því sem verið hefir á alþíngi.

Aptur hyggjum vèr, að í ferðakostnað og fæðispeníngа, meðan á ferðinni stendur, megi nægja 4 rbd. dag hvern, sem til ferðar geingur.

Nefndinni þókti eingin þörf að nefna, á hvern veg kostnað þenna skyldi endurgjalda jarðabókarsjóðnum, því hún ætlar þjóðfundinn og ætlunarverk hans alls annars eðlis, en alþíng.

Bænarskrá sú úr Þórnesþíngi, sem nefndinni var falin ásamt hinum öðrum bænarskrám, fer því fram, að þjóðfundurinn sè við Öxará, en þar sem bæði hefir fyrri verið stúngið upp á hinu sama um alþíngi, og því hrundið hèr á þíngi, og þar til auðsætt, þegar þess er gætt, að þjóðfundurinn á að

verða að sumri komanda, að ekki er unt fyrir þann tíma að verða búið að koma upp fundarsal við Öxará, þá ætlar nefndin, að hún þurfi ekki að taka fram frekari ástæður fyrir því, að hún getur ekki að hyllzt þessa uppástúngu.

En áður en nefndin skilst við þetta mál, hlýtur hún að minnast á 2 þau atriði, er henni virðist nauðsyn á að bera upp um beina uppástúngu í bænarskránni til konúngs: en það er, að konúngur kjósi hina 6 fulltrúa fyrir sína hönd, sem nefndir eru í 1. grein, svo tímanlega, að það megi þjóðkunnugt verða, áður þjóðkosníngar fara fram í landinu, svo að landsmenn leiðist ekki til að kjósa hina sömu og konúngur, og að kosníngarlögin frá stjórninni mætti verða send híngað til landsins með póstduggunni; því beri út af því, getur svo árað hèr á landi hið næsta ár, og svo tafizt fyrir skipaferðum að vorinu, en þess eru nú ljós dæmi, hversu ferðir þeirra mega tálmast, að óvinnanda verði, að undir búa kosníngar og koma þeim af svo tímanlega, að fundinn megi halda að sumri, en nefndin ætlar víst, að ekki megi ákveða setníngu hans seinna, en 15. dag júlímánaðar 1850 sakir illviðra, er stundum er hèr von á haustum, og torfærna þeirra, þegar svo viðrar, á að ferðast heim til enna fjarlægustu hèraða; hyggur nefndin, að einnig um þetta eigi að bera upp beina uppástúngu.

Að svo fyrir mæltu leggur nefndin það til, að hið heiðraða alþíng sendi konúngi þegnlega bænarskrá um:

1. Að frumvarp þetta til kosníngarlaga, eptir hverju kjósa skal til þjóðfundar þess á Íslandi, sem boðaður er í konúngs úrskurði 23. sept. 1848, nái samþykki konúngs og öðlist lagagildi.
2. Að kosníngarlög þessi verði send híngað með póstskipinu í haust.
3. Að konúngur kjósi 6 fulltrúa til þjóðfundarins, sem af hans hálfu eiga þar setu, sem fyrst, og svo tímanlega, að það megi verða alkunnugt, áður þjóðkosníngar fara fram í landinu.
4. Að setníng þjóðfundarins verði ákveðin mánudaginn 15. júlímánaðar 1850.

Reykjavík, 24. dag júlímánaðar 1849.

Þ. Sveinbjörnsson. J. Guðmundsson. St. Jónsson.
Kr. Kristjánsson. J. Johnsen.

Framsögumaður: Áður tekið er þá til umræðu um 1—3. gr., sem nú í senn verður umræðuefnið, verð eg að geta þess í nafni nefndarinnar, að henni voru faldar til yfirvegunar 2 bænarskrár úr Norður og Suðurmúlasýslu, um að alþing tæki til umræðu hin helztu atriði, sem við ættu í stjórnarskipun hèr á landi. Þetta fannst nefndinni mjög fjærskilt ætlunarverki hennar, sem var það, að segja álit sitt um kosningarlögin. Þegar nefndin var komin að raun um þetta, hefði hún að vísu átt að skila bænarskránum aptur forseta, svo hann gæti afhent þær aptur flutningsmönnum, en þeir beiðzt, að sett yrði sèrstök nefnd um málefni þetta; en af því nefndin dró sem leingst störf sín, ef ske mætti, að konúngsfulltrúinn kæmi, þá sá hún, að þá var orðið svo áliðið þíngtímann, að vart yrði nefnd sett til að yfirvega þetta vandamál, svo að hún gæti lokið störfum sínum og þau svo orðið rædd til lykta á þessu þíngi; því fannst oss það koma fyrir ekki, að skila bænarskránum, en oss fannst rèttara, að geta þessa, svo ekki liti svo út, sem bænarskránum væri stúngið undir stól.

Að því búnu las framsögumaður upp 1. til 3. gr. frumvarpsins, og ástæðurnar fyrir þeim í álitsskjali nefndarinnar; kvað hann svo fyrst verða umræður um þessar 3 greinir.

Stiptamtmaður: Það er þínginu kunnugt, að eg ekki var mótfallinn því, að þíngið sjálft byggi til frumvarp til kosningarlaga fyrir þjóðfund þann, sem halda á næsta ár, og var það af ástæðum þeim, sem þíngið einnig veit, að frumvarp frá stjórninni yrði ekki komið, því þá var einginn kostur annar mögulegur, en að þíngið sjálft semdi það. Nú þar á móti er öðruvísi ástadt, þar sem, ef til vill, von er á, að skip það komi í kvöld, er flytur konúngsfulltrúann, er hefir í höndum frumvarp stjórnarinnar til kosníngarlaga, og ef nú von þessi rættist, og konúngsfulltrúinn kæmi á þíng þetta á morgun, þá þækti mèr illa fara, ef undirbúníngsumræðunni væri lokið, því hann kynni að hafa leyfi stjórnarinnar, að leingja þíngtímann, og óska, að taka þátt í seinustu umræðu málsins, en þá gæti ræða hans ekki haft áhrif á afdrif málsins, er breytíngaratkvæði þau, sem gjörð væru við undirbúníngsræðuna, að eins gætu komið til greina, og lokið væri undirbúníngsumræðunni, áður hann kæmi. Ef málið er rædt í pörtum, eins og stúngið er upp á, verður það að vera á valdi hans, að hefja undirbúníngsumræðu um það á ný, og í von þeirri, að umræður þíngs-

ins í dag ekki verði þessu til fyrirstöðu, skal eg ekki fara mörgum orðum um álitsskjal nefndarinnar, sem nú var lesið upp. Hvað við víkur tvöföldum og einföldum kosníngum, er eg nefndinni samdóma, og er það sannfæríng mín, að tvöfaldar kosníngar eigi ekki betur við þjóðfund þenna, sem um er rædt, en hinar einföldu. Ekki heldur er eg mótfallinn þeirri tölu þjóðfundarmanna, sem nefndin hefir stúngið upp á, en þíngmenn verða sjálfir að gæta vel að, hvort brýn nauðsyn er til, að þeir sèu svo margir, sem nefndin hefir stúngið upp á, eða hvort gjörlegt væri að fækka nokkrum. Að halda kjördæmunum óbreyttum, sem áður, held eg sè rètt, en mestur vafi leikur á því, hvort ekki sè orsök til, að kjósa 3 menn úr sumum þeirra eða hinum fjölmennustu, en aptur kynni að nægja að kjósa einn úr hinum fámennustu. Það væri merkilegt, ef Vestmanneyingar sendu nú 2 menn á þjóðfundinn, þar sem þeir áður sendu eingan á alþíng. Ef þíngið fellst á þetta, verður þá annaðhvort að lækka tölu þjóðfulltrúanna yfir höfuð að tala, eða hækka hana í hinum fjölmennustu kjördæmunum.

Framsögumaður: Eg ætla að leyfa mèr að svara því fyrst í ræðu herra stiptamtmannsins, sem hann hreifði fyrst, að af því nú sæist til skips, sem menn ætluðu væri það, er hefði að flytja konúngsfulltrúann, þá mundi vera bezt að fresta umræðum máls þessa að sinni, eða þá ræða það að eins svo, að undirbúníngsumræða yrði hafin að nýu, ef konúngsfulltrúinn yrði kominn og hann æskti þess. Eg ætla, að hèr skipti ekki nema tvennu, annaðhvort að halda áfram undirbúníngsumræðunni, beint eptir þíngsköpum vorum, eða þá hætta við hana nú þegar; hitt ætla eg ekki mega segjast, að vèr ræðum nú málið lauslega til undirbúníngs, og þó einnig síðar, fyrst að og á meðan herra stiptamtmaðurinn situr í sæti konúngsfulltrúa og gegnir störfum hans; því vil eg halda áfram framsögunni í kvöld, meðan dagur endist, þó konúngsfulltrúi komi á morgun.

Að öðru leyti voru það að eins fáar athugasemdir í ræðu stiptamtmannsins, sem mèr finnst nauðsyn að svara. Nefndin hugði, að ekki yrði því komið við, að ákveða fulltrúafjöldann eptir fólksríki kjördæmanna; þó að stúngið hefði verið upp á því, að nokkur fjölmennustu kjördæmi skyldu velja 3 fulltrúa hvert, þá mundi það samt hafa valdið ójöfnuði, því þau fjölmennustu eru og misfjölmenn. Það má nú að vísu telja mest-

an ójöfnuðinn, þar sem hin fámennustu kjördæmi mega kjósa jafnt, en bæði ætla eg, að nefndin hafi borið þar fyrir sig gildar ástæður, og í skipun 8. marz 1843 var þessa sama jafnaðar einnig gætt, nema um Vestmanneyar. Nú, eg neita því ekki, þessu kjördæminu má bregða næsta mjög við, að mega nú kjósa 2, en hafa ekki áður mátt kjósa *neinn*, en sú er bótin, að þeim þar á eyjunum bregður þá við *til ens betra*.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að öðruvísi hefir verið ástadt með önnur málefni þau, sem rædd hafa verið á þínginu, en með málefni þetta, sem er aðalætlunarverk þíngsins, og hefir verið til undirbúnings í Danmörk, og hefir konúngsfulltrúinn meðferðis frumvarp stjórnarinnar. En verið getur, að hann hafi ekki leyfi stjórnarinnar til að leingja þíngtímann, eða fallist á frumvarp nefndarinnar, og þá sè eg ekkert á móti, að undirbúníngsumræðu þíngmanna væri lokið, en óskandi væri, að þetta skeði á þann hátt, að það yrði ekki til fyrirstöðu því, að konúngsfulltrúinn gæti látið hefja umræður um málefnið á ný, ef honum virtist þess þörf; hvað mig sjálfan snertir, væri mèr kærast, að nú þegar væri lokið umræðum um það, og þeim frestað, til þess á morgun, en annars legg eg á vald þíngmanna að dæma um, hvað tiltækilegast sè.

Varaforseti: Það getur víst öllum þíngmönnum vel skilizt, að ef menn hefðu vissa von um, að konúngsfulltrúi yrði kominn í kvöld, eða snemma á morgun, þá væri það æskilegt, að hann gæti verið við staddur, þegar mál þetta er rædt, svo hann flytti oss boðskap stjórnarinnar, og honum gæfist kostur á, að skýra málið með athugasemdum sínum og færa mönnum heim sanninn, ef hið konúnglega frumvarp, sem von er á með honum, eða sjálfur hann gæti leidt í ljós eitthvað það, er betra væri, en það, sem þínginu tekst að stínga upp á. En það er aðgætandi, að hinn lögboðni þíngtími er á enda annað kvöld; verði því ekki undirbúníngsumræðu málsins lokið í dag, er þess ekki kostur, að ræða það til lykta á þessu þíngi, nema með því móti, að þíngtíminn verði leingdur; nú er það ekki á valdi þíngmanna, og ekki veit eg, hvort nokkur er hèr sá, sem til þess hafi myndugleika, eða þori að takast þá ábyrgð á hendur. Fari nú svo, að ekki verði af komu konúngsfulltrúa, fellur mál þetta niður, og væri það illa, ef svo tækist til.

Þíngið hefir, eins og öllum er kunnugt, frestað málefni þessu, sem leingst mátti verða, til að bíða eptir frumvarpi

stjórnarinnar; nú er málið komið í eindaga, og verði undandrátturinn á endanum til þess, að það ekki verði leidt til lykta nú á þinginu, þá er því fyrir gjört, að aðaltilgángi og helzta ætlunarverki þessa þings verði framgeingt.

Vilji samt herra stiptamtmaðurinn krefjast þess, að frestað sè umræðu málsins til morguns, skal eg ekki mæla móti því; það er á valdi þingsins, en ekki mínu, að skera úr því.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að eg skil alþingistilskipunina á þann hátt, að seinasti þingdagur sè ekki á morgun, því eptir henni á að halda þingið í 4 vikur, en það var byrjað á mánudag, og seinasti dagur yrði þá á mánudaginn kemur.

Varaforseti: Þó við nú reiknum sunnudaginn frá, er eptir mínum skilníngi hinum tiltekna þingtíma lokið að kvöldi hins 29. þessa mánaðar. Sunnudaginn getum vèr ekki tekið til þingstarfa; það hefir aldrei verið venja vor, og eigi heldur ætla eg það hæfa; en mánudaginn þarf þingið að fá til upplesturs álitsskjala, sem ekki geta fyr orðið búin.

Framsögumaður: Fyrst þannig snúast nú þingræður, vil eg einkum leyfa mèr að leiða athygli þingsins að tvennu. Það er að vísu mikils vert, sem herra stiptamtmaðurinn sagði um, hvaða afleiðíngar það mætti hafa fyrir mál þetta, ef konúngsfulltrúi yrði kominn hèr á morgun. Þó hann hafi nú það frumvarp að færa frá stjórninni, og þá skoðun hennar á málinu, er fari í gagnstæða stefnu að aðalatriðunum til, við það sem í þessu frumvarpi nefndarinnar er farið fram á, og þó nú þingið alt um það vildi heldur biðja um, að þetta frumvarp yrði löggilt, en hitt frá stjórninni; því eg ætla yður öllum þá festu, að þèr látið ekki telja yður hughvarf, frá því er þèr ætlið hollast að fara fram á í þessum efnum, hversu sem reynist skoðun stjórnarinnar: því má það miklu fremur bæta fyrir málinu en spilla, ef konúngsfulltrúinn yrði kominn og gæti skýrt oss frá skoðun og ástæðum stjórnarinnar, en vèr þó alt um það gætum fært í móti skynsamleg rök fyrir uppástúngum vorum; þetta var hið fyrra er eg vildi leiða að athygli þingmanna, en hið síðara er þetta: eg vorkenni að vísu þingmönnum, þó þeir vilji, að þingtíminn yrði sem styztur og að hann sè ei leingdur að óþörfu, nè umræðunum frestað, en eg bið yður að gleyma því ekki, að herra stiptamtmaðurinn hefir af stakri ljúfmennsku sinni tekizt þá ábyrgð á hendur, að setja

þíng þetta og gegna hèr störfum konúngsfulltrúa, og á hann fyrir það miklar þakkir skilið bæði að þínginu og þjóðinni, og því þykir mèr það næsta athuga vert, hvort þíngmenn treystast til að greiða atkvæði um, að halda skuli nú áfram undirbúníngsumræðum málsins í kvöld, ef hann beinlínis óskar þess, að þeim sè frestað til morguns.

Stiptamtmaður: Það er svo ástadt, sem hinn heiðraði framsögumaður sagði, að það er mikil ábyrgð fyrir mig, að þíngið fari leingra í máli þessu, þar sem konúngsfulltrúinn má ske kemur í kvöld, og mundi það þó vera minni ábyrgð, að bæta þriðjudeginum við, til að halda á seinustu samkomu þíngsins, ef nú er frestað umræðunni í von um konúngsfulltrúann.

Varaforseti: Að svo komnu máli verð eg að leggja til þess innileg tilmæli mín við þíngið, að þetta sè látið að bón herra stiptamtmannsins, og vona eg, að þíngmenn taki því fúslegar undir þetta, sem hann sjálfur hefir unnið svo rækilega með oss að málum vorum hingað til og svo mikið lagt á sig þíngsins vegna.

Jakob Pètursson: Eg vil heldur missa dagpeninga mína, þann daginn sem fram yfir hefir, en að bagi hljótist af því, að málinu ei sè frestað til morguns.

Nokkrir þíngmanna vöktu þá máls á því, að þíngið ekki mundi geta lokið störfum sínum á mánudaginn, ef undirbúníngsumræðu málsins nú væri frestað, og yrði því stiptamtmaður að takast á hendur að leingja þíngtímann fram á þriðjudag; hann kvaðst vilja taka þá ábyrgð að sèr, ef konúngsfulltrúinn yrði ekki sjálfur kominn, og fèllust þá allir þíngmenn í einu hljóði á, að umræðu málsins væri skotið á frest til næsta dags.

Síðan var lesin upp og samþykt allra þegnsamlegust bænarskrá um brúkun íslenzkrar túngu, svo látandi:

Til Konúngs.

Til alþíngis hafa í sumar verið sendar 4 bænarskrár, við víkjandi brúkun íslenzkrar túngu í málefnum þeim, er snerta stjórn Íslands. Þrjár af þeim, undir skrifaðar af til samans 226 mönnum, beiðast þess, að íslenzk túnga verði eingaungu við höfð hèr í landi á öllu því, er embættismenn rita við víkjandi högum landsins, og hin fjórða bænarskráin, með 119 nafna undirskript, beiðist þess, að hið sama eigi sèr stað er-

lendis, og að þeir einir menn verði kallaðir til stjórnar afskipta Íslands, sem sannað hafi, að þeir séu svo færir í íslenzku máli, að þeir fái bæði skilið túngu vora og ritað á hana.

Málefni þetta var fyrst hugleidt af 3 manna nefnd, og því nærst rædt á 2 aðalfundum; og leyfir nú alþíng sèr allra þegnsamlegast að skýra yðar hátign frá áliti sínu á því á þessa leið:

Þíngið finnur það til fullnustu, hve ógleymanlegan minnisvarða yðar hásæli faðir reisti sèr hjá oss, Íslendíngum, og hversu hann heiðraði rètt túngu vorrar og þjóðernis vors, er hann með úrskurði frá 8. apríl 1844 gjörði það að skyldu þeim dönskum mönnum, sem embætti vildu fá á Íslandi, að þeir hefðu numið túngu lands þessa, svo að bæði skildu þeir mál landsmanna, og gætu gjört sig þeim skiljanlega, og flutt embætti sín á íslenzka túngu. Þíngið ber einnig það örugga traust til yðar konúnglegu hátignar, að þèr ætíð berið föðurlega umhyggju fyrir að tryggja æ betur þennan hyrníngarstein þjóðernis vors, sem er móðurmálið. En þó þíngið samhuga álíti það ómetanlega mikils umvert, ekki einúngis að afleggist óþörf brúkun danskrar túngu, sem í embættisbrèfum hefir tíðkazt hèr á landi, heldur einnig að alt það, er snertir þjóðmálefni vor, væri ritað eingaungu á íslenzka túngu, bæði hèr á landi og erlendis, þá eru þeir þó færri þíngmanna, er ráðið hafa til að bera fram fyrir yðar hátign svo yfirgripsmikla bæn; fleirum hefir fundizt það nauðsynlegt, eptir því sem nú á stendur, að takmarka nokkuð þessa bæn, og binda hana við landið sjálft, svo að ekki væri beðið um meira, en að einúngis íslenzk túnga sè hèðan af við höfð í öllum embættisgjörðum og embættisbrèfum á Íslandi; og þó bænin verði þannig orðuð, er þó ljóst af umræðum þíngsins, að það meinar ekki þau embættis störf, sem beinlínis gánga hèðan frá landsins æðstu yfirvöldum, þar þau eiga ekki að gánga um í landinu til stjórnarinnar, og ekki heldur þær embættisgjörðir, þar sem einúngis útlendir menn eiga hlut að máli, er ekki skilja íslenzku, þar eð óumflýanlegt má álíta, að við hafa í þvílíkum tilfellum danska túngu, og þetta ekki beinlínis við kemur landsbúum.

Samkvæmt því, sem hèr að framan er sagt, leyfir þíngið sèr allra þegnsamlegast með 18 atkvæðum gegn 4 að biðja yðar hátign:

að einúngis íslenzk túnga sè hèðan af við höfð í öllum embættisgjörðum og embættisbrèfum á Íslandi.

Alþíngi, dag 27. júlímánaðar 1849.

Allra þegnsamlegast.

Hannes Stephensen. *Jón Guðmundsson.*

Þíngi slitið. Fundur ákveðinn að morgni um 10. stundu fyrir miðjan dag.

---

28. júlí — tuttugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykt.

Varaforseti kvað þá bezt að halda áfram undirbúníngsumræðu kosníngarlaganna, þar sem slept hefði verið í gær, og bað Jón Guðmundsson að halda áfram framsögunni.

Framsögumaður: Eg að mínu leyti átti ekkert órædt og eingu ósvarað af því, sem athugað var í gær við 1—3. gr., en það er mest komið undir herra stiptamtmanninum, hvort hann ætlar að hreifa við þær fleirum athugasemdum.

Stiptamtmaður: Þar eð nú ber nauðsyn til að halda áfram þíngræðum þeim, sem hófust í gær um þetta frumvarp kosníngarlaga til þjóðfundarins næsta ár, verð eg að bæta fáeinum athugasemdum við það, sem eg sagði í gær.

Eptir 3. gr. frumvarpsins skal að vísu kjósa 2 fulltrúa úr hverju kjördæmi, en það þykir mèr ísjárvert, að láta kjósa 2 fulltrúa fyrir Vestmanneya kjördæmi, þar sem þó Árnessýsla fær ekki heldur nema 2; eptir því eiga Vestmanneya og Ránárvallasýslur að kjósa 4 fulltrúa, einúngis fyrir það, að þessar sýslur, sem áður voru sameinaðar, nú eru orðnar að skildar. Mèr virðist því sanngjarnara, að Vestmanneyar ættu að eins að kjósa 1 fulltrúa, en Árnessýsla, sem hin fjölmennasta, 3, og að þannig ætti að breyta út af reglu þeirri, sem gjörð er í 3. gr. frumvarpsins.

Steffán Jónsson: Í nefndarálitinu er farið fram þeirri sömu stefnu með kjördæmin og fulltrúatöluna, eins og var við þá einu kosníngu, sem orðin er hèr á landi, því hvert kjördæmi hefir haft 1 þíngmann, og þókti því nefndinni ekki ástæða, að víkja frá þessari reglu, að láta þá líka hvert kjör-

dæmi hafa 2 þingmenn; því þó Vestmannaeyar hafi ekki átt neinn mann á þeim þremur alþingum, sem þegar eru haldin, þá er það af því, að þær hafa svipzt þeim réttindum, sem þeim með réttu bar, því svo stendur í alþingistíðindum 1845, „einginn var frá Vestmannaeyum, af því einginn gat kosið"; ætti því þetta kjördæmi ekki að missa réttar síns leingur.

Það er bágt að láta fólkstölu ráða, því hennar er mikill munur í kjördæmunum, en ekki gott að finna sanngjarnt mismunandi takmark, sem ekki, ef til vill, kynni að valda ágreiníngi.

Stiptamtmaður: Eg verð þó að halda, að mismunurinn á fólksfjöldanum í Vestmanneya og Árnessýslu kjördæmum sé svo stór, að þörf sé að breyta út af reglunni í 3. grein frumvarpsins, þar sem á Vestmanneyjum ekki eru full 400 sálir, en í Árnessýslu yfir 5000.

H. G. Thordersen: Mèr finnst það svo augljóst og svo sannfærandi, sem herra stiptamtmaðurinn sagði, að eg nú þegar vil bera upp breytíngaratkvæði á þá leið, að ekki nema einn fulltrúi sé kosinn fyrir Vestmanneyar, en þrír fyrir Árnessýslu; þykir mèr þá betur samsvara fólksfjöldanum í þessum kjördæmum, og líka koma bezt heim við það, sem áður var, þegar Rángárvallasýsla og Vestmanneyar var sameinað í einni sýslu, eins og stiptamtmaðurinn mintist á.

Framsögumaður: Ef litið er á fólksfjöldann einúngis, þá mælir nokkuð með því, sem herra stiptamtmaðurinn sagði, og hinn konúngkjörni þíngmaður nú bar upp breytíngaratkvæði um. En ef litið er á aðalskoðun þá, er nefndin hafði fyrir augum, nefnil. að þjóðfundurinn ætti einúngis að ræða aðalstjórnarmál, en vart nein sèrstakleg, þá hverfur ástæðan fyrir breytíngaratkvæði þessu að mestu. En þó þessari skoðan sé slept, dugir ekki að fara eptir fólksríki kjördæmanna, eða að taka svona það fólkríkasta, eins og nú Árnessýslu, og leyfa því einu að kjósa 3, því önnur kjördæmi geta að fólksfjöldanum til staðið miklu nær þessu kjördæmi, t. a. m. Húnavatnssýsla, en hinum fólksfæstu, og færi eptir því halloka, ef þau mætti ekki kjósa fleiri fulltrúa, en þessi hin fámennustu; að meta einúngis eptir fólksfæð eður fólksfjölda, má því valda óendanlegum ójöfnuði, á meðan kjördæmin eru með sömu ummerkjum.

Stiptamtmaður: Breytíngar þær, sem framsögumaður

hélt að af þessu mundi leiða, geta þó ekki orðið endalausar, þegar eingin breytíngaratkvæði þar um fram koma. Húnavatnssýsla hefir þó ekki full 4000 manns, en Strandasýsla liðug 1200, og gæti þá ekki hin fyr nefnda heimtað að fá að kjósa 3 fulltrúa, því mismunurinn á fólkstölunni í þessum sýslum er þó ekki svo afarstór, sem í Árness og Vestmanneyasýslum; en það sem eg fór fram á, var að eins, að mèr þókti ósanngjarnlegt, að Rángárvalla og Vestmanneyasýslur, sem þó eru enn *eitt* prófastdæmi og að eins voru að skildar vegna fjarlægðar eyanna frá landi, skyldu nú einmitt fyrir aðskilnaðinn fá að kjósa 4 fulltrúa, þar sem Árnessýsla, sem er fjölmennari, en hinar báðar, feingi að eins að kjósa 2.

J. Johnsen: Þar eð þíngið er búið að fallast á, að ræða bæði grundvallarreglur þær, sem um er höndlað í inngángi nefndarálitsins og 1—3. greinar í frumvarpinu undir eins, í kafla út af fyrir sig, skal eg leyfa mèr, sem nefndarmaður, að fara fáeinum orðum um hvortveggja. Eg hefi reyndar aldrei verið tvöföldum kosníngum út af fyrir sig mjög meðmæltur; en þar sem nú ekki var við öðru að búast, eptir hugsunum þeim, sem eru orðin óskabörn hinna síðustu tímanna, en að kosníngarrètturinn yrði að vera hèr óbundinn við fjárstofn, og það því heldur hèr, sem hann einnig var það til ríkisfundarins í Danmörku, en þar verð eg að ætla öllu meiri hættu við frjálsan kosníngarrètt, en hèrna, hvort heldur kosníngar væri einfaldar eða tvöfaldar, hefi eg hugsað um, hvort þá eigi ætti við, að hafa kosníngarnar tvöfaldar, til að tryggja þekkíngu kjósenda betur á þeim, sem hæfilegastir eru til að vera fulltrúar, og undir eins viljann hjá kjósendum til að kjósa, sem bezt má verða. Aptur á móti hefi eg í nefndinni orðið að sannfærast um, að tvöfaldar kosníngar eigi eru hafandi við hèr á landi, og tek eg það einkum fram, til að færa sönnur á þetta, eins og þegar er gjört í nefndarálitinu, að Íslendíngar eingar mætur hafa á þeim tvöföldu kosníngunum, og hafa í nefndinni verið leidd full rök til þessa; en þegar þeir, sem kjósa eiga (Urvælgerne) kjörmennina, gjöra það á móti geði sínu, ætla eg, að máttarstólpinn undir tvöföldu kosníngunum og ágæti þeirra sè dottinn um sjálfan sig; þá er það sjálfsagt, að þær hinar sömu tvöföldu kosníngar út heimta *leingri tíma* (sem, eins og á stendur, verður að spara) og sömuleiðis *meiri kostnað* (þó einna minnst að vísu sè horfandi í hann, ef

nokkuð á annað borð er unnið við kosníngarmátann sjálfan), en þær hinar einföldu; og í þriðja lagi verð eg að taka það fram, er mèr einna helzt finnst mæla með einföldu kosníngunum, að þær hafa verið hafðar við í Danmörku til ríkisfundarins í vetur, sem leið, en sèu eða hafi þær verið við hafandi þar, og það ásamt þeim að minni ætlun næsta óhappalegu framboðum fulltrúaefna, þá þekki eg að vísu landa mína svo vel, að eg tel þær eigi síður þeirra meðfæri, en Dana.

Sömuleiðis hefi eg í nefndinni orðið að fallast á, að bezt eigi við, að hafa fulltrúatöluna hina sömu fyrir öll kjördæmin, enda þó eg áður hefði ætlað, og enn verði að játa, að meira sè undir þekkíngu og mentun fulltrúanna komið, en tölu þeirra; já, eg held, að eg ekki einu sinni ætti skilið að heita Íslendíngur, ef eg ekki af alvöru og alúð óskaði föðurlandi mínu og löndum mínum þess, að það aldrei rættist, sem mèr fannst liggja í nokkrum orðum, er fyrir stuttu voru töluð hèr á þíngi á þá leið, að menn mundu fara að sjá að sèr með að kjósa hina mentuðu mennina eða þá einkum embættismenn landsins. Eg fæ yfir höfuð ekki sèð, í hverju gagn landsbúa yfir höfuð eða bændanna geti verið svo frá brugðið hagnaði embættismanna, að hinir þurfi að forðast að kjósa þessa sèr til fulltrúa, en sjálfsagt er um það, að hollast er hvorumtveggju, að þeir beri traust hvorir til annara.

Að því leyti sem því er hreift og breytíngaratkvæði borið upp um það, að 3 yrðu fulltrúar fyrir Árnessýslu, og að eins 1 fyrir Vestmannaeyar, þá hefi eg, eins og áður er á vikið, orðið að fallast á, að bezt eigi við, eins og á stendur, og rök eru færð til í nefndarálitinu, að jafnmargir sèu fulltrúar fyrir kjördæmi hvert, án tillits til fólksfjöldans í hverju um sig; en ekki situr það vel á mèr, sem alþíngismanni Árnesínga, að mæla á móti því, að þeir (að tiltölu eptir fólksfjöldanum) fái 3, eða fleiri fulltrúa, en hin önnur kjördæmin.

Steffán Jónsson: Eg vil bæta því við það, sem eg nýlega sagði um ástæðu nefndarmanna fyrir fulltrúatölunni úr hverju kjördæmi, þá var hún meðal annars sú, að nú eru eingir varamenn kosnir, og ef eitthvert kjördæmi hefði ekki nema 1 þíngmann, þá gæti svo farið, að þetta kjördæmi misti af þessum eina manni fyrir ýmisleg forföll, þá hefði það eingan mann á þíngi, og ef nú þetta henti Vestmannaeyar, væri það því tilfinnanlegra, sem menn þar hafa mist af kosníngarrètti og

þingsetu hingað til; en þó þar sè fáment, þá mætti þeim, ef til vill, ekki sýnast ástæðulaust að margfalda fólkstöluna þar, með þeim árum, sem þeir hafa mist af rèttindum sínum með þingsetu, fyrir óhagkvæm kosníngarlög.

Jón Þórðarsson: Stiptamtmaður gat þess, að Ráng árvalla og Vestmanneyasýslur, hefðu áður verið sameinað kjördæmi, og að þess vegna væri betur fallið, að þessar sýslur báðar hefðu 3 fulltrúa, og Árnessýsla 3; á þettað get eg ekki fallizt, því Rángárvallasýsla er nú kjördæmi út af fyrir sig og stendur í eingu sambandi við Vestmanneyar í þessu tilliti, en hefðu nú sýslur þessar verið eitt kjördæmi, og kosið fulltrúa í sameiníngu, þá hefði þettað má ske getað átt sèr stað.

Haldór Jónsson: Þegar menn einúngis hafa fyrir augunum þann *rètt,* sem kjósendum er gefinn, að velja sèr sjálfir fulltrúa, þá sýnist að vísu mikið mæla með því, að fara nokkuð eptir fólksfjöldanum í hverju kjördæmi; en það er aptur á að líta, að kjörgeingi er ekki bundin við kjördæmið, og með tilliti til fundarins, sem kjósa skal til, sýnist ekki ríða mikið á því, að þíngmaðurinn sè úr kjördæminu, og líka yrði bágt að koma við jöfnuði í þessu yfir höfuð, því Árnessýsla er ekki svo mikið fólksríkari, en sumar aðrar. Það mun vera vandamál, að dæma milli einfaldra og tvöfaldra kosníngа, og eg skal ekki takast það í fáng: nefndin hefir fundið hitt og annað að tvöföldum kosníngum, og eg neita því ekki, að það sè á rökum bygt; það sýnist t. a. m. þjóðlegra og frjálslegra að mega neyta kosníngarrèttar síns *beinlínis,* en einúngis til þess að kjósa kjörmenn; en eg vildi þó vekja athygli þíngsins á því, hvort ekki mætti líka eitthvað að því finna, sem óþjóðlegu, ef nauðsynlegt virtist, að leggja eitthvert það hapt á eiufaldar kosníngar, að einhverjum flokki fullmyndugra manna væri bægt frá kosníngarrètti.

Guðmundur Brandsson: Eg verð að láta í ljósi þá meiníngu mína, að mèr þykir það ekki sem jafnaðargjarnast, að velja eins marga menn úr Vestmanneyum, eins og fólkríkustu hèruðum landsins, til að mynda Árnessýslu, því það er, eins og framsögumaður áðan drap á, að málefnin, sem verða rædd á þjóðfundinum, sem verið er að tala um, munu heldur verða almenn, en einstakleg. Þess vegna held eg Eyabúar mundu eins fyrir því taka hlutdeild í kjörum allrar þjóðarinnar og hafa jafnrètti við aðra bræður sína á meginlandinu, því eg get

ekki skoðað eyar þessar, eins og einstakt ríki, sem landsmenn vildu ekki skipta sèr af. Það mun líka optar verða sú raunin á, að hægra verði að velja duglega menn úr hèröðum þeim, sem fólkríkust eru, heldur en þeim fámennustu, og það hvort heldur litið er til þeirra, sem kjósa, eða kjósast, og verð eg þess vegna að vera á líkri meiningu og herra stiptamtmaðurinn.

Hvað kosningum við víkur, þá er eg enn á sömu meiningu, sem eg hefi áður verið, nefnilega, að þær sèu betri einfaldar, en tvöfaldar, því eg álít þær þá bæði frjálsari og vafnings minni.

Jón Þórðarson: Þingmaðurinn frá Gullbringusýslu skoðar ekki þetta mál frá rèttu sjónarmiði, hvað kosningarnar snertir; því það er sjálfsagt, að hvert kjördæmi, eins og þeim er nú skipað, kýs fulltrúa fyrir sig; en öðru máli væri að gegna, ættu kosningar að fara fram á sama hátt í Rángárvalla og Vestmanneyasýslum, eins og ákvarðað er fyrir austur og vestur Skaptafellssýslur, og getur það þó ekki heldur átt sèr stað; en hvað ætlunarverki fulltrúanna við víkur á fundinum, þá er eg í því þingmanni þessum öldúngis samdóma.

Þ. Sveinbjörnsson: Það vakti fyrir nefndinni, sem sá heiðraði nefndarmaður, þingmaður Eyfirðínga, gat um áðan, að væri einúngis einn valinn úr nokkru kjördæmi, þá kynni hann auðveldlega að missast kjördæminu við forföll eða aðrar tálmanir. Það væri því ískyggilegra, hvað Vestmannaeyu snertir, ef slíkt hitti á hana, sem hún hingað til hefir verið forsvarslaus hèr í salnum á 3 alþingisfundum, og það í því einstaklega, en hèr verður um ekkert einstaklegt að gjöra, heldur það sem öllu landi í einu lagi er um varðandi. Eg held því ekki ráðlegt, að víkja frá nefndarálitinu, því mèr þykir það olla margra tvímæla, ef farið er að líta á fólkstölu í kjördæmunum. Vestmannaeyja er kjördæmi og sýsla fyrir sig, og eg sè ekki, að hún, sem slík, megi ekki hafa sömu rèttindi, sem hin stærri í öllu alþjóðlegu.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að ef fundurinn verður haldinn í júlímánuði, eins og ætlað er til, þá muni ekki þurfa að bera kvíðboga fyrir, að fulltrúarnir frá Vestmanneyum geti ekki komið á þjóðfundinn, því um það leyti er optast leiði í land. Hvað því við víkur, sem hinn heiðraði fulltrúi frá Gullbringusýslu sagði, þá fer það að

líkindum, að kosníngar takist betur, þar sem fjölmenn eru kjördæmin. en þar sem þau eru fámenn. Eg vil að vísu ekki mæla móti hag Vestmanneya í þessu tilliti, en verð samt að benda til þess, að þær í tilliti til fólksfjölda eru lángt fyrir neðan hin önnur kjördæmi, og ef þetta ætti sèr víðar stað, virtist mèr ástæða til, einnig í því tilliti að breyta út af reglunni í 3. grein frumvarpsins.

Þ. Sveinbjörnsson: Vestmannaey, má eg játa, er mèr lítið kunn. Eg þekki hana ekki, og þarf ei að þekkja, nema af þeim dómsskjölum, er þaðan koma. Eg þekki þó ekki þar af upplýsíngar-ásigkomulag Eyarbúa, og einginn mætir hèr heldur af þeirra hendi, er þar um geti frædt þingið. Þess má eg samt til geta, að ef Eyarbúar ekki þykjast hafa gott mannval heima hjá sèr til að velja sèr 2 fulltrúa efni, muni þeir helzt leita til Rángárvalla eða Árnessýslna, og velja einhvern þaðan, og svo mun það víðast fara, hvar fáment er, og um fátt gott að velja, þegar velja má fyrir utan kjördæmin. Þannin koma þá kosníngarnar inn í Árnessýslu, þó hún í sínu nafni ekki kjósi nema 2.

Ásgeir Einarsson: Það er þó ein ástæða, sem mælir með Vestmannaeyarmönnum, að þeir hafa aldrei getað kosið hingað til, og var það kosníngarlögunum að kenna; er því ekki ólíklegt, að þeir hafi haft litlar mætur á þínginu, því það er þeim til óánægju, að sjá þíngtíðindin, og lesa strax á fyrsta blaðinu, að einginn hafi verið þíngmaður frá Vestmannaeyum, af því einginn hafi getað kosið. Af þessu flýtur, að líklegt er, að þeir hafi lítið hugsað um kosníngar, og er hætt við þeim tækist ófimlega fyrst, ef þeir ættu að kjósa einúngis einn mann; en ef þeir, mættu kjósa 2, eru meiri líkindi til, að vel tækist með annanhvorn. Það ber því meiri nauðsyn til, að einhver gagnlegur maður sè frá Vestmannaeyum, sem margir munu vera þar ókunnugir, og hafa þær verið kallaðar ókunnugt land. Fyrir utan þetta sýndi það brjóstgæði þíngsins, þegar nú er einginn þíngmaður þaðan, líkt og þegar móðirin hjúkrar mest vesælasta barni sínu. Eg hefi ekki farið þessum orðum í því skyni, að mèr þyki ósanngirni í því, er stiptamtmaðurinn talaði um þetta eða breytíngaratkvæði biskupsins, þegar málið er skoðað frá því sjónarmiði, er þeir gjöra, en eg vil gefa þínginu þessar bendíngar til yfirvegunar.

Þ. Sivertsen: Það var einmitt á sömu leið, er eg vildi hafa sagt með tilliti Vestmannaeya, og hinn virðulegi þingmaður Strandasýslu mælti. En fyrst eg nú stóð upp á annað borð, fæ eg ekki aptrað mèr frá að minnast á eitt atriði, fyrst annars var hreift við því, hvort sem er; það er um tvöföldu kosníngarnar, og verð eg að styrkja tilgátu ens heiðraða fulltrúa Árnesínga, að landar hans nú ekki mundu hafa mætur á þeim, og held eg það rètt til getið þeirra flestu, því eg ætla það megi fullyrða, að fleiri hluti landsmanna, ef ekki flestir, sèu þeim með öllu mótfallnir, og að því leyti þær nokkru sinni og af nokkrum hafa verið haldnar að eiga hèr betur við, en þær einföldu, þá held eg það hafi verið aðfeingið fóstur, sprottið af einhverri annari rót, en þeirri þjóðlegustu. Eg fyrir mitt leyti hefi ætíð haldið, að tvöföldu kosníngarnar hèr í landi væri það ónotalegasta band, sem lagt gæti orðið á frjálsræði manna við kosníngarnar, og enda gjört mèr í hugarlund, að svo gæti farið, ætti þær að við hafa, að menn, sem þæktust myndugir og sjálfum sèr ráðandi, kæmu sumir hverjir ekki á kosníngarfundinn, til þess þar að neyðast til að kjósa sèr formyndara til kosníngánna. Eg vildi nú mælast til þess af þíngmönnum, ef þeir hefði aðra skoðun, en þessa, eða meiri mætur á tvöföldum kosníngum, eða vissu til, að sú hugmynd vekti nú meðal þjóðarinnar, að þeir vildu þá skýra frá því, svo ljóst geti orðið, hvort ekki muni almenn þjóðarósk *fyrir* einföldum, en *móti* tvöföldum kosníngum,

Kr. Magnússen: Eg leyfi mèr að láta þá meiníngu mína í ljósi, að eg aldeilis fellst á skoðunarmáta hinna heiðruðu þíngmanna frá Árnes og Dalasýslu með þær einföldu kosníngar og þær ástæður, er hann til greint hefir fyrir því, að þær bæði væru frjálslegri og haganlegri fyrir landsmenn, en þær tvöföldu.

Th. Gudmundsen: Hvað áhrærir tvöfaldar kosníngar, þá hefi eg það álit á þeim, að þær með öllu sèu ótiltækilegar og eigi hèr á landi illa við; eg held, að betra væri að halda kosníngarstofni þeim, sem tilskipanin frá 8. marz 1843 hefir ákveðið, en að lögleiða tvöfaldar kosníngar, því það er þó minni hneisa í því, ekki *að eiga*, heldur en ekki *að mega*.

Steffán Jónsson: Hvað áhrærir einfaldar og tvöfaldar kosníngar, þá get eg verið fáorður um þær; eg læt mèr nægja að vísa til þess, sem eg sagði um þær 1847 og sjá má í þess

árs alþ. tíðindum bls. 884 og 708—9; því þá reyndi eg að sýna fram á ófullkomlegleika tvöfaldra kosninga, og kosti þeirra einföldu, og sama sinnis hefi eg verið, síðan fyrst eg bar skyn á kosningar, og get enn ekki með nokkru móti frá því fallið.

Ásgeir Einarsson: Þar það þykir eiga við, að ræða um tvöfaldar kosningar nú þegar, vil eg, eins og fleiri, gjöra grein fyrir meiningu minni í því atriði, þar eg var þeim heldur meðmæltur í hitt ið fyrra; þarf eg því síður að vera um þetta lángorður, sem eg get í þessu skýrskotað til nefndarálitsins, sem eg fellst á í þessari grein; auk þessa vil eg geta þess, að eg hefi vorðið þess var, að mestur hluti þjóðarinnar er farinn að halda mjög fast með einföldum kosningum, og sýna það bænarskrár frá Þórness og Öxarár fundunum, og verða menn ætið að meta þjóðviljann mikið í þessu, enda þó eg viti til, að nokkrir menn sèu ei horfnir frá tvöföldum kosningum með öllu, enda yrði næstum ómögulegt að kjósa eptir þeim á svo stuttum tíma, sem nú er fyrir höndum.

Eyólfur Einarsson: Eg verð að geta þess, að síðan eg heyrði fyrst rædt um kosningar, hafa mèr virzt þær einföldu mikið eðlilegri, náttúrlegri og rèttindum manna meir samboðnar, en þær tvöföldu; hef eg því alt af aðhyllzt þær; vil eg þær ei síður nú en fyrri, eg veit líka, að skynsamir menn, sem vóru á móti þeim einföldu fyrri, eru nú að öllu leyti farnir að halla sèr að þeim einföldu kosningum.

Þar eð enginn tók framar til máls, kvað varaforseti þessar greinir fullræddar, og las þá framsögumaður upp 4. og 5. grein, er síðan voru teknar til umræðu:

Th. Gudmundsen: Við 4. grein, staflið *f*, hefi eg það að athuga, að mèr virðist, að kosningarrèttinum sè mjög þraungvað með því, að binda hann við veru um 1 ár í kjördæminu.

Með þessum hætti gætu margir, sem annars kostar hafa alla hæfilegleika til að bera, mist kosningarrètt sinn, og yrði þetta bagalegt, einkum þar sem um mentaða menn er að gjöra, er nýlega væru komnir út hingað frá Kaupmannahafnar háskóla, en ætluðu þó að staðnæmast hèr; eg áskil mèr því og ber fram það breytingaratkvæði, að stafliður þessi verði þannig orðaður: þeir sem eru heimilisfastir í kjördæminu, þegar kosningin fram fer. Eg játa að vísu, að þetta orð „heimilisfastur“ getur á stundum orsakað nokkurn vafa, en eg ætla, að sá geti þannig heitið, hvers ásetningur er að taka sèr fasta dvöl

í kjördæminu (animus commorandi), en hægt virðist yfir höfuð að álykta rètt um, hvort það er, eða ekki er ásetníngur einhvers, þegar tilhlýðilega er litið til kríngumstæða allra.

Jón Jónsson: Eg verð að játa það, að mèr fellur ætíð sárt, þegar eg verð var við það, að annaðhvort náttúrlegum eða borgaralegum rèttindum manna eru sett þraungari takmörk, en einhver virkileg ástæða eða nauðsyn ber til; en það virðist mèr þó vera gjört með 30 ára takmarkinu, sem sett er kjósendum. Eg er nú snart fimtugur maður, og eg finn það og veit, að eg, eins og fleiri, á þeim eður hærri aldri, er alla reiðu töluvert á eptir tímanum, bæði í tilliti frjálslyndis og mentunar, og get eg þó fundið til þess, hvernin það muni falla 29 ára gamla sýslumanninum, 29 ára gamla prestinum, 29 ára gamla skólapiltinum, 29 ára gamla hreppstjóranum, 29 ára gamla bóndanum, og má ske mörgum fleirum, að sjá sextuga eða sjötuga gamalmennið reisa til kjörfundar í þessu aðalþjóðarmálefni, en mega sjálfir sitja heima og vera fyrir munað, að taka svo mikinn hlut í því, sem að láta í ljósi vilja sinn og álit, og greiða atkvæði samkvæmt því, fyrir kosníngu þeirra, sem þeir bera traust til, á þjóðfund þennan. Eg leyfi mèr því að bera upp það breytíngaratkvæði, að stafliðurinn *b* hafi 25, í staðinn fyrir 30 ára að aldri, þá kjósa skal.

Hvað stafliðinn *d* snertir, þá held eg væri betra, að orða hann dálítið öðruvísi; því styrkur af sveit kynni geta kallazt, þó ekki væri nema bráðabirgða lán af sveitarsjóði, og ber eg upp um það svo látandi breytíngaratkvæði, að greinin sè leingd um: þó undan skilst styrkur sá, sem er að eins bráðabirgða lán úr sveitarsjóði. Hèr að auki þykir mèr ekki eiginleg ástæða, að úti loka mann, sem komið befir í kjördæmið fyrir má ske lítið minna en ári frá kosníngarrètti, og áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að sá eigi kosníngarrètt, sem á lögheimili í kjördæminu, þegar kosníngar fara fram.

Varaforseti: Með tilliti til þess, er þíngmaðurinn, sem síðast mælti, fór orðum um sveitarstyrk, verð eg að gjöra þá athugasemd, að margir hafa, eins og öllum er kunnugt, á uppvaxtar árum sínum þegið styrk af sveit, en aldrei endurgoldið síðan, eptir að þeir mönnuðust og komust í bænda röð; þykir mèr ílt, að slíkir menn sèu sviptir rètti sínum fyrir þá skuld.

Eg ætla þess vegna þenna viðbæti í stafliðnum *d* óþarf-

an, þegar áður er sagt, að sá einn skuli hafa kosníngarrètt, er leggi til sveitar af eigin efnum. Sá sem ekki leggur til sveitar, hann þiggur af sveit; því honum er eptir gefin tíund hans, en þessi orð í niðurlagi staflíðsins „að standa í skuld fyrir sveitarstyrk“ ná svo lángt yfir, að væri þeim fylgt hið ítrasta, yrði með því móti einstökum mönnum órèttur gjör, einkum þegar svo stendur á, eins og eg nú gat um.

Jón Jónson: Eg vil þá snúa breytíngaratkvæði mínu þannig: að orðunum í staflið *d* „og ekki standi í skuld fyrir sveitarstyrk“, sè úr slept.

Steffán Jónsson: Eg get ekki ímyndað mèr, að þetta verði misskilið, því allir verða að vita, að ekki er meint til þeirra, sem á ómagaaldri hafa þegið af sveit, því þeir eru ekki skyldugir fyrir þann styrk; það lagaboð er upp hafið, sem fór því fram, enda getur heldur ekki uppeldisskyldan legið á ómaganum sjálfum, heldur á þeim, sem að honum standa.

Þ. Sveinbörnsson: Mèr þækti ekki óliklegt, að meiníngunum mætti koma saman, ef bætt væri við, „sem þeginn væri á næst undan geingnu ári.

Jakob Pètursson: Það ætla eg, að þessi vafi mundi burt falla, væri bætt við enda greinarinnar undir staflíðnum *d,* „eptir 16. aldurs ár“.

Framsögumaður: Eg finn ei nauðsyn á að svara nema einstöku af þeim athugasemdum, sem nú hafa verið vaktar Það, sem mælt hefir nú verið með því, að binda kosníngarrèttinn fremur við 25 ára, en 30 ára aldurinn, er að fljótu áliti sennilegt, og að nokkru satt, þar sem það, er tekið hefir verið til dæmis, að það sè hart, ef sýslumaður sá, prestur eða hreppstjóri megi ekki kjósa, en þó megi það sjötugur karl; en svona virðist þetta að eins, á meðan skoðunin er bundin við einstök dæmi, en þegar litið er til almennings yfir höfuð, eins og hann er, þá munu menn þó mega gánga úr skugga um, að reynsla sú og festa og mætur þær á alþjóðlegum málum, sem árakaflinn frá 25 til 30 ára leiðir með sèr yfir höfuð að tala, tryggir betur, en hvað helzt annað, að menn gjöri sèr far um að kjósa skynsamlega. Svona varð einnig skoðunin á þessu atriði í Danmörku, árið sem leið, á ríkissamkomunni, og skorti þó ekki þá, er mæltu kröptuglega með 25 ára aldrinum, en sú uppástúnga fèll með megnum atkvæðafjölda.

Öllu öðru máli er að gegna um kjörgeingi. Þegar búið er

að tryggja það, svo sem verður, en til þess er einskorðun 30 ára aldursins hvað kröptugust, að sem skynsamlegast verði kosið, þá ætla eg hættulaust með öllu, að binda kjörgeingi að eins við 25 ár; þeir verða þá næsta fáir, sem kosnir verða svo úngir, og ekki nema því að eins, að þeir sè þjóðkunnugir að góðum fulltrúaefnum.

Það sem hefir verið mælt gegn stafliðnum *f*, og menn ætla betra að ákveða svo, að „hver mætti kjósa, þar sem hann er heimilisfastur, þegar kosníngar fara fram", þá nær þetta líka að eins til einstaklegra tilfella; eg ætla, að þó einstaka Íslendíngur úr Danmörku væri hèr staddur, þá metti hann ekki þann rètt svo mikilvægan, enda ætla eg ekki, að gjöra eigi breytíngu á aðalreglu, ef hún er góð, fyrir það þó svo einstaklega geti á staðið.

Orðið „sveitarstyrk" ætla eg, eins og nefndarbróðir minn úr Eyafjarðarsýslu mælti, að eingi geti skilið um það, er hann hefir þegið af sveit í æsku, og heldur ekki um skyndilán úr sveitarsjóði.

Th. Gudmundsen: Þar sem hinn heiðraði framsögumaður nú gat um, að einúngis *útlendir* menn eptir frumvarpi nefndarinnar yrði úti lokaðir frá kosníngarrèttinum, þá hafði eg íslenzka út skrifaða vísindamenn fyrir augum mèr, er nýlega væru komnir utan lands frá, og virtist mèr ótilhlýðilegt að úti loka þá frá kosníngarrèttinum, vegna þess þeir ekki hefði verið hèr heimilisfastir um 1 ár, því síður, sem þeir, áður en þeir sigldu, mögulega hafa dvalið leingur en 1 ár í kjördæminu. En þó yrðu fleiri *innlendir* menn úti lokaðir frá kosníngarrèttinum, ef nefndaruppástúngu þessari ekki verður breytt, nefnil. þeir, sem flytja sig búferlum inn í kjördæmið rètt á undan kosníngunni til fundarins, og gæti þeir þá mist kosníngarrètt sinn, einnig í því kjördæmi, hvaðan þeir fluttu sig, og væri þetta með öllu óhæfa.

J. Johnsen: Hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga er þegar búinn að færa þau rök, sem gild eru að lögum fyrir því, að ei geti verið nokkur ástæða til að synja mönnum kosníngarrèttar eptir stafliðnum *d* í 4. grein fyrir þá skuld, að þeir á ómagaaldri hafa þegið sveitarstyrk, og ekki sjálfir seinna endurgoldið hann, og er sama máli að gegna um þá, sem tekið hafa skyndilán úr fátækra sjóði eða hjá fátækrastjórninni einhverra nauðsynja vegna, og mega þeir, að eg ætla, hvort

heldur því um líkt lán er tekið hjá fátækra stjóra eða öðrum einstökum manni, njóta þessa réttar síns, þó skuldinni ekki sé lokið, er kosníngar fara fram. Þessi hin sama ákvörðun var einnig höfð við í Danmörku til ríkisfundarins í vetur, er leið, eptir kosníngarlögunum frá 7. júlí í fyrra, enda veit eg ekki betur, en að hún líka sé orðin að grundvallarlögum í Danmörku framvegis til ríkisdagsins þar, en sjálfsagt er það, að sá ekki stendur í skuld, sem búið er að gefa skuldina upp. Um ákvarðanirnar í stafliðnum *b* og *f* ætla eg að eins muni mega segja, að þær sé á góðum rökum bygðar, því þar sem *b* heimtar, að kjósandinn skuli vera þrítugur að aldri, þá sjá allir, að til meiri þekkíngar um þá hæfilegleika, sem út heimtast hjá fulltrúanum, er að ætla hjá þrítuga manninum, en hjá hinum, sem að eins hefir fimm um tvítugt, þó þessi líka kunni að vera sjálfum sér ráðandi og búandi maður, en aptur styðst ákvörðunin í *f*, um að kjósandi eigi að hafa átt heimili árið áður, en kosið er, í kjördæminu, þar við, að hjá þessum manninum þó jafnan má ætlast til meiri kunnugleika um hæfilegleika innbúa kjördæmisins til að vera fulltrúa, en hjá hinum, sem hafa dvalið þar að eins um stundar sakir, eða nýskeð eru fluttir inn í kjördæmið, án þess þeir hafi átt færi á, að kynnast þeim innbúum. Báðar þessar ákvarðanir hafa þar að auki gilt og gilda framvegis með Dönum við kosníngar fulltrúa til ríkisdagsins.

Stiptamtmaður: Eg hef ekki áður rædt neitt um 4. og 5. grein í frumvarpi nefndarinnar, því eg var henni í því tilliti öldúngis samdóma, og verð eg að benda þíngmönnum á, að eg álít nauðsynlegt, að við hafa alla varúð með allar smábreytíngar, þar sem búið er að semja frumvarp, sem í öllum greinum er svo frjálslegt, sem orðið getur, einkum þar eð þíngið hefir álitið það svo áríðandi, að halda einföldum kosníngum.

Í tilliti til stafliðsins *b* í 4. grein frumvarpsins skal eg geta þess, að 25 til 30 ára aldurinn er mest áríðandi kafli æfinnar, og skiptir það miklu, að hafa hann á baki sér. Hvað við víkur því, sem hinn virðulegi þíngmaður Suðurþíngeyarsýslu sagði, að það væri harður kostur fyrir 29 ára gamla sýslumanninn, prestinn og hreppstjórann, að sitja heima, þegar hinir þrítugu bændur riðu á kjörfundinn, þá verð eg að gera þá athugasemd, að þeir eru orðnir embættismenn yngri en þrí-

tugir vegna sèrlegra hæfilegleika, sem þeir hafa til að bera, en kosníngarrètturinn er að eins bundinn við aldur, þegar eingvar sèrstakar kríngumstæður eru því til fyrirstöðu, og verð eg að aðhyllast ástæður þær, sem hinn heiðraði framsögumaður bygði á nauðsynina, að binda kosníngarrèttinn við hærri aldur, en kjörgeingina. Með tilliti til stafliðs *d* í sömu grein skal eg geta þess, að sá styrkur, sem einhver befir feingið, áður en hann var 18 ára, geti ekki orðið heimtaður af honum aptur, því það var styrkur, sem foreldrum hans, eða þeim, sem hann áttu að annast, var veittur, og er skoðun þessi við höfð í Danmörku, eins og sjá má af tíðindum ríkisfundarins. Hvað ógoldið lán snertir, þá getur það varla heimfærzt undir orðið „sveitarstyrk", því þetta orð virðist að benda á, að sá sè ómagi, sem það hefir. Við víkjandi stafliðnum *f* hefir hinn konúngkjörni þíngmaður í Gullbríngusýslu borið upp það breytíngar-atkvæði, að allir þeir mættu kjósa, sem væru í kjördæminu, þegar kosníngar færu fram, og hefir hann að vísu meint þá menn, er væru heimilisfastir og hefðu þann ásetníng að dvelja í kjördæminu, og kynni að mega færa ástæðu fyrir því. Aptur á hinn bóginn hefir hinn heiðraði fulltrúi Árnesínga mikið til síns máls, því auk þess að menn þessir varla geta staðið á kosníngarlistunum (sjá 7. grein), eru líkindi til, að þeir, sem búnir eru að vera nokkurn tíma í kjördæminu, sèu orðnir kunnari alþýðu, en hinir, sem eru nýkomnir, og mundi því betra og hægra, að fara eptir uppástúngu nefndarinnar, og að minnsta kosti virðist mèr of lángt farið, að binda ekki við nein önnur takmörk dvöl kjósenda í kjördæminu, en að þeir sèu þar, þegar kosníngar fram fara, því að setja þá á kjörskrárnar í sama vetfángi, sem kosníngar eiga að fara fram, mundi tefja of mjög kosníngarstörfin.

Th. Gudmundsen: Eg játa því að vísu, að hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga hefir yfir höfuð rètt að mæla, þar sem hann sagði, að þeir menn, sem nýlega hefðu flutt sig búferlum inn í kjördæmið, væri þar ókunnugir, og því einnig líklegum fulltrúaefnum; en eg verð þó að leiða athuga þíngmanna að því, að eptir 5. grein í frumvarpinu er leyfilegt að kjósa fulltrúa utan kjördæmisins, og gæti því skeð, að sá, sem nýlega hefði flutt sig búferlum inn í kjördæmið, gæti vísað þessu kjördæmi á duglegt fulltrúaefni utan kjördæmisins, er þó væri búsettur í grend við það og þar kunnugur að nokkru leyti.

Eyólfur Einarsson: Að binda kosníngarrètt við 30 ára aldur, virðist mèr sè það ónáttúrlegasta sem feingið verður, sem ástæða fyrir kosníngarrètti, og undir eins að hnekkja rèttindum þeim til kosníngа, er þeim að öðru leyti bæri, sem eru innan þeirra ára tölu. Er þettað því tilfinnanlegra fyrir þá, sem þeir eru á þeim aldri, að þá eru allar tilfinníngar næmastar. Hvað þau rèttindi snertir, held eg verði úr einhverri sveit þunnskipað til kosníngа, ef hapt þettað fæst ei losað.

Jón Jónsson: Það má þó vera nokkuð merkilegt, að okkur gömlu mönnunum í þínginu skuli vera það svo viðkvæmt, að æskumennirnir sèu úti lokaðir frá kosníngarrèttinum, og sú tilfinníng okkar og skoðun skuli þó ekki hafa eitthvað fyrir sèr, og ætti það þá að sanna, að álit og kosníngar hinna öldruðu manna væri ekki svo tryggar, að betra væri að treysta þeim, en hinna yngri, ef við villumst í þessu. Eg held því, að það sè ljóst, að hinn yngri flokkur landsmanna eigi ekki síður rètt á hluttökunni í kosníngunni en hinir eldri, því yngri mennirnir eru það þó, sem eptir náttúrlegum hætti munu framar njóta ávaxtarins, gagnsins og rèttindanna af þjóðþínginu, heldur en hinir öldruðu, hverjum leingi hefir verið borið það á brýn, að deyfð og hugsunarleysi væri sem optast samfara fjölgun áranna, og held eg það hafi má ske nokkuð fyrir sèr. Eg held því, að eldra fólkið gefi ekki gott auga þessari útilokun þeirra, sem eru milli 25 og 30 ára, en um sjálfa þá vil eg nú ekki tala.

Jakob Pètursson: Eg vil játa það, að þegar eg las í nefndarálitinu, að einginn hefði rètt til kosníngа yngri en 30 ára, en mætti þó kjósast 25 ára til að vera þíngmaður, að mèr þókti þetta ekki vera sem viðkunnanlegast, þar eg ímynda mèr, að það muni vekja óánægju hjá þeim flokknum, sem er á þeim aldrinum milli 25 og 30 ára, að mega ekki kjósa þíngmann, og það því heldur, sem í þessum hóp eru margir duglegir giptir bændur, jardeigendur, og má ske hreppstjórar og aðrir embættismenn, og kalla eg þessa hart leikna, að vera úti lokaða frá kosníngarrètti.

J. Johnsen: Það er við staflíðinn *b* enn fremur aðgætanda, að hèr ríður mest, já, alt á kjósendum um það hvernig kosníngar heppnast. Þegar hèr ekki verður eptir öðru farið, til að tryggja kosníngarnar, en mannkostum eða hæfilegleikum kjósenda sjálfra, verður þó að ákveða einhvern aldur, sem þeir

eigi að hafa, og mun því þá ekki verða neitað, að við meiri reynslu og þekkingu á mönnum, og því, sem þeir hafa til að bera til að geta orðið fulltrúar að nokkru liði, sè að búast hjá þeim, sem eru þrítugir, en hinum, sem eru ýngri, eða 25 ára að aldri, þó hins vegar ekki heldur verði borið á móti því, að einstöku menn, sem að eins hafa fimm um tvítugt, svo mjög beri af hinum, sem eru miklu eldri, að mentun og þekkingu allri um þau efni, sem fulltrúa hverjum er nauðsynleg og ómissandi til að geta gegnt köllun sinni, að þeir í alla staði sè hæfari til að vera fulltrúar; og er það þess vegna, að hin fimta greinin aptur rýmir um þann aldur, sem út heimtist hjá fúlltrúaefnum, svo hvernig sem þetta er skoðað, verður þó aldrei öðruvísi á það litið, en að það sè þjóðfrelsinu í alla staði hollast, að svo er sagt fyrir.

Eyólfur Einarsson: Eg vil skjóta því til þingmanna að vestan, hvort nú muni ei úngir menn alment betur mentaðir, en gamlir bændur; eg get borið vitni um það, eg þekki nokkra, sem mega heita mentaðir menn í bænda stöðu, þessir hafa líka alizt upp á þeim tímum, sem gefa tækifæri úngum mönnum að hugsa um það, sem fram fer, og nokkrir þeirra láta það í ljósi, að þeir þeinkja og álykta, þó þeir sèu á Vestfjörðum; þar á móti þekki eg marga gamla bændur, sem þó þeir komi á þing og gefi þar eitthvað atkvæði, vita þeir ei, hvað það þýðir eður hvað á því ríður, er þeir gefa atkvæði fyrir, sem ei er að vænta, þar þeir eru svo lángt á eptir tíðinni. Einstaka undantekníng getur hèr vel haft stað, en þetta mun það almennasta hjá bændum, sem hafa 50 til 60 ár á baki; mèr vírtist líka, að takmörkun þessi eður hapt á rèttindum manna byrji nokkuð öfugt, sem eg svo kalla, þegar lagt er hapt á þá efnilegu af þjóðinni, og úti lokaðir frá þeim rètti, sem þeir eiga og hafa gert sig verðuga til, en enginn hefir rètt af þeim að taka, en þeir taka rètt þennan, sem að öllu eru óhæfir. Ætti hapt þetta við þessar tíðir, ætti það heldur að lenda á þeim til sveita, sem tíunda 2 hndr. og minna, en við sjávarsíðu, þar sem ei er bátur eður annað til tíundar í 1 hndr., því þar sem efni eru ei meiri hjá öldruðum bændum, mun ei stórrar upplýsíngar að vænta.

Guttormur Vigfússon: Þrítugs-aldurinn, sem ákveðinn er í frumvarpinu, er að minni hyggju rèttilega skoðaður sem lífs-takmark það, er bezt tryggi kosníngarnar, því á þeim aldri

eru flestir komnir til þeirrar lífs-reynslu, þekkingar og staðfestu, er lætur sig í ljósi í hugsunum, orðum og gjörðum mannsins, og alt svo í því að velja skynsamlega þjóðfulltrúann; því ætla eg rètt gjört, að binda kosníngarnar við þennan aldur; en alt um það virðist mèr þíngmaðurinn frá Suðurþíngeyarsýslu hafa mikið til síns máls, er hann ætlar, að hinum 29 ára gamla sýslumanni, presti eða bónda muni þykja það undarlegt, að vera úti lokaðir frá kosníngunum, þar sem þó hinn þrítugi hafi rètt til þeirra; því þegar aðgætt er, munu margir 25 ára, jafnvel tvítugir, hittast, því heldur 29 ára, sem hafa hæfilegleika til þessa og annars, fremur en margur þrítugur; en regla á bezt við í hverju einu, og þá einnig í þessu, og því munu flestir og una því vel, þó þeir nái ei til í þetta sinn að kjósa, sem eptir reglunni ekki eiga þess kost.

En hvað við víkur staflíðnum *f* í 4. grein, að rètturinn til að kjósa er bundinn við að hafa verið heimilisfastur 1 ár í kjördæminu, þá held eg það sè af sömu ástæðum nauðsynlegt til að tryggja kosníngarnar, auk þess að það er ekki má ske svo greitt, að komast eptir aldri og öðru, er kosníngar eru bundnar við, ef einn hefir komið inn í kjördæmið skömmu áður, en kosníngar fram fóru. Eg veit, að þetta kann að álítast ekki sem frjálslegast, en aðalreglan haggast ekki, þó einstöku menn sèu út undan einhverra orsaka vegna.

Varaforseti: Hvað það snertir, sem þíngmaður Norðurmúlasýslu kvað bágt, að komast eptir því, hverjir nýfluttir væru úr einu kjördæmi í annað, þá get eg ekki sèð þessi vandkvæði. Prestur og hreppstjóri munu optast nær vita það fyrir fram, hverjir ætla að flytja sig úr annari sýslu í hrepp þeirra, og því ólíklegra er, að þeim sè þetta ókunnugt, þegar komið er fram á fardaga. Opt eru það búsettir menn, sem flytja búferlum úr einni sýslu í aðra, og væri það undarlegt, að þeir ættu að missa rèttar síns fyrir það, að þeir flyttu sig, ef til vill, ekki nema yfir sjálf takmörk sýslu sinnar.

Guttormur Vigfússon: Eg ætla, að það nái til fleiri en þeirra, sem flutt hafa búferlum; í greininni stendur „sem verið hafa heimilisfastir“.

Steffán Jónsson: En það er aðgætandi, að vinnuhjú hafa ekki kosníngarrètt, og því getur ekki verið meint til þeirra.

Ásgeir Einarsson: Mèr er það mikil gleði, að heyra, að að allar þær breytíngar, sem hèr eru bornar upp, við nefndar-

álitið, miða að enn meira frelsi; en jafnframt kemur mèr til hugar orðtækið: „mikið vill ætíð meira“. Menn mundu hafa tekið jafnfrjálsum kosníngarlögum, og nú er stúngið upp á, mjög feginsamlega árið 1847. Það er ekki með öllu ónáttúrlegt, þó gamlir menn mæli fram með kosníngarfrelsi úngra manna, því þeir eiga opt únga og efnilega sonu, og er þá náttúrlegt, þó blóðið renni til skyldunnar hjá þessum öldruðu mönnum. En hèr við er nokkuð athugandi, að þessir efnilegu menn fá kjörgeingi, og með því einmitt tækifæri til að gagnast þjóðinni hvað mest, ef þeir hafa vit og vilja til þess. Það getur nú verið, að sumum þyki eg ófrjálslyndur, að styrkja ekki öfluglega breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Suðurþíngeyarsýslu; en þó mèr hafi ekki opt verið brugðið um ófrjálslyndi, hefi eg ætíð haldið, að frelsið verði að hafa einhver takmörk; en að binda kosníngarfrelsi við nokkra fjáreign á Íslandi, líkt og þíngmaður Barðstrendínga hreifði við, hefir ætíð verið mèr mesti viðbjóður: það er skynsemi, reynsla og djúpsær þekkíng, sem kosníngarmenn þurfa að hafa, og þetta er vonandi að sè samfara aldrinum, þegar það er kjósendum annars með fylgjandi. Það er eptirtektavert, hvernin Danir hafa breytt kosníngarlögum sínum í þessum greinum, síðan frelsisandinn fór algjörlega að lifna þar. Í alþíngistilskipuninni af 8. marz 1843, er kjörgeingi bundin við 30 ára aldur, en kosníngarrèttur einúngis við 25 ára aldur, og minnir mig þetta væri eins í Danmörku. Nú er hugmynd þessari snúið við hjá Dönum, eins og er í nefndarálitinu, og bendir þetta til enn frjálsari kjörgeingi í þessari grein, en áður; en öll bönd á kjörgeingi eru hin skaðlegustu, einkum ef kosníngarmenn eru skynsamir og gætnir, því með því skilyrði er þeim trúað fyrir að kjósa únga menn.

Stiptamtmaður: Í tilliti til þess, sem hinn virðuglegi þíngmaður Barðstrendínga sagði, að hann þekti marga gipta menn undir þrítugs-aldri, sem væru vel skynsamir og greindir, skal eg geta þess, að þar sem hann bætti við orðinu „giptir“, þá virðist þetta að benda til, að hann þar með viðurkenni, að greind á únga aldri eigi sèr ekki alment stað. Þegar sami þíngmaður sagði, að betra væri af tvennu illu að binda kosníngarrèttinn við eignir, en þrítugs-aldurinn, þá verð eg að vera þessu öldúngis mótfallinn, og aðhyllast meiníngu þíngmannsins frá Strandasýslu.

Eyólfur Einarsson: Mín meiníng var, að 25 ára aldri og þar yfir fylgdu þeir í 4. grein áskildu kostir eður kríngumstæður. Þess get eg líka: eg sagði, ef nauðsyn sýndist takmörkun á kosníngarrètti; en eg mælti ei með þeirri takmörkun, þó mèr virðist hún eðlilegri, en 30 ára takmörkunin.

Stiptamtmaður: Það var þó, ef nokkur fjárstofn ætti að vera.

Guðmundur Brandsson: Hvað því við víkur, sem fulltrúi Barðastrandarsýslu mælti áðan um kosníngarèttinn, þá verð eg að láta í ljósi þá meiníngu mína, að eg get ekki felt mig við, að binda hann við 25 ára aldurinn; því þó mikið sè varið í æskufjör og áhuga, held eg ekki minna vert, að það geti stuðzt við eitthvað það, sem haldi því í rèttri stefnu, og álít eg þekkingu og reynslu einna hæfasta til þess, sem líka mun optar aukast með aldri. En tímabil þettað er það skeið æfinnar, þá hugur margra er á reiki, hvarflar frá einu til annars, og er ekki búinn að staðnæmast við neitt verulegt, en þegar menn eru orðnir 30 ára, eru margir búnir að binda sig við vissa heimilisstöðu, og veita meiri eptirtekt sèrhverju því, er við kemur fèlagi því, sem þeir standa við í sambandi. Eg þarf því síður að fara um þetta fleiri orðum, sem framsögumaður hefir það ljóslegar sýnt og út listað; þess vegna aðhyllist eg fúslega nefndar-uppástúnguna í þessu atriði.

Enginn tók framar til máls, og kvað varaforseti því þessar greinir nægilega ræddar. Voru síðan 6. til 14. grein teknar til umræðu; framsögumaður las upp greinarnar, og gat þess, að nefndinni hefði ekki þókt nein þörf á, að til greina sèrlegar ástæður fyrir þessum greínum, þar eð ákvarðanirnar í þeim væru að mestu leyti hinar sömu og í alþíngistilskipun af 8. marz 1843.

Ásgeir Einarsson: Mèr hefir dottið í hug, að í 8. grein mundi vera varlegra að bæta við eptir orðið „sóknarpresti“ *og hreppstjóra;* og ætla eg að geyma mèr rètt til viðauka-atkvæðis þessa, ef nefndin eða þíngið er því ekki mótmælt.

Steffán Jónsson: Mundi það ekki vera betur til fallið að setja „eða hreppstjóra“.

Varaforseti: Mèr virðist þetta vel til fallið; því sóknir eru sumstaðar stórar, og væri, þar sem svo er ástadt, mikið hagræði að því, ef nafnaskrárnar væru til sýnis bæði hjá presti og hreppstjóra.

Jón Þórðarson: Eg ætla að bera það undir þingið, hvort ekki mundi betur fara, að í 10. grein væri ákveðið, hverjir vera ættu kjörstjórnarmenn. Mèr hefir komið til hugar að stínga upp á prófasti, sýslumanni, og þeim sem þar var síðast alþingismaður eða varaþingmaður, þar sem því yrði við komið; og áskil eg mèr breytingaratkvæði á þessa leið.

Varaforseti: Það er þó athugavert, að svo getur staðið á, að hvorki prófastur, alþingismaður nè varaþingmaður eigi hægt með að mæta á kjörfundinum.

Jón Þórðarson: Eg ætlaðist til, að breytingaratkvæði mitt væri þannig orðað: ásamt kjörstjóra skal prófasturinn í hverri sýslu vera í kjörstjórninni, og sömuleiðis alþingismaður eða varaþingmaður, þar sem því verður við komið, en að öðrum kosti skal sýslumaður, ásamt prófasti, kveðja einhvern eiðsvarinn valinkunnan mann sèr til aðstoðar.

Stiptamtmaður: Þó 6—14. §§ sèu lagaðar eptir alþingistilskipuninni 8. marz 1843, getur samt verið vafi um nokkur atriði í þeim. Þannig virðist það vafasamt, hvort ekki sè þörf á að takmarka meira, en í 9. grein er gjört, þann tíma, sem viðkomendur geta borið upp umkvartanir sínar við víkjandi kjörskránum; því ef margar slíkar umkvartanir koma fyrir, getur það valdið mikilli tímatöf, að skera úr þeim öllum. Ef kjörlistarnir, eins og í 8. grein er til tekið, eiga að vera til sýnis í 14 daga fyrir kjörþing, sýndust umkvartanir eiga að takmarkast við hinn áttunda eða fjórtánda dag, eptir að þeir eru liðnir, að minnsta kosti í tilliti til þeirra, sem bætast nýir við í kosníngarskránni; því ef ekki allar þess háttar spurníngar gætu orðið út kljáðar, áður en kosníngar fram fara, held eg það þó bezt að takmarka þann tíma, sem þær geti orðið fram færðar og tekizt til greina.

Framsögumaður: Eg neita því eingan veginn, að tími þessi er nokkuð stuttur; en nefndin treystist ekki að ákveða hann leingri, nè á annan veg, þar sem ráð varð fyrir því að gjöra, að kosníngarlögin kæmu, ef til vildi, seint til landsins, og einkum, að kosníngar gæti ekki farið fram yfir höfuð að tala fyrri en t. a. m. snemma í júní. Í 8. gr. er ákveðið, að kjörskrárnar skuli komnar öllum til yfirlits að minnsta kosti 14 dögum fyrir kjörþing, en í 9. gr., að mótmæli skuli vera komin til kjörstjóra að minnsta kosti 4 dögum fyrir kjörþing. Þessi tími er að vísu naumur, en þó nægur fyrir þá, sem hafa

nokkurn hug og nokkrar mætur á að neyta rèttar síns, og við þorðum ekki að ákveða leingri frest, sakir þess hvað naumur gæti orðið tíminn, ef til vildi, og því þorðum vèr ekki heldur að ákveða, að kjörstjórnin legði úrskurð á mótmælin gegn kjörskránum fyrir fram; enda ætla eg mótmæli þessi verði fá, þó svona verði ráð fyrir þeim að gjöra, og ekki ervitt fyrir kjörstjórnina, að skera úr þeim á kjörþínginu.

Stiptamtmaður: Það er að vísu hið gagnstæða, sem eg bar kvíðboga fyrir, því eg ímyndaði mèr, að kjörlistinn gæti snemma orðið til búinn, og að það því væri vel til fallið, að takmarka tímann fyrir umkvörtunum þannig, að þær skyldu, ef til greina ætti að geta komið, vera upp bornar, áður en 14 dagarnir eptir 8. grein væru út runnir.

Framsögumaður: Jú, eg játa það: kæmi lagaboðið nógu snemma, þá þyrfti að vísu ekki að ákveða tímann svo naumann; en eg ætla þá, að fæstir þeir, sem gæta vilja rèttar síns í þessu efni, sæti því, að leita þess rèttar svo seint, sem lagaboðið ítrast heimilar.

Th. Gudmundsen: Eptir 7. grein frumvarpsins skulu prestar og hreppstjórar *ókeypis* semja kosníngarskrárnar. Þetta er með öllu ósanngjarnt, en þar á móti sanngjarnt, að þeim sè borgað tilhlýðilega þetta starf þeirra. Eg áskil mèr því, að þessari grein verði breytt þannig, að á milli orðanna, *semja* og *áreiðanlega,* sè skotið inn í: *mót sanngjarnri borgun;* og ber eg því upp breytingaratkvæði á þessa leið.

Framsögumaður: Nefndin hèlt, að ekki bæri í þessu frumvarpi að ákveða neinn þann kostnað, sem leiddi af kjöri þjóðfundarmanna; og því sè eg ekki, að þessi uppástúnga, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður nú bar upp, geti átt við, og sízt í þessari grein. Eg ætla, að ef þessi kostnaður verður ekki greiddur á sama veg og sá sem leidt hefir af kjöri alþíngismanna, þá verði uppástúnga um greiðslu þess kostnaðar lögð fyrir þjóðfundinn.

Steffán Jónsson: Ef sýslumenn fá ekkert fyrir að skrifa eptirrit kjörskránna, eptir opnu brèfi 6. júlí 1848, þá er ósanngjarnt, að prestar og hreppstjórar fái borgun fyrir sitt starf, en annars ekki.

Stiptamtmaður: Eg ætla að segja hið sama, sem þíngmaðurinn sagði, að við 22. grein í frumvarpi nefndarinnar yrði til rædt um borgun til kjörstjórnarmannanna, og annan þann

kostnað yfir höfuð að tala, sem af þjóðfundinum leiðir. Fyrir breytingaratkvæði því, sem hinn heiðraði þingmaður Rángvellínga bar upp, að í lagaboðinu væri ákveðið, hverjir skyldu vera aðstoðarmenn kjörstjóra, eru nokkrar ástæður, og þar á meðal sú, að kosningarfundir slíkir eigi að vera sem þjóðlegastir, og í öðrum löndum er sú skoðun við höfð, að embættismenn eigi að hafa sem minnst afskipti af kosningum; að öðru leyti er eg öldúngis samdóma hinum heiðraða þingmanni Árnesinga í því atriði, að eingan greinarmun eigi að gera á embættismönnum og öðrum, í tilliti til kosninga til þjóðfundarins. Ef sveitarstjórarnir væru til, ætti úr þeim helzt að veljast aðstoðarmenn kjörstjórans, og í Reykjavík getur þetta átt sèr stað, þar sem hèr er bæjarstjórn. Á öðrum stöðum verður úrræðið ekki annað, en velja á milli þess, sem nefndin fer fram á, ellegar hins, sem breytingaratkvæði þingmannsins úr Rángárvallasýslu lýtur að, ellegar þá taka til þess hreppstjórana eptir kosningum sín á milli.

Varaforseti: Það ætti, ef til vill, vel við, um leið og þessi grein er rædd, að renna augum til 16. greinar, þar sem segir, að kjörstjórnarmenn skuli seinastir greiða atkvæði sín. Fèllist þingið á þessa ákvörðun, væri ísjárvert, að láta það vera á valdi kjörstjórans, hverja hann kveður sèr til aðstoðarmanna, og því væri, ef til vill, nauðsynlegt, að kjörstjórnin sè til tekin. Eg bendi til þessa í því skyni, að þingið athugi, hvort ekki sè þá vel til fallið, að aðhyllast breytingaratkvæði þingmanns Rángvellinga; því með því móti, að kjórstjórnin væri þannig ákveðin, sem hann stingur upp á, yrði komizt hjá þeim grun, sem ella gæti legið á atkvæðagreiðslu kjörstjórnarinnar.

Ásgeir Einarsson: Af því eg hefi ekki heyrt breytingaratkvæði þingmannsins frá Rángárvallasýslu mót mælt, hefi eg haldið, að þingmenn ætluðu að fallast á það.

Jón Jónsson: Fyrir mitt leyti að segja, hugsaði eg, að þegar ekki var mælt móti breytingaratkvæðinu, mundi allir aðhyllast það, og það gjöri eg þá líka.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr virðist það harla vafasamt, hvort taka eigi prófastinn. Verið getur, að hann og sýslumaður sèu sinn á hverjum sýsluenda, og jyki það þá kostnað til kosninganna, en það er í opnu brèfi 6. júlí 1848 4. gr. ákveðið, „að þá skuli til aðstoðarmanna velja, sem gjöra mundu kjörþinginu

minnstan kostnað með ferðum sínum". Eg vildi því lángt heldur, ef víkja ætti frá framvarpinu, hvað mèr þykir óþarfi, að kjörstjóra gjörðist það að skyldu, að taka þann prest, sem næstur byggi kjörþíngsstaðnum og hæfilegur væri.

J. Johnsen: Eptir kosníngarlögum Dana til ríkisfundarins hafa að vísu hèraða og bæarstjórnirnar þar kosið kjörstjórnarmenn; en það er hvortveggja, að þessu ekki verður komið við hèrna, þar sem því líkar hèraðsstjórnir eigi eiga sèr stað, og þá einnig líka vegna strjálbygðarinnar hjá oss, enda búa sýslumenn og prófastar opt svo lángt hver frá öðrum, að óhægð er fyrir þá á og kostnaður að geta náð saman, en aptur getur eigi svo farið, að ekki sè kostur á t. a. m. presti eða öðrum mönnum í nánd við sýslumenn, sem eru hæfir til að vera aðstoðarmenn hans við kosníngarnar, og sem undir eins eru í alla staði óvilhallir. Eg ætla því að bezt fari á, að fara að því, sem nefndin er orðin ásátt um í einu hljóði, þessu atriði við víkjandi.

Jón Jónsson: Eg verð þó að ætla, að þegar prófastur, sýslumaður og alþíngismaður ættu að vera kjörstjórar, mundu þessir sjaldan búa sinn í hverjum kjördæmisenda, og þó það vildi til, mundi kjörfundurinn verða sem næst miðbiki kjördæmisins, og þannig stytta leið fyrir kjörstjórum, sem eg hèr fyrir utan meina að mundu ekki öðrum síður eiga erindi á kjörfundinn, til að kjósa þar fulltrúa sýslunnar á þjóðþíngið.

Varaforseti: Með tilliti til þess, sem stúngið hefir verið upp á, að prófastur eða, ef hann er lángt í burtu frá kjörstjóranum, þá næsti prestur skyldi vera annar aðstoðarmaður kjörstjórans, sýnist mèr þó aðgæzluvert, að svo getur á staðið, að hvorki prófastur nè næsti prestur hafi náð þrítugsaldri, og væri því betra, að til taka prófast eða næsta prest, sem þrítugur er orðinn.

J. Johnsen: Til að vera kjörstjórnarmaður, þarf ekki 30 ára aldur.

Jón Þórðarson: Það var ljóslega fram tekið í breytíngaratkvæði mínu, að aðstoðarmenn kjörstjóra væru fast á kveðnir, þar sem því yrði við komið. En gætu þessir menn ekki einhverra kríngumstæða vegna tekið þátt í kjörstjórninni, þá er auðvitað, að kjörstjóri verður að hafa frjálsar hendur að velja sèr aðstoðarmenn, eins og stendur í frumvarpinu.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að prófast-

urinn getur verið í kjörstjórninni, þó hann sè ekki þrítugur að aldri, en öðru máli gegnir, að hann má ekki kjósa, nema svo sè.

Jón Þórðarson: Mèr getur ekki skilizt, að það sè nein sèrleg nauðsyn, að kjörstjórnarmenn væru 30 ára. Þeir verða að vera bundnir þeim sömu takmörkum laganna, sem aðrir menn, nefnil. kjósa, ef þeir hafa þar aldur til, en annars ekki, en sjálfsagt ættu þeir að hafa jafnan rètt til kjörstjórnar, hvort sem þeir væru úngir eða gamlir.

Stiptamtmaður: Það er nú að öllu leyti samkvæmt minni skoðun.

Þar eð einginn ræddi framar, kvað varaforseti þessar greinir fullræddar; las þá framsögumaður upp 15. til 19. gr., og ástæður nefndarinnar fyrir þeim; var síðan tekið til að ræða þessar greinir.

Jón Þórðarson: Eg vildi hafa gjört nokkurjar athugasemdir við 16. og 19. gr. Það er þá fyrst: eptir 16. gr. eiga kjörstjórnarmenn að greiða atkvæði sín seinastir allra kjósenda; en því sýnist mèr ætti að breyta á þann veg, að kjörstjórnin greiddi atkvæði sín fyrst allra kjósenda á fundinum skriflega, innsigli atkvæðin og opni þau síðan, þá öll atkvæði eru greidd. Eg áskil mèr breytingaratkvæði við þessa grein, eptir því sem eg hefi áður sagt. Í annan máta stendur í 19. gr.: nú hafa 2, 3 eða fleiri jafnmörg atkvæði, þá sker kjörstjórnin úr með atkvæðagreiðslu að nýu, hverjir þessara sèu kosnir; lendi eitt atkvæði kjörstjórnarmanna á hverjum þriggja, skal atkvæði kjörstjórans ráða. Þessu vil eg þannig breyta: þegar 2, 3 eða fleiri hafa feingið jafnmörg atkvæði, þá skuli kjörstjórinn leita atkvæða allra kosníngarmanna, hver þessara skal verða fyrir valinu; skal atkvæða þannig leitað, að kosníngarmenn gángi í 2 flokka, en fái nokkur enn jafnmörg atkvæði, þá að hlutkesti væri látið ráða. Samkvæmt þessu áskil eg mèr breytíngaratkvæði við 19. gr. Það mundi mjög skjaldan til bera, að til hlutkestis þyrfti að koma, ef sú aðferð væri við höfð, sem eg hefi stúngið upp á, en aðaltilgángur minn var, að með þessari breytíngu hefði einginn einstakur maður meira vald til kosníngа, heldur en hver annara kosníngarmanna. Og get eg ekki betur skilið, en svo ætti að vera, ef þær annars eiga að vera frjálsar, sem eg annars held að flestir óski eptir.

Th. Gudmundsen: Eg leyfi mèr að spyrja þingmanninn frá Rángárþingi: Hverjum á kjörstjórnin á kjörfundinum að afhenda atkvæðaseðla hennar, svo alt sè trygt að fullu?

Jón Þórðarson: Eg get ekki sèð neitt vera móti því, að kjörstjórnarmenn geymi atkvæði sín sjálfir í lokuðum seðlum.

Th. Gudmundsen: Eg hefði þó hæglega getað ímyndað mèr, að ef kjörstjórnin ekki afhendir atkvæðisseðla sína einhverjum fundarmanni út í frá, hún þá á fundinum í snatri, og svo ekki mikið á bæri, gæti, eptir því sem henni þækti til haga, skrifað þá um og kosið aðra; því líklega mundi hún þó hafa einhvern pappírslappa við hendina, og önnur skriffaung, þar á fundinum.

Jón Þórðarson: Eg ætla ekki að gjöra ráð fyrir þess konar mönnum.

Stiptamtmaður: Eg held, að þingið ætti heldur að sjá um að fá góða kjörstjórn, því þessi breytíngaratkvæði eru vottur um tortryggni, og mundi því bezt, að fara eptir uppástúngu nefndarinnar, eða að öðrum kosti láta hlutkesti ráða, og er þetta tíðkað í öðrum löndum, t. a. m. í Hollandi og víða í hinum fornu fristöðum Þýzkalands. Ef þeir af kjósendunum, sem eptir eru, eiga, eins og þingmaður Rángvellínga stakk upp á, að kjósa á ný í þessu tilfelli, þá er það mjög áríðandi, að láta ekki kjósendur fara af kjörfundinum, fyr en atkvæðagreiðslu er lokið, og búið er að bera þau saman; því ef mjög fáir verða við, þegar kosníngar fram fara á ný, þá hefi eg betra traust á úrslitum kjörstjórnarinnar, eins og nefndin hefir upp á stúngið.

Jón Jónsson: Af frelsi kjörstjórans eður kjörstjórnarinnar, sem nú er verið um að ræða, sýnist mèr mögulegt að gæti leidt öðruvísi lagað og undir komið óhagræði fyrir kjördæmið, en nú hefir verið bent á; það væri t. a. m., ef kjörstjóri sjálfur, sem ekki væri ólíklegt, kynni vera einhver hæfilegasti maður til að verða þjóðarfulltrúi, en atkvæðum væri orðið svo varið, að hann með að eins 1 eða 2 við bættum feingi þau flest, en hefði sjálfur ekki girnd til ferðarinnar: þá vildi eg ekki eiga undir, að hann ekki rèði svo hinum síðustu atkvæðum kjörstjórnarinnar og í hið minnsta sjálfs síns, að hann fyrir vöntun þeirra kæmist þannig hjá því, sem hann þó hefði verið öðrum betur hæfilegur til.

Th. Gudmundsen: Hafi eg ei misskilið hinn heiðraða þingmann Suðurþingeyinga, ætla eg, að varla sè ráð fyrir því gjörandi, að kjörstjóri sè svo samvizkulaus, að hann vegna vináttu við þann, sem kosinn er til fulltrúa með jafnmörgum atkvæðum og annar, og er allshendis vel til þess fallinn, með atkvæði sínu frii hann frá að verða fulltrúi. Einnig get eg ei betur skilið, en að kjörstjóri fremur öllum, er kjósa, beri skynbragð á, hver af þeim kosnu hafi mestu fullkomlegleikana til að bera.

Jón Þórðarson: Breytíngar þær, sem eg hefi stúngið upp á, eru eingan veginn sprottnar af vantrausti til kjörstjóra yfir höfuð eða kjörstjórnarmanna; en fastur er eg á því, að eingum eigi að veita meiri rètt til kosníngа, heldur en hverjum öðrum einstökum manni, sem annars á kosníngarrètt. Með þessu hvyrfi líka allur grunur, sem menn annars kynnu að hafa um kjörstjórnina, að hún má ske hefði haft nógu mikla verkun á kosníngar, og held eg henni væri miklu betra að vera laus við þennan misgrun, sèrdeilis ef kosníngar tækjust ekki sem bezt.

R. M. Ólsen: Eptir því sem eg hefi tekið eptir ræðum hins virðuglega varaþíngmanns Rángvellínga hèr í dag, hefir tilgángur hans með breytíngaratkvæðið, sem hann hefir upp borið við 16. gr. kosníngarlagafrumvarpsins, án efa verið, ekki einúngis að girða fyrir allan *grun* um *hlutdrægni* kjörstjórnarinnar með einstökum mönnum, þegar hún greiddi atkvæði sín, *eptir að* kosníngar væru til lykta leiddar, heldur einnig, ef henni yrði gjört að skyldu, að gefa atkvæði, *áður en* kosníngar byrjuðu, eins og boðið er í tilskipan frá 8. marz 1843, § 29, að fyrir byggja, að atkvæðagreiðsla hennar hefði *áhrif* á kjósendurna þannig, að þeir höguðu völum þeirra, eptir því sem þeir hefðu heyrt kjörstjórnina gjöra.

Þar eð eg ei með öllu get fallizt á breytíngaratkvæði hans, en er honum þó samdóma í, að æskilegt sè, að öll tortryggni til kjörstjórnarinnar og áhrifa hennar á kjósendur yrði úti lokuð, ætla eg að áskilja mèr þannig lagað breytíngaratkvæði við 16. gr. frumvarpsins:

> Kjörstjórnarmenn greiði atkvæði sín þannig, að þeir riti þau í kjörbækurnar, áður en kosníngar byrja, og annist þeir um, að kjósendur ekki fái vitneskju um, hvernig þeir

hafa kosið, fyrri en þeir að enduðum kosningum lesa þau upp fyrir kjósendum.

Stiptamtmaður: Yfir höfuð að tala get eg ekki neitað því, að eptir nefndarinnar uppástúngu er heldur mikið vald lagt kjörstjórninni í hendur, og gæti því átt við, að takmarka það eptir nauðsyn; annars þarf varla að bera kvíðboga fyrir því, að atkvæði kjósenda verði á endanum svo jöfn, að atkvæði nefndarinnar gjöri úrslit í þessu tilfelli. Breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Húnavatnssýslu virðist vel geta átt við í 16. greininni; en hvað 19. greinina snertir, virðist mèr ekki mikið á móti því, að kjörstjórnin, þegar atkvæði eru jöfn, skeri úr, hverjir vera skuli fulltrúar, en þegar atkvæði kjörstjórnarmanna lenda á hverjum 3, er jöfn hafa atkvæði, þá virðist mèr að minnsta kosti betra, að láta hlutkesti ráða, en atkvæði kjörstjórans, og mundi honum vera það varla geðfelt, að skera úr þessu með atkvæði sínu.

Varaforseti: Það er gleðilegt að heyra, að öllum þeim, er ræða mál þetta, geingur það eitt til, að geta látið alla ná jöfnum rètti; það finnst mèr einnig þíngmaður Rángvellinga hafa fyrir augum með breytíngaratkvæði sínu. Hvað 16. grein snertir, felli eg mig bezt við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Húnavatnssýslu; en það sem stendur í 19. grein, að kjörstjórnin skuli hafa rètt til að kjósa að nýu, ef 2 eða 3 eru með jafnmörgum atkvæðum, þykir mèr ekki vel hafandi; og sje eg ekki, hvað er að hlutkesti, þegar svo stendur á. Þegar 2 eður 3 eru kosnir með jöfnum atkvæðum, eru allar líkur til, að jafnt sè á komið með þeim að áhuga og vitsmunum; mun þá verða bágt fyrir kjörstjórnina, að dæma um, hver þeirra sè bezt viti borinn, og þækti mèr þá ekki óskynsamlegt, að teníngur rèði. Líka gæti það, eins og stiptamtmaðurinn gat um, verið kjörstjóranum ógeðfelt, að eiga að lyktum að skera úr, og svo að segja senda sjálfur mann á þjóðfundinn, sem þó kynni að misheppnast.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg get ekki gert að því að halda, að mismunur sè þó stór milli blindrar tilviljunar og vitsmuna kjörstjórnarinnar; varaforseti virðist þó að gera meira úr henni; en nefndin hèlt, að þekkíngin ætti að sitja í fyrirrúmi. Eg ætla líka, að ekkert sè það ísjárvert, að ætla kjörstjórninni þessa úrgreiðslu, sem henni er ætluð, því það er gjört ráð fyrir því, að 2 eða 3 hafi *jöfn* og líka *flest* atkvæði. Kjósend-

ur hafa því flestir haft á þessum *jafnt* og líka *bezt traust.* Kjörstjórnin á því ekki annað að gjöra, en að ríða baggamuninn, og skera úr þessari þrætu milli jafnhárrar tölu.

Varaforseti: Eg get ekki kallað þetta blinda tilviljun, þegar atkvæðin eru jöfn á annað borð, og heldur kýs eg þetta, en að láta kjörstjórnina hafa það vald, er gefur henni rètt yfir aðra kjósendur.

R. M. Ólsen: Jafnvel þó að bæði herra stiptamtmaðurinn og hinn hátt virti varaforseti hafi fram fært álitlegar ástæður fyrir, að hlutkesti sè látið ráða, get eg ei fallizt á það; því eg álít óþarft, að umbreyta 19. grein, þegar aðgætt er, að sýslumenn framkvæma kosníngarstörf sín undir embættiseið, en aðstoðarmenn hans undir þann eið, sem þeir vinna, áður en þeir taka til verka. Þess vegna held eg ekki þurfa að tortryggja kjörstjórnina, og verð því á meiníngu herra konferenzráðsins.

Jón Þórðarson: Menn tala helzt um þettað tvent, að kjörstjórnin skeri úr að nýu, eða hlutkesti ráði. Af því að hlutkesti er nú tilviljan ein, þá fannst mèr tiltækilegra, að þeir kjósendur, sem eptir væri á fundinum, væru látnir skera úr málum. Það eru líka full líkindi til, að þegar menn vissu fyrir fram, að þessa aðferð ætti við að hafa, þegar einhverjir hefðu feingið jafnmörg atkvæði, þá mundu þeir einir helzt verða eptir á fundinum, þegar kosníngum væri lokið, sem mest hefðu gjört sèr far um, að kosníngar færu sem skipulegast fram.

R. M. Ólsen: Þar eð líkindi eru til, að kosníngafundir verði fjölsóktir, álít eg flokkaskipan þá, er vara - þíngmaður Rángvellínga vill við hafa, ótiltækilega og ruglíngslega. Dæmið höfum við hèr á þínginu, hvar þó ekki eru nema rúmar 20 sálir, sem telja þarf, að allan athuga hefir orðið við að hafa, að telja rètt, þegar til atkvæða hefir verið geingið, og mun þó minni reglu verða við komið á fjölmennum kosníngarfundum, heldur en hèr í þíngsalnum.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja þann heiðraða þíngmann Rángárvallasýslu, hvort kjörstjórnin, sem líka kann að hafa kosníngarrètt, megi ekki gánga í sveitir með hinum, og sleppa völdunum á meðan?

J. Johnsen: Mèr er líka spurn, hverjir aðrir (en kjörstjórnarmenn) eigi og megi gánga í þessar sveitir. Allir vita, að kosníngarnar fara fram í heyranda hljóði, þannig, að hver

sem vill, þó hann ekki sè kjósandi, má vera við, og liggur þá í augum uppi, að kjörstjórninni verður ómögulegt að skilja þá úr, sem ekki eiga kosníngarrètt, þar sem um fjölda manna er að gjöra, og ætla eg þá sjálfsagt, að ekki sè annað fyrir, en að láta gánga til atkvæða aptur, öldúngis á þann hátt sem fyrir er mælt um atkvæðagreiðslu og bókun atkvæðanna og annað þar að lútandi yfir höfuð að tala; en þá eru líka aðrir þíngmenn búnir að sýna fram á, hversu illa þetta ætti við, eptir að kjósendur eru farnir að fara heim aptur af kjörþínginu.

Jón Jónsson: Af því eg hefi nú hèr í þínginu heyrt gjört svo mikið úr því, hvað aldurinn sè nauðsynlegur til forsjálla kosníngа, þá held eg nú líka af sömu ástæðum rèttast sè, að þegar 3 eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, að aldur ráði, hverjir fulltrúar skulu verða, og gjöri eg það að breytíngaratkvæði mínu.

Framsögumaður: Nefndin hefir tekið það glögglega fram í ástæðunum, af hverju hún treystist ekki til að ákveða, að aldur skyldi ráða, nefnilega af því að kjörstjórnin gæti ekki vitað aldur utanhèraðsmanna allra, en ófært, að gjöra kjósendum að skyldu, að þeir út vegi sèr áreiðanleg skírteini um aldur hvers þess, er þeir kjósa utan kjördæmis.

En eg stóð ekki að eins upp til að svara þessu, heldur til að hreifa nokkrum athugasemdum við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Rángárvallasýslu. Þegar hann áðan stakk upp á breytíngunni við 16. gr., þá mælti eg ekki eitt orð í móti henni, því mèr fínnst, að margt megi segja henni til stuðníngs, og aðaltilgángur hennar sè góður og nauðsynlegur, sá, að gánga svo frá, að kjörstjórnin sè sett þeim mönnum, sem hafi á sèr alment traust, sem sè valinkunnir, sem sè vel kunnugir í kjördæminu; einnig ríður á því, með tilliti til niðurlags 19. gr., að þeir þekki svo vel til manna utan hèraðs, þeirra er helzt verði kjörnir, sem auðið er, og eg neita því ekki, að öllu þessu má búast við hjá prófasti og alþíngismanni sýslunnar *yfir höfuð að tala*. En þegar búið er að gánga svo tryggilega frá því, sem unt er, að í kjörstjórninni sè hinir helztu menn að ráðvendni, skynsemi og þekkíngu, er þeir hafa á sem flestu bæði utan hèraðs og innan, þá vil eg úr því trúa þeim og ekki tortryggja þá; þá er þeim ætlað að skera úr að síðustu, ef jafn er atkvæðafjöldi, ekki af því, að þeir hafi betra

vit, en allir, heldur af því maður má ætla, að þeir hafi betri *þekkingu*, en aðrir.

Vèr skulum við þessa uppástúngu, „að allir kjósendur kjósi upp að nýu, með því að gánga í 2 sveitir, ef um jafnan atkvæðafjölda er að gjöra“, eigi að eins skoða hana frá þeirri hliðinni, þegar hún má takast sem bezt, nefnilega að allir kjósendur, eður þá allur þorri þeirra, biði þess þolinmóðir, að búið sè að telja saman atkvæðin, og gángi svo í 2 sveitir til að kjósa milli þeirra aptur, sem jöfn hafa atkvæðin, og að kjósendur sè nú einir eptir, og að alt þetta takist sem bezt; heldur skulum vèr og jafnframt líta á þá hliðina, þegar hún má gefast sem lakast. Eg ætla, að það verði víða upp á, að þegar kjósendur hafa greidt atkvæði, þá vilji þeir losast sem fyrst af kjörþínginu; þeir hafa sumir sókt kjörþíngið lángar leiðir, og vilja því ekki leingur tefja, en ítrast er þörf, og ef eingi lög skylda, nè geta skyldað kjósendur til að koma á kjörþíngið, þá geta eingi lög heldur skyldað þá til að vera þar leingur, en þeir vilja sjálfir. Hvað leiðir nú af þessu? Einstakir menn verða kann ske að eins eptir, þeir sem helzt vilja róa undir, að kosníngar fari að þeirra skapi, en sem kann ske eru síztir að vitsmunum; og þó nú sèu ekki fleiri eptir, en kjörstjórnin sjálf, þá hljóta þeir samt að skera úr atkvæðafjöldanum eptir þessari uppástúngu, hversu sem þeir eru um komnir og hæfir til þess, einginn getur meinað þeim það, ef uppástúngan er tekin; og eg vil nú spyrja yður, hvort er rèttara, að eiga úrskurðinn undir þessum mönnum, ef til vill, hinum síztu allra í kjördæminu, eða undir kjörstjórninni, sem er eiðsvarin og valinkunn, og hinir helztu menn að vitsmunum og þekkíngu úr öllu hèraðinu? Þegar þetta vald, sem ætlað er kjörstjórnarmönnum eptir 19. gr., er nær skoðað, þá er það ekki svo á því bygt, að þeir hafi meira vit, en allir kjósendur, nè svo til ætlað, eins og enn hátt virti varaforseti sagði áðan, að kjörstjórnin ætti að skera úr því, hverjir kjósendur hefðu *mest vit, minna vit og minst*, því þetta er eingan veginn, en hitt ætla eg sè á góðum rökum, að kjörstjórnin, einkum ef í henni eru alþíngismaður og prófastur með sýslumanni, sem hafa haft tækifæri til að afla sèr margbreyttrar þekkíngar á svo mörgum utanhèraðsmönnum, skeri úr því að lokum, ef jöfn eru atkvæði, hverjir kjósenda hafi haft glöggvasta þekkíngu á fulltrúaefnum, eður óljósari, eður óljósasta.

Steffán Jónsson: Þó mèr ekki kæmi það til hugar, þegar nefndin var að undir búa frumvarpið, þá finnst mèr nú, sem opt kynni svo á að standa fyrir sýslumanni, að hann síður vildi hafa þann rètt, að ráða eða skera úr kosníngum eptir 19. gr. frumvarpsins. Svo gæti farið, að skyldmenni hans ætti hlut að máli, og yrði því af öðrum álitin hlutdrægni, og því vildi eg, að sýslumaður ætti frjálst, að láta hlutkast ráða, ef hann vildi það heldur.

J. Johnsen: Þá er líka að búast við þess minni hlutdrægni hjá þeim kjörstjórunum, sem ekki vilja eiga þenna atkvæðisrètt, og þeim ætti maður því allra sízt að gefa kost á að láta hann vera ónotaðan, en næsta ístöðulítill væri sá kjörstjórinn, sem ekki gæti neytt þessa rèttar síns.

Steffán Jónsson: Það var mín meiníng, að kjörstjóri mætti láta hlutkesti ráða, ef hann sjálfur vildi það heldur; því það gæti verið honum óþægilegt, að þurfa að gjöra úrskurð eptir skyldu, og held eg, að margir sýslumenn kynni að una þessu betur.

R. M. Ólsen: Skeð getur, að svo beri undir, sem þíngmaður Eyfirðínga gat til, að sýslumaður ekki vildi ráða útfalli kosníngа með atkvæði sínu.

Haldór Jónsson: Það gæti þó orðið kjörstjóranum óþægilegt, ef hans atkvæði ætti að skera úr ágreiníngnum; því vel má það að bera, að hann sjálfur sè einn af þeim, sem flest hafa atkvæðin, og mætti þetta verða orsök til þess, að menn mistu af honum, sem fulltrúa, þó hann væri bezt til þess fallinn.

Enginn ræddi þessar greinir framar, en af því svo var fram orðið dags, kvað varaforseti bezt að slíta fundi að sinni þángað til kl. 5½.

Að lyktum var lesin upp og samþykt allra þegnsamlegust bænarskrá, um að vesturamtið megi halda takmörkum sínum óbreyttum, o. s. frv. Bænarskrá þessi er svo látandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hafa inn komið 2 bænarskrár frá vesturfjórðúngi landsins, undir skrifaðar af 86 mönnum úr öllum umdæmisins sýslum, sem fara fram á, að alþíngi sendi yðar hátign bænarskrá um, að vesturamtið haldi sömu takmörkum og það nú hefir, meðan landinu er skipt í fjórðúnga, að Borgarfjarðarsýsla ekki verði sameinuð Mýrasýslu, og að amtmanni vest-

uramtsins verði gjört að skyldu, að vera þar í umdæminu, hvar hægast sè fyrir innbúana til hans að ná. Eptir að málefni þetta hefir verið rannsakað af 3 manna nefnd, og síðan á lögskipaðan hátt rædt á 2 aðalfundum, leyfir þingið sèr nú þegnsamlegast að láta í ljósi meiningu sína um þetta mál. Þingið heldur það með öllu ógjörlegt, sjálfsagt meðan stjórnartilhögun er hèr hin sama, og nú er, að amtsumdæmi þetta sameinist við annað, því slíkt mundi valda miklum óhagnaði fyrir innbúana, eins og aptur yfirstýrir umdæmisins yrði torvelt að hafa tilhlýðilegt eptirlit þess, er nauðsyn þó krefur. Líka ætlar þingið það vera ósanngjarnt móti þessum hluta landsins, ef tekinn væri nokkur hluti þess, og lagður undir annað umdæmi, t. a. m. Mýrasýsla, því það hèti að kippa fótum undan umdæminu, þeirri sýslu þess, sem er lángríkust að fènaði, og tekur lángmesta hlutdeild í opinberum útgjöldum. Þinginu virðist eins ógjörlegt, að sameina Mýra og Borgarfjarðarsýslur, þar eð einginn sýslumaður mundi til leingdar geta gegnt því embætti til hlítar vegna örðugleikans, torfæra, og þeirra launga vega, samt einkum hins stóra vatnsfalls, Hvítár, sem yfir yrði að fara, í hvert skipti er ferðast þarf úr annari sýslunni í hina, enda mundi sýslubúum opt og tíðum verða mjög torvelt, og stundum ófært, að ná fundi sýslumannsins, í hvorri sýslu sem hann byggi; og ætlar þingið, að þessir erviðleikar mundu ekki horfnir, þó að Hnappadalssýsla væri frá numin Mýrasýslu og sameinuð Snæfellsnessýslu, sem einnig varð um rædt á þinginu, enda þókti það mjög ísjárvert, að auka erviðleika seinast nefndrar sýslu. Þingið hlaut einnig að álíta það sanngjarna heimtu innbúa vesturumdæmisins, að amtmaður þeirra væri þar búsettur, hvar hægast væri til hans að ná, og er Stykkishólms kauptún sá staðurinn, sem hægast er til að ná fyrir amtsbúa yfir höfuð að tala, og hvar samgaungur eru mestar, bæði millum amtsbúa innbyrðis, og annara kauptúna, þar á meðal Reykjavíkur. Þingið leyfir sèr því allra þegnsamlegast, að biðja yðar hátign um:

1. með 20 atkvæðum gegn 2,
   að vesturumdæmið haldi þeim takmörkum óbreyttum, sem nú eru, svo leingi sem landinu er og verður skipt í fjórðúnga:
2. í einu hljóði,
   að Mýra og Hnappadalssýsla hafi einn sýslumann, og

Borgarfjarðarsýsla annan, en að þessar sýslur ekki sameinist undir einn sýslumann:

3. með 16 atkvæðum gegn 6,
að amtmanni í vesturumdæminu verði gjört að skyldu, hèr eptir að vera búsettum í eða nálægt Stykkishólmi.

Alþingi, 28. dag júlímánaðar 1849.
Allra þegnsamlegast.
Hannes Stephensen. *Kr. Magnusen.*

Því næst var fundi slitið.

---

28. júlí — tuttugasti og sjöundi fundur.

Varaforseti kvað stiptprófast Árna Helgason hafa til kynt sèr, að hann ei gæti mætt á þessum fundi.

Þá var 20. og 21. grein í frumvarpi til kosníngarlaganna tekin til umræðu, og las framsögumaður upp þessar 2 greinir frumvarpsins ásamt ástæðum nefndarinnar fyrir þeim.

Stiptamtmaður: Þessar 2 greinir (20. og 21. gr.) verður þingið nákvæmlega að gaumgæfa, því þær eru öldúngis nýar í uppástúngum nefndarinnar, en hitt annað er samið annaðhvort eptir alþingistilskipuninni frá 8. marz 1843, eða eptir kosníngarlögum til ríkisfundarins í Danmörku. Það, sem nefndin hèr stíngur upp á, virðist mèr dæmalaust, og geta varla eða mega eiga sèr stað á þennan hátt. Eptir alþingistilskipuninni var að vísu ekki beinlínis gert ráð fyrir, að þingmaðurinn vildi ekki taka móti kosníngum, en þetta var þar minna áríðandi, vegna þess að eptir alþingistilsk. átti einnig að velja varafulltrúa. Í erindisbrèfi kjörstjóranna frá 24. marz 1843 er þeim skipað að leiða athygli þingmanna og varaþingmanna að því, að undir eins og nokkur alþingismaður, eptir að búið er að kveða menn til þings, er orðinn sannfærður um, að hann geti ekki mætt, þá eigi hann að til kynna það hlutaðeigandi varafulltrúa, sem að því búnu eigi að mæta, án þess að konúngsfulltrúinn kveðji hann til fundar sèrstaklega. Hingað til hafa menn ekki haft aðrar ákvarðanir, og er þeim ábótavant. Þar á móti hefir nefndin ekki gert ráð fyrir því tilfelli, að fulltrúinn vildi hafa sig kosníngunni undan þeginn, og til að komast hjá þeim vandkvæðum, sem leiddu af því, að fulltrúa vantaði í eitthvert kjördæmi, stúngið upp á tveimur neyðar-úrræðum,

fyrst, að taka þann til fulltrúa, sem hefir atkvæði næst þeim, sem úr fèllu, þó ekki færri en 20, og því næst, ef einginn hefir 20 atkvæði, að sá skuli álitast rètt kosinn fulltrúi, sem í einhverju kjördæmi landsins hefir hlotið fleiri atkvæði, en er þó ekki orðinn fulltrúi. Hvað hinu fyrra úrræðinu við víkur, þá er þetta að nokkru leyti samkvæmt því, sem áður tíðkaðist, að kjósa varafulltrúa, þó með þeirri takmörkun, að 20 atkvæði eru gerð að skilyrði fyrir því, að þetta megi við hafa, og getur nú þetta vel átt sèr stað. Einúngis skal eg geta þess, að orðin, „nú missir *þannig* eitthvert kjördæmi af einum eður fleirum þeirra, sem flest hlutu þar atkvæði“, virðast miður vel til fallin, því kjördæmið getur orðið að sjá á bak fulltrúa þeim, er það kaus, af fleirum ástæðum, en þessari, t. a. m. ef hann ekki vill taka við kosníngu, eða sálast; í öllum þessum tilfellum á kjörstjórnin líka að taka þann, sem næstur á eptir hefir flest atkvæði, alt niður að 20, og því held eg, að alla þá, sem á þann veg eru kosnir, sè að álíta varafulltrúa, og þarf þar ekki að bera kvíðboga fyrir, að nokkurn tíma muni vanta fulltrúa í nokkurt kjördæmi, og gæti þá alt hitt, sem í frumvarpinu stendur, um að senda stiptamtmanni skýrslur um kosníngarnar og kjörskrárnar sjálfar, fallið burt; en skyldi nú það samt sem áður eptir þessu við bera, að fulltrúa vantaði, mundi sá kosturinn betri, að kjósa á ný, heldur en hinn, sem nefndin fer fram á. Það er líka öldúngis gagnstætt eðli allra þjóðkosníngа, að bendla yfirvöld við þær, og allra sízt ætti við, að leggja stiptamtmanninum þetta á herðar; en eigi samt sem áður að grípa til þessara úrræða, held eg tiltækilegra, að fela þetta starf á hendur háyfirdómaranum í landsyfirrèttinum, sem hefir þá köllun, að skera úr málum yfir höfuð að tala, heldur en stiptamtmanninum, og að minnsta kosti ætti hann ekki einn að vinna að þessu starfi. Það eru annars öll líkindi til, að, mjög stuttur tími líði milli kosníngаnna og þjóðfundarins, svo brýn nauðsyn beri til, að kosníngar allar geti orðið út kljáðar í hèraðinu sjálfu, og að þess vegna verði ekki við komið öllu því vastri, sem leiðir af því, sem nefndin grípur til í neyð, þegar svo á stendur, að einginn hefir hlotið 20 atkvæði í einu kjördæmi; þannig þarf þá t. a. m. að senda úr öllum kjördæmum kjörskrár og skýrslur um kosníngar, og ef t. a. m. einhver Múlasýslumaður hefði flest atkvæði til að vera fulltrúi á þjóðfundinum fyrir Ísafjarðarsýslu,

þá þyrfti fyrst að senda til þessa manns í Múlasýslu, til að birta honum þetta, og ef hann ekki vill taka á móti kosningunni, þarf aptur að skrifa um það til Ísafjarðarsýslu, o. s. frv.

Mèr virðist því nauðsynlegt, að menn strax í hèraði fái út kljáð, hver kjörinn sè fulltrúi í því, og ef hann er við staddur, getur hann strax sagt til, hvort hann vill gánga að kosníngunni, og ef hann ekki er við staddur, en þó innan hèraðs, innan þess tíma, sem þíngmenn ættu að stínga upp á hvað lángur ætti að vera, t. a. m. 14 dagar; og ef hann væri utan hèraðs, svo sem svaraði þriggja vikna tíma. Yfir höfuð að tala virðist betur til fallið, að kosníngum verði frestað fyrir eitt kjördæmi, en að þær dragist fyrir alt landið, eins og líka vantar í frumvarpið ákvörðun um það tilfelli, þegar hinn kosni ekki vill vera fulltrúi, og yrði í þessu eina tilfelli að við hafa sömu reglu, og í öllum hinum, þegar fulltrúi einhverra orsaka vegna geingur úr leik, þá nefnilega, að hann yrði að segja til forfalla sinna innan viss ákveðins tíma.

Haldór Jónsson: Strax sem eg las frumvarpið, fannst mèr ákvörðunin í seinasta kafla 20. greinar vandkvæðasöm og óviðfeldin. Eg efast ekki um, að nefndin út úr vandræðum einum hafi stúngið upp á þessari ákvörðun. Líklegustu úrræðin held eg það, sem herra stiptamtmaðurinn benti á. Frumvarpið á að vera *þjóðlegt,* en *það* held eg *óþjóðlegt,* og ætla, að margir kjósendur geti ekki felt sig við það, að stiptamtmaður skuli ákveða þeim fulltrúa eptir atkvæðafjölda, sem þeir sjálfir eiga eingan þátt í. Þannin er það óviðfeldið, ef t. a. m. einhverjir Vestfirðíngar feingi óþektan þíngmann að austan eður sunnan. Þetta yrði líka svo umsvifamikið, að eg sè ekki, hvernin því ætti að koma við á svo stuttum tíma, sem líklega væri kostur á; það má gjöra ráð fyrir, að sumir þeir, er stiptamtmaður á kvæði, kynnu að afsaka sig, og sýnist þá liggja beint við, að fulltrúa yrði að vanta í hans stað. Áskil eg mèr því nú þegar rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið, að seinasti kafli 20. greinar falli burt, en aptan við miðkaflann sè bætt þessum orðum: „annars verði kosið að nýu; en sè ekki tími til þess, verði sá fulltrúi fyrir kjördæmið, sem flest hefir atkvæði úr kjördæminu, þó færri sèu, en 20.“

Guttormur Vigfússon: Fyrir mèr hefði og vakað sú hugsan, að nauðsynlegt mundi, að gjöra athugasemd við þessa 20. grein frumvarpsins; einkum fannst mèr vanta ákvörðun um

ef fulltrúi vildi ei taka á móti kosníngunni einhverra orsaka vegna, t. a. m. heilsulasleika, elli og fleira, eður ef hann gæti það ekki, til að mynda ef hann veiktist, dæi, eða jafnvel ekki mætti vegna embættisstöðu sinnar taka á móti þeim, til að mynda læknirar úr fjarlægustu hèruðum landsins, svo sem að vestan og úr Múlasýslu, hvar ómögulegt væri að ná annarstaðar frá til læknis hjálpar, hvað sem við lægi. Því dettur mèr i hug, að áskilja mèr viðauka-atkvæði, líkt og hinn velæruverðugi þíngmaður nú gjörði, má ske að það geti samrímzt við hans, og það er á þessa leið: ef fulltrúi einhverra orsaka vegna getur ekki tekið á móti kosníngum, skal kjörstjórninni til kynnast það strax í stað, sem þá varar þann við, er flest atkvæði hefir feingið næst hinum, og skal sá rèttur fulltrúi vera í hins stað, þó færri atkvæði hafi, en 20.

Framsögumaður: Eg játa það fúslega, að nefndin var í miklum vanda, þegar hún samdi uppástúngur þær, sem eru í 20. og 21. gr., og að þær eru með öllu nýar; en hún varð að finna eitthvað í stað framboða fulltrúaefna, sem henni fundust hèr óhafandi, og á hinn bóginn að líta á, hvað tíminn gæti orðið naumur, ef til vildi, og mig furðar heldur ekki á því, þó mönnum virðist þessar uppástúngur ískyggilegar: því svo er opt um spánýar breytíngar; enda hafa nú ýmsar athugasemdir verið vaktar gegn uppástúngum þessum, en eg get þó ekki, enn sem komið er, metið þær allar gildar og góðar; flestar gánga út frá því sjónarmiði, að leingri tími muni verða frá kosníngum til fundar, heldur en nefndin þorði að gjöra ráð fyrir. Eg vil gjöra ráð fyrir hinu bezta, því, að kosníngarlögin komi híngað með póstskipi; eg ætla samt, þó svo yrði, að kosníngar geti ekki farið fram, fyrri en fyrri hlutann af júnímánuði, og þá líður aldrei lángur tími frá kosníngum til þjóðfundarins, en því styttri sem sá tími er, því færri forfalla er von; kjósendur vita þá forföll, ef þau eru, og kjósa ekki þá, sem svo er ástadt fyrir. Þá er að tala um það, ef einhverjir *vilja ekki* gángast undir kosníngar. Fyrir þessu vil eg ekki gjöra ráð, nè að neinn verði sá kosinn, er ekki vilji láta það að trausti og ósk kjósenda, að fara og meta þann sóma, er þeir sýna honum,, sem vert er.

En þó þeirri ákvörðun, að stiptamtmaður ákveði eptir atkvæðafjöldanum, þar sem fulltrúa vantar, sè nú slept, en falið kjörstjórunum að komast fyrir, hvort sá, sem utan hèraðs

er, en hefir hlotið flest atkvæði, geti tekið kosníngunni, eður ekki, þá ætla eg, að hin sömu muni verða vankvæðin, bæði að kostnaði til, sendiferðum og öðru, og eingu minni; eg ætla að taka sama dæmið til, ef svona væri farið að, sem herra stiptamtmaðurinn, að úr Múlasýslu væri kosinn þíngmaður, sem er í Ísafjarðarsýslu, þá þarf kjörstjórinn að senda til hans rakleiðis, til að fá vissu um, hvort hann getur þegið kosníngunna, og ætla eg, að þegar margir kjörstjórar ætti að fara að senda svona, þá yrði það bæði seinna og umsvifa og kostnaðarmeira. En ef allir eiga að senda híngað og hèðan einn, þá getur sami sendiboðinn rekið erindið fyrir marga kjörstjóra í senn.

Það var einmitt þessi skoðun, hvað stutt yrði milli kosníngа og byrjunar þjóðfundar, er kom nefndinni til að stínga upp á, að stiptamtmaður tækist þenna starfa á hendur. Eg mæli ekki í móti, að yfirdómararnir sè teknir í stað hans, ef það þykir betra; en mèr finnst og vel til fallið, að stiptamtmaður kjósi einhverja 2 til aðstoðar sèr. Stiptamtmaður sagði, að menn mundu taka sig saman, svo ei þyrfti að eiga undir utanhèraðsmönnum; það held eg og yfir höfuð, einkum svo, að þeir hafi einhvern innanhèraðsmann til vara með fleiri en 20 atkvæðum, ef missa yrði af utanhèraðsmanninum. Það er satt, að ómögulegt er eptir þessari aðferð, að kjósa þá, sem eru í Danmörku, eða rèttara sagt, sem ekki eru á Íslandi, þegar kosníngar fara fram; en eg ætla þetta jafnómögulegt, þó kjörstjórum sè ætlað að gángast fyrir þessu í stað stiptamtmanns. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar hèlt, að því kjördæmi mundi miður líka, sem eptir 3. atriði í 20. gr. hlyti þann fulltrúa, er kosinn væri í öðru hèraði; en hafi þeir ekki samtök að kjósa svo, að þeir hafi einhvern til vara með 20 atkvæðum, þá verður ekki fyrir þetta girt; en fyrir því, að svona geti farið, verður þó ráð að gjöra, og við því að slá varnagla í frumvarpinu. Mèr finnst þannig, að athugasemdirnar gegn því hafi ekki sýnt fram á annað betra, enn sem komið er.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að eg held, að styttri þyrfti tímann milli kosníngа og kjörfunda, ef kjósendurnir sjálfir, eða vinir þess manns, sem menn vilja kjósa til fulltrúa, hefði á reiðum höndum skírteini fyrir því, að hann vildi gánga að kosníngunni, og fyrst nú einnig uppástúngur

þær, sem standa í 3. klausu 20. greinar, eins og framsögumaður játaði, eru að eins til vara, þá held eg eigi eins vel við, að láta kjósa að nýu; og ætti þá að nema burt ákvarðanir þær í 21. gr., sem olla þessum miklu vandkvæðum, og þannig ætti að úr fella byrjunina á 21. gr. Að því leyti framsögumaður gat þess, að Ísfirðingar kynnu að velja fulltrúa sinn í Múlasýslum, þá er öðru máli að skipta, því þá fá þeir að vísu fulltrúa þann úr fjarlægri sýslu, sem þeir sjálfir vilja, og verða því sjálfir að annast um, að hann í tíma fái vitneskju um það, og gángi að kosníngunni, en í tilfelli því, sem rædt er um í 20. gr. 3. klausu, þarf að senda kjörskrár, og bíða þángað til þær allar eru inn komnar, skrifa síðan til Múlasýslu og Ísafjarðarsýslu um fulltrúann, og það optar en einu sinni, ef hann ekki vill gánga að kosníngunni, og getur það loks orðið upp á, að kjósa þurfi fulltrúa á ný, því ekkert lagaboð er til, sem skyldar þá að fara á þjóðfundinn. Þar á móti held eg einginn ástæða sè til, að úti loka frá kjörgeingi þá menn, sem eru erlendis, því þeir geta hèr haft fulltrúa sín vegna, sem út búnir sèu með læstum seðlum, sem sanni, að þeir takist kosníngu á hendur, og verða opnaðir, þegar búið er að kjósa með atkvæðafjölda þann, er miðinn er frá, og þarf ella aldrei að komast upp innihald þessara seðla, og verður þá kjörstjórnin sjálf, eða vinur hins kosna fulltrúa, að sjá um, að hann fái vitneskju þar um; annars verða að líkindum ekki kosnir aðrir, en kunnugir menn, sem kjósendurnir fyrir fram vita að taka muni móti kosníngunni.

Haldór Jónsson: Sè kosníngarrèttur nokkurs virði, sè það satt, sem eg eingan veginn efa, að landar vorir meti mikils þennan rètt, og hafi þetta verið en sterkasta hvöt til að taka einfaldar kosníngar fram yfir tvöfaldar, þá verður það að álítast óþjóðlegt, ef svo getur að borið, að atkvæði kjósenda megi sín ekkert, heldur ákveði stiptamtmaður þeim fulltrúa eptir atkvæðafjölda *annara* kjósenda. Eg ímynda mèr annars, að ekki verði opt að gjöra ráð fyrir því vandræðatilfelli, að nokkur afsaki sig eður gángi öðruvísi úr skaptinu, og hægast verði að bæta úr því í kjördæminu sjálfu; og færi svo, að þíngmaður dæi, eður veiktist, rètt áður en hann ætti að fara til þíngs, er það ljóst, að einginn annar en kjördæmið *sjálft* gæti út vegað þíngmann í hans stað.

Ásgeir Einarsson: Eg felli mig vel við breytíngarat-

kvæði þess konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar, og óska, að hann orði það greinilega á þá leið, er hann seinast tók fram; en hvernin sem mál þetta kann að fara, áskil eg mèr geymdan rètt til breytíngaratkvæðis þess, að varaþíngmenn sèu kosnir sèr, því væru þeir kosnir í sameiníngu við hina, finnst mèr það raska ákvörðun 1. og 2. greinar, enda mundi varaþíngmanna kosníng fult svo vel vönduð, ef þeir væru kosnir sèr í lagi.

Stiptamtmaður: Eg get ekki betur sèð, en að alla þá, sem hafa flest atkvæði næst eptir 2 hina fyrstu, sè að álíta sem varaþíngmenn, ef felt er út úr miðklausunni í 21. grein orðið „þannig".

Jakob Pètursson: Mèr þykir það heldur hart ákveðið, að binda kjörgeingi við 20 atkvæði minnst, því það getur valdið því, að einginn nái þeim, þar sem kjördæmín eru fólksfá, margir bændur undan skildir að geta kosið, og sumir, sem mættu kjósa, koma ekki á kjörfundinn. Þækti mèr því ríimilegra, að taka til lægri tölu, svo sem 10, eða jafnvel 5, heldur en að kjördæmið verði að láta aðra kjósa fulltrúa fyrir sig úr fjarlægum hèröðum, hvern þeir þekkja að eingu, til að komast fram úr þessum vandræðum.

Framsögumaður: Eg játa það, enn sem fyrri, fúslega, að þessar uppástúngur nefndarinnar eru nokkrum umsvifum bundnar; en eg ætla, að þetta verði líka upp á, þó samþykt verði breytíngaratkvæði hins annars konúngkjörna þíngmanns, og þar til held eg, að önnur vankvæði og meiri megi af því leiða. Vèr skulum einnig skoða þetta í krók og kríng og afleiðíngar þess í hverju tilfelli, eins og um uppástúngu nefndarinnar, og þá sjáum vèr, að þar að getur rekið, ef ekki verður ráðrúm til að kjósa, að taka verður þann til fulltrúa, sem hefir flest atkvæði, þó færri sèu en 20, má ske þann, sem að eins er kosinn með 2 eða 3 atkvæðum; og hvernig sem nú þessum atkvæðum er varið, og kjósendunum, sem hafa greidt þau (en svo fá atkvæði geta verið sprottin af mjög misjafnri rót), þá hlýtur þó, eptir breytíngaratkvæðinu, þessi að verða fundarmaður, fremur hinum, sem í öðru hèraði er kosinn með má ske miklu fleiri atkvæðum en 20, og þannig hefir verið sýnt augljóst traust kjósenda á því, að hann væri fær um að ræða þau hin alþjóðlegu málefni, sem einúngis munu þó verða umtalsefni á þjóðfundinum.

Asgeir Einarsson: Ef varaþingmaður væri kosinn sèr í fólksfáu kjördæmi, held eg það yrði gjört með meiri gætni, en sá er kosinn með, sem fær 20 atkvæði í fólksríku hèraði; enda væri það mikið ánægjulegra fyrir fáment kjördæmi, að mega kjósa þann, er það vildi, með færri atkvæðum en 20, en fá þann úr öðru kjördæmi, er, ef til vill, þeir heimskustu hefðu kosið með 20 atkvæðum.

Framsögumaður: Ef haldið er fast við skoðun nefndarinnar og geingið út frá því, sem hún hefir haft fyrir augum, þá ætla eg, að breytíngaratkvæði ens heiðraða þíngmanns úr Strandarsýslu verði óþarft; því eg tel víst, að kjósendur muni því heldur taka sig saman um að kjósa einhvern með 20 atkvæðum eður fleiri til vara, án þess þeim sè gjört það að skyldu, sem þeim síður mun um það gefið, að kosníngar í öðru hèraði ráði því, hver verði fundarmaður fyrir þá.

Haldór Jónsson: Það getur að vísu komið fyrir, að sá, sem um væri að velja, hefði ekki nema fáein atkvæði; ei að síður ímynda eg mèr *eingan* þann valinn, sem fráleitur sè, þegar kosníngin er svo þýðíngarmikil. Og ef kjörstjórnin áliti manninn óhæfan, mundi hún hafa einhver ráð með að koma kosníngum í kríng, þó tíminn væri naumur. Virtist annars þíngmönnum það tiltækilegra, væri eg kann ske ekki ófús til, að bæta við breytíngaratkvæði mitt þeim viðauka: „en ekki færri en 10.“

Ásgeir Einarsson: Þó er það aðgætandi, sem framsögumaður sagði, að sè haldið *hugsunarmáta* nefndarinnar, sem er þó kallað neydar-úrræði, hefir hann þó þann annmarka og fyrirhöfn í för með sèr, að senda til stiptamtmanns með mikilli fyrirhöfn, en sá annmarki hvyrfi, ef varaþíngmaður væri kosinn.

Guttormur Vigfússon: Eg get varla ímyndað mèr, þegar kosníngar verða eins frjálsar og nú er ráð fyrir gjört, að þá muni ei fleiri en 2 fá 20 atkvæði, eður jafnvel þar yfir, einkum í hinum fólkríkari kjördæmum, því síður sem menn alment þekkja lítið til manna í öðrum kjördæmum út um landið; mun það verða einslags band til að binda menn mest við sín eigin kjördæmi, undir eins og það verður hvöt fyrir menn að búa sig fyrir fram undir völin, svo þeir sèu vissir um að geta feingið þann fyrir fulltrúa, er þeir þekkja og helzt vilja.

Eg gjöri ráð fyrir, að flestir muni una því illa, að fá þann

fyrir fulltrúa á þjóðþingið, er þeir hafa alls eingin kynni af; eg ímynda mèr, að það muni sjaldnast að bera, að nokkur vandræði í þessu falli að beri; en beri þau að, ætla eg það sè umsvifaminna, og eiga betur við, að kjósa að nýu, og þó tíminn má ske verði tæpur, mun hann ei síður nægur til þess, heldur en að senda til stiptamtmannsins fyrst með allar kosníngarskrárnar úr kjördæmunum, hann aptur að kunngjöra manni þeim, hvar helzt sem á landinu er, sem hlotið hefir kosníng fyrir eitthvert kjördæmi, sem þá og loksins verður að láta kjördæmið vita það, hver og hvar þessi er, og að öllu þessu búnu getur má ske að borið, að kjördæmið hljóti á endanum eingu betri fulltrúa, heldur en það hefði átt völ á innan sinna takmarka.

Haldór Jónsson: Eg ætla *ekki* að áskilja mèr þann viðauka við breytíngaratkvæði mitt, sem eg áðan nefndi, því hann gæti orðið þess ollandi, að þíngmann yrði að vanta, ef nýrri kosníngu gæti ekki orðið við komið. Eg ætla heldur að treysta því, að atkvæði falli ekki á óhæfan mann, eða þá, að tækifæri verði til nýrrar kosníngar.

Ásgeir Einarsson: Eg er á sama máli, og sá konúngkjörni þíngmaður, er seinast mælti, og því fellur mèr betur við breytíngaratkvæði hans, en uppástúngu nefndarinnar, í þessum greinum, þó mèr þyki nefndinni hafi tekizt vonum betur með álit sitt á svo stuttum tíma. En nú óska eg, að þingið yfir vegi, hvort breytíngaratkvæði mitt muni eiga illa við; eg held annars, að menn hefðu betra gát á, að kjósa varaþíngmenn, þegar þeir væru kosnir sèr í lagi.

Haldór Jónsson: Það held eg óráð, því það yrði að draga atkvæði frá öðrum, sem menn kann ske mistu af fyrir það. Það er líka sjálfsagt, sem stiptamtmaðurinn tók fram, að þeir eru varaþíngmenn, sem næstir gánga þeim 2, sem flest hafa atkvæðin.

Jakob Pètursson: Eg er á sama máli, að ekki þurfi varaþíngmann að kjósa, þegar ekki er fast bundið við vissan atkvæðafjölda niður að 10, eða jafnvel 5; því þá verður altjend varamaður til, þó sá brygðist, sem flest fèkk atkvæðin.

Guttormur Vigfússon: Eg ætla, að það þurfi ekki að gjöra ráð fyrir því, undir svo frjálslegum kosníngum, að ei feingju víðast hvar fleiri en tveir fullmörg atkvæði, eður 20, og þá er nóg, þó einhver gángi úr, og þó það væri nokk-

uð færri atkvæði, sem einn þeirra feingi, er það ekki full sönnun fyrir, að hann sè verr fallinn til þingmanns en hinir, er nokkrum atkvæðum fleiri hafa öðlazt.

Jakob Pètursson: Vitað hefi eg þann kjörfund, hvar ekki komu 20 kjósendur, og þá hefði einginn heldur getað feingið 20 atkvæði.

J. Johnsen: Eg verð að vísu að viðurkenna, að ákvarðanirnar í 20. greininni eru nokkurs konar neyðar-úrræði, og eins hitt, að ekki verða þær varðar eptir neinum góðum og gildum grundvallarreglum; en vilji menn láta kosninguna geta náð yfir land alt, og til annars gat nefndin ekki ráðið, þar sem um fundinn að ári er máli að skipta, má gjöra ráð fyrir því, að svo kunni að bera undir, og það víðar en í einu kjördæminu, að fulltrúi sè kosinn, sem búi í meiri og minni fjarska, svo að ekki verði hægt eða fljótt að ná til hans, og fá að vita, hvort hann fær orðið við kosningunni; en það er naumleiki tímans, sem aptrar því, að kosið verði um aptur, þegar svo stendur á, og það var tímaleysisins og vegaleingdarinnar vegna, að nefndin komst niður á ákvörðunum þeim, sem hèr ræðir um, til þess að komast hjá endurkosningum. Með bezta vilja mínum til að taka eptir og sannfærast af því, sem þingmenn nú hafa rædt hèr að lútandi, get eg þó enn ekki sèð, að nokkurt það breytingaratkvæði, sem borið er upp, bæti úr göllunum. Eg held, að tillögur nefndarinnar og ákvarðanirnar í greinunum 20. og 21., sem hún í einu hljóði hefir fallizt á, ef vel er að gáð, sè tiltækilegri. Þegar einhver sá, sem fallið hefir úr, t. a. m. af því hann er kosinn í öðru kjördæmi, ekki getur orðið fulltrúi kjördæmisins, ætla eg þó, að margt mæli fram með því, að taka þann fyrir fulltrúa, sem flest hefir feingið atkvæði annarstaðar, en þó ekki er orðinn þar fulltrúi, þegar þó einginn innanhèraðsmaður hefir hlotið að minnsta kosti 20 atkvæði; því ekki verður þess synjað, að það er töluverður vottur um hæfilegleika manns þess til að vera þjóðfulltrúi, og traust kjósenda hans á honum, ef hann hefir feingið flest eða þá næst flest atkvæði allra, sem atkvæði er veitt, en þó ekki hefir náð að verða kosinn fulltrúi. Þá er um að gera, hver með þessum hætti eigi að skera úr, hverjir fulltrúar verði, þar sem þannig stendur á. Mèr hefir dottið í hug, hvort ekki mætti fá þenna úrskurð þjóðlegri, en eptir uppástúngu nefndarinnar, hvort t. a. m. ekki mætti gefa nokkrum mönnum í Reykjavík, þar sem

öllu er safnað saman, rètt til að kjósa á millum þeirra, sem flest hafa atkvæðin, en þó ekki eru orðnir fulltrúar, og nefni eg þar til einkum þá mennina, sem ætlast má til að þjóðin hefir bezt traust á, nokkra af hinni andlegu stèttinni, t. a m. biskup, stiptprófast, forstöðumann prestaskólans og dómkirkjuprestinn og aðra veraldlegrar stèttar menn, t. a. m. stiptamtmann og dómendurna í landsyfirrèttinum. Eg skýt þessu einúngis til yfirvegunar þíngmanna, án þess eg fari fram á að bera það upp sem breytíngaratkvæði. Það er sjálfsagt, að nefndin tekur til nákvæmrar yfirvegunar öll þau breytíngaratkvæði, sem borin eru eða verða upp, svo og það, sem henni sjálfri kynni að hugkvæmast til endurbótar, áður en atkvæðalisti er saminn og ályktunarumræða fer fram, og leyfi eg mèr, áður en eg sezt niður, að leggja þíngmönnum á hjarta, að þeir orði breytíngaratkvæði sín á þann veg, að þau eigi við bæði orðaskipun greinanna og ákvarðanir frumvarpsins yfir höfuð, því annars er við því að búast, að ályktunarumræðan og atkvæðagreiðslan komist á ríngulreið.

Steffán Jónsson: Eg hefi ætlað að taka eptir því, hverjar mótbárur væru fram færðar móti nefndarálitinu og frumvarpinu með nokkrum ástæðum, og hefir mèr þó helzt virzt ástæðurnar vera kostnaður og erviðleiki með sendiferðir, og sá misjafni fólksfjöldi, sem er í kjördæmunum. Það er mikið óskandi eptir, að geta verið frí við kostnað og sendiferðir, ef hjá því verður komizt, og líka er nokkuð hæft í því, að ekki er vissa fyrir, að sá sè betri þíngmaður, sem kosinn er með fleiri atkvæðum, þar sem margir voru kjósendur, heldur en hinn, sem kosinn er með færri atkvæðum, þegar þar voru svo mikið færri kjósendur á kjörfundinum. Eg væri ekkert á móti, að nefndin öll kæmi saman, þángað til að mál þetta er rædt aptur, til að vita, hvort hún gæti ekki við ítarlega yfirvegun geingið inn á eitthvað af þeim breytíngaratkvæðum, sem fram eru komin, og er því mikil nauðsyn á, að menn lagi svo breytíngaratkvæðin, að þau geti sem bezt átt við þær greinir frumvarpsins, sem menn vilja breyta.

Jón Jónsson: Mèr er nú að koma til hugar, ef hvert kjördæmi kysi 3 menn, og þá alla í sameiníngu þeirri, að einginn væri eiginlega kjörinn út af fyrir sig sem varamaður, þá yrðu þó mennirnir, sem þannig væru kosnir, hèr um bil þriðjúngi fleiri, og hefði nú hitzt á einhvern þessara, að hann væri kos-

inn úr öðru kjördæmið, átti þó kjördæmið eptir tvo, en ef hann varð ekki kosinn úr annarlegu kjördæmi, þá yrði hann, eins og varamenn eru nú, sem heima sitja, þegar ekkert liggur á þeim. Þetta að sönnu ætla eg nú ekki að gjöra að breytíngaratkvæði mínu fyrst um sinn, en heyra, hvernin af ræðst í meiníngum og áliti manna hèr á þínginu. Mèr þykir mjög óliklegt, að þetta vankvæði, sem menn óttast, komi nokkurn tíma fyrir; eg held þíngmenn, sem nú eru hèr úr flestum kjördæmum landsins, nú strax geti að miklu leyti sèð, þegar kjörgeingi er orðin svona frjáls, sem hún er, hvort ekki muni þó í hverri sýslu vera þau völ á mönnum, að trauðlega sè að óttast fyrir þessu, og væri vert að heyra álit og meiníngar þeirra í þessu.

Eyólfur Einarsson: Mèr virðist, að eingin ástæða sè til, að kjósa varaþíngmann, og á ei við; því eins og herra stiptamtmaðurinn sagði í dag, er sá varaþíngmaður, sem fær atkvæði næst fulltrúum, sem er og beinlínis eptir þeim fyrri kosníngarlögum; en varla mun þurfa að kvíða fyrir, að ei fáist næg atkvæði, þegar frjálslegar eru kosníngar.

Ásgeir Einarsson: Þetta er ekki nýtt breytíngaratkvæði, heldur samslags og eg bar upp, að því undan teknu að eg vildi láta kjósa varaþíngmenn sèr, en ef þeir yrðu kosnir í sameiníngu, raskaði það 1. grein nefndarálitsins, og yrðu þeir þá 60 í alt, í stað 40; vildi einhver taka breytíngaratkvæði á þá leið, er stiptamtmaðurinn talaði, gæti nefndin tekið breytíngaratkvæðin til greina fyrir síðustu umræðu, og tekið það úr þeim, er henni þækti bezt við eiga; man eg, að þetta var gjört 1847 í einu máli.

Stiptamtmaður: Eptir umræðum þeim, sem fram hafa farið, geta menn, eins og hinn heiðraði fulltrúi Eyfirðínga sagði, gert sèr von um, að nefndin sjálf gagnskoði og geri breytíngar við frumvarpið, og þegar breytíngaratkvæði hins konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar yrði tekið til greina, held eg megi sleppa fyrsta lið í 21. grein, því þá þarf ekki að senda stiptamtmanni skýrslur um kosníngar og kjörskrárnar, því þá eru kosníngarnar út kljáðar heima. Úr hinum seinasta kafla sömu greinar falla einnig orðin „eða stiptamtmaður“, því þá er hann úr sögunni. Klausunni „en hafi einginn innan hèraðs flest atkvæði, skal stiptamtmaður vor kveða upp eptir áður greindum skýrslum“, og s. frv., alt að orðunum „geti setið þjóðfundinn“, verður líka að sleppa, og yfir höfuð að tala

sè eg ekki hvers vegna stiptamtmaðurinn á að skipta sèr af þess háttar, en ef svo ætti að vera, ætti hann að hafa aðstoðarmenn við þetta starf. Það er nokkuð sèrstaklegt eptir alþingistilskipuninni, að stiptamtmaðurinn á að kveðja þingmenn til fundar, og er það teingt við leyfi það, er stiptamtmaðurinn átti að veita, ef embættismenn voru kosnir alþingismenn, en nú virðist ónauðsynlegt að fá leyfi þetta í Danmörku, og þá að líkindum einnig hèr á landi. Það er annars líklegt, að nefndin yfirvegi nákvæmlega og lagi breytíngaratkvæði þau, sem fram eru komin, svo atkvæðagreiðslan falli heppilega; en bregði út af því, mundi við eiga, að þingið lèti stjórninni í sjálfsvald að gera breytíngar í sumum atriðum, því annars getur hún ekki gert breytíngarnar; annars ríður það á miklu, að lagaboðið komi snemma, svo nógur tími verði til kosníganna, en þar eð það er komið undir stjórninni, hve nær lagaboðið kemur, mundi hún einnig leyfa eptir þörfum þær ákvarðanir, sem standa í sambandi við tímann.

Framsögumaður: Það er sjálfsagt, að ef breytt er 20 gr. í niðurlaginu, eins og upp á er stúngið, þá fellur úr 21. greininni alt það, sem við kemur afskiptum stiptamtmanns, og sem ekki er samkvæmt breytíngaratkvæðinu, og áskil eg mèr í nafni nefndarinnar, að breyta báðum greinunum samkvæmt þessu, og láta þær þannig koma til atkvæða. Ef aðhylzt verður breytíngaratkvæði þetta, þá ætti nú að vísu þessar greinir að ræðast að nýu eptir breytínguna, en það getur ekki átt sèr stað eptir vorum þíngsköpum.

Varaforseti: Eg játa það, að það er ekki mitt færi, að ræða um þetta mál. Það er einkum tvent, sem í þessu tilliti er til fyrirstöðu, og það er hinn stutti tími, sem menn búast við að verði milli kosníganna og þjóðfundarins, og hinn lángi og örðugi vegur um alt land, sem hvortveggja kynni olla því, að kosníngar yrðu ekki nógu snemma komnar í kríng, ef farið væri eptir þessum ákvörðunum í frumvarpi nefndarinnar. Því hafa hugir sumra snúizt að því, að láta kosníngar vera því nær bundnar við kjördæmin; en þó ætla eg það áhuga flestra, að ekki séu þær svo bundnar. En menn geta hvorki ráðið við tíma nè rúm, og verða því má ske að binda sig við það amt, sem þeir eru í. Eg ætla, að nokkurn veginn jafnt sè skyni skipt milli amtanna, og með þessu móti yrði komizt hjá vandkvæðum þeim, sem leiða af ótakmörkuðum kosníngum.

Eg ætla þó, að hver sýsla hafi nokkurt fulltrúaval; en þriðjúngi styttri tíma þarf til kosníngа, þegar ekki er farið út yfir amtstakmörkin. Þá þyrfti ekki að senda úr Reykjavík vestur í Ísafjarðarsýslu og austur í Múlasýslu aptur, svo þar yrði kosið að nýu, ef eins vildi til, og stiptamtmaðurinn tók til dæmis.

Eg varpa að eins fram þessari athugasemd, ef þíngmenn vildu íhuga, hvort ekki mætti á þennan veg ráða bót á þessum vandkvæðum.

Þ. Sveinbjörnsson: Varaforseti taldi þau vandkvæði, sem á voru, við að koma málefni þessu haganlega fyrir, en helzt taldi hann til tímaskortinn til að velja að nýu, þar sem fundarhaldið hèldi að öðru megin, en koma lagaboðsins hinu megin; líka taldi hann til vegaleingdina um land alt, ef stiptamtmaður ætti seinast að segja til, hver flesta hefði kjósendur þeirra manna, er þó ekki væru orðnir fulltrúar, til að bæta þeim skortinn, er mist hefðu fulltrúa sinna. Hèlt hann því, að báðar þessar hindranir mundu hverfa eða þó minka, ef menn hèldu sig við ömtin. En það er enn eitt þessu til fyrirstöðu, og það er rèttindin kjósenda, að kjósa jafnfrjálst um land alt; þessi rèttindi fann nefndin sèr ekki fært að skerða, og það ætlar hún þó verði upp á með amtavölin, og þá gat nefndin ekki, að þessu sleptu, fundið annað tiltækilegra en það, sem hún stíngur upp á, til að greiða úr flækjunum, er seinastar *gætu* orðið, þó þær að líkindum aldrei að beri. Nefndarinnar vegna vil eg, sem formaður hennar, beiðast þess af þínginu, að hún á morgun mætti hafa rètt á, að yfir fara í einíngu öll breytíngaratkvæði, sem tekin eru eða tekin verða í kvöld, og út velja úr þeim, hvað henni sýnist, og gjöra sèr að uppástúngu. Ætla eg sú aðferð sè lögum samkvæm, og að það eð breytta nefndarálit þyrfti ei fyrir það að koma til nýrrar undirbúníngsumræðu, fremur en þau breytíngaratkvæði, er valda kynnu breytíngu í nefndarálitinu. Fallist þíngið á þetta, leyfi eg mèr að biðja þann heiðraða varaforseta, að sjá svo um, að breytíngaratkvæðin gætu verið komin nefndinni til handa kl. 10 á morgun fyrir miðjan dag.

J. Johnsen: Eg ætla það sjálfsagt, að nefndinni sè frjálst, til ályktunar að mæla með þeim breytíngum öllum, sem henni kynnu að þykja eiga við, og farið er orðum um við undirbúníngsumræðuna, og það eitt meðal annars, sem nefndin mun taka undir yfirvegun á ný, hvort kosníngar skuli takmarka

við ömtin. Eg ætla enda, að nefndin megi taka til álita og bera undir þingið við ályktunarumræðuna þær smábreytingar, sem henni kynnu að hugfallast, og færa kynnu á betra veg, enda þó ekki hafi orðið til rædt um þær við undirbúningsumræðuna, og er þetta eingan veginn á móti þingsköpum, ef enginn mælir á móti, enda var þannig hagað til á ríkisfundi Dana í vetur, og getur það opt komið sèr vel og orðið að liði.

Varaforseti: Eg vil fús að mínu leyti stuðla til þess, að nefndin geti tekið öll þau breytingaratkvæði, sem í dag eru upp borin, til yfirvegunar, og sameinað þau, að svo miklu leyti sem verða má, sínum eigin uppástúngum, og í því skyni lofa eg nefndinni, að hún skuli að líðandi dagmálum á morgun fá öll breytingaratkvæðin. Á hina skoðun hins heiðraða fulltrúa Árnesínga get eg með eingu móti fallizt, að nefndinni sè heimilt, að taka hverja lauslega rædda skoðun þingmanna sem breytingaratkvæði inn í álit sitt. Það hefir aldrei vani verið á þingi þessu, að taka það til ályktunarumræðu, er aldrei hefir komið til undirbúnings, og þó sá kunni að vera siður ytra, eins og hinn heiðraði þingmaður sagði, mun þingið þó verða að halda venju sinni og viðtekt, þann eina daginn, sem nú er eptir síðastur af þinghöldum þessum. Mèr getur ekki heldur virzt það góð regla, þar sem menn þó vita, að eingum leyfist að taka optar en einu sinni til máls, nema framsögumanni einum, og er því næsta óhægt að gjöra fyrir öllum mótbárum þeim, sem uppástúngu hverri mega, ef til vill, mæta. Eg ætla ekki heldur, að nefndinni beri í þessu falli annar eða hærri rèttur, en hverjum öðrum þingmanni; skylda hennar er að skýra málið, og það er einnig skylda hvers þingmanns.

J. Johnsen: Mæli enginn þingmanna þeirra, *sem hèr hafa atkvæðisrètt,* á móti, skilst mèr þó ekki betur, en að nefndin megi eiga þenna rètt, og að vel fari á því, að hún, ef á liggur, neyti hans.

Varaforseti: Eg sè þá ei annað, en þingið verði að skera úr þessu með atkvæðagreiðslu. Eg sè að vísu nauðsynina, vegna þess að tíma er svo fram komið, og málið má ei aptur koma til undirbúningsumræðu. Það væri þá vegna nauðsynarinnar, en á móti allri á þingi þessu við tekinni reglu, ef þingmenn vildu leyfa nefndinni, að fram koma með ný breytingaratkvæði við síðustu umræðuna.

Ásgeir Einarsson: Þegar nefndin tók til greina breyt-

íngaratkvæði, sem eg gat um áðan, var mjög stránglega geingið eptir því, að hún gerði ekki aðra breytíngu, en þá, er var í breytíngaratkvæðunum. En nú getur svo farið, að nauðsyn brjóti lög, en vildu menn halda fast við þíngreglurnar, kynni nefndin að geta tekið aptur til nýrrar umsýslunar þær 2 greinir, sem ekki eru út ræddar, og mætti þá ræða þær til undirbúníngs á ný, og gæti það vorðið nefndinni þægilegra, en eyddi ekki mjög miklum tíma. Þar sem varaforseti hreifði áðan við því neyðarúrræði, að takmarka kjörgeingi við ömtin, get eg þess strax, að eg mun aldrei fallast á það.

Stiptamtmaður: Eg get þó ekki komizt hjá því að benda til alþíngistilskipunarinnar 71. greinar, fyrst umræðum er þannig komið, og þar stendur: sú ítarlegri og síðasta meðferð á sèr í lagi að miða til þess, að þínginu gefist betra færi á að dæma um málið með greinilegum samanburði og nákvæmari útlistun alls þess, er þegar var fram komið við málsins undan förnu meðferð. Hèr af leiðir, að ekkert það, sem er öldúngis nýtt, og áður hefir ekki verið tekið til greina undir undirbúníngsumræðunni, getur, að henni lokinni, orðið upp borið, t. a. m. er það nú um seinan, að binda kjörgeingina við ömt, þar sem eingin breytíngaratkvæði voru gjörð við 5. greinina á undan, en málefnið rædt í köflum, og undirbúníngsumræðunni lokið við hvern kafla. Að öðru leyti er það misskilníngur, sem ekki á sèr stað eptir alþíngistilskipuninni, þegar hinn heiðraði varaforseti og fleiri þíngmenn halda, að nefndin geti ekki gert neinar breytíngar á eptir undirbúníngsumræðuna; slíkar breytíngar hafa alt af við geingizt í Danmörku, og er ekkert á móti því í alþíngistilskipuninni, sem er samkvæm tilskipuninni um fulltrúaþíngin í Danmörku, og hafa þar opt komið fram breytíngaratkvæði við byrjun hinnar seinustu umræðu, við víkjandi atriðum þeim, sem áður höfðu komið til umræðu; og hvað því við víkur, hvort nefndin geti borið sig saman við þá, sem borið hafa upp breytíngaratkvæði, þá held eg nefndin ætti þakkir skildar fyrir að við hafa slíka aðferð, og er þetta einkum hið bezta ráð til að stytta seinustu umræðuna, og lètta atkvæðagreiðslu þíngmanna, og er það að minni hyggju öldúngis samkvæmt 71. grein alþíngistilskipunarinnar.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg fór aldrei fram á annað, en að breytíngar nefndarinnar, ef nokkrar verða, hèldu sig við 20.

og 21. gr., eða þau breytíngaratkvæði, er þar að mættu hníga, og hefir hvortveggja, eins og líka þær undan gángandi greinir frumvarpsins, verið til undirbúnings.

J. Johnsen: Eg ætla þó, að 5. greinin standi í því sambandi við 21. greinina, að ekki sè hægt með öllu að komast hjá að tala um ákvarðanirnar í annari þeirra, án þess að hreifa ákvörðununum í hinum greinunum, og því líka, að ekki verði fyrir munað að bera það breytíngaratkvæði upp við umræðu seinni greinarinnar, sem reyndar á betur við þá hina fyrri.

Jón Þórðarson: Mèr getur ekki annað skilizt, en málefni þettað yfir höfuð sè undir undirbúníngsumræðu; jafnvel þó því hafi nú verið skipt í greinir, þá virðist það hafa verið gert í þeim tilgángi, að málefnið yrði sem bezt og skipulegast rædt; en væri nú svo, að eingu mætti breyta í þeim fyrri greinum, og það þó þær standi í nákvæmu sambandi við þær greinir, sem nú er verið að ræða, þá sýnist mèr sú aðferð fremur til fyrirstöðu. Eg fyrir mitt leyti held það sè bezt til fallið, að menn stíngi nú upp á þeim breytíngum, sem kynnu að geta verið til hins betra, og að nefndin, að því leyti sem hún gæti fallizt á það, gerði þettað að sínu breytíngaratkvæði, þessi aðferð var líka við höfð á þínginu 1847 í málefninu um niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins; síðan mætti bera undir þíngið við atkvæðagreiðsluna, hvort það vildi fallast á frumvarpið óbreytt, og síðan, ef ekki yrði fallizt á þetta, þá hvort þíngið ei vildi aðhyllast það með þeim breytíngum, sem nefndin hefði tekið og gjört að sínum. Fari nú svo, að þíngið aðhyllist ekki breytíngaratkvæði þess annars konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar, þá vil eg áskilja mèr það vara-atkvæði við 21. grein: þar sem stiptamtmaðurinn er eingaungu nefndur, sè sett nefnd manna, og í þeirri nefnd væri með stiptamtmanni 2 búsettir menn í Reykjavík.

J. Johnsen: Eg verð þó að vera á öðru máli um þetta, og að, eins og hèr stendur á, muni fara bezt á því, að láta greiða atkvæði um öll þau breytíngaratkvæði, sem borin verða upp, við hverja grein út af fyrir sig í senn, og þá, þegar atkvæðin eru greidd um allar þær breytíngar í frumvarpinu, sem stúngið er upp á, að taka atkvæðagreiðslu þíngsins að lokum um frumvarpið alt með breytíngum þeim, sem orðnar eru á.

Varaforseti: Þar sem spursmálið var nú áðan, hvort nefndin mætti taka breytíngaratkvæði þíngmanna inn í álitsskjal sitt,

þá hlýt eg að álíta það sjálfsagt, því breytíngaratkvæðin eru orðin eign þíngsins og nefndarmenn ráðsmenn þess yfir þeim, og óskar þíngið gjarnan, að sem flest þeirra gætu komizt í samstemmu við nefndarálitið. En það sem herra stiptamtmaðurinn gat um, að hvað eina lauslega rædt við undirbúníngsumræðu mætti koma inn í nefndarálitið undir síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu, þá er eg með öllu því mótfallinn. En hvað það snertir, að eigi megi binda kjörgeingi við ömt, af því að 5. grein frumvarpsins sé fullrædd og úti loki því þessa uppástúngu, þótt þíngmenn í vandræðunum kynni að vilja aðhyllast hana, þykir mèr æði hart; því uppástúnga þessi gjörir einga algjörða breytíngu á 5. grein, því greinin segir, að þann megi einnig kjósa, sem ekki eigi heimili í kjördæminu; nú eru í amti hverju 6 kjördæmi, og þó takmörkunin sé með uppástúngu þessari meiri, en óskandi væri, og mikil frá því, ef um alt land kosið væri, þá er hún þó ekki svo mikil, að hún ekki væri takandi fremur, en annað verra.

Stiptamtmaður: Eg skal einúngis geta þess, að þó þíngið við taki, að skipta umræðunni eptir vissum greinum í frumvarpinu, má það samt vera á valdi þess, að bregða út af reglunni og gera breytíngar við atriði þau, sem búið er að ræða um, ef slíkar breytíngar standa í nánu sambandi við þær greinir, sem nú eru til umræðu, og verði kjörgeingi bundin við ömt, verður nauðsynlegt að gera breytíngu í endanum á 5. grein frumvarpsins. Einnig færði hinn virðulegi þíngmaður Rángvellínga ástæður fyrir því að skoða undirbúníngsumræðuna sem heild, og ættu menn í þessu tilliti ekki að halda sèr alt of stránglega reglubundnum, þegar menn sjá ofan á, að betur gæti farið á annan veg, og hèr ríður það á mestu, að frumvarpið sé sem bezt úr garði búið.

H. G. Thordersen: Eg ætla þá að verða til þess, að bera upp það breytíngaratkvæði, að kjörgeingi verði bundin við amt hvert, og gjöri eg það í þeirri von, að með því móti verði nefndinni hægra fyrir, að koma frá þeim vandkvæðum, sem því kynnu verða til fyrirstöðu, að 20. og 21. grein frumvarpsins yrðu staðfestar. Eg vona og, að greinir þessar verði leiðrèttar eptir þeim umræðum, sem nú eru orðnar, og breytíngaratkvæði hins konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar.

Framsögumaður: Eg verð að mínu leyti að geta þess nú þegar, að eg álít það verði með öllu þýðíngarlaust, sem þó

þingið fèllst á í einu hljóði, að frumvarpinu væri skipt niður í greinir til að ræða það, ef svona mætti aptur grípa fram fyrir sig og bera upp breytíngar við greinarnar, sem búið er að ræða; eg ætla því, að þetta breytíngaratkvæði sè nú upp borið beint í móti þingsköpum vorum, og bæði fyrir þá sök, og svo vegna hins, að mèr finnst það band vera svo ískyggilegt og þvert í móti þeirri stefnu, sem frumvarpið hefir tekið til að gjöra kjörgeingi sem frjálsasta og óbundnasta, þá get eg aldrei aðhylzt þetta breytíngaratkvæði.

Þ. Sivertsen: Þegar eg las fyrst nefndar uppástúngurnar og frumvarpið, fannst mèr, sem nefndin ætti að því leyti miklar þakkir skildar af þingmönnum, sem hún hafði stúngið upp á kjörgeinginni, sem frjálslegastri, og svo þjóðlegri, sem frekast mætti við koma. Því fremur brá mèr í brún, þegar farið var áðan að hreifa því, og það af einum enum frjálslyndasta, að þraungva að kjörgeinginni, og binda hana við amtsumdæmin; hvort um það geta nú hèðan af orðið upp borin breytíngaratkvæði, við kemur mèr ekki að skera úr, þó eg haldi það ekki vera; en hvað sem um það er, eg veiti því ekki atkvæði. Þessu neyðarúrræði er hreift í því skyni, svo ekki þurfi að kvíða þeim miklu og mörgu vankvæðum, sem mæti manni, ef kosið er utan kjördæmisins lángt í burtu, og eru nú orðnar töluverðar ræður út af þessu; en það er hvorutveggi, að eg held aldrei verði að óttast þessi vandkvæði og úrræðaleysi, því kjósendur munu því að eins kjósa sèr fulltrúa utan kjördæmisins lángt í burtu, að þeir fyrir fram sèu búnir að út vega sèr fullkomna vissu um, að sá, er þeir kjósa, taki á móti valinu, og líka held eg, að það, sem mest hefir verið umræðuefnið, hverfi með öllu, ef fylgt er uppástúngu ens velæruverðuga konúngkjörna þingmanns andlegu stèttarinnar, hverri eg ætla að veita mitt atkvæði, og vona flestir þingmenn verði á því; en þegar hann bar upp breytíngaratkvæði sitt, hèlt eg hann mundi halda leingra, og stínga upp á breytíngu 21. greinar, hinu samkvæmt, líkt og herra stiptamtmaðurinn hreifði við; en þar hann gjörði það ekki, ætlaði eg að gjöra það; nú hefir nefndin, að eg hèlt, tekið það að sèr, svo mín ummæli þar um þurfa ekki.

Framsögumaður: Eg áskildi mèr áðan þetta atkvæði í nafni nefndarinnar.

Ásgeir Einarsson: Það er mèr þó gleði að heyra, að nokkr-

ir standa upp með mèr til að mæla móti því, að kjörgeingi verði bundin við amt. Eg gat þess í dag, þegar talað var um kosníngarrèttinn, að mèr þækti allra háskalegast band á kjörgeingi; en það er auðsèð, hvað kjörgeingi væri fast bundin, ef ekki má kjósa mann yfir eina á, og ætla eg að reyna til að mótmæla því, ef nokkrir fallast á það.

H. G. Thordersen: Mèr er ekki heldur neitt kappsmál með þetta breytíngaratkvæði, því fyrir mitt leyti játa eg það, að mèr þækti það frjálslegast og bezt, ef kjörgeingi næði yfir alt land. Eg bar að eins breytíngaratkvæðið upp til þess, að vekja athuga þíngsins á því, hvort ekki mætti með því af stýra þeim vandkvæðum, sem menn voru hræddir um að leiða mundu af uppástúngum nefndarinnar.

Kr. Magnusen: Af breytíngaratkvæðum þeim, er gjörð hafa verið við þetta kosníngarlagafrumvarp í dag, verð eg að játa, að eg aðhyllist helzt það, er hinn hátt virti konúngkjörni þíngmaður, prófastur sèra Haldór, gjörði við 20. og 21. grein, eins og athugasemdir þær, sem herra stiptamtmaðurinn fram færði við sömu greinir, er óskandi væri að einhver þíngmanna lagaði breytíngaratkvæði eptir, eður nefndin tæki til greina.

Nú ræddi enginn þessar greinir framar, og var þá hin síðasta grein frumvarpsins tekin til umræðu, eptir að framsögumaður hafði lesið hana upp ásamt ástæðum nefndarinnar fyrir henni.

Stiptamtmaður: Hvað við víkur 22. gr. frumvarpsins, þá getur, ef til vill, átt vel við, að ákveða fæðiskaup og ferðakostnað þíngmanna með 4 dölum dag hvern, fyrir þann tíma, sem til ferða geingur, í stað þess áður var stúngið upp á 3 ríkisdölum; líka getur hèr orðið til rædt um, hvernig endurgjalda eigi kostnað þann, sem leiðir af fundinum, og sèr í lagi, hvort kostnaður sá, sem leiðir af kosníngum fundarmanna, eigi einnig að greiðast úr jarðabókasjóðnum, eða af jafnaðarsjóðum umdæmanna, eins og lögboðið var um kostnaðinn við kosníngar þíngmanna.

Kr. Magnusen: Þar eð eg ekki hefi orðið þess áskynja, við að yfir fara þetta kosníngarlagafrumvarp, að neinir fæðispeníngar eður ferðakaup væri ákveðið fyrir kjörstjóra og þeirra meðhjálpara, svo leyfi eg mèr hèr með að upp bera það viðauka-atkvæði, að við 22. gr. teingist aptan við orðið, „dag hvern“: sömuleiðis skulu og kjörstjórar, eigi þeir að ferðast

leingra en mílu vegar til kjörþíngsins, fá, frá því þeir fara að heiman, og þángað til þeir koma aptur af þínginu, í fæðiskaup og ferðakostnað 3 rbd. dag hvern, en aðstoðarmenn þeirra 1 rbd. 32 sk. Hygg eg þessa borgun því sanngjarnari, sem þíngið 1847 áleit slíkt vera hæfileg laun fyrir sýslumann, og þá menn, er hann út nefndi til að starfa að jarðamatinu; en opið brèf frá 6. júlí 1848, sem ákveður borgun fyrir kjörstjóra og meðhjálpara þeirra, hygg eg hèr síður við eiga, svo sem hèr er alt öðru máli að gegna, að kjósa til þess þjóðfundar, sem boðaður er að verða eigi næstkomandi sumar, en til alþíngis, sem bæði nú er á enda, og að líkindum verður eptirleiðis öðruvísi skapað. Tèð opið brèf frá 6. júlí virðist hèr að auki miður sanngjarnt, þar eð það einga borgun ákveður kjörstjóra eður meðhjálpurum þeirra á kjörstefnuferðum, ef þeir eiga kosníngarrètt, jafnvel þótt kjörstjóra sè gjört að skyldu, að halda þíngið, hvort sem er, eins og meðhjálpurunum má standa í sjálfsvaldi, hvort þeir vilja neyta síns kosníngsrèttar, eða ekki, í hverju síðara tilfelli kjörstjóri getur mist þá hæfilegustu aðstoðarmenn á kjörstefnunni, og er það bagalegt, að slíkt skuli hljótast út af smámunasemi við spörnun fárra skildínga. Eg leyfi mèr því að vænta þess, að þeir hátt virtu þíngmenn álíti þá af mèr gjörðu uppástúngu með fæðispeníng og ferðakaup kjörstjóra og aðstoðarmanna hans við kosníngar til þessa þjóðfundar sanngjarna, og veiti henni meðmæli, en óskandi væri, að einhver þíngmanna stíngi upp á sannsýnni borgun til presta og hreppstjóra fyrir ómak þeirra við að semja kjörskrárnar, að hverri þeir mega álítast vel komnir.

R. M. Ólsen: Jafnvel þó eg áður fyrri hèr á þínginu hafi látið í ljósi, að mèr sè æríð ógeðfeld smámunasemi og sípni, get eg nú ei dulizt þess, að mèr finnst hinn hátt virti varaþíngmaður Snæfellínga gjöra of mikinn mun á borgun til kjörstjórnarmannanna; því eptir ræðum þíngmanna hèr í dag eru mikil líkindi til, að í kjörstjórninni verði prófastar, eður heldri klerkar, ef þeir eru haganlegar búsettir, hvers vegna mèr er með öllu óskiljanlegt, að nokkur sanngirni sè fyrir því, að prófastar eða prestar skuli bera frá borði einúngis 1 rbd. 32 sk., en sýslumenn 3 rbd. fyrir sama starf.

Þó sýslumenn hafi feingið 3 rbd. um daginn við jarðamatið, sannar það ekkert í þessu málefni; því við það höfðu þeir svo mikkar skriptir og umstáng fram yfir jarðamatsmennina.

Þess vegna ætla eg að áskilja mèr það breytíngaratkvæði við atkvæði herra kammerráðsins, að meðhjálparar kjörstjóra fái 1 rbd. 48 sk., en kjörstjóri 2 rbd. um daginn.

Kr. Magnusen: Í tilefni af því, sem hinn virðuglegi þíngmaður Húnvetníinga nú mælti, leyfi eg mèr að geta þess, að þeir af mèr til teknu 3 rbd. um daginn fyrir kjörstjóra mega því síður álítast of mikil borgun, sem þeir í öllum prívatmálum í fæðispeníinga og ferðakostnað hafa þar fram yfir, en borgun sú, er eg upp kvað, er sú hin sama fyrir kjörstjóra og aðstoðarmenn þeirra, sem þíngið aðhyltist 1847 við jarðamatið, og er það þó að vænta, að sýslumenn út nefni til aðstoðarmanna þá helztu, er hann álítur hæfa til slíkra starfa; en í frumvarpinu verð eg ekki heldur var við, að ætlazt sè til þess, að prófastar fremur öðrum sèu kjörnir til aðstoðarmanna; af hverju öllu sèst berlega, að sá gjörði reikníngur þíngmanns Húnvetníinga ekki getur virzt með öllu sanngjarn.

R. M. Ólsen: Það gat eingan veginn verið meiníng herra kammerráðsins, því í dag var það greinilega tekið hèr fram á þínginu, að bezt muni til fallið, að alþíngismenn og prófastar, eða stundum prestar í stað enna síðari, yrðu aðstoðarmenn sýslumanna við kosníngarnar.

Kr. Magnusen: Það er hvorki í lagafrumvarpinu til tekið, nè af þínginu samþykt, að prófastar eða alþíngismenn öðrum fremur skuli kjósast til aðstoðarmanna á kjörþíngum.

Steffán Jónsson: Eg held það geti orðið ósanngirni, að gjöra svo mikinn greinarmun á kjörstjóra og aðstoðarmönnum hans, að ætla þeim 1 rbd. 32 sk., en honum 3 rbd.; því, ef til vill, geta þetta alt verið embættismenn, og hvort heldur sem er, þó það væru bændur, þá eiga þeir sömu borgun, ef þeir vinna sama gagn, og ekki er heldur víst, að sýslumaður þurfi fleiri hesta eða gagnlegri, en þeir.

Kr. Magnusen: Hvað því við víkur, sem hinn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga gat um, að of mikill greinarmunur væri gjörður á kjörstjórum og aðstoðarmönnum með borgun og ferðakaup, svo má þess geta, að þeim fyrr nefndu er ætlað að stýra þínginu og störfum þess, og hafa því meiri umsvif og ábyrgð, en þeir síðar nefndu, eins og það er ósanngjarnt og ósiðvanalegt, ef sýslumönnum ekki væri leyft að hafa koffortahest undir embættisbækur og pappír, er brúkast þyrftu á þíng-

inu, en í stað þess að reiða þetta í skjóðu eða poka fyrir aptan sig, sem óvíða mun eiga sèr stað hjá embættismönnum.

Ásgeir Einarsson: Af því varaþingmaður Snæfellinga var að tala um prótókolla-kúfforta-hest sýslumanna á kjörfundinn, verð eg að geta þess, að það er ekki dæmalaust, að sýslumenn fari með þingbækur á manntalsþing, án þess að hafa kúfforta-hest; líka er eg hræddur um, að alþingismenn (sem fá á þingferðum jafnt ferðakaup embættismönnum) þæktust gjörðir utan af skinni, ef þeir einir feingju minna ferðakaup, en hinir 2 í kosníngar-nefndinni. Mig minnir, að í Danmörku hafi allir í kjörstjórninni jafnt kaup, en frá því gætu þeir skýrt, sem eru þar kunnugir.

J. Johnsen: Þar sem menn nú með svo mikilli nákvæmni eru farnir að ræða um kostnað þann, sem leiðir af kosníngum til þjóðfundarins, ætla eg, að eg líka verði að láta álit mitt í ljósi, og er það þá á þann veg, að eg ekki get skilið, að borgunin fyrir störf hlutaðeigenda að kosníngunum geti orðið meiri eða önnur, en til er tekið í opnu brèfi frá 6. júlí 1848; en eins og nefndinni ekki þókti eiga við, að fara fleirum eða öðrum orðum, en farið er í 22. grein, um fæðispeníngana á fundi og á ferðum fulltrúanna, svo hèlt hún heldur einga þörf bera til, að taka neitt fram um kostnaðinn við kosníngarnar, því síður, sem það liggur næst, eins og eg vèk á, að fara eptir því nefnda opna brèfi, ef menn annars hèr á þingi vildu fara fram á þetta mál og ekki láta þjóðfundinn sjálfan skera úr, ef nokkur vafi getur verið á, einkum um það, hvaðan þenna kostnað á að taka, en enginn efi held eg sè á því, að upphæð borgunarinnar verði að vera sú, og ekki önnur, en til er tekin í brèfi því, er eg nefnda. Annars ætla eg, að eg megi segja það með vissu, að allir kjörstjórnarmenn í Danmörku feingu jafna fæðispeníng, er þeir störfuðu að kosníngum til umdæmastandanna, og þá nú líka seinast til ríkisfundarins, sem var haldinn í vetur.

Kr. Magnusen: Skyldi þingmönnum mót von virðast, að of mikill munur væri gjörður á fæðispeníngum og ferðakostnaði kjörstjóra og aðstoðarmanna hans, óska eg einhver hinna heiðruðu þingmanna lèti sèr þóknast að upp kveða þá borgun, er hann áliti sanngjarna, og áskildi sèr breytíngaratkvæði á þá leið, þar eg eingan veginn óska annars, en að sanngjörn borgun í ofan nefndu tilliti mætti eiga sèr stað.

Framsögumaður: Það er, eins og hinn heiðraði þingmaður úr Árnessýslu mælti áðan: nefndinni fannst síður eiga við, að ákveða það í þessu frumvarpi, hvernig eða hvaðan skyldi greiða kostnað þann, sem leiddi af kjöri þjóðfundarmanna; vèr nefndarmenn ætluðum, að annaðhvort yrði sá kostnaður goldinn á sama veg, sem lögboðið er um hitt, þegar alþingismenn yrði kosnir, eða þá að fundinum yrði ætlað að ákveða það nákvæmar eptir uppástúngu frá stjórninni.

Steffán Jónsson: Eg gat þess í dag, þegar þessu máli var hreift, að eg hèldi bezt ætti við, að fara eptir opnu hrèfi frá 6 júlí 1848, og hèlt því ósanngjarnt, að prestar og hreppstjórar feingi borgun, ef sýslumenn feingi hana ekki; en verði ekki farið eptir nefndu lagaboði, þá áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að allir 3 kjörstjórnarmenn hafi jafnmikla borgun fyrir starf sitt.

Stiptamtmaður: Eg held það sjálfsagt, að með kostnað þann, sem leiðir af kosníngu fundarmanna, verði ekki farið eptir hinni eldri löggjöf, við víkjandi kostnaðinum við kosníngar alþíngismanna, nema svo sè til tekið; því þjóðfundurinn er alt annað, en þíngið, og væri það því ákjósandi, að þíngið lèti í ljósi ósk sína um, að kostnaður af kjöri fundarmanna yrði greiddur á sama hátt, sem þíngmanna. Að geyma þjóðfundinum, að gera ákvörðun hèr um, held eg ekki vel eigi við, því þá kynni úrlausnin að dragast of leingi og verða hið sama upp á á endanum, eins og um kostnaðinn af kjöri alþíngismanna, og eru nokkrar spurníngar, sem lúta að þessu, enn þá óútkljáðar.

R. M. Ólsen: Það skyldi gleðja mig, ef hinn heiðraði varaþíngmaður Snæfellínga vildi taka aptur heim til hýbýla sinna breytíngaratkvæði hans við 22. grein frumvarpsins, þá skyldi eg einnin taka mitt.

En þar eð mèr nú finnst, að mannjöfnuður sá, sem eg ætið uni illa, liggi í atkvæðum beggja okkar, ætla eg, hvernin sem veltist, að aptur kalla mitt, og setja í staðinn það viðauka-atkvæði: að allir kjörstjórnarar fái borgun fyrir starfa þeirra við kosníngarnar samkvæmt opnu brèfi frá 6. júlí 1848, því þar við hverfur allur mannjöfnuður.

Kr. Magnusen: Hvað því við víkur, sem þíngmaðurinn frá Húnavatnssýslu mælti, þá kannast eg ekki við, að hafa farið í nokkurn mannjöfnuð; því frumvarpið ber sjálft með sèr,

að þar er hvorki talað um prófasta eður alþingismenn, sem meðhjálpara kjörstjóra; en minni mig rètt, þá áskildi þingmaðurinn sèr áðan breytingaratkvæði, að kjörstjórar feingju 2 rbd. og aðstoðarmenn 9 mörk, og hefir honum í þessu falli ekki leingi verið að snúast hugur, þar sem hann álítur nú ekkert tiltækilegt með borgun, nema opið brèf frá 6. júlí 1848, er fáir munu álíta sanngjarnt. En í þingsins valdi stendur, hvort það vill aðhyllast mitt viðauka-atkvæði, eða ekki; gjöri eg mig þar með ánægðan, án þess nú að taka það aptur.

R. M. Ólsen: Eg vona þingið hafi áðan skilið orð mín á þá leið, að eg hafi aptur tekið viðauka-atkvæði mitt um tveggja dala og níu marka borgunina til kjörstjórnarinnar, og ætla eg því að ítreka það aptur, en halda mèr einúngis fastlega við það seinna.

Guttormur Vigfússon: Þegar eg fór að gæta að endurgjaldi því, sem þjóðfulltrúunum að ári er eptir 22. greininni ætlað, og bar það saman við það, er þingmenn hingað til hafa haft, en það getur nú verið, að það hafi verið of hart, þá getur mèr samt ekki betur sýnzt, en að hin ákveðna borgun muni má ske ekki vera nægileg með tilliti til alls; vil eg því leyfa mèr að leiða í ljós með greinilegri skýrslu um ferðakostnað, er eg álít að þingmaðurinn úr Múlasýslu ekki komist hjá, og út frá henni vil eg gánga, til að segja álit mitt um þetta efni.

Varaforseti: Um ferðakostnað alþingismanna verður fyrst rædt, þegar ferðakostnaður þingmanna til þjóðfundarins 1850 verður ræddur til ályktunar.

Guttormur Vigfússon: Eg hèlt, að eg mætti leggja til grundvallar áliti mínu ferðakostnaðarreikning, er eg áliti sem sanngjarnastan og bygðan á reynslunni, því eg vildi grunda skoðun mína á einhverju föstu.

Varaforseti: Þingið hefir áður fallizt á, að það biði ályktunar- umræðu þessa máls, og kemur það þá fyrst í samband við 22. grein, þegar hún verður rædd til síðustu umræðu.

Ásgeir Einarsson: Þegar málefnið um ferðakostnað alþingismanna var rædt til undirbúnings, bar eg upp breytingaratkvæði á þá leið, að fæðispeningar alþingismanna væru lækkaðir til 2 rbd. 48 sk. á dag, en því var þá ekki veitt móttaka, og ber eg það því nú upp á ný.

Th. Gudmundsen: Eg skal ekki uppi halda þinginu með að ræða um borgunina til kjörstjórans og aðstoðarmanna hans,

því þar um hygg eg að ætti að gilda opið brèf frá 6. júlí 1848.

En af því að eg hafði áskilið mèr breytíngaratkvæði við 7. grein á þá leið, að prestar og hreppstjórar feingi sanngjarna borgun fyrir að semja kjörskrárnar, og mál þetta hefir verið rædt eptir greinum, leyfi eg mèr að skjóta til úrskurðar hins hátt virta varaforseta, hvort það stríði á móti góðri þíngreglu, að eg nú, þar sem verið er að ræða 22. grein frumvarpsins, gjöri viðauka við breytíngaratkvæði mitt til 7. greinar, og nákvæmar til taki upphæð þessarar borgunar til prestanna og hreppstjóranna.

Varaforseti: Þíngmenn hafa nú þegar mót mælt því, að þær greinirnar, sem áður eru ræddar, megi fá nokkurn viðauka eða breytíngu; því þori eg ekki upp á eindæmi mitt. að samsinnast þíngmanninum; en það fer bezt, að það sè á þíngsins valdi.

Th. Gudmundsen: Mig minnir þó ekki betur, en að stiptamtmaðurinn í ræðu sinni áliti vel til fallið, að borgunin handa prestum og hreppstjórum eptir breytíngaratkvæði mínu við 7. gr. væri rædd í sambandi við 22. gr. frumvarpsins, og þar breytíngaratkvæði mitt hefir þókt ófullkomið, að því leyti sem eg ekki hafði gjört neina uppástúngu um upphæð borgunarinnar, þá ætla eg, að það væri mjög óskandi og í alla staði tiltækilegt, að mèr þegar yrði leyft að fram bera viðauka-atkvæði mitt, við víkjandi upphæð borgunarinnar til prestanna og hreppstjóranna fyrir að semja kjörskrárnar.

Varaforseti: Eg álít það þá að öllu leyti rètt, ef hinn heiðraði þíngmaður vildi stínga upp á sanngjarnri borgun.

Th. Gudmundsen: Eg álít þá, að sanngjarnlega sè borgað prestum og hreppstjórum fyrir samníngu kjörskránna, ef hver þeirra fær 1 rbd. um dag hvern, sem brúkaður er til þessa starfs, og þar að auki endurgjald fyrir afskript kjörskránna eptir 7. gr. í reglugjörð frá 10. september 1830, og fram ber eg svo vaxið viðauka-atkvæði mitt við 22. gr. nefndarfrumvarpsins.

Framsögumaður: Eg leyfi mèr, að spyrja hinn hátt virta forseta, hvort ekki eigi nú að ræða til undirbúnings um ferðakostnað þjóðfundarmanna, eins og í frumvarpinu er stúngið upp á; því eg ætla, að hitt málið, sem búið er að ræða til undirbúnings, hafi að eins verið um ferðakostnað alþíngismanna.

Varaforseti: Jú; en um ferðakaup þingmanna var undirbúningsumræðu lokið áður á þingi.

Guttormur Vigfússon: Með því mèr virtist, að ferðakaup þjóðfulltrúanna að ári verði að grundvallast á einhverri reynslu, ef menn eiga að geta sagt nokkuð um það, hvort hið ákveðna kaup sè sanngjarnt, eður ekki, þá vil eg taka til dæmis ferðakaup það, er eg álít þingmanninn úr Múlasýslu minnst geta komizt af með. Úr Múlasýslu er frá 12 til 16 dagleiðir, vil eg einúngis til taka hið minnsta, 12 flýtiferðar dagleiðir áfram; ætla eg þingmanninum 2 reiðhesta, fyrir hvern þeirra

daglega 2 mörk er í 12 daga	8 rbd.
Þar að auki þarf hann 2 kúffortahesta, hvorn á 24 sk. .	6 —
fyrir fylgdarmann þarf 2 hesta, hvor á 24 sk.	6 —
hið sama til ferðarinnar heim aptur	20 —
fyrir 6 hesta hagatoll, ...	6 —
fylgdarmanns kaup, ...	24 —
ferjutollur og allur útbúnaður til ferðar, ...	10 —
Þetta eru	80 —

er nú þessi reikníngur svo nærfærinn, að eg er viss um, að þingmaður sem optast getur ekki álitið sig skaðlausan, eður að geta ferðast sómasamlega; því bæði er hèr settar sem fæstar dagferðir að hægt er, og fæstir hestar, sem mögulegt er; en beri eg nú þennan reikníng saman við þá 4 rbd., er þingmanninum er ætlað eptir frumvarpinu á ferðunum heiman og heim, þá ætla eg það nái hvergi nærri þessu, því þó það hálfa eða 2 rbd. ættu að gánga til ferðakostnaðar, eru það um þá 24 daga, er til ferðarinnar gánga, að eins 48 rbd., því í dagkaup og fæðispeníng þingmannsins ætla eg veiti ekki af því hálfa, vegna þess eg álít, að ekkert megi út af bera, að þingmaður geti staðizt við hitt, nefnil. þá 80 rbd., sem hann eptir mínum reikníngi þarf í ferðakostnað frá og til Múlasýslu; þá get eg því síður ætlað það nægja, er frumvarpið stíngur upp á.

Því áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að ferðakostnaðarreikníngar þjóðfulltrúanna að ári sèu ekki fast ákveðnir nú, heldur megi þeir þá inn gefa sjálfir sanngjarna reikníng yfir ferðakostnaðinn.

Varaforseti: Á þá ekki líka að til taka hve leingi þeir skulu vera á leiðinni, með tilliti til dagpeninganna.

Guttormur Vigfússon: Eg hefi til tekið 12 til 16 daga.

J. Thorstensen: Mig minnir ekki betur, en að í alþingistíðindunum standi í reikningunum yfir ferðakostnað alþingismanna, að árið 1845 kröfðust alþingismennirnir frá Múlasýslunum ekki nema 50 dali í ferðakostnað hvor; en aptur 1847 hefir hver þeirra heimtað 100 rbd. Þetta sýnist mèr undarlega mikill mismunur, frá því sama kjördæmi, helmíngi meira það eina ár, en það annað, og því heldur, sem þegar 2 rbd. af þeim 4, sem í nefndarálitinu er um getið, eigi að vera fyrir ferðakostnað, en hinir 2 fyrir fæðispeníngа, þá munu þó þeir 2 rbd. fyrir dag hvern fram og til baka ekki verða minni, en eptir reikníngnum fyrir 1845, heldur nokkuð meira, t. a. m. ef hver leið varir 14 daga, þá 56 rbd., og svo framvegis eptir því.

Guðmundur Brandsson: Eg leyfi mèr að geta þess, að mig minnir ekki betur, en að einn þeirra heiðruðu þíngmanna, sem bjuggu til frumvarpið, sem nú er verið að ræða um, hafi borið upp breytíngaratkvæði í málefninu um ferðakostnað alþíngismanna, og að það sè öldúngis samkvæmt því, sem hèr er stúngið upp á um ferðakaup þjóðfundarmanna, svo af því hygg eg auðráðið, að hann hefir haft sömu skoðun á hvorutveggju, enda get eg ekki betur sèð, en að þetta muni vera hæfilega ákveðið. Mèr sýnist því, að þetta atriði standi að nokkru leyti í sambandi við hitt málefnið, og mætti því má ske hafa tillit til, hvert útfall það hefði, þar mèr virðast þau bæði svipaðs innihalds.

Varaforseti: Þetta mál ræðist þó nú til undirbúníngs, eins og hitt er áður rædt, og veit eg ekki, hvort þetta hángir fremur af hinu, en hitt af þessu.

Þ. Sveinbjörnsson: Það, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður ennar veraldlegu stèttar áðan mælti um ferðakostnað þíngmannanna úr Múlasýslum 1845, er rètt; annar þeirra fèkk þá í ferðakostnað 51 rbd. 32 sk. en annar 50 rbd. 64. sk. Þíngmaður Norðurmúlasýslu hefir sjálfur gjört reikníginn, hvað ferð hans geti kostað, þegar alt er til tínt, og ætlar hann sèr þó 2 rbd. í fæðispeníngа, hvað þá, ef fæðispeníngarnir væru ei hærri en 1 rbd. 48 sk., eins og bæði þessi nefnd, og eins eg, höfum stúngið upp á. Sýnir þessi reikníngur þíngmannsins, að nefndin megi vera á rèttri skoðun, eins og líka eg fyrri í alþíngismanna ferðakostnaðarmálinu. Það er öllum auðsært, að helmíngs munur getur verið á því, að lifa á jafndýrum stað,

og Reykjavík er, og leigja hèr hús, og að út vega sèr fæði á ferð sinni, hvar víða er yfir góðsveitir að fara, og að eins muni á slíkri ferð nægja 1 rbd. 48 sk, sem 3 rbd. hèr.

Kr. Magnusen: Hvað snertir það í frumvarpinu ákveðna kaup til þjóðfundarmanna, 3 rbd. á þingi, en 4, meðan þeir eru á ferð til og frá, þá er eg öldúngis samþykkur því, er nefndin hefir til tekið í þessu falli, og álít það sanngjarnt.

Guðmundur Brandsson: Við víkjandi því, sem hinn hátt virti varaforseti áðan mælti, verð eg að geta þess, að það var eingan veginn meining mín, að frestað yrði undirbúningsumræðu þessa máls, heldur að það, sem eg áðan drap á, gæti orðið nokkuð til samanburðar við ályktunarumræðurnar, áður en atkvæði yrðu greidd, og ef málefnið um ferðakaup alþingismanna yrði fyrri leidt til lykta, en þettað, að menn þá gætu nokkuð farið eptir útfalli þess í því, er við kemur þessu atriði.

Þ. Sivertsen: Af því eg finn þess ekki getið, að prenta skuli það, sem fram fer á fundinum, ætla eg að geyma mèr viðauka-atkvæði þessarar 22. greinar á þá leið, og af því að umræður hafa lifnað hèr nokkrar um borgun og kostnað fyrir þenna eina fund, meiri en mig varði, og ólíkar meiningar og uppástúngur komið fram, hefir mèr dottið í hug, að orða viðauka-atkvæðið þannig: „fundargjörðirnar og kostnaðarreikníngar allir prentist"; því eg er sama sinnis, og fyrri, að óska þess, að reikníngar, eins vel og ræður fundarmanna, geti orðið þjóðkunnir.

Eyólfur Einarsson: Eg hefi fyrri látið þá meiningu mína í ljósi, að 4 rbd. á ferðum mínum hingað dag hvern hafa mèr eins ríflega borgun verið og 3 rbd. dag hvern hèr í bænum; hefi eg þó að sjá fyrir flutníng sjóveg 6 vikur, en mèr virðist vanti að ákveða dagatal til ferða þingmanna, sem ei má vera um of lítið, þegar 4 rbd. er dag hvern á ferðum laun og ferðakostnaður.

Ásgeir Einarsson: Eigi það að verða ákveðið, að þingmenn fái 4 rbð. á dag á ferðum sínum, bæði í ferðakostnað og fæðispeninga, vantar ákvörðun um það, hvað margar dagleiðir þeir megi reikna á ferðinni; fyrir því er ekki hægt að sjá, að þetta taki af allar ójöfnur í reikníngunum.

Þar eð einginn ræddi þessa grein framar, las framsögumaður upp niðurlag nefndarálitsins.

Stiptamtmaður: Þetta er áður búið að upp lesa, og var því í eingu mót mælt, og skal eg þa ekki heldur gera það.

Varaforseti: Fyrst einginn tekur til orða, verð eg að álíta málið fullrædt til undirbúnings.

Síðan tók varaforseti fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu málið um undirskript konúngs og hlutaðeigandi stjórnarherra á hinum íslenzka texta þeirra lagaboða, sem gilda á Íslandi.

Framsögumaður: Þegar mál þetta var rædt til undirbúnings, þá tók eg ekki til máls nema í eitt skipti; því eg ætlaði að geyma mèr þar til nú, að svara nokkru athugasemdum þeim, er þá voru vaktar; mèr fundust þær ekki svo mikilvægar, nè svo vaxnar, að þær gæti hrakið það, sem í uppástúngu nefndarinnar er farið fram, og álitskjalinu.

Nokkrir þingmenn hafa mælt í móti, að bænarskrá yrði samin, af því menn hefðu einga vissu fyrir afsvarinu. Nú vel, vèr höfum að vísu ekki þreifað á þessu afsvari, en á hinu höfum vèr þó þreifað, að vèr höfum ekki feingið bænheyrsluna, og þetta með öðru, sem orðið er ljóst í máli þessu, ætla eg nóga vissu um, að afsvarið er óyggjandi.

Það var fært til í gær, að prentvillur gæti einnig átt sèr stað í textanum, sem konúngur staðfesti með undirskript sinni, og væri þess fleiri, en eitt dæmi; þetta skilst mèr vel, og eg skal ekki bera á móti því; en mèr virðist, að einmitt þessi ástæða megi styðja uppástúnguna og nauðsyn hennar, ef prentvilla eður meiníngamunur er í þýðíngunni, sem ekki er staðfest, þá fæst aldrei á því rètting, en sè hún í staðfesta textanum, þá má bera upp uppástúngu um breytíngu á því og lagfæríngu; en þessi lagfæríng fæst ekki fyrir það, þó undir þýðíngunni standi þessi þýðíngarlausu orð: *„undir vorri hendi og innsigli“;* þau eru nyt án kjarna, og einúngis til að láta það sýnast, sem ekki er.

Breytíngaratkvæði eru hèr borin upp 2 við uppástúngu nefndarinnar, og eru bæði frá hinum heiðraða þingmanni úr Dalasýslu, annað aðalatkvæði, en hitt til vara, og falla mèr bæði vel í geð, og mun ekki hika við að greiða með hinu síðara atkvæði mitt, sem mèr finnst ljósara og yfirgripsmeira, en uppástúnga nefndarinnar. Þá hefir annar hinna konúngkjörnu þingmanna andlegu stèttarinnar borið upp til atkvæða, að eingi bænarskrá yrði samin í þessu máli, en eg ætla ekki að

svara því fleiru að sinni, en eg þegar er búinn; eg ætla, sem fyrri, að bæn þessi, sem í uppástúngunni er farið fram, sè á rèttum tíma upp borin og af órækum ástæðum, og að þingið og þjóðin öll eigi vafalausan rètt á að beiðast þess.

Stiptamtmaður: Eins og eg hefi áður á minnzt, þekki eg ekki ástæður stjórnarinnar, sem afsvarið er bygt á, og hefi eg ekki um það nokkra aðra vitneskju en frá þeim heiðruðu þingmönnum, sem nýkomnir eru frá Danmörk; en af því eg þekki ekki ástæðurnar, get eg ekki farið fleiri orðum um málefni þetta, en eg er áður búinn; og verð eg að fela það á þingsins vald, að dæma um, hvort senda eigi bænarskrá, eða geyma málefnið þjóðfundinum að ári.

Framsögumaður: Eg ætla þó, að þetta mál geti vart orðið umtalsefni á þjóðfundinum að ári, og eigi eingan veginn að verða það fremur þá, en nú; vissa fyrir afsvarinu verður ekki meiri þá, en nú; og ef vèr höldum fast þeirri skoðun, að vèr stöndum og viljum jafnan standa undir hinum danska konúngi um aldur og æfi, þá er það einmitt alþíng, sem hefir feingið afsvarið, er á að beiðast þessarar nauðsynjar á ný; á þessu á ekki að eins alþíng fullan rètt, heldur og hver einstakur maður. Líklega má leingi bíða eptir ástæðum stjórnarinnar fyrir afsvarinu, og þeim mun leingur, sem eg tel víst, að þær hafi verið rýrari hjá ráðgjöfunum, því þeir hafa þó ábyrgð stjórnargjörðanna, og hafa mestu ráðið í þessu.

Stiptamtmaður: Mèr hefir aldrei dottið í hug að efa, að þingið ætti rètt á að ítreka bæn sína, og gæti ítrekun sú vottað elsku til konúngsins, er þeir lètu sèr svo ant um undirskript hans undir lagaboðið. Að öðru leyti vil eg ekki fara leingra inn í mál þetta, en skal einúngis geta þess, að það hlýtur að standa í hinu nákvæmasta sambandi við stjórnartilhögun landsins, sem ræða á á þjóðfundinum næsta ár, því þar verður að koma til umræðu tilhögun stjórnardeildarinnar erlendis og ábyrgð þeirra ráðgjafa konúngs, sem málefni landsins heyra undir, svo málefni þetta getur ekki orðið leidt til lykta, án þess að spurníngin um undirskript konúngs á lagaboðinu verði hafin á ný.

J. Johnsen: *Ef* menn gætu, eins og mèr hefir heyrzt á herra stiptamtmanninum bæði í gær og í dag, vitað, að mál þetta yrði rædt og ráðið á þjóðfundinum að ári, þá skyldi eg vera fyrstur og fúsastur manna til að falla frá *uppástúngu*

nefndarinnar og bænarskrá til konúngs í málinu; en því meir sem eg ætla, að löndum mínum og landinu ríði á því, að þeir skilji, hvað stjórnin fer, og hún aptur, hvað þeir fara, þess síður vil eg vera í óvissu og efa um ástæðurnar fyrir svari því, sem kvað vera komið frá stjórninni upp á bæn alþingis í hitt eð fyrra í þessu hinu sama máli, og ætla eg einmitt, að það sè nú eina ráðið, að leitast við að komast í skilníng um þetta, og með þeim hætti að stuðla til, að sú einíng haldist við millum stjórnarinnar og þjóðarinnar, sem ekki má án vera. Eg fyrir mitt leyti á bágt með að sjá fram á, að þetta mál komi fyrir þjóðfundinn að ári þannig, að stjórnin þá skýri okkur frá ástæðunum fyrir svari því, sem hèr ræðir um, eða þá að þjóðfundurinn geti átt kost á, að fá þær ástæður að vita. Eg veit ekki einu sinni, hvort fundur þessi fær þann rètt, sem alþingi hefir átt, til að fara bónarveg til konúngs („Petitionsret"), og held eg fyrir þessar sakir óhultast og tiltækilegast *nú* aptur að endurnýa bænina.

Það verður ekki sèð af orðum mínum, sem eg eingum eyddi hèr á þíngi um mál það, sem búið er að leiða til lykta, um brúkun túngu vor Íslendínga í íslenzkum málefnum, að eg var einn þeirra fjögra, sem greiddu atkvæði gegn bænarskrá í því máli; en svo að það þó sjáist af þíngtíðindunum, að eg gjörði það, nota eg þetta tækifæri til að gefa það uppskátt, en eins og eg gjörði þetta, af því eg *ekki* ætlaði það heillavænlegt landinu, *eins og nú stendur á,* að fara þessu máli fram, svo verð eg nú eins að mæla með uppástúngu nefndarinnar og bænarskrá í því máli, sem hèr ræðir um, einmitt af því, að eg *nú* ætla það heillavænlegast, eins og kríngumstæðum er varið.

Stiptamtmaður: Eg man ekki betur, en að það standi í þíngtíðindunum, að konúngur geti ekki, sem ástadt er, veitt bænheyrsluna, og benda orð þessi til, að breytíng í þessu tilliti geti seinna orðið, enda liggur það í hlutarins eðli, að stjórnin á ekki hægt með að gjöra í einu allar þær breytíngar, sem kynnu að þykja æskilegar. Mèr virðist því ekki nauðsynlegt, að senda bænarskrá um málefni þetta í þetta sinn, en ef það verður af ráðið, þá held eg vel ætti við, að láta í ljósi von um að fá málið til umræðu á næsta fundi, og að breytíng muni verða á þessu framvegis; því þá væri það hvöt fyrir stjórnina að veita bænheyrslu. Eptir því sem nú á stendur, er ógjör-

legt að segja með nokkurri vissu, hvernig stjórnarskipun landsins hèr og erlendis verði til hagað, enda er maður sá, sem helzt kynni að vita nokkur deili á þessu, enn þá ókominn.

Framsögumaður: Eg get þó ómögulega sèð, hvaða áviníngur er að því, að fresta málinu; en hitt skilst mèr vel, að verði nú samin bænarskrá, þá verður hún annaðhvort bænheyrð, eða afsvarið kemur í auglýsíngunni frá stjórninni að ári; en ef eingi bænarskrá er samin, þá sè eg ekki, að neitt verði svarið frá stjórninni, heldur ætlar hún, ef svo fer, að vèr Íslendíngar sèum farnir ofan af þessu máli, og að oss hafi aldrei verið það jafnmikið kappsmál og alvara, og vèr lètum í ljósi 1847. Nú, eg get vel ímyndað mèr, að stjórnin synji enn bænarinnar, en þá verður málinu því fremur hreift enn á ný að ári, en til þess þarf að vera tilefni frá stjórninni. Eg ætla annars vegar þó, að stjórnin kynoki sèr við að neita oss Íslendíngum um svo vafalausan rètt, sem þann, er vèr höfum að styðjast við í þessu máli.

Stiptamtmaður: Eg held að minnsta kosti, að hver sá, sem les þíngtíðindin, geti geingið úr skugga um, að þíngið er ekki fallið frá þeirri ósk sinni, að fá lagaboðið staðfest með undirskript konúngs; samt sem áður verður það að standa á valdi þíngsins, hvort það vill senda bænarskrá, og vil eg ekki ráða sterklega frá því, þótt eg geti ekki sèð nokkra brýna orsök til þess, meðan þíngið þekkir ekki ástæður þær, sem afsvarið er bygt á; en vilji nú þíngið senda bænarskrá, virðist mèr það eiga betur við, að hún væri ekki orðuð, eins og nefndin fer fram á, heldur beðið um, að málefni þetta mætti koma til nákvæmari yfirvegunar á næsti fundi; því annars kynni bænarskráin að líta út, sem bláber ítrekun hinnar fyrri, en ákjósanlegast væri að mínu áliti, að geyma málefni þetta þjóðfundinum að ári til nákvæmari umræðu við málefnið um tilhögun stjórnarskipunar landsins yfir höfuð að tala.

Þar eð enginn ræddi framar, kvað varaforseti málið fullrædt, og leitaði síðan atkvæða þíngsins um þessi atriði:

1. Vill þíngið, að lagaboð þau, sem hèr eptir verða út gefin og eiga að gilda á Íslandi, sèu einúngis á íslenzku máli og undir skrifuð af konúngi og stjórnarherra hans (Sívertsen)?

Samþykt með 13 atkvæðum gegn 8.

2. Verði lagaboðin gefin út á dönsku og íslenzku, vill þingið þá biðja um það til vara, að íslenzki teztinn einn undir skrifist og fái gildi, en danski textinn ekki (Sívertsen)?

Samþykt með 16 atkvæðum gegn 5.

Þannig var uppástúnga nefndarinnar álitin fallin.

3. Vill þingið, að eingin bænarskrá sendist stjórninni um þetta málefni (Sèra Haldór)?

Felt með 15 atkvæðam gegn 6.

Þinginu slitið. Fundur ákveðinn kl. 11 á mánudaginn.

---

30. júlí — tuttugasti og áttundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykt.

Varaforseti: Eg hefi þá gleði að tilkynna þinginu, að hinn heiðraði forseti þess, þingmaður Ísfirðinga, er í gær kominn til landsins, og í dag á þetta þing; en af því hann er málefni því, sem í dag á að ræða, ókunnugur, hefir hann beðið mig að gegna forseta störfum, en sjálfur óskar hann, að eiga allan þingmanns rètt, ef einginn af þingmönnum er því mótfallinn.

Stiptamtmaður: Eins og þingmenn sjá, er nú kominn aptur til vor sá merkismaður, sem sigldi til að undirbúa málefni þau, er ætti að leggja fyrir þingið: því fæ eg honum nú í hendur þau störf, sem konúngur hefir falið honum, og eg einúngis tekið við, á meðan hann var fjærverandi.

Konúngsfulltrúi: Það hefir borið svo óhappalega til með ferð mína hingað frá Danmörku, eins og yður, heiðruðu þingmenn, er kunnugt, að eg komst ekki hingað, fyrri en þingmenn voru búnir að vera hèr saman í lögskipaðan tíma. En þetta get eg hvorki kent mèr eða nokkrum manni, heldur er það afl höfuðskepnanna, sjávar og vindar, er við feingum ekki við ráðið, sem tálmað hefir för minni. Þingmenn hafa þess vegna á þessum tíma einúngis getað rædt þær bænarskrár, sem bornar hafa verið fram af þingmönnum. En eins og þèr vitið, eru störf alþingis tvennslags, nefnil. að ræða bænarskrár einstakra manna, og að segja álit sitt um þau frumvörp, sem fyrir þingið eru lögð af hendi stjórnarinnar, hverjum síðari störfum yður í þetta sinni ei hingað til hefir verið unt að gegna vegna þeirrar laungu dvalar á komu minni, og það er

þó eptir áliti stjórnarinnar og alþingistilskipunarinnar 49. §. sá verulegasti partur af aðgjörðum þessa þings, sem ráðgefandi samkomu. Eg hefi nú nokkur frumvörp með af hendi stjórnarinnar, og eru það þessi:

1. Frumvarp til kosníngarlaga til þjóðarsamkomu þeirrar, sem boðuð er með konúngsbrèfi af 23. sept. 1848.
2. Frumvarp til opins brèfs, áhrærandi nokkrar breytíngar í opnu brèfi af 4. maí 1778, um vogreka-rètt á Íslandi.
3. Frumvarp til opins brèfs um tímann, nær halda skal manntalsþíng í Norðurmúlasýslu.
4. Frumvarp til erfðalaga fyrir Ísland.
5. Álitsmál um ástæðurnar með og móti sameiníngu Suður- og Norðurþíngeyarsýslna og
6. Álitsmál um ástæðurnar með og mót, að þær nú sameinuðu Mýra- og Hnappadalssýslur skiptist þannig, að Mýra leggist til Borgarfjarðar, en Hnappadals til Snæfellsnessýslu.

Eg efast nú ei um, að hinir heiðruðu alþíngismenn áliti það eins mikilvæga skyldu sína að ræða frumvörp stjórnarinnar, eins og bænarskrár þær, sem þínginu eru sendar frá einstöku mönnum eða sveitum, því það er auðsèð af þeirri til vitnuðu grein í alþingistilskipuninni, að stjórnin ætlast til, að frumvörp konúngs sitji í fyrirrúmi, og er það eðlilegt, þar eð konúngurinn hefir lofað, að ekkert skuli verða lögleidt, er áhrærir rèttindi þegna hans, annað en það, sem alþíng upp á lögskipaðan máta hefir rædt og sagt álit sitt um. En nú er efnum vorum komið í það horf, að þau konúnglegu lagafrumvörp, sem eg hefi meðferðis, ekki geta orðið rædd á þessu þíngi, nema því að eins að þíngtíminn verði leingdur, frá því sem lögskipað er, og að þíngmenn vilji bíða hèr á meðan, annaðhvort allir eða þá svo margir af þeim, sem eptir alþingistilsk. 61. grein út heimtist til þess að geta felt löggild atkvæði. Vegna þess eg veit nú með vissu, að stjórninni er ant um, að í það minnsta frumvarpið til kosníngarlaganna verði rædt og til lykta leidt á þessu þíngi, og eg álít það einnig áríðandi bæði fyrir þíngið og landið, að svo geti skeð, þá vil eg hætta á upp á mína eigin ábyrgð, að leingja þíngtímann alt að 14 dögum, eður til hins 11. ágúst næst komandi, ef svo lángan tíma skyldi þurfa til að ræða hin konúnglegu frumvörp, og sèr í lagi frumvarpið til kosníngarlaganna. Eg verð að

sönnu að játa, að eg í þetta sinn ekki hef neinn beinlínis myndugleika frá stjórninni til að leingja alþingistímann, yfir það sem lögskipað er; því þegar það kom til umræðu erlendis, gjörðu menn ei ráð fyrir öðru, en að eg mundi komast hingað í tækan tíma, og þótti því ei þörf að veita mèr vald til að leingja þingtímann, og það því síður sem stjórnarfrumvörp þau, er eg hafði meðferðis, bæði voru fá og ekki margbrotin, og menn þar að auki gjörðu sèr í hugarlund, að nú mundu ekki koma til þings margar bænarskrár frá einstöku mönnum, heldur mundi það verða látið bíða hinna komandi þinga, sem má ske með meiri myndugleika ætti málum að miðla. Þingmenn verða því nú að lýsa því yfir, hvort þeir vilja bíða hèr þann tíma, sem þarf til að ræða stjórnar frumvörpin, annaðhvort allir eða þrír fjórðu partar þeirra. Kjósi þeir þetta, þá virðist mèr það vera miður hentugt, að ræða nú það kosningarlaga frumvarp þingsins, er eg heyrt hefi að koma eigi hèr til ályktunar umræðu í dag; því ef að þingmenn með atkvæðum sínum samþykkja þetta frumvarp, er í ýmsum verulegum atriðum mun vera frá brugðið frumvarpi stjórnarinnar, þá hafa þeir þar með felt þetta í öllum þeim nefndu atriðum, og það áður en þeir hafa kynt sèr það og þær ástæður, á hverjum það í þessum atriðum er bygt, og get eg ei annað en haldið, að slík aðferð sè í fleiru tilliti mjög ísjárverð. Eg vildi því mikillega ráða þingmönnum til að halda ei leingra áfram með umræðu þessa máls. Eg gat þess nýlega, að það að sönnu mundi verða kostnaðarauki, ef þingtíminn væri leingdur; en eg get ei annað skilið, en þetta meir en bætist upp með tímanum; því stjórnin mun ei álíta þingsins frumvarp öðruvísi en bænarskrá, hvar eptir hún mundi frumvarp semja til kosningarlaga, sem þá aptur yrði lagt fyrir alþing, en eingan veginn löggilda frumvarp þingsins, eins og það kemur frá því. Þetta frumvarp yrði því að leggjast fyrir nýtt þing, valið eptir þeim nú gildandi kosningarlögum, þar eð kosningartími þeirra nú verandi alþingismanna með þessu þingi er út runninn. Þetta mundi nú bæði auka landinu mikinn kostnað og líka standa í vegi fyrir því, að fyrirkomulagi Íslands í aðal-stjórnarskipun ríkisins yrði framgeingt á svo greiðan hátt, sem konúngur hefði til ætlazt, að minnsta kosti mundi það seinka því um eitt ár. Að stjórnin í tilliti til kosningarlaga-frumvarps þingsins muni við hafa þá aðferð, sem eg hefi til bent, þykir mèr vera

muni auðráðið þar af, að hún nú leggur fyrir þingið frumvarp til erfðalaga fyrir Ísland, og það þó hið fyrra alþing beiddi um með berum orðum, að frumvarp þess til þeirra yrði löggilt, án þess það yrði að nýu lagt fyrir þingið. Eg verð því að biðja hinn hátt virta varaforseta að leita atkvæða þingmanna um það, hvort þeir vilja bíða hèr 14 daga til að ræða hin konúnglegu frumvörp, er eg hefi meðferðis.

Varaforseti: Þingið hefir nú heyrt það af tölu hins hátt virta konúngsfulltrúa, að frumvörp eru komin frá konúngs hendi til þingsins, og er það áætlun konúngsfulltrúa, að 14 daga muni þurfa til þeirra meðferðar. Hann hefir kynt þinginu það, að hvorki hefði hann skipun nè myndugleika frá stjórninni til að leingja þingtímann, því að ytra hefði ekki þókt líklegt, að þessa mundi þurfa, er málefnin væru svo fá og umfángslítil. Þingmönnum er nú kunnugt, hversu tíma er fram komið, og í gærkveldi út runnu, að því er eg reikna, þær fjórar vikur, sem þinginu eru ætlaðar til starfa frá 2. júlí í ár eða hinum fyrsta virka degi. Þinginu er einnig kunnugt, hvers vegna vjer erum komnir með þingstörfin fram á þennan dag, og eigum að starfa að þeim á morgun, að þingið nefnilega gjörði það að bæn herra stiptamtmannsins, að fresta undirbúnings-umræðu um kosningarlögin, í þeirri von að konúngsfulltrúi kæmi með skipi því, er þá sást hèr úti fyrir, og að hann þá gæti tekið þátt í umræðu málsins, skýrt það og bent þinginu til þess, er hann vissi að stjórnin vildi í sínu frumvarpi hafa fram.

Á móti þessari tillátssemi þingsins leingdi herra stiptamtmaðurinn þingtímann um 2 daga og tók ábyrgð þess á sig. Nú segir í alþingistilskipuninni 39. grein, að alþingi skuli vara í fjórar vikur, nema „vèr af sèrlegum kríngumstæðum leiðumst til að gera einhverja umbreytíngu“. Það stendur því í stjórnarinnar, en eingan veginn í þingsins valdi, að leingja þingtímann. Á báðum hinum undan förnu þíngum er breyting þessi gjörð að beiðni þingmanna, og í ár er þingtíminn enn aukinn, en þó ei að þingsins beiðni, heldur þess, er umboð hafði af konúngs hendi og í konúngs þarfir. Nú má eg ei vita, hvort rètt sè að auka þingið tvisvar í sama sinni. Það hefir nú viljað vel til, að það málefnið, sem mest áríðandi kemur frá konúngs hendi, er þó rædt, og með miklum áhuga, af þinginu, sjálfsagt eptir öðru frumvarpi, en því, er það nú fær má ske

miklu ágætara frá stjórninni. Einnig annað málefni af þeim, sem konúngsfulltrúinn gat að hann hefði meðferðis, er nú ráðið til lykta og atkvæði í því greidd, nefnilega um sameiníngu Mýra og Borgarfjarðarsýslu. Þíngið og landið hlýtur nú að hafa skaða af því (hvort hann verður meiri eða minni, fæ eg ekki reiknað), að svo óhappalega hefir til tekizt, að konúngsfulltrúi með frumvörpin varð svo leingi í burtu, að þíngið hefir ekki feingið þau til yfirvegunar; en það er þó þínginu nokkur huggun, að það hefir ítarlega yfirvegað og rædt það frumvarpið, sem frá þjóðinni sjálfri er. Konúngsfulltrúi ætlaði, að frumvarp þetta yrði stjórnin að álíta sem bænarskrá, er konúngur aldrei gjörði að lögum, nema það yrði þínginu endursent til yfirvegunar. Eg vil nú ekki þræta um það, hvort stjórnin muni þessu fara fram nú, þegar tíminn þreingir svo mjög að, en hitt veit eg, að það sèr stjórnin, að þessi er sá eini vegurinn til þess, að kosníngarlaga-frumvarp þetta geti í tíma af greiðzt, að gjöra frumvarp það, sem þíngið nú sendir, að lögum. Eg tala nú ekki um kostnað þann, sem leiða mundi af þessu 14 daga nýa þínghaldi; hann mundi í hið minnsta verða fullir 1000 rbd.; en það var ekki ætlun mín, að telja þíngmönnum með þessu móti hughvarf, en vil skjóta því til atkvæða þíngsins eptir tilmælum konúngsfulltrúa.

Jón Guðmundsson: Þó hinn hátt virti varaforseti hafi vel og ljóslega farið orðum um þetta efni, sýnist mèr samt vel eiga við, að einhverjir á falltrúabekkjunum standi upp og láti meiníngu sína í ljósi; því þetta mál er svo mikils um vert, hvort heldur litið er til stöðu alþíngis annspænis stjórninni, eða til stöðu þeirra fulltrúa hèr á þíngi, er þjóðin hefir kosið annspænis henni. Því verður ekki neitað, að það tókst mjög óhappalega til, að hin konúnglegu frumvörp ekki gátu komið til þíngsins í tækan tíma; einkum er það svo um frumvarp þetta til kosníngarlaganna, er átti að vera aðalumtalsefni þessa þíngs. Satt er það, að í alþíngistilskipuninni er svo fyrir mælt, að fyrst skuli gefa hinum konúnglegu frumvörpum gaum; það er og satt, fljótt á að líta, að ef þíngið ekki gefur frumvarpi stjórnarinnar neinn gaum, þá fellir það ósèðan hlut.

Þetta sýnist í fljótu bragði satt, en eg hygg, að slík skoðun hverfi, þegar litið er til, að frumvörp stjórnarinnar ekki komu fyr til þíngsins, en komið var fram á hinn seinasta þínghaldadag; því þar sem ráð er fyrir gjört, að hin konúnglegu

frumvörp skuli sitja í fyrirrúmi fyrir þegnlegum uppástúngum, þá er það vafalaust því skilyrði bundið, að þau komi nógu snemma, og á meðan á hinum lögskipaða þíngtíma stendur. Eg vil leiða athuga þíngsins að þessu, svo menn taki sem varlegast undir þetta mál; því eg ætla, að þíngmenn ættu að sjá glöggar og órækar ástæður, áður þeir skyldu fallast á það, að auka þjóðinni töluverðan kostnað með því að fara nú að leingja þíngtímann úr þessu.

Eg get með eingu móti skilið í því, að stjórnin ekki líti eins á skynsamlegar ástæður þíngsins fyrir þessu máli, þó svo fari, að þetta frumvarp hennar ekki verði rædt hèr á þínginu, og eg vona, að stjórnin vorkenni þínginu og þjóðinni, þó brugðið sè frá lagareglu, þegar svona stendur á, að ekki verður öðru við komið. Mèr getur ekki heldur skilizt, að þau vandkvæði muni af leiða, sem konúngsfulltrúinn gat um; því eg veit ekki rèttara, en að, þó uppástúnga komi frá þjóðinni til stjórnarinnar, þá geti hún, ef vel er frá henni geingið, að lögum orðið, án þess að stjórnin þurfi aptur að bera hana undir þíngið.

Vèr höfum nú hingað til á þíngi þessu unnið svo vel og vandlega að þessu máli, sem við höfum haft vit og orku til, og eins munum vèr nefndarmenn, það eptir er, leggja alt kapp á, að þetta frumvarp vort, sem vèr höfum orðið ásáttir á, verði sem bezt úr garði gjört.

Það er líka athugavert, sem konúngsfulltrúinn sjálfur sagði, að hann hefir eingan myndugleika frá stjórninni til að leingja þíngið í þetta sinn; því meiri verður ábyrgð vor þíngmanna, ef vèr föllumst á það, þegar þó þetta skilorð löggjafarinnar vantar.

Þessar fáu athugasemdir fann eg mèr skylt að gjöra, áður þíngið greiddi atkvæði sín um þetta efni.

Steffán Jónsson: Mèr þykir það hart, ef stjórnin tæki ekki á þann hátt, sem bezt má verða, til yfirvegunar og úrlausnar það lagafrumvarp, sem nú kæmi frá þessu þíngi, um kosníngarlög til þjóðfundarins að ári, þó frumvarp stjórnarinnar í því efni ekki geti komið til álits og umræðu á þessu þíngi. Konúngsfulltrúinn gat þess, að eptir 49. § tilskip. af 8. marz 1843, ættu frumvörp stjórnarinnar að sitja í fyrirrúmi, og er það að vísu satt; en eg verð að halda, að 41. § sömu tilskipunar hafi eins mikið gildi, þar sem hún ætlast til, að

konúngsfulltrúi sè við staddur, þegar alþíng tekur til starfa, og hafi skikkaðan aðstoðarmann, sem gegni störfum hans, þegar nauðsyn krefur. En nú hefir á þessu þíngi ekkert orðið fyrir um þetta, og hefði herra stiptamtmaðurinn ekki með hjálp sinni greidt úr vandræðum þessum, þá hefði hver þíngmanna mátt fara heim til sín, og að líkindum ekkert þíng orðið á þessu sumri. Konúngsfulltrúinn gat einnig þess, að höfuðskepnurnar með afli sínu hefðu orðið til tálmunar; en eg verð að ætla, að bæði þegar alþíngislögin voru samin, og líka áður en konúngsfulltrúi byrjaði för sína híngað til þíngs, hafa menn vitað, að höfuðskepnurnar voru til, og að ekki var undir að eiga, hve nær þær beittu afli sínu; eg sè því ekki, það sè þeim að kenna, að aðstoðarmaður konúngsfulltrúa var ekki til í landinu, til að gegna skyldum hans, og heldur ekki þeim að kenna, að frumvörpin ekki voru komin prentuð í tæka tíð, og enn nú ekki í dag; eg sè því ekki, að þíngmenn vel geti afsakað fyrir þjóðinni, að biðja nú um 14 daga þíngleiníngu, því auðsèð er, að landsmenn eiga eingan þátt í þeim orsökum, sem verið hafa til fyrirstöðu, og ekkert það vantað af hálfu þjóðarinnar, sem hún átti til að leggja, og því verð eg að vera þeirri leiníngu mótfallinn.

Haldór Jónsson: Það er búið að leiða rök að því, að mjög mikið áhorfsmál sè að leingja þíngtímann, og með tilliti til þíngmanna sjálfra kann að standa svo á fyrir sumum, að þeim sè leingri bið meinleg, og hvað mèr við víkur, er mèr, vegna breytíngar á högum mínum, ómögulegt að dvelja hèr *mikið leingur;* en það þarf nú ekki að verða til neinnar hindrunar, þar sem varaþíngmaður er til, sem kalla mundi mega til í minn stað. En þó nú þessu sè þannig háttað, verð eg að vekja athygli þíngmanna á því, hvort ekki sè ísjárvert, að setja sig á móti því, að þíngið sè *nokkuð* leingt; fyrir skemstu frestaði þíngið undirbúníngsumræðu um kosníngarlögin *einmitt í því skyni,* að geta feingið hið konúnglega frumvarp að sjá; nú er kostur á þessu, og ályktunarumræða í málinu ekki byrjuð. Hver ástæða getur þá verið til þess, að þíngið nú hafni því, að sjá og hugleiða hið konúnglega frumvarp? Eins og málefni þetta varðar mjög miklu, og þíngið hefir gjört sèr alt far um, að hugleiða það sem bezt, þannig virðist mèr það þíngsins skylda, að taka hið konúnglega frumvarp til skoðunar; einginn kastar fyrir það burt sannfæríng sinni, en mögu-

legt er, að menn gætu sannfærzt um, að einhverju mætti breyta til betra. Það skiptir líka miklu, hvort þingið væri leingt um 14 daga, eða ekkert. Eg get ekki skilið, að nauðsynlegt sè að leingja það um 14 daga, eg held 3 eða 4 dagar mættu nægja, einkanlega ef það vegna kríngumstæðanna feingi samþykki hins hátt virta konúngsfulltrúa, að meðferð málsins mætti flýta nokkuð meir, en eptir þínglögunum er leyfilegt, hvort sem nú hið konúnglega frumvarp mætti afhendast nefndinni, sem fjallað hefir um málefnið, eða ný nefnd væri kosin. Eg held því, að þínginu beri að líta skynsamlega á kríngumstæðurnar og gagn þjóðarinnar, og haga sèr eptir því.

Konúngsfulltrúi: Það stendur ei í mínu valdi, að leyfa eða gefa samþykki mitt til, að vikið sè frá alþíngistilskipunar reglum í tilliti til meðferðar á lagafrumvörpum stjórnarinnar, og sè ei heldur, að annað sè tiltækilegt, ef menn annars vilja taka þau til umræðu, en að fylgt sè vanalegum reglum í meðferð þeirra; sèr í lagi virðist mèr það ei vera tiltækilegt, að skoða kosníngarlagafrumvarp stjórnarinnar öðruvísi en aðalfrumvarp, eður fara með það eins og nokkurs konar fylgiskjal til frumvarps þess, er þíngið hefir samið. Þar á móti virðist mèr ekkert vera móti því, að sönnu menn sèu valdir í nefnd til að skoða það, sem áður hafa yfirvegað kosníngarlagafrumvarp þíngsins, því þetta mundi flýta fyrir, þar þeir er málinu kunnugastir. Það er að sönnu satt, sem þíngmaður Skaptfellínga sagði áðan, að eg ei hefi feingið myndugleika frá stjórninni til að leingja þíngtímann, en þetta er í minni, en ekki þíngmanna ábyrgð. Þar á móti held eg, að það, sem hann sagði, hafi ei hnekt því, er eg drap á um það, hvernig stjórnin mundi álíta kosníngarlagafrumvarp þíngsins. Það er að minni hyggju ekki líklegt, að stjórnin muni svo fullkomlega samþykkja þíngsins frumvarp, að hún ekki gjöri í því neinar breytíngar; en þessar breytíngar eru þá að álíta sem frumvarp frá stjórninni, hverjum ei mun veitt verða lagagildi, nema þær áður sèu lagðar undir álit þingsins. Það er að sönnu undir vilja þíngmanna komið, hvort þeir vilji dvelja hèr fram yfir þann lögskipaða þíngtíma, eða ekki, og er það í ábyrgð þeirra bæði í tilliti til stjórnarinnar og landsmanna, er hafa valið þá, hvað þeir af ráða í þessu efni. Mèr er ei unt að vita, hvernig stjórnin muni taka í bænarskrá alþíngis um kosníngarlögin,

ef þingmenn eingan gaum gefa því konúnglega frumvarpi til þeirra.

Jón Guðmundsson: Hvað það snertir, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi nú gat um, að það kynni verða því til fyrirstöðu, að þetta frumvarp þingsins yrði að lögum gjört, ef það hefði alt aðra stefnu og bygðist á annari undirstöðu, en frumvarp stjórnarinnar, þá get eg ekki betur sèð, en hið sama yrði upp á, ef þingið nú ekki gæti fallizt á frumvarp stjórnarinnar, að öðru leyti en því, sem það gæti samþýðzt þeirri skoðun, er þingið nú hefir náð sèr niður á í málinu.

Ef til dæmis frumvarp stjórnarinnar, eins og heyrzt hefir, væri með tvöföldum kosníngum, þá get eg ekki ætlað, að þingið fallist á það; því mèr hefir ekki betur skilizt, en allir hèr á þingi sèu með einföldum kosníngum, og einginn hefir orðið til þess, að leggja eitt liðsyrði hinum tvöföldu.

Mèr finnst því, að þó nú frumvarp stjórnarinnar verði tekið til meðferðar, þá sè jafnhætt við, ef þingið ekki að heldur getur breytt skoðun sinni á málinu, að þá sendi stjórnin nýtt frumvarp aptur til þingsins, og væri þá næsta lítið á unnið.

Jón Sigurðsson: Hèr er svo ástadt í þessu tilfelli, eptir því sem mèr virðist, að menn verða að beita lagi, og reyna að koma sèr saman. Eg vil ekki segja, að menn kunni að komast í stökustu vandræði, þó menn haldi fram rètti sínum til hins ítrasta í þessu efni, en eg óttast, að menn kynni á síðan að iðrast bráðlætis síns, og að sumt það kynni að reynast veilt, sem menn ætla nú sterkt. Eg held, að hèr verði að líta á, hvernig á hefir staðið; eg held svo standi á, að hin konúnglegu frumvörp hafi reyndar verið óheppin í því, að vera leingi á leiðinni, en að hver sanngjarn maður verði að játa, að þau hafi verið eins snemma búin og hingað til, og að nægur tími hafi verið fyrir hendi til að koma þeim hingað, eptir því sem reynslan hefir sýnt að undan förnu. Að gánga mjög strángt að þessu nú í fyrsta sinn, þyki mèr hart og ósanngjarnt, og mèr finnst skylda, að líta á kríngumstæðurnar, svo stjórnin sjái, að þingið vill meta þær, svo sem vera ber. Það er einnig að ráða af því dæmi, sem hinn virðulegi konúngkjörni þingmaður af andlegu stèttinni færði til fyrir skemmstu, að þingið hafi gjarnan viljað sjá hið konúnglega frumvarp til kosníngarlaganna, og hafi frestað umræðu um málið í því skyni; það lítur því svo út, sem það væri ósamkvæmni af

þinginu, ef nú mætti taka svo aðferð þess, sem það hefði ekki viljað líta á hið konúnglega frumvarp, þegar færi gafst á, en sýnt þó áður, að það vildi kynna sèr frumvarpið. Menn hafa talað um kostnað þann, sem leiddi af leingíng þingtímans, en þegar vèr gáum betur að, þá er þó auðsætt, að sá sami kostnaður kemur fyrir í annað sinn, því einhvern tíma verða frumvörp þessi rædd, og til þess þarf tíma, sem ekki verður varið til annara þingstarfa, og sá umræðutími verður að líkindum styttri nú, en síðar, eptir því sem á stendur. Þar að auki eru frumvörpin þess eðlis, að þingið mætti óska, að geta rædt þau til lykta nú þegar, því erfðalögunum hefir það óskað eptir áður, að þau yrði sem fyrst í lög leidd hèr á landi, og það er auðsætt, að þeirri ósk getur ekki framgeingt orðið, nema frumvarpið sè rædt; en eitt af hinum öðrum frumvörpum ríkar rèttindi manna í þeirri grein, sem ekki er lítilvæg fyrir marga. Eg sè þess vegna ekki heldur, að ávinníngurinn nè sparnaðurinn verði í neinni grein merkilegur, ef frumvörpin yrði ekki rædd, og það þó menn færi ekki svo lángt, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi nýlega, að halda, að tillögur þingsins yrði svo lítt metnar, að stefnt mundi verða nýtt þing til að semja kosníngarlög.

Jón Guðmundsson: Eg get ekki látið mèr segjast af orðum hins heiðraða þingmanns, er nú settist niður, eða að það breyti í nokkru skoðun minni á þessu máli.

Hann færði það til, að hin konúnglegu frumvörp hefðu verið til búin nógu snemma; en hvað um það? þó þau hefðu verið albúin ári fyr, þá getur það, eins og nú á stendur, ekki tekizt til greina; því það er aðalatriðið, að þau komi nógu snemma; en þau komu nú ekki til þingsins, fyrri en eptir hinn lögskipaða tíma. Þingmanninum þókti það ósamkvæmt, að þingið, sem fyrir fám dögum fjellst á að fresta umræðu málsins, af því að menn þá bjuggust við bráðri komu konúngsfulltrúa, nú ekki vilji gefa hinu konúnglega frumvarpi gaum, þegar það er komið; en þetta samnar ekki annað, en að við gjörðum alt, sem í voru valdi stóð, og á meðan hinn lögskipaði þingtími leyfði það, til að bíða, þángað til við feingjum að sjá hið konúnglega frumvarp, svo að við ekki geingjum fram hjá skoðun stjórnarinnar. Ekki get eg heldur, hvað kostnaðaraukann snertir, verið honum samdóma í því, að alt komi fyrir eitt, vegna þess að þessi frumvörp, sem ekki verði

nú rædd, þurfi þó einhvern tíma að ræða; því það er alt annað, að taka til þess lögskipaðan tíma, eða þann tíma, sem ekki er heimilaður að lögum. Því ber oss fulltrúum þjóðarinnar vandlega að hyggja að þeirri ábyrgð, sem í þessu tilliti á oss liggur. Hvað hin önnur frumvörp snertir, þau er konúngsfulltrúinn hefir meðferðis, get eg ekki séð, að þau séu svo á ríðandi, að ekki megi fresta þeim eitt ár eða leingur.

Jón Sigurðsson: Hinn virðulegi þíngmaður hefir þó ekki sannað annað, en að þíngið hafi slegið á frest umræðu málsins, til þess að fá að sjá hið konúnglega frumvarp, en hafi síðan ekki viljað líta á það, þegar það átti kost á. En þíngið á, að minni ætlan, að líta á kríngumstæðurnar, og ekki að sýna sig óviljugra til að gjöra hið sama fyrir tilmæli konúngsfulltrúa nú, en konúngsfulltrúi hefir sýnt sig áður til að leingja þíngtímann fyrir tilmæli þíngmanna. Eg ítreka, að mèr finnst hèr beri að líta, ekki á hinn strángasta rètt, heldur á sanngirni, ef menn vilja vinna sèr í hag en ekki í skaða.

Varaforseti: Það er athugavert, að það, sem þeim heiðruðu þíngmönnum ber á millum, er þetta, að þíngmenn frestuðu ekki máls meðferðinni á föstudaginn einmitt til að sjá frumvarpið, sem í vændum var, heldur gjörði þíngið það eptir bón stiptamtmannsins, er meinti, að það væri þínginu og málefninu til mikils hagræðis, ef konúngsfulltrúi gæti verið við staddur undirbúníngsumræðuna í málinu, svo hann feingi tækifæri til að skýra það, og alþíngi að heyra hans ástæður.

Konúngsfulltrúi: Eg vil geta þess, að eptir ráðstöfun stiptamtmannsins er farið að prenta hið konúnglega frumvarp til kosníngarlaganna, og mun það verða búið á morgun, svo þá mætti leggja það fyrir þíngið. Að öðru leyti get eg ei samþykt, að frumvarp stjórnarinnar verði álitið eða meðhöndlað sem fylgiskjal, en frumvarp þíngsins sem aðalgrundvöllur fyrir meðferð málsins, því það stríðir auðsjáanlega móti anda alþíngistilskipunarinnar.

Ásgeir Einarsson. Mèr þykir svo mikið varið í þetta mál, að eg vildi, að þjóðin og stjórnin sæu tillögur þíngmanna í þessu neyðarúrræði. Þíngmaður Ísfirðínga gat þess, að frumvörpin hefðu verið búin, eins snemma og vant hefði verið, og það væri af óhöppum, að þau hefðu komið svo seint til landsins; en hafi þau verið búin nógu snemma, sem hann lèt í ljósi, þá held eg ekki hefði verið ómögulegt að þýða þau á íslenzku

og prenta í Danmörku og senda þau með einhverju skipi til landsins, svo að þingmenn hefðu að minnsta kosti getað feingið að sjá þau, áður en þingið var úti. Mátti það vera mikil hvöt fyrir stjórnina í þessu, að alþing bað 1847, að hin konúnglegu frumvörp væru auglýst þjóðinni fyrir fram, og veit þingið nú ekki, hvort bæn þessari hefir verið nokkur gaumur gefinn, því enn nú í dag er sú konúnglega auglýsing ekki lögð fyrir þingið, þó það hafi komizt á snoðir um, að hún sè einhverstaðar til prentuð, og nú loksins er farið að prenta einúngis eitt frumvarp, þegar sá lögboðni þingtími er úti. Konúngsfulltrúi gat þess, að hann ætlaði að taka alla ábyrgð upp á sig, ef óskað væri, að þingtíminn yrði leingdur; en hvort hann getur tekið þessa ábyrgð upp á sig bæði stjórnarinnar og þjóðarinnar vegna, þykir mèr óvíst. Eg held, eins og nú er komið, að þjóðinni mundi þykja nokkur ábyrgð liggja á fulltrúum sínum, ef þeir færu að auka henni svo mikinn kostnað að þarflitlu. Mèr skildist á þingmanni Ísfirðinga, sem hann legði til, að menn lètu að orðum konúngsfulltrúa, og finnst mèr, að með því hefði mátt mæla það, að konúngur hefir litið svo á rèttindi vor, að hann unni oss að fá íslenzkan konúngsfulltrúa, sem vaxinn er máli voru. En þetta hefði komið okkur að litlu liði á þessu þingi, og það hefði farið, eins og þingmaður Eyfirðinga sagði, að þingið hefði komizt í stök vandræði, hefði ekki stiptamtmaður tekið að sèr störf konúngsfulltrúa, því þingmenn hefðu þá farið strax burtu, sem eg held hefði verið rèttast. Hvað því við víkur, að bæn þingsins um kosníngarlögin verði ekki heyrð, ef bænarskrá verður send eptir frumvarpi þess, munu lögfræðíngarnir geta betur dæmt um, en eg. En þar eð frumvarp þetta er sprottið af bænarskrám frá 3 þjóðfundum og fleiri hèruðum, og þjóð- og konúngkjörnir þingmenn hafa samið það á því þingi, sem stiptamtmaðurinn kallaði saman og sjálfur tók alla ábyrgð á, þá veit eg ekki, hvort það teingdi hjarta þjóðarinnar við konúnginn, ef því yrði ekki gaumur gefinn. Það er heldur ekki dæmalaust, að slík þegnleg frumvörp þingsins hafi orðið að lögum án þess að leggja þau á ný undir þingið, og sýnir þetta ljóslegast opið brèf um friðun æðarfugla fyrst um sinn. Frumvarp það, sem hèr um ræðir, á heldur ekki að gilda nema einúngis til að kjósa menn eptir því til eins þjóðfundar.

Mèr er ókunnugt, hvernig stjórnin skoðar sig í tilliti til

þjóðarinnar, hvort heldur hún álítur sig að vera til fyrir þjóðina, eða þjóðina fyrir sig. En sé stjórnin til fyrir þjóðina, held eg hún eigi að hjálpa henni til að verða þjóð, með því að heyra bænir hennar, en ekki með því að beita við hana ofbeldi. Þar eð þetta frumvarp snertir hið mest um varðandi mál, sem nokkurn tíma hefir verið borið upp af þjóðinni við stjórnina, óska eg, að þingmenn alvarlega íhugi það og láti þar um meiningu sína í ljósi, áður til atkvæða er geingið.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg vil leyfa mèr að bera það undir hinn heiðraða varaforseta, hvort ei muni tiltækilegast, að skjóta því til þingsins atkvæða nú þegar, hvort það vilji leingja þingtímann um 14 daga, eða ekki. Eg vil ekki liggja á meiningu minni um þetta efni, að eg ekki get heimilisstöðu minnar vegna dvalið hèr enn þá í 14 daga, þó eg að vísu ekki eigi lángt heim. Þeir, sem leingra eiga að heimilum sínum, geta sagt til sín. Þingið missir líka lítið af kröptum sínum, þó eg gángi einn frá. Mèr er líka alls óljóst af orðum ens hátt virta konúngsfulltrúa, hver ábyrgðina tekur að sèr á þingtíma leingingunni; konúngsfulltrúi segist ekkert leyfi hafa til að leingja þingtímann, fulltrúar þjóðarinnar hafa það víst ekki heldur. Eg hefi heldur enn ekki heyrt neinn þingmanna hreifa ósk um að leingja þingtímann; en væri það, að nokkur vildi gjöra það, og taka á sig ansvarið við þjóðina, þá gæti konúngsfulltrúinn sagt til þess annaðhvort já eða nei, og ef hann segir hið fyrra, þá getur hann tekið á sig ansvarið við stjórnina, fyrst hann frá henni hefir eingan myndugleika til að gefa slíkt svar.

Varaforseti: Fyrst einginn fremur tekur til máls, skýt eg því til atkvæða þingsins, hvort það vill biðja um 14 daga viðbót við þingtímann til að ræða frumvörp stjórnarinnar.

Þetta var felt með 22 atkvæðum gegn 2.

Konúngsfulltrúi: Eg vil geta þess, að sökum þess eg er öldúngis nýkominn hingað, og er með öllu ókunnugur kosníngarlaga-frumvarpi þingsins og meðferð þess á þinginu, þá get eg ei tekið neinn þátt í umræðunni um það, og virðist það þá liggja beinast fyrir, ef þingmenn vilja halda henni áfram, að stiptamtmaðurinn, eins og hingað til, verði við staddur við hana.

Stiptamtmaður: Eg hefi ekki viljað segja laust við þingið, áður en útkljáð væri um, hvernig ætti að halda áfram þing-

störfum. En þegar konúngsfulltrúinn skýtur þessu til mín, þá get eg ekki sagt annað, en að þó sú þíngskipun, sem hingað til hefir verið, ekki sè svo frjáls sem í fleirum öðrum löndum, þá hefir þó verið eitt atriði hennar mjög frjálslegt. Eg man ekki betur en Örsteð, sem samdi þínglög fyrir Ísland og Danmörk, hefði kallað það hinn mesta frelsisrètt, að þessi þíng hefðu rètt til að búa til lög, og leggja fram fyrir stjórnina. Það er þá einúngis, ef þetta frumvarp, sem þingið nú hefir samið, er ískyggilegt, og varla ætlandi, að stjórnin geti veitt því áheyrn, nema hún hafi áður gert við það mikilsverðar breytíngar, að menn munu halda, að stjórnin ekki geti tekið við því, en verði á ný að leggja nýtt frumvarp fyrir þíngið, og væri það þó miklum vandkvæðum bundið, og held eg, að hinn hæst virti konúngsfulltrúi sè á sama máli og eg í þessu tilliti. Ef nú þetta mál verður rædt í kvöld, þá verður daguriun á morgun að álitast sem þíngdagur, og þó atkvæða hafi verið leitað hjá þíngmönnum um það, hvort þeir vildu ekki leingja þíngtímann um 14 daga, er það þó ekki víst, að hann ekki verði leingdur um styttri tíma, og ef þíngmenn nú fallast á það, þá er líklegt, að konúnglegt frumvarp til kosníngarlaga, sem konúngsfulltrúinn hefir meðferðis, verði borið upp á morgun, því þá verður líkast til búið að prenta það, einnig, að önnur konúngleg frumvörp verði lögð fyrir þíngið til yfirvegunar, og þíngmönnum feingin í hendur hin konúnglega auglýsíng. En þá kemur aptur fyrir sú spurníng, hvort ekki væri bezt til fallið, að kjósa nefndir til að íhuga þessi frumvörp, ef þau á annað borð eiga að koma til umræðu. Til þess nú að komast hjá þeim vandkvæðum, sem öll líkindi eru til að verði, þar sem um svo mikilvægt málefni er að gjöra, þá er það tillaga mín, að haldin sè ályktunarumræða um þetta mál í kvöld; en það getur þó ekki orðið, nema til vara, og mætti semja eptir því bænarskrá, eins og til vara, ef hið konúnglega frumvarp ekki kæmi til ályktunarumræðu. Að öðru leyti fel eg þínginu sjálfu á hendur að dæma um, hvort ekki beri brýn nauðsyn til, að þetta mál sè svo vandlega rædt, sem kostur er á; en hvað við víkur hinu konúnglega frumvarpi, þá þykir mèr mikið líklegt, að þjóðinni geðjist vel að því; að öðru leyti skal eg ekki mæla móti því að vera við staddur ályktunarumræðu þessa máls, ef konúngsfulltrúinn fer því fastlega fram.

Konúngsfulltrúinn: Eg verð, eins og eg áðan sagði, að láta

það vera á valdi stiptamtmanns, því það er skylda mín, sem konúngsfulltrúa, að bera umhyggju fyrir því, að stjórnarinnar frumvörp sèu í því lögskipaða fyrirrúmi. Annars get eg þess, að verði þing haldið á morgun, mun eg getafram lagt hið konúnglega frumvarp til kosníngarlaganna og má ske fleiri af þeim stjórnar frumvörpum, er eg hefi meðferðis. Þá mun eg og einnig geta fram lagt hina konúnglegu auglýsíngu til þíngsins um afdrif mála þeirra, er rædd voru á hinu fyrra þíngi, en í dag var mèr það ekki mögulegt, vegna þess hún getur ei komið frá skipi fyrr en í kvöld.

Varaforseti: Við víkjandi því, er herra stiptamtmaðurinn sagði, að þíngið kynni má ske að vilja sitja enn nú, þó um skemri tíma væri, en konúngsfulltrúinn hafði ákveðið, og ætlar þá víst herra stiptamtmaðurinn, að tími sá megi nægja til að ræða málin, þá ætla eg þó, að konúngsfulltrúinn sjálfur hafi reiknað niður tímann, er til þessa þurfi; því þó ei sèu málin mjög margbrotin, þarf þó að veita þeim alla lögboðna meðferð. En svo eru margir kraptar þíngsins, að það hefir alla krapta sína nú til umráða, að væri kosníngarlagafrumvarpið tekið til meðferðar, þá mætti einnig taka erfðalögin; en til þessa hefir konúngsfulltrúi ætlað 14 daga þurfa, og um þá hefir þíngið neitað. En þar sem konúngsfulltrúi nú kveðst eigi skyldur, að vera við hina síðustu umræðu þessa máls, og það horfir til, að hin síðasta umræðan megi nú fram fara, án þess nokkur sè við frá konúngs hendi, þá ætla eg, að þessa verði krafizt af herra stiptamtmanninum; því fyrir bænastað hans beið þíngið með meðferð máls þessa svo, að það er enn ekki til lykta leidt, sem það mundi nú verið hafa, hefði ekki bæn hans komið til.

Stiptamtmaður: Eg vil einúngis geta þess, að þar hinn hæst virti konúngsfulltrúi er kominn, þá get eg ekki haldið áfram þíngstörfum,nema því að eins að hann óski þess, og fel eg honum það í sjálfsvald.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að álíta það hentast, að stiptamtmaður taki þátt í umræðu þessa máls, þar hann, en ekki eg, er því kunnugur, ef umræðum þess verður áfram haldið.

Varaforseti: Fyrst svona er nú málinu komið, spyr eg hina hátt virtu herra, stiptamtmanninn og konúngsfulltrúann, hvort hvorugur þeirra ætlar af konúngs hendi að vera við staddur hina síðustu umræðu máls þessa. Það verður sèð af þíngtíð-

indunum, að það er fyrir bón stiptamtmannsins eina og eptirlátsemi þingsins við hann, svo að konúngsfulltrúi næði undirbúningsumræðu kosningarlaganna, að þingið nú ekki er búið að ráða máli þessu til lykta. Eg spyr því hina hátt virtu herra í þingsins og þjóðarinnar nafni, hvort hvorugur þeirra ætli að vera við staddur hina síðustu umræðu málefnisins í dag, og krefst eg hjá öðrum hvorum þeirra svars þess, er þingbókin einnig beri með sèr.

Konúngsfulltrúi: Eg álít mèr, eins og eg áður hefi sagt, ómögulegt, að vera við umræðu þessa máls, þar eg er því með öllu ókunnugur; eg þekki enn nú hvorki frumvarp þingsins, nè nefndarálitið um það, og ekki heldur, hvað fram hefir farið, þegar það var rædt til undirbúnings.

Th. Gudmundsen: Eg leyfi mèr að skjóta því til úrskurðar hins heiðraða varaforseta, hvort hann ei álíti undir þessum erviðu kringumstæðum vel til fallið, að leita atkvæða þingsins um það, að *það þá* biðji stiptamtmanninn um, að vera hèr á þinginu í kvöld fyrir hönd stjórnarinnar við ályktunarumræðu málsins um kosningarlögin til þjóðfundarins að ári, sem stiptamtmanni er svo mjög kunnugt, að það geti á löglegan hátt orðið út rædt.

Stiptamtmaður: Þar konúngsfulltrúinn er kominn, þá er eg orðinn utanþingsmaður, og hefi hèr því framar ekkert að segja, nema ef svo er, að hann óskar þess; af sömu ástæðu er það líka, að eg hefi setið á þinginu alt til þessa, og væri það móti lögum þingsins, að það bæði mig um að sitja hèr á þingi, því það ætti án efa að snúa sèr til konúngsfulltrúa í þessu efni, því hann einn hefir ráð á að skera úr þessu, eptir sem hann vill.

Varaforseti: Hinn hátt virti stiptamtmaður hefir leidt rök að því, hvers vegna hann ekki leingur gegnir störfum konúngsfulltrúa. Ef því konúngsfulltrúinn neitar, að gegna þörfum þingsins í dag, þá spyr eg hann, hvort hann ekki eptir 41. gr. alþingistilskipunarinnar finnur sèr skylt, að fela það starf öðrum á hendur; því að í greininni segir konúngur: „Svo munum vèr og þar að auki skikka vorum umboðsmanni annan embættismann til aðstoðar, sem megi koma í hans stað, þegar hann er forfallaður.

Nú þykist konúngsfulltrúi málefni þessu svo ókunnur, að hann ekki geti tekið þátt í umræðu þess; vill hann þá ekki

taka til aðstoðarmannsins? Hèr er einn embættismaður innan húss, sem verið hefir aðstoðarmaður, og hann er málinu til hlítar kunnur.

Konúngsfulltrúi: Eg vil leggja það til, svo þinginu ei verði slitið við svo búið, að varaforseti ákveði aptanfund í dag, og mun eg þá af tala við stiptamtmanninn, að einhver verði þá þar til staðar af konúngs hendi, þar eð hann, eptir því sem mèr er kunnugt, hefir myndugleika frá stjórninni til að skikka konúngsfulltrúa aðstoðarmann í hans forföllum.

Jón Sigurðsson: Mèr virðist, að ef þau yrði hèr málalok, sem nú horfist á, þá tækist býsna óheppilega, og eg vil biðja þingmenn enn einu sinni að hugleiða nákvæmlega, hvort þeim virðist það vera landinu fyrir beztu, að þannig færi, sem nú lítur út til, en ef þeim virtist það ekki, þá að reyna enn að koma sèr saman um skemri frest, um nokkra daga, svo þeir geti kynt sèr frumvörpin, að minnsta kosti kosningarlögin, og tilgángi þings þessa gæti með því móti framgeingt orðið.

H. G. Thordersen: Eg er öldúngis samþykkur því, sem hinn heiðraði þingmaður Ísfirðínga mælti áðan í þessu efni, og hafði eg ætlað mèr að standa upp fyrri til að gefa því mína samsinníngu. Eg verð, eins og hann, að álíta það mjög óheppilegt, ef þingið vildi nú taka ólipurlega í streinginn við stjórnina, einkum þar sem það liggur svo beint við, að gæta að þeim kríngumstæðum, sem í þetta skipti hafa gjört þeim mönnum svo ervitt fyrir, sem hingað áttu leið frá Danmörk, og sèr í lagi þeim manni, sem hingað átti að flytja konúngserindi. Mèr virðist það líka, ef til vill, ábyrgð fyrir þingið, að taka ei á móti því konúnglega frumvarpi, sem hèr einkum er um að ræða, ef slíkt kynni að baka landinu nýan kostnað og töf í því efni, sem henni þykir þó, nú sem stendur, hvað mestu varða; en tímann þyrfti þó má ske ei að leingja 14, heldur að eins 4 til 6 daga.

Varaforseti: Eg gjöri það aptur vitanlegt, að það voru 14 dagar, sem konúngsfulltrúi vildi fá þingið aukið með, og eg er þeirrar meiníngar, að af því mundi ekki mikið veita, ef að frumvarp þetta ætti frá grundvelli að meðhöndla og ræða, sem og mun sjálfsagt um konúnglegt frumvarp. Málefni þetta verður fyrst að takast til inngángsumræðu, nefnd að kjósast, hún að meðhöndla málið og skrifa álitsskrá í því, hún að liggja þá vissu þrjá daga á lestrarstofunni, málið síðan að ræðast til

undirbúnings og síðan á öðrum degi til ályktunar, álitsskrá í því að semjast til stjórnarinnar, og hún síðan að lesast upp fyrir þingheimi, og mundi alt þetta taka upp því nær 14 daga. Eg sè því ei til neins, þó þingmenn vildu auka við þeim 4 til 6 dögum, sem hinn háæruverðugi þingmaður stakk upp á; því að vísu mun ekki mega fara með þetta konúnglega frumvarp, sem lítilsverða hjásök.

Jón Sigurðsson: Eg tiltók eingan ákveðinn frest, hvorki 4 daga nè 6 daga, heldur einúngis svo mikinn frest, að tilgángi þings þessa gæti orðið framgeingt.

Jon Guðmundsson: Áður en eg gef mig við sættum, sem eg skal ekki vera ófús á, verð eg að láta þá meiníngu mína í ljósi, að mèr að vísu finnst það eðlilegt, þó konúngsfulltrúinn ekki geti tekið þátt í ályktarumræðu málsins í dag; en hitt getur mèr ekki skilizt, hvers vegna hann ekki vill leggja ósk sína fram við stiptamtmanninn, þegar stiptamtmaður ella ekki kveðst muni mæta, en gjörir þó kost á því, ef ósk konúngsfulltrúa komi til, og vil eg því biðja hinn hátt virta konúngsfulltrúa að skýra þetta greiuilega fyrir þínginu.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að halda mèr til þess, er eg áður sagði, að það er skylda mín, sem konúngsfulltrúa, að fram fylgja frumvörpum stjórnarinnar.

H. G. Thordersen: Alt þetta mundi lagast og fara vel, ef þingmenn gætu komið sèr saman um að leingja nokkuð þingtímann. Og ímynda eg mèr, að konúngsfulltrúinn má ske lèti sèr lynda, þó ekki yrði hèr rædt út nema það eina frumvarp um kosníngarlögin, sem er hið mest um varðanda málefnið og helzta ætlunarverkið þessa þings, og getur mèr ei skilizt betur, en að því mætti vel koma af, svo sem á vikutíma, og virðist mèr þá, sem þessi tími sè ekki svo lángur, að það ei sè vel til vinnandi fyrir hann, að sýna stjórninni tilhliðrunarsemi, og allan athuga þíngsins mest áríðanda málefni.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi áður lýst því yfir, að mest er varið í það, að kosníngarlagafrumvarp stjórnarinnar verði rædt, þó eg gjarnan vildi, að hin önnur frumvörp stjórnarinnar yrðu til lykta leidd, ef mögulegt væri; það getur verið, að til þess nægi minni tími, en 14 dagar, þó eg, eins og varaforseti sagði, sè hræddur um, að varla muni af þeim veita, ef þau eiga öll til lykta að leiðast.

Jón Guðmundsson: Eptir minni skoðun á þessu verð eg

að vekja þá athugasemd, að mèr finnst ekki um annað að tefla, ef einginn mætir á þingi í dag að ræða málið frá konúngs hálfu, en að þá sè þingi þessu þegar slitið. Málið er þá að forminu til enn þá sem órædt, eingin bænarskrá verður um það send konúngi, og þetta hið merkasta og mest áríðandi mál, sem borið er upp á þessu þingi, verður þá ónýtt fyrir oss og fellur niður. Hèr er því úr vöndu að ráða, hvort vèr eigum heldur að takast þá ábyrgð á herðar, að þingið verði leingt, og láta konúngsfulltrúa þannig binda oss svo að segja á klafa, ellegar vèr eigum að láta málið verða ónýtt fyrir oss, og að hinn fyrsti íslenzki konúngsfulltrúi komi á þann veg hèr á þing hið fyrsta sinn til þess að segja þinginu slitið. Eg skal hvorugt til leggja að svo komnu, en hefi mitt atkvæði hjá mèr, ef til þarf að taka.

Varaforseti: Eg verð þó að gjöra hinn virðuglega þingmann varan við, að hann annaðhvort ekki hefir tekið eptir því, eða gleymt því aptur, að konúngsfulltrúinn fyrir skemstu sagði varaforseta, að láta fund aptur verða seinna í dag, eins og til var ætlað, og er það viss vottur þess, að hann ætlar að sjá um, að einhver mæti fyrir stjórnarinnar hönd.

Þar eð svo var fram komið degi, kvað varaforseti bezt að slíta fundi þángað til kl. $5\frac{1}{2}$.

---

30. júlí — tuttugasti og níundi fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Ísfirðinga, og gegndi varaforseti störfum hans og kvað nú verða tekið til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu málefnið um kosníngarlögin; settist þá stiptamtmaður í aðstoðarmannssæti.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn hátt virta forseta, hvort ekki skuli nú við ályktunarumræðuna og atkvæðagreiðslu málsins við hafa hina sömu flokkaskipun á greinum frumvarpsins, og áður, þegar það var rædt til undirbúnings.

Varaforseti: Það er meiníng mín, að svo muni bezt fara, og í hið minnsta að ræða málefnið í sömu klausum, eins og gjört var við undirbúníngsumræðuna, og þannig ætla eg, að málefnið muni verða mönnum kunnast; en það er óvanalegt, að greiða atkvæði á stángli í einu og sama máli.

Eg vildi, að venja sú, sem þingið hefir haft hingað til, legðist ekki niður nú, þegar þingið er í andarslitrunum.

Haldór Jónsson: Ef ræða á málið í flokkum, verð eg að álíta nauðsynlegt og sjálfsagt, að hver þingmaður megi taka til orða einu sinni við hvern flokk: annars væri manni meinað að fara orðum um ýmisleg atriði málsins, sem hann kynni þykjast hafa tilefni til.

Varaforseti: Þetta má með eingu móti leyfast, enda mundi umræða með þessum hætti geta orðið laung.

Því hafa menn vanizt, að lángt er einatt að bíða, frá því einhver grein málefnisins er rædd, og þángað til um hana er til atkvæða geingið.

Framsögumaður: Ef ekki er leyft að taka optar til orða, en einu sinni, þá fellur burtu af sjálfu sèr tilgángur sá, sem hafður var fyrir augum, er hver kafli var ræddur fyrir sig, og verður þá að ræða alt málið í belg.

Varaforseti: Eg verð þó að fallast á það, að betur fari á því, að ræða málið alt frá upphafi til enda í belg, eins og framsögumaður komst að orði, en að leiðast inn á óvenju þá, sem kosta mundi þrefaldan tíma.

Framsögumaður: Eg haga þá framsögu málsins, eins og enn hátt virti forseti hefir lagt fyrir, tek alt í einu lagi, og vil því fyrst leyfa mèr að skýra þinginu frá breytíngaratkvæðum þeim, sem eru borin upp í undirbúníngsumræðunni og athugasemdum nefndarinnar við þau, því hún hefir tekið þau öll til nákvæmlegrar yfirvegunar og fallizt á einstöku þeirra.

Við 3. gr. er stúngið upp á þeirri breytíngu, að 3 sè valdir fulltrúar fyrir Árnessýslu, en að eins einn úr Vestmannaeyum; þetta getur nefndin með eingu móti aðhyllzt og telur rètt, að hvorki sè hèr, nè í öðrum kjördæmum, litið til fólksfjölda, heldur sè kosnir jafnmargir í hverju kjördæmi landsins.

Við 4. gr. staflið *b* er borin upp sú breytíng, að 25. aldurs-árið ráði kosníngarrètti; eins og eg gat um í undirbúníngsumræðunni, getur nefndin með eingu móti fallizt á þetta. En eg sleppi fleiri orðum um þetta breytíngaratkvæði að sinni, af því eg hefi von um af umræðum við enn heiðraða uppástúngumann, að hann kalli það aptur.

Við sömu greinar staflið *d* er upp á því stúngið, að slept sè niðurlagsorðunum „eða ekki standa í skuld fyrir sveitarstyrk“. Ekki gat nefndin heldur aðhyllzt þetta, því yrði því

framgeingt, þá mætti þeir, sem árlega þiggja styrk af sveit, bæði kjósa og einnig verða kosnir, en það er þó næsta ísjárvert hvortveggja; vera má það líka, að ef þessi orð standa, þá verði það hvöt mörgum, er að eins eru í skuld um lítið til sveitar, að endurgjalda það, ef þeir á annað borð hafa nokkrar mætur á kosníngar og kjörrètti sínum.

Við stafliðinn *f* í sömu grein eru borin upp 2 breytíngaratkvæði í líka stefnu, nefnil. að kjósendur skuli að eins vera heimilisfastir, eða eiga lögheimili, þegar kjósa skal, í stað þess sem frumvarpið segir, að hann skuli hafa verið heimilisfastur í kjördæminu um eitt ár. Nefndin ætlar, að miklu verði erviðara, að semja kjörskrárnar, og hafa þær áreiðanlegar, ef breytíngaratkvæði þessu yrði framgeingt; þeir, sem eru heimilisfastir, þegar kjörskrárnar eru samdar, verða þar á þær settir, ef þá ekki skortir aðra hæfilegleika; nú ef þeir ætti að komast inn á kjörskrárnar einnig í þeirri sókn, er þeir flytja að, þá yrði eptir því, ef til vildi, sami maðurinn á 2 kjörskránum í senn, en þetta mega þó allir sjá að er óráð, og gat því nefndin heldur ekki aðhyllzt þessi breytíngaratkvæði.

Við 7. gr. er stúngið upp á, að á eptir orðin: prestur hver og hreppstjóri, sè bætt inn í: „gegn sanngjarnri borgun“; þetta sama breytíngaratkvæði, og þó einskorðaðra að borgunar upphæðinni til, er einnig borið upp við 22. gr., og mun eg, þegar að þeirri grein kemur, fara um það nokkrum orðum.

Við 8. gr. er stúngið upp á, að inn í sè bætt, á eptir presti: „og hreppstjóra“, og leiðir af því, að tvennar ætti að vera kjörskrárnar í hverri sókn; en af því þær munu verða næsta umfángsmiklar yfir höfuð, þykir nefndinni óþarft að leggja þá byrði á herðar presti og hreppstjóra, að rita þær í tvennu lagi.

Við 10. gr. er það breytíngaratkvæði borið upp, „að kjörstjórnin sè ákveðin: sýslumaður, prófasur og alþíngismaður eða varaþíngmaður sýslunnar, en verði því ekki við komið, kjósi sýslumaður og prófastur 3. mann“. Eins og hinir heiðruðu þíngmenn muna, mælti eg heldur með þessu breytíngaratkvæði í undirbúníngsumræðunni. En þegar nefndin fór að nær skoða það og yfirvega betur, þá gat hún þó ekki aðhyllzt það. Hefði breytíngaratkvæðið tekið svo til, að alþíngismaður og prófastur ætti að vera aðstoðarmenn kjörstjórans svona yfir höfuð að tala, eða svo orðuð, að löggjafinn ætlaðist til þess, þá hefði

það ekki verið jafnfast ákveðið og einskorðað. Þessir menn geta í alla staði verið sómamenn og þó ekki færir til þess, sem fremst er hèr á að líta, að þeir sè áreiðanlegir til að rita atkvæðin í kjörbækurnar. En ef kjörstjóri veit, að þeir eru óhæfir til þess, og geingur fyrir þá sök fram hjá þessum mönnum, en tekur aðra, þá sýnir hann þeim vanvirðu nokkra í almennings augum, ef svona er tekið til orða áður: „þar sem því verður við komið". Því jafnan má segja, að því verði við komið, þegar til þeirra næst og þeir eru ekki forfallaðir, og er mjög óþægilegt fyrir kjörstjóra að komast í þenna vanda, eða neyðast til að öðrum kosti að taka þá sèr til aðstoðar, þó þeir sè ekki færir til þess. Ef það er ekki frekar ákveðið, en nú er í frumvarpinu, þá mun hver kjörstjóri samt sem áður taka þessa menn, nema brýn nauðsyn sè að gánga fram hjá þeim, en þá gjörir hann heldur ekki opinberlega á hlut þeirra með því móti.

Við 16. grein er stúngið upp á, að kjörstjórnarmenn greiði atkvæði sín fyrstir allra kjósenda og riti þau í bækurnar, en láti þau hvorki spyrjast, nè auglýsi þau, fyrr en á eptir að allir hafa kosið, og hefir nefndin nú aðhyllzt þetta breytíngaratkvæði. Hið annað breytíngaratkvæði við sömu grein, er þíngmaður Ránga̧inga bar upp, hefir hann aptur kallað, og beðið mig tjá þínginu frá því.

Við 19. gr. eru borin upp 2 breytíngaratkvæði; annað fer því fram, að þegar 2, 3 eða fleiri hafi jafnmörg atkvæði, skuli „aldur ráða". Er þessu ómögulegt að koma við, þegar kjósa má um land allt, og það er auðsætt, að kjörstjórnin veit ekki aldur allra utanhèraðsmanna, sem kunna að verða kosnir, en þótt þeir sè að öðru leyti sannfærðir um, að þeir sèu kjörgeingir; en ófært band á kjósendum, ef þeim væri gjört að skyldu, að hafa aldurs skírteini fyrir hvern þann utanhèraðsmann, er þeir gæfi atkvæði. Hitt breytíngaratkvæðið fer því fram: „að hlutkesti skuli ráða, þegar jafnmörg sè atkvæðin"; en nefndin gat heldur ekki fallizt á þetta, þar henni þótti sennilegra og rèttara, að vitsmunir þeir og þekking og ráðvendni, er menn mega gjöra ráð fyrir hjá kjörstjórnarmönnum, ráði meiru, en blind tilviljun.

Við lok ennar sömu greinar hefir einn enna heiðruðu nefndarmanna þegar í undirbúníngsumræðunni hreift, að sá viðauki ætti við, á eptir: skal atkvæði kjörstjórans ráða, „eða

hlutkesti, ef hann vill það heldur“; á þenna viðauka fellst nefndin og vill gefa honum atkvæði sitt.

Við 20. gr. er borið upp viðauka-atkvæði um, „að hvert kjördæmi kjósi einn varaþingmann sèr í lagi“. Nefndin ætlar viðauka þenna óþarfan; því hún ætlar það liggja beint við af hinum öðrum ákvörðunum í 20. og 21. gr., að kjósendur hafi hugsun og samtök á, að kjósa hinn 3. með rúmum 20 atkvæðum, ef þeir kjósa hina 2 utan hèraðs, annan eður báða, svo að þeir ekki eigi á hættu að missa með öllu af þeim, er sjálfir þeir hafa kosið.

Hin önnur uppástúnga við sömu grein fer því fram, að sá, sem kosinn er með flestum atkvæðum, skuli tafarlaust láta kjörstjórann vita, ef hann vill gángast undir kosníngu. Þegar litið er til, að kjósa má um land alt, og að fulltrúaefnum er ekki mögulegt að vita samstundis úr öllum kjördæmunum, hvar þeir hafa hlotið flest atkvæði eptir 1. atriði í 20. gr.; þá verður þeim einnig ómögulegt, að skýra kjörstjórum frá þessu, hvort sem greinin öll er látin standa, eins og hún er nú, eða breytíngaratkvæði ens heiðraða konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar við þessa grein verður framgeingt.

Þetta breytíngaratkvæði, er eg nú gat síðast við 20. grein, fer því fram, að 3. kafla hennar sè breytt á þá leið, að ef einthvert kjördæmi missir af þeim fulltrúa, er þar hefir hlotið flest atkvæði, skuli það kjósa um aptur, ef mögulegt sè, en ella skuli þeir verða fulltrúar þaðan, sem flest hafa atkvæði, næst þeim, sem af misti, þó færri sèu en 20. Fer breytíngaratkvæði þetta jafnframt því fram, að stefnu þess til, að um steypa allri 21. gr., að svo miklu leyti sem snertir afskipti stiptamtmanns af kjörskránum, en ætlar kjörstjóranum sjálfum að koma því í kríng; og fyrir því áskildi eg mèr í undirbúníngsumræðunum, að breyta seinni hluta 20 gr. og 21. gr. samkvæmt þessu, ef breytíngaratkvæði þetta yrði aðhyllzt af þíngmönnum. Nefndin gat nú því síður fallizt á þetta, sem hún grannskoðaði það betur, og gjörði sèr það ljóst, að öllum afleiðíngunum til, þegar hún var búin að vinda við seinni hluta 20. gr. og 21. gr. á þenna veg, og það var auðsætt, að það varð þvert ofan í ákvörðunina í 1. hluta 20. gr., og þar til í mörgu öðru tilliti ískyggilegt og fult eins mörgum vankvæðum bundið, eins og það, sem nefndin hefir stúngið upp á í þessum greinum. En eg leiði hjá mèr að fara um það fleiri orðum að sinni, þar til enn

heiðraði uppástúngumaður hefir leidt í ljós kosti þess, og má ske fleiri þíngmenn.

Í öðrum hluta 20. gr. hefir nefndinni komið ásamt, að orðið „þannig“ í byrjun klausunnar sè úr felt, svo að sú klausa yfir grípi fleiri tilfelli en þau, ef sami fulltrúinn er kosinn annarstaðar með flestum atkvæðum, eða ef hann er búsettur í einhverju þeirra; er þetta orðabreytíng ein, og grundvallast á því, sem í undirbúníngsumræðunni er sagt um þetta, og ætlar nefndin því, að það megi nú koma til atkvæðagreiðslu.

Við 20. og 21. gr. er borin upp sú breytíng, sem, eptir því sem frumvarpinu er nú skipað, á næst við 5. gr., „að kjörgeingi sè bundið við ömtin“. Nefndin ætlar, að þetta breytíngaratkvæði takmarki um of það frelsi kjörgeingisins, sem í frumvarpinu er svo mjög gjört sèr far um að vernda, og þar til hyggur hún, að á því græðist næsta lítið að hægðinni til, hvort sem haldið er frumvarpinu, að 20. og 21. gr. til, eður þeim verður breytt eptir uppástúngu ens heiðraða konúngkjörna þíngmanns, gat því nefndin með eingu móti fallizt á þetta breytíngaratkvæði.

Við 21. gr. er stúngið upp á, að á eptir stiptamtmaður vor, sè bætt inn í: „og 2 menn, er hann sjálfur kýs“. Á þetta viðauka-atkvæði, sem er borið upp af þíngmanninum úr Rángárvallasýslu, fellst nefndin, og mun hún gefa því sín atkvæði.

Við 22. grein eru borin upp breytíngaratkvæði í ýmsar stefnur.

Þíngmaðurinn frá Húnavatnssýslu hefir stúngið upp á, að kostnað þann, sem leiði af kjöri þjóðfundarmanna, skuli greiða á sama veg, og fyrir er lagt í opnu brèfi 6. júlí 1848; fellst nefndin á þetta viðauka-atkvæði, en því síður á hin 2 um sama efni, nefnil. að kjörstjóri fái 3 rbd. dag hvern, en aðstoðarmenn hans, hver 1 rbd. 32 sk., eða, að allir kjörstjórnarmenn fái jafna borgun, sem þau fara fjær ákvörðununum í tèðum lagastað, sem nefndin ætlar að ekki sè tilefni til að breyta.

Þar næst er að minnast á viðauka þann, er eg gat um áðan að væri borinn upp við 7. gr., og hèr er borið upp breytíngaratkvæði um, er ákveður, að prestur og hreppstjóri skuli (hver um sig) hafa 1 rbd. dag hvern, meðan þeir vinna að kjörskránum og borgun fyrir skriptir að auki eptir aukatekjureglug. 10. sept. 1830. Þegar litið er á hina litlu, sem einga, umbun, er prestar og hreppstjórar bera úr býtum fyrir öll slík

störf, þá virðist þessi uppástúnga sanngjörn, en þegar aptur er litið til þess lítilræðis, sem hver um sig hlýtur, þó þessu yrði framgeingt, að alþýða álítur það og telur miklu meira, en það þó er í sjálfu sèr, og þess er gætt, hvað mikla breytíngu það gjöri á löggjöfinni, sem gildir og bezt á við um þetta efni, þar sem þó kjörstjórum er gjört að skyldu, að rita kjörskrár allar ókeypis, þá gat nefndin ekki aðhyllzt þetta breytíngaratkvæði.

Við 22. gr. eru enn borin upp 2 breytíngaratkvæði um fæðiskaup og ferðakostnað þjóðfundarmanna; fer hið fyrra því fram, að fæðispeníngar allir sè lækkaðir til 15 marka, en ferðakaup sè goldið eptir reikníngum fundarmanna; en hitt stíngur upp á, að fæðispeníngar og ferðakaup sè goldið eins og híngað til. Nefndin gat ekki fallizt á hvoruga þessa uppástúngu. Fæðiskaup á fundarstaðnum ætlar nefndin að ekki geti verið minna fyrir fundarmenn, en alþíngismenn hafa haft til þessa, ef þeir eigi að vera nokkurn veginn skaðlausir; en aptur hyggur hún, að í ferðakaup megi nægja 4 rbd. dag hvern, þegar dagleiðir eru ekki einskorðaðar, og þannig má nokkuð miðla til, eptir því sem á stendur fyrir mönnum, og hlýtur því nefndin að taka uppástúngur frumvarpsins um þetta fram yfir það, sem í þessum breytíngaratkvæðum er farið fram.

Að síðustu hefir þíngmaðurinn úr Dalasýslu borið upp við ena sömu grein viðauka-atkvæði um, að alt, sem á þjóðfundinum gjörðist, yrði prentað, og svo ferðakostnaðar reikníngar fundarmanna. Nefndin ætlar, að þetta muni sjálfsagt verða gjört, eins og verið hefir um það, sem farið hefir fram á alþíngi, en að með eingu móti eigi við, að taka ákvörðun um slíkt inn í kosníngarlögin, heldur en um önnur störf fundarins.

Stiptamtmaður: Eg vil einúngis bæta fáum athugasemdum við breytíngaratkvæði þau, sem fram hafa komið. Hvað þeirri uppástúngunni við víkur, að Vestmanneyar kjósi að eins 1 fulltrúa, þá er þetta öldúngis samkvæmt því konúnglega frumvarpi, sem miðar kosníngar við fólksfjölda, og vill því samkvæmt þessu láta Árnessýslu kjósa 3 fulltrúa, sem einnig hefir hèr verið upp á stúngið. Hvað við víkur 4. grein frumvarpsins, held eg það komi töluvert saman við hið konúnglega frumvarp, og verð eg því að mæla fastlega fram með nefndinni í þessu tilliti, en þó vil eg sèrlega geta þess, að á þeim kafla æfinnar, sem er frá 25 til 30 ára, eða frá 18 árum

til þrítugs, eru menn ekki búnir að ná fullkominni staðfestu, þá eru tilfinníngar manna hvað ákafastar, og vilji þeirra ekki búinn að taka öldúngis fasta stefnu, og til sönnunar þessu þarf ekki annað en skoða lista yfir þá, sem brotið hafa móti lögum; þá sèst, að flestir þeirra eru á aldrinum frá 18 til 30 ára, og mun það vera skjaldgæfara, að finna dæmi til þessa um þá menn, sem komnir hafa verið yfir þrítugsaldur og hafa ekki áður drýgt neitt lagabrot. Hvað við víkur sveitarstyrk, vil eg geta þess, að bæði hér á landi og í Danmörku, þar sem að er sveita-umsjón um ómaga, að þá koma líka fáir þeirra, sem komnir eru yfir þrítugt án þess að fá sveitarstyrk eptir 18 ára aldur, seinna á sveit, nema því að eins, að það sè fyrir vanheilsu sakir eða drykkjuskapar. Eg held því, að samband það, sem er á milli þrítugs aldurs og sveitarstyrks, eða stafliða *b* og *d*, gefi betri takmörk fyrir kosníngarrètti, en fjárstofn, þó nokkrir þeirra manna erlendis, sem hafa viljað fjárstofn, hafi þar á móti einúngis viljað hafa tillit til þess fjárstyrks, sem var veittur seinasta árið. Við víkjandi stafliðnum *f* í 4. grein vil eg öldúngis fallast á sama og framsögumaður, og hið sama er að segja um uppástúnguna við víkjandi 7. og 22. grein. Hvað við víkur uppástúngu hins virðuglega þíngmanns Ránguellínga, „að kjörstjórn sè ákveðin: sýslumaður, prófastur og alþíngismaður sýslunnar, eða þá varaþíngmaður, en verði því ekki við komið, kjósi sýslumaður og prófastur 3. manninn“, þá er eg þessari uppástúngu meðmæltur, því eg get ekki sèð, að það sèu mikil vandkvæði fyrir sýslumann, þó slíkt sè lögboðið, og verður hann þá að skrifa til prófasti og alþíngismanni um það, hvort þeir vilji takast kjörstjórn á hendur, en vilji þeir hafa sig undan þegna, stendur honum frítt fyrir að kjósa aptur. Þar sem í 7. grein stendur „kjörstjóri“, þá er það einúngis sýslumaður, en þegar til kosníngа kemur eptir 11. §., er það nauðsynlegt fyrir hann að hafa þessa aðstoðarmenn, og þá fyrst er það kjörstjórn. Hvað því við víkur, er framsögumaður sagði við víkjandi 17. grein, er eg honum öldúngis samdóma; einnig fellst eg á uppástúngu þíngmannsins frá Eyafjarðarsýslu, er hann bar upp við víkjandi 19. §. Þá kemur uppástúnga þíngmannsins frá Strandasýslu, og verð eg við víkjandi henni að vera á máli hins virðuglega framsögumanns; hvað við víkur þeirri uppástúngu hins annars konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar, að úr feldur sè síðasti kafli

20. greinar, þá held eg, þegar kemur til atkvæðagreiðslu, að fyrst ætti að greiða atkvæði um fyrsta kafla uppástúngunnar, „að kosið sè að nýu“; í hinu konúnglega frumvarpi er líka gert ráð fyrir nýum kosníngum, og er það víst ekkert neyðarúrræði, og held eg því væri betur til fallið, að kjósa aptur, heldur en að taka aðra, sem hlotið hafa fá atkvæði. Þar á móti get eg ekki fallizt á uppástúngu nefndarinnar í þessu tilliti, og álít eg henni mikið ábótavant, einkum af þeirri ástæðu, að það væri vel mögulegt og samkvæmt stefnu í öðrum löndum, að skoða alt Ísland sem *eitt* kjördæmi, svo þá yrði að senda allar kjörskrár til Reykjavíkur, og kjósa eptir þeim alla þá, sem hefðu flest atkvæði yfir höfuð að tala: en nú er öðru máli að gegna, þar sem landinu er skipt í mörg kjördæmi, og verður því ekki skoðað sem *eitt* kjördæmi, þá virðist það ósamkvæmt sjálfu sèr, að taka þann til fulltrúa, sem kosinn hefir verið í öðru en sínu kjördæmi. Hvað við víkur uppástúngunni við sömu grein: ef fulltrúi vill hafa sig undan þeginn“, o. s. frv., verð eg líka að vera henni meðmæltur, nema hvað snertir seinasta kaflann, því eg get eingan veginn fallizt á, að sá sè rètt kosinn fulltrúi einhvers kjördæmis, sem ekki hefir hlotið 20 atkvæði. Hvað snertir 15. uppástúnguna, að kjörgeingi væri bundið við ömt, get eg að vísu ekki neitað því, að eg í gær mælti fram með, að hún væri borin fram, og ætti þá að senda kjörskrárnar til amtmanns, en ekki til stiptamtmanns, og hèlt eg þess vegna, að þegar 21. greinin kæmi til undirbúníngsumræðu, þá mætti bera upp þessa uppástúngu, en í sjálfu sèr get eg ekki verið henni meðmæltur, og í því konúnglega frumvarpi, sem á að leggja fyrir þíngið, er líka slept þessu takmarki fyrir kjörgeingi. Hvað við víkur 16. uppástúngunni við 21. grein, þar sem hinn virðuglegi framsögumaður bætti við „af honum“, þá hef eg áður getið þess, að eg vildi, að hún væri úr feld; við víkjandi því, að seinasti kafli 21. greinar ætti að úr fellast, vil eg ítreka, að 21. greinin ætti yfir höfuð að breytast, og mætti í álitsskjali þíngsins skjóta til stjórnarinnar, að laga þetta eptir kríngumstæðum. Hvað fæðispeníngana snertir, væri æskilegt, að þeir yrðu lækkaðir til 2 rbd. 48 sk., og í hinu konúnglega frumvarpi eru þeir enn meira lækkaðir; þó verður því ekki neitað, að margt sýnist mæla með uppástúngu nefndarinnar í þessu tilliti; en hvað við víkur þeirri uppástúngu nefndarinnar, að kjörstjórnin fái laun fyrir störf

sín, samkvæmt því sem til er tekið í opnu brèfi frá 6. júlí 1848, þá held eg þetta vel til fallið.

Haldór Jónsson: Eg verð að fara fáeinum orðum um breytíngaratkvæði það, sem eg við undirbúníngsumræðu þessa máls bar upp við 20. grein frumvarpsins, ekki til að reyna að leiða í ljós, að það sè gallalaust, heldur af því að það snertir það atriði í frumvarpinu, sem einna mest er um varðandi. Við undirbúníngsumræðuna áskildi framsögumaður sèr rètt til að breyta 20. og 21. grein frumvarpsins, svo ekki mótsegði hvað öðru, ef annars breytíngaratkvæði mínu yrði veitt samþykki; en áðan tók eg svo eptir, að hann þæktist ekki mega breyta í 20. grein nema seinasta kaflanum, sem eg einmitt áskildi úr feldan. Galla þann, sem nefndin hefir fundið við breytíngaratkvæði mitt, mun eg þekkja, þó framsögumaður áðan þegði um hann; það mun vera álitið ómögulegt, að það geti samþýðzt seinustu orðunum í 1. kafla 20. greinar: „skal hann rètt kosinn, þar sem hann hefir atkvæðin flest.“ Eg finn það, að það vantar ákvörðun um það, að kjörstjórnin skuli fyrir tiltekinn dag láta þann, sem kosinn er, vita, að hann sè kosinn. Eg skal nú ekki dæma um það, hvort nefndin (eptir því sem framsögumaður áskildi sèr) ekki hafi haft rètt til, eða jafnvel verið skyld til að laga þetta; en þó nú þetta verði að standa, sem komið er, held eg, ef það annars væri viðurkent, að breytíngaratkvæði mitt *í sjálfu sèr* væri til bóta, að það væri eingin skömm fyrir þíngið, að gjöra við álitsskjal sitt til konúngsins þá athugasemd, að sú ósamkvæmni, sem væri í 20. grein, væri til komin af því, að þínginu hefði ekki þókt næg ástæða til að breyta því, sem þó hefði þurft að breyta, af því breytíngaratkvæði hefði ekki verið um það upp borin, og mundi þá þetta verða lagað. En meðölin til að ráða bót á vandkvæðinu eru að minni meiníng tvö: næst finnst mèr það liggja, að sett væru, í stað seinustu orðanna í 1. kafla 20. greinar, þessi orð: „skal hann rètt kosinn *í því kjördæmi, hvaðan honum fyrst er til kynt, að hann sè þar kosinn.*“ Þó hann seinna feingi að vita, að hann væri í öðru kjördæmi kosinn með fleiri atkvæðum, held eg ekki skaða skeðan; þegar hann er orðinn þíngmaður, hvort sem er, virðist mèr ekki lakara, já, jafnvel betra, að hann sè þíngmaður fyrir það kjördæmið, þar sem hann er kosinn með *færri* atkvæðum, því það er þó *líklegt*, að í því, líklega fjölmenna,

kjördæmi, þar sem hann hefir feingið fleiri atkvæði, sè enn völ á betri mönnum, eða þó þeim, er fleiri hafi atkvæði. Annað meðalið er, að til tekinn sè *viss dagur* með hæfilegu millibili frá kosníngardegi, fyrir hvern búið sè að senda til þess manns, sem kosinn kynni vera utan kjördæmis, svo hann þá geti látið vita, hvar hann sè kosinn með flestum atkvæðum; sendimenn mundu geta ætlazt á, að koma rètt fyrir þann til tekna dag; hvort meðalið sem valið væri, gæti það ekki átt sèr stað, sem menn hafa verið að tala um, að sá, sem kosinn væri, þyrfti sjálfur að kosta sendiferðir, eða það, að þegar sent væri til hans úr einu kjördæmi, gæti hann ekki gefið svar, þar hann vissi ekki, nema hann væri kosinn annarstaðar. Eg ætla nú ekki að fara um þetta breytíngaratkvæði fleiri orðum, og ekki um annað í frumvarpinu, nema breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, um að dagpeníngar þíngmanna verði lækkaðir til 15 marka. Á þínginu 1847 kaus eg mèr það vara-atkvæði, að ef þíngmönnum væri fjölgað, þá að dagpeníngar væru lækkaðir til 15 marka; eg verð nú enn að vera á sömu meiníngu og ætla mèr því að aðhyllast breytíngaratkvæði þíngmanns Strandasýslu, og ef það, hvað dagpeníngana snertir, er bundið við þíngtímann, þá vil eg aðhyllast uppástúnguna í frumvarpinu, um borgun til þíngmanna til þíngsins og frá því, svo öll tortryggni um sanngirni ferðakostnaðar-reikníganna verði um flúin.

Th. Gudmundsen: Án þess að vilja leingja þíngræðurnar, verð eg þó að fara fáeinum orðum um þau breytíngaratkvæði, er eg hefi borið upp í þessu máli.

Eg hafði stúngið upp á því, að stafliðnum *f* í 4. grein frumvarpsins yrði breytt, og hann orðaður þannig: „*þeir*, sem eru *heimilisfastir* í kjördæminu, *þegar kosníng fram fer*.“ En eg hefi við umræður við nefndarmenn og aðra þíngmenn síðan sannfærzt um það, að þessi mín tillaga er ekki alls kostar tiltækileg, og að hún fari leingra, heldur en þau frjálsustu kosníngarlög í flestum öðrum löndum. Það er líka með tilliti til þeirra, sem flytja sig búferlum, aðgætandi, að þegar það skeður innan kjördæmisins, missa þeir aldrei kosningarrètt sinn. Aptur gæti þetta einstaka sinnum við borið, þegar flutt væri búferlum úr einu kjördæmi í annað. En eg ætla þó, að þetta mundi ei opt að bera, og að frumvarpsins uppástúnga ætti því að sitja í fyrirrúmi. En á það vil eg þó drepa, að prestarnir

og hreppstjórarnir, sem eiga að semja kjörskrárnar, vita strax eptir nóttina helgu í vetur, hverjar breytíngar verða í sveit þeirra á jarðabyggíngum, og vita einnig flest deili á þeim mönnum, jafnvel utan kjördæmisins, er ætla að flytja sig að jörðunum í næst komandi fardögum, og mundu þeir því optast nær óhult mega setja þá á kjörskrárnar, þótt þeir ekki flytti sig inn í þeirra sveit, fyrr en í fardögum, þar sem kosníngar ekki munu fram fara fyrr en eptir það tímabil, og gæti þá alt þetta lagazt í hendi. Hvað enn fremur snertir þá vísindamenn, er eg hafði fyrir augum mèr, og koma út híngað frá Kaupmannahafnar háskóla, þá hverfa líka flest vandkvæði í tilliti til þeirra, þegar aðgætt er, að fæstir þeirra munu þá hafa náð 30 ára aldrinum, en það ætla eg, að þessi aldur verði, hvað kosníngarrèttinn áhrærir, að ákvarðast lægstur, til þess að óhult sè, að kosníngarnar yfir höfuð fram fari sem bezt og heillavænlegast fyrir þjóðina. Af þessum ástæðum vil eg því aptur kalla breytíngaratkvæði það, sem eg hefi upp borið við 4. grein staflíðinn *f.*

Eg hafði einnig áskilið mèr breytíngaratkvæði við 7. grein frumvarpsins, er nú að því leyti er sett í samband við 22. grein, við víkjandi að prestar og hreppstjórar feingi, hver um sig, 1 rbd. dag hvern, sem þeir störfuðu að kjörskránum, og þar að auki skrifarapenínga eptir reglugjörð frá 10. september 1830, 7. grein. En frá þessu breytíngaratkvæði get eg ómögulega fallið, af því það grundar sig eingaungu á sanngirni. Sèrhver sá, sem vinnur, og hvar sem hann vinnur, og hvað helzt hann vinnur, hefir þó eptir hlutarins eðli heimtu á sanngjörnum launum fyrir vinnu sína. Sá á meiri laun, sem meira vinnur og erviðara, en hinn, sem minna vinnur og minni er vandi á; aptur minni verkamaðurinn er altjent launanna verður, þótt um lítið sè að gjöra, því hann á það hann á, hvort það er mikið eða lítið. Einhver kynni nú kann ske að segja, að það mundi verða óvinsælt hjá þjóðinni og alþýðunni, ef að þíngið fèllist á þessa uppástúngu mína um laun handa prestum og hreppstjórum fyrir að semja kjörskrárnar, en eg verð þó aptur að ítreka, að þessi uppástúnga er sanngjörn, og bæta því við, að þínginu má liggja það í lèttu rúmi, þótt það kynni að verða óvinsælt, sè það *af því,* að það fram fylgir sanngirni og rètti. En sanngjörn og rètt má borgun þessi álítast, þegar aðgætt er, að kjörstjórnin fær endurgoldið starf sitt, og að kjörskrárnar,

er prestarnir og hreppstjórarnir semja', eru partur af og undirhúningur til kjörstjórnarstarfanna, og mestu er hèr dembt á prestana og hreppstjórana, og meiru, en á kjörstjórana sjálfa, sem einúngis sjá um, að kjörskrárnar sèu rètt inn færðar í kjörbækurnar, en safna ekki, eins og prestar og hreppstjórar, öllum upplýsíngum um aldur og aðra hæfilegleika kjósenda og kjörgeingra, þótt þeir eigi að vera fyrir kosníngunum.

Eg verð líka að drepa fátt eitt á breytíngaratkvæði þau, sem tveir þíngmanna hafa fram borið.

Breytíngaratkvæði hins virðuglega 2. konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar, við víkjandi 20. grein nefndarfrumvarpsins í sambandi við 21. grein, virðist mèr lángt um tiltækilegra, en frumvarpið sjálft, og eiga miklu betur við. Yrði því framgeingt, mundu öll þau vandkvæði, sendiferðir fram og aptur og kostnaður, hverfa, sem ættu sèr stað, ef nefndaruppástúngan yrði óbreytt gjörð að lögum, og alt verða beinna og einfaldara, án þess nokkur háski eða tjón hlytist þar af. Eg hika mig því ekki við, nú þegar að láta í ljósi, að eg, þegar til atkvæða kemur, muni eptir minni beztu sannfæríngu gefa þessu breytíngaratkvæði samþykki mitt.

Viðauka-atkvæði hins virðulega þíngmanns frá Dalasýslu við 22. grein frumvarpsins, um að þjóðfundargjörðirnar og allir fæðispeníngar og ferðakostnaðar reikníngar þjóðfundarmannanna skuli birtir á prenti, er í hæsta máta vel til fallið og hið ákjósanlegasta, og sè eg ei betur, en að það eigi þegar í kosníngarlögunum að takast fram, jafnvel þó mig minni, að hinn virðulegi framsögumaður í dag hafi farið því á flot, að þess konar ákvörðun ætti ei heima á þessum stað. Mèr þykir það þó undarlegt, ef gjörðir þjóðfundarins og alt honum við komandi ei verða auglýstar á prenti, þar sem þetta þó hefir átt og á sèr stað með alþíngi, og þækti mèr þá heldur en ekki stínga í stúf, ef það alt væri hulið myrkri, sem fram fer á þjóðfundinum. Eg fyrir mitt leyti óska eptir, að alt, sem snertir hið opinbera, verði opinberlega kunnugt, og að ekki verði farið í neina launkofa með það; því mun eg með atkvæði mínu styðja þessa uppástúngu.

H. G. Thordersen: Eg veit ekki, hvort þörf er á, að eg minnist nokkuð á breytíngar-atkvæði mitt á þá leið, að ei verði kosinn nema 1 fulltrúi fyrir Vestmannaeyar, en 3 fyrir

Árnessýslu; hygg eg, að öllum sèu í minni ástæðurnar fyrir því, sem af herra stiptamtmanni svo greinilega voru teknar fram, og sem eg því ekki vil hafa upp aptur, og aldrei getur mèr virzt það öðruvísi en undarlegt og einstaklegt, að velja 2 fulltrúa fyrir það hèrað, sem, að því er eg man, ei hefir nema liðugt 300 innbúa. Eg get því ei tekið aptur þetta breytingaratkvæði, og það því síður, sem eg nú heyri, að hið kgl. frumvarpið muni fara þessu sama fram. Annað breytingaratkvæði bar eg líka upp, um að binda kjörgeingi við sèrhvert amt landsins, og er þinginu kunnugt, hvað mèr gekk til þess: það kom ekki af því, að mèr þækti svo betur fara í sjálfu sèr, miklu fremur vildi eg, að kosníngar mættu verða sem frjálsastar yfir land alt, en mèr gekk það til, ef uppástúnga þessi kynni að geta greidt úr þeim vandkvæðum, sem þóktu vera á nefndarálitinu í þessu efni. Ef nú þingið finnur önnur betri ráð til að leysa úr vandkvæðunum, þá er eg fús að falla frá þessu breytingaratkvæði, en af því eg hefi ekki enn þá komizt að raun um það, þori eg ekki að sleppa því að svo stöddu.

Framsögumaður: Eg hef einúngis fáum athugasemdum við að bæta um breytingaratkvæðin í málinu. Þar sem herra stiptamtaðurinn enn þá heldur studdi breytingaratkvæði hins háæruverðuga konúngkjörna þingmanns, að 1 verði fulltrúi fyrir Vestmanneyar og 3 fyrir Árnessýslu, og bætti því við til frekari styrkíngar, að svo væri stúngið upp á í hinu nýa frumvarpi stjórnarinnar, þá get eg fyrir mitt leyti ekki, og, að eg held, þingið ekki fremur fyrir það fundið ástæðu til að fallast á þessa breytíngu; því við vitum ekki enn, hvort hið konúnglega frumvarp geingur út frá hinni sömu aðalskoðun. Eg ætla það öllum ljóst, að samkvæmt þessari aðalskoðun, að ekki sè í rauninni kosið fyrir eitt einstakt kjördæmi ut af fyrir sig, heldur fyrir alt landið, leiði það eðlilega, að ekki eigi að fara eptir fólksfjöldanum.

Herra stiptamtmaðurinn hlynti að breytíngaratkvæði þíngmanns Rángvellinga við 10. grein; en samt get eg ekki enn þá vikið frá þeirri skoðun, að þó kjörstjórinn vafalaust optast nær taki prófast og alþíngismann sýslunnar sèr til aðstoðarmanna á kjörfundinum, þá sè þó ekki rètt að ákveða þetta með lögum, eins og breytíngaratkvæðið er orðað; því svo getur þó á staðið, að kjörstjóranum væri það næsta óþægilegt, ef einhver prófastur eða alþíngismaður ekki væri fær til þessa

starfa, að neyðast þá annaðhvort til að taka þá sèr til aðstoðar, eður að öðrum kosti gjöra það þjóðkunnugt, að hann áliti þetta starf þeim of vaxið. Það mætti jafnvel krefja kjörstjórann til reiknings fyrir það, að hann hefði geingið fram hjá þeim, og varla gæti hann komizt hjá ónotum og óvild frá þeirra hálfu, og það má ske því fremur, sem þeir væri síður færir til þess starfa. Orðatiltækið: „þar sem því verður *við komið*“, er svo óheppilega valið; eg kalla því verði *við komið*, ef þeir eru á lífi; væri það orðað svo, að þetta væri *tilætlun* lögjafans, þá hefði eg ekkert á móti því.

Stiptamtmaðurinn mælti á marga vegu með breytíngaratkvæði hins annars konúngskjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar við 20. grein, og af því að þetta breytíngaratkvæði fær flest meðmæli á þínginu, en verður fyrir mestum mótmælum af nefndarmönnum, ætla eg helzt, að snúa mèr að því. Stiptamtmaðurinn fann þó þann annmarka á breytíngaratkvæði þessu, að ekki væri þægilegt, ef ekki yrði komið við nýrri kosníngu, að fá einhvern þann fyrir fulltrúa, er kosinn væri með sárfáum atkvæðum; en eg ætla þetta geti líka orðið þjóðfundinum og landinu til minkunar. Þegar kosníngar eru svo almennar, getur það auðveldlega átt sèr stað, að einstaka maður gefi atkvæði sitt af tómum glettum, og er það enda ekki dæmalaust hèr á þíngi, þegar kosið er í nefndir. Gæti nú þar að rekið, að einhver sá yrði fulltrúi, sem af slíkri rót fèkk atkvæði tveggja eða þriggja kjósenda, þá þækti mèr betra, að einn fulltrúa vantaði, eins og að gæti borið eptir uppástúngu nefndarinnar. Þar sem stiptamtmaðurinn segir, að koma megi við nýrri kosníngu, þá getur það verið, en optast mun þó út af því bera að þessu sinni, þó fylgt væri breytingaratkvæðinu, því ekkert mun til þess ráðrúm yfir höfuð að tala.

Eitt var það, er herra stiptamtmaðurinn mælti, sem mèr fèll einkar vel í geð; en það var það, að vel ætti við þenna aðalfund, ef menn gætu komið saman úr öllu landinu á eitt kjörþíng. Þetta var einmitt, og er skoðun nefndarinnar; en því er þá ekki stúngið upp á einu kjörþíngi fyrrir alt land? Af því það er ekki mögulegt, og því binda menn sig við kjördæmin, þó ekki sè, þegar rètt er álitið, kosið fyrir einstakt kjördæmi. Þegar menn hafa þetta fyrir augum, sjá menn það, að ekki er neinhætta búin, þó eitt kjördæmið fái fulltrúa úr öðru, ef hann er kosinn þar með mörgum atkvæðum, og allir verða að

játa, að betra sè að fá fulltrúa kosinn með 20 atkvæðum eður fleiri, sem augljóslega sýnir traust heilmargra kjósenda, heldur en annan með 2 eða 3 atkvæðum, er sprottin væru af glettu einni eður öðrum verri rótum. Þessi skoðun vakti fyrir nefndinni, og því ákvað hún, að þeir, sem flest hefðu atkvæði yfir land alt, væru rètt kjörnir þjóðfundarmenn, og því vildi hún, að stiptamtmaðurinn með aðstoðarmönnum sínum leysti úr því eptir kjörskránum, hvar fulltrúa yrði vant, ef ekki væri kosið innan hèraðs, og hvaðan kæmi fulltrúar í skarðið, þeir er kosnir væru með atkvæðafjölda annarstaðar. Nefndin sá að vísu þær sendiferðir og þá annmarka, sem af þessu gæti leidt; en henni skilst með eingu móti, að umsvifin og vankvæðin verði í neinu tilliti minni, heldur miklu meiri, ef kjörstjórnin sjálf á að gjöra gángskör að komast fyrir um fulltrúa, hvort þeir geti eður vilji undir gángast kosningar.

Í 11. gr. er sagt, að kosníngar skuli fram fara um alt land á einum degi; kosníngadagur og fundardagur verða auglýstir fyrir fram, og þá vita menn, hve nær kosníngum er lokið um alt land; væri þá hægt að haga póstgaungum svo, að sami maður flytti í einu nafnaskrárnar frá mörgum kjördæmum; en ætti að senda þær hinseginn, þá yrði það miklu kostnaðarmeira og umsvifameira; því fleiri sem sendimenn eru, því fleiri tálmanir geta komið fyrir, en póstar eru optast duglegir og fljótir erindsrekar. Eg ætla því enn sem fyrri, að umsvifin verði miklu minni með því mótinu, sem í frumvarpinu er stúngið upp á, og vissan fyrir, að koma í kríng sem fyrst auglýsíngum til fulltrúaefna, og að fá svör þeirra, miklu meiri á þenna hátt.

En nú er að líta á ástæður þær, er sjálfur uppástúngumaður tók fram áðan fyrir breytíngaratkvæði sínu; hann sagði fyrst, að ef breyta mætti 1. kaflanum í 20. gr., þá hvyrfi mörg þau vankvæði, sem nefndin fyndi á uppástúngu sinni. Nú vel, lítum þá fyrst á þetta, og sjáum hvernig færi! Ef þá mætti breyta 1. kaflanum, fèlli það jafnframt um sjálft sig, að sá gæti orðið fulltrúi, sem hefði atkvæðin flest, og hvað er þó eðlilegra en þetta í kosníngarlögum; þar ætti þá að komast inn í strax breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norðurmúlasýslu, og sá, sem fyrst feingi vissu um kosníngu sína, en ekki hinn, sem væri kosinn með flestum atkvæðum, yrði þá skyldaður til að vera fulltrúi. En hver á nú að sanna, að

hann hafi feingið vissuna fyrst úr þessu kjördæminu, og ekki úr hinu? Rekur ekki þar að ákvörðun, sem verður öldúngis þýðíngarlaus, sem óvinníngur verður að gegna og sem veldur margföldum ágreiníngi? Þar til er gjört ráð fyrir, að breytt sè fyrsta kaflanum, en hvorki hefir uppástúngumaður, nè neinn annar, borið upp um það neitt breytíngaratkvæði; því þó eg áskildi mèr, að breyta 20. gr. og 21. gr. samkvæmt þessari breytíngaruppástúngu, ef hún yrði aðhyllzt, þá gat eg aldrei meint til frekari breytíngar, en beinlínis var farið fram í uppástúngunni, ekki fremur við þessar greinir, en frumvarpið alt yfir höfuð; mèr gat ekki komið til hugar, og eg átti eingan rètt á því, að fara breytíngu fram á þeim ákvörðunum, sem bæði uppástúngumaður og allir aðrir álitu sjálfsagt að ætti að vera óbreyttar, en svo var um fyrsta kaflann 20. gr.; því í uppástúngunni segir með berum orðum: *„að niðurlag 20. gr.* þ. e. 3. kaflinn, breytist þannig“, o. s. frv. Eg álít það annars vegar vafalausa skyldu þess, sem ber upp breytíngaratkvæði, einkum svona við frumvörp í greinunum, bæði að hann hafi sèð fram á það sjálfur, hvaða afleiðíngar það hefir á hinar aðrar ákvarðanir, sem ekki hefir verið beðizt breytíngar á, og eins hitt, að hann sýni það öðrum, sem hann vill sannfæra, og ætlast til, að þeir gefi því atkvæði sín; ef uppástúngumaður gjörir það ekki, þá fer honum eins og skraddara þeim, sem segir öðrum frá, að hann hafi til búið fallegt fat og vel sniðið, en sýnir það ekki og lofar ekki að bera saman, hvernig það á við hin fötin; nú ef einhver er svo einfaldur, að kaupa slíkt fat, er ekkert líkara, en að hann komizt að raun um, að hann hafi trúað um of orðum skraddarans, ef hann þannig hefir keypt ósèðan hlut, að fatið hvorki fari vel sjálft, og að það því síður eigi við hin fötin, og sèr hann þá, en helzt til um seinan, að hann hefir keypt, „köttinn í sekkinum“, sem menn segja, og ætla eg að svo muni öllum þeim fara, sem gefa þessari uppástúngu atkvæði sín. En eg get sagt enu heiðraða þíngi frá, hvernig þessi uppástúnga er sniðin, og hvað vel hún á við hitt annað, bæði í frumvarpinu og við 20. greinina að framan, því nefndin fór í dag að laga og ummynda báðar greinarnar (20. og 21.) eptir henni, til þess að um þær yrði greidd atkvæði á þenna veg, ef uppástúngan sjálf yrði aðhyllzt. Fyrsti kaflinn í 20. gr. er óbreyttur, þá ætti strax að koma inn í hana breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norð-

urmúlasýslu, ef á það væri fallizt; þá kæmi þar næst 3. klausa 20. greinar.

Haldór Jónssón: Mitt breytingaratkvæði fór fram á, að fella 3. kaflann úr, en setja í staðinn, eptir uppástúngunni.

Framsögumaður: Já, eg veit það; en þarna á að koma 3. kafli 20. greinar, eins og uppástúngumaður vill breyta honum. Þá 2. kafli 20. greinar, eins og hann er í frumvarpinu, að úr feldu orðinu: „þannig". Úr 21. gr. ætti síðan að fella burtu allar þær ákvarðanir, sem hníga að afskiptum stiptamtmannsins, og þegar svona er breytt 20. gr., en eg ætla henni verði ekki betur breytt á annan veg samkvæmt uppástúngunni, þá má öllum verða ljóst, hygg eg,, að ákvarðanirnar í henni reka sig hver á aðra og eru í sjálfum sèr sundurþykkar; það yrði að hverfa, að sá, sem hefir hlotið flest atkvæði, yrði fulltrúi, þegar sá, sem *fyrst* feingi vissu um kosníngu sína, ætti að verða það; rekistefna yrði um það, hvaðan fulltrúaefni feingi *fyrst* vissuna; en aptur, ef hann ætti aptur að haga sèr eptir 1. kaflanum í 20. gr., og þó senda kjörstjórum vissu um, hvort hann þæði kosníngu; þá yrði sendimenn annaðhvort að bíða hjá honum leingri tíma, svo að kann gæti verið búinn að fá vísbendíngu úr hinum kjördæmunum, áður hann gæfi annsvar, eða hann yrði að lokum að senda til allra kjörstjóranna, þar sem hann væri kosinn, á kostnað sjálfs sín.

Svona virðist liggi beint við að verði vankvæði þau, er leiði af þessu breytíngaratkvæði. Sannarlega! nefndin hefði fúslega fallizt á það, hefði hún getað, hefði henni ekki fundizt það svo mörgum og augljósum annmörkum bundið.

Af hinum öðrum athugasemdum, sem hreift hefir verið, er nú einúngis eptir að minnast fátt eitt á breytíngaratkvæðið um, að kjörgeingi sè bundið við ömtin. Hefir herra stiptamtmaðurinn sjálfur sýnt fram á, að það reki sig á ákvörðunina í 21. gr. um afskipti stiptamtmanns, fyrst ekki hafi verið stúngið upp á, að breyta þeirri grein samkvæmt sjálfri uppástúngunni, og ætla eg þenna annmarka nógan til að fella uppástúngu þessa, en eg hefi áður sýnt fram á, hve miður hún eigi við að öðru leyti.

Guttormur Vigfússon: Eg vil að eins með fáum orðum vara hinn heiðraða framsögumann við, að hann mishermdi orðin eptir hinum velæruverðuga þíngmanni, er síðast mælti, þá er hann tjáði hann hafa sagt, að einn væri rètt kosinn, þar sem

hann væri fyrst kosinn, í stað þess að þingmaðurinn talaði orðum á þann veg, að einn væri rètt kosinn í því kjördæmi, sem fyrst til kynnir honum, að hann sè þar kosinn, og með því að kosníngar, eptir sem ráðgjört er, eiga að fram fara allstaðar sama dag, sýnist mèr, að breytíngaratkvæðið hefði getað átt vel við, ef nefndin hefði viljað laga 20. greinina í frumvarpinu eptir því, eins og mèr skildist nefndin fara góðum orðum um við undirbúníngsumræðuna; ef þessari reglu hefði verið fylgt, hefðu kjósendur að líkindum keppzt um að gjöra hinn kosna sem allra fyrst varan við kosníngunni, svo þeir mistu ei af honum. Eptir að einn hefði tekið á móti kosníngum af þeim, sem fyrst hafði til kynt honum þær, gat hann ei tekið á móti þeim annarstaðar frá, og mundu því kjördæmin, sem þannig mist hefðu af honum, bráðum fá að vita það, fyrir hverjum þá beinast lægi, að kjósa að nýu; eg vil annars því síður leingja umræður um þetta, sem það er margrædt og atkvæðin bráðum skera úr.

Guðmundur Brandsson: Eg vildi nú með sem fæstum orðum leingja þingræðurnar í þessu máli, en einúngis minnast á fá atriði því við víkjandi. Þingmönnum er það kunnugt, að eg við undirbúníngsumræðu þess lèt í ljósi meiníngu mína um Vestmanneyamenn og hluttekt þeirra í kosníngum eptirleiðis. Eg get nú í rauninni ekki breytt þeirri skoðun minni, að við kosníngarnar ætti fremur að vera litið til fólksfjölda, en afmarkaðra bygðarlaga, því þar sem allir fulltrúarnir eiga að vera í samvinnu við sama verk, sem eins kemur við hverjum einstökum, sem þjóðinni yfir höfuð, þá þarf ekki að óttast fyrir, að bygðarlög úti lykist frá almennum rèttindum, enda þó þau sèu afskekt, en af því þingmenn hafa nú ljóslega sýnt annmarka þá, sem standa í vegi fyrir því, að stefna þessi verði tekin, þá er eg eingan veginn að berjast svo fastlega fyrir þessari meiníngu minni, að eg vilji í eingu undan láta, þegar eg sè, að þessari aðferð verður ekki komið við vegna ruglíngs þess, er það valda kynni um land alt, þar sem kjördæmin eru svo misjöfn að innbúa tölu.

Hvað 30 ára aldrinum við víkar, sem kosníngarrètturinn á að vera bundinn við, þá hef eg áður látið í ljósi meiníngu mína um það efni, og er hún enn hin sama, sem hún var þá; því eins og nú á stendur, get eg ekki óskað eptir honum óbundnari, og er svo nægilega búið að sýna og sanna, við hvað

þessi uppástúnga styðst, að mèr þykja líkindi til, að hún vinni meðhald flestra þíngmanna, þegar til atkvæða er geingið. Við megum því heldur vera ánægðir með þettað, sem við höfum heyrt, að aðrar þjóðir, svo menn til vissu, hefðu ei rètt þennan frjálsari, að Frökkum einum undan skildum, enda megum vèr ætla, að þeir muni vera býsna lángt á undan okkur, og þó lítur svo út, sem þeir sèu ekki búnir að koma öllu í sem bezt lag hjá sèr enn, eða viti með vissu eigin vilja sinn, sem sagður er nokkuð hvarflandi og ósamkvæmur sjálfum sèr.

Við víkjandi 10. grein frumvarpsins, sem nú er umræðuefni, hefir verið borið upp breytíngar-atkvæði á þá leið, að prófastur og alþíngismaður í sýslu hverri skuli jafnan vera aðstoðarmenn kjörstjórans. Eg sè nú ekki, að þessi uppástúnga breyti til betra, því þegar að er gætt, virðist mèr sýslumönnum vera trúað af stjórninni fyrir sumu því, sem má ske sýnist ekki minna vert, en þettað, svo sem, til að mynda, að vernda rèttindi manna, sjá um, að þeim verði hegnt, sem það verðskulda, en hinum umbunað, sem eru þess maklegir; þar sem um eignir er að gjöra, eru þeir að miklu leyti ráðsmenn hinna ómyndugu, og verða að tala máli málleysíngjanna, og hinna annara, sem af ýmsum öðrum orsökum ekki geta komið fyrir sig orði; þegar varmennskan treður sannleikann undir fætur sèr, er þeim falið á hendur að halda allar þær rannsóknir, sem nauðsynlegar virðast, til þess hann leiðist í ljós, og það svo, að þeir hafi vald til að skipa hlutaðeigendum að sanna sögu sína í nafni hins hæsta og hafa hann að vitni framburðar síns; þegar menn í hèruðum eru valdir til að sefa miskliðir og miðla málum manna í milli, hafa sýslumenn þar til mestan aðkvæðisrètt, og eins þar sem menn eru settir til að hafa afskipti helztu á fátækramálefnum í sveit hverri, og öðru því er viðkemur góðu skipulagi. Skyldi nú ekki þessum mönnum vera eins vel trúandi fyrir að velja sèr menn til aðstoðar við uppskriptir á nöfnum og atkvæðum þeirra manna, sem kosníngarrètt og kjörgeingi hafa? Skyldi þeim ekki hugfast mikilvægi ætlunarverks þeirra? og skyldu þeir ekki einna bezt þekkja til í hverju kjördæmi, sem þeim er trúað fyrir, að velja hentugustu mennina til þessa starfa? Eru menn vissir um, að prófastar og alþíngismenn sèu allstaðar betur valdir, en einhverjir aðrir? Eg fyrir mitt leyti held, að bæði þessar kosníngar og aðrar verði aldrei svo vel vandaðar, að þær geti ekki

mistekizt; en eg er líka sá trúmaður, að bæði sýslumenn og aðrir vinni að þeim eptir beztu sannfæríngu og hafi jafnan fyrir augum heillir föðurlandsins, og einnig, að þeir að nokkru leyti takmarki sig við tiltrú þá, sem þeim er veitt.

Það hefir verið borið hèr upp breytíngar eða viðauka-aðkvæði, sem fer fram á, að hreppstjórar og prestar fái borgun fyrir uppskriptir nafnaskránna, og hefir þettað mætt nokkrum mótmælum, sem einkum hafa átt að vera bygð á þeirri ástæðu, ef ástæðu skyldi kalla, að þeir hefðu (hreppstjórarnir sum sè) unnið launalaust að mestu leyti hingað til, og væru því ekki góðu vanir, mundu þess vegna ekki kippa sèr upp við, þó þeir yrðu að gjöra þettað án endurgjalds. Eg vil nú spyrja: er það sanngjarnt, að synja þeim rèttar síns, sem eiga fulla heimtíng hans, einúngis af þeim orsökum, að þeir hafi svo leingi án hans verið, og væri orðnir því vanir? Breytíngaratkvæði því, sem fór fram á, að sýslumenn feingju borgun fyrir að rita kjörskrárnar, var hèr þó vel tekið, eins og mèr fannst líka vera skylt; en því undarlegra virðist mèr, að þeir, sem eru aðstoðarmenn sýslumanna í verki þessu, prestarnir og hreppstjórarnir, skuli einga hlutdeild fá í þeirra rèttindum þessu við komandi, þar sem þeir þó hafa hlutdeild í þeirra skyldum. Það hefir nokkrum sinnum á þíngi þessu verið talað um, að prestarnir hefðu við bág kjör að búa; þó er nú ekki á að sjá, að svo sè; það er, eins og sú mikla endurbót á kjörum þeirra og hreppstjóranna eigi að hvolfast yfir þá alt í einu. Það er undarlegt, að mèr virðist skoðun sumra manna vera á þá leið, að allar byggíngar eigi að byrja efst og stíga svo niður smátt og smátt, og þó sýnist mèr að öll hin jarðneska tilvera bendi einmitt á það gagnstæða. Mèr þækti nú mjög undarlegt, ef að hreppstjórar þeir, sem hèr eru á þessu þíngi, yrðu mótfallnir hinni áminnztu uppástúngu, jafnvel þó hún geti ekki heitið nein veruleg umbót á kjörum þeirra, sem ekki er heldur að vænta að þessu sinni. Mèr þæktu líkindi til, að þeir vildu ekki spilla fyrir stèttarbræðrum sínum, sem margir munu vera fátækari, en þeir, sem nú eru hèr af þeirra flokki, hverra hluttekt í þíngi þessu er bundin við talsverðan fjárstofn.

Þess hefir verið getið til, að alþýðu mundi geðjast illa, ef prestar og hreppstjórar feingju hina áminnztu borgun, en eg er nú öldúngis á gagnstæðri meiníngu um það, því eg hef heyrt margan alþýðumann játa, að hreppstjórum væri órèttur

gjörður, með því að láta þá gegna þess konar störfum, er staða þeirra út heimtir, án þess þeir feingju þar fyrir nokkurt verulegt endurgjald. En hver sem nú verða afdrif uppástúngu þessarar, þá er eg viss um, að höfundur hennar ber með sèr hèðan af þinginu þá meðvitund, sem er honum næg umbun fyrir viðleitni sína að fá henni framgeingt.

Jón Jónsson: Hefði verið búið að vekja hjá mèr þá athugasemd, sem herra stiptamtmaðurinn áðan hreifði, og færa rök að henni á þann hátt, að aldurstíminn frá 25 árum til 30 ára væri sá kafli í hinu mannlega lífi, á hverjum hættast væri við að menn alment gjörðu sig eptir tiltölu optast seka í ýmislegum lagabrotum og misgjörníngum, munda eg líklega hafa hikað mèr við að bera upp breytíngaratkvæðið, um að 25 ára aldur skyldi hið neðsta takmark aldursins fyrir kosníngarrètti. En þessi athugasemd var þá hvorki vakin og hefir heldur enn nú ekki sannfært mig að fullu, því þó hún í veru sinni kunni að vera mikils verð, og styðjast við reynslu í sumum löndum, þá er ekki víst, að svo sè hèr ástadt. Líka var nú hèr einúngis bent á aldurinn frá 18 til 30 ára; þessi lífskafli, ef hann eiginlega ætti að upplýsa sjálft umtalsefnið, þyrfti að skoðast í tvennu lagi, nefnilega árin frá 18 til 25 út af fyrir sig, og eru þau 7, og aptur árin frá 25 til 30, sem eru að eins 5. Þó það nú kynni eiga sèr stað, að á þessum 12 árum til samans teknum væri breyskleiki manna mestur, er ekki sèð fyrir endann á því, hvort það er á hinum fyrri 7 árum, eður hinum síðari 5 árum kafla þessa, sem mest er hætta búin mannlegri ráðvendni. En yrði sèð fram á, að árin frá 25 til 30, borin saman við árin frá 30 til 35, eða 35 til 40, væru hin hættulegustu, er öðru máli að gegna, og þó þessi reynsla kynni annarstaðar að eiga sèr stað, get eg varla haldið hún muni ná til hèr í landi. Það er hèr að auki ljóst, að þó það sè sá flokkur ýngri manna í landinu, sem er frá 25 til 30 ára, sem eg held með að frelsi eigi að hafa til kosníngа, er það undir öllum þeim almennu skilyrðum um ásigkomulag, mannorð, ráðvendni, fríheit og lagabrot, sem dæmd hafa verið, og stafliðirnir *a, c, d, e, g* í kosníngarlaga frumvarpinu út heimta, takast því með þessum hætti allir af þessum flokki, sem hefðu gjört sig seka í einhverri þess slags yfirsjón, undan hluttekníngu í kosníngum, eins og aðrir. Eg hef því enn nú ekki getað fullkomlega sannfærzt um af þessum ástæðum, að hætta sè búin af frelsi því, sem

25 til 30 ára gamlir menn gætu feingið til kosninga; og þó nú þessi rèttindi væru borin saman við rèttindi Dana, þar sem að eins 30 ára gamlir menn mega kjósa, held eg sè óliku saman að jafna, þegar yfir höfuð er litið á fólksfjölda, siðferði og almennings upplýsingu hèr á landi og í Danmörku, og jafnvel eptir tiltölu og kringumstæðum meir þraungað hèr að með 25, en þar með 30 ára aldrinum, og þetta held eg stjórnin mundi sjálf sjá að ekki væri ráðlegt að takmarka frelsi manna sömu takmörkum hèr, eins og kynni vera nauðsynlegt þar. Því t. a. m. þegar til ríkisfundar Dana var kosinn að eins 1 maður fyrir hver 12000, en vèr vonumst eptir og ætlum að biðja um yfir 40 menn eður 1 af 1 til 1½ þúsunds af þjóð vorri til þjóðfundar vors, sem að því leyti Íslands sèrlega ástand snertir, á þó að hafa sama eða líkan tilgáng og ríkisdagur Dana; sjá menn þá af því, hvað nauðsynlegt er, að öðruvísi sè takmarkað frelsi vort, en Dana, til þess vèr þó höfum jafnrètti með þeim, svo sín takmörkun verður að eiga við hvern hluta ríkisins, sèr í lagi þetta sèrstaklega land vort.

Þegar hèr að auki er að gætt, að á þeim eina, nú um lángan aldur sannkallaða þjóðfundi í landinu við Öxará þann 28. f. m., og hvar vænta má, að úrval þjóðarinnar hafi verið saman komið til að fram bera sameiginlegar óskir sínar fyrir alþingið, var í bænarskrá til þingsins beðið um aldurs takmörkun þessa við 25 ár, þá er það þó ætlandi, að þjóðflokkur þessi hafi ekki síður en þingið þekt bæði sjálfan sig og þjóð sína og ekki álitið þessa takmörkun ísjárverða. Mèr virðist því það þurfa að vera gildar ástæður fyrir þingið, að neita þjóðinni, auk annars, um þessa beiðni hennar, og af því eg hefi heyrt margra þingmanna mótbárur reistar móti þessu, get eg einúngis fallið frá kröfu minni um, að atkvæðið sè borið upp við þingið, en jafnsannfærður er eg eptir sem áður um rèttindi og ósaknæmi, sem það hefir við að styðjast.

Þ. Sivertsen: Það heitir varla, að eg hafi um málefni þetta tekið til orða enn þá, og eg skyldi nú heldur ekki hafa staðið upp, væri það ekki vegna reglu þeirrar, að láta vita, hvernig eg greiði atkvæðin, sem eg ætla að þjóðin hafi heimtíng á af þingmönnum. Umræður máls þessa eru orðnar svo lángar, að eg hvorki vil leingja þær mikið og heldur ekki get bætt neinu við, sem ekki er hreift við áður. Atkvæði mitt gef eg á þá leið, að sem minnst sè vikið frá nefndar-uppástúng-

unni; mèr þykja færstar breytíngarnar af því verði, að vert sè þeirra vegna að styðja að því, að atkvæðin verði mjög á sundrúngu, hvar við málefninu getur, ef til vill, orðið meira eða minna spilt. Sú breytíngin frá nefndar-uppástúngunni, sem hefir feingið flestu meðmælin, hún er um aldurs takmörkin kjósenda, en eingu að síður ætla eg að veita því atkvæði, að þau sèu bundin við 30 ár, og hefði slíkt ekki verið kallað band fyrir fáum árum síðan; ástæður fyrir því, að þessi takmörkun sè betri og viðtökulegri, en hún kann í fyrsta áliti að virðast, hefir nefndin, framsögumaður, og fleiri, fært svo greinilegar, að eg ætla menn verði að játa þær sannar; það er líka aðgætandi, eins og hinn virðulegi þíngmaður, er seinast mælti, drap á, að ef við færum að biðja um 25 ára aldurs takmörkun kjósenda, svo beiddum við um meira en jafnrètti við Dani; því höfum við þó ekki farið á flot, enn sem komið er, og hefir okkur þó ekki með jafnaði verið borið það, að við beiddum um of lítið, hitt hefir fremur heyrzt, að við færum fram á heldur mikið; og þó svo færi nú, að stjórnin, að bón vorri, veitti þessi rýmri takmörkin, hvar við kosníngarnar, að minni ætlan, hlytu að verða ótryggari, óttast eg mikið fyrir, að í stað þess kynnu verða lögð einhver þau bönd önnur, sem okkur þæktu hálfu verri, og held eg betra, að fara ekki fram á slíkt. En það er þó ein uppástúnga nefndarinnar, sem eg ekki get felt mig við; eg lèt ráða í það um daginn, og hvernig sem eg velti því fyrir mèr, getur mèr ekki skilizt það, að hún eigi sem bezt við; það getur verið slíkt komi af misskilníngi, en það verður þá hverjum að fylgja, sem fast er við hann; eg meina uppástúngurnar í 20. og 21. greininni, að því leyti sem þær snerta fulltrúa útnefníngu þá, er stiptamtmanni er ætluð; mèr finnst það vera einhvern veginn óþjóðleg og ófrjáls tilhögun, er sè þeim umsvifum bundin, sem ekki sèu meðfærileg, og virðist mèr herra stiptamtmaðurinn hafi líka ljóslega tekið það fram, svo eg gef ekki um að leingja fremur ræður um það. Eitt er, sem eg man ekki hvort hefir verið hreift við, og það er, í hið minnsta finnst mèr svo, sem allir þeir, er mæla á móti breytíngu þessara greina frumvarpsins, byggi skoðun sína á því, að einginn fulltrúi nokkru sinni megi nè geti skorað sig undan valinu, en þeirri skoðun get eg ekki samsint; því eg held, að ýmislegar hindranir, dauðinn sjálfur, og jafnvel viljaleysið, að taka á móti valinu, muni eins verða til hèr eptir, eins og það hefir

verið hingað til, og ekki hverfa með öllu; það væri líka, að ætlan minni, með öllu óheyrt band á frjálsræði manna, sem eg veit fyrir víst að stjórnin þó aldrei leggur á, ef að hver valinn fulltrúi ætti að vera skyldugur til að taka á móti valinu, hvernig helzt sem á stæði; væri nú þessi mín skoðun rètt, þá held eg hverjum utan hèraðs kjörnum fulltrúa væri leyfilegt að taka á móti valinu, án þess að bíða eptir vissu um það, hvort hann hefði hlotið fleiri atkvæði einhverstaðar um alt land, hverja hann, ef til vildi, seint feingi og kann ske ekki, fyrri en laungu eptir lok þjóðfundarins, eptir nefndar-uppástúngunnar tilhögun, og fylgdi þá af þessu, að hann *gæti* ekki tekið móti vali annarstaðar, þó fleiri væru þar atkvæðin, svo hann ekki brigðaði loforð sitt, gefið þeim, sem fyrri beiddi. Líka hefir því verið spáð, að nýum völum ekki mundi verða komið við; en þær spár óttast eg ekki, því eg held það muni mjög óvíða, og, ef til vill, hvergi þurfa á þeim að halda, og þó þess þyrfti, mundi það verða hægðar leikur, og vissulega hægri, en öll umsvif þau, er nefndin í þess stað fer fram á. Því sem hreift er, að svo geti farið, eptir breytíngar uppástúngunni frá nefndarinnar, að sá verði fulltrúi, sem hlotið hafi fáein atkvæði, er kjósendur hafi gefið hönum í *spaugi,* veit eg ekki hvort á að svara; mig furðar nokkrum detti slíkt í hug; eg fyrir mitt leyti get eingan veginn ætlað það nokkrum þrítugum landa minna, að þeir lítilsvirði svo þjóðfund þenna, sem ræða á það mest um varðandi málefni þjóðarinnar, eða hafi svo gjörspilta tilfinníngu fyrir sóma og gagni fósturjarðar sinnar, að þeir kjósi fulltrúa í hæðnis og spottskyni; eg á það víst, að einginn kýs öðruvísi, en fullur alvöru og áhuga um það, að kjósa eptir bezta viti sínu og sannfæríngu, þann sem gagnlegastur verði. Eg verð því að veita mitt atkvæði breytíngar-uppástúngu ens annars konúngkjörna þíngmanns, eg gjöri það eptir minni sannfæríngu, og munu þeir ekki lá mèr það, sem eru fastir við sína. Um viðauka-atkvæði mitt skal eg ekki fara orðum, hinn konúngkjörni varaþíngmaður tók af mèr ómak; en undarlegt þækti mèr það, ef menn ekki skyldu girnast prentun á ræðum enna útvöldu á síðan, þegar menn þykjast þó ekki mega missa eitt orð alþíngismanna.

Eyólfur Einarsson: Eg stend nú einasta upp til að láta þíngmenn vita, að af ástæðum þeim, sem færðar eru til af þeim, að frá 25 árum til 30 sèu menn að rèttu úti lokaðir frá

kosníngarrètti, hefi eg einga sannfæríng feingið; eru ástæður mínar að öllu óhraktar; því þó 30 ára aldurinn sè takmark það, sem við er miðað í Danmörku og víðar, sannar ekkert móti mèr. Eg hefi heyrt því hreift hèr á þinginu, að á tímabilinu frá 25 til 30 muni mönnum fremur hætt við yfirsjónum og athugaleysi, en eptir þrítugs-aldur; því held eg nægilega hrundið af þingmanninum úr Suðurþingeyarsýslu, sem áðan mælti, er eg sannfærður um, að þingmenn geta ei sannað það; það er eptirtekt mín á seinni árum, að árin frá 18 til 25 sè það tímabil, sem úngir menn sèu mest hvarflandi og, sem menn kalla, milli vita. Það er eitt fram fært, að takmörkun þessi sè til að tryggja kosníngar; það getur verið, að svo sè, en eg vil spyrja: mun ei eins áríðandi að tryggja prestsembættið? Þó mega prestaefni vígjast 25 ára. Það er athugavert, að eptir frumvarpinu má 100 ára gamall karl kjósa fulltrúa, ef hann kemst til þings; þó álíta ei landslög vor áttræðan mann að öllu myndugan að ráða fjármunum sínum, þar gjöf hans má ónýta.

Steffán Jónsson: Það var áðan minnzt á, sem ástæðu fyrir að Vestmannaeyar ættu ekki að hafa nema 1 þingmann, að svo stæði í frumvarpi, sem nú sè komið frá stjórninni; en mèr finnst, að það geti því að eins verið ástæða til að breyta frá nefndarálitinu, ef að í því um getna frumvarpi stjórnarinnar er ekki ætlazt til, að 1 þingmaður skuli vera frá fleiri kjördæmum, en Vestmanneyum; en sè svo um fleiri kjördæmi, og því ekki verður breytt í þessu frumvarpi, sem ekki er hægt, fyrst enginn hefir borið upp breytíngaratkvæði um það, þá finnst mèr heldur ekki gild ástæða til að breyta því um Vestmannaeyar.

Það hefir verið mælt með því, að prestar og hreppstjórar feingju borgun fyrir að rita kjörskrárnar, og það sæti illa á mèr, að mæla það af þeim; en þetta er ekki mikið starf eða margbrotið; því ekki þurfa þeir að skrifa kjörskrá, nema eina; öðru máli er að gegna um sýslumenn, sem verða að skrifa eins mörg eptirrit kjörskránna, eins og margar eru sóknir eða prestaköll í sýslu þeirra, og eptir opnu brèfi frá 6. júlí 1848 eiga þeir að skrifa þessi eptirrit fyrir ekkert. Eg held því, ef farið væri að borga hreppstjórum, en ekki sýslumönnum, að hvorumtveggja brygði við, eptir sem hvorir fyrir sig hafa laun, nú sem stendur.

Ekki virðist mèr nauðsyn að fallast á, að kjörskrárnar sèu

líka til hjá hreppstjórum, því það veldur meiri skriptum, og ekki sè eg, að það hèti lagabrot, þó prestur og hreppstjóri skiptust á um þetta, þar sem það þækti betur eiga við.

Þá hefir enn verið minnzt á, að betur mundi fara, að hafa lögheimili í staðinn fyrir eitt ár, sem stendur í frumvarpinu; en eg held, að þau vankvæði, sem þar við þykja, hvyrfu að mestu, ef ekki væri við kosníngaraðferðina ríghundið við 1 ár; því líklega fara ekki kosníngar fram, fyrri en undir eða eptir fardaga, og þá gætu þeir, sem fyrir nærfelt heilu ári hefðu komið inn í kjördæmið, náð í kosníngarrètt, þó ekki væru þá fardagar komnir; en ef bundið er við lögheimili, og kosníngar fara ekki fram, fyrri en eptir fardaga, þá eru þeir, sem eru nýfluttir inn í kjördæmið, ekki þar komnir á kjörskrána, en eru á kjörskrá þess hèraðs, sem þeir fluttu frá, og þyrfti þá, ef bundið væri við lögheimili, að fá sig burt numda af þeirri fyrri kjörskrá, og inn tekna á þá síðari, og það gæti þó haft ýmsa annmarka, og væri því líklegt, þegar svona stendur á, að maður geti notið kosníngarrrèttar í því hèraðinu, sem hann er inn tekinn á kjörskrána, þó hann sè nýfluttur þaðan.

Þar sem þess var getið, að árabilið frá 18 til 30 væri sá kafli æfinnar, sem flestir kynnu að hafa missèð sig í framferði sínu, þá var það ekki í þeim tilgángi, að þeir mundu komast að kosníngum, sem ekki hefðu óflekkað mannorð; en það er, að eg held, ekki meiníngin, heldur að sýna, að þessi um talaði kafli æfinnar kynni að hafa í för með sèr meiri óstaðfestu og fljótræði, en hin seinni aldursárin.

Framsögumaður: Nokkrir hafa orðið til þess, að styrkja breytíngaratkvæðið við 20. og 21. gr. Það gleður mig, að þeir segjast vera sannfærðir, þó eg ekki skilji, hvað þessi sannfæríng þeirra styðst við; því mèr virðist henni vera líkt varið og fyrir þeim, sem þykist hafa keypt úlfaldagrip, þó hann bæði sè laungraður og vammhaltur, og af því eg hugsa ekki til, að mèr takist að bifa þessari sannfæríngu þeirra, vil eg gjarnan lofa þeim að vera svona vel riðandi. Eg hafði vonazt eptir því, að þíngmaður Suðurþíngeyarsýslu tæki aptur breytíngaratkvæði sitt um 25 ára aldurinn; en fyrst hann færði ekki fleiri rök fyrir þessu atkvæði sínu, en hann gjörði, þykir mèr enda betra, að hann lætur það sitja; því það er öllum ljóst, að ekki hefir óráðvendni manna á þeim aldri, frá 25 til 30, verið brugðið fyrir sem ástæðu fyrir því, að ekki mætti veita

mönnum á þessum aldri kosníngarrètt, og get eg vel vitað það, að þíngmanninum varð ekki annað fyrir, til að mæla með breytíngaratkvæði sínu, en að bregða þessu við. Hin fjórða grein, og einkum stafliðurinn *b* í henni, er, ef til vill, aðalhyrníngarsteinninn í þessu kosníngarlagafrumvarpi, og vil eg geta þess, að þessari uppástúngu um 25 ára aldurinn var í vetur á ríkisdeginum hrundið með fjarskalegum atkvæðafjölda. Mèr sýnist það því ísjárvert, að gjöra sitt til að spilla góðu málefni, með því að halda slíkri uppástúngu fram.

Eg þykist ekki hafa fleiru að svara að sinni upp á þær athugasemdir, sem fram hafa komið í ræðum þíngmanna.

Kr. Kristjánsson: Áður en þíngmenn greiða atkvæði sín við víkjandi breytíngaratkvæði hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar við 20. gr. í frumvarpi nefndarinnar, verð eg að biðja þingið vel að íhuga, að í fyrstu klausu nefndrar greinar stendur með berum orðum, að fundarmaður, sem kosinn er utan kjördæmis, sè rètt kosinn þar, sem hann hefir atkvæðin flest, og verður nú þessi klausa að standa óumbreytt, þar eð ekkert breytíngaratkvæði við hana er upp borið, og í miðklausunni rètt á eptir, sem einnig verður að standa óumbreytt, stendur einnig með berum orðum, að ef eitthvert kjördæmi missir einhverra orsaka vegna fulltrúa sinn, þá sè þar rètt kjörinn fulltrúi sá, sem hefir atkvæði næst þeim, sem úr fèll , og eptir tèðu breytíngaratkvæði á nú að bætast aptan við þessi orð: „annars sè kosið að nýu“. Þetta er nú öldúngis ósamkvæmt þeim hluta greinarinnar, sem eptir áður sögðu á að standa óraskaður, því, þó einginn sè kosinn í kjördæminu sjálfu með 20 atkvæðum, geta margir í öðrum kjördæmum hafa hlotið yfir 20 atkvæði, án þess þó að verða fulltrúar, og eptir 1. klausu greinarinnar ætti einhver þessara að koma í stað þess, sem úr fèll í kjördæminu, og væri það þá gagnstætt reglunum á undan, að kjósa fulltrúa á ný. Að vísu hefir bæði uppástúngumaður og hinn virðuglegi þíngmaður úr Múlasýslu viljað breyta orðunum í 1. klausu: „rètt kosinn þar, sem hann hefir atkvæðin flest“, á þá leið, að hann skyldi gánga að kosníngum í því kjördæmi, sem fyrst gefur honum vitneskju um kosníngúna; en þetta getur hann ekki, því hann er að eins rètt kosinn þar, sem hann hefir flest atkvæði, og þetta getur hann ekki vitað, fyrr en eptir lángan tíma. Að láta hina um ræddu kafla 20. gr. standa óumbreytta

og aðhyllast breytíngaratkvæðið, stángar því hvað annað, og eg get ekki vitað og ekki þolað, að þíngið með því að aðhyllast þetta stángi sig sjálft. Að kjósa um aptur, eins og í breytíngaratkvæðinu er farið fram á, er líka í sjálfu sèr hið sama, sem að binda kjörgeingina við kjördæmi, og kippir það undan frumvarpi nefndarinnar þeim aðalhyrníngarsteini, að kjörgeingi sè óbundið yfir alt land, og verð eg þó að halda, að sú skoðun nefndarinnar sè rètt, að kosníngar til þjóðfundarins sèu að álíta sem gjörðar fyrir alt landið, en ekki fyrir einstök hèröð; því á þjóðfundinum verða rædd málefni, sem snerta alla þjóðina í einu lagi, en ekki hagsmuni einstakra hèraða, og er þannig alt öðru máli að gegna um kosníngar til þjóðfundarins, en um kosníngar til alþíngis.

Varaforseti: Af því hinn heiðraði framsögumaður ei gætti þess, að einum hinum virðuglega þíngmanni skjátlaði nú í skilníngi tveggja greina frumvarpsins, og á þó þíngmaður þessi eingan vanda til þess, og meina eg það komi af því, að hann hafi haft þau gömlu kosníngarlög fyrir augum, en eg ætla, ef til vill, að framsögumaður hafi hlífzt við, að geta þessa, af því maðurinn var samnefndarmaður hans: þá vil eg benda til þessa, svo ei leiðist aðrir í villu af orðum hans. Hann gat þess við hina 8. gr. frumvarpsins, að störf sýslumanna væru svo margfalt meiri, en presta og hreppstjóra, við ritun kjörskránna; því að þeir ættu að skrifa kjörskrár þær, er liggja ættu öllum til sýnis í sókn hverri sýslunnar eptir frumvarpinu hjá prestunum, eptir breytíngaratkvæði upp bornu við þessa grein, hjá prestum og hreppstjórum; þá flýtur það þó af berum orðum frumvarpsins, að hèr er meint til kosníngarskráa þeirra, er prestar og hreppstjórar semja, því í 7. gr. er talað um þessar kosníngaskrár einar, og 7. gr. byrjar með orðum þessum: „Nú eru nafnaskrár þessar ritaðar“ o. s. frv.

Við stafliðinn *f* í 4. gr. gjörði hann þá athugasemd, að þegar einn flytur úr einu kjördæmi í annað, meðan kosníngar þessar eru í undirbúníngi, þá komi nafn þess, sem flytur, á kjörskrár þess kjördæmis, er hann flytur frá, og eigi hann því kost á, ef hann vill neyta kosníngarrèttar síns, að kjósa í kjördæmi því, er hann flutti frá; en þetta er beint á móti berum orðum stafliðsins *f* í 4. grein, sem segir, að þar eigi hver kosníngarrètt, hvar hann er búsettur, þegar kosníngar fara fram.

Menn hafa hèr á þingi látið þann vilja sinn í ljósi, sem og er hinn náttúrlegasti, að kjörgeingi sè sem óbundnust; því hafa menn ei getað aðhylzt breytíngaratkvæði það, sem bindur kjörgeingi við amtatakmörk, þó það veitti töluverðan hagnað til að koma kosníngum fram í tæka tíð. Hinn þriðji konúngkjörni þíngmaður verzlegu stèttarinnar, er síðast mælti, gat annmarkanna við breytíngaratkvæði hins annars konúngkjörna þíngmanns hinnar andlegu stèttar við 20. greinina; en í einu tilliti svo lauslega, að eg hlýt að ítreka það, þó eg finni, að það sè nú að bera í bakkafullan lækinn, þegar verið er að bera fram mótmæli gegn breytíngaratkvæði þessu. Menn hafa hèr á þíngi mest af öllu hrædzt, og það ekki án orsaka, að tíminn yrði of naumur til kosníngánna, og breytíngaratkvæðið sparar sízt tímann. Það er marg-ítrekað, að eptir kosníngarlögunum sè eingum leyft utan kjördæmis að taka á móti kosníngum, nema eptir flestum atkvæðafjölda, og um hann getur einginn sannfærður verið, fyr en hann hafi feingið vissu um kosníngar frá öllum kjördæmum landsins; en það verður nú öllum auðsætt, að til þessa út heimtist meiri tími, en þó sendar væru allar kjörskrárnar til stiptamtmannsins, og hann ætti að skera úr, hvar hver væri rètt kjörinn. Eptir breytíngaratkvæðinu á nú kjördæmið, þegar það þannig hefir mist fulltrúa síns, að kjósa að nýu, og þá er tímum svo fram komið, að kjósendur annaðtveggja verða að kjósa út í bláinn, án nokkurrar vissu um eða jafnvel líkinda til, að fá þann að fulltrúa, sem þeir kjósa, ellegar að binda sig við kjördæmisins takmörk ein, og er þá kjörgeingnisbandið orðið það þreingsta sem verða má. Banni nú tíminn þessa nýu kosníngu, þá er að eins eptir hið þriðja og hraparlegasta úrræðið, að hafa þann að þíngmanni, sem má ske hefir 1 eða 2 atkvæði, þó aðrir sèu til í landinu, sem hafa kynnu 30 til 50 atkvæði, og eptir því svo miklu meira þjóðartraust.

Þetta bið eg þíngmenn vel að yfirvega, áður þeir gánga til atkvæða um breytíngaratkvæði þetta, og það því heldur, sem margir hafa látið á sèr heyra, að þeir mundu aðhyllast uppástúngu þessa, sem nú er svo ítarlega sýnt að lauslega er huguð og ósegjanlega mörgum annmörkum bundin.

Stiptamtmaður: Við víkjandi þeirri spurníngu, hvort Vestmannaeyar í frumvarpi stjórnarinnar sè það einasta kjördæmi, er ekki kjósi nema einn fulltrúa, þá er þar fulltrúa

talan miðuð við fólkstöluna, og stingur það upp á 1 fulltrúa fyrir Vestmanneya, og önnur hin fámennustu kjördæmi; það er víst, að þetta frumvarp, sem nú er að ræða um, fer eptir kjördæmum, en það ætti ekki einúngis að laga frumvarpið eptir einum fast ákveðnum skoðunarmáta; eptir frumvarpi stjórnarinnar ætti Rángárvallasýsla, t. a. m., að hafa 2 fulltrúa, en Árnessýsla 3, og sýnir þetta, að það er ekki stór munur á fólkstölu, sem getur gert breytínguna á fulltrúa tölunni, og held eg því, að það sè ekki svo hægt, að laga þess háttar frumvörp eptir vissum einstaklegum skoðunarmáta, heldur hafa tillit til fleiri. Eins og því Vestmanneyar ættu að hafa 1 fulltrúa, og Árnessýsla 3, sem hið konúnglega frumvarp fer fram á, eins ættu eptir hinu frumvarpinu hin önnur fámennari kjördæmi að hafa 1, og sömuleiðis Reykjavík; en allir væru víst á þeirri meiníngu, að Reykjavík, þegar á alt er litið, ætti að hafa 2, en Vestmanneyar 1 fulltrúa. Hvað það snertir, sem hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður sagði, að Vestmanneyar mundu kjósa 1 fulltrúa úr Rángárvalla eða Árnessýslu, þá held eg það óvíst, að Vestmanneyíngar vildu kjósa hann úr Árnessýslu; nær lægi heldur, að kjósa hann úr Rángárvalla sýslu, og þá mundi Rángárvallasýsla, skoðuð eptir fornum takmörkum, fá 4 fulltrúa, en Árnessýsla einúngis 2, og held eg þó allir megi sjá, að það sè í eðli hlutarins, að Vestmanneyar hefðu 1, en Árnessýsla 3 fulltrúa. Það, sem framsögumaður sagði við víkjandi 20. og 21. grein, að yfirvöld landsins skyldu setja fulltrúa, þar sem hann vantaði, og get eg ekki sèð, að því verði við komið; miklu betra væri, að hafa tillit til breytíngaratkvæðanna við 20. grein.

Hinn heiðraði framsögmaður sagði, að hann vildi sníða föt handa barni þessu, en hann gerði það á þann hátt, sem sýndi hann væri ekki sjálfur faðir barnsins, því þegar breytíngaratkvæðin sjálf eru rètt borin saman við greina, er eingu ábótavant. Sú 14. uppástúnga við 20. gr., „ef fulltrúi vill hafa sig undan þeginn þíngstörfum“, o. s. frv., snertir ekki einúngis kosníngarnar sjálfar, heldur skyldu fulltrúanna yfir höfuð, og orð þau: „skal hann til kynna það strax kjörstjórninni“, eru að skilja á skynsamlegan hátt, eða svo snemma hann getur, því margir geta verið örðugleikar á þessu, t. a m. ef maður er kosinn, sem ekki er búsettur í kjördæminu, þá getur hann sagt, að

hann geti ekki svarað kjörstjórninni, áður hann fái vissu fyrir því, að hann hafi ekki feingið fleiri atkvæði í öðru kjördæmi.

Hvað 21. greinina snertir, þar sem sagt er, að stiptamtmaður skuli ákveða, hver sè rètt kjörinn fulltrúi o. s. frv., þá virðist megi sleppa öllum þeim klausum og orðum, sem þar að lúta, og verður þá meiníng greinarinnar sú, að kjörstjórnin eigi að sjá um kosníngarnar, en ekki yfirvöld landsins. Framsögumaður hefir að vísu talað um 'póstferð um alt landið, til þess að sækja kjörskrárnar, en ekki hefir hann stúngið upp á, hve nær sá póstur ætti að fara og hvaða leið. Má ske nefndin vilji skjóta þessu til stjórnarinnar, eins og eg held mundi verða tilgángurinn með uppástúngurnar í seinasta kafla nefndarálitsins, eptir eðli þeirra, og get eg ekki skilið við þíngið, án þess að leiða athygli þess að því, hversu það sè nauðsynlegt, einmitt til að greiða veg bænarskránni og frumvarpinu, sem nú er búið að ræða, að þíngið setji nefnd á morgun til yfirvegunar hins konúnglega frumvarps, svo að stjórnin geti sèð, að þíngið hafi gjört alt, sem í valdi þess stóð, til þess að koma sèr saman við stjórnina. Yrði þíngið að eins leingt til laugardags, þykir mèr þó líklegt, að tími fáist til að ræða hin konúnglegu frumvörp.

Framsögumaður: Af því eg í dag fór nokkrum orðum um þetta mál, finn eg mèr nú einnig skylt, ef hinum hátt virta forseta þækti það við eiga, að drepa lítið eitt á það, áður en eg svara þeim athugasemdum, er eg þykist þurfa, í ræðum þíngmanna. Mèr getur ekki skilizt, að það sè til neins gagns, eða hafi nokkrar afleiðíngar, að taka þetta hið konúnglega frumvarp öðruvísi til meðhöndlunar hèr á þíngi, en á lögskipaðan hátt; verði því fyrst að setja nefnd, er semji álitsskjal, sem svo liggi ákveðinn tíma á lestrarsalnum, áður það kemur til undirbúníngsumræðu og síðan til ályktunar. Eg ímynda mèr nú, að ef hin sama nefnd yrði kosin í málið, eða nokkrir þeirra manna, er í henni sátu, þá muni tíminn að vísu ekki verða eins lángur og konúngsfulltrúinn í morgun ögraði þínginu með; en ekki getur mèr dottið í hug, að eins stuttur tími, og stiptamtmaðurinn tók til', muni nægja.

En þó að menn ættu að dvelja hèr enn þá eina viku, og það hygg eg nóg, þó málið sè undir búið og rædt í lögskipuðu formi, þækti mèr það ekki svo gífurlegt, og ekki vil eg fastlega mæla móti því, einkum þegar herra stiptamtmaðurinn,

sem sýnt hefir þínginu svo einstakan velvilja, heldur hvetur til þess, en letur. Eins og eg í dag fann mèr skylt að láta í ljósi meiníngu mína, eins gjöri eg það nú, og ef konúngsfulltrúinn skyldi aptur mælast til þess, að þíngið yrði leingt enn einn viku tíma, þá mundi eg, eins og nú er komið, heldur verða til að styðja það, einkum fyrir tilmæli herra stiptamtmannsins.

Um leið og eg sný mèr að hinum öðrum athugasemdum stiptamtmannsins, þá heyrðist mèr, sem honum þækti mèr ekki hafa farizt vel að sníða; eg játa það, eg er einginn skraddari; enda ætlaði eg það standa föðurnum næst, að sjá barni sínu fyrir vel sniðnum og laglegum fötum; en þegar vèr nefndarmenn fórum að sníða, fannst okkur barnið vera nokkuð undarlega og óvanalega vaxið. Eg hafði að vísu ekki hjá mèr áðan blaðið, er nefndin hafði snarað upp á greinunum, eins og henni fannst viðlægilegast samkvæmt breytíngaratkvæðinu, svo eg kann að hafa fyrir þá sök skipað þeim niður nokkuð á annan veg, en bezt má fara, en eptir hinar glöggu athugasemdir herra stiptamtmannsins get eg þó ekki sèð, að betur færi, ef svona væri hagað, en eins og í framvarpinu segir; því þó svona sè ákveðið, eins og í frumvarpinu segir, þá má þó gjöra ráð fyrir, að kosníngum verði öðruvísi hagað yfir höfuð, en þótt kjósa megi um alt land, en þetta er einmitt til mestrar hægðar, ef utan hèraðs er kosið. En hitt, sem stiptamtmaðurinn sagði, að betur færi að taka inn í bænarskrána bæn um að stjórnin lagfærði galla þá og anmarka, er fyndust á frumvarpinu, þá finnst mèr, að ekki sè neitt athugavert við, að á það sè drepið.

Stiptamtmaður: Hvað því við víkur, að eg fór þeim orðum, að þíngtíminn yrði að leingjast, þá vil eg geta þess, að meira mun verða talað um það á morgun; eg hefi einúngis viljað láta í ljósi, að eg áliti það skyldu mína, að segja þíngmönnum, að eg hèldi það nauðsynlegt að framhalda þínginu, þó verið geti, að það taki upp nokkuð leingri tíma, en framsögumaður sagði, og hef eg þá gert alt það, sem í mínu valdi stóð, til þess að þíngið kæmi sèr saman um þetta málefni við konúngsfulltrúann.

J. Johnsen: Stiptamtmaðurinn gat þess áðan, að í 20. greinina vantaði ákvörðun fyrir því, ef fulltrúar ekki gætu tekið á móti neinni kosníngu; en einmitt af því að nefndin ætlast til, að ákvarðanir 20. og 21. greinarinnar líka nái út yfir þetta

og önnur því um lík tilfelli, hefir hún í einu hljóði fallizt á, að orðið, *þannig*, í öðrum kafla 20. greinarinnar, sè felt úr. Tilgángur greinarinnar yfir höfuð, og einkum tveggja seinni kafla hennar, er að komast hjá kosníngum upp aptur, sem nefndin eptir kríngumstæðunum ekki getur sèð að við verði komið, yfir höfuð að tala, ef þjóðfundurinn á að haldast að ári og kosníngarnar eiga að geta náð frjálst yfir alt landið, en það er það, sem hvorki nefndin nè þíngmenn geta fallizt á að breyta út af, svo að eigi megi kjósa aðra en þá, sem annaðhvort hafa heimili í kjördæminu sjálfu, eða þá í amtinu. Þegar nú enn fremur í þriðja kafla greinarinnar stendur: „en fari svo, að einginn þeirra, sem völ er á eptir í kjördæminu“ o. s. frv., þá eiga þessi orð sömuleiðis eins vel við þau tilfellin, að einhvern fulltrúa vantar fyrir aðrar sakir, en þó að hann hefir feingið flest atkvæði annarstaðar, eins og þau, sem helzt er gjört ráð fyrir, að kjördæmið verði fulltrúalaust, af því það hefir kosið sèr fulltrúa, sem ekki er búsettur í kjördæminu, eða neinstaðar þar sem hann er kosinn, og sem þar hjá hefir feingið flest atkvæði á öðrum stað. Einúngis kynni það að virðast, að orðin í 21. grein: „en hafi einginn *innan hèraðs* flest atkvæði, skal stiptamtmaður vor“, o. s. frv., einna helzt benti á hið síðast greinda tilfelli; en bæði er þetta tilfelli tekið fram, fyrir þá sök að gjört er ráð fyrir, að það optast komi fyrir eptir ákvörðuninni í fyrsta kafla 20. greinar, og líka virðist það mega nægja, að þetta tilfelli þannig sè tekið fram til dæmis. Eg verð yfir höfuð að ætla, að verði breytíngaratkvæði hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns hinnar andlegu stèttar tekið til greina, þá muni hyrníngarsteinninn undir þeim frjálsu kosníngum, sem við nú erum að berjast fyrir, og sem einmitt er lagður svona, til þess að kosinn verði í kjördæmi hverju fulltrúi, hvar sem hann svo er í landinu, detta úr byggíngunni, og hún sjálf um koll, þar sem hinum fyrsta kafla 20. greinarinnar nú heldur ekki verður breytt. Stiptamtmaðurinn gat þess einnig áðan, að sumstaðar annarstaðar væri sá kosníngarmáti hafður við, að stór umdæmi kysu alla fulltrúa sína, eins og á einum stað, þannig, að svo margir yrðu fulltrúar fyrir alt umdæmið, sem þyrfti, af þeim sem flest reyndust að hafa feingið atkvæðin; en nú skilst mèr ekki betur, en að þessi hinn sami kosníngarmáti, sem nefndin í raun og veru er kominn niður á á nokkuð annan veg í 20. og 21.

greininni, megi verða eins að liði fyrir því, þó kosið sè í hverju einstöku kjördæmi, og þó að hann þannig ekki sè hafður við, og ekki verði það vegna víðáttu landsins, nema að nokkru leyti. Áður en eg sezt niður aptur, verð eg að lýsa því yfir, að mèr fyrir mitt leyti eingan veginn getur legið það í léttu rúmi, hvort þingmenn þeir, sem hafa mælt með þeirri uppástúngu, sem hèr ræðir um, sannfærast eða ekki sannfærast, um að þeir eru komnir á villigötu, áður en þeir gánga til atkvæða, því eg get ekki sèð betur, en að uppástúnga þessi sè í alla staði óhafandi, og að okkur ekki riði minna á, að hún falli með atkvæðafjölda hèr á þingi, en á því, að fá þessi hin frjálsu kosníngarlög, sem við allir ætlum að biðja konúng um að veita okkur.

Stiptamtmaður: Hinn heiðraði þingmaður Árnesínga sagði, að þegar „þannig“ er slept, mundi það lagfærast, sem ábótavant væri í frumvarpinu; en eg get ekki verið því samdóma, því þegar orðinu „þannig“ er slept, þá verða að vísu hinir, sem flest hafa atkvæði næst á eptir fulltrúunum, að skoðast eins og varafulltrúar, en þó er ekki sagt, hver skal kveðja þá til þings.

Það var sagt, að stiptamtmaður skyldi kalla fulltrúa til þings, en hversu hæglega getur það ekki við borið, að sá, sem hann kveður til þings, vilji ekki gánga að þeim kosti. Til að komast hjá viðlíkum vandræðum, var það áður til tekið í reglugjörð, sem hingað til hefir verið í gildi, að sýslumaður skal skipa fulltrúa að láta varafulltrúa vita forföll sín. En ef eptir frumvarpinu einhver er kosinn fulltrúi og afsakar sig, þá er ekkert orð um, að hann eigi að snúa sèr til neins, nema í breytíngaratkvæðinu, þar sem er talað um kjörstjórnina, svo að ef breytíngaratkvæðið væri til greina tekið, gæti þessu orðið nákvæmar skipað í umburðarbrèfi til sýslumanna. Þær ákvarðanir í 20. og 21. greinum, að senda kjörskrárnar til stiptamtmannsins, eru ekki hyrníngarsteinn frumvarpsins, heldur neyðarúrræði, því þar eð þó Ísland yfir höfuð ekki er gert að einu kjördæmi, get eg ekki sèð, að það sè til annars að senda kjörskrárnar hingað, en til þess að nokkrir menn fái að vita hèr í Reykjavík, hverjir sèu valdir, og hvað mig snertir, vildi eg ekki óska að fá þetta að vita. Þegar talað er um þjóðfund, á yfirvaldið að skipta sèr sem minnst af öllu, og láta landsmenn vera svo frjálsa, sem orðið getur, í völum þeirra;

það væri líka merkilegt, ef stiptamtmanni væri lögð sú skylda á herðar, sem ekki er nauðsynleg, og þar að auki á móti ósk hans.

Varaforseti: Þessi er þá að réttu lagi sá seinasti dagurinn, er vèr hafa eigum störf saman á þíngi þessu; þessi er sá seinasti lögskipaði dagurinn, og þíngmenn renna án efa huga sínum yfir það, sem fram hefir farið þessar seinustu 4 vikur Þegar vèr komum til þings þessa, horfðist að vísu illa á; konúngsfulltrúann vantaði, og alt það sem þjóðin vænti eptir frá stjórnarinnar hendi, og að vísu mundi hèr ekkert þínghald hafa orðið, hefði herra stiptamtmaðurinn ekki góðfúslega greidt úr vandræðunum.

Menn sjá það nú, að hefðu þíngmenn, sem menn nú vita var konúngsfulltrúans vilji, átt að bíða þess tíma, að konúngsfulltrúi kæmi, þá hefði mátt leingi bíða; því fyrst að kvöldi hins 29. þ. m. kom hann hèr til lands. En eins og herra stiptamtmaðurinn tók þá góðfúslega að sèr störf konúngsfulltrúans, af því hann fann það skyldu sína við stjórnina og þjóðina, svo hefir hann þar með gefið þess nýan vott, að hann vill vel.

Þíngstörfin hafa geingið klaklaust fram á þennan dag, þó í dag ætlaði að gánga nokkuð stirt; en nú, þegar kvöld er komið, finnur hver þíngmaður það með sjálfum sèr, að það var aptur herra stiptamtmaðurinn, sem gjörði endann góðan.

Það fer nú illa, að það skuli vera einmitt eg, sem nú á í þíngsins nafni að bera herra stiptamtmanninum þíngsins og mitt þakklæti, því enginn mun hèr innan þíngs, er þetta geti farið óhönduglegar; því mèr var það aldrei lagið, að segja nokkrum manni hrós upp í eyrun.

Eg finn það, að mèr heppnast ekki að tjá honum tilfinníngar allra þíngmanna; ætla eg því í nafni þíngsins, að tjá honum innilegar þakkir fyrir frjálslyndi hans, alúð og einlægan vilja þínginu og þjóðinni til gagns.

Stiptamtmaður: Áður en eg skil við það heiðraða þíng, vil eg láta því í ljósi mitt innilegt þakklæti fyrir velvild þess; einnig þakka eg ástsamlega hinum hátt virta varaforseta alla hans ástúð og velvild, er hann hefir auðsýnt mèr; eg hefi, eins og yður er öllum kunnugt, tekizt þetta mikilvæga starf á hendur, af því eg, eins og hinn hátt virti varaforseti mintist á, áleit það skyldu mína, því eg áleit, að þjóðfundurinn, sem boðað er að haldinn verði að ári, væri næsta mikils varðandi fyr-

ir landið, fyrir ríkið, og fyrir samband þessa lands við ríkið, fyrir það landið, þar sem drottnaði sagan, frelsið og trúlyndið; og óska eg því af heilum hug, að fundurinn, sem haldast á að ári, verði hinn hamingjusamasti; eg hefi því óskað, að þau lagaboð, sem fundurinn verður bygður á, yrðu sem bezt úr garði gjörð. Sjálfum mèr og þinginu er óljóst, hvernig rætast muni úr þessu, en svo mikið veit eg þó, að vèr höfum gert alt það, sem í voru valdi stóð, til þess að störf vor feingju sem heillavænlegust endalok, og er það mín hjartans ósk, að landsmenn og stjórnin gætu sèð, hvað bezt mætti efla hag landsins og ríkisins.

Þar eð einginn tók til máls framar, kvað varaforseti málið fullrædt, og leitaði síðan atkvæða þingsins um þessi atriði:

1. Vill þingið, að fyrir Vestmannaeyar sè 1 þingmaður, en 3 fyrir Árnessýslu (H. G. Thordersen)?
   Felt með 21 atkvæði móti 2.
2. Við 4. grein staflið *b*; vill þingið, að 25 ára aldur ráði kosningarrètti (Jón Jónsson)?
   Felt með 20 atkvæðum móti 3.
3. Vill þingið, að í 4. grein, staflið *d*, slept sè orðunum: „og ekki standa í skuld fyrir sveitarstyrk“, (Jón Jónsson)?
   Felt með 22 atkvæðum móti 1.
4. Vill þingið, að í sömu grein, staflið *f*, sè þannig breytt: „þeir sem eiga lögheimili í kjördæminu, þegar kosningar fara fram (Jón Jónsson)?
   Felt með 22 atkvæðum móti 1.
5. Vill þingið, að hver sá megi kjósa, sem heimilisfastur er í kjördæminu, þegar kosningar fram fara (Th. Gudmundsen)?
   Aptur tekið af uppástúngumanni.
6. Við 22. grein: vill þingið, að prestar og hreppstjórar hafi 1 rbd. í laun um dag hvern, meðan þeir semja kjörskrárnar, en skrifarapeninga eptir aukatekjuskrá frá 10. september 1830 (Th. Gudmundsen)?
   Felt með 12 atkvæðum móti 11.
7. Vill þingið, við 8. grein, eptir orðið „sóknarpresti“ bætist við „og hreppstjóra“ (Ásgeir Einarsson)?
   Felt með 21 atkvæði móti 1.
8. Við 10. grein, vill þingið, að kjörstjórn sè ákveðin: sýslumaður, prófastur og alþingismaður sýslunnar, eða þá vara-

þingmaður, en verði því ekki við komið, kjósi sýslumaður og prófastur þriðja manninn (Jón Þórðarson)?

Felt með 17 atkvæðum gegn 6.

9. Við 16. grein: vill þingið, að kjörstjórnarmenn greiði atkvæði sín þannig: að þeir riti þau í kjörbækurnar, áður en kosningar byrja, og annist þeir um, að kjósendur ekki fái vitneskju um, hverja þeir hafi valið, fyr en þeir að enduðum kosningum lesa þau upp fyrir kjósendunum (R. M. Ólsen)?

Samþykt með 19 atkvæðum gegn 4.

10. Við 19. grein: vill þingið, þegar 2 eða 3 hafa jafnmörg atkvæði, að aldur ráði, hverjir fulltrúar verði (Jón Jónsson)?

Felt með 22 atkvæðum móti 1.

11. Við 19. grein: vill þingið, ef 2 eða 3 hafa jafnmörg atkvæði, skuli hlutkesti skera úr (Jón Þórðarson)?

Felt með 20 atkvæðum móti 3.

12. Vill þingið bæta við endann á 19. grein orðunum: „eða hlutkesti, ef hann vill það heldur“ (Steffán Jónsson)?

Samþykt með 21 atkvæði móti 2.

13. Vill þingið, að orðið „þannig“ falli burt úr 20. greininni?

Samþykt með 22 atkvæðum móti 1.

14. Við 20. grein: vill þingið, að þriðji partur greinarinnar falli burt, en aptan við miðkaflann sè bætt þessum orðum: annars sè kosið að nýu, en sè ekki tími til þess, þá verði sá þingmaður kjördæmisins, sem flest hefir þá atkvæði úr því kjördæmi, þó færri sèu en 20 (Haldór Jónsson)?

Felt með 16 atkvæðum gegn 7.

15. Við 20. grein: vill þingið, að kosinn verði einn varaþingmaður sèr í hverju kjördæmi (Ásgeir Einarsson)?

Felt með 21 atkvæði gegn 2.

16. Við 20. grein: Vill þingið, ef fulltrúi vill hafa sig undan þeginn þingförinni einhverra orsaka vegna, að hann skuli til kynna það strax kjörstjórninni, sem þá kveður þann til farar, er feingið hefir flest atkvæði næst hinum, og skal sá rèttur fulltrúi vera í stað hins, þó hann hafi feingið færri atkvæði en 20 (Guttormur Vigfússon)?

Felt með 20 atkvæðum móti 3.

17. Við 20. og 21. greinir: vill þingið, að kjörgeingi bindist við ömt (H. G. Thordersen)?

Felt með 21 atkvæði móti 2.

18. Við 21. grein: vill þingið, að í 21. grein bætist við eptir orðin „stiptamtmaður vor“: „og tveir menn, er hann sjálfur kýs“ (Jón Þórðarson)?

Samþykt með 17 atkvæðum gegn 6.

19. Vill þingið, að kjörstjórnin hafi borgun fyrir starfa sinn eptir opnu brèfi 6. júlí 1848 (R. M, Ólsen)?

Samþykt með 14 atkvæðum gegn 9.

20. Vill þingið, að fæðispeningar þjóðfundarmanna sèu 3 rbd?

Samþykt með 15 atkvæðum gegn 8.

og fèll þar með breytingaratkæði þingmannsins úr Strandasýslu.

21. Vill þingið, að fæðispeningar og ferðakaup þingmanna til þjóðfundarins, á meðan á ferðinni stendur, sèu 4 rbd?

Samþykt með 16 atkvæðum gegn 7.

og fèll þannig breytingaratkvæði þingmannsins úr Norðurmúlasýslu.

21. Vill þingið, að bænarskrá sè send stjórninni samkvæmt nefndarálitinu með þeim breytingum, sem nú eru á orðnar?

Samþykt í einu hljóði.

Að lyktum voru upp lesnar og samþyktar 2 allra þegnsamlegastar bænarskrár þingsins til konúngs.

1. Um undirskript konúngs og hlutaðeigandi stjórnarherra á hinum íslenzka texta þeirra lagaboða, sem gilda eiga á Íslandi. Bænarskrá þessi er svo látandi:

T i l k o n ú n g s.

Alþingismaður Skaptfellínga bar upp að þessu sinni uppástúngu um það, að alþingi bæri að bera upp fyrir yðar hátign, konúnginn, allra þegnsamlegustu ítrekunar- bænarskrá um, „að hinn íslenzki texti á þeim lagaboðum, sem gildi verður gefið á Íslandi, verði staðfestur með undirskript hans hátignar, konúngsins, og við komandi ráðherra, eins og vandi er til á frumrituðum lagaboðum“.

Uppástúnga þessi var falin 3 manna nefnd til rannsóknar, sem yfir vegaði hana og semdi um hana álitsskjal; var málið síðan rædt á 2 aðalfundum, og leyfir þingið sèr nú að bera upp um það allra þegnsamlegasta álit sitt á þessa leið.

Eins og alþing 1847 var samhuga á því, að þá þegar væri

hinar gildustu ástæður til að bera upp um þetta mál þegnlega bæn fyrir yðar hátignar hásæla föður, á þann veg sem þingið leyfði sèr í þegnlegri bænarskrá 2. ágúst 1847, eins varð mestur hluti þingmanna á því nú, þ. e. með 15 atkvæðum gegn 6, að alþing ætti að leyfa sèr að ítreka allra þegnsamlegast hina sömu bæn og bera hana fram fyrir yður, herra, úr því þingið mátti gánga úr skugga um það, að yðar hátign ásamt stjórnarherrum yðar, hafi, eptir því sem á stóð, orðið að synja oss bænarinnar að svo komnu.

Alþing sèr að vísu enn, að ekki allfáir örðugleikar megi vera því til fyrirstöðu, að lög þau, er landi þessu verða gefin, sè algjörlega á íslenzku máli og staðfest með undirskript yðar hátignar, og vel skilst þinginu einnig, að afsvar þetta muni, ef til vill, ekki að eins hafa átt rót sína í slíkum örðugleikum, heldur einnig með fram í því atriði, að þar sem svo liggi nærri að ákveða gjörr breytíngar þær í stjórn Íslands, sem beinlínis leiði af hinni nýu stjórnarskipun í Danmörku, þeirri er þèr, herra, af einstakri ást á þjóðfrelsi og elsku til allra þegna yðvarra, hafið veitt að fyrra bragði, og gefið Íslendíngum fyrirheit um að einnig skuli ná til þessa lands, þá megi álíta, að málefni þetta eigi næsta skylt við þá breytíngu, og beri það þá nákvæmar að ákveða. En þingið varð alt um þetta að ætla, að þó nokkur yrði breytíng á hinni innri stjórn lands þessa, þá gæti hún aldrei náð, nè ætti nokkru sinni að ná til yðar konúnglegu hátignar landsföðurlegu yfirráða og æðsta löggjafarvalds yfir oss Íslendíngum, sem hver maður á þessu landi vonar og óskar að megi haldast; en ekkert náir fremur að efla og tryggja ást þá og hollustu, er Íslendíngar jafnan hafa sýnt konúngum sínum, og þeir eru gagnteknir af til yðar, herra, en það, að yðar konúnglega hátign veitið lögum þeim, er þèr bindið landsbúa, alt það traust og alla þá helgi, sem unt er, og tign laganna er samboðin; en þessa aðalkosti ætlar alþíng og hver Íslendíngur að lögin vanti, á meðan texti þeirra er ekki gefinn út á íslenzku máli, og sá texti staðfestur með undirskript yðar hátignar sjálfs, því þó íslenzk þýðíng fylgi enum danska texta laganna, þá reynist hún eins á hinum seinni, sem hinum fyrri lagaboðum, miður nákvæm að meiníngunum til, en þegar svo ber undir, er sú meiníngin látin verða í fyrirrúmi, sem er í danska textanum, því málinu, sem landsbúar skilja ekki.

Alþíng treystir því staðfastlega og allra þegnsamlegast, að yðar konúnglega hátign líti í náð á ástæður þessar, og að þér, mildasti herra, munið af vísdómi yðar sjá ráð til að sigrast á þeim örðugleikum, sem í þessu máli kynni að virðast til fyrirstöðu með fyrsta, ekki síður en í svo mörgum öðrum þeim breytíngum, er hátign yðar hefir látið framgeingt, til heilla fyrir þegna yðar, og þjóðfrelsi þeirra til eflíngar.

Því leyfir alþíngið sèr allra þegnsamlegast enn á ný að bera þá bæn upp við yðar konúnglegu hátign:

Fyrst og fremst: með 13 atkvæðum gegn 8,

að lagaboð þau, sem hèr eptir verða út gefin og eiga að gilda á Íslandi, sè einúngis á íslenzku máli, og undir skrifuð af yðar konúnglegu hátign og stjórnarherra yðar;

en til vara, með 16 atkvæðum gegn 5,

að verði lagaboðin út gefin á dönsku og íslenzku, þá sè íslenzki teztinn einn undir skrifaður og honum gefið gildi, en ekki danski textinn.

Alþíngi Íslendínga, 30. dag júlím. 1849.
Allra þegnsamlegast.
H. Stephensen. J. Guðmundsson.

2. Um betri niðurjöfnun alþíngskostnaðarins, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hafa verið sendar 3 bænarskrár frá Borgarfjarðar, Suðurþíngeyar og Norðurmúlasýslum, samtals með 350 undirskriptum, enn fremur þegnlegt frumvarp frá alþíngismanni Barðstendínga, er alt lýtur að betri og sanngjarnari niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins, en nú á sèr stað eptir opnu brèfi frá yðar hátign, dagsettn 18. júlí 1848, þannig, að allar bændakirkjueignir og öll timburhús í kauptúnum landsins yrðu háðar þessari álögu.'

Eptir að 3 manna nefnd hafði íhugað þetta mál, og það ítarlega hefir verið rædt á lögboðinn hátt á 2 aðalfundum, dirfist alþíngi allra þegnsamlegast að fram bera fyrir yðar hátign álit sitt um það á þessa leið:

Alþíngi hefir orðið að gánga úr skugga um það, að þótt sú um getna löggjöf sè ný og gefin af yðar hátign samkvæmt tillögum alþíngis 1847, hafi þegar hreift sèr í þjóðinni nokkur óánægja yfir því, að þessari álögu ekki einnig væri jafnað niður á þær um getnu eignir, og hyggur þíngið, að þessi óánægja sè, hvað

bændakirkjueignirnar snertir, sprottin af misskilníngi á því greinda lagaboði, hvers tilætlan ekki muni verið hafa, eins litið og alþíngis 1847, að undan þiggja þessar eignir alþíngiskostnaðargreiðslunni, að öðru leyti en prestsmötunni nemur, og að þessi misskilníngur aptur sè orsakaður af orðinu „kirkjujarðir“ í þeirri íslenzku þýðíngu hins danska texta í niðurlagi 1. greinar hins opna brèfs frá 18. júlí 1848.

Þar sem nú ýmislegur skilníngur hefir svo að segja í hverri sýslu hèr á landi og mismunandi venja í þessu tilliti átt sèr stað, þannig, að á bændakirkjueigna afgjöld hefir sumstaðar verið jafnað alþíngistollinum, en þau víðast hvar hafa aptur á móti sloppið fyrir þessari álögu, virðist þínginu brýn nauðsyn til bera, að beiðast af yðar hátign, að allur vafi í þessu tilliti mætti hverfa með nýu lagaboði, er berlega ákvarðaði, að alþíngiskostnaðinum beri að lúka af sjálfseignakirkjujarða afgjöldum, eins og af annari bændaeign, að prestsmötunni einni af numinni, þar eð hana beri að álíta sem embættislaun prestanna, en þessara kirkjujarða afgjöld að öðrn leyti eptir almennri venju til falla sjálfum eigendum kirknanna, hvað þó enn síður er efað um afgjöldin af bændaeignar hlutanum í slíkum kirkjustöðum og hjáleigum þeirra.

Hvað þar á móti áhrærir timbur og múrhús einstakra manna í verzlunarstöðum landsins, þá hefir þínginu ei getað fundizt betur, en að sanngirni mæli með því, að þau einnig taki að réttri tiltölu þátt í endurgjaldi alþíngiskostnaðarins, þó að þar frá sè undan skilin þau minni timburhús í tèðum kauptúnum, svo sem skúrar, hjallar og þess háttar. En þíngið ætlar, að hús þessi beri, samkvæmt NL. 5—3—18, að álíta sem lausafè, einkum meðan þau ei eru trygð fyrir bruna, og að sèrhvert þeirra skuli metið af löglega til nefndum eiðföstum mönnum á alþjóðlegan kostnað til vissrar peninga verðhæðar, og að tiltækilegast sè að alþíngistollurinn sè þannig lagður á húsin, sem lausafè, að hverjir 50 rbd. í verðhæðinni álitist að jafngilda 1 hundraði.

Þessu samkvæmt leyfir alþíngi sèr að fram bera þá allra þegnsamlegustu bæn fyrir yðar hátign, að yður allra mildilegast þóknaðist að gefa Íslandi lagaboð, er

1. berlega ákveði, að alþíngiskostnaði eigi að lúka af sjálfseignarkirkjueigna afgjaldi eins og af annari sjálfseign, að prestsmötunni einni undan numinni, og að bændahlutinn

á sjálfseignarbænda kirkjustöðum og hjáleigum svari, sem önnur sjálfseign, tèðum kostnaði án allrar undanþágu afgjaldsins.

2. að alþingiskostnaður sè lagður á kaupstaðahús. Þannig:
3. að timbur og múrhús einstakra manna í verzlunarstöðunum, nefnilega íbúðarhús öll, sölu og vörubúðir, eptir að þau hús eru metin til verðhæðar af eiðsvörnum mönnum á alþjóðlegan kostnað, sè lagður alþingiskostnaður, svo, að 50 rbd. í verðhæðinni jafnist við 1 hndr. í lausafè.

1. bænaratriði er samþykt af þinginu í einu hljóði.
2. —— með 15 atkvæðum gegn 7.
3. —— með 14 atkvæðum gegn 8.

Alþingi, þann 28. dag júlímánaðar 1849.

Allra þegnsamlegast.

H. Stephensen. *Th. Gudmundsen.*

Fundi slitið, og fundur ákveðinn næsta dag klukkan 3 eptir miðdag.

---

31. júlí — Þrítugasti fundur.

Allir á fundi; forsetinn, kandídat Jón Sigurðsson, gekk til fyrirsætis, og tók þannig til orða:

Fyrst og fremst ber mèr að þakka hinum hátt virtu þingmönnum fyrir þann sóma, sem þeir hafa veitt mèr, með því að kjósa mig til forseta á þingi þessu, og eg vona jafnframt og bið, að þèr vorkennið, hvað mèr kann að yfir sjást, og sýnið mèr þá velvild, að styðja vanmátt minn, þegar á liggur.

Þingbók frá tveimur síðustu fundum var síðan lesin og samþykt.

Að því búnu var lesið upp:

1. Allra þegnsamlegust bænarskrá þingsins til konúngs, um almenna og sèrstaklega verzlun á Íslandi, svo látandi:

Til konúngs.

Til alþingis hafa í þetta skipti verið sendar bænarskrár frá ýmsum hèröðum landsins, við víkjandi almennri og sèrstaklegri verzlun á Íslandi

1. um alment verzlunarfrelsi.
2. um uppsiglingar og verzlunarleyfi við *Hrísey* á Eyafirði, í *Grindavík, Höfnum, Njarðvíkum* og *Vogum* í Gull-

bríngusýslu, í *Hellnavík* í Snæfellsnessýslu, í *Sauðárkrók* í Skagafjarðarsýslu.

3. um að kauptún megi setja í *Krossvík* á Akranesi og á *Papafjarðar* eða *Hornafjarðarósi* í Austurskaptafellssýslu, samt um að Norðmönnum leyfist að flytja timburfarma til Þorlákshafnar.

Þar sem allar þessar bænarskrár eiga meir eður minna skylt við sama efni, kaus þingið 5 manna nefnd til að hugleiða þær í sameiningu, og jók seinna eptir beiðni nefndarinnar hinum 6. þingmanni við hana; ræddi síðan málefnið á 2 aðalfundum, og leyfir sèr nú allra þegnsamlegast að skýra yðar hátign frá áliti sínu á þessa leið:

1. um alment verzlunarfrelsi sendi þingið 4. dag ágústmánaðar 1845 yðar hásæla föður allra þegnsamlegasta bænarskrá, og er álit þingins á þessu máli enn þá í öllu verulegu hið sama, sem það í þeirri bænarskrá dirfðist að láta í ljósi. Að vísu hratt alþing 1847 uppástúngu þeirri, er þá var fyrir það upp borin, um „að fullkomið verzlunarfrelsi yrði veitt til reynslu hið næsta ár"; en aðalástæðan til þess var sú von, sem hin konúnglega auglýsing til þingsins 1847 gaf, um að úrlausn málsins mundi verða flýtt, sem mest mætti. En þar eð þessi von enn þá ekki hefir ræzt, og nú þegar síðan eru liðin 4 ár, þá virðist þinginu nú en brýnasta nauðsyn á, að ítreka við yðar hátign bæn sína, um að verzlunarfrelsið verði veitt, og það *hið allra fyrsta*, því fremur sem auk enna almennu ástæðna, er 1845 voru leiddar í ljós, aðrar nýar og mikilvægar síðan virðast þinginu hafa við bæzt. Telur þingið meðal þeirra einna helzt það samband, sem er og sett er milli verzlunarfrelsisins og annara mikils um varðandi málefna lands þessa, einkum skattamálsins og jarðamatsins. Og getur ekki þingið sèð betur, en að skattgjaldslög fyrir landið hljóti að nokkru leyti að vera bundin við það, með hvaða kostum verzluninni verður gefin frjálslegri tilhögun. Þá heldur þingið einnig, að hagsmunir þeirrar breytíngar, sem verða kynni á stjórnarskipun landsins, hljóti að miklu leyti að vera komnir undir því, að fjárhagur landsins komist í nokkurn veginn fast og viðunanlegt horf, og að atvinnuvegunum þoki áfram, og þetta virðist aptur bundið við verzlunina.

Þó eru tvær uppástúngur í hinni þegnlegu bænarskrá þingsins frá 1845 um verzlunarfrelsi, sem þinginu ekki að svo komnu

virðist nauðsyn á að ítreka bæn sína um við yðar hátign; en þær eru:

a) hin 3. uppástúnga: „að útlendum verði leyfð verzlun í öllum verzlunarstöðum, sem eru eða hèr eptir verða löggiltir". Hnígur nú þingsins álit og ósk samhuga að því, sem það 1845 beiddist til vara, nefnilega: að utanríkis þjóðir, sem koma hingað til verzlunar-viðskipta, skyldist til að koma *fyrst,* áður en þeir fara til hinna annara verzlunarstaða landsins, til einhvers af aðalkaupstöðum þess, nefnil. Reykjavíkur, Stykkishólms, Ísafjarðar, Akureyrar og Berufjarðar (í stað Eskifjarðar), samt að við bætt sè við þessa staði Vestmannaeyum, sem liggja svo hagkvæmlega á veginum fyrir mörgum skipum, er hingað ætla. Berufjörð ætlar þingið takandi fram yfir Eskifjörð, vegna þess að höfn er þar hin ágætasta, og sá kaupstaður liggur fult svo vel við til aðsóknar. Hefir þingið í þessari uppástúngu einkanlega fyrir augum, að á þeim nefndu 6 stöðum mætti helzt búast við lögreglustjórn og nokkrum sóttvarnarmeðölum.

b) hin 8. uppástúnga, „að verzlun í hèröðum verði leyfð með þeim hætti, að amtmaður veiti hverjum búandi manni, sem beiðist þess, og má þykja til þess hæfilegur, leyfisbrèf til verzlunar, þar sem þörf þykir, með því skilyrði, að hann hafi ávalt nokkra nauðsynjavöru; svo gjaldi hann og fyrir leyfisbrèfið 10 rbd. til fjárhirzlu yðar hátignar.

Að vísu hafa á þinginu heyrzt nokkrar raddir, um að það sè nauðsynlegt og jafnvel ómissandi, að þetta leyfi verði veitt; aptur aðrar, að það mundi verða skaðlegt. Þetta misjafna álit á nytsemi sveitaverzlunar (sem samþykt var 1845 af 13 atkvæðum gegn 10) kannast þingið við að mest part sè sprottið af landsins ólíka ásigkomulagi, og að bæði með og mótmælin sèu á nokkrum rökum bygð. En þar sem þó þetta atriði verður að álíta nokkrum vafa undir orpið, og það ekki virðist standa í neina óslítanlegu sambandi við aðalverzlunarmálið, þá þykir ekki þinginu nægilegt tilefni til að bera að *svo komnu,* meðan ósèð er, hvernin hin frjálslegri tilhögun verzlunarinnar muni verða lögð, bæn sína hèr að lútandi fram fyrir yðar hátign. Enn fremur virðist þinginu ástæða til að breyta 4. uppástúngu í hinni þegnsamlegu bænarskrá frá 4. ág. 1845 á þá leið:

„að aðal-verzlunarfulltrúum (Generalconsuler) hinnar dönsku stjórnar verði feingin leiðarbrèf stjórnarinnar til útbýtíngar gegn lögskipuðu endurgjaldi handa kaupmönnum í þeim ríkjum, sem verzla vilja á Íslandi.

2. Hvað við víkur bænarskránum, sem nefndar eru undir töluliðnum 2, um uppsiglíngu einstakra hafna og verzlun á þeim, álítur þíngið ekki nægilegt tilefni til að mæla fram með þeim að svo komnu við yðar hátign, og það af þeirri ástæðu, að þíngið ekki getur sèð, að til þess beri en brýnasta nauðsyn, þar ekki er *mjög langt* til kaupstaða frá þeim stöðum, sem bænarskrárnar tala um, og hvað sèr í lagi Sauðárkrók snertir, þá sendi þíngið 1847 yðar hásæla föður allra þegnsamlegast bænarskrá um uppsiglíngar og verzlunarleyfi þar, og væntir eptir sögn úrlausnar í þessu málefni jafnframt aðalverzlunarmálinu.

3. Þar á móti finnur þíngið nægar ástæður til að mæla allra þegnsamlegast fram með því, að löggilt verði kauptún við Krossvík á Akranesi, eða þá, ef yðar hátign ekki þóknast að veita þetta, að lausakaupmönnum, hvaðan sem eru, verði leyft að verzla þar um ákveðinn tíma sumarsins, sem fyrir fram sè til tekinn og auglýstur. Ástæður þíngsins eru þessar: að þángað geta sókt tvær þær sýslur, sem ekkert kauptún hafa, að 3 ára leyfi það, sem með opnu brèfi 11. maí 1847 er gefið til þess, að kaupmenn úr Reykjavík mættu flytja þángað og selja þar útlenda vöru, en sækja aptur landvöru, rennur út með þessu ári, og að höfn þar hefir reynzt hin bezta, þeim sem þetta og næst liðið sumar hafa notað leyfið.

Sömuleiðis vill þíngið allra þegnsamlegast mæla með því, að endurnýað verði leyfi það, sem með opnu brèfi 11. maí 1847 var veitt kaupmönnum frá Reykjavík, Eyrarbakka og Vestmannaeyum til siglíngar og verzlunar á Þorlákshöfn, og að Norðmönnum sè leyft að flytja timburfarma til Þorlákshafnar og selja þar á sama veg, sem í öðrum kaupstöðum landsins, eins og í bænarskránni er farið fram á; þetta álítur þíngið hina mestu nauðsyn innbúum Árness og Rángárvallasýslna, því mjög ervitt er þeim að sækja timbur annaðhvort sjóveg til Vestmannaeya eða yfir lángan og grýttan veg til Reykjavíkur, en á Eyrarbakka er optast mikil timburekla, og varla getur þar legið nema eitt skip í senn.

Papafjarðar og Hornafjarðarós skerast inn í landið sinn

hvoru megin við höfðann Vesturhorn í Austurskaptafellssýslu. Beiðendurnir hafa, eins og þingmenn, er til þekkja, nákvæmlega lýst því, hvernin skipalegu er varið í ósum þessum, og virðast þinginu nægileg rök leidd að því, að höfnin í Papafjarðarósi sè óyggjandi; en við víkjandi *innsigling* í Hornafjarðarós vanta enn nægar upplýsíngar. Á allri suðurströnd Íslands, frá Eyrarbakka eður Vestmannaeyum og að Djúpavog í Múlasýslu, eru eingar hafnir nè kauptún; einúngis er til allra hæst leyfi til uppsiglíngar undir Dyrhóla (Portland), en þar er höfn svo ískyggileg kaupmönnum, að þeir hafa ekki viljað eiga á hættu að leggja þar að. Og þar Vesturskaptfellíngar verða að eyða 10 til 15 dögum til kaupstaðaferða sinna, og til þess að komast hjá fleiri ferðum en einni á ári, þurfa að eiga miklu fleiri hesta, en þeim ella væri nauðsynlegt, hikar þíngið ekki við, að mæla allra þegnsamlegast fram með því við yðar hátign, að kauptún verði löggilt við Papafjarðarós, eður ef í tíma yrði sannað, að innsigling væri eins góð og óhult í Hornafjarðarós, þá heldur við þennan ós, þar hann liggur enn betur til aðsóknar.

Þó nú þíngið, eptir því sem hèr að framan er um getið, ekki leyfi sèr að mæla fram með uppsiglíng eður verzlun á nokkrum þeim í bænarskránum nefndu stöðum, þar sem ekki þykir til bera hin brýnasta nauðsyn, finnur það þó, að mjög víða kríngum landið er ærið örðugt til aðdrátta; en á því heldur þíngið að mætti verða ráðin nokkurn veginn góð og landsbúum hagkvæm, og jafnvel ómissandi bót, ef yðar hátign allra mildilegast vildi leyfa öllum kaupmönnum, í hverju kauptúni sem þeir eru búsettir, að flytja og sækja nauðsynja og þúngavöru inn á hverja þá vík eður höfn, sem þeir sjá fært að leggja að skipum sínum, og vill þíngið allra þegnsamlegast mæla með þessu, og að kaupmönnum sè leyft að brúka við þessar vörur vigt og mælir, nefnil. hálftunnumál og 5 £ vigt.

Samkvæmt þessu dirfist alþíng að bera fram fyrir yðar hátign þá allra þegnsamlegustu bæn:

1. í einu hljóði, að utanríkis þjóðum verði sem allra fyrst veitt frjáls verzlun á Íslandi á þann veg, sem tekið er fram í allra þegnsamlegustu bænarskrá alþíngis, dagsettri 4. ág. 1845, að undantekinni 3. og 8. grein, og með þeirri breytíngu á 4. grein, að verzlunarfulltrúum (Generalcon-

suler) hinnar dönsku stjórnar verði feingin leiðarbréf stjórnarinnar til útbýtingar, gegn lögskipuðu endurgjaldi, handa kaupmönnum í þeim ríkjum, sem vilja verzla á Íslandi.

2. með 21 atkvæði gegn 1, að Berufjörður sè ákveðinn aðalverzlunarstaður á Austfjörðum til uppsiglingar fyrir útlenda, í stað Eskifjarðar.
3. í einu hljóði, að útlendum kaupmönnum sè gjört að skyldu að sigla fyrst upp einhvern þessara 6 kaupstaða: Reykjavík, Vestmannaeyar, Berufjörð, Eyafjörð, Ísafjörð eða Stykkishólm, og láta rita þar á leiðarbréf sín og taka heilbrigðisskírteini, áður þeir sigla upp til verzlunar hina aðra kaupstaði landsins.
4. með 18 atkvæðum gegn 4, að löggilt verði kauptún við Krossvík á Akranesi. Eða, með 21 atkvæði gegn 1, ef yðar konúnglegri hátign ekki skyldi þóknast að veita þetta, þá að lausakaupmönnum, hvaðan sem eru, verði leyft að verzla þar um ákveðinn tíma sumarsins, sem fyrir fram sè til tekinn og auglýstur.
5. með 21 atkvæði gegn 1, að Norðmenn megi flytja timburfarma í Þorlákshöfn, og selja þar á sama veg, sem í öðrum kaupstöðum landsins, og að aðflutnings og verzlunarleyfi það, sem veitt var með opnu brèfi 11. maí 1847, verði að öðru leyti endurnýað.
6. í einu hljóði, að kauptún verði löggilt við Papafjarðarós í Austurskaptafellssýslu, en
7. ef uppsigling reynist eins trygg í Hornafjarðar, sem Papafjarðarósi, og sönnun fyrir því getur komið til stjórnarinnar, áður leyfið er gefið, þá sè heldur leyft uppsigling og verzlun í Hornafjarðarósi.
8. með 21 atkvæði gegn 1, að öllum búsettum kaupmönnum í landinu verði leyft að láta flytja og sækja alla nauðsynja og þúnga-vöru inn á hverja þá vík, sem þeim þykir fært fyrir skip sín, með þeim kjörum, sem hvorumtveggja um semur, og brúka við þessa vöru vigt og mæli.
9. að þeir frá verzlunarstöðunum, er þannig flytja farma á þá staði, hvar verzlan enn ekki er leyfð, megi ekki hafa meðferðis minni vigt, en 5 £% lóð með tilheyrandi skál-

um og mundángsreizlu, og ekki minni mælikeröld en hálftunnumál.

Alþingi, 28. dag júlímánaðar 1849.

Allra þegnsamlegast.

H. Stephensen. *H. Jónsson.*

2. Allra þegnsamlegust bænarskrá þingsins, um að frumvarp alþingis til kosníngarlaga, er kjósa skal eptir til þjóðfundarins á Íslandi, sem boðaður er í allra hæstum úrskurði 23. september 1848, allra mildilegast nái lagagildi hèr á landi; bænarskrá þessi er svo látandi:

Til konúngs.

Til alþingis hafa nú komið 4 bænarskrár með uppástúngum um, hversu haga beri kosníngarrètti og kjörgeingi til þjóðfundar þess, sem yðar kgl. hátign hefir allra náðugast heitið að skuli eiga sèr stað hèr á Íslandi, til að ræða um, hversu stjórnarbreytíngunni í Danmörku verði komið hèr við samkvæmt frá brugðnum þörfum og háttum þessa lands, og fjarlægð þess frá aðalríkinu.

Alþíng vissi, að yðar konúnglega hátign ætlaði allra mildilegast að leggja fyrir þíng þetta frumvarp til samkynja kosníngarlaga, sem bænarskrárnar ræða um, og mundi fulltrúi yðar, herra, eiga að færa þínginu frumvarp þetta, og frestaði því alþíng, svo sem ítrast mátti verða, þegar litið var til ens lögákveðna þíngtíma, að búa til uppástúngu-frumvarp að stofni í vandamáli þessu, ef ske mætti, að konúngsfulltrúinn og frumvarpið kæmi; en konúngsfulltrúinn kom ekki fyrri en í gær á þíng, en frumvarpið er enn í dag ólagt fram fyrir þíngið.

5 manna nefnd var kosin til að yfir vega bænarskrárnar og semja uppástúngu-frumvarp til kosníngarlaga frá stofni; var frumvarp það síðan ítarlega rædt á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt og þó umræðum þeim frestað, svo sem fremst mátti; leyfir þíngið sèr nú allra þegnsamlegast að senda yðar konúnglegu hátign uppástúngu-frumvarp þetta, eins og því er breytt með atkvæðagreiðslu þíngmanna, og að bera upp um það álit sitt og ástæður sínar fyrir því á þenna veg:

Alþíngi þókti það hið fyrsta og vandasamasta atriði í þessu máli, að ráða úr því, hvort í þessum kosníngarlögum ætti að fara fram á tvöfaldar kosníngar, eður einfaldar. Til alþíngis hafa komið að undan förnu bænarskrár úr ýmsum hèruðum

landsins um tvöfaldar kosníngar; í þegnlegri bænarskrá alþíngis 7. ágúst 1847 var, með 12 atkvæðum gegn 10, beðizt þessarar sömu kosníngaraðferðar hèr á landi, og konúngsfulltrúinn á alþíngi 1847 lèt það skýlaust í ljósi, að þessi aðferð við kosníngarnar á Íslandi mundi eiga næsta vel við, ef rýmkað væri um kosníngarrètt og kjörgeingi á annað borð. En alþíng ætlar vafalaust, að eins og þá var að eins haft tillit, og varð ekki haft tillit til annars en þess, sem þá var umræðuefnið, um kosníngar til ens *ráðgefanda* alþíngis, og ens þraungva kosníngarrèttar og kjörgeingis til fulltrúaþínganna í Danmörku; en menn gátu ekki vænt þess, að hèr á landi yrði kosníngar rýmri, en þar, nema því að eins að gripið væri til tvöfaldra kosníngа: svo ætlar alþíng það eins auðsætt, að nú sè öllu öðru máli að skipta. Hin frjálslega stjórnarbreytíng sú, sem yðar konúnglega hátign hefir allra mildilegast veitt þegnum yðar, hefir um steypt öllum ráðgefandi samkomum í ríkinu og allri enni þraungari skoðun, sem þær samkomur og kosníngar til þeirra voru bundnar við, og þessi skoðun hefir nú því fremur orðið hèr ríkjandi, sem allur þorri manna hèr á landi hafði og hlaut að hafa miklu meiri mætur á einföldum en tvöföldum kosníngum yfir höfuð að tala, enn þótt nokkrir yrði til þess, að beiðast þessarar kosníngar aðferðarinnar, af því að þeir voru vonlausir um, eins og þá stóð á, að stjórnin vildi veita Íslendíngum beinlínis kosníngarrètt, óbundinn við fjáreign; en það hefir jafnan vakað fyrir landsbúum og alþíngi, að hvergi ætti verr við að binda kosníngarrètt og kjörgeingi við fjáreign, en á Íslandi; því vart er nokkurstaðar auður eður fátækt jafnlítill vottur vitsmuna og mentunar, sem hèr á landi. Þessa skoðun og mætur á einföldum kosníngum, óbundnum við eign, hefir nú landslýðurinn látið skýlauslega og reglulega í ljósi í bænarskrám þeim, sem að þessu sinni eru sendar alþíngi. Ein þeirra er samin, rituð og rædd á hinum forna alþíngisstað landsins við Öxará á fundi, er sóktu nær 200 manna og úr öllum hèruðum landsins nema einu, en 2 aðrar á hèraðsfundum; önnur enna síðar nefndu leggur það á vald alþíngis að fara fram á þá kosníngaraðferðina, sem þínginu þykir betur við eiga, og er hún þó undir skrifuð af innbúum þess hèraðs, er bæði 1845 og 1847 rituðu bænarskrá til alþíngis einúngis um tvöfaldar kosníngar. Allar bænarskrárnar taka það atriði skýlaust fram, að þeim þyki nú svo miklu öðru máli

að skipta, en fyrri, þar sem sè um kosníngar að ræða til almenns þjóðfundar, er kveða eigi upp, hversu fyrirkomulagi hinnar innri stjórnar landsins framvegis eigi háttað að vera, og sambandi þess við aðalríkið. Alþíng hlaut nú því fremur í einum anda að fallast á þessa skoðun málsins, sem það var sannfært um, að hún er bygð á hinum gildustu rökum, bæði þegar litið er á hið mikilvæga ætlunarverk þjóðfundarins, á hugsunarhátt og hugarfar landsbúa og til greindar þeirrar og heilbrigðrar skynsemi, er alþýða hèr á landi er svo jafnkomin að, að allra rómi, mælti og eingium þíngmanna máli tvöfaldra kosníngа, og ekki flutníngsmaður þeirrar einustu bænarskráar, sem að þessu sinni kom til þíngsins um þessa kosníngaraðferðina til þjóðfundarins. Vonar því alþíng allra þegnsamlegast og treystir því staðfastlega, að yðar konúnglega hátign muni allra mildilegast fallast á þetta aðalatriði uppástúngufrumvarpsins, því fremur, sem frumvarp yðar kgl. hátignar til kosníngarlaga þeirra, er kjörið var eptir til ríkisfundarins í Danmörku, og lagt var áður undir álit fulltrúaþínganna í Hróarskeldu og Vebjörgum og þar samþykt, fór fram enni sömu kosníngaraðferð, og eins kosníngarlög þau, sem nú eru orðin gildandi til fólksþíngsins í Danmörku; því alþíng hefir að öðru leyti fallizt á, að öll þau bönd kosníngarrèttarins, sem hann er einskorðaður við í kosníngarlögum Dana, eigi hèr vel við, og eins það atriðið, að óhult sè að binda kjörgeingi að eins við 25 ára aldurinn, þegar búið er að binda kosníngarrèttinn við 30 ára aldurinn og þann veg að tryggja það, svo sem unt er hèr á landi, að kosníngar þjóðfundarmanna fari fram með þeirri skynsemi, alúð og yfirvegun, sem bezt má verða.

Eins og alþíng áleit rètt og órækt, að leggja ætti þá aðalskoðun til undirstöðu fyrir því, að sem óbundnastar einfaldar kosníngar ætti einúngis við til þjóðfundarins, af því fundur sá mundi einúngis eiga að ræða alþjóðleg og stjórnarmál landsins, en eingi mál einstaklegs eðlis; eins fannst þínginu, að halda ætti fast enni sömu skoðun, þegar um aðrar ákvarðanir, er lúta að kjöri þjóðfundarfulltrúanna, er að ræða, og að byggja eigi þær á þeirri skoðun einni, að svo miklu leyti sem því yrði við komið hèr á landi. Þannig taldi alþíng vafalaust, að hefði því á nokkurn veg orðið við komið, að kjósa yfir alt land á einu og sama kjörþíngi, þá hefði það verið eðlilegast

og átt bezt við; en því er þó til ókljúfandi fyrirstöðu víðátta og strjálbygð lands þessa; en þó alþing fyrir þá sök sæi ekki annað fært, en að skipta landinu í kjördæmi og ákveða þau með enum sömu ummerkjum, og verið hefir, að lögsagnarumdæmin ráði, þá þókti auðsætt, að ekki ætti nè mætti fara eptir mismunandi fólksfjölda kjördæmanna, þegar ákveða ætti fulltrúatölu þá, er hvert þeirra kysi, heldur bæri að kjósa jafnmarga úr hverju, þar sem annars vegar væri í hverju um sig kosið fyrir alt landið, en ekki fyrir neinn sèrstakan hluta þess, en hins vegar þó áhætta, ef ætlað væri hinum fámennari kjördæmum að kjósa að eins einn fulltrúa; því vafalaus nauðsyn þókti, að 2 væru kosnir úr hverju enna fjölmennari kjördæma til þessa fundar, er þau bæði sakir forfalla og hins, ef hinn sami væri kjörinn með fleiri atkvæðum annarstaðar, gæti mist af þeim, er þau hefði bezt traust á, og þekti færasta til setu á fundinum, og að einkum mundi hætt við þessu, þegar kjörgeingi næði yfir land alt, sem bæði þókti nauðsyn til þessa alþjóðlega fundar, og svo hins, að kjörgeingi væri yfir höfuð sem frjálsast og óbundnast.

Ef kjörgeingi hefði verið bundið við 3 ömt landsins, mundi það ekki að eins hafa mjög svo takmarkað frelsi kjósenda, að velja þá, er þeir hefðu bezt traust á, heldur mundi og verða að því næsta litill hægðarauki við sendifarir þær og umsvif, sem kosníngar til þjóðfundarins hljóta þó að verða bundnar, sakir þess naumleika tímans, sem auðsèður er fyrir, ef fundurinn á að geta átt sèr stað að sumri komanda, sem alþing um fram alt vonar og treystir.

Alþing sá því það eitt úrræði, þegar á allar þessar ástæður er litið, að stínga upp á því, sem tekið er fram í niðurlagi 20. gr. og í 21. gr. uppástúngu-frumvarpsins, og hyggur þingið, að sú aðferð valdi bæði minnstum umsvifum og kostnaði, enda megi henni vel við koma á þann veg, einkum ef aukapóstgánga væri ákveðin um land alt, rètt á eptir þeim tíma, sem yðar konúnglegu hátign mætti mildilegast þóknast að ákveða, að kosníngar skuli fara fram yfir land alt eptir 11. gr.; því þá mundu skýrslur kjörstjóra komast svo tafarlaust, sem unt er, til stiptamtmannsins. En það ætlar alþing víst, að þessi afskipti hans, enn þótt hann sè æðsti valdstjórnarmaður landsins, og þeirra 2 manna, er hann kýs sèr til aðstoðar, geti einga þá verkun haft á kosníngar landsbúa, sem í nokkru til-

liti sè varúðarverð eður ískyggileg, og það því síður, sem hèr er ekki að ræða um neina beinlínis atkvæðagreiðslu til hans af hendi kjósenda, eins og þó verður að vera með kjörstjórana hèr, enn þótt þeir sèu eiðsvarnir valdstjórnarmenn, heldur að eins að telja greidd atkvæði og auglýsa eptir þeim, hver fulltrúi sè hvers þess kjördæmis, sem ekki hefir kosið neinn innan hèraðs með atkvæðafjölda.

Hvað kostnað þann snertir, sem leiðir af kjöri þjóðfundarmanna, þá fannst alþingi eiga bezt við, að hann yrði greiddur með öllu á sama veg, sem fyrir er lagt í opnu brèfi 6. júlí 1848 um kostnað þann, er leiðir af kjöri alþingismanna.

Það fann og alþing einkar nauðsynlegt, að kosníngarlög þessi mætti komast híngað með póstskipinu í haust, svo kjörskrár yrði ritaðar og undir búnar að öllu í vetur; en kosníngar fari fram að minnsta kosti í öndverðum júnímánuði um land alt; beri út af því, að kosníngarlögin komist hèr til landsins í haust eður á öndverðum vetri, er mjög svo uggandi, að ekki geti orðið kosið svo tímanlega, að þjóðfundurinn verði haldinn hið næsta ár, sem alþing ásamt landsbúum telur hina brýnustu nauðsyn til, en ekki sèr alþing, að ákveða megi, að hann hefji störf sín seinna en 15. júlí 1850.

Af þessum hinum sömu ástæðum álítur alþing einnig nauðsyn, og leyfir sèr þegnsamlegast að biðja, að yðar konúnglegu hátign þóknist að kjósa þá 6 fundarmenn, sem í frumvarpinu er ætlazt til að þèr, herra, kveðjið til þjóðfundarins, svo tímanlega, sem verða má, og svo að það megi spyrjast híngað með póstskipinu, svo að kjósendur í landinu komist hjá að gefa þeim mönnum sín atkvæði.

Alþing leyfir sèr því allra þegnsamlegast og *í einu hljóði* að bera það upp fyrir yðar konúnglegu hátign,

1. að frumvarp það, sem hèr fylgir til kosníngarlaga, eptir hverju kjósa skal til þjóðfundar þess á Íslandi, sem boðaður er í allra hæstum úrskurði 23. sept. 1848, nái samþykki yðar konúnglegu hátignar, og öðlist lagagildi.
2. að kosníngarlög þessi verði send híngað með póstskipinu í haust.
3. að yðar konúngleg hátign mildilegast kjósi þá 6 fulltrúa til þjóðfundarins, sem af yðar hátignar hálfu eiga þar setu,

sem fyrst, og svo tímanlega, að það megi verða alkunnugt, áður þjóðkosníngar fara fram í landinu.

4. að setníng þjóðfundarins sè ákveðin mánudaginn 15. júlí 1850.

Alþíngi, þann 31. dag júlím. 1849.

Allra þegnsamlegast.

H. Stephensen. J. Guðmundsson.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi nú, heiðruðu þíngmenn, hèr meðferðis öll þau frumvörp og málefni, sem hans hátign, konúngurinn, hefir falið mèr á hendur að leggja fyrir alþíngið í ár, sem og einnig auglýsíngu konúngsins til alþíngis um afdrif þeirra málefna, er alþíngið hafði til meðhöndlunar árið 1847. Hefi eg nú síðan í gær látið undir búa frumvörpin til framleggíngar fyrir þíngið, svo vel sem kostur hefir verið á; eru 3 af þeim þegar prentuð, og þar á meðal kosníngarlaga frumvarpið, er eg álít mest áríðandi að rædt verði á þínginu, en af hinu 4., eða erfðalögunum, hefi eg látið taka 3 afskriptir, þar ekki varð við komið í slíkum hasti að prenta þau. Er það nú bæn mín til þíngmanna, að þeir taki hèr þessi málefni fyrir til umræðu, og er það sjálfsagt ósk mín, eins og þíngmanna, hún geti skeð á svo stuttum tíma, sem mögulegt er, og vil eg í tilliti til tímaleingíngarinnar koma mèr nákvæmar saman við þíngmenn og laga mig eptir högum þeirra. Eg álít, eins og nú er komið efnum vorum, í öllu tilliti mjög áríðandi fyrir alla hlutaðeigendur, að mál þessi verði nú hèr á þínginu til lykta leidd, og sèr í lagi kosníngarlögin.

Forseti: Eptir þessari bæn hins hátt virta konúngsfulltrúa vona eg, að ekkert standi því í vegi af þíngsins hendi, að það taki lagafrumvörpin til rannsóknar, og í því skyni leyfi eg mèr að geta þess, að eg hefi lagt niður, sem glöggast mèr var auðið, hversu lángan tíma muni þurfa til að ræða málin, og sè eg ekki betur, en að því megi verða lokið hèr um bil í miðri vikunni, er kemur, svo að þíngi megi verða slitið á miðvikudag, áttunda dag ágúst mánaðar. Þegar nú aðgætt er, að þíngið hefir áður staðið til hins 5. og 7. ágúst, þá ætla eg, að það muni verða geðfeldara mörgum manni, að þíngmenn líti heldur á málin sjálf og á kríngumstæðurnar, heldur en á hagræði sitt, þó sumum kunni að verða bagalegt að dvelja hèr leingur.

Varaforseti: Eg finn mèr skylt, að lýsa því yfir við hinn hátt virta konúngsfulltrúa og forseta, að eg í gærkvöldi, eptir að fundi var slitið, leiddi athuga þíngmanna að því, hvort þeim ekki sýndist, að slaka til með að bíða enn þá nokkra daga, þó hvorki eg nè aðrir gætu fundið það skyldu sína, úr því hinum rètta þíngtíma á annað borð væri lokið, og enda þeim viðbæti, sem stiptamtmaðurinn hefði aukið við hann. Þíngmenn töluðu sig þá saman, og fórust þeim svo orð, að ekki mundu þeir vera ófáanlegir til þessa, ef konúngsfulltrúinn aptur mæltist til þess. Ekki gat þíngmönnum samt skilizt, að kosníngarlaga frumvarp vort einga áheyrn feingi hjá stjórninni með öðrum kosti, en að vèr áður ræddum hið konúnglega frumvarp hèr á þínginu; því vèr höldum, að stjórnin muni vilja gjöra alt, sem hægt er að gjöra, þjóðinni til þóknunar og gagns.

En hitt láta þíngmenn sèr vel skiljast, að hvað kosníngarlögin snertir, geti það orðið þessu málefni til góðs, að menn kynni sèr og færi í nyt þetta konúnglega frumvarp, sem nú er komið til þíngsins; því það er auðvitað, að því fleiri hliðar sem skoðaðar eru á einu máli, því betur skýrist það og upplýsist. Þíngmenn hafa því, eins og eg nú gat um, orðið á það sáttir, að eiga enn nokkurra daga dvöl á þíngi, ef hinn háttvirti konúngsfulltrúi vildi mælast til þess, sem hann og nú hefir gjört.

Ásgeir Einarsson: Af því eg í gærdag heldur andaði móti því, að þíngtíminn yrði leingdur um 14 daga, og þíngtíðindin bera þetta með sèr, finnst mèr skylt, að gjöra grein fyrir því, hvers vegna eg nú gef því atkvæði mitt, að sitja hèr enn fáa daga. Það var fyrst í gærdag, að eg heyrði stiptamtmann, áður hann skildi við oss, leggja góð orð til þess, að vèr ættum hèr enn fárra daga setu, og þókti þínginu það skylt fyrir alla aðstoð hans og alúð, að látið væri að orðum hans. Sömuleiðis hefir varaforseti mælzt til þess, og á hann það einnig skilið að sínu leyti. Mèr fannst líka töluverður munur á því, hvernig konúngsfulltrúanum fórust orð í gærdag, og nú. En þó konúngsfulltrúinn í gær vildi taka ábyrgð á, þó þíngtíminn yrði leingdur, veit eg ekki, hvort hann getur tekið þessa ábyrgð upp á sig í tilliti til þjóðarinnar, og enda kynni það að þykja hörð krafa, að ætlast til þessa; held eg

því, að sú ábyrgð hljóti að nokkru leyti að liggja á þingmönnum sjálfum, og getur það verið, að þjóðin verði væg í kröfum sínum við þá, þegar hún sèr, að þetta hefir helzt verið í þeim tilgángi, að breiða sig út yfir þær yfirsjónir stjórnarinnar, er henni hafa orðið á gegn 41. grein alþingistilskipunarinnar; því þegar þingið í þessu efni hefir gjört allt, hvað í þess valdi stóð, til að hliðra til við stjórnina, hefir þjóðin því meiri ástæðu til að vonast eptir góðri áheyrn og bænheyrslu stjórnarinnar í svo áríðandi máli, og mun þjóðin ei ásaka þingmenn, þó hún verði að leggja fram þetta friðþægingaroffur, sem líklega aldrei verður meira, en fimm eða sex hundruð dalir.

Forseti gat þess, að mörgum mundi vera það geðfelt, að frumvörp þessi yrðu rædd, en það er þó ætlun mín, hvað kosníngarlaga frumvarpið snertir, að það, ef stránglega verður fram fylgt ákvörðunum þess, muni koma einhverjum þeim orðum af stað, sem betur væru ótöluð. Hvað erfðalaga frumvarpið áhrærir, þá held eg það vera vandamál; eg veit til þess, að missmíði þóktu vera á frumvarpi þessu, eins og það var úr garði gjört frá alþingi 1847. En þar eð eg enn þá ekki hefi átt kost á að lesa frumvarpið, veit eg ekki, hvort nokkur breytíng er gjörð á því, en lögmál þetta á leingi að vara, og þyrfti því að vanda það sem bezt.

En þó því yrði nú ekki aflokið á þessu þíngi, mundi það ekki valda miklum skaða, en það yrði altènd til þess, að það gæti komið fyrir augu þjóðarinnar, eins og alþingi óskaði 1847, að hin konúnglegu frumvörp yrðu auglýst fyrir fram, og virðist nú, eins og höfuðskepnurnar hafi opnað sinn munn til að viðurkenna þessa nauðsyn og rètt þjóðarinnar. Rekalaga frumvarpið er ekki lángt, og er líklegt, að það tefji ekki lángan tíma; Eg ætla því það mundi nægja að leingja þíngtímann til næst komandi þriðjudags, og gef eg því atkvæði mitt.

Þ. Sívertsen: Það er bæði vegna tilmæla þeirra, er nú komu fram frá hálfu ens hæstvirta konúngsfulltrúa, og einkum vegna hinna mikils metandi ummæla, er herra stiptamtmaðurinn hafði í gær, hver eð á skilda alla mögulega tilhliðrun þíngsins, að eg ætla ekki að mæla á móti leingingu þíngtíma um 8 daga, að þessum með töldum, og ætla eg það muni nægja, ef vel er á haldið, en úr því sá tími er liðinn, get eg eingan veginn tekið hlutdeild fremur í þessa þíngs störfum,

og er eg því, að svo miklu leyti snertir 8 daga frestinn, samþykkur hinum virðulega þingmanni Strandasýslu.

Forseti: Ekki virðist mèr nauðsyn að ákveða um daginn, því þegar svo lángt er komið, mun vera nógur tími til að fastráða um það, og skil eg ekki, að af því þurfi að leiða neinn drátt, en ef munaði svo sem einum degi, mundi þar af varla rísa ummæli, svo lokið yrði sæmilega við málin. Ef einginn þingmanna er fastur á, að þetta atriði verði ákveðið, þá ætla eg ekki að leita atkvæða um það.

Ásgeir Einarsson: Eg er heldur ekki fastur á því, að leitað verði atkvæða.

Varaforseti: Eg verð þó að ætla, að hinum hátt virta konúngsfulltrúa sè áríðandi, að vita það nú þegar, hvað þingtíminn mest muni verða leingdur, svo hann strax geti sèð, hvort hann muni fá komið fram málum stjórnarinnar; því sjái hann, að tími sá, er ákveðinn verður, muni nægja, vill hann líklega heldur takast þá ábyrgð á herðar, sem hann hefir heitið þinginu, en ella.

Forseti: Eg skildi ekki orð hins hátt virta konúngsfulltrúa öðruvísi en svo, að hann vildi taka að sèr ábyrgð á leingíngu tímans, að því leyti sem til stjórnarinnar heyrir, því annað kemur honum ekki við; hann sèr heldur eigi betur en aðrir, nú sem stendur, hve nær nefndarálit verði búin, en undir því er að miklu leyti komin umræða málanna, og verður þetta fyrst sèð, þegar nefndir eru kosnar og út í málin er komið, enda þó eg voni, að heppilega takist með kosníngarnar, og að þingið hafi lag á að neyta krapta sinna sem bezt, en þetta er ekki svo hægt að sjá, fyrr en nefndir eru kosnar, og er alt undir því komið, eins og eg hefi áður sagt.

Guttormur Vigfússon: Eg hreifði því að vísu í gærdag, að eg vegna ýmsra kríngumstæðna og heimilisásigkomulags míns ætti bágt með, að eiga leingur setu hèr á þíngi, en þegar eg heyri nú, að þingtíminn ekki muni verða leingdur nema í mesta lagi til annars miðvikudags, get eg þó ekki feingið af mèr, að slíta fèlagsskap við þíngmenn, og það því síður, sem eg vona, að tíminn kunni þó að verða styttri; því bæði eru nú allir vinnukraptar þíngsins til taks, og eins vona eg og veit, að hver þíngmanna muni leggja alt sitt fram, til þess að með þíngleingíngu þessari ekki verði varpað þýngri byrði á þjóðina, en minnst verður. Eg ætla þá að lýsa því yfir, að eg

mun bíða þángað til annan miðvikudag, og vildi eg leyfa mèr að spyrja hinn hátt virta konúngsfulltrúa, hvort hann ekki gjöri sig ánægðan með það.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki annað en gjört mig ánægðan með þá tímaleingíngu, er þíngmenn hafa upp á stúngið, því eg vona, að þínginu takist, þegar allir vinnukraptar þess eru brúkaðir, að ræða á honum málefnin til hlítar; að öðru leyti er það sjálfsagt, að hverjum þíngmanni er frjálst að yfir gefa þíngið, þegar kríngumstæður hans leyfa honum ekki leingur hèr að dvelja. Þetta hindrar ekki heldur löglega meðferð málefnanna, svo framarlega sem ekki fara burtu svo margir, að ei sè nógu margir eptir til að greiða löggild atkvæði.

Steffán Jónsson: Af því eg í gær talaði fáein orð á þá leið, að eg væri algjörlega mótfallinn, að þíngtíminn væri leingdur um 14 daga', sem þá var umtalsefnið, þá vil eg aptur nú láta þess getið, að fyrst þrír merkismenn hafa síðan með miklum og góðum orðum farið þess á leit, að þíngmenn dveldu hèr enn nokkra daga, þá vil eg í því tilliti ekki brúka neitt stíflyndi, heldur fyrir þessara manna góðar tillögur dvelja hèr við þíngið, eptir sem nauðsyn krefur, eina 7 eða 8 daga, í því skyni að það verði stjórninni og þjóðinni til gagns og geðþekknis.

Jakob Pètursson:: Eg er því fúsari til að gefa þessu atkvæði mitt, sem eg fyrir fám dögum lèt það í ljósi, að eg heldur vildi sitja kauplaust einn dag á þíngi, en að málinu, ef til vildi, væri unnið ógagn með því að bíða ekki konúngsfulltrúans, sem þá var von.

Forseti: Eg verð því að álíta það samþykt af þínginu, að nefndir verði kosnar til að íhuga þau hin konúnglegu frumvörp.

Þá lagði konúngsfulltrúi fyrst fram:
konúnglega auglýsíngu til alþíngis, um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1847; auglýsíng þessi er svo látandi:

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum Voru trúa alþíngi kveðju Guðs og Vora!

Ánægjusamlegt hefir Oss verið, að sjá það af störfum al þingismanna Vorra árið 1847, hve dyggilega þeir hafa kappkostað, að efla gagn Vort og landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur þingsins um lagafrumvörp þau, er undir það voru borin, og önnur álitsmál þess og uppástungur, og munum Vèr nú skýra frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið:

I.

Þessar rjettarbætur hafa birtar verið um þau mál, er Vort trúa alþingi hefir sent Oss tillögur um:

1) 27. maí 1848, tilskipun, um nýan jarðadýrleika á Íslandi;
2) 6. júlí 1848, opið brèf, um breytíng á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. í reglugjörðinni 8. janúar 1834;
3) 6. júlí 1848, opið brèf, um kostnað þann, er leiðir af kjöri alþingismanna framvegis, o. fl.;
4) 18. júlí 1848, opið brèf, um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn og önnur þar við riðin útgjöld.

Á rèttarbótum þessum getur Vort trúa alþingi sèð, að athugasemdir þingmanna við frumvörp þau, er undir það voru borin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og frumvörpin þar eptir löguð, skýrð og aukin.

Þar að auki var frumvarp til veiðilaga á Íslandi borið undir Vort trúa alþingi, og hefir það sent Oss þar um tillögur sínar. Þessi lög eru enn ekki fullbúin, og valda því hin miklu og vandasömu málefni, er nú fá ríkisstjórninni nóg að starfa. En von er um, þau geti orðið gefin út svo tímanlega, að þau komist alþingi þessu í hendur.

Eptir tillögum Vors trúa alþingis í álitsskjali þess um hverjar almennar rèttarbætur, þær er birzt hafa fyrir Danmörk árin 1845 og 1846, ráðlegt mundi vera að lögtaka á Íslandi, verður frumvarp til nokkurra breytínga á erfðalögunum borið undir þingið.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er Vort trúa alþingi hefir sent Oss, birtum Vèr alþingismönnum:

1) Þar sem Vort trúa alþingi hefir þegnlega beðið um, að

breyting væri gjörð á fyrirkomulagi spítalanna og læknaskipuninni á Íslandi, höfum Vèr lagt konúnglegan úrskurð Vorn á það mál 12. ágúst 1848, og er hann auglýstur í opnu brèfi dómsmála stjórnardeildarinnar 23. dag sama mánaðar. En er Vort trúa alþíngi hefir stúngið upp á því, að frumvarp til nýrrar reglugjörðar um spítalahlutina mætti verða borið undir þíngið, þá eru svör embættismanna þeirra á Íslandi, sem þar um hafa verið spurðir, að nokkru leyti enn ókomin.

2) Vegna þess alþíngi hefir beðið um, að tilskipanirnar: 29. maí 1744 um sunnudaga helgihald, 27. maí 1746 um húsvitjun, 3. júní 1746 um húsaga og tilskipunin sama dag um hjúskaparmál, mætti verða lagfærðar, höfum Vèr látið biðja embættismenn á Íslandi um tillögur sínar. En af því þær eru ekki enn komnar frá öllum þeim, er málinu ekki svo lángt komið, að frumvarp þar um gæti orðið borið undir þíngið. Það hefði heldur ekki verið ráðlegt nú, þegar breyting á skipun alþíngis og starfa þess er fyrir höndum.

3) Oss hefir þókt ísjárvert, í þetta skipti að veita Voru trúa alþíngi bæn sína um að leyft sè að hafna sig og verzla í Sauðárkrók á Skagafirði; því bezt þykir henta, þar sem ekki ber bráð nauðsyn til, að öllum slíkum breytíngum á verzlunarlögum þeim, sem nú eru, verði skotið á frest, þángað til öllu fyrirkomulagi hinnar íslenzku verzlunar verður breytt.

4) Þar sem vort trúa alþíngi hefir beðið þess, að lagafrumvörp þau, sem bera skal undir alþíngi, verði auglýst almenníngi hálfu ári fyrir þíng, þegar því verður við komið, viljum vèr ekki gefa Voru trúa alþíngi neitt loforð, sem kríngumstæðurnar optast nær mundu banna Oss að halda.

5) Þar sem Vort trúa alþíngi hefir þegnlega beðið um nokkrar breytíngar á skipun alþíngis, gjörum Vèr því kunnugt, að Vèr, eptir konúnglegu loforði Voru í brèfi Voru 23. sept. í fyrra, látum nú bera undir þíngið frumvarp til kosníngarlaga, og á eptir því að kjósa þíngmenn, er falið skal á hendur að starfa að frumvarpi, sem skipar fyrir, hverja stöðu Ísland skuli hafa í fyrirkomulagi ríkisins, og segir um leið, hvernig breyta skuli alþíngi og starfa þess.

6) Vort trúa alþingi hefir beðizt þess, að tillögur þess um byggingarmála á konungsjörðum verði teknar til greina við samninginn á nýum landbúnaðarlögum. Gjörum Vèr alþingi kunnugt, að þetta mál skal verða íhugað, þegar farið verður að semja ný landbúnaðarlög handa Íslandi.

7) Vér höfum veitt Voru trúa alþingi hæn sína, að verja megi til bókasafns handa þinginu 300 ríkisbánkadölum í fyrsta sinn, og síðan 100 rbd. í hvert skipti sem alþing verður haldið ákveðinn tíma, og sè því fè jafnað til greiðslu með öðrum alþingiskostnaði. Skal alþingi fá nákvæmari skýrslu um það mál.

8) Eptir þegnlegri beiðni Vors trúa alþingis, skulum Vèr, þegar farið verður að semja landbúnaðarlögin, láta íhuga nákvæmlega það sem á þinginu er sagt um bænarskrá þá, er því hafði verið send um aftöku mannslánanna.

9) Þar sem vort trúa alþingi hefir stúngið upp á því, að undir næsta þing yrði borið frumvarp um, að settir skuli verða vörumatsmenn í verzlunarstöðunum við Faxaflóa, til að meta saltfisk þann, sem fluttur er til útlanda, hefir Oss þókt ísjárvert að fallast á þetta, því, þó ekki væri annað, er þetta málefni samtvinnað við breytíngu þá á verzluninni, sem í vændum er, og ætti því að bíða hennar.

10) Þar sem vort trúa alþingi hefir þegnlega beðizt, að íslenzkan á lögum þeim, sem hèr eptir eru sett á Íslandi, verði staðfest með konúnglegri undirskript, getum Vèr ekki, eptir því sem ástadt er, veitt því bænheyrslu.

Til staðfestíngar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið um getið, höfum Vèr sent Yður þessa auglýsíng Vora, og hefir Vort trúa alþingi hylli Vora og konúnglega mildi.

Gefið í höll Vorri Friðriksborg, 19. maí 1849.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

Konúngsfulltrúi lagði því næst fram lagafrumvörp, er stjórnin hafði sent alþingi, og eru þau þessi:

1. lagafrumvarp um kosníngar til þíngs þess á Íslandi, sem heitið er í konúngsbrèfi 23. september 1848.
2. frumvarp um nokkrar breytíngar á opnu brèfi 4. maí 1778, um reka á Íslandi.
3. frumvarp um breytíngu á erfðalögunum.
4. frumvarp til opins brèfs, um hve nær manntalsþíng skuli halda í Norðurmúlasýslu.

Síðan lagði konúngsfulltrúi fram tvö konúngleg álitsmál:

1. um sameiníngu á Suður og Norðurþíngeyarsýslu.
2. um sameiníngu Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

Að lyktum lagði konúngsfulltrúi fram konúngsúrskurð 19. maí 1849, að verja megi ttl bókasafns handa alþíngi 300 ríkisbánkadölum í fyrsta sinn, og síðan 100 rbd. í hvert skipti sem alþíngi verður haldið ákveðinn tíma.

Þá tók forseti fram lagafrumvarpið um kosníngar, og stakk upp á, að kjósa skyldi 5 manna nefnd í það mál.

Jón Guðmundsson spurði, hvort það mundi vera leyfilegt, að kjósa í nefndir á þessum fundi, þegar litið væri til alþíngistilskipunarinnar.

Forseti kvaðst ætla, að ákvörðun þeirri, sem stendur í 62. og 64. gr. alþíngistilskipunarinnar, hafi verið fullnægt í gær, þegar konúngsfulltrúi skýrði þínginu frá, hver frumvörp hann hefði með að fara.

Varaforseti kvaðst vera þessu samþykkur.

Síðan voru í nefnd þessa kosnir: konferenzráð Sveinbjörnsson, Jón Guðmundsson og Varaforseti með 23 atkvæðum hver, assessor Johnsen með 22 og Steffán Jónsson með 20.

Því næst var tekið fram frumvarpið um breytíngar á rekalögunum, og fèllust allir á, að kosin yrði þriggja manna nefnd í þetta mál; voru síðan kosnir í nefndina þessir þrír: asssesor Kristjánsson með 20, Ásgeir Einarsson með 18 og umboðsmaður Ólsen með 14 atkvæðum.

Þá var tekið fram frumvarp um breytíngu á erfðalögunum, og urðu menn ásáttir um, að velja 5 manna nefnd í það mál; voru þeir kosnir: kammerráð Magnúsen með 19, sýslumaður Th. Gudmundsen með 18, jústizráð Thorstensen með 17, umboðsmaður Sívertsen með 15 og Sigurður Brynjúlfsson með 11 atkvæðum.

Því næst tók forseti fram frumvarp til opins brèfs, um hve nær manntalsþíng skuli halda í Norðurmúlasýslu, og kvað sèr virðast, að eigi mundi nauðsyn á, að kjósa nefnd í það mál, nema svo væri, að einhver þíngmanna óskaði þess, eptir því sem fyrir er mælt í 64. grein alþíngistilskipunarinnar; mundi þá nægja, að þíngið legði á það samþykkis-atkvæði á næsta fundi.

Enginn óskaði þá nefndar, og fèllust allir á það, er forseti sagði.

Þá var tekið fram hið konúnglega álitsmál um sameiningu á Suður og Norðurþingeyarsýslu, og kosnir í nefnd þessir þrír: Jón Jónsson með 21, og Jakob Pètursson og Guttormur Vigfússon, hvor með 19 atkvæðum.

Forseti: Konúngsfulltrúinn hefir enn framar þókzt verða að leggja fram fyrir þingið konúnglegt álitsmál um sameiningu á Mýra og Borgarfjarðarsýslum; enn þó þetta mál sè rædt hèr áður á þinginu, þá virðist mèr það rèttast, fyrst málið er nú lagt fram, að þingið kjósi menn í nefnd til að rita um það álit sitt, þó svarið verði að líkindum ekki annað, en að vísa til hins fyrra álitsskjals.

J. Johnsen: Mèr skilst ekki, að hèr beri nokkra nauðsyn til að kjósa nú að nýu nefnd í þetta mál. Nú er að vísu af stjórnarinnar hálfu leitað álits í þessu máli; en þingið er þegar búið að segja upp álit sitt í því enu sama eptir ósk landsmanna og að skýra frá því og ástæðunum þar fyrir, bæði í umræðum á þinginu og í bænarskrá til konúngs. Eg sè því ekki betur, en að þeim tíma og kostnaði sè eydt til ónýtis, sem varið yrði til, nú aptur að ræða þetta mál hèr á þingi, og að þingið ekki geti annað en skírskotað til síns fyrra álits um það.

Konúngsfulltrúi: Mèr finnst það vera að forminu til rèttara, sem forseti hefir upp á stúngið, því hèr er ekki um konúnglegt frumvarp að gjöra, hvar um þingið eptir alþingistilskipunar 64. gr. undir vissum kringumstæðum getur greidt atkvæði, án þess að nefnd sè sett, heldur er hèr um álitsmál að gjöra, hvar í stjórnin hefir fram lagt ástæðurnar með og mót, og vill um þær heyra alþingisins álit.

Kr. Magnusen: Mèr getur þó ekki sýnzt nein þörf á því, að nefnd verði sett, þar sem þingið áður hefir tekið við þremur bænarskrám úr vesturamtinu um þetta efni, rædt svo málið, og samið bænarskrá til konúngs, og fært til þess rök og ástæður, að sameiníng þessi ekki sè hentug.

Varaforseti kvað það líka aðgætandi, að í bænarskrá þingsins væru einnig teknar fram allar hinar sömu greinir og í álitsmáli þessu; því þar væri eins talað um aðskilnað Hnappadalssýslu frá Mýrasýslu, eins og um sameiningu Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

Forseti kvaðst reyndar vita, að svo væri, en sagðist þó enn ætla rèttara að forminu til, að nefnd væri kosin, og gæti hún þá eins skírskotað til hins fyrra skjals í öllum atriðum.

J. Johnsen: Mèr er óskiljanlegt, að hèr geti verið hið allra minnsta undir *forminu* komið. Þingið hefir þegar að fyrra bragði sagt álit sitt um málið á svo löglegan hátt, sem orðið getur, og eg ætla óyggjandi, að álitið komi fram í eins löglegu formi í bænarskrá frá þinginu, eins og í álitsskjali, og að ekkert gjöri til sakar, hvort nafnið það skjal ber, sem inni heldur *þetta álit* þingsins.

J. Thorstensen kvað sèr virðast formlegra að kjósa nefnd.

Ásgeir Einarsson og sýslumaður *Th. Gudmundsen* mæltu fram með nefnd, en varaforseti kvað þó mundi aukast tímatöf af því, ef nefnd væri kosin; því þá yrði þó að ræða málið á lögskipaðan hátt.

Forseti: Mèr skilst svo eptir 64. gr. í alþingistilskipuninni, að þegar einhver óskar nefndar í slíkum málum, þá eigi nefnd að kjósa.

J. Johnsen: Það er eptir 64. gr. alþingistilskipunarinnar sjálfsagt, að málið verður að koma undir nefnd, þó ekki nema einn þingmanna óski þess.

Því næst voru þrír menn kosnir til nefndar: kammerráð Magnusen og umboðsmaður Þ. Sívertsen með 17 atkvæðum hvor og varaforseti með 11 atkvæðum.

Forseti: Þá er að eins eptir hinn konúnglegi úrskurður um bókasafn þingsins, og óska eg, að tala mig saman við þingmenn um það mál, áður en það kemur til ályktunar á fundi. Eg ætla nú hentast, að nefndirnar fái tíma til starfa sinna á morgun, og vil eg því ekki ákveða fund, en eg skal boða í tíma, hve nær fundur getur orðið. Eg vona þingsins vegna, að málunum verði hraðað, svo sem kostur er á, og vænti eg, að nefndarálitin á hinum einfaldari málum geti orðið búin og lögð fram annað kvöld.

Konúngsfulltrúi: Þegar framsögumenn eru kjörnir í nefndunum, geta þeir snúið sèr til mín, og skal eg láta þeim í tè allar þær upplýsingar í málunum, sem í mínu valdi stendur.

Því næst sagði forseti fundi slitið.

---

2. ágúst — þrítugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Barðstrendinga, sem til kynt hafði forseta forföll sín, að mæta á þessum fundi.

Forseti til kynti þinginu, að hinn annar konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar, prófastur sèra Haldór, væri farinn frá þinginu, en konúngsfulltrúinn hefði aptur kvadt til þings varaþingmanninn, prófessor P. Pètursson, er nú væri mættur á þessum fundi.

Þingbók frá síðasta fundi var upp lesin og samþykt.

Því næst leitaði forseti atkvæða þingsins um frumvarp til opins brèfs, um hve nær manntalsþing skuli halda í Norðurmúlasýslu, og var það samþykt með 22 atkvæðum gegn 1, að þingið skyldi semja álitsskjal til konúngs, um að frumvarpið öðlist lagagildi.

Forseti gat þess, að þar eð ekkert álitsskjal hefði í gærdag komið frá nefndunum inn á lestrarsalinn, gæti einginn fundur orðið haldinn að morgni.

Því næst var fundi slitið.

---

4. ágúst — þrítugasti og annar fundur.

Allir á fundi, nema assessor Kr. Kristjánsson, sem til kynt hafði forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Konúngsfulltrúi: Áður en þingstörf byrja í dag, vil eg geta þess, að eins og þeim heiðruðu þingmönnum er kunnugt af hinni konúnglegu auglýsingu til alþingis, þá hafði stjórnin undir hendi frumvarp til veiðilaga fyrir Ísland, um hver alþingi það, er haldið var ár 1847, hafði sent konúngi álit sitt. En vegna þeirra miklu og margbrotnu starfa, er stjórnin um sinn hefir á hendi haft, var ekki búið að gánga frá lagafrumvarpi þessu til fullnustu, þegar eg fór frá Kaupmannahöfn, svo að lagaboðið fullbúið gæti með mèr komizt, hvar á móti hin konúnglega auglýsíng gefur von um, að það muni verða svo snemma fullbúið, að það verði hingað sent, áður en alþingi er slitið í ár. Eg hefi nú í gærkvöld með Eyrarbakka skipinu feingið hina konúnglegu tilskipun í þessu málefni, eða um veiði á Íslandi, og afhendi hana því hèr með hinum hátt virta forseta og þeim heiðruðu þingmönnum.

Þá tók varaforseti fram til undirbúníngsumræðu konúnglegt álitsmál um sameiníngu Suður og Norðurþíngeyarsýslu, og

fèkk nefndarálitið í þessu málefni framsögumanni, Jóni Jónssyni, er las það upp svo hljóðandi.

Hið heiðraða alþingi hefir á einum fundi sínum kosið okkur undir skrifaða í nefnd, til að hugleiða og segja meiningu vora um eitt konúnglegt álitsmál, við víkjandi því, hvort ráðlegra sè að sameina aptur Norður og Suðurþingeyarsýslur, og gjöra þær að einu lögsagnarumdæmi, eins og þær höfðu verið alt að 1840, eða að öðru leyti að þær skyldu vera að skildar og hafa sinn sýslumann hvor, eins og verið hefir síðan 1841, og til nálægs tíma. Nefndin hefir rækilega hugleidt þetta málefni, og eptir sem hún bezt gat, kynt sèr þær ástæður um þetta efni, sem henni voru í hendur seldar, og borið þær saman við eigin þekkingu sína, þar allir nefndarmenn erú að meira eða minna leyti kunnugir ásigkomulagi þessara sýslna, og það bæði áður og eptir að þeim var skipt í sundur. Að saman bornum álitum og skýrslum amtmannanna, Thorarensens og Johnsens, til rentukammersins um þetta efni, virðist nefndinni ástæður hins síðar nefnda vera á talsvert betri rökum bygðar, og er hún honum samkvæm í, að sýslur þessar, þó þær verði sameinaðar, muni ekki verða víðlendari eður örðugri yfirsóknar, en hin önnur umfángsmeiri lögsagnarumdæmi hèr og hvar í landinu, og eingan veginn jafn-erviðar og Skaptafellssýsla öll nú er. Þegar Suðurþingeyarsýsla er skoðuð út af fyrir sig, meinar nefndin, að hún sè einhver hin hægasta sýsla landsins í samburði við fólksfjölda hennar; því hvar sem sýslumaðurinn byggi í henni, ætti hann aldrei eiginlega yfir neinn fjallveg að fara millum hennar 7 hreppa, og væri hann búsettur hèr um bil í miðri sýslunni, ætti hann hvergi leingra en eina dagleið á sumrum til hennar yztu takmarka, og er þá auðsætt, að Suðurþingeyarsýsla, eins og hún nú er, er lángt um hægari en Eyafjarðarsýsla, og kemur það eingan veginn saman við álit amtmanns Thorarensens í þessu efni. En þegar aptur er litið á Norðurþingeyarsýslu út af fyrir sig, játar nefndin það, að sá partur er lángsóktur yfirferðar vegna heiðarveganna, og er mèr, Jakobi Pèturssyni, það kunnugast, að mikilsverð torveldni er á öllum viðskiptum Svalbarðs og Sauðanes-hreppa, sem liggja fyrir norðan Axarfjarðarheiðina, við sýslumann þann, sem sæti í suðurpartinum, bæði vegna vegaleingdar og fannfergju á vetrum, einkum meðan póstgaungur ekki eru á kveðnar í eður nálægt því takmarki. Kemur nefndinni þó saman um, að

mjög sè ísjárvert að hafa sýslumann í norðurpartinum og kosta þannig upp á einn embættismann fleira, en nauðsyn út heimtir, vegna þessara tveggja áminnztu hreppa; því það ætlar nefndin, að ef sýslumaður byggi t. a. m. í Húsavík, muni það hvorki vera eiginlega ofætlun innbúum suðurpartsins, og ei heldur innbúum norðurpartsins fyrir vestan Axarfjarðarheiði, að eiga öll nauðsynleg viðskipti við sýslumann sinn, eða honum við þá. Yrði því eiginlega spursmálið, hvort ráðlegt væri vegna hægðarinnar fyrir þá áminnztu tvo hreppa, að hafa einum sýslumanni fleira í landinu, en annars þyrfti. Þegar nefndin hefir nákvæmlega gefið gaum að öllum kríngumstæðum, 1) hvað norðurparturinn hefir fáa innbyggjendur, jafnvel færri en Strandasýsla, sem þó þykir einhver hin ríngasta að inntekt hèr á landi, og hvað samboðið það sè tilgángi sýslumannsembættisins, að sýslumaður vegna ofumfángslítilla skyldustarfa, og um leið of lítilla embættislauna þurfi eða neyðist til, að gefa sig út til búsýslu starfa, eins og áður nefndur amtmaður Thorarensen hefir þó bent til að sýslumaður norðurpartsins mundi þó verða að gjöra. 2) þegar litið er yfir höfuð á þá margvíslega löguðu sèrstöku útkjálka landsins, muni verða víðar en í þessum parti, sem einstök pláz hljóti óumflýanlega að sæta þeim vankvæðum, að vera í fjarlægð við sýslumann sinn, t. a. m. norðasti hreppurinn í Strandasýslu, og víðar. 3) þegar, eins og vonað er eptir, að (Postvæsenet) brèfburðarmálefnum landsins verði innan skamms komið í betra og skipulegra horf, en hingað til hefir verið, muni þess verða gætt, að hinum áður nefndu hreppum verði gjört hægra fyrir, en verið hefir, með öll brèfaviðskipti við sýslumann sinn. 4) að ávalt mundi fara bezt, að hver embættismaður, hvort hann er andlegrar eða veraldlegrar stèttar, hafi nóg og fullkomið að vinna í stöðu sinni, svo hann ætíð finni, hvað árvekni, iðni og regla er nauðsynleg og affarasæl, en að sá embættismaður fái svo góð laun, að hann geti kostað til embættisfærslu sinnar, og feingið sèr nauðsynlega hjálp til framkvæmdar henni, ef með þarf, en geti aldrei afsakað hirðuleysi sitt eður ófullkomlegleika með því, að hann hafi svo lítil laun, að hann þess vegna ekki geti gegnt köllun sinni, eins og vera ber. 5) að aldrei fyrri en 1840 muni hafa verið hreift þeirri meiníngu, að nokkur virkileg nauðsyn bæri til, að skipta sundur Þíngeyarsýslu, og öllum nefndarmönnum er það kunnugt, að embættis-

færsla kansellíráðs Th. Björnsens um 40 ár í þeirri sýslu allri var einhver hin bezta og fullkomnasta, og undu sýslubúar því allir vel, þó lángsókt væri til hans sumstaðar frá.

Að þessu og fleiru hèr að lútandi athuguðu, virðist nefndinni mikilvægar ástæður til, að mæla fram með því, að Suður og Norðurþíngeyarsýslur verði aptur sameinaðar í eitt lögsagnarumdæmi, eins og frá alda öðli verið hefir, en sýslumanninum sè gjört að skyldu, að búa í eður við Húsavík, svo sem þeim stað, sem yfir höfuð að tala muni hentugastur sýslubúum að ná til hans, og honum til þeirra. Sýnist nefndinni, að sýslan muni þá líka verða svo góð til inntekta fyrir sýslumanninn, að í samburði við hinar betri sýslur landsins muni mega hækka afgjald hennar, sem nú er 200 rbd. af báðum, alt til 250, eða jafnvel 300 rbd. Hvað hinum svo nefnda Austurhrepp á Lánganesi við víkur, og sem áður heyrði til Múlasýslu, játar nefndin, að hann sè lakast staddur í tilliti fjarlægðar, hvort sem hann væri sameinaður Þíngeyar eða Múlasýslu. Álítur nefndin, að ekki mundi óráðlegt, að veita Þíngeyarsýslu með því skilyrði, að hreppur þessi mætti seinna meir sjálfur ráða því, undir hvort lögsagnarumdæmið hann skyldi heyra, eptir sem honum sýndist sèr hentugra. Svo er líka ástadt, að á vestari enda Þíngeyarsýslu eru 2 bæir (ytri og syðri Varðgjá), sem í tilliti allra andlegra rèttinda sinna eru háðir Eyafjarðarsýslu prófastsdæmi; þækti nefndinni því æskilegt, að sýslan væri veitt með því skilyrði, að þessir 2 bæir, ef þeir sjálfir kysu það, mættu hníga undir Eyafjarðarsýslu í öllu verzlegu tilliti.

Nefndin að vísu saknar þess, að bænarskrá frá hlutaðeigendum Þíngeyarsýslu ekki hefir komið til þíngsins um þetta efni; en þó ætlar hún, að ekki mundu hafa komið fram svo mikilvægar ástæður, að nefndin hefði þeirra vegna komizt á aðra sannfæríngu, en hún nú hefir, og er það hennar álit, eptir öllu framan töldu, að þíngið eigi að biðja konúnginn:

að sameinaðar verði aptur eptir framan sögðu Suðurþíngeyarsýsla og Norðurþíngeyarsýsla í eitt lögsagnarumdæmi, sem einn sýslumaður hafi yfir að skipa, eins og áður var, alt svo leingi ekki finnst nauðsyn til að breyta algjörlega takmörkum hinna gömlu sýslnaskipta hèr á landi.

Reykjavík, dag 2. ágústm. 1849.

J. Jónsson. G. Vigfússon. J. Pètursson.

Framsögumaður, Jón Jónsson: Jeg finn ekki ástæðu til, nefndarinnar vegna að fara mörgum orðum um þetta hennar álitsskjal; einúngis vil eg leyfa mèr að geta þess, að hún ætlaðist til, að ef Suður og Norðurþíngeyarsýsla verða sameinaðar og veittar einum sýslumanni, mundi þó bezt, vegna víðlendis, sem þá verður á sýslunni allri, að láta hana þá vera 2 kjördæmi, t. a. m. eins og Skaptafellssýslu, en nefndin tók það að vísu ekki fram, og var það af því, að kosníngarlaga frumvarp þíngsins sjálfs í 2. § á kveður með fullum orðum, að kjördæmin séu framvegis þau sömu, og nú eru, en nú er Þíngeyarsýsla öll 2 kjördæmi, og þetta meinar nefndin að fái lagagildi. Nefndin óskar svo, að heyra álit og meiníngar þíngmanna um málefnið sjálft, áður en eg finni nauðsyn til, hennar vegna að fara hèr um fleiri orðum.

Konúngsfulltrúi: Frá minni stöðu, sem fulltrúi stjórnarinnar, get eg ekki haft neitt á móti uppástúngu nefndarinnar, er miðar til þess, að þíngið ráði til að sameina aptur Norður og Suðurþíngeyarsýslu, og það því síður, sem það ætíð hefir verið mín persónulega meiníng, að aldrei hefði verið gild ástæða til að skipta Þíngeyarsýslu í 2 lögsagnarumdæmi. Eg er kunnugur Þíngeyarsýslu, og hef opt ferðazt gegn um hana, og get ekki álitið hana eins örðuga, og því síður örðugri til yfirferða, en Norðurmúlasýsla er; því Smjörvatnsheiði, sem að skilur þá nyrðstu hreppa í Norðurmúlasýslu frá hinum, er lángt um verri og örðugri fjallvegur yfirferðar, heldur en Reykjaheiði, sem aðskilur þá norðlægari hreppa Þíngeyarsýslu frá hinum suðlægari, og því hefði verið eins mikil þörf á að skipta Norðurmúlasýslu, eins og Þíngeyarsýslu, hvað örðugleikann snertir. Það er mèr einnig kunnugt, að um lángan aldur, meðan einn var sýslumaður í Þíngeyarsýslu, var embættisfærsla þar í eins góðu lagi, eins og þar sem bezt hefir verið, svo að bæði hin hærri yfirvöld og sýslubúarnir voru með hana að öllu ánægðir.

Forseti: Eg vil einúngis geta þess, að nokkur atriði standa í álitsskjali nefndarinnar, sem stjórnin mundi að líkindum æskja að fá atkvæði þíngsins um, þó að þau standi ekki í aðal-uppástúngunni. Eg ætla því að leita atkvæða þíngsins um þessi atriði sjer í lagi á þá leið, þegar til atkvæðagreiðslu kemur, sem eg ætla að fari næst meiníngu nefndarinnar, og það er, að þíngið skjóti því á stjórnarinnar vald, hverja ráðstöfun hún vilji gjöra um þau atriði, sem nefndin hefir til

greint, fyrst um afgjaldið, þar næst um Austurhrepp, hvorri sýslunni hann skyldi fylgja; í þriðja lagi um hvort leggja skuli bæi til Eyafjarðarsýslu, og í fjórða lagi um sýslumanns setrið. Hitt þykir mèr sjálfsagt, að ekki þurfi að leita sèr í lagi atkvæða þingsins um, hvort sýslan eigi öll að verða eitt kjördæmi eða ekki, þar eð auðsætt er, að ef frumvarp þingsins til kosníngarlaga verður samþykt, sem vèr allir vonum, þá verður sýslan tvö kjördæmi, eptir því sem þar stendur í 2. grein. Eg hef getið þessa, til þess að þingmönnum komi ekki á óvart, hvernig atkvæða verði leitað, og einkum til þess, að þeir geti ráðið með sjálfum sèr, hvort þeir vilja fara leingra, en nefndin, og stínga upp á, að atriði þessi, sem nú er getið, verði gjörð að beinni uppástúngu í álitsskjali þingsins til stjórnarinnar.

Framsögumaður: Nefndin kannast við, að um margt það, sem hún fann sèr skylt að fara orðum um og benda þínginu til í álitsskjalinu, hefir hún ekki gjört beinlínis uppástúngur um í niðurlagi skjalsins; því ætlun hennar var, að hún ætti ekki að gjöra beinlínis uppástúngu, nema um höfuðatriði málsins, hvort sameina skyldi sýslurnar, eður ekki, en benda einúngis þínginu til hinna atriðanna, að hvað miklu leyti það vill yfir vega þau.

Konúngsfulltrúi: Eg held, að það eptir kríngumstæðunum væri hentugast, að þingið hèldi sèr til þeirrar uppástúngu, sem nefndin hefir gjört, án þess að fara leingra fram í þetta málefni, að þessu sinni.

Varaforseti: Mèr sýnist þó ekkert vera sanngjarnlegra, en að Austurhreppur, sem við sýsluskiptin 1841 var tekinn frá Norðurmúlasýslu til að rífka Norðurþíngeyarsýslu með, falli nú aptur til Norðurmúlasýslunnar, svo hún haldi nú sínum gömlu takmörkum, einkum ef Austurhreppi er jafnhægt, að ná til sýslumanns í Norðurmúlasýslu, sem til sýslumanns í Þíngeyarsýslu sameinaðri, sem líkindi eru til. Þíngeyarsýslan þarf þá ekki heldur þessarar ríkunar við.

Eg vildi að eins láta þessa meiníngu mína í ljósi, án þess að á skilja mèr breytíngaratkvæði, því þar til er eg of ókunnugir.

Konúngsfulltrúi: Eg er kunnugur landslagi á takmörkum Norðurmúla og Þíngeyarsýslu, og held, þó komið hefði til umtals, að sameina aptur Austurhrepp við Norðurmúlasýslu, ef Þíngeyarsýslunum væri slegið saman, þá hefði eg heldur verið

á móti því. Í Austurhrepp er ekki nema 6 bæir, og er því í tilliti til inntektanna um lítið að gjöra; en af þessum bæum eiga sumir 2, og sumir 3 dagleiðir til þeirra gamla þingstaðar, nefnilega Skeggjastaðar í Norðurmúlasýslu. Þar á móti eiga þeir miklu skemra að Sauðanesi í Norðurhrepp, þar sem þingstaðurinn er, og þángað eiga þeir líka kirkjusókn. Eg held því, að þó Þingeyarsýslunum væri slegið saman, eins og hèr er upp á stúngið, ætti það þó að haldast, að Austurhreppur heyrði undir Þingeyarsýslu.

Guttormur Vigfússon: Við nefndarmenn þóttumst ei hafa svo fullkomna þekking í tilliti til Austurhrepps á Lánganesi, að við þyrðum að á kveða, hvorri sýslunni, Þingeyar eður Norðurmúla, að hagkvæmara væri að hann fylgdi, og þess vegna var það, að við hreifðum því, að hreppsbúum þessum væri sjálfum gefið á vald, að kjósa um það, að við ætluðum, að stjórnin mundi taka það til að greina og haga því til, eptir sem hentast væri. Eg fyrir mitt leyti er fremur á því, að hreppur þessi ætti aptur að leggjast til Norðurmúlasýslu, frá hverri hann var fyrir skemstu tekinn; því bæði mun nærri um vegaleingdina þaðan til hvers sýslumannsins, sem sækja þyrfti, og nær Þingeyarsýsla er sameinuð til sinna fornu ummerkja, mun hún ei þurfa leingur uppbóta við inntektir sínar af Austurhrepp.

Eg er því á því, að þingið ætti í álitsskjali sínu, að skjóta því á vald stjórnarinnar, að hvað miklu leyti hún vilji taka til greina athugasemdir þingsins í þessu efni, í von um að hún muni gjöra hið bezta í því.

Jakob Pètursson: Það var ein af þeim helztu ástæðum nefndarinnar, til að mæla fram með sameiníng Norður og Suðurþingeyarsýslna, að nú verandi sýslumaður væri búsettur í Húsavík, sem þeim hentugasta stað fyrir ínnbúa úr norðurpartinum, sem er bæði víðlendari og torfærari, en hinn, til að ná til hans; og taldi nefndin það því nauðsynlegt, að yrðu sýslur þessar aptur sameinaðar, ætti að gjöra sýslumanni þeirra það að skyldu framvegis, að vera ætíð búsettum í eða kríng um Húsavík; en af því að atriði þetta er ekki glögglega tekið fram við niðurlag nefndarálitsins, leyfi eg mèr að gjöra það viðauka - atkvæði: að sýslumanninum yfir Norður og Suðurþingeyarsýslum sè hèr eptir gjört það að skyldu, að búa í eða nálægt Húsavík.

Af því að ekki tóku fleiri til máls, kvað forseti undirbúníngsumræðu þessari lokið.

Þá var tekið fram konúnglegt álitsmál um sameiníng Mýra og Borgarfjarðarsýslu; tók framsögumaður, prófastur Hannes Stephensen, við nefndarálitinu í því máli, og las það upp svo látandi:

Þann 31. dag júlímánaðar kaus alþíngi oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að yfirvega álitsmál alþínginu sent frá stjórninni um sýslubreytíngar á þann hátt, að sýslumannsembættið í Mýra og Hnappadalssýslu skyldi leggjast niður, og Hnappadalssýslan leggjast til Snæfellsness, en Mýrasýslan til Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu.

Þegar vèr tökum nú málefni þetta til yfirvegunar, kemur oss það að miklum notum, að það er af þíngi þessu, eptir tveimur bænarskrám frá vesturumdæminu, sem til alþíngis voru komnar, ítarlega hugað og rædt, og þegnsamleg bænarskrá til stjórnarinnar samin um það, áður en konúngsfulltrúinn kom á þíng með álitsmál þetta, og getum vèr í flestum atriðum skírskotað til þess, sem þannig er af alþíngi rædt og ráðið í málinu.

Ástæður þær, sem oss eru af konúngsfulltrúanum í hendur seldar á uppkasti einu víða út strykuðu, og því, ef til vill, miður áreiðanlegar, eru bygðar á áliti þriggja embættismanna, nefnil. stiptamtmanns Rosenörns, sýslumanns Jóns Pèturssonar og þá veranda amtmanns í vesturumdæminu, konferenzráðs Thorsteinsons, og er álit þessara embættismanna mjög svo í gagnstæðar áttir, þannig, að hinir fyrst nefndu tveir telja alt það til, sem með sýslubreytíngum og sameiníngum þessum sýnist verða talið, en hinn síðast nefndi segir frá þeim óyggjandi ástæðum, sem eru á móti nýbreytni þessari, og verðum vèr, sem eptir þekkíngu vorri og sannfæríngu erum konferenzráðinu samdóma, að geta þess, að hinir tveir fyrr nefndu embættismenn hlutu, þegar þeir gáfu álit sitt, að vera miður kunnugir, þar eð stiptamtmaðurinn, útlendur maður, var nýkominn til landsins, og sýslumaðurinn með öllu ókunnugur landslagi, vegaleíngd og ófærum í því víðlenda þíngi, sem hèr átti þá að mynda og búa honum í hag, sem nýorðinn var sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu, en ekki var til sýslunnar kominn, heldur fluttur frá Strandasýslu til að gegna vesturamts störfunum, og þessi maðurinn virðist nú með öllu horfinn frá því áliti sínu, er hann eptir eins árs þjónustu í báðum sýslunum, sem sýslumaður í annari, en settur í hinni sýslunni, hefir sagt

sèr af hendi sýslumanns störf í Borgarfjarðarsýslu, hvar hann næst liðið ár var settur, er hann þó úngur maður og nýkominn til embættis; enda höfðu Borgfirðíngar þegar á næst liðnu hausti kvartað fyrir stiptamtmanninum yfir þeim óbærilega örðugleika, sem sameiníng sýslna þessara aflaði innbúum sýslu þeirrar, hvar sýslumaðurinn ekki er búsettur.

Konferenzráð Thorsteinson þar á móti var sá eini af þessum þremur embættismönnum, sem fullkunnugur var öllum kríngumstæðum við nýbreytni þessa; hefir maður þessi haft amtmanns embættið í vesturumdæminu á hendi í nærfelt 30 ár, og þó áður um mörg ár í rentukammerinu kynt sèr háttu landsins í því líkum efnum, og var hann breytíngunni með öllu mótfallinn, og sýnir hann, hversu ástæðurnar fyrir breytíngunni eru veikar og á eina hlið sèðar.

Að taka fram hverjar einstakar ástæður með og móti breytíngu þessari, virðist oss því óþarfara, sem mál þetta er, eins og áður er sagt, af þínginu ítarlegar rædt, og stjórninni verður sent álit þíngsins um það.

Vèr hljótum því að ráða alþíngi til, að af biðja þegnsamlegast hjá stjórninni alla breytíngu í sýslna skipun þeirri, sem hèr hefir verið stúngið upp á.

Reykjavík, þann 2. dag ágústmánaðar 1849.

Þ. Sivertsen. Kr. Magnusen. H. Stephensen,
framsögumaður.

Framsögumaður, Hannes Stephensen: Af því að mál þetta er áður, eins og þíngmönnum er kunnugt, svo ítarlega rædt og ráðið til lykta af þínginu eptir þegnlegri uppástúngu, og málefni þetta, sem nú er fyrir hendi, er svo algjörlega hið sama, fannst nefndinni eingin þörf, að ítreka ástæður þær allar, sem þíngið fann móti sameiníngu þeirra tveggja sýslna, Borgarfjarðar og Mýra, og áleit hún starf sitt í þetta sinn ekkert annað, en skýra ástæður þær, sem nú eru frá stjórnarinnar hendi fram komnar bæði með og móti sameiníngu þessari.

Konúngsfulltrúi: Eg hef frá minni hálfu ekki heldur neitt á móti nefndarálitinu í þessu máli, að svo miklu leyti það ræður til, að af biðja breytíngu þá, sem stúngið hefir verið upp á í tilliti til Mýra og Borgarfjarðarsýslna lögsagnarumdæma Einasta vil eg skjóta því til þíngsins, ef svo skyldi verða,

sem mèr þykir ekki ólíklegt, að nefndarálitið verði lagt til grundvallar fyrir þingsins bænarskrá, hvort þá ekki mundi rèttast vera, að fella burt úr nefndarálitinu eptirfylgjandi orð: „ástæður þær, sem oss eru af konúngsfulltrúanum í hendur seldar á uppkasti einu, *við a út strykuðu, og, ef til vill, miður áreiðanlegar*“. Eg hef áður, þegar eg fram lagði ástæðurnar, getið þess, að þær ekki hafi verið út lagðar á íslenzku, þegar eg tók við þeim frá stjórninni. Eg hef því á leiðinni unnið nokkuð að því, að út leggja þær á íslenzku, en mestan og beztan part hefir að því unnið hinn heiðraði þingmaður, er varð mèr samferða, og sem þingið nú hefir kjörið fyrir forseta sinn. Gjörðum við þetta, til að flýta fyrir málefnunum, eins og við áttum bezt kost á, en ekki höfðum við tíma til að hreinskrifa útleggingarnar. Eg ætla, að allir þingmenn muni þekkja hinn heiðraða forseta og vandvirkni hans svo, að það megi ætla, að útlegging hans, þó hún sè ekki hreinskrifuð, sè bæði vel læsileg, hverju hún mun bezt lýsa sjálf, og líka, að hún sè áreiðanleg; enda hefði nefndin átt kost á að fá hjá mèr til samanburðar við útleggínguna danska frumritið, ef henni hefði þóknazt, svo að eg get ekki annað ætlað, en að þessum orðum, er eg hefi til greint, úr nefndarálitinu eptir málavöxtum megi vel sleppa.

Framsögumaður: Eg er eingan veginn fastur á því, og mèr datt jafnvel aldrei í hug, að orð þau, sem nefndin hefir orðið að brúka um frágáng á ástæðum þeim, sem nefndinni eru seldar í hendur af konúngsfulltrúanum, komi inn í þingsins þegnsamlega álitsskrá til konúngsins; en eg gat ekki varizt, og get ekki varizt því enn, að eg ætla þjóðþingi misboðið, að í það skuli vera kastað svo illa vönduðu skjali. Eg veit, að konúngsfulltrúinn hefir rètt á að heimta eptirrit allra bænarskráa frá landsmönnum og nefndarálita þingsins hreinskrifuð, samanborin og staðfest af forseta, og ætti því þingið að eiga rètt á, að því ekki væri boðið það, sem eingum einstökum manni er boðlegt.

Konúngsfulltrúi: Þessu verð eg að svara á þá leið: þingið hefði að sönnu eptir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt, átt rètt á, að fá ástæðurnar prentaðar, en þessu hefir í þessu sinni ekki orðið komið við vegna naumleika tímans, og eg hefi vegna kríngumstæðanna álitið mèr það skylt að flýta fyrir þingstörfunum, svo mikið sem í mínu valdi hefir

staðið, og þess vegna ekki viljað halda þeim uppi, meðan ástæðurnar hefðu verið prentaðar. En þó nú ástæðurnar hefðu verið prentaðar, þá hefðu þær þó ekki verið lagaðar öðruvísi nú, en hingað til hefir vant verið, og þess vegna hvorki verið undir skrifaðar, nè staðfestar með nafns undirskript.

Forseti: Eg leyfi mèr að geta þess, að eg, sem forseti, hef verið neyddur til að selja konúngsfulltrúanum í hendur nefndarálit, sem strykað hefir verið út í og skrifað upp yfir og inn á milli, og hefir hann haldið mèr það til góða; að skrifa þau upp aptur, hefði valdið töluverðri tímatöf, er, nú sem stendur, kemur sèr næsta illa, og hefir hann því sèð í gegn um fingur við mig í þessu tilliti. Mèr þætti því eiga betur við, að gjöra einga orðaleingingu úr þessu. Eg ætla þar hjá, að ekki hafi svo illur frágángur verið á ástæðunum, að þær hafi ekki verið vel læsilegar, og mundi hin virðulega nefnd, ef hún hefði gætt að, hafa getað sèð, að það, sem yfir strykað er eða breytt, kæmi ekki af öðru en því, að þýðandinn hafi á stöku stöðum leitað þess orðs, er bezt mundi eiga við. Þetta gat öllum orðið, og yfir höfuð að tala held eg frágángurinn á þessu blaði ekki sè lakari, en vant er að vera á því, sem ekki er öldúngis hreinskrifað.

J. Johnsen: Eg get því fremur verið á því sama og nefndin, að ekki sè nú þörf á, að taka upp aptur ástæðurnar fyrir og gegn samanlagníngu Mýra og Borgarfjarðarsýslna, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi sjálfur gjörir ráð fyrir, að álit þíngsins til konúngs verði samið á sömu leið og nefndarálitið í þessu máli. En eins og eg ætla það nægja, að skírskota til þess, sem fram er fært af amtmanninum yfir vesturamtinu gegn því, sem þeir hinir tveir embættismennirnir, er þessu fóru á flot, hafa fært til síns máls, og þar að auki til álits þess, sem þíngið þegar hefir látið í ljósi í bænarskrá sinni til konúngs um þetta sama efni, svo finnst mèr líka ~~tómur~~ óþarfi, að fara að ummælum nefndarinnar í álitsskjali þíngsins um þá menn, sem hafa verið með eða mót samanlagníngunni, því þar undir sýnist mèr ekkert komið, hverjir það voru, heldur alt undir ástæðum þeim, sem hverjir um sig höfðu til síns máls. Láti þíngið ekki þar við lenda í álitsskjalinu, að skírskota til bænarskráarinnar og til þess, sem sá embættismaðurinn, sem á móti mælti, hefir sagt, held eg, að ekki sè tilefni til að bæta öðru við, en má ske nákvæmari

skýringu þingsins um þær athugasemdir, sem innanríkis-stjórnarráðið sjálft hefir vakið og farið nokkrum orðum um í niðurlagi skýrslu þess um þetta mál, sem feingin er nefndinni og þinginu af konúngsfulltrúa hálfu, og virðist mèr, að dável hefði átt við fyrir nefndina, að leiða ítarlegar athygli sitt að þeim athugasemdum.

Framsögumaður: Þar sem hinn virðulegi þingmaður fer því fram, að nefndinni hefði ekki verið skylt, að taka nú ítarlega fram ástæðurnar móti sýslusameining þessari, þá er eg á einu máli með honum; en þess verð eg að geta, að það var hvorki til að rýra neins manns álit, eða gjöra míkið úr annars, að nefndin hefir tekið fram álit sitt um meiningar hinna þríggja embættismanna; heldur fannst henni skylt að geta þess, að 2 þeirra hlutu að vera ókunnugir, en hinn þriðji vel kunnugur málefninu; því undir kunnugleika hlýtur þó álit manna í slíku málefni mjög að vera komið. Það gat eingan veginn verið nefndarinnar tilgángur, að óvirða nokkurn mann; enda álítur hún í þessu falli og öðru nöfn sèr óviðkomandi, og fellir hvorki nè virðir neinn fyrir nafnið eitt.

En þar sem hinn virðulegi þingmaður ætlar, að betur hefði átt að taka fram ástæður þær, sem frá stjórninni sjálfri eru fram komnar fyrir sameiningunni, þá eru þær að nokkru leyti hraktar í hinu fyrra nefndaráliti. Um missi þann, sem jafnaðarsjóður vesturumdæmisins mundi bíða af því, ef Mýrasýslu væri kipt undan vesturamtinu, sem er þess efnabezta og fjárríkasta sýsla, er áður ítarlega rædt. En um sameiníngu eða aðskilnað Arnarstapa umboðs frá sýslumannsembættinu í Snæfellsnessýslu, kemur þinginu að minni hyggju ekkert við.

Þar eð enginn tók framar til máls, kvað forseti undirbúníngsumræðu þessari slitið.

Síðan tók forseti fram til undirbúníngsumræðu álitsskjal nefndarinnar um konúnglegt frumvarp, um nokkrar breytíngar á erfðalögunum, og afhenti það framsögumanni, Th. Gudmundsen, er las það upp svo látandi:

Alþíng hefir kosið oss, er hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd til að segja álit vort um frumvarp það til tilskipunar handa Íslandi um nokkrar breytíngar á erfðalögunum, er stjórnin nú hefir borið undir þíngið, og sem alþíngið 1847 hefir að mestu leyti undir búið, og beiðzt að löggilt yrði.

Eptir að vèr höfum íhugað og grannskoðað mál þetta,

leyfum vèr oss að láta álit vort um það í ljósi á þessa leið:

Nefndin verður að viður kenna, að hið konúnglega frumvarp sè í nokkrum atriðum endurbætt af stjórninni, frá því sem alþíng 1847 stakk upp á, og að það eigi, eins og það nú kemur fyrir, næsta vel við hèr á landi, sem bygt á sanngjarnari og eðlilegari undirstöðu, en þau nú gildandi erfðalög hèr á landi. En þótt frumvarp stjórnarinnar sè þannig úr garði gjört, sem á var vikið, og að nefndin haldi, að það í öllum greinum beri að aðhyllast af þinginu, hefir nefndinni þókt ástæða til, að gjöra eptirfylgjandi athugasèmdir við fáeinar greinir þess, nefnilega:

2. gr. Það virðist mjög vel til fallið, að það með berum orðum verði ákveðið í þessari grein, að þótt barni sè frá dæmdur erfðarèttur þess eptir foreldra þess, að barnsbörn, eða börn hins seka, eingu að síður haldi erfðarètti þeirra óskertum eptir afa og ömmur, eins og fyrir er mælt í tilskipun frá 4. október 1833, 22. gr. í niðurlaginu.

9. gr. Til þess að lètta barninu, sem getið er utan hjónabands, sönnunina fyrir því, að það eigi arftökurètt, samkvæmt þessari grein, eptir föður og föðurfrændur, vegna þess að foreldrarnir, áður en það fæddist, hafi látið það áform í ljósi, að þau ætluðu að eigast, með því að beiðast lýsínga, virðist nauðsyn til bera, að prestunum sè í lagaboði þessu gjört að embættisskyldu, að rita í ministerialbókina nöfn þess, sem beiðist fyrir hönd sjálfs sín og unnustu hans lýsínganna; því ef þetta væri lögboðið, mundi barninu veita hægt að sanna arftökurètt þess eptir föður og föðurfrændur með embættisvitnisburði hlutaðeigandi prests, líkt og með vitnisburði amtmannsins, um að leyfisbrèf hafi verið keypt af föður þess látna, því það ritar amtmaður í embættisbækur sínar. Aptur mundi barninu, ef til vill, þegar frá líða stundir, erviðsönnunin fyrir lýsíngunum, ef ei ómöguleg, ef prestarnir hèr eptir, eins og hingað til, ei geta þeirra í ministerialbókunum.

16. gr. Eins og þessi grein til tekur berlega, að rèttur sá viðhaldist, sem L. 5—2—25, sbr. 26., veitir ekkjunni, til að taka festargjöf eða morgungjöf þá, er maður hennar hefir gefið henni, úr óskiptu búinu, þannig hyggur nefndin, að það hjónanna, sem lifir hitt, hvort heldur það er konan eða maðurinn, eigi eptir L. 5—2—24 að taka úr fèlagsbúi þeirra óskiptu eins mikinn greptrunarkostnað handa sjálfu sèr, og

sanngjarnlega hefir verið varið til jarðarfarar hins fyrr látna. Þetta er því eðlilegra, sem þessi síðar nefndi greptrunarkostnaður er tekinn af búinu óskiptu, og að jafnrètti hjónanna einnig í þessu tilliti ber að varðveita, þess heldur, sem frumvarpið ei hefir í neinu verulegu rýmkað erfðarètt *hjónanna innbyrðis,* frá því sem verið hefir. Því virðist vel við eiga, til að fyrir byggja allan vafa og þrætur um þetta atriði, að við þessa grein sè bætt orðunum: þeim eptir lifandi ektamaka ber enn fremur til hans útfarar jafngildi þess greptrunarkostnaðar, er sanngjarnlega hefir verið varið til jarðarfarar hins fyrr látna, og greiðist honum kostnaður þessi af búinu óskiptu.

23. gr. Nefndin fær ei betur sèð, en að máti sá, sem við hafa á, þegar vitni skal leiða um, hvort rètt sè arfleiðsluskrá nokkur, og sá, sem arfleiddur er, er óviss um, hverja arfgeinga frændur hinn látni eigi eptir, eða hann veit eigi til, að þeir sèu á Íslandi, sè æði ófullkominn og ótryggur fyrir þessa arfgeingu frændur hins dána, einkum hvað áhrærir hinn stutta 6 vikna frest, er þeim skal stefnt með, og stefnubirtíngar aðferðina við kirkjur í fáeinum sóknum, er næstar liggja við þær, sem búinu á að skipta í, og hvar þíngsvitni á að taka, þar óhætt muni vera að fullyrða, að skyldmenni þess látna, einkanlega þegar þau eru erlendis, eða búa í fjærliggjandi hèruðum, ei muni innan 6 vikna geta feingið vitneskju um vitnaleiðsluna, allra sízt á vetrardag, þegar ferðir eru fáar millum hèraða, og náttúran tálmar öllum samgaungum manna á milli. Aptur á móti getur það verið mjög svo áríðandi fyrir þann, sem arfleiddur er, til þess ekki að missa af vitundarvottunum, er dauðinn getur fljótt burtu kipt, að þíngsvitnið um arfleiðsluskrána sè tekið, sem fyrst ske má. Til þess því að tilhlýðilega sè gætt þarfa beggja, bæði þess arfleidda og fjærverandi eða óvissra arfgeingra frænda hins látna, virðist nefndinni tiltækilegt, að þíngsvitnið, þar sem svona á stendur, fram fari, sem fyrst ske má, og að hlutaðeigandi sýslumanni sè gjört að skyldu, að setja þeim frá verandi valinkunnan og kunnugan svaramann við vitnaleiðslu þessa, er gefi gætur, eins og dómarinn sjálfur, að rètti þeirra við þíngsvitnistektina.

27. gr. Það ætlar nefndin, að tilskipan þessi eigi, sem fyrst skeð getur, að löggildast hèr á landi, en þó ei fyrr en um þann arf, er fellur til eptir 1. janúar 1851. Því ef hún í

haust verður undir skrifuð af konúnginum, getur hún orðið birt á flestum manntalsþingum í landinu að vori komanda 1850.

Samkvæmt þessu ræður nefndin alþingi til, að senda konúngi álitskjal og bæn um, að erfðalagafrumvarp stjórnarinnar verði gjört að lögum hèr á landi með eptirfylgjandi breytingum og viðauka, er nefndin stingur upp á:

1. *við 2. gr.* að berlega sè ákveðið, að barnsbörn hafi óskertan erfðarètt eptir afa og ömmur, þótt foreldri þeirra hafi verið frá dæmdur erfðarèttur þess eptir föður og móður.
2. *við 9. gr.* að prestunum verði gjört að skyldu, að rita í ministerialbækurnar nöfn þeirra, er fyrir hönd sjálfra sín og unnusta þeirra beiðast lýsínga.
3. *við 16. gr.* verði bætt: þeim eptir lifandi ektamaka ber enn fremur til hans útfarar jafngildi þess greptrunarkostnaðar, er sanngjarnlega hefir verið varið til jarðarfarar hins fyrr látna, og greiðist honum kostnaður þessi af búinu óskiptu.
4. *við 23. gr.*: að þíngsvitni það, sem um er getið í síðasta kafla greinarinnar, megi fram fara, sem fyrst ske má, og að sýslumanni sè gjört að skyldu, að setja þeim frá verandi arfgeingu frændum hins látna valinkunnan og kunnugan svaramann við vitnaleiðslu þessa, er gefi gætur, eins og dómarinn sjálfur, að rètti þeirra við þíngsvitnistektina.
5. *við 27. gr.*: að tilskipun þessi þannig löguð verði fyrst löggilt hèr á landi um þann arf, er fellur til eptir 1. janúar 1851.

Reykjavík, þann 1. dag ágústm. 1849.

Kr. Magnusen. Th. Gudmundsen. J. Thorstensen.
Þ. Sivertsen. S. Brynjúlfsson.

Framsögumaður: Eg ætla, að umræðurnar um þetta mál muni ei verða lángar, þar málið hefir verið svo grandgæfilega íhugað og rædt af alþíngi 1847, og síðan í ýmsum atriðum lagað af stjórninni til þess, er að minni hyggju má betur fara. Nú stendur svo á fyrir mèr, að eg er næsta óvanur þíngstörfum, einkum framsögu í málum, og er mèr þó í þessu máli trúað fyrir framsögunni. Veit eg því, að þíngið virðir mèr til vorkunar misfellur þær, sem á munu verða. En ef einhver þíngmanna hefir að gjöra nokkra athugasemd við uppástúngur nefndarinnar, þá mun eg svara honum, og bíð eg í þessu tilliti átekta.

Forseti: Eg veit ekki, hvort þingmönnum þykir nauðsynlegt, að frumvarpinu sè skipt í kafla, meðan það er rædt; þyki mönnum það betra, þá vil eg svo gjöra, en vilji menn ræða það alt í senn, þá skal eg ekki hafa móti því, þó hitt sè skipulegra.

J. Johnsen: Eg ætla þó, að þetta mál komi nú aptur svo undir búið til álita hèr á þingi, að eingi nauðsyn sè á, að skipta frumvarpinu í kafla til umræðu, og eg fyrir mitt leyti get varla ímyndað mèr, að nú verði máli að skipta um aðrar uppástúngur eða breytíngaratkvæði við frumvarpið, en þau, sem nefndin sjálf mælir með.

Konúngsfulltrúi: Eg er að sönnu sömu meiníngar og hinn hátt virti forseti, að þegar ræða á annað eins frumvarp og þetta, fari bezt á, að skipta því í vissa kafla eptir efninu, og virðist mèr það, er hann hefir stúngið upp á um skiptíngurna, allvel hlýða. En af því, eins og hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga nú þegar á veik, að áður er búið að ræða þetta frumvarp svo ítarlega hèr á þíngi, að líklegt er, að umræðurnar um það verði ekki mjög lángar , mætti þó kann ske ræða frumvarpið alt í einu. Eg hefi fáeinar athugasemdir að gjöra við nefndarálitið, en eg vil þó ekki koma með þær, fyr en þíngið hefir af ráðið, hvort það vill ræða frumvarpið í köflum, eins og forseti hefir stúngið upp á, eða ekki.

Forseti: Eg bíð þá þess, að einhver óski skiptíngar, og tek ella alt frumvarpið til umræðu í einni heild.

P. Pètursson: Eg fyrir mitt leyti óska þess, að frumvarpið verði rædt í köflum.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg í sama máta.

J. Johnsen: Ætli hèr þó ekki ætti nógu vel við, að leggja það á vald þíngsins, þar sem nokkrir eru með því, en aðrir mót, að ræða málið í köflum, hvort svo á að vera eða ekki, og þá að láta þíngmenn greiða atkvæði sín um það.

Forseti: Eg held, að þessa þurfi ekki með; því eg ætla, að forseti eigi vald á að láta ræða mál í köflum, þegar einhver óskar þess.

Jón Guðmundsson: Maður má þó tala um annað, èn einmitt þær greinir, sem nefndin hefir borið upp breytíngar um.

Forseti: Eg vil þá leyfa mèr að skipta frumvarpinu í kafla á þessa leið. Hinn fyrsti kafli vil eg að sèu 9 hinar fyrstu greinir; heyrir þá til þessa kafla alt það, er snertir

grundvallar reglu erfðalaganna yfir höfuð, og allar erfðaraðir. Þá er annað efni í 10—13. grein, um þá, er styrk fá í arfs von o. s. frv., og mætti þar með fylgja 14. gr., svo kaflarnir verði ekki of margir. Þar næst mætti taka 15—19. gr. saman í einn kafla; verður líklega ekki laung umræða um þær greinir, því nefndin hefir eingar uppástúngur gjört við þær, nema við 16. gr.

Þá er eptir 20—28. grein, sem mèr sýnist mættu vera í einum kafla, ef eingum þykir of lángt.

Verða þá kaflarnir fjórir: 1—9. gr., 10—14. gr., 15—19. gr., og 20—28. grein, og bið eg menn þá hefja umræður um hinn fyrsta kaflann.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þess, sem nefndin hefir stúngið upp á við 2. gr., „að berlega sè ákveðið, að barnsbörn hafi óskertan erfðarètt eptir afa og ömmur, þótt foreldri þeirra hafi verið frá dæmdur erfðarèttur þess eptir föður og móður“, vil eg leyfa mèr að geta þess, að það virðist bæði ónauðsynlegt og heldur ekki alls kostar tilhlýðilegt, að taka inn í þessa grein þá ákvörðun, er nefndin hefir upp á stúngið. Þess er með berum orðum getið í löggjöfinni, nefnil. tilsk. 4. október 1833, § 22, eins og nefndin hefir á vikið, að afkomendur þess barns, sem brotið hefir af sèr arf sinn vegna misgjörða við foreldri sitt, skuli taka þann arf, sem því hefði borið, og svoleiðis megi saklaus gjalda þess, er barn það, sem arfinn misti, hafði af brotið. Það sýnist því óþarfi, að ítreka þessa ákvörðun í erfðalöggjöfinni, hvar hún ekki á heima; og það stríðir móti allri góðri niðurskipun, að taka þá ákvörðun, er á heima í sakalögunum, inn í erfðalöggjöfina. Þetta sýnir sig ljósast, ef menn ímynduðu sèr, að landið feingi fullkomna lögbók, er bæði inni hèldi hin borgaralegu lög og sakalögin; því þá mundi það valda hinum mesta ruglíngi, ef tekin væru út úr sakalögunum einstök atriði, áhrærandi atbrot og hegníngu þeirra, og þeirra getið í þeim köflum af hinum borgaralegu lögum, sem þau í einu eða öðru tilliti eiga skylt við. Þar sem nefndin við 9. gr. hefir stúngið upp á því, „að prestunum verði gjört að skyldu að rita í ministerialbækurnar nöfn þeirra, er fyrir hönd sjálfra sín og unnusta þeirra beiðast lýsínga“, þá verður því ekki neitað, að slík ákvörðun stundum getur trygt erfðarètt barnsins, því svo getur að borið, að prestur sá, hjá hverjum brúðguma efni hefir munnlega beiðzt lýsíngar, andist, áður en henni verður fram komið, án þess að

eptir hann finnist nokkurt skriflegt skirteini fyrir því, að lýsingarinnar hafi verið óskað, og eg vil því skjóta því til þingsins, hvort það vill fallast á þessa uppástúngu nefndarinnar, eða ekki. En skyldi þingið á hana fallast, má eg leiða athuga þess að því, að ákvörðunin verði þannig orðuð, að þar af sjáist glögglega, að erfðarèttur barnsins verði ekki einúngis undir því kominn, hvort presturinn gætir þessarar skyldu eða ekki, því þess ber að gæta, að sú höfuð-ákvörðun í löggjöfinni, undir hverri barnsins erfðarèttur er kominn, er sú, að *foreldrarnir hafi haft og látið í ljósi það áform að eigast*, þó það af einhverjum óumflýanlegum orsökum hafi hindrazt. Og það má einu gilda, upp á hvern máta þetta áform löglega sannast, þó að löggjöfin einúngis bendi á þær 2 röksemdir fyrir því, sem í greininni eru taldar.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr með fáum orðum að svara ræðu hins hátt virta konúngsfulltrúa.

Þar sem fundið er að því, að nefndin hefir stúngið upp á, að það berlega skuli á kveðið í 2. grein frumvarpsins, að barn þess, er frá dæmdur er arfur eptir foreldra sína, skuli þó halda erfðarètti sínum óskertum eptir afa og ömmur, af því að þetta ekki eigi heima í erfðalögunum, heldur í hegníngarlögunum, þá verð eg þó að geta þess, að nefndinni þókti tiltækilegast, að erfðalögin, sem varða svo mjög sèrhvern innbúa landsins, af hvaða stètt sem hann er, og hans rèttindi, og þar eð þorri manna hèr á landi eru ólögkænir almúgamenn, að sjálf erfðalögin á kvæði, hvaða rèttarverkun í arfstöku tilliti það skyldi hafa á barnsbarnið, þegar spurníng verður um erfðarètt þess eptir afa og ömmur, að foreldri þess hefir verið frá dæmdur erfðarètturinn eptir föður og móður, og virtist nefndinni þetta því betur til fallið, sem það yfir höfuð væri æskilegt, að menn gætu á einum og sama stað í löggjöfinni lesið sèr alt til, er snerti öll þau rèttindi, er sèrhver löggjöf sèrstaklega gjörir sèr að umtalsefni og tryggir, svo þeir ekki þurfi að leita að því á mörgum stöðum innan um alla löggjöfina. En þótt nú nefndaruppástúngan í þessu tilliti feingi framgáng, þarf eingin truflun að fram koma á þeim grundvallarreglum, sem við hafðar eru, þegar hegníngarlög eru samin. Því það er vel aðgætandi, að missir erfðarèttarins er eingaungu *borgaraleg afleiðíng* (civil Følge) af broti foreldrisins, líkt og málskostnaðargreiðslan, en öldúngis ekki *eiginlegt straff* í laganna skil-

níngi; og þar sem tilskipunin frá 4. október 1833 í 22. grein, og L. 6—1—1 um erfðarèttarmissi þess, er tekur pápiska trú, hafa inni bundið í sèr þessar ákvarðanir um þær borgaralegu afleiðingar af tèðum misbrotum, þá sýnist, að þær ekki sèu þar eiginlega á rèttum stað, heldur að þær miklu fremur ættu heima í erfðalögunum.

Við víkjandi athugasemdum hins hátt virta konúngsfulltrúa við 9. grein, verð eg einnig að drepa á það, að þar eð L. 5—2—33 verður ekki leingur við komið beinlínis, og með því sú hátíðlega trúlofun, sem þar um getur, var af numin með tilskipun frá 4. janúar 1799, fannst nefndinni ráðlegast, til að lètta hlutaðeigendum sem bezt mátti verða sönnunina fyrir áformi foreldra þeirra að eigast, að stínga upp á því, að prestunum yrði gjört að embættisskyldu, að rita nöfn þeirra, er lýsa ætti með og lýsínga hefðu beiðzt, í ministerialbækurnar; og var þar með eingan veginn tilætlan nefndarinnar, að hverjar sem helzt aðrar löglegar röksemdir og sannanir fyrir áforminu ei skyldi vera góðar eg gildar. Það er heldur ekki nein stór fyrirhöfn eða örðugleiki fyrir prestana, að brúka þessa tilhögun, og að hafa víst pláz í ministerialbókinni, er skrifa skuli í þá, sem beiðast lýsínga, og unnustur þeirra, og væri þetta góð regla, er engan veginn þarf að banda á móti, því hèr er um að gjöra að tryggja rèttindi hins ófædda. Aptur mundi presturinn bráðum gleyma, þótt lýsínga hafi verið beðizt, hafi ei orðið af þeim eða hjónabandinu; svo getur hann líka dáið, flutt sig lángt í burtu, og annað komið fyrir, er alt saman gjörir sönnunina örðugri fyrir þann, sem hlut á að máli.

P. Pètursson: Eg leyfi mèr að geta þess við 9. gr., að þar eru tvö atriði, sem mèr þykja ekki vera hvort öðru samsvarandi, og það eru þessi: „að beiðast lýsíngar“ og „að kaupa leyfisbrèf.“ Annaðhvort finnst mèr ætti að breyta fyrra atriðinu, svo það væri: „láta lýsa með sèr“, eða þá hinu síðara, svo það væri: „beiðast leyfisbrèfs“, og er það þó að minni ætlan eðlilegast, að breyta hinu fyrra, því það eina tryggir til hlítar. En sè seinna atriðið lagað eptir hinu fyrra, þá ætti það að vera: „beiðast leyfisbrèfs“, því eg ætla, þetta leyfisbrèf fáist ekki án borgunar. En hvað þeirri uppástúngu nefndarinnar við víkur, að prestum sè gjört það að skyldu, að geta þess í ministerialbókinni, undir eins og einhver beiðist lýsíngar, þá þykir mèr þetta vera ísjárvert; því hver sá prestur

sem vandar verk sín og vill byrja þau með skynsamlegri varkárni, mun ekki lýsa, fyrr en hann með sjálfum sèr er geinginn úr skugga um, að ekki sè neitt sèrlegt því áformaða hjónabandi til fyrirstöðu, eða að minnsta kosti, að hlutaðeigendur hafi feingið sèr lögboðna svaramenn, og held eg því, að ósk, svona lauslega fram borin, trauðlega þyki þess verð, að hún takist til greina, fyrr en presturinn þykist sannfærður um, að sèr muni vera óhætt að fullnægja henni, og virðist það þá vera því óviðurkvæmilegra, að gjöra honum það að embættisskyldu, að hrapa svo mjög að því að rita þess háttar tilmæli strax í embættisbækur sínar.

Framsögumaður: Að beiðast lýsínga hjá presti og leyfisbrèfs til hjónabands án lýsínga hjá amtmanni, er að því leyti öldúngis líkt, að hvorutveggja inni bindur í sèr sönnun fyrir áformi (animus) hlutaðeigenda að eigast. Það ber stundum við, að amtmenn lána leyfisbrèfið, en optast nær er það þó borgað út í hönd, og getur það ei orðið til fyrirstöðu, þótt borgunin ei strax sè greidd, því sönnun er eingu að síður fram komin fyrir áforminu.

En hvað því við víkur, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar einnig hreifði, að prestunum ei bæri að byrja lýsíngar, fyrr en væri komið í kríng um, að eingar tálmanir eða meinbugir væri hjónabandinu til fyrirstöðu, þá ætla eg, að tilskipunin frá 30. apríl 1824 ekki gjöri prestinum þetta að skyldu fyrir fram og áður en lýsíngar megi fram fara, heldur einúngis að hann fullvissi sig um, að áreiðanlegir svaramenn sèu feingnir, er takist á hendur ábyrgðina út af hjónabandinu. Þegar líka er farið að lýsa, segir presturinn á stólnum: „að ef að einhver viti nokkra meinbugi á hjónabandinu, þá skuli hann segja til í tíma eða þegja síðan,“ og virðist þetta sanna það, sem eg nú sagði. Það er líka alltítt, að sá, sem beiðist lýsínganna, gjörir það, rètt áður en presturinn geingur út í kirkjuna, svo hann hefir ei tóm eða ráðrúm til að rannsaka þær tálmanir eða meinbugi, er kynnu að vera á hjónabandinu, en hann lætur sèr fyrir fram nægja með, að svaramenn eru feingnir, og til þeirra heldur hann sèr.

P. Pètursson: Eg verð að taka það upp aptur, að eg talaði fremur um ósamstemmu í orðaskipun atriðanna, en um efnið sjálft, og að mèr sýndist, að ef halda ætti því „að beiðast lýsíngar“, þá ætti og að standa „beiðast leyfisisbrèfs“; en ekki bar eg á móti

því, að amtmenn kynnu að líða um borgun leyfisbrèfanna, þó þetta naumast muni vera embættisskylda þeirra, heldur einúngis undir þeim sjálfum komið, og geti því ekki haft áhrif á orðatiltæki frumvarpsins. En að því leyti sem eg áleit þessa ósamstemmu við víkja orðaskipuninni, geymdi eg mèr ekki um það breytíngaratkvæði.

Konúngsfulltrúi: Það er að sönnu satt, sem hinn heiðraði þíngmaður sagði, að það líkist meira hvað öðru, að *kaupa* leyfisbrèf, og að *láta* lýsa með sèr, heldur en það, sem í greininni er sett hvað við hliðina á öðru, að óska lýsíngar og kaupa leyfisbrèf. En það, að brúðguminn hefir óskað, að lýst sè með sèr og unnustu sinni, sem er þúnguð eptir hann, sannar þó svo nógsamlega það, sem hèr er um að gera, og út heimtist til þess, að barnið verði arfgeingt, nefnil. að sanna, að það hafi verið áform hjónefnanna að eigast, að eg ekki get annað, en ráðið þínginu frá að óska breytíngar á því, sem stendur í greininni; því þar með yrði sönnunin örðugri, og barnið, hverju löggjafarinn upp á sanngjarnan hátt hefir viljað í vilna, væri þá erfðarèttinum fjær, en löggjafarinn hefir til ætlazt. Það mun einnig optast fara saman, að menn óski leyfisbrèfs og kaupi það, því skjaldnast munu amtmenn láta þau af hendi, nema þeim sè greidd borgun fyrir þau út í hönd.

Steffán Jónsson: Það var eitt atriði, við víkjandi leyfisbrèfum, sem eg vildi minnast á; eg hefi reyndar haldið, að þau leyfisbrèf, sem um er getið í nefndarálitinu, sè einkum meint til þeirra, sem hlutaðeigendur fá til að mega giptast án lýsínga, en eg veit, að fleiri leyfisbrèf geta átt sèr stað, og vildi eg vera viss um, hvort að þau ættu ekki líka að eiga skylt við þetta mál, af því þau geta gefið vissu fyrir áformi hlutaðeiganda; eg meina þau leyfisbrèf, sem vegna skyldugleika kynnu að beiðast giptingarleyfis. Eg ímynda mèr, að það kynni að geta staðið á leingri tíma, og þess vegna gætu fleiri hindranir að borið fyrir hlutaðeigendum. Mèr er ekki fullljóst, hvort að þessi leyfisbrèf aldrei geta feingizt gefins, og gætu þess vegna ekki átt undir það, sem nefndarálitið nefnir að kaupa leyfisbrèf. Af þessum orsökum, sem eg hefi getið um, vildi eg vekja máls á þessu, svo það verði mèr og öðrum ljósara.

Konúngsfulltrúi: Það er að sönnu rètt, sem hinn heiðraði þíngmaður sagði, að til eru fleiri leyfisbrèf, hjónabandsefnum við komandi, en þau svo nefndu vígslubrèf, er amtmenn

út gefa, nefnil. þau brèf, hvar með stjórnin eptir bæn hlutaðeigenda leyfir hjónaband þeim, er svo eru skyldir, að lögin sjálf ekki, án sèrlegs leyfis stjórnarinnar, leyfa þeim að eigast. En eins og þau tilfelli, þegar beðið er um slík leyfisbrèf, eru mjög skjaldgæf, eins er hitt enn nú skjaldgæfara, að þá standi svo á, að konan sè þúnguð, en karlmaðurinn deyi, áður en leyfið fæst, og því álít eg ekki nauðsynlegt, að fara neinu hèr á flot um slíkt, eða stínga upp á lagaákvörðun í slíku tilfelli. Því ef svo skyldi einhvern tíma að bera, og skyldugleiki væri þess eðlis, að leyfi til hjónabandsins væri vant að veita, efast eg ekki um, að stjórnin í slíku einstöku tilfelli mundi álíta bónarbrèfið um hjónabandsleyfið, sem næga sönnun fyrir því, að það hefði verið áform slíkra persóna að eigast.

Framsögumaður: Í því tilfelli, sem hinn virðuglegi þingmaður Eyfirðinga vakti máls á, nefnilega, hvar meinbugir eru á hjónabandinu og persónurnar vilja þó eigast, þarf nauðsynlega *tvö* leyfisbrèf, annað til að þær *megi giptast,* en hitt til þess, að *hjónavigslan* geti fram farið *án lýsínga.* Í 9. grein frumvarpsins er að eins talað um vígslubrèfið, og þótt hitt leyfisbrèfið væri feingið, þarf sèrlegt leyfi til að fríast frá lýsíngunum. Að öðru leyti var athugasemd þessa virðuglega þingmanns skörp og vel til fallin; því þegar farið er að beiðast leyfisbrèfs hjá konúngi til að eigast, þar sem of náin skyldugleiki, eða aðrar tálmanir eru til fyrirstöðu hjónabandinu, þá er áformið ljóst og hægt að sanna það, og mætti það við bera, að þetta gæti einnig orðið að liði, þeim sem arftökurètt sinn vill sanna.

Steffán Jónsson: Það getur þó viljað til, að maður biðji um leyfisbrèf vegna skyldugleika, þó hann ekki biðji um leyfi til að mega ektavígjast án lýsínga, og einmitt af því að mèr fannst, að bæði þessi leyfisbrèf, hvers þeirra sem beiðzt væri, gefa fullkomna vissu fyrir áformi þess, sem þeirra biður, fór eg að vekja máls á þessu atriði, til að fá það glöggvara fram tekið og betur upplýst, og þá upplýsíngu hefi eg líka feingið af ræðu hins hátt virta konúngsfulltrúa, en það vakti líka fyrir mèr, að þau brèf, sem í skyldugleika tilfellum eru feingin, þurfi leingri tíma til úrlausnar, af því þau má ske ekki gætu fullklárazt hèr í landi, og gæti auðveldlega að borið, að faðirinn dæi á þeim tíma, og væri þá náttúrlegt, að barn þeirra persóna yrði arfgeingt eptir föðurinn, og eins þó það

hefði fæðzt, áður en að foreldrarnir lètu vilja sinn og áform í ljósi um að inn gánga hjónaband, líkt eins og að það barn, sem fæðist utan hjónabands, verður að fullu arfgeingt eptir nú gildandi lögum, ef að foreldrarnir inn gánga í hjónastètt á eptir, og enda þó það líði nokkur ár.

Konúngsfulltrúi: Af ræðu hins heiðraða þíngmanns skilst mèr, eins og eg áðan hafi ekki tekið nógu ljóslega fram, hvað meint er með orðinu „leyfisbrèf", er í greininni stendur; þar með er einúngis meint til leyfisbrèfa þeirra, er amtmenn út gefa, til að sleppa lýsíngum; því í danska textanum stendur „Vielsebrev". En eins og eg áðan á veik, álít eg ekki neinar frekari ákvarðanir nauðsynlegar í þessu efni, en þær, sem greinin inni heldur.

Varaforseti: Þá sjaldan eg hefi hugleidt erfðir og því sjaldnar eg hef lesið um þær í þessa lands eða annara landa löggjöf, hefir mèr ætíð skilizt, sem þær byggist á innbyrðis jafnræði (Reciprocitet) millum þess, er erfð lætur eptir sig, og hins, er erfð tekur, það er að segja, að sá, sem arf getur tekið eptir annan, hlýtur og, þegar svo ber undir, að geta látið honum arf eptir sig; þannig gánga erfðir beint ofan og upp frá forfeðrum til niðja og frá niðjum til forfeðra.

Aptur hefir mèr skilizt, að erfðarètturinn geti ekki tapazt nema fyrir sèrleg afbrot, eins og mönnum er kunnugt, fyrir óguðlegt athæfi barna við foreldra. Þess vegna getur mèr ekki betur skilizt, en að niðurlag hinnar 3. greinar sè ósanngjarnt og rètti ósamkvæmt, ef að þessi skoðun er á annað borð rètt. Greinin á kveður, að ef að hjón lifi saman í fullum fèlagskap, þá þurfi ekki að skipta arfi eptir ektaborið barn þeirra, heldur renni arfurinn óskiptur inní fèlagsbúið, en ef þeim fèlagskap er brugðið, þá skuli skipta arfinum að jöfnuði millum þeirra.

Þetta finnst mèr nú eðlilegt, en svo segir í niðurlaginu: „ef hjón eru skilin með dómi fyrir hór, þá skal það þeirra taka allan arf, sem ekki hefir brotið". Ef að útilokun þessi frá arftökunni á að vera straff fyrir hórbrotið, þá virðist mèr straffið koma of seint, og virðist þá betur eiga við, að hinn hórseki missi nokkuð af helmíngi sínum úr fèlagsbúi við þann ektamaka, hverjum hann með broti sínu hefir gjört órètt. Að öðru leyti, þegar eg skoða mál þetta sem einginn lagamaður, heldur eptir einfaldri skynsemi minni, þá virðist mèr það geti auðveldlega að borið, að faðir, því hann getur brotlegur orðið

fram á elli-ár, hafi þegar með ærnum kostnaði og ómaki komið upp og mannað vel hjónabands börn sín, svo þau hafa hæfileg orðið til að afla bæði vel og mikils, en nú verður honum á, að eignast barn fyrir utan hjónabandið, og með því gjörir hann barni sínu skilfeingnu eingan verulegan órètt, en missir rètt þann, er hann að lögum hafði, erfðarètt eptir skilfeingið barn það, er hann, ef til vill, hefir styrkt fram yfir skyldu sína. Væri laga ákvörðun þessi gömul, væri hún viðunanlegri; en sè hún ný, þá virðist mèr hún ísjárverð. En eg verð fyrst að heyra lögfræðinganna meiningar og ástæður, áður en eg falli frá að taka breytingaratkvæði, er úti loki hinn síðasta part þessarar greinar.

Aptur í niðurlagi 7. greinarinnar virðist mèr orðaskipunin ekki góð og ósamkvæm því, sem á undan er farið; þar sem í greininni að undan förnu er talað um arftöku eptir niðja, þá eru ætið lángfeðgarnir í föður og móðurætt nefndir með afkvæmum þeirra eða niðjum, en þegar til niðurlagsins kemur, þá eru nefndar ættir móðurafa og móðurömmu. Orðið ætt inni bindur lángt um meira, en niðjar; það nær til þeirra, sem skyldir eru til hliðar, t. a. m. ætt móðurafa er börn og barnabörn systkina hans o. s. frv., en afkvæmi er einasta í niður stígandi línu frá sjálfum honum. Eg ætla því, að hèr eigi eins að standa „afkvæmi“, og á fyrri stöðunum; því eg þykist vita, að lagaboðið muni ekki vilja veita móðurfrændum hærri rètt, en föðurfrændum.

Framsögumaður: Þetta er eingin ný ákvörðun í erfðalögunum, heldur er hún mjög gömul. Þannig er með berum orðum fyrir mælt í Valdemars annars Jótalögum og í D. og NL. 5—2—52, þegar hjón eru skilin með *dómi* fyrir hórdómssök. Þegar hórdómur er drýgður, hefir sá saklausi makinn tvent til taks, annaðhvort að fyrirgefa þeim seka brot hans, eða að hann gjörir það ekki. Í þessu síðara tilfelli getur sá saklausi maki farið tvo vegu, þann mildari eða strángari; hið mildara er að beiðast leyfisbrèfs til skilnaðar hjá amtmanni, og fáist það (en því er *þá* aldrei neitað), missir hinn hórseki ei erfðarètt eptir börn sín. Hin strángari aðferð er sú, að hinn saklausi leitar dómarans um, að hann með dómi sínum felli hjónabandið úr gildi, og verði þetta að dómsatkvæði, *þá fyrst* hefir sá *hórseki* mist erfðarètt sinn eptir börnin. Þótt nú þessi aðferðin sè miklu umstángs og umsvifaminni, en hin fyrr

talda, og til hennar ekki þurfi að brúka leingri, en svo sem hálfs mánaðar tíma, þá við ber það þó mjög skjaldan, að henni sè beitt, enda er hún ekki of hörð; þar á móti mundi, ef þessari ákvörðun væri kipt burt úr 3. grein frumvarpsins, fleiri verða hórdómssekir hèr á landi, en hingað til, og væri það ei gott, ef þessi glæpur færi vaxandi, og þar af leiðandi misklíð milli hjóna, því eingin misgjörð hjóna á milli getur verið eins tilfinnanleg og særandi fyrir hinn saklausa maka, og einmitt hórdómur.

Varaforseti: Það var vel, að hinn virðulegi framsögumaður tók dæmi frá öðrum löndum; því það gefur til kynna, að lagaboð þetta muni vera nýtt fyrir Ísland, en eg ætla, að yfirvega eigi vel, þegar ný lög eru samin, að þau sèu sem sanngjörnust. Það fórst honum einnig vel að sýna, að hèr væri eingrar sanngirni að leita; því hann vill ekki úti loka neinn frá arftökunni, þó hann drýgi syndina, og ekki heldur, þó sá ektamakinn, sem órèttinn hefir liðið, neyti rèttar síns og taki skilnað; sá seki missir ekki erfðarèttar síns eptir þessari skoðun, fyr en hann er dæmdur fyrir brot sitt til skilnaðarins, það er að segja: lögin eiga að vera í hendi þeirrar persónunnar, sem brotið er á móti; en eg veit ekki, hversu vel fer, að gefa hegníngar vald í hendur hverjum einstökum manni.

Í hinu er eg hinum heiðraða framsögumanni samdóma, að nóg sè til í landi voru af úlbúð og hórdómum, en þetta mun ekki fækka, þó grein þessi verði að lögum.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að halda mèr til þess, er hinn heiðraði framsögumaður sagði í tilliti til 3. gr. frumvarpsins, og það er eingan veginn svo ástadt, sem hinn velæruverðugi varaforseti gat til, að það væri ný lög hèr á landi, að það hjóna, sem skilið er við ektamaka sinn, skuli missa arfs eptir barn þeirra, því þetta er skýlaust boðið í NL. 5—2—52, en þessi kapituli norsku laga er, eins og menn vita, lögleiddur hèr á landi með kóngsbrèfi af 17. febr. 1769. Grundvöllurinn til innbyrðis erfðarèttar milli hjóna er fèlagskapur sá, er milli þeirra er í tilliti til fèmunanna, og börn hins seka líða sem skjaldnast neinn skaða við ákvörðunina, þar eð þau, nær þau eru alsystkini hins andaða, geta vænt að erfa eptir það, í gegn um það foreldranna, sem ekki hefir brotið. Og að öðru leyti held eg það mjög ísjárvert, að taka nokkuð það úr lögum,

er miðar til að við halda helgi hjónabandsins og gera hugsunina um hana og tilfinninguna fyrir henni lifandi hjá þjóðinni, því hvernig sem menn vilja álíta þann arfsmissir, sem hèr er á kveðinn fyrir það hjóna, er brotlegt hefir orðið, þá er það víst, að sú ákvörðun þar um, sem greinin inni heldur, verkar til þess að viðhalda lifandi tilfinníngu fyrir hjónabandsins heilagleika, og væri því harla ísjárvert að nema hana úr lögunum. Í tilliti til þess, sem hinn heiðraði þíngmaður sagði um, að það ei ætti að leggjast í vald einstakra manna, hvort straffið kæmi fram á þeim seka eða ekki, þá má eg geta þess, að slíkt er ekki skjaldgæft í lögunum, þar sem afbrotin eru að nokkru leyti prívat eðlis. Þannig er það t. d. stundum undir þeim komið, sem meiddur er í orðum af öðrum, hvort sá, er á hluta hans gerði, verður fyrir æruleysis straffi eða ekki.

Framsögumaður: Eg skal með tilliti til þess, er hinn hátt virti varaforseti drap á, þó geta þess, að *það,* að hinn hórdómsseki missir erfðarètt sinn, er ekki straff fyrir brot hans, heldur er þetta *borgaraleg afleiðíng* fyrir hann af brotinu, *þegar* hjónabandinu er slitið með dómi.

Verkinu sjálfu er hegnt af hálfu hins opinbera, og er þá straffið annaðhvort fèbætur, eða ef hórdómurinn er opt ítrekaður, vandarhaggarefsíng, sem á kveðin er með dómi, en útlátin stundum með amtmanns úrskurði, og er þess aldrei getið í dómum þessum, að sá hórseki skuli missa erfðarètt sinn eptir börn sín, þótt hjónabandið jafnvel á undan fyrir hórdómssök sè upp hafið með dómi. Sýnir þetta berlega, að missir erfðarèttarins er ekki *straff,* heldur *borgaraleg afleiðíng* af hórdóminum, *þegar* að hjónabandið fyrir þá sök með dómi er gjört ónýtt, og að maður hèr blandar saman *straffinu sjálfu,* og þeim borgaralegu afleiðíngum af brotinu, undir einskorðuðum kríngumstæðum, nefnilega þegar sá saklausi beiðist skilnaðar *á eptir* með *dómi.*

Varaforseti: Það fæ eg ekki látið mèr skiljast, að missir erfðarèttar þessa eptir orðum framsögumanns sè ekki straff; en sè það náttúrleg afleiðíng brotsins, til hvers er þá, að gjöra hèr um lagaboð. En þegar nú er sagt, að hinn hórseki skuli missa þessa rèttar, af því hann hefir liðið dóm, hver fær þá gjört mèr skiljanlegt, að missir þessi sè ekki hegníng? Eg var ekki fastur á breytíngaratkvæði mínu, ef eg feingi sannan-

ir hjá lögfræðíngunum fyrir sanngirni lagaboðsins, en eigi það að nægja, sem feingið er, þá má lítið nægja. Eg er samdóma konúngsfulltrúanum í því, að menn eigi að gjöra alt, til að fyrir byggja hjónabandsbrot og það illa, sem af þeim leiðir.

R. M. Ólsen: Eg ætla að leyfa mèr að láta í ljósi það áform mitt, að eg ætla að gefa 9. grein lagafrumvarpsins óbreyttri atkvæði mitt, bæði vegna þess að mèr er mjög um geð að hlynna að þeim ektamökum, sem fremja delicta carnis (holdsfýsnar glæpi), og líka af þeim ástæðum, að mèr virðist greinin vera samkvæm laganna anda í líkum tilfellum, hvar menn, eptir að hafa liðið hegníngu fyrir glæpi sína, sviptast einstökum borgaralegum rèttindum, t. a. m. eptir tilskipan frá 8. marz 1843, § 4., tölulið 1., er sá sviptur kosníngarrètti, sem með dómi er fundinn sekur í nokkrum smánarlegum gjörníngi, og eins hinn, sem hefir sætt lagaákærum fyrir einhvern misgjörníng, en ekki er *algjörlega* fundinn sýkn saka.

Framsögumaður: Eg verð þó að taka það fram, að hinn seki gjörir ekki einúngis maka sínum ílt í skapi með hórdómi sínum, heldur kemur við þetta sundurlyndi og úlbúð mikil inn í alla ættina, og orsakar mikið ílt. Fyrir alla þessa úlbúð og óánægju bætir nú sá seki ættinni, þegar hann er með *dómi* skilinn við þann saklausa, með því að missa af erfðarètti sínum, og þannig skýrist það enn þá betur, að missir erfðarèttarins einúngis er borgaraleg afleiðíng af brotinu, en á ekkert skylt við *hegníngina* fyrir það.

Steffán Jónsson: Eg held það kynni að vera ísjárvert, að kippa þessu atriði út úr löggjöfinni; eg ætla að vísu ekki að tala um, að hvað miklu leyti það kynni að hindra brot persónanna; en það væri ekki ólíklegt, að sú seka persóna gjörði sèr, ef til vill, enn meira far um að sættast við hina saklausu, sem hún hefði af brotið við, ef hún þæktist við þetta atriði í lagaboðinu nokkurs í missa, og er þá einginn, sem í þessum efnum hefði á orðið, of góður til að leggja alt sitt fram til að forlíka sig við sitt saklausa ektapar.

P. Pètursson: Eg er og á þeirra máli, sem vilja halda þessu. Það getur ekki verið tilgángur löggjafarinnar, að hlynna að ósiðsemi, heldur að afstýra henni, hvort heldur hún á sèr stað í hjónabandi eða utan hjónabands. En er eg geing út frá 3. grein og ber hana saman við 9. grein, þá getur, þegar á þær er fljótlega litið, nokkur efi vaknað um samhljóðun þeirra,

og svo litið út, sem 9. gr. gjöri sèr far um að rýmka um erfðarètt óskilgetinna barna, einkum megi foreldrarnir sanna giptíngar áform sitt á einhvern annan hátt, en í frumvarpinu er til tekið, eins og mèr skildist á hinum hátt virta konúngsfulltrúa, hafi eg ekki misskilið hann. Eg get því ekki ímyndað mèr, að aðrar sannanir eigi hèr við, en þær, sem í greininni eru til teknar, heldur eigi hlutaðeigendur einmitt á þennan hátt að láta vilja sinn í ljósi, til þess að barn þeirra nái erfðarètti; og af því rètt á eptir í greininni er talað um hjónavígslu, og svo til orða tekið: „en ekki hefir getað orðið af hjónavígslunni“, þá virðist mèr það vera öldúngis ljóst, að löggjafinn hefir hugsað sèr lýsíngar um garð geingnar, þegar faðirinn dæi.

Þegar þessa er gætt, finnst mèr alt komist vel saman, og áskil eg mèr því nú það breytíngaratkvæði, að í stað „beiðast lýsingar“ sè sett: „láta lýsa með sèr“.

Varaforseti: Áður en menn skiljast við þetta mál, verð eg þó að skjóta því til yfirvegunar þíngmanna, þeirra sem vilja, að grein þessi haldist óbreytt, að nefndin hefir fundið sèr skylt að stínga upp á viðauka atkvæði, er tryggi erfðarètt niðja þess barns, er brotið hefir erfðarèttinn af sèr. Ef menn nú bera hèr saman við niðurlag 3. greinarinnar, þá er auðsjáanlega hórbrot orðið verri glæpur, en sá, að berja föður sinn eða bölva. Því þegar hjón eru skilin með dómi fyrir hórdóm, þá missir ekki að eins sá seki erfðarèttar síns, heldur allir erfíngar hans í uppstígandi línu.

Þetta er afleiðíng sú, sem allir hljóta að sjá; verða menn því að meta brotin vandlega saman.

Framsögumaður: Sá hórseki missir erfðarètt sinn eptir barnið, af því hann gjörði sig *sekan*, en barnsbarnið geingur til arfs, af því það er *saklaust*. Sektin og sakleysið gjörir hèr því mismuninn, eins og vera ber.

Varaforseti: Við víkjandi þessari viðbáru hins virðuglega framsögumanns, verð eg að biðja hann að gæta þess, að báðir eru þeir sekir, sá, sem hórdóminn drýgir, og hinn, sem ókristilega hefir breytt við foreldra sína. Nú eiga erfíngjar þessa ekki að gjalda saklausir fyrir misbrot hans, en faðir og móðir hins hórseka eiga að gjalda, hversu skírlíf sem þau hafa verið.

Framsögumaður: Menn verða þó að hafa það hugfast, að *sektir* gánga *ekki* í erfðir, heldur einúngis *eigur*.

Varaforseti: Mèr getur þó ekki annað skilizt, en að sektin, eptir því sem áður er sagt, gángi hèr í arf upp eptir.

Konúngsfulltrúi: Eg skal þó leyfa mèr að benda til þess, að mjög er mikill mismunur milli þess tilfellis, er tilskipun frá 4. október 1833, § 22, ræðir um, og þess, sem 3. greín í lagafrumvarpinu lítur til, því að erfðarèttur barna og annara lífserfíngja er fullkominn, þannig, að menn jafnvel ekki með arfleiðsluskrám geta skert hann, nema lítið eitt, og því hefir löggjafarinn ei viljað láta börn þess, er mist hefir arfs sökum misbrota við foreldri sitt; gjalda afbrots hins seka föður eður móður, en þar á móti er erfðarètturinn í uppstígandi línu ekki eins fullkominn eða strángur, og því hefir löggjafarinn ekki látið sèr eins ant um, þó arfur sá, er gánga átti gegn um hið hórseka foreldri, tapaðist hlutaðeigendum, og það því heldur, sem það hefir þókt ísjárvert, að nema burt úr lögum þá nú gildandi ákvörðun, er verndar helgi hjónabandsins og miðar til að styrkja þá sannfæríngu hjá þjóðinni, að hjónabandsbrot sèu saknæm og hafi skaðlegar afleiðíngar fyrir hið siðferðislega ástand þjóðarinnar.

Varaforseti: Eg verð þó að gjöra hèr við eina athugasemd. Það var af ásettu ráði, að eg ekki gat um erfðamissi annara, en þeirra, sem eru í uppstígandi línu; því eg ætlaði lagamönnunum, sem svo opt hafa hugleidt þetta mál, að þeir mundu skoða þetta á allar hliðar. En fyrst þeir nú vilja verjast því, verð eg að minna þá á, að eins geta erfíngjar í niðurstígandi línu beðið tjón af laga-ákvörðun þessari. Það ber opt við, að hjón þau koma saman, sem skilfeingin börn eiga áður; nú afla þau barna saman, og eptir það brýtur annað hvort þeirra, og úti lokar sig þannig frá arftöku eptir skilgetið barn þeirra, en úti lokar um leið skilgetið barn sitt af fyrra hjónabandi, þess börn og barnabörn um ókomnar aldir. Dæmi þessa eru svo mörg, að eg ætlaði ekki, að lögfræðíngunum væri hægt að gleyma þeim.

Framsögumaður: Ættarbrot geta bæði haft *straffslegar* og *borgaralegar* afleiðíngar (criminelle og civilretlige Følger). Það er annars yfrið náttúrlegt, að sektin skuli ei gánga yfir á barnsbarnið, þótt foreldri þess sè á lífi. En sè það nú dáið, þá er barnsins rèttur enn þá fullkomnari, því hafi foreldrið dáið á undan föður sínum eða móður, þá var einúngis erfðarèttur þess eptir þau í vændum *(jus futurum)*, en ei fullkom-

inn *(jus præsens)*. En erfðaréttur þessi er *fullkominn* fyrir barnsbarnið, í því augnabliki sem arfurinn fellur eptir afa og ömmur. Í 2. gr. stendur líka: „barnabörn hins *látna*“, og „ef barn er andað *á undan* hinum *látna*“.

Fyrst við dauðsfall afa eða ömmu verður barnabarnsins erfðaréttur fullkominn, en barnsins erfðaréttur, sem dó á undan foreldri sínu, var eingaungu væntanlegur *(jus futurum)*.

Varaforseti: Þessa útskýringu, sem hinn heiðraði framsögumaður nú gaf í ræðu sinni, að hórsektin í þessari sinni afleiðingu, sem erfðamissinum við kemur, sé *civil* og ekki *criminel*, geta þeir nú látið sér skiljast, sem vilja; en eg ætlaði, að hórsektin væri í einu og öllu *criminel*, og því að eins mun brot það straffast, að það er fullkomið *crimen* (lagabrot). En á hinu leytinu getur mér þókt, sem straff eða afleiðing illrar breytni við föður sé sannglörn sú, að sá, sem í þessu hefir gjört sig sekan, brjóti erfðaréttinn af sér einum. En ef afinn deyr á undan hinum seka föður, þá á barnið eptir hugmynd framsögumanns eingan erfðarétt að hafa eptir afann; en mér skilst nú ekki, að barnið fái aflað sér neins réttar við dauða milliliðsins (föðursins), sem það ekki átti áður. Eg ímynda mér, að erfðarétturinn hlaupi að eins yfir hinn seka liðinn, en hann úti loki ekki niðja sína frá arftökunni fyrir það, að hann enn er á lífi, þegar arfurinn tæmist.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ei neita því, sem hinn heiðraði varaforseti mælti, að ákvörðunin í 3. grein getur í einstöku tilfellum haft verkun á arftöku niðja hins seka, sér í lagi þegar svo stendur á, að til eru hálfsyskini hins fráfallna barns, að hverju það hórseka hjónanna var faðir eða móðir; en þetta atriði er ekki svo mikilsvert, að fyrir það sé nemandi úr lögum sú ákvörðun, sem í greininni stendur, og sem að öðru leyti styðst við góðar ástæður.

Jón Jónsson: Mér virðist, þegar yfir veguð er hin 9. § í erfðalaga frumvarpinu, að það hafi vakað sú hugsun hjá löggjafanum, að hann vildi, svo opt sem mögulegt er, að óekta barnaskepnur næðu þó til arfs eptir feður sína, og er það að minni meiníngu vel hugað, því opt og tíðum gánga þau slipp og snauð, og stundum óuppalin, frá jafnvel miklum efnum eptir fráfallna feður; en samt sýnist mér, að þessi grein, þó hún yrði lög, muni koma mjög fáum börnum til nota, því það er sjaldan, sem svo stendur á, að foreldrar þeirra hafi verið

búnir að láta í ljósi svo skýlaust áform sitt til hjúskapar, að arftakendur ekki mundu geta mót mælt því. Það er nú sjálfsagt, sem hèr hefir verið sagt, að hinn fyrsti og háleitasti rèttur til arfs er niður eptir, eða sá, sem lífserfingjar eiga eptir foreldri; þess vegna kynni það að vera áhorfsmál, þó mèr hálfvegis detti það í hug, nú þegar verið er að nokkru leyti að semja ný arfalög handa landinu, að stinga upp á, að óekta börn feingju að erfa feður sína, þá sem opinberlega hafa kannazt við faðernið, að t. a. m. helmingi móti ektabarni hans, eður feingi 10 rbd., þar sem ektabarnið feingi 20 rbd.; en við hinu hika eg mèr síður að stinga upp á, að þegar faðir óektabarns á eingin ektaborin börn eður afkvæmi, sem að lögum eigi að erfa hann, en útarfar gánga að arfi, þá verði hinu óekta barni hans veitt hluttaka í arfi eptir hann, að sömu tiltölu og hinir aðrir erfingjar standa að, hverjir sem eru, aðrir en þess frá fallna ektaborin lífsafkvæmi, því sárt er að vita þau dæmi, og eru þau þó til, að kornúngt óekta barn hefir orðið að fara á sveit, þegar ríkur faðir, sem skyldi eptir vel upp alin börn og nógan auð, burt kallaðist; ætla eg því í þetta sinn að bera upp það viðauka-atkvæði við 9. § lagafrumvarpsins, að óekta börn gángi að arfi eptir feður sína, með útörfum hans, eður þeim erfingjum, sem ekki eru ektabornir lífserfingjar hans, eptir sömu tiltölu og hver þeirra. Eg get að vísu aptur fallið frá þessu atkvæði, en mèr sýndist vert, að þíngmenn íhugi það til næsta fundar.

Konúngsfulltrúi: Eg veit ekki, hvort hinn heiðraði þíngmaður vill geyma sèr breytíngaratkvæði í þessu tilliti eða ekki, en heldur vil eg ráða honum frá að gera það. Þegar tilskipun sú var samin fyrir Danmörku, sem lagafrumvarp þetta er grundvallað á, var það tekið til yfirvegunar, hvort taka ætti inn í hana nýar greinir um arfleiðslu óekta barna, sem talað er um í L. 5—2— 71, og þókti það betur eiga við, að sleppa því, og því held eg það væri ráðlegra, að hræra ekki við þessu efni hèr í þetta sinn, og það því síður, sem nefndin, og það með rèttu, ekki hefir fundið orsök til að hreifa við því, en tíminn, sem eptir er til þíngstarfa, er nú orðinn mjög naumur. Það er líka mjög ísjárvert og mikið áhorfsmál, að ákveða óektabörnum lögskipaðan erfðarètt, á móts við ektabörn, og það því heldur, sem lögin hafa gefið föðurnum myndugleika til að þínglýsa óekta barni sínu og þannig arfleiða það.

Jón Jónsson: Eg kannast að sönnu við það, að tíminn er naumur, en svo naumur hann er, ætti það ekki að verða orsök til þess, að ekki væri gefinn gaumur að réttindum óektabarna í hinni nýu löggjöf, ef það annars sýndist eiga við. Eg ætla þó samt að halda fyrst um sinn breytingaratkvæði mínu í tilliti hluttöku óektabarna með útörfum, fyrst farið var að hreifa við réttindum þeirra, hvort sem var, og get eg fallið frá því síðar, ef mèr sýnist.

J. Thorstensen: Eg get þó ómögulega skilið, að þar sè nokkur réttur til, að lausaleiksbörn taki þátt í arfi með skilbornum ektabörnum eptir föður, því hingað til hafa lausaleiksbörn alleina erft móðirina, enda hefir löggjafaranum þókt móðerni þeirra vissara, en faðernið. Hèr er nú ei verið að tala um erfðir lausaleiksbarna í þessu frumvarpi, því þær ætla eg mjög einfaldar, þar ei gánga leingra en til móður og móðurfrænda, en hitt getur mèr aldrei skilizt, að launborin börn eigi að gánga til arfs með ektabörnum eptir föðurinn, þegar um ektaborin börn er að gjöra, hvort heldur að miklum eða litlum hluta.

Jón Jónsson: Breytingar eða viðauka-atkvæðið, sem eg tók mèr, var einúngis um hluttöku óektabarna í arfi eptir feður þeirra með útörfunum, en ekki með ektabornum hálfsystkinum þeirra.

Varaforseti: Ef ektabörnum er órèttur gjör með arftöku óskilfeinginna barna, þá er útörfum eins órèttur gjör; því þeir koma í stað hinna, ef þau eru ekki til. Að öðru leytinu virðist það mjög sanngjarnt, að þegar ríkur faðir fellur frá, þá fái óskilgetin börn hans nóg sèr til uppeldis.

Þar eð einginn tók framar til máls, kvað forseti þessar greinir fullræddar, og voru síðan 10. — 14. gr. teknar til umræðu.

Jón Jónsson: Mèr kemur til hugar, þar sem stendur í 11. gr., að ef faðir með rángsleitni hafi gefið börnum sínum gjafir, svo hann eður bú hans vinnist ekki til að borga skuldaheimtumönnum, þá skuli slíkar gjafir ógildar að lögum. Þetta þykir mèr nú alt of óákveðið; því það er eðlilegt, að skuldaheimtumenn kalli rángsleitni, það sem börn og faðir kalla ekki rángsleitni, og geti svo þetta orðið ærið þrætuefni, bæði í hverju skyni gjafirnar hafi verið gefnar, og hvort *þær* framar en eitthvað annað, sem upp á gat hafa fallið, væru orsök til, að búið ekki hrökk fyrir skuldum. Eg held það trygði því betur börnin fyrir áleitni frekjufullra skuldaheimtumanna,

ef orðin væru á þann veg, „að þegar skuldaheimtumenn gætu sannað upp á föðurinn, að hann með rángsleitni og af ásettu ráði, til að koma efnum sínum undan og til að bú hans ekki skyldi vinnast til skuldalúkninga, hefði gefið börnum sínum gjafir, skyldu þær vera ógildar að lögum“. Þetta er nú að vísu sama meiningin, en eg held þó, að bæði trygði það betur börnin fyrir skuldaheimtumanna kröfum, og hægra yrði að koma við beinum lagavegi, ef á þennan eða því líkan hátt væri orðað.

Framsögumaður: Það er sjálfsagt skiptaráðandinn, sem hèr á að skera úr málum eptir þeim grundvallarreglum og á-kvörðunum, sem inni haldast í L. 5—14—46, og berlega eru þar fram teknar, eins og þar er lýst ýmsum kringumstæðum, þegar gjöfin fram fór, til að mynda bágbornum eigna ástæðum gjafarans; einnig verður gjöfina að miða við tímabil, því sú gjöf, sem faðirinn laungu áður hefir veitt barninu, en hann komst í bágbornar kringumstæður, og kann ske varð gjaldþrota, verður að vera gild, þar sem sú gjöf, er hann rètt á undan þrotinu fèkk barninu í hendur, verður með öllu að falla úr gildi, einkum hafi prettvísi við skuldaheimtumennina þar átt sèr stað. Annars liggur það í augum uppi, að skiptaráðandi verður hèr að brúka þá mestu varúð og lempni, sem getur sameinazt með rètti skuldaheimtumannanna; því finnist það, að faðirinn hafi brúkað rángsleitni við skuldaheimtumenn sína, þá hann gaf barninu, verður höfðuð gegn honum sök í rèttvísinnar nafni út af þessu, ef hann er lífs, en sè hann dauður, verður þó alla varúð að brúka við barnið, sem, ef til vill, er öldúngis saklaust, og hefir ei, þegar það veitti gjöfinni móttöku, vitað af föðursins bágbornu kringumstæðum, eða af því, að hann gaf því í sviksamlegum tilgángi.

Jón Jónsson: Mèr kemur þó til hugar, að vissara væri, að taka um það breytíngaratkvæði, að skuldaheimtumenn skyldu þurfa að sanna upp á föðurinn þá rángsleitni, sem um er talað.

Forseti: Það verður og að vera svo meint í frumvarpinu; en hafi eg skilið þíngmanninn rètt, þá virðist mèr, sem honum þækti orðið „rángsleitni“ vera of hart. Mèr getur ekki virzt þetta svo; því skuldaheimtumenn eiga rètt á, að þeim sè borgað, og sá, er ekki greiðir þeim skuld sína, ef hann getur, má kalla að sýni rángsleitni.

Konúngsfulltrúi: Eg sè ei heldur, að þetta breytíngaratkvæði sè nauðsynlegt, því það er auðvitað, að það verður að sannast, að gjöfin hafi verið til skaða fyrir búsins skulda-

heimtumenn, ef hún á að vera ógild að lögum. Það getur verið, ef til vill, að orðið „rángsleitni“ sè nokkuð hart, en eg fæ þó ekki sèð, að það bindi í sèr aðra meiníngu, en þá, sem orðið „Forurettelse“ hefir í danska textanum.

P. Pètursson: Eg leyfi mèr líka að láta í ljósi þá meiníngu mína, að mèr finnst orðið „rángsleitni“ vera hèr miður heppilega valið, og kynni eg fyrir mitt leyti betur við, að þessum orðum væri þannig breytt: „en hafi faðirinn ránglega haft af skuldaheimtumönnum sínum með því að gefa“ o. s. frv. Með þessu virðist það tekið fram, er til var ætlað: en sè orðinu „rángsleitni“ haldið, þá er það undir orpið misskilníngi, af því það tekur fram hvortveggja, bæði tilgánginn og afleiðínguna, en það mun verða bágt að sanna ásetníng föðursins, einkum þegar hann er látinn. Að þíngmanni Suðurþíngeyarsýslu frá geingnum, vil eg því stínga upp á þeirri tilbreytíngu, að svona sè orðað í 11. gr.: „En hafi faðirinn ránglega haft af skuldaheimtumönnum sínum með því að gefa“, o. s. frv.

Varaforseti: Eg get þó ei að því gjört, að mèr finnst orðið „rángsleitni“ eingan veginn of hart. Það hljóðar, ef til vill, ei vel í fínum eyrum, en það tekur einmitt það fram, sem hèr á að vera; því ekki er það rángsleitni, þó fullríkur og skuldlaus faðir gefi barni sínu gjafir; en gjafir þær, er hann gefur börnunum, eptir það hann veit, að fè hans er ekki meir eða varla fyrir skuldum, eru fullkomin rángsleitni.

Konúngsfulltrúi: Eg verð líka að vera á því, að þetta orð fremur heyrist að vera, en að það sè of hart; í því liggur þó, eins og áður er áminnzt, sèr í lagi þegar litið er til uppruna þess (Etymologie) ekki annað, en að raungu sè farið á flot við skuldaheimtumennina, svo að þeir missi síns í.

Forseti: Mèr sýnist óþarfi að leingja þíngræður um þetta. Menn eru ásáttir um meiníngúna sjálfa, og greinir að eins á um orðatiltæki. Slík orðabreytíng og þessi getur komið til atkvæða seinna, þegar búið er að greiða atkvæði um þau atriði, er snerta málefnið sjálft.

Framsögumaður: Mèr virðist því síður vera ástæða til, að brjála í nokkru 11. gr. frumvarpsins, sem grein þessi er öldúngis samhljóða L. 5—2—62, samanbr. 5—14—46 um barnanna skyldu, *beinlínis* að færa aptur inn í búið *(collatio bonorum positiva)* gjafir þær, sem faðirinn af hrekkjum einum við lánardrottna sína hefir látið þeim í tè. Orðið rángsleitni

í greininni kynni kann ske að virðast of hart, en eg held þó, að það sè hèr um bil jafnvægi dönsku orðanna „Bedragelighed“ í L. 5—14—46 og „Forurettelse“ í danska frumvarpinu. Enda má þann kalla „rángsleitinn“, sem leitast við að svipta skuldaheimtumenn sína rèttindum þeirra.

Jón Jónsson: Af ummælum þeim, sem fram hafa komið um grein þessa, virðist mèr, að enn nú ætti að bæta við: „eptir það hann varð svo fèvani, að það sæist, að bú hans ynnist ekki til skulda“; og ætla eg þá að taka mèr það, sem reglulegt breytíngaratkvæði, að klausan í greininni orðist þannig: að þegar skuldaheimtumeun geta sannað upp á föðurinn, að hann með rángsleitni, og af ásettu ráði til að koma efnum sínum undan, og eptir að hann var orðinn svo fèvani, að auðsèð var, að bú hans ekki mundi vinnast til skulda, hafi gefið börnum sínum gjafir, þá skuli þær vera ógildar að lögum.

Varaforseti: Það sýnist þó, að hið harða orðið „rángsleitni“ sè ekki nógu hart í eyrum þíngmanns Suðurþíngeyínga; því í greininni stendur: „Hafi faðir af rángsleitni við skuldaheimtumenn sína gefið börnum sínum því líkar gjafir o. s. frv“., og sýnist því óþarfi, að bæta við því, sem þíngmaðurinn tók sèr að viðauka-atkvæði. Það virðist, sem lánardrottinn eigi að hafa athygli á efnahag skuldunautar, og ekki lána honum meira, en hann sèr hann muni fá goldið, nema vilji hann sjálfur missa í. Því ef allar gjafir til barna yrðu aptur heimtar, þá sjá menn, að eyðslusamir foreldrar mættu taka lán upp á barnanna fè, svo yrði að lokum alt frá börnunum að gánga í bú föðursins, og það yrði eins ránglátt gegn börnunum, eins og hitt er ránglátt mót skuldaheimtumönnunum, sem greinin bendir á.

Framsögumaður: Það er sjálfsagt ei aðrar gjafir, sem barninu er skylt að inn færa í búið, en þær, sem gjörðar eru skömmu á undan þrotinu eða dauðsfallinu, á þeim tíma sem efnahagur föðursins vitanlega var orðinn ískyggilegur; en þetta nær eingan veginn til þeirra gjafa, sem barnið þáði fyrir laungu síðan.

Jón Jónsson: Eg verð þó að ætla, að dómurum og skiptaráðendum mætti vera annast um, að löggjafir væru svo vel orðaðar og ljósar, að þeir sem sjaldnast þyrftu að grípa til þess, að leiða út úr þeim annan skílníng en þann, sem sjálf orðin gefa.

Þar eð einginn tók framar til máls, kvað forseti greinir þessar fullræddar, og voru því næst 15. — 19. gr. teknar til umræðu.

Konúngsfulltrúi: Við þennan kafla frumvarpsins hef eg ei aðra athugasemd að gjöra, en í tilliti til uppástúngu nefndarinnar við 16. gr., hvar hún fer því á flot, að sá eptir lifandi ektamaki megi af óskiptu taka jafnmikið til síns greptrunarkostnaðar, eins og sanngjarnlega hefir varið verið til útfarar hins framliðna. Eg fyrir mitt leyti skal nú skjóta því til þingsins, hvort það vill stínga upp á þessu við stjórnina, en ekki þykir mèr það þó alls kostar vel til fallið. Nefndin byggir uppástúngu sína á þeirri ástæðu, að frumvarpið ei hafi í neinu verulega rýmkað erfðarètt hjónanna innbyrðis, frá því sem verið hefir. En þessi ástæða er eingan veginn rètt, því bæði hefir frumvarpið mjög mikið rýmkað innbyrðis erfðarètt hjónanna, frá því sem áður var, og líka lýsir það því sjálft með berum orðum í 16. grein. Þetta skal eg reyna til að skýra betur fyrir þingmönnum. Þegar hjón áttu börn saman, var því eptir lifanda einúngis leyft, að taka bróðurlóð, en bæði var það vafasamt, hvort það mætti gjöra, þegar nokkur voru til „særkuld“ börn, eða börn eptir annað hjónanna einúngis, og líka var það bundið þeim skilmála, að bróðurlóðinu skyldi aptur skila, ef það hjóna, sem leingur lifði, giptist aptur, og var þessi erfðarèttur því opt og tíðum mjög ónotalegur, og var því opt ekki notaður. Eptir frumvarpinu erfir þar á móti það hjóna, sem leingur lifir, og það með fullum rètti, svo mikið sem nemur arfahluta eins barns að lögum, alt að einum fjórða parti af arfinum eptir hinn látna. Eigi hið látna þar á móti einga lífserfingja, hverfur þriðjúngur arfs undir það, er leingur lifir; en þegar svo á stóð, erfði hið leingur lifandi ekkert eptir hinum gömlu lögum, þegar þeirra skyldi einúngis aðnjóta og eingin var til arfleiðsluskrá. Þegar það hjóna, sem fyr deyr, á eingan erfingja eptir sig, sem til nær að lögum, tekur það hjóna, er leingur lifir, allan arf eptir hitt; en eptir hinum eldri lögum náði það í slíkum tilfellum ekki til arfs. Eg bið þingmenn að gæta þess, að eg hèr tala um erfðarèttinn eptir lögunum sjálfum, en ekki um erfðir eptir arfleiðsluskrám; það er þess vegna víst, að innbyrðis erfðarèttur hjóna er með frumvarpinu bæði mikið notalegri og rýmri, en hann var eptir eldri lögum. Og þegar hjónunum þannig með frum-

varpinu eru nú gjörðir svo góðir kostir, álít eg það hvorki nauðsynlegt nè hentugt, að tileinka því eptir lifandi rètt til útfararkostnaðar; þessi rèttur er bæði í sjálfu sèr nokkuð óeðlilegur, því það virðist eiga að vera sök þeirra eptir lifendu, að koma þeim önduðu í jörðina, og líka er það víst, að slíkir útfararkostnaðar reikníngar opt eru nokkuð ósanngjarnir og koma hart niður á stundum á ómyndugum erfingjum hins andaða.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, er hinn hátt virti konúngsfulltrúi nú mælti, leyfi eg mèr að benda til þess, að í straungum skilníngi erfa hjón ei hvort annað, þar sem fullkominn eignar-fèlagskapur á sèr stað þeirra í milli, því þá *á* hvort þeirra helming af búinu, strax eptir að hjónabandið er fullgjört, og þessi *eignarrèttur* hjónanna hvors fyrir sig til helmings af búinu *breytist* ekki, þótt annaðhvort þeirra *deyi;* en hvað bróðurlóðið áhrærir, þá var það arfur fyrir það eptir lifandi hjónanna, en samkvæmt L. 5—2—19 einúngis í *tilliti til barnanna,* af hverra hluta það var tekið, öldúngis ófullkomin eign þess eptir lifandi, því hann varð að skila því aptur börnunum, þegar hann gipti sig á ný, og er það að vísu satt, sem konúngsfulltrúinn sagði, að nú er alt öðruvísi á stadt eptir frumvarpinu, og mikið skipulegri tilhögun gjörð hèr á, þar sem sá eptir lifandi maður *erfir* með fullkomnum eignarrètti fjórða eða jafnvel þriðja part af helmíngi búsins skuldlausum, fyrir utan að hann tekur hinn helmínginn, sem eign sína, jafnvel á undan dauðsfallinu, og er þetta töluverð rýmkun, frá því sem verið hefir.

En eingu að síður, og þar þess ekki er getið í frumvarpinu, hvort L. 5—2—24 sè í gildi eða ekki, þókti nefndinni fullkomin ástæða til, til þess að allur vafi í þessu efni mætti hverfa, að taka það fram í áliti sínu og stínga upp á, að sá eptir lifandi maki hefði enn fremur rètt til að taka af óskiptu búi til sinnar útfarar jafnvægi þess, er hefði verið sanngjarnlega varið til greptrunar hins fyrr látna, og hefir hinn hátt virti konúngsfulltrúi leidt fram hjá sèr að sýna fram á, að það, sem nefndin í þessu tilliti bar fyrir sig, væri ástæðulaust, en ástæðuna fyrir uppástúngu sinni bygði nefndin á því, að greptrunarkostnaður hins fyrr dána væri tekinn af óskiptu búinu, og að sá eptir lifandi ætti að hafa jafnrètti í þessu tilliti við hann; nefndinni fannst þetta svo sanngjarnt, og hugði ei, að of nærri mundi geingið þeim eptir lifandi erfingjum, þótt upp-

ástúnga hennar yrði gjörð að lögum, því þetta hefir einnig hingað til átt sèr stað hèr á landi.

Varaforseti: Eg er sömu meiníngar, sem framsögumaður, að tilskipun þessi rýmki erfðarètt hjóna innbyrðis, og gjörir það einkum niðurlag 19. gr. En þar á móti er, þegar svo ber undir, að ekki er nema eitt barn til arftöku, bróðurlóðin rýrð til helmínga, en þó er og eptir þessari löggjöf eignarrèttur á henni feinginn, þar sem áður var ekki nema brúkunarrèttur. Hún má nú eptir löggjöfinni ekki vera meiri en fjórði partur arfleifðar hins látna, en áður var hún, ef ekki var nema einn sonur, helmíngur arfleifðarinnar; en það kann nú að vera, að einn fjórðúngur sè betri að eign, en helmíngur að láni. Hvað útfararkostnaðinn snertir, virðist mèr hann mæla með sèr sjálfur; eg sè ekkert á móti því, að hann sè tekinn, ef hann að eins er tekinn af óskiptu búi.

J. Thorsteinsen: Mèr finnst, að við nefndarmenn hefðum þó nokkur rök til, að láta leggja því leingst lifandi hjóna útfararkostnaðinn úr búinu, sem jafnvægi við þann útfararkostnað, er greptrun þess dána hafði kostað; því bæði hefir það verið venja áður, og svo sýnist ekki svo mikið bætt kjör þess leingst lifandi hjóna, frá því sem áður var, nema í því, að bróðurlóðið þarf eptir þessum nýu lögum ekki að skilast aptur, enda gat það opt orðið meira áður, en eptir þessum lögum. Líka ætla eg, að margir vilji við skipti hèr eptir, sem hingað til, heimta sèr útfararkostnað, eptir venjunni, ef það ekki er tekið fram í þessu nýa lagaboði, að greptrunar-kostnaður ei skuli leggjast út af búinu til þess hjóna, er leingst lifir, því eg ætla, að ei sè getið um greptrunar-kostnað í þessu frumvarpi.

Þ. Sveinbjörnsson: Því mun einginn neita, að í þessari arfalöggjöf er betur sèð fyrir því hjóna, er leingur lifir, en í enni fyrri; því mesti munur er á, að eiga, og eiga með óapturkallanlegum rètti, bróðurlóðið, en að verða að skila því aptur, ef það leingst lifandi vill bæta hag sinn og einstæðíngskap með nýum ráðahag; en af því eg held, að þetta sè víst, þá ætla eg, að það leingst lifandi ætti að sjá á bak öðrum rèttindum, sem eg aldrei fæ skilið á hverju eru bygð í enni eldri löggjöf, og það eru þau, sem NL. 5—2—24 veitir því leingst lifandi, að taka sinn eigin útfararkostnað líka af dánarbúi ens fyrr burt dána. Margopt getur það að borið, að það leingst lifandi eigi að skipta við sèr óviðkomandi erf-

íngja hins dána, og finn eg einga skyldu fyrir þá, að leggja til af eign sinni, til að koma því leingst lifandi einhvern tíma í jörðina, hvað fremur mætti vera skylda nánustu erfingja þess á sínnm tíma. Það ber líka tíðum við, að sama persónan tekur þennan útfararkostnaðar jöfnuð þrisvar, fjórum sinnum á æfi sinni, ef hún giptist svo opt. Að útfararkostnaður þess hjóna, sem fyrr deyr, sè tekinn af óskiptu dánarbúi þess, finnst mèr að öllu vera samkvæmt hlutarins eðli, en til að taka líka af sama búi jafngildi þess kostnaðar handa því leingst lifandi, þar til held eg sè hvorki rèttindi nè skylda. En af því þessi rèttindi þó nú eru leyfð því leingst lifandi í áður nefndri grein, finn eg það nauðsynlegt, að hún sè með þessari nýu löggjöf berlega hafin, svo að einginn efi geti á verið, hvort þessi rèttindi sèu framvegis leyfð eða ekki.

Framsögumaður: Eg get ómögulega álitið þennan útfararkostnað hins eptir lifandi maka, sem arf, heldur er hann *skuld*, sem hann á heimtu á að fá út úr búinu, því hann hefir að helmíngi borgað útfararkostnað hins fyrr látna, sem tekinn var af óskiptu búinu, og hefir því fullkominn skuldaheimtumanns rètt til að fá hann aptur endurgoldinn af búinu, áður en hann tekur arf sinn úr því, og má ómögulega skerða þennan hans erfðarètt, eins litið og rétt þann til jafngildis greptrunarkostnaðarins, er hinn eptir lifandi hefir, sem *skuldaheimtumaður*, í búinu.

P. Pètursson: Eg er samdóma hinum hátt virta fyrsta konúngkjörna þíngmanni veraldlegu stèttarinnar, við víkjandi útfararkostnaði þess hjóna, er lifir hitt. Að vísu er eg ekki fær um að skoða þetta mál frá sjónarmiði lögvitríngnanna, en mèr finnst þó það megi vera hverjum manni auðskilið, að væri útfararkostnaður tekinn af óskiptu búi, einnig handa hinu eptir lifanda hjóni, mundi það ei sjaldan verða tilefni til þess, að munaðarlaus börn þeirra yrðu fyrir órètti.

Þegar hjón unnast hugástum, og annað þeirra deyr, þá er það svo eðlilegt, að hið eptir lifandi lángi til að gjöra útför þess framliðna sómasamlega, og sè þá ekki að hugsa um skildingana, og getur þá svo hæglega að borið, að meira gángi til útfararkostnaðarins, en efnahagurinn í raun og veru leyfir; væri nú jafnvægi þessa aptur tekið af dánarbúinu, yrði það, ef til vill, öldúngis óbærilegt fyrir börnin, og get eg því síður fallizt á uppástúngu nefndarinnar í þessu tilliti, sem ekki er,

nè að líkindum verður, til tekin nein upphæð á útfararkostnaðinum, og þá ekki heldur reistar skorður við, að hann verði hærri, en góðu hófi gegnir.

Framsögumaður: Upphæð greptrunarkostnaðarins verður að miða, og er ætíð miðuð við efnahag búsins, og getur aldrei verið svo vandasamt að skera úr, hvað sanngjarnt er í þessu tilliti, enda ber það mjög skjaldan við, að þess konar reikningar sèu ósanngjarnir eða of háir, allra sízt þar sem eptir lifandi börn eiga hlut að máli.

Konúngsfulltrúi: Þó eg hafi skotið því til þíngmanna, hvort þeir vildu mæla fram með uppástúngu nefndarinnar, um greptrunarkostnaðinn, eða ekki, verð eg þó að ætla, að heldur sè litlar ástæður til þess; því undarlegs eðlis er hann, hvernig sem hann er skoðaður, og til misjafnra afleiðínga hefir hann stundum leidt, og vitað hef eg dæmi til þess, að sama persóna hefir tekið útfararkostnað í fleirum búum.

Varaforseti: Eg verð að leiða athuga þíngmanna að því, hve nær arfur fellur; er það ekki á dauðastundu þess, er erfðina eptir sig lætur? Þá á eptir lifandi ektamaki og erfingjar hins látna búið alt *að jöfnuði.*

Nú kemur greptrun hins dána fyrir; þá leggur ekkjan það hálfa til af sínu fè, þegar alt er tekið af óskiptu, og heimtar síðan í útfararjöfnuð sinn hvorki meira nè minna af arfleifð hins látna, en það, er hún áður lèt út af sínum helmíngi. Hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður gjörði ráð fyrir því, að þetta kynni optar, en einu sinni, að bera að fyrir hinum sama, og þá yrði ávinníngur hans af þessu svo mikill. Eg er honum samdóma í því, að þetta kunni optar en einu sinni að að bera, en ef rèttir eru reikníngar, þá aldrei með ábata; því æfinlega hefir sá eptir lifandi lagt það sama til af sínu, sem hann síðar heimtar af arfleifð hins dána. Greptrunarkostnaðurinn er því æfinlega eptir sanngirni tekinn af arfleifð þess, sem greptraður verður.

Steffán Jónsson: Það er, fljótt á að líta, eins og nokkrar ástæður sèu fyrir því, að það eptir lifandi hjóna fái sinn útfararkostnað af óskiptu búi, jafnmikinn og jarðarför hins burtdána hefir með sèr haft; en ástæður þessar veikjast, þegar það er að gætt, að eptir þessari löggjöf, sem hèr ræðir um, tekur það eptir lifandi fullkomið lóð til sannrar eignar, og þetta getur numið ¼ parti allrar eignar þess eptir látna; og ef þetta

er ekkjan, getur hún og svo líka tekið morgungjöf, ef til er, og helmíngur af þessu fè getur geingið úr ættlegg, ef þessi persóna giptist aptur, og ef þar á ofan væri tekinn útfararkostnaður, þá rýrði þetta svo mjög fè erfingjanna, sem opt eru ómyndugir og óuppaldir. Öðru máli var að gegna, á meðan, eins og nú er, að bróðurlóðið, sem það eptir lifandi getur tekið, er ekki nema eins og að láni; því ef manneskjan, sem það tók, giptist aptur, skilar hún því erfingjum sínum, en að öðrum kosti erfa þeir það eptir hana, ef hún ekki eyðir því til síns og þeirra framfæris, og því verð eg að vera á því, að útfararkostnaður sè ekki tekinn af óskiptu búi fyrir það eptir lifandi, enda hafa skiptaráðendur hingað til ekki álitið sèr skylt að útleggja hann við skipti búa, nema þess hafi verið beiðzt af hlutaðeiganda.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg hefi ekki getað sannfærzt af ræðu ens heiðraða varaforseta. Eg verð að álíta það *heilaga skyldu* þess leingst lifandi, án alls endurgjalds að leggja, að helmíngi móts við hlutaðeigandi erfingja, kostnaðinn fram, til að koma því fyrr dána sómasamlega í jörðina. Eg get eingan veginn skoðað það svo, sem það leingst lifandi hafi til nokkurrar skuldar að telja, þó kostnaðurinn sè tekinn af sameiginlegu búi; það væri þá nær að segja, að útfararkostnaður þess dána ætti *eingaungu* að takast af erfingjanna helmíngi, og er í verunni sama og að segja, að það dána eigi sjálft að kosta jarðarför sína af hinni eptir látnu eigu. Þetta kalla eg nú eingan veginn sanngjarnt, með þeirri rýmkun sem hèr er orðin á rèttindum þess eptir lifandi. Hvað er það, sem gefur því leingst lifandi strángan rètt til bróðurlóðsins, ef það hefir eingar skyldur að geyma við minníngu ens burt dána? Eg tek því viðauka-atkvæði við enda 16. greinar í frumvarpinu (til þess að byggja fyrir tvístig í því efni framvegis) á þá leið:

> Að þau rèttindi, sem N L. 5—2—24 veitir því hjóna, sem leingur lifir, skuli vera af numin. En til vara, sem viðauka við þetta: nema þar sem við útarfa ens dána er að skipta.

Varaforseti: Eg vildi nú leitast við að skýra betur hugsun þá, er eg áðan lèt í ljósi, að ekkert sè frá erfingjum tekið, þó hinn eptir lifandi krefjist útfararkostnaðar jafnaðar, og þó það bæri að þrisvar eða fjórum sinnum á æfi hins sama; því

arfur hlýtur að álítast fallinn á dánardægri þess, sem arfinn leifir; því sè það ekki skylda fyrir hinn eptir lifandi, að jarða hinn látna af sínu fè, þá á hann að greptrast á kostnað erfingja sinna. Eg vil nú setja fram eitt dæmi: útfararkostnaður eins dáins er 50 rbd., sem takast af óskiptu búi; leggur þá hinn eptir lifandi 25 rbd. til af sínum helmíngi búsins, en erfingjar hina 25 dalina af sínum erfðahluta. Nú þegar til skipta kemur, krefst hinn eptir lifandi sèr til greptrunar 50 rbd. af búsins óskipta fè, það er 25 rbd. af sínum helmíngi búsins, og 25 rbd. af erfingjanna helmíngi; það er hvorki meira nè minna en það, er hann út lagði áður af sínu. Nú giptist hann aptur, og missir ektamaka sinn, og fer þá alt á sömu leið; og þó þetta bæri 10 sinnum við á æfi sama manns, getur hann ekki haft eins skildíngs ágóða, nema honum sè skylt að grafa hinn framliðna á sinn kostnað. Því allir sjá, að þeir 25 dalirnir, sem hann krefur af hluta erfingja, eru jafnir þeim 25, er hann lagði til af sínu eigin.

Framsögumaður: Þótt dauðinn hafi að skilið hjónin í tilliti til sambúðarinnar og fèlagseigna þeirra, þá eru þau þó ekki að fullu og öllu skilin. Ræktarsemin til hins fylgir hvoru þeirra á eptir. Sá, er dó fyrst, unnir í gröfinni eptir lifandi maka sínum og lætur þar í ljósi, að það sè hans ósk, að hans eptir lifandi maki verði að njótandi eins sómasamlegrar greptrunar af búsins munum, og hann sjálfur. Eg held því, að Íslendíngar muni ei svo mjög vel kunna við, ef að því skyldi koma, að NL. 5—2— 24 yrði af numin, heldur lángt um betur fella sig við, að lagastaður þessi standi í fullu gildi framvegis, eins og nefndin hefir stúngið upp á, því óspilt tilfinníng og ræktarsemin hefir eðlari og dýpri rætur, en smámunasemin, og ber að hafa ræktarsemina í heiðri, enda þótt það kynni að kosta fáeina skildínga.

Jón Guðmundsson: Eptir því sem eg þekki til, hvernig til geingur víða með útfararkostnað, held eg betra sè að sleppa því, sem nefndin hefir stúngið upp á í þessu efni. Það er að vísu satt, að arfur fellur til, undir eins og maðurinn deyr. En eptir því sem alment og almennast er til sveita hèr á landi, þá er mest alt það, er til útfararinnar geingur, tekið úr búinu, af eptir látnum fjármunum hins andaða óuppskrifuðum, og þetta ekki skrifað upp á eptir meðal þess, er til var, þegar maðurinn dó. Þetta er algeingast, má ske og það, að fyrir

þetta sè ekki talið til skuldar í búinu; en eg veit þess þó nokkur dæmi, og ekki allfá, að til skuldar hefir einnig verið talið fyrir þetta, þegar til skipta hefir komið. Því mun það yfir höfuð á góðum rökum, að reikna ekki því, sem leingur lifir, útfararkostnað sinn af búinu, og það því síður, sem nú er á annan hátt hlynt að því, sem leingur lifir, fremur en verið hefir.

En eg stóð einkum upp til þess að hreifa nokkrum athugasemdum við 18. gr. Þegar erfðalög þessi voru lögð undir álit þingsins 1847, var í þessari sömu grein stúngið upp á, að bóndi mætti sitja í óskiptu búi, hvort sem erfingjar væru myndugir eða ómyndugir. Nefndinni, sem þá undir bjó málið, þókti þessi ákvörðun ekki eiga við á Íslandi, og vildi gjöra það að aðalreglu, að bóndi mætti að eins sitja í óskiptu búi, ef börn væri ómyndug, en þegar þau eitt eður fleiri væri orðin myndug, mættu þau krefjast skipta, nema amtmaður leyfði, að enn væri óskipt. Á þetta fèllst þingið þá í einu hljóði, og eg ætla, að þessi skoðun hafi verið bygð á næsta mikilvægum rökum, eins og ástadt er yfir höfuð hèr hjá oss. Nú gjörir þetta frumvarp það að aðalreglu, að bóndi megi sitja í óskiptu búi, að eins meðan börn sè ómyndug, en gjörir ekki ráð fyrir, að út af þessu megi bregða í neinu tilfelli, ef eitthvert barnið er eður verður myndugt og krefst skipta. En ef reglan er svona einskorðuð, ætla eg, að af henni geti flotið mikil vandræði. Eg tek til dæmis, að 9 börn sè ómyndug, en 10. myndugt,og heimti skipti á litlu búi, sem vel geti staðizt, ef það er óskert, og veitt börnunum uppeldi, en þó ekki svo stórt, að hinn mynduga muni nokkru hans lóð, og að hann gjöri þetta af útbrjót og ræktarleysi við foreldri sín og systkin, og því er miður, að slíks mega gefast dæmi hèr, bæði um börn og einkum stjúpbörn. Af slíku geta auðsjáanlega flotið mikil vandræði, og er ískyggilegt, að lögin sè svo einskorðuð, að slíku megi valda óhlutvandir menn. Eg vil því, að þegar líkt stendur á og eg nú tók dæmi af, og þegar skýlaus vitnisburður kemur um það frá sóknarpresti, hreppstjóra og sýslumanni, og svo um hitt, að ekkja sú eður ekkill, sem hlut eiga að máli, sè ráðdeildar og sómamenn, þá megi amtmaður leyfa, að búið sè óskipt, þótt einn myndugur erfingi beiðist skipta; og leyfi eg mèr því að bera upp breytingaratkvæði við 18. gr. í þá stefnu, er eg nú mælti, og að breyta allri 18. greininni á

þann veg, að hún geti hljóðað samkvæmt þessari uppástúngu minni.

Framsögumaður: Hvort sem greptrunarkostnaðurinn er tekinn úr búinu, áður en það er upp skrifað, eða eptir, þá verður þó ætíð sama niðurstaðan, sú, að hann er tekinn af *óskiptu* búi; því sè það gjört *fyrr, en* upp var skrifað, hafa búsins inngjöld rýrnað að þeim muni, sem nemur þeim hlutum, kind eða öðru, er úr búinu hefir verið tekið og varið til útfararinnar; sè þar á móti kostnaðurinn ei tekinn, fyrr en upp hefir verið skrifað, og hann er borgaður út úr búinu, rýrna einnig búsins inngjöld, eða í öllu falli það, sem til skipta kemur, vegna þessara útgjalda.

Varaforseti: Framsögumaður tók það einmitt fram, sem eg vildi hafa gjört; en hvað við víkur breytíngaratkvæði því, er hinn virðulegi þíngmaður Skaptfellínga tók sèr til 18. greinar, hlýt eg að spyrja: í hverju skyni eru þá lögin gefin? Eru þau ei gefin til að ákveða rètt manna? Vil eg því ei, að rèttindi mín liggi í hendi prests, sýslumanns og amtmanns. Þegar eg er myndugur maður orðinn, skyldi þá sýslumaður, prestur, amtmaður hafa vald á, að svipta mig rèttindum þeim, sem lögin gefa mèr, og halda fyrir mèr eign minni, sem eg þó kann að þarfnast, þó að systkini mín má ske þurfi þess með sèr til uppeldis, og lendi þannig fè mitt móti vilja mínum í hendur ráðdeildarlausrar stjúpmóður? Eg ætla, að grein þessi sè breytt til þess, sem bezt má vera, og að það eigi að vera á valdi þess hins mynduga manns, að nota rètt sinn, en ei á yfirvaldsins valdi að svípta hann honum.

Jón Guðmundsson: Eg ætlaði, að eg hefði tekið það skýrt fram áðan, að amtmenn mætti því að eins veita slíkt leyfi, að ráðdeildarmenn og ráðvandir ætti í hlut, og þá ætti ekki einn maður, þó myndugur væri orðinn, má ske af útbrjót einum og ræktarleysi, að eiga ráð á því, að valda jafnmiklum vandræðum, og valda sèr náskyldum slíku tjóni. Það var aldrei meining mín, að svipta mynduga yfir höfuð rètti sínum til arfs og skipta, heldur að eins að undantekníng yrði gjörð frá aðalreglunni, þegar að henni mætti verða miklu meira gagn, en tjón.

En hvað útfararkostnaðinn snertir, þá stendur það ekki á sama, þó ekki sè búið að skrifa upp, á meðan þess eru svo

mörg dæmi, að til útfararinnar er opt tekið af búsmunum óuppskrifuðum, og þess ekki síðar getið, en stundum reiknað búinu til skuldar.

Varaforseti: Það væri vanrækt og athugaleysi skiptaráðanda, ef hann lèti þannig stela fyrir augum sínum.

Jón Guðmundsson: Aungvan veginn; því það er ekki skylda sýslumanns að skrifa upp, fyrr en eptir 30 daga, en sjaldan er dregið að jarða hinn látna svo leingi.

P. Pèturssón: Eg skal ekki leingja mjög þíngræður um útfararkostnaðinn. Því var áðan hreift, að það hjónanna, sem leingur lifir, feingi einúngis skuld sína borgaða, en hefði alls eingan hagnað, og getur það að vísu opt verið, að þetta sè svo, þar sem um lítið er að gjöra. En þar sem öðruvísi er ástadt, og útfararkostnaðurinn er talsverður, get eg þó ekki betur sèð, en að það sè hagnaður fyrir hið eptir lifanda, að fá helmíng fjár þessa æfilángt í hendur, og að leiga þess nemi þá svo miklu, að hún megi teljast með hagnaði. Þetta segi eg einúngis til að sýna, hvað þessi ástæða er veikbygð.

Varaforseti: Gæti hinn konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar, er nú mælti, bent á rèttan tíma og veg til að taka útfararkostnaðar jöfnuðinn, svo ekki tapaðist ávöxtur þess, sem erfingjar láta af hendi, þá væri góðu fyrir goldið. En eg veit ekki, hve nær jöfnuð þennan ætti að taka af erfða-fènu, ef ekki, áður en það geingur til útarfa.

Steffán Jónsson: Að því leyti sem þess var getið, að útfararkostnaður þess frá fallna væri tekinn út úr búinu, annaðhvort af skepnum búsins eða öðrum matvælum og munum, og þetta svo ekki upp skrifað, sem opt er komið inn í Contrabækur með dánarbúsins munum, en reiknaður fullkominn útfararkostnaður þess burtdána, sem skuld á búinu, þá vil eg ekki neita, að þetta kunni að eiga sèr stað, en þar sem það er, þá er það af eintómri ógætni þeirra, sem upp skrifa búið, og hinna, sem eiga að gæta gagns erfingjanna; því að svo miklu leyti þetta hefir stað, verður af því sama afleiðíng, eins og þrisvar væri tekinn útfararkostnaður í sama sinn, sem er hreint ránglæti, og því tilfinnanlegra erfingjum, sem það svo kallaða bróðurlóð nú verður virkileg eign þess eptir lifanda, þar sem á þennan hátt er ránglega breytt, getur það orðið, án þess að skiptaráðandi viti neitt til þess, þegar hann ekki skrifar sjálfur upp, sem optar mun vera, og lætur hann

sèr lynda, sem von er, ef skuldakröfum er ekki mót mælt af hlutaðeigendum.

Framsögumaður: Eg verð að vera samþykkur hinum virðulega þingmanni Eyfirðinga í því, að það muni mjög sjaldan við bera, að það ei sè til fært af þeim eptir lifandi, sem hann hefir tekið úr búinu til greptrunar hins dána. En það ber aldrei við, að kostnaður þessi sè þrisvar sinnum tekinn við sömu skiptin; aptur er það ei skjaldgæft, að útfararkostnaður einúngis er reiknaður einu sinni; menn kæra sig þá ei um hann tvisvar, en frá falla rètti sínum í því tilliti. Þetta á sèr opt stað í Gullbríngu og Kjósarsýslu, og eptir því sem eg til veit, sumstaðar í öðrum sýslum.

Eyólfur Einarsson: Hvað útfararkostnað áhrærir, munu eingin dæmi fást að vestan, að hann hafi verið tekinn þrisvar í sama dánarbúi; í hið minnsta veit eg þau eingin, hef eg þó komið að nokkrum sterbúum, meiri og minni. En hvort útfararkostnaður hefir verið tekinn úr kaupstað, eður af búinu, og hvort skepnur eður annað, er sá kostnaður virtur til ríkisdala og inn fært í stokkinn.

Eg játa, að nokkuð rýmkar frumvarp þetta kjör þess eptir lifandi hjóna; en ei er það annað, en eignarrèttur bróðurlóðs þess, sem hún hefir átt að skila, ef gipzt hefir, og er það víst nokkur rýmkun; en aðgætandi er, að hluti þess eptir lifandi hjóna verður þeim mun minni, sem alt mega heita bræður, sem erfa, því systurlóð er ei til; virðist mèr því sanngjarnt, og mæli eg með, að því leingst lifandi hjóna verði út lagt úr búinu jafnmikið rbda tal, og útför þess burt dána kostað hefir, þar þetta eru, svo mikið eg veit, gömul rèttindi þess eptir lifandi ektapars. Eg get því heldur mælt með þessu, sem eg veit flest dæmi, að þar ómyndug börn eru, hefir það eptir lifandi hjóna annazt þau, meðan efni hafa til verið, og fyrir öðru get eg ei gert ráð, en þó hitt yrði ofan á, mun ei útfararkostnaðurinn verða stór framfæris-styrkur mörgum ómyndugum börnum.

Jakob Pètursson: Ekki getur mèr skilizt, að nokkur hafi verið svo einfaldur, að reikna útfararkostnað í sama sterbúi þrisvar sinnum til útgjalds; en það hef eg vitað, að hafi útfararkostnaður þókt of mikill í fátækum búum, þar sem ómyndug börn áttu hlut að máli, hefir það eptir lifandi hjónanna tekið hann lángt um minni, og stundum ekki nema það hálfa, þó

hitt yrði að vera, sem komið var, og stundum alls eingan, heldur gefið hann eptir börnum sínum.

Konúngsfulltrúi: Eg skil ekki glögt, hvað hinn virðuglegi þíngmaður hefir skilið við þann þrefalda kostnað, er hann talaði um; en eg ímynda mèr, að það, sem eg áðan sagði, hafi gefið tilefni þar til. Eg skal þá, til að skýra það, er eg áður drap á, geta þess, að eg hefi þekt eina konu, sem þrisvar hefir tekið útfararkostnað. Hún var þrígipt, lifði alla menn sína, og í hvert sinn er hún misti mann sinn, var búinu skipt, og tók hún útfararkostnað.

Varaforseti: Mig hefði einu gilt, þó konúngsfulltrúinn hefði getað sagt okkur frá, að svo hefði geingið til 10 sinnum á æfi eins manns; því það hefði þó aldrei getað orðið honum til hags; hann tekur svo aldrei meira, en hann hefir lagt út af sínu, nema það sè, eins og áður er sagt, skylda hins eptir lifandi ektamaka, að grafa hinn dána af sínu fè.

Steffán Jónsson: Eg þóktist taka það fullskýrt fram, að eg var ekki að tala um þrisvar tekinn útfararkostnað opinberlega, heldur sem jafnmikla áverkun, ef sá framgángsmáti ætti sèr stað, sem þá var umtalsefni, og sá heiðraði þíngmaður Skaptfellínga vèk orðum að. Eg verð enn að vera því mótfallinn, að útfararkostnaðnr þess eptir lifanda verði út lagður af óskiptu búi; því þegar ekkja á í hlut, getur hún tekið bæði bróðurlóð og morgungjöf, og þegar hún fellur frá ógipt, borgast útför af eigum hennar, og fá þá erfíngjar þeim mun minna, en ef hún giptist, þá missa þeir að hálfu leyti af bróðurlóðinu. Það eru líka, ef til vill, þess dæmi, að þó útfararkostnaður hafi verið tekinn ríflegur handa því eptir lifanda, hefir ekkert verið til fyrir útför, þegar til kom, og hlutaðeigendur mátt kosta hana að öllu, þó ekki hafi útfararkostnaðinum verið eydt í þeirra þörf. Þar sem þess var getið, að útfararkostnaður væri opt eptir gefinn, þá gjörir það hvorki til nè frá í þessu efni, því menn geta gefið eptir rètt sinn, þegar þeim gott þykir; en löggjöfin hlýtur að hafa eitthvað fast ákveðið, sem sker úr málum.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg ætla mèr ekki að hreifa við því, sem hèr hefir þó verið drepið á, að útfararkostnaðurinn geti orðið tekinn þrisvar sinnum af sama búi; hitt er mèr óhætt að fullyrða, og það veit eg af 12 ára sýslumanns þjónustu, að reikníngar fyrir kostnað til útfarar þess dána eru opt og tíðum of

háir, og er það ekki að undra, þar sem þeir eiga að verða mælikvarði fyrir því, er það leingst lifandi, sem optast stendur fyrir útför maka síns, á að fá af sama búi fyrir sjálft sig. Það var nýlega sagt hèr í salnum, að þessir reikníngar væru sumstaðar af hlutaðeigendum lækkaðir að helmíngi, áður þeir yrði sanngjarnlega við hafðir. Þetta ætla eg sè sönnun fyrir minni skoðun, að útfararkostnaðar jöfnuðurinn til þess hjóna, sem leingur lifir, sè betur af numinn með öllu; nóg geta samt verið tildrög til rángsleitnis manna á milli. Sá heiðraði varaforseti hefir þar á móti ekkert sannað. Eg fæ ei betur sèð, en að hann byggi alt á þeirri skoðun, að það leingst lifandi hafi einga lagaskyldu til að leggja 1 sk. til maka síns greptrunar; það sèu að eins erfíngjarnir, sem eigi að gjöra það. Á þessari skoðun byggist alt það af honum til færða. Hann tekur til dæmis, að útfararkostnaður 50 rbd. sè tekinn af óskiptu búi, missi þá það leingst lifandi 25 rbd. af sínu, og erfíngjar leggi til 25 rbd. Svo að það leingst lifandi geti nú aptur feingið þá mistu 25 rbd., vill hann láta það aptur á sama hátt taka til eigin greptrunar 25 rbd. hjá erfíngjunum; af því nú tvisvar 25 rbd. eru 50 rbd., svo leiðir af þessu, að það eru erfíngjarnir einir, sem hafa af sínu lagt 50 rbd. út til þess fyrr dána greptrunar, en ektamakinn ekki 1 sk. Hvaða sanngirni sè í þessu, skil eg nú ekki; því varaforseti hefir sjálfur kannazt við, að þegar einn deyr, sèu erfíngjar hans orðnir rèttir eigendur að hans helmíngi bússins, og eg held með eins fullkomnum rètti, eins og það leingst lifandi á sinn helmíng. Skuldir og aðrar byrðir hvíla að jöfnuði á báðum helmíngum bússins; því þá ekki líka kostnaður til útfarar ens framliðna? Rèttilega leiðir varaforseti af sinni skoðun, að þó ekkja eða ekkill (því sama er, hvort heldur er) giptist 10 sinnum og taki í öllum dánarbúum maka síns útfararkostnaðar jöfnun fyrir sjálft sig, vinni það leingst lifandi þó ekkert, heldur fái að eins endurgjald missirs síns; en það gjörir mèr ílt, að varaforseti gjörir ráð fyrir svo mörgum ólánsömum hjónaböndum, eða þá svo ræktarlausum maka, að hann aldrei vilji missa neins í, til að koma þeim dána sómasamlega í jörðina. Eg ætla, að löggjafinn aldrei hafi bygt NL. 5—2—24 á þessari skoðun. Sá heiðraði þíngmaður Eyafjarðarsýslu hefir rèttilega getið þess, að opt sè til útfarar þess burt dána ýmislegt tekið út í kaupstað eða verzlunarstöðum landsins. Þetta er dagsanna, og reikníngar fyrir

það, sem þannig er tekið, koma optast fram í búunum, annaðhvort sem skuld, er borgast af sameiginlegu búi, eða þá sem það, er minkar bússins sameiginlega eign, að helmingi hvors, erfingja og þess eptir lifandi. Því er þetta? Því er ekki strax beinlínis geingið að erfingjunum, ef þeir einir eru skyldir að bera kostnaðinn? Eg get einga sánnfæringu feingið af ræðum varaforsetans, og eg ætla, að margs sárt syrgjandi ektamaka tilfinning muni henni mótfallin.

P. Pètnrsson: Eg hefi ætíð hugsað, að ekkjur og föðurlausir ættu sama rètt; en það lítur nú eins út af umræðunum, einkum hins heiðraða varaforseta, sem þessu jafnrètti sè nokkuð haggað, ef það hjónanna, sem leingur lifir, á að fá borgaðan tilkostnað sinn, en börnin ekki, og getur þessi rèttar mismunur ekki átt sèr stað.

Varaforseti: Það var við því að búast, að mönnum mundi um síðir skiljast, að 25 eru jafnir við 25; því þetta er svo einfalt reikníngsdæmi, og hversu opt sem það verður reiknað, verður þó hagurinn af, að taka 25 mót 25, einginn. En það var ekki við að búast, að hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður hinnar verzlegu stèttar og eg mundum mætast, fyrst sinn fór hverja leiðina, þar sem hann geingur út frá því, að ekki sè skylda erfingja, heldur eptir lifandi ektamaka, að kosta greptrun hins dána, en eg geing út frá því, að hver grafist af sínu eigin fè.

Hinn konúngkjörni varaþíngmaður andlegu stèttarinnar mælti, að hèr sè ekkjum gefinn hærri rèttur, en hinum ómyndugu; það fæ eg nú ekki skilið; því eg ætla, að hinum ómyndugu beri ekki meira af arfleifð þess, er hann erfir, en það sem afgángs er rèttum skuldum og útgjaldi, og þá má ekki erfíngi búast við að fá það endurgoldið, sem í rètta skuld er goldið.

Ásgeir Einarsson: Eg vil ekki tala margt um útfararkostnaðinn, sem margir hafa rædt um, en get þess, að mèr finnst það skiljanlegast, sem sá konúngkjörni þíngmaður, konferenzráð Sveinbjörnsen, hefir þar um talað. Eg minnist þess, að árið 1845 gjörði þíngið sèr mikið far um það, að vernda rèttindi ómyndugra, þegar rædt var um konúnglegt frumvarp til tilskipunar um fjárhald ómyndugra, og held eg nóg hafi verið gjört að þessu, þegar á alt er litið; væri það því undarlegt, ef þíngið vildi nú halla nokkuð á ómyndug börn, foreldra þeirra, sem einmitt er verið að rýmka um erfðarèttindi og

frelsi í þeirri grein; þetta er því ísjárverðara, sem þess kynni að finnast dæmi, að foreldri það, er eptir lifir, teldi ekki sem fullkomnast fram alla fjármuni búsins, einkum þar ákvörðun 19. greinar virðist benda til vægari aðferðar í þessu, en hlutaðeigendur stundum hafa við haft í slíkum tilfellum; en þar á móti er það víst, að ómyndug börn geta aldrei neitt dregið undir sig af dánarbúinu í laumi.

Hvað breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Skaptafellsýslu við víkur, þá get eg þess, að það var einmitt sú ákvörðun alþíngis 1847 í þessu máli, sem mönnum hefir þókt ísjárverðust, og það enda lögfræðíngum; mèr finnst það merkilegt, að vilja nú, einmitt á þessum frelsistímum, gefa yfirvöldunum vald til að út hluta rèttindum einstakra manna, en það er þó frelsishugmyndinni samkvæmt, að vilja, að lög á kveði sem vissast rèttindi manna, en ekki gefa yfirvöldunum rètt til þess; ættu því lögin að vera svo ljós og fast ákveðin, að dómstólunum væri sem hægast að dæma eptir þeim, og þyrfti ekki að fela slíkt á vald yfirvaldinu. Mig minnir, að alþíngi þækti það umboðslega vald nógu mikið, þegar rædt var um festu-upphæðina, og væri það því undarlegt nú, ef þíngið vildi gefa amtmönnum meira vald yfir rèttindum einstakra manna, en stjórnin sjálf stíngur upp á, enda virðist það sjálfu sèr ósamkvæmt, að gefa 18 vetra manni þann rètt, sem 20. grein ákveður, en svipta hann þeim rètti, sem sanngjarnt er að hann fái. Þíngmaðurinn gat þess, hvað illa og ágeingnislega eitt barn gæti brúkað þenna rètt, en eg held allir eigi ekki að missa rèttindi fyrir það, þó þau einstaka sinnum verði brúkuð ónotalega við hlutaðeigendur, enda má vænta, að þeir, sem styrktu ekkju til að sitja í óskiptu búi, þegar erfíngi krefur skipta af ágeingni, mundi styrkja til, að sem vægast yrði að henni geingið með skiptin, eða fjármuna framtalið, þegar þeim þækti skiptanna óskað af illvilja einum. En hvað sem um það væri, er ekki síður ósanngjarnt, að meina myndugum erfingja að fá arfalóð sitt, þegar hann nauðsynjaði um það, sem opt getur að borið. Eg er því algjörlega mótfallinn breytíngaratkvæðinu, og þykir greinin gefa amtmönnum nógan rètt, eins og hún er nú.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki leingja umræðurnar um 18. greinina, en get þó ekki annað en bent þíngmönnum til ræðu hins heiðraða þíngmanns frá Strandasýslu; því sumt í ræðu

hans kom öldúngis saman við álit stjórnarinnar um þetta mál, hverju ástæðurnar til lagafrumvarpsins lýsa.

Þar eð einginn tók framar til máls, kvað forseti greinir þessar fullræddar, og voru síðan 20—28. gr. teknar til umræðu.

Konúngsfulltrúi: Við þann kafla frumvarpsins, er nú skal ræða um, hefi eg ei aðra athugasemd að gjöra, en við uppástúngu nefndarinnar við 23. gr. Nefndin stíngur upp á því, „að þíngsvitni það, sem um er getið í síðasta kafla greinarinnar, megi fram fara, sem fyrst ske má, og að sýslumanni sè gjört að skyldu, að setja þeim frá verandi arfgeingu frændum hins látna valinkunnan og kunnugan svaramann við vitnaleiðslu þessa, er gefi gætur, eins og dómarinn sjálfur, að rètti þeirra við þíngsvitnistektina". Eg fyrir mitt leyti get ei álitið þessa uppástúngu öldúngis nauðsynlega, því eins og nefndin sjálf víkur á, má ei lángur tími líða, áður þíngsvitni sè upp tekið, því annars kann sönnunin að missast, og því er nauðsynlegt, að stefnufresturinn ekki sè leingri, en í frumvarpinu var til tekið. Optast mun svo til bera hèr á landi, að erfíngjar sèu ei leingra burtu en svo, að þeir innan þess ákveðna tíma annaðhvort geti mætt sjálfir, eða látið aðra mæta fyrir sig; sèu erfíngjarnir leingra burt en svo, að þeir geti mætt eða látið mæta í ákveðinn tíma, og menn viti hverjir þeir eru, mun hlutaðeigandi sýslumaður finna sèr skylt, að skikka þeim svaramann eða *tutorem in litem,* án þess nýtt lagaboð komi þar um, en sèu einhverjir þeir erfíngjar til, sem menn ekki þekkja, eða vita hvar eru, þá verður ekki við því gjört. Komi þeir, eða gefi sig síðan fram, missa þeir arfinn, ef erfðaskráin er lögmæt, sèu þeir útarfar eða í uppstígandi línu; en sèu þeir lífserfíngjar hins dána, svo að eigi mætti svipta þá arfi með erfðaskrá, missist þeim erfðarètturinn ekki, fyr en eptir 15 ár.

Við það, sem nefndin hefir upp á stúngið í tilliti til 27. gr., hefi eg einga athugasemd að gjöra.

Framsögumaður: Með tilliti til ræðu hins hátt virta konúngsfulltrúa skal eg einúngis geta þess, að það hefir verið venja híngað til, þegar svo hefir á staðið, að maður ei sjálfur veit, við hvern hann deilir, eða þegar ókunnum manni er stefnt með ókunnu heimili, að feingið hefir verið konúnglegt leyfisbrèf til að stefna þessum óþekta manni með árs og dags fresti, og hefir leyfisbrèfið og stefna þessi verið birt í dagblöðunum,

Berlings tíðindum, Kaupmannahafnar Adressavís og í Altonamerkúr. Þetta á sèr stað, þegar skuldabrèf nokkurt er týnt, og það á að fellast úr gildi með dómi (Mortificationsstævninger), og optar endranær. Nú er í niðurlagi 23. gr. í frumvarpi stjórnarinnar látinn nægja 6 vikna stefnufrestur þeim ókunna og fjær verandi arfgeingu frændum þess, er arfleiddi, og virtist nefndinni, að þessi stefnufrestur og aðferð sú, er við hafa skal við stefnubirtínguna eptir innihaldi greinar þessarar, sè bæði of stuttur og ei nægilega tryggjandi fyrir rètt þeirra fjær verandi, einkum þegar þeir eru erlendis, og jafnvel þá þeir búa hèr á landi, en í fjarlægum hèröðum. Nefndinni þókti það nokkuð áhorfsmál, hvort ekki mundi tiltækilegra að prenta stefnuna til þingsvitnistektarinnar um arfleiðslubrèfin með þeim tiltekna 6 vikna fresti í tímaritum hèr á landi, en hún fèll aptur niður af þessu, af því tímarit þessi eru svo fá, og að þau ei eru út breidd, svo nokkru nemi, nema hèr á landi, enda virtist nefndinni frestur þessi, jafnvel þótt þessi tilhögun hefði verið gjörð, alt of naumur og með öllu ótryggur fyrir þá fjær verandi, sem hlut eiga að máli, en betur til fallið og meir samsvarandi þörfum beggja, bæði þess arfleidda, og fjær verandi erfingja hins látna, að stínga upp á því, að sýslumönnum væri í þessum tilfellum gjört að skyldu að setja þeim fjær verandi valinkunnan og kunnugan svaramann við þingsvitnisleiðsluna, og að hún mætti fram fara sem fyrst, því nefndin gat ei betur sèð, en að 6 vikna fresturinn væri dautt form, sem aldrei gæti komið nokkrum manni að liði á þessu fjær liggjandi, víðlenda og strjálbygða landi, og að því færi vel á því, að honum væri slept með öllu, en í hans stað lögleidt, að sýslumenn lèti halda svörum uppi við vitnaleiðsluna fyrir þá fjær verandi, og mundi svo miklu betur fara og vera meir tryggjandi fyrir hlutaðeigendur, en að fylgt væri frumvarpsins ákvörðunum. En þingið verður hèr að skera úr.

Konúngsfulltrúi: Eg held það sè þó ekki tiltækilegt, að láta þann 6 vikna tíma, sem er til tekinn í lagafrumvarpinu, falla burtu; því bæði er það, að hann mun optast nær verða nógur, og á hinn bóginn má ekki heldur of mjög festa vitnaleiðslunni. Að fara hèr að, eins og ákvarðað er um opinberar stefnur, á hèr ekki við, því þegar arfleiðsluskrár má að lögum gjöra, missa erfingjarnir einkis fullkomins rèttar, en áríðandi

er, að rèttur þeirra, sem arf eiga að taka eptir arfleiðsluskránni, sè ekki skertur með ónauðsynlegum undandrætti.

Framsögumaður: Eg ætla þó, að þingsvitnistektin ei gángi út á annað, en að sanna, að undirskript arfleiðenda undir arfleiðslubrèfið sè ekta, eða þar sem um munnlega arfleiðslu er að gjöra, að sá dáni hafi gjört þessa ráðstöfun eigna sinna eptir sinn dag; en þingsvitnistektin, sem því lík, gjörir ekkert út um *sjálf erfðarèttindin*, heldur er það skiptaráðandans og yfirdómstólanna, að skera úr þessu. Þingsvitnið hreifir því ekkert við *erfðarèttindunum sjálfum*, heldur við kemur það einúngis *formi* arfleiðslubrèfsins, eða að leiða í ljós, að sá dáni hafi undir skrifað það, eða munnlega gjört þá eða þá ráðstöfun eigna sinna eptir sinn dag.

Konúngsfulltrúi: Mèr finnst, sem ræða hins heiðraða framsögumanns, ef eg skil hann rètt, sè sprottin af nokkrum misskilníngi orða minna. Það var ekki meiníng mín, að vitnaleiðslan ætti að gjöra annað, en gefa vissu fyrir því, hvort arfleiðsluskráin hefði verið gjörð eða ekki, og hvort hún inni haldi virkilegan vilja hins dána. Þar á móti getur hún ekki gjört neitt út um það, hvort erfðaskráin að efninu til sè gild eða ekki.

Framsögumaður: Það liggur þó í augum uppi, að hafi sá fjær verandi arfborni frændi lifað þann látna, þá hefir hann *fullkominn* erfðarètt eptir hann *(jus præsens)*, og væri þá ílt, að einskorða þennan rètt við svo stutt tímabil, sem 6 vikur, og er því í öllu falli betra, að sýslumönuum sè gjört að skyldu, að skikka þeim fjær verandi, sem hafa eignazt *sönn* rèttindi við sjálft dauðsfallið, forsvarsmann við þingsvitnistektina um arfleiðslubrèfið, er hefir skert þessi virkilegu erfðarèttindi, sem þá eru orðin. Og má það opt að bera, að arfleiðslubrèfið einúngis inni bindur í sèr einstaka hluti *(successio singularis)*, en við kemur ei *öllum* eignum hins látna *(successio universalis)*.

Konúngsfulltrúi: Eg get þó ekki að öllu leyti viður kent það, sem hinn heiðraði framsögumaður nú sagði, eða þess vegna álitið rètt eða hentugt, að leingja þann í frumvarpinu til tekna 6 vikna tíma; því það er næsta njög áríðandi, að vitnaleiðslunni við arfleiðslubrèfið sè ekki leingi frestað, þar annars mögulegleikinn til að sanna það getur tapazt hlutaðeigendum. En fullkominn erfðarètt eptir lögum *(jus quæsitum)*

get eg ekki álitið aðra erfingja hafa en þá, sem eru niðjar hins dána, og hverra erfðarètt hinn dáni með arfleiðslubrèfum ekki má skerða, framar en í lögum er til tekið. Hinna annara erfingja erfðarètt má fremur kalla óvissan og vissum skilmálum bundinn *(eventuel* og *hypothetisk),* sem einúngis gildir þá, þegar það er orðið öldúngis víst, að hinn dáni ekki hefir samið neitt arfleiðslubrèf, eða gjört aðra ráðstöfun eigna sinna, en að þær skyldu gánga til erfingja hans að lögum.

Framsögumaður: Væri hèr ei að tefla um *rèttindi,* þá væri hreinn óþarfi að *stefna* til vitnaleiðslunnar. Eg fyrir mitt leyti verð þó að vera fastur á því, að sá í frumvarpinu ákveðni stefnufrestur sè lángt of stuttur til, að þessi rèttindi þeirra fjær verandi sèu fullkomlega trygð, og að betur sè gætt þarfa allra hlutaðeigenda á þann hátt, sem nefndin hefir stúngið upp á.

Steffán Jónsson: Af því mèr finnst, að löggjöf þessi fremur rýra en auka rètt og eignir erfingjanna, þá vil eg einnig benda á, að þetta á sèr stað, hvað þá ómyndugu snertir, í 26. gr. frumvarpsins; þar er þeim gjört að skyldu, að borga skiptaráðanda og skrifara gjald nokkurt; þetta held eg fremur mætti heita gjöf, en gjald, af því það á að greiðast fyrir óunnið verk, og það verk, sem, ef til vill, verður aldrei unnið af þeim, sem gjaldið tekur; því ef þessir ómyndugu sitja í óskiptu búi, þángað til þeir eru myndugir, þurfa þeir ekki skiptaráðandans við, fremur en þeir sem eru myndugir, þegar arfurinn fellur. En ef til skiptaráðandans afskipta kemur, þá er rèttur tími til að borga honum verk sitt, um leið að hann vinnur; því svo segja menn: að verður sè verkamaðurinn launanna. Væri svo, að þetta ætti að vera nokkurs konar hjálp til skiptaráðanda, þá væri sanngjarnara, að taka það af þeim myndugu, því þeir eru optast færari til að sjá fyrir lífi sínu. Af þessum ástæðum geymi eg mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið, að þessi 26. gr. falli burt, og hennar augnamið verði að öllu leyti ógilt í lögum.

Þar sem í nefndarálitinu er til ætlazt, að frumvarpið fái lagagildi eptir 1. janúar 1851, held eg að nefndin muni hafa ætlazt til, að þeim degi með töldum; þetta gæti valdið misskilníngi, ef arfur fèlli 1. janúar 1851, eptir hverjum erfðalögum að þá ætti að skipta honum, og því þækti mèr betur við

eiga, að sett væri frá byrjun ársins 1851, og áskil eg mèr þar um breytíngaratkvæði.

Eg vil að mestu leyti leiða hjá mèr, að tala um 20. gr., þar sem 18 vetra gömlum pilti er gjört frjálst að ráðstafa efnum sínum að fullu og öllu upp á eigin hönd. Líklegt er þó, að menn á þeim aldri sèu ekki vel ráðnir, og kynnu seinna að iðrast gjörníngа sinna, og held eg saklaust, þó þetta leyfi hefði ekki verið leyft, og þeir hefðu t. a. m. lifað eins og skólapiltar, sem ekki ráða efnum sínum, meðan þeir eru þar, nema með tilsjónarmanni, samt vil eg ekki fara leingra inn í þetta mál.

Konúngsfulltrúi: Við víkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður sagði, má eg geta þess, að hèr er eingin hætta á ferðum; því sá, sem gjört hefir arfleiðsluskrána, má breyta henni, hve nær og svo opt sem hann vill; en í tilliti til 27. gr., þá get eg ekki neitað því, að eg felli mig betur við, að 1. janúar sè með reiknaður, og að árslokin ráði gildi hinnar eldri og hinnar nýrri löggjafar.

Steffán Jónsson: Eg tók það fram, að eg meinti, að svo ætti skilja, sem 1. jan. ætti að fylgja því byrjaða ári; en af því að mèr virðist, sem orðin mættu skiljast þessu gagnstætt, þá hreifði eg við þessu, svo það leiddi ekki til misskilníngs eða efasemi.

En hvað við víkur 18. ára aldrinum, þá veit eg vel, að það er í alla staði rètt, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi sagði, að menn gætu aptur kallað arfleiðsluskrár, svo opt sem þeir vildu; en svo getur farið, að það verði um seinan, ef sá deyr hastarlega, sem gjörði gjörníngínn, og fyrir það sviptist skyldmenni eða foreldrar því fè, sem þeim annars hefði borið. Eg vildi að eins hreifa við þessu, en fann þó ekki gilda ástæðu til að áskilja mèr neitt breytíngaratkvæði þar um.

Þ. Sveinbjörnsson: Sá heiðraði þíngmaður Eyafjarðarsýslu talar við 26. gr. um gjald nokkurt, er skiptaráðandanum ber í þeim dánarbúum, hvar ekkja eða ekkill sitja í óskiptu búi, samkvæmt aukatekjureglugjörð frá 10. sept. 1830 § 38.; en við þetta er það athugandi, að gjald þetta reiknast skiptaráðandanum upp í það, sem honum ber fyrir skiptin á búinu seinna, ef hann skiptir því. Hann fær seinna því minna, sem hann hefir meira tekið fyrr. Opt ber það við, að skipt er seinna,

annaðhvort vegna þess að það leingst lifandi vill gipta sig aptur, eða af öðrum sökum, og þá kemur gjald þetta til skoðunar.

Steffán Jónsson: Eg kannast vel við það, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður nú sagði; en finnst samt ekki gild ástæða fyrir, að þetta haldist. Því það er þó rèttur gjalddagi, að gjalda, þegar búið er að vinna; það getur líka opt að borið, að aldrei komi til skipta, eða þá sè annar maður kominn til embættis, sem þá skiptir; og þó leyfi sè fyrir, að þá megi draga frá skiptalaunum, það sem áður er borgað, þá er þetta ekki svo sanngjarnt, og þar að auki þykir mèr þetta því ósanngjarnara, sem þeir ómyndugu eiga mestan hlut að því.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg ætla, að gjald þetta sè næsta sanngjarnt. Skiptaráðandinn hefir lögheimilaðan rètt til að skipta þar, sem ómyndugir eða fjærri verandi erfingjar standa að arfi, og opt er þessi rèttur hluti hans embættislauna, og ef hann því ekki fær neitt, fyrr en skipti fram fara, eða þá aldrei, ef aldrei er skipt, þá missir hann þessa rèttar síns, en annar, sem má ske seinna skiptir, tekur þar fullan skiptaeyrir, sem öðrum burtu förnum bar hann þó að rèttu, í hið minnsta að helmíngi. Löggjafinn virðist sanngjarnlega að hafa miðlað málum, að láta þann, sem skiptarèttinn átti, einúngis fá hálft gjaldið, en hinn hálft, er verkið vinnur, ef það er.

Konúngsfulltrúi: Eg held þó óráðlegt, að mæla að þessi fram með því, að hin 26. grein í frumvarpinu verði úr feld, því hún stendur í sambandi við það, hvernig sýslumönnum nú yfir höfuð er launað, og hvernig tekjum fyrir rèttargjörðir yfir höfuð er niður skipað. Skiptalaun eru ei akveðin í þeim tilgángi, að þau skuli einmitt vera endurgjald fyrir erviði embættismannsins; því í sumum búum, hvar þau eru lítil, fær hann ekki fyrirhöfn sína endurgoldna, en í öðrum búum fær hann aptur meira, en svarar endurgjaldi fyrir störf hans; þau eru yfir höfuð að tala niður skipuð þannig, að þau skuli rífka tekjur sýslumannsins.

Varaforseti: Þegar löggjöf þessi kemur út, sem nýtt boð, virðist hún gefa mönnum nokkur önnur rèttindi, en áður voru veitt. Það, sem áður fèkkst með leyfisbrèfi, nefnilega að sitja í óskiptu búi, það veitir nú lagabókstafurinn sjálfur, og það virðist töluvert veikja tilkallsrètt skiptaráðanda. Þess vegna mun áður ákveðið hafa verið, að meira eða minna skyldi greiðast af skiptalaunum, strax sem leyfisbrèf var veitt til að

sitja í óskiptu búi, að trygðist rèttur þess skiptaráðanda, sem þá var við embættið, en fluttur kynni að verða frá embættinu, þegar til skipta kæmi. En nú getur auðveldlega svo farið, að myndugir erfíngjar skipti að lokum með sèr búinu, því er hinum virðulega þíngmanni Eyfirðínga eingan veginn frá ráðandi, að taka sèr um það breytíngaratkvæði.

Konúngsfulltrúi: Þess ber þó á hinn bóginn að gæta, að landsbúar þó eptir frumvarpinu fríast frá nokkrum útgjöldum, er nú á þeim liggja; því þó þeir, eins og í greininni er til tekið, borgi hálf skiptalaun, þegar setið er í óskiptu búi, fríast þeir þó við að borga leyfisbrèfin, eins og híngað til hefir verið.

Varaforseti: Mèr virðist þó ekkert á móti því, að landsbúar neyti alls þess hagnaðar, sem löggjöfin býður þeim, og þó ekki þurfi þeir framvegis að kaupa leyfisbrèfin, leiðir ekki af því, að þeir vilji gjalda skiptalaun, fremur en þörf krefur.

Steffán Jónsson: Það er eins og mèr líka virðist, að þessi 26. gr. eigi hèr ekki við; hún hljóðar ekki um erfðir, heldur aukatekjur sýslumanna, og ætti því að út rýmast hèr og annarstaðar, sem óþörf og ósanngjörn.

Þ. Sveinbjörnsson: Undirstaðan er hin sama, hvort sem löggjöfin leyfir að sitja í óskiptu búi, eða það fæst með sèrstöku leyfisbrèfi; því slík sèrstök leyfisbrèf eru líka lög fyrir það einstaka atvik, sem þau eru gefin fyrir.

Varaforseti: Það er þó aðgætandi, að undantekníngar *(exemtiones)* frá löggjöfinni eiga að skiljast í strángasta skilníngi *(strictissimæ interpretationis)*, og ef þíngmaður Eyfirðínga fellur frá breytíngaratkvæði sínu, þá tek eg mèr það.

Steffán Jónsson: Eg ætla mèr ekki að falla frá því.

Framsögumaður: Í 28. grein þækti mèr betur fara, að orðið „þetta“ sè felt úr, en í þess stað sett orðið: „hana“; því það er ei eins hátíðlegt að auglýsa við kirkjur, að tilskipunin sè til sýnis hjá hreppstjóranum, eins og að tilskipunin sjálf sè birt almenníngi á kirkjufundum. Eg áskil mèr því þetta viðauka-atkvæði, eins og við 27. grein, að orðinu „samið“ sè breytt í „samin“ hafa etc.

Forseti: Þess háttar orðábreytíngar geta vel komið til atkvæða seinast sèr í lagi, ef þíngið ekki þegjandi samþykkir þær.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þeirrar orðabreytíngar í 28. grein, sem farið hefir verið á flot, vil eg skjóta því til þíngsins, hvort það vill fara henni á flot eða ekki.

Varaforseti: Áður en slept er umræðu um mál þetta, bæti eg því við um mismun þann, sem er á að sitja í óskiptu búi eptir leyfisbrèfi, og beinni löggjöf, að hingað til hefir það beint verið tekið fram í hverju slíku leyfisbrèfi, að skiptaráðandi einkis missi af rètti sínum fyrir leyfi þetta, og eru þó mörg leyfisbrèf út gefin síðan 10. september 1830, og mundi ekki hafa þurft, að geta þessa rèttar skiptaráðendanna í hverju leyfisbrèfi, ef rèttur þeirra væri óskoraður eptir aukatekjuskránni einnig þar, sem skipti fara ekki fram.

Framsögumaður: Orðatiltækin í 10. grein „*mikil* skírteini" þykir mèr að ástæða sè til að breyta í „*ljós*" skírteini, eða því líkt. Verð eg því að geyma mèr rètt til þessa viðauka-atkvæðis.

Jón Guðmundsson: Eg ætla þá, að nú sè lokið undirbúníngsumræðum um erfðalög þessi, og munu menn nú biðja um, að frumvarpið verði löggilt hèr á landi með þeim breytíngum, sem þíngið fellst á, og eg ætla, að fyrir því sè mikil ástæða, því málið hefir nú verið tvívegis lagt fyrir alþíng og má ætla, að það verði svo vel úr garði gjört hèðan, sem kostur er á. En lög þessi eru hin almennustu af öllum almennum lögum, því þar sem almenn lög yfir höfuð geta, ef til vill, náð til allra, þá geta erfðalögin ekki annað en náð til hvers eins manns, þess æðsta, sem hins lægsta, til allra án undantekníngar, bæði borinna og óborinna, á meðan þau eru í gildi. En þegar eg skoða þetta svona, og eg ætla það sè rètt, þá ætla eg öllum megi vera ljóst, að meira ríður á um þessi lög, en hver önnur, að þau sè svo skiljanleg og traust og fullgild sem verða má, og þá get eg ekki annað en litið fram á það með kvíða, ef lög þessi verða gefin út, eins og önnur lög, þau er hèr gilda, með undirskript konúngsins undir dönskunni, en íslenzka þýðíngin óstaðfest, og ekkert henni til gildis, nema þessi orð, „undir vorri konúnglegu hendi og innsigli", en þó ekkert nafnið; eg get ekki annað en litið fram á það með kvíða, þegar farið verður að vísa hverjum einföldum Íslendíng, sem hyggur hann hafi lögin á sínu máli og skilji þau glögt, í dönskuna, og sagt: „nei, hafðu á höfðinu! þarna stendur það svona, og það gildir, því þetta hefir konúngurinn und-

ir skrifað, en ekki hitt". Vèr höfum nú að vísu fyrir skemstu sent konúngi þegnlega bænarskrá, um að íslenzki texti þeirra lagaboða, sem gildi *verður* gefið hèr á landi, verði staðfestur með undirskript konúngs. En búumst við hinu illa, hið góða sakar oss ekki! og það illa í þessu efni er það, ef vèr ekki verðum bænheyrðir hið næsta ár, en erfðalög þessi verða gefin út, á sama hátt og nú er vandi til, með undirskript konúngs undir dönskunni. Því ber eg upp þá uppástúngu: að íslenzki texti þessara laga verði undir skrifaður af konúngi, eða að öðrum kosti, ef konúngur eður stjórnin getur ekki komið því við að sinni, þá, að lög þessi verði ekki gjörð gildandi hèr, fyrri en konúngur og stjórnin geta komið þessu við.

Konúngsfulltrúi: Eg veit ekki, að hve miklu leyti þingmenn álíta það rètt að forminu til, að fallast á uppástúngu þingmannsins frá Skaptafellssýslu, en eg fyrir mitt leyti get ekki annað en álitið það fullkomið óráð. Þingið hefir nú einu sinni ítrekað bænarskrá sína til konúngs um undirskript hans undir lagaboð þau, sem út koma fyrir Ísland, og sýnist mèr rèttast, að það láti þar við standa. En að hnýta slíkum skilmála, sem upp á hefir verið stúngið, við hvert lagaboð, og þannig má ske að hindra útkomu slíkra lagaboða, sem bæði þjóðin og þingið óskar eptir, virðist mèr næsta ótiltækilegt.

Þar eð enginn tók framar til máls, kvað forseti greinir þessar fullræddar og undirbúningsumræðu málsins þar með lokið.

Að lyktum var upp lesið og samþykt allra þegnsamlegast álitsskjal um konúnglegt frumvarp til opins brèfs, um hve nær manntalsþing skuli halda í Norðurmúlasýslu, svo látandi:

Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefir allra mildilegast þóknazt að leita álits þings þessa um lagafrumvarp, við víkjandi hve nær manntalsþing skuli halda í Norðurmúlasýslu.

Það var samhuga álit allra þingmanna, að ekki bæri nauðsyn til, að fá frumvarp þetta í hendur nefnd alþingismanna til meðferðar og undirbúnings, þar eð auðsært sè, að frumvarpið væri einkar hagfelt og nauðsynlegt öllum hlutaðeigendum í Norðurmúlasýslu, sem sækja þyrftu manntalsþing yfir torfarna fjallvegi, sem opt mega kallast ófærir, meðan þela leysir úr jörðu.

Þess vegna leyfir þingið sèr með 22 atkvæðum gegn 1 allra þegnsamlegast að mæla fram með því:

að frumvarp það, sem hèr ræðir um, öðlist lagagildi.

Alþingi, 2. dag ágústmán. 1849.

allra þegnsamlegast,

Jón Sigurðsson. *R. M. Ólsen.*

Fundi slitið þángað til kl. 5.

---

4. ágúst — þrítugasti og þriðji fundur.

Forseti gjörði þinginu kunnugt, að assessor Kr. Kristjánsson og stiptprófastur Árni Helgason hefðu tjáð sèr, að þeir gætu ekki mætt á þessum fundi.

Því næst tók forseti fram nefndarálit um konúnglegt lagafrumvarp um kosníngar til þings þess á Íslandi, sem heitið er í konúngsbrèfi 23. september 1848, og afhenti það framsögumanni Jóni Guðmundssyni, er las það upp svo látandi:

Hið heiðraða alþíng kaus oss, sem hèr erum undir skrifaðir, í nefnd, til að segja álit vort um frumvarp stjórnarinnar til kosníngarlaga, eptir hverjum kjósa skal til þjóðfundarins, sem heitið er í kgs. úrsk. 23. septbr. 1848, og ekki var lagt fyrir alþíng fyrri en í fyrra kvöld, þegar þíngmenn voru búnir að láta það að bón konúngsfulltrúa, að leingdur væri þíngtíminn, einkum sakir þessa hins mest áríðanda og vandasamasta málefnis, sem til umræðu hefir komið að þessu sinni, og af því vel mætti vera, að þíngið græddi á ýmsan veg af frumvarpi stjórnarinnar og ástæðum hennar fyrir því.

Hefir nefndin nú sem gaumgæfilegast yfir farið frumvarp þetta og ástæður þess, og leyfir hún sèr að bera upp fyrir hið heiðraða þíng álit sitt á því, sem fylgir:

Nefndin getur nú því fremur orðið fáorð um *tvöfaldar kosníngar* og *einfaldar*, sem hún ætlar, að þínginu sè enn í fersku minni ástæður þær fyrir, að einúngis einfaldar kosníngar eigi við hèr á landi, einkum til ens fyrir heitna þjóðfundar, er teknar voru fram bæði í álitsskjali kosníngarlaga nefndarinnar 24. f. mán., og í bænarskrá þíngsins til konúngs í því máli 31. f. mán. Stjórnin játar einnig í ástæðum sínum, að mikilvægir kostir fylgi hinum einföldu kosníngum, þar sem þeim verði komið við. En þó þykir henni samt að öflugri á-

stæður mæli með tvöföldum kosníngum á Íslandi, og færir stjórnin fyrir því 3 ástæður: 1. af því að ályktanir alþíngis verði feldar á ódeildu þíngi (vèr ætlum sú sè meiníngin, að að eins sè ein málstofan, en ekki tvær, önnur æðri, en önnur lægri); 2. af því nauðsyn sè að ná með öðrum ráðum, en einföldum kosníngum óbundnum við fjáreign, einhverju því, er aptri of bráðum hreifíngum; 3. af því tvöfaldar kosníngar sèu þjóðlegri á því landi, þar sem fólk býr strjált í víðlendum hèruðum, eins og er á Íslandi, og myndi öllum þorra kjósenda, ef þeir ættu að koma til eins kjörþíngs í hverju kjördæmi, vera með því móti bægt frá að kjósa fulltrúa sína, og yrði því að gefa atkvæði skriflega í smádeildum, o. s. frv. Að lyktum færir stjórnin þá ástæðuna til, að meiri hluti alþíngismanna hafi mælt fram með tvöföldum kosníngum.

Nefndin finnur sèr skylt að taka ástæður þessar til nákvæmrar yfirvegunar og að fara um þær nokkrum orðum. Hin fyrsta ástæðan, ætlum vèr, getur því síður átt hèr við, sem hvorki stjórninni nè ráðgjafaþíngunum í Danmörku þókti nein nauðsyn á, að kjörnir væru með tvöföldum kosníngum fulltrúar til ríkisfundarins, er þó ræddi bæði sjálf grundvallarlög ríkisins og önnur mál í einni málstofu með ódeildri samkundu.

Ekki ætlar nefndin heldur, að óttast þurfi of bráðar hreifíngar hjá Íslendíngum, þó kosníngar sèu einfaldar og óbundnar við fjáreign; ef hreifíngar nokkrar, frekari en vel mega standast með góðri reglu, ættu sèr stað hèr á landi í slíkri stefnu, þá mundi ekkert vera iskyggilegra en að bjóða þjóðinni tvöfaldar kosníngar til þjóðfundarins, er hún hefir í ár átt svo rækilega fundi með sèr á ýmsum stöðum til að ræða um kosníngar þessar, og hefir svo eindregið og einhuga beðið um einfaldar kosníngar.

Með eingu móti fær heldur nefndinni skilizt, að tvöfaldar kosníngar geti orðið *þjóðlegri* fyrir það, þótt landið sè strjálbygt og hèröð víðlend, nè að kjósendum verði fyrir þá sök frá því bægt, að kjósa fulltrúa sína með einföldum kosníngum, eða að atkvæði verði þá að gefa skriflega í smádeildum. Í öllu bærilegu veðri kosníngardaginn mega kosníngar fara fram undir berum himni, en sè veður ílt, má inni kjósa í þínghúsi eður kirkju, og kalla inn hvers hrepps innbúa í senn, ef ekki hafa fleiri rúm, til þess að greiða atkvæði; munu kosníngar aldrei dreifast svo mjög, þó þær sèu beinlínis, með því

kjósendur munu að líkindum eiga með sèr fundi og tala sig niður, áður en til aðalkosninga kemur.

Stjórnin tekur það og fram í ástæðum sínum, að meiri hluti alþingismanna hafi mælt fram með tvöföldum kosningum; mun, þetta lúta að því, sem alþing fór fram í þegnlegri bænarskrá sinni 7. ágúst 1847 með 12 atkvæðum gegn 10, að kosningar væru tvöfaldar og væri fimti hver kjósandi kjörmaður til *alþingiskosninga framvegis;* því um annað var þá ekki að ræða en kosningar til ens ráðgefanda alþingis, en ekki til slíks þjóðfundar, sem nú er umtalsefnið.

Nefndinni getur því ekki fundizt, að ástæður stjórnarinnar sè svo öflugar, að ekki sèu þær ástæðurnar miklu öflugri og mikilvægari, er hin fyrri nefnd í kosningarlögunum hefir tekið skýrlega fram fyrir einföldum kosningum, og þingið hefir þegar aðhyllzt í einu hljóði, og finnur hún því ekkert tilefni til að ráða enu heiðraða alþingi að beiðast staðfestingar á frumvarpinu að þessu leyti. En bæði lúta flestar ákvarðanir frumvarpsins að þessari kosningaraðferð, og verður þeim fyrir þá sök ekki komið við með beinlínis kosningum, og þar til virðist svo, sem bæði í frumvarpinu sjálfu og eins í ástæðunum sè, eins og nú var sýnt með tillögur alþingis 1847 um tvöfaldar kosningar, víða ekki haft svo skýrt tillit til þessa sèrstaka þjóðfundar, ætlunarverks hans og hins nauma tíma, sem auðsèður er að hlýtur að verða milli þess að kosningar geta farið fram og fundurinn hlýtur að byrja, þ. e. ekki seinna en í miðjum júlí, ef hann á að komast á að ári; þvert á móti verður ekki betur sèð, en á mörgum stöðum sè haft beint tillit til kosninga til alþingis með nægum fyrirvara, eins og líka fulltrúar þjóðfundarins eru allstaðar nefndir „*alþingismenn*“, og leyfir nefndin sèr nú að benda á nokkrar þær greinir og ákvarðanir frumvarpsins, sem þannig er varið.

Í 3. gr. á fulltrúatala sú, sem hvert kjördæmi skal kjósa, að vera ákveðin eptir fólksríki kjördæmanna, og er þó þessa næsta misjafnlega gætt, þar sem í sumum kjördæmunum á að kjósa 1 fulltrúa fyrir nærfelt 2400 manns, en aptur í öðrum 1, alt niður til svo sem 400; en á þessa leið mun jafnan fara, þegar miða á tölu fulltrúanna við fólksfjölda, en kjördæmin þó látin halda enum fornu ummerkjum, sem leingst af mun þó reynast nauðsyn. En þar til hyggur nefndin, að eingi sè ástæða til að líta á neinn fólksfjölda eða fólksfæð, þegar til

þjóðfundarins skal kjósa, sem að eins á að ræða allsherjar mál, en vart nein einstakleg. Því verður og nefndin enn að vera föst á því, í tilliti til 1. gr. frumvarpsins, að fulltrúatalan eigi að vera hin sama og þingið hefir þegar fallizt á.

Í 11. gr. er lagt fyrir, að kjósa skuli kjörmann á manntalsþingum í hverjum hreppi. Manntalsþing eru sumstaðar haldin um sumarmál, eins og í Austurskaptafells og Mýrasýslu og má ske víðar; beri út af því, að kosningarlögin komi hingað með póstskipi, er auðsætt, að eingar kjörskrár geta þá verið ritaðar, og sízt 4 vikum fyrir manntalsþing (10. gr). Aptur eru manntalsþing í sumum sýslum seint í júní og í júlí mánuði, t. a. m. í Ísafjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu; eins og nú er stúngið upp á í frumvarpinu, sem hingað er komið, yrði þar ávinníngur að kjósa þjóðfundarmenn, sem ættu að vera komnir í miðjum júlí til Reykjavíkur, þegar kjörmenn væru ekki kosnir fyrri en undir eða um þann tíma.

Í 21. gr. er gjört ráð fyrir, hversu til skuli haga, þegar kjörmenn kjósa fulltrúa þjóðfundarins. Nú er þegar sýnt fram á, hvað manntalsþing eru haldin seint víða; víðast munu þau haldin í maí og júní mánuði, og fyrri geta ekki farið fram kosníngar kjörmanna (§§ 11—12); þar af leiðir, að kosníngar fulltrúanna geta ekki átt sèr stað yfir höfuð að tala fyrri en um lok júnímánaðar eður í öndverðum júlí. Nú má þó kjósa yfir land alt eptir 6. gr., svo víða má það að bera, að kosinn sè fulltrúi utan hèraðs og lángt undan, en þó sèr nefndin ekki neinn mögulegleik þess, að koma vissu til þess manns um kosníng hans, og því síður, að honum sè mögulegt eptir 23. gr. að skýra frá, hvert hann skorist undan kosníngunni, því þótt til þess væri tími, sem ekki verður, þá veit hann ekki nema hann sè kosinn með fleiri atkvæðum annarstaðar; en ef svona fer, að af honum missir, þá skal kjósa um aptur, en til þess sèr nefndin því síður vera tíma, nè á því nokkurn mögulegleika, eins og áður var sýnt fram á.

Í niðurlagi 25. gr. er ráð gjört, að sá sè kosinn, sem erlendis sè; en það er auðsætt, að þegar kosníngar geta ekki farið fram, fyrr en skamt fyrir þjóðfundinn, verður einginn sá kosinn, sem ekki er þá innan lands.

En þó hæði væri um nægan tíma að tefla og tvöfaldar kosníngar væru að öðru leyti hafandi, ætlar nefndin, að ýmsar

sèu þær ákvarðanir í frumvarpinu, sem sèu næsta aðgæzluverðar, ef ekki óhafandi hèr á landi.

Á meðan sumir voru að biðja um tvöfaldar kosníngar til alþíngis, eins og því var háttað, fórn þó mjög svo fáir sem eingir fram á að hafa þær svo þraungvar, sem ákveðið er í 4. gr.; er og sú þraungvan því síður skiljanleg, sem frjálslegri er nú orðin skoðun manna og sjálfra stjórnendanna á öllu slíku bæði í Danmörku og víðar; og er sama að segja um þá þraungvun, að frumkjósendur skuli vera 30 ára að aldri (5 gr. *a*).

8. gr. leggur ekkert fyrir, um að aldurs kjósenda skuli getið í kjörskránum, var á þessu þó því meiri nauðsyn, sem ákveðið er í 21. gr., að þegar jafnmörg sèu atkvæði manna, skuli *aldur ráða*. Að vísu geta ekki kjörskrárnar skýrt frá aldri annara manna en þeirra, sem eru innan hèraðs; því er sú ákvörðun, að aldur skuli hèr ráða, óhafandi við, þegar kjósa má yfir alt land (6. gr.), því varla mun kjörstjórnin vita aldur allra þeirra utanhèraðsmanna, sem kynnu að verða gefin atkvæði.

9. gr. leggur sýslumönnum á herðar að rannsaka og leiðrètta kjörskrárnar tafarlaust. Bæði er hèr gjört ráð fyrir miklu rýmri tíma, en um getur orðið að tefla, og fyrir miklu meiri og glöggvari þekkíngu sýslumanna til sýslubúa, en yfir höfuð má vænta, allra sízt hið komandi ár, þar sem stjórnin hefir sett í bráð svo marga nýa og ókunnuga menn til að gegna sýslumanna störfum. Sýslumenn hafa þó ekki annað við að styðjast við þessar lagfæríngar, en það sem tekið er fram í ástæðunum, manntalsskrár og hreppareikníngа, en þessi skilríki eru einúngis verk presta og hreppstjóra, sem nú eiga að semja kjörskrárnar og miklu gjörr þekkja til, hverjir í sínum hrepp, heldur en sýslumennirnir til allra sýslubúa, þó þeir hafi þjónað um leingri tíma.

Þegar saman er borin 12. gr. við 16. gr., fær nefndin ekki skilið, því kjörstjórum er ekki gjört að skyldu að kveðja til aðstoðar sèr 2 valinkunna menn, þegar kjósa á þjóðfundar-fulltrúana, eins og þeim byrjar að gæta þess við frumkosníngar kjörmanna. Næsta mjög virðist þó á því ríða, að aðstoðarmenn kjörstjóra, ekki síður við hinar síðari kosníngar, sèu valinkunnir, þekki vel til í kjördæminu, og að þeir þar til sèu eiðsvarnir.

21. gr. gjörir ráð fyrir, að 4 sinnum megi kjörmenn til að

kjósa fulltrúa, ef svo beri undir, og þegar svo fer, getur kosníngum vart orðið af lokið samdægris; sè utanhèraðsmaður kosinn og geti þó ekki þegið kosníngu, verður að kjósa upp aptur á sama veg, og svo enn aptur, ef hinn, sem í annað sinn er kosinn, getur ekki undir geingizt. Þessi margföldu umsvif, sem kjörmönnum mega vera auðsèn fyrir fram, ef kosið er utan hèraðs, munu beinlínis valda því, að þeir kjósi innan hèraðs, til þess að komast hjá þeim margföldu erviðleikum, ferðalögum og tímatöf, sem af þessari kosníngaraðferð leiðir; leiða öll þessi umsvif af þeirri aðalreglu í þessari gr., að eingi megi verða þjóðfundarmaður, nema hann hafi meir en helming atkvæða, en allir mega sjá, að ógjörlegt er, með þessum hætti að neyða kjörmenn að víkja frá sannfæríngu sinni, ef nokkur endir á að verða á kosníngum.

Að lyktum hyggur nefndin sèr skylt, að yfirvega nákvæmlega þær ákvarðanir í frumvarpinu, sem ekki eru í uppástúngufrumvarpi því, er hið heiðraða alþíng þegar hefir aðhyllzt og ritað um bænarskrá til konúngs, en gæti þó átt eins við einfaldar kosníngar sem tvöfaldar.

Í 17. gr. er ákveðið, að stefna skuli kjörmönnum öllum til fundar á þeim stöðum, sem amtmenn hafa ákveðið eptir tilsk. 8. marz 1843, § 15. En þótt nú ætla megi kjörstjórum yfir höfuð, að þeir ákveði hinn hentasta og öllum kjósendum hægasta stað til kjörþíngs, sem völ er á í sýslunni, og að þeir muni ekki án hinnar brýnustu nauðsynjar breyta þeim stöðum, sem amtmennirnir kváðu á til alþíngiskosníngа eptir tèðum lagastað, og sem enn, með óbreyttum kjördæmum, mega álítast óbreyttir, þá finnst þó nefndinni betur mætti fara, að bein ákvörðun komi um það inn í sjálf kosníngarlögin.

Þar sem í hinni sömu gr. er ákveðið, að nota skuli bækur þær við kosníngu þjóðfundarfulltrúanna, sem áður hafi verið brúkaðar við kosníngu alþíngismanna, þá ætlar nefndin, að þessu muni ekki verða komið við, ef kosníngar eru einfaldar, af því þá má gjöra ráð fyrir miklu meiri fjölda kjósenda en svo, að þessar bækur, sem yfir höfuð munu ekki hafa verið ætlaðar til stærri, en samsvarandi hinni litlu tölu kjósenda eptir tilsk. 8. marz 1843, gæti rúmað nöfn þeirra, sem nú ætti að kjósa eptir frjálsum og sem minnst bundnum beinlínis kosníngum; þar til álítur nefndin þjóðfund þenna alls annars eðlis en alþíng, og því eigi ekki við, að kosníngar til hans

sèu ritaðar í hinar fyrri kosníngabækur til alþíngis, þó þær væru nógu stórar. Nefndin ætlar því, að nýar bækur þurfi nú frá stofni, en hún hyggur og, að hvorki sè þörf neinnar beinlínis ákvörðunar um það, nè að þær sèu löggiltar af amtmanni, var og eingi slík ákvörðun tekin inn í kosníngarlög Dana til ríkisfundarins 7. júlí 1848.

Þar sem í 22. gr. er lagt fyrir, að allir kjörstjórar skuli segja amtmönnum, hvernig ráðizt hafi kosníngar, en þeir embættismenn aptur ráðherra innanríkismálanna, þá þykir nefndinni þetta hið síðara ekki koma fyrir neitt, þar ráðherra þessi ekki getur feingið þá skýrslu, fyrri en eptir það þjóðfundi er slitið, ef hann verður að sumri komanda, en kosníngar fara fram rètt á undan.

Í 23. gr. er hverjum manni, sem verður kosinn, gjört að skyldu að skýra frá, hvort hann skorast undan kosníngunni, og hefir nefndin sýnt fram á hèr að framan, hversu óhafandi þetta er, sakir þess hvað tíminn með eingu móti leyfir það. Nefndin ætlar einnig, að það sè næsta gagnstætt frelsi því, sem kosníngarlög yfir höfuð halda fast á og eiga að vernda, þar sem t. a. m. eingum verður gjört að skyldu að koma á kjörþíng, fremur en hann vill sjálfur, eður dvelja þar leingur, en honum vel líkar, nè heldur fulltrúaefni, að gángast undir kosníngu, ef þau leggja þess háttar byrði á herðar fulltrúaefnum, og gjöra þeim að lagaskyldu, að senda í ýmsar áttir til kjörstjóranna, sjálfsagt á kostnað sjálfra þeirra; mundi þeim verða þetta því tilfinnanlegri lagaskylda og því ómögulegra að gegna henni, sem þeir væru kosnir í fleiri hèröðum og hefði meira traust og álit landsbúa.

Í niðurlagi ennar sömu greinar lætur löggjafinn þá væntíng í ljósi, að þeir menn, sem kosnir eru, muni ekki skorast undan, nema brýn nauðsyn beri til. Nefndin ætlar, að þetta megi fremur spilla en bæta, ef til vill, og að sumum megi virðast, að þar sè bendíng til fulltrúaefna, að þeir geti borið og muni bera fyrir ýms forföll, og hyggur hún, að slíku sè betur slept en haldið, og að lögin eigi ekki að gjöra ráð fyrir neinni undanskorun nè forföllum, en við þeim verður og því síður hætt, sem skemra líður um frá kosníngum til þjóðfundarins.

Í 25. gr. eru fulltrúunum ákveðnir 2 rbd. í fæðispeníngа, meðan þeir eru á „þíngi“, og er þeim þá ekkert ætlað fyrir þá

dagana, er þeir neyðast til að dvelja á fundarstaðnum fyrir og eptir; en eingir úr hinum fjarlægari hèröðum geta svo einhnitað niður dagleiðir sínar, sízt þegar þeir fara að heiman, að ekki verði þeir að ætla sèr nokkura daga fyrir varasakir illviðra, torfæra og fl., og komast þeir þá ekki hjá að dvelja hèr nokkra daga fyrir fundinn, og vart geta þeir heldur komizt á stað fyrri en einum eða tveim og má ske fleiri dögum eptir fundarlok. Sama er að segja um þá menn, sem búsettir eru erlendis og væru hèr á landi um kosníngar og yrði kosnir, að vel má heimferð þeirra tefjast talsverðan tíma eptir fundinn, áður þeir geta feingið far, og væri það næsta ósanngjarnt, ef ekki með öllu til að aptra þeim frá fundarsetunni, ef þeir feingju einga borgun fyrir þann tíma.

Eins er um 2 rbd. fæðiskaupið, á meðan á fundi stendur, að þegar litið er til kostnaðar á fundarstaðnum, þá er þetta kaup í rauninni ekki meira, eða vart svo, sem duglegur vinnumaður fær í kaupavinnu, og má ekki ætla, að neinn heimilisfaðir og sómamaður fari til fundarins, ef hann bíður af förinni jafnaugljósan skaða; en það er eingan veginn til vinnandi fyrir litinn sparnað að eiga það á hættu, að má ske margir, og það hinir gagnlegustu fulltrúar, skorist fyrir þá sök undan að gegna þessari mikilvægu köllun.

Um ferðakaupið má nefndin nú verða því fáorðari, sem það, sem um þetta er ákveðið í 25. gr., mun yfir höfuð koma að öðru leyti heim við uppástúngur ennar fyrri nefndar í kosníngarlögunum, og það sem alþíng hefir samþykt, nema í því einu, að hèr í frumvarpinu er einskorðað dalatal auðsjáanlega eptir dagatali til ferðarinnar; ætlar nefndin, að einmitt sú einskorðun megi valda talsverðum ójöfnuði, bæði fyrir það hvað misjafnlega getur hèr viðrað, og lángferðir tafizt á ýmsan veg, hvað misaldra og misröskir menn geti verið til ferðalaga, og hvað nærri eða fjærri menn geta búið fundarstaðnum í sama kjördæminu, þar sem slíkt má opt skakka 3 dagleiðum, yfirferð yfir ferjuár, illfær vötn og aðrar torfærur; það finnst og nefndinni næsta ósanngjarnt, að ef sá, sem erlendis er búsettur, er kosinn fyrir t. a. m. Gullbríngusýslu, skuli fá að eins 8 rbd. í ferðakostnað til og frá heimili sínu, eins og sá, sem í Nesi býr eður Laugarnesi, að eins rúma 1000 faðma frá fundarstaðnum, en *ekkert*, ef hann er kosinn fyrir Reykjavíkurbæ, og mundi kjósendum ekki þykja það alllítið band, ef þeir yrði

annaðhvort að verða af manninum, er þeir treysti bezt, eða gjöra hann skaðlausan með fé sjálfra þeirra.

Þannig hyggur nefndin, að hún hafi tekið fram nægar ástæður fyrir því áliti sínu, að hið heiðraða alþing *eigi að ráða konunginum þegnsamlegast, að frumvarp þetta til kosningarlaga til þjóðfundarins, sem heitinn er með kgs. úrsk. 23. septbr. 1848, verði ekki löggilt.*

Reykjavík, dag 2. ágúst 1849.

Þ. Sveinbjörnsson. J. Guðmundsson. H. Stephensen.
framsögumaður.
J. Johnsen. St. Jónsson.

Framsögumaður: Mál þetta er að höfuð-atriðunum og aðalefninu til, eins og þingmönnum er kunnugt, áður rædt að öllu leyti, og bænarskrá rituð um það til konúngs. Nefndinni þókti því ekki hlýða, að rifja neitt upp af því máli, nè að minnast á úr því, nema sem allra minnst að varð; og hyggur hún, að eins byrji nú ekki að ræða um nein þau atriði, sem ekki getur heldur orðið, nema því að eins að góð regla haggist, heldur að eins að halda eigi sèr fast við ákvarðanir frumvarpsins, eins og nefndin hefir gjört.

Forseti: Áður en tekið er til umræðu um málið, ætla eg að leyfa mèr að láta í ljósi, hver aðferð mèr virðist hentugust að höfð verði á umræðu þessa máls að fominu til, ef vera mætti, að umræðan og atkvæðagreiðslan yrði fyrir það nokkru ljósari og greiðari, svo framarlega sem þingmenn gætu fallizt á minn skoðunarmáta í því efni. Eg held, að bæði þjóðin og stjórnin geti með sanngirni krafizt þess af þinginu, eg held, að þingmenn hljóti að krefjast þess af sèr sjálfir, að mál þetta verði hèr svo greinilega rædt, sem kostur er á, og ekki flasað að því í neinu tilliti.

Eg hlýt að skoða frumvarp þingsins, sem það er búið að samþykkja, eins og aðal-frumvarp, en þetta frumvarp stjórnarinnar skoða eg nú sem vara-frumvarp í umræðunum. Eg tek því við öllum þeim breytingaratkvæðum, sem þingmenn vilja bera upp, og leita atkvæða á síðan um þau og um frumvarpið sjálft, eins og hvert annað frumvarp; en eg vil biðja þingmenn að hafa sèr það hugfast og gæta þess, að breytingaratkvæðin eru, sem vara-atkvæði, og ef þau verða samþykt, þá verða þau samþykt, sem vara-atkvæði. En að síðustu, þeg-

ar leitað hefir verið atkvæða um öll breytíngaratkvæði og um allar greinir frumvarpsins sèr í lagi, þá verður leitað atkvæða um frumvarpið alt með þeim breytíngum, sem á því eru orðnar; verði þá frumvarpið samþykt þannig orðað, þá verður það vara-frumvarp frá þínginu, en það er þá á þingmanna valdi með þessari atkvæðagreiðslu að fella það, sem vara-frumvarp, hvernig sem þeir áður hafa fallizt á breytíngaratkvæðin, eða að samþykkja það alt, sem varafrumvarp.

Því næst vil eg skipta frumvarpinu í kafla til umræðu, og vil eg fyrst taka 1—3. gr.; þar næst 4. gr. sèr í lagi, og ætlast eg til, að þar sè tækifæri til að ræða um grundvallarregluna í tvöföldum og einföldum kosníngum, sem er hyrníngarsteinninn undir hvorutveggja frumvarpinu, konúngsins og þíngsins. Þar næst er 5. og 6. grein um kosníngarrètt og kjörgeingi. Því næst 7—21. grein, sem er reyndar lángur kafli, en er þó allur um kosníngar-aðferðina; því næst vildi eg taka til umræðu 22—24. grein, og að síðustu 25. grein.

P. Pètursson: Eg ætla þá strax að leyfa mèr að bera upp breytíngaratkvæði við 1. gr. í upphafinu, að í staðinn fyrir „í þíngi því“ sè sett: á þjóðfundi þeim, og þá í sömu grein, í stað „40“ verði sett 46, og í stað „34“, 40.

Við víkjandi 2. gr. hef eg og breytíngaratkvæði, en leyfi mèr, áður en eg ber það fram, að gjöra dálitla athugasemd. Eptir því sem nú er orðið ástatt á þínginu, mun það ei leingur vera tiltækilegt, að byggja breytíngaratkvæði sitt um tölu þingmanna að ári á fólksfjölda í hverju kjördæmi, fyrst búið er að fella þessa undirstöðu málefnisins hèr á þínginu. Um leið vildi eg og geta þess, að hèr hefir opt verið rædt um þjóðfundi og þar á meðal Þíngvallafundinn í sumar, sem einhverja hina mestu sönnun fyrir þjóðviljanum, en þó hefir þessa ekki verið gætt allstaðar, heldur að eins þar, sem álit fundar þessa var samkvæmt áliti nefndarmanna hèr, en þar sem eitthvað bar á milli þeirra, hefir verið leidt hjá sèr, að minnast á Þíngvallafundinn. Svoleiðis er því nú varið um þíngmanna-töluna, að því leyti sem hún byggist á fólksfjölda kjördæmanna. En af því það mun nú ei hægt hèðan af, að koma þessari skoðun við á þínginu, þá sný eg aptur að breytíngaratkvæði mínu, sem byggist á þeirri reglu, er þíngið hefir þegar fallizt á, og er það þá svo hljóðandi, að á eptir orðinu „kjósa“ sè sett: tvo

þingmenn hvort, í staðinn fyrir "einn eða fleiri alþingismenn eptir stærð sinni og fólksfjölda".

Hið fjórða breytingaratkvæði, sem eg hef, og sem leiðir af þessu, er það, að 3. gr. sè slept.

Þ. Sivertsen: Þar eð eg tók ekki nákvæmlega eptir því, hvort hinn konúngkjörni varaþingmaður andlegu stèttarinnar tók það fram við vara-atkvæði sitt til breytíngar á annari grein, að eptir orðin „tvo menn", er hann vildi hafa bætt inn í, feldist úr orðin „einn eða — fólksfjölda", og hafi hann ekki gjört það, svo á skil eg mèr rètt til þess.

Varaforseti: Fyrst hinn konúngkjörni þingmaður ekki tók sèr það breytíngaratkvæði við niðurlag annarar greinar, þá áskil eg mèr það, að Skaptafellssýslur báðar kjósi sèr tvo þingmenn í sameiníngu.

Þar eð enginn tók framar til máls, kvað forseti þessar greinir fullræddar, og var þá 4. gr. tekin til umræðu.

P. Pètursson: Eg stend ekki upp til að mæla með tvöföldum kosníngum; því hvorki held eg, að þeim verði hæglega við komið að sumri vegna tímans naumleika, nè heldur kemur mèr til hugar, að eg mundi geta náð nokkurri fótfestu handa þeim í áliti þíngsins, en í sambandi við þá athugasemd, er eg áðan gjörði, vil eg geta þess, að Þíngvallafundurinn að vísu hældi einföldum kosníngum, eins og nefndarálitið segir, en yfir hinu hefir hèr verið þagað, að Þíngvallafundurinn skoðaði einfaldar kosníngar ei svo mjög í samanburði við tvöfaldar kosníngar, heldur í sambandi þeirra við fulltrúa-efni.

Forseti: Fyrst enginn tekur til orða um 4. grein, vil eg spyrja, hvort þíngmenn ætlast til, að hún komi í varafrumvarp þíngsins.

P. Pètursson: Eg gjöri það að mínu breytíngaratkvæði, að henni sè slept.

Þar enginn tók til máls, kvað forseti grein þessa fullrædda, og voru því næst 5. og 6. gr. teknar til umræðu.

P. Pètursson: Má eg áskilja mèr breytíngaratkvæði við staflið *d* í 5. gr., að hann falli burtu, og í staðinn komi: „að líka megi sá kjósa, sem öðrum er háður, ef hann veitir heimili forstöðu; sömuleiðis, ef hann er mentaður maður og útskrifaður úr skóla, og eins allir verzlunarfulltrúar". Við 6. gr. áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að í stað „alþíngismanns„ sè sett: „þíngmanns", en áð slept sè „eða kjörmanns", og fyrir

„þó er hver fullveðja maður kjörgeingur fyrir aldurs sakir“, komi “þó er hver maður kjörgeingur fyrir aldurs sakir, þegar hann hefir fimm um tvítugt“, fyrir „alþíngis“, komi „þíngs“, og að við enda greinarinnar sè bætt, “eptir þeim reglum, er síðar segir“.

Þar einginn tók framar til máls, kvað forseti greinir þessar fullræddar, og voru síðan 7—21. gr. teknar til umræðu.

P. Pètursson: Við 8. grein, vil eg bera upp það viðauka-atkvæði, að eptir „þeirra“ sè bætt inn í „aldur“. Við 10. gr., að í staðinn fyrir „kjörmanns þíngunum“ sè sett „kjörþíngunum“; enn fremur í sömu grein, að í staðinn fyrir „fjórum vikum fyrir manntals þíng“ sè sett: „að minnsta kosti 14 dögum áður en kjörþíng er haldið“; enn fremur, að greinunum 11, 12, 13, 14 og 15 sè slept. Í 16. gr. áskil eg mèr það breytíngar-atkvæði, að í stað „alþíngismannanna“ sè sett „þíngmannanna“, og það viðauka-atkvæði við enda greinarinnar „Áður en kosníng byrjar, skal kjörstjóri skora á þá, sem annaðhvort haldi, að þeim sè ófyrirsynju slept í kjörskránum, eða aðrir sèu þar ránglega settir, að þeir beri fram mótmæli sín, sem áður skulu vera brèflega gjörð og birt kjörstjóra, að minnsta kosti þrem dögum fyrir kjörþíng; tekur hann við mótmæla-brèfunum, og skal kjörstjórnin þegar skera úr og lagfæra þar eptir kjörskrárnar“.

Við 17. gr. er það mitt breytíngaratkvæði, að byrjun hennar sè slept aptur að orðunum „á þeim stöðum“, en að í þess stað sè bætt inn í upphafið „kjörþíng skal halda sama dag um alt land, og skal bæarfógetinn í Reykjavík, og sýslumenn hver í sínu kjördæmi, stefna kjósendum til fundar að minnsta kosti 8 dögum á undan“; svo og, að fyrir „alþíngismenn“ komi „þíngmenn“ í þessari grein og eins allstaðar, þar sem þetta orð lítur til fundarins að ári. Enn fremur, að á eptir orðinu „þíngmenn“ sè bætt inn í: „En þíngdag þennan munum vèr síðar til taka, um leið og vèr boðum fulltrúana til fundarins“; og seinast í greininni áskil eg, að „kjörsskrár“ komi fyrir „kjörbækur“, og að „(§ 14)“ sè slept. Í 19. grein áskil eg það breytíngaratkvæði, að allstaðar, þar sem „kjörmaður“ eða „kjörmenn“ kemur fyrir, sè sett „kjósandi“ eða „kjósendur“, og í miðri greininni fyrir orðin „hver kjörmaður kýs svo marga menn, sem kjósa á alþíngismenn fyrir kjörþíngið“ sè sett: „Hver kjósandi kýs tvo menn fyrir kjörþíngið“,

og að enda greinarinnar sè slept frá orðunum "og skal að öllu öðru leyti" o. s. frv.

Við 21. gr. áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að henni sè slept, en í stað hennar komi önnur svo látandi: „þeir 2, sem hafa feingið flest atkvæði, skulu vera fulltrúar kjördæmisins; fái fleiri, en þessir, jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða. Ekki má velja neinn utan kjördæmis, nema einhver kjósenda á kjörfundinum geti með fullum skilríkjum sannað fyrir kjörstjórninni kjörgeingi og aldur hans, og að hann takist kosnínguna á hendur".

Þar eð ekki fleiri tóku til máls, kvað forseti greinir þessar fullræddar, voru síðan 22—24 gr., teknar til umræðu.

P. Pètursson: Við 22. gr. vil eg gjöra það viðauka-atkvæði, að á eptir orðin „nöfn sín" sè bætt inn í: „En sè kjörstjóri sjálfur valinn, gjöra það að eins aðstoðarmenn hans". Við 23. gr. ber eg upp það viðauka-atkvæði, að á eptir „hver" bætist inn í „innan kjördæmis", og það breytíngaratkvæði, að niðurlagi greinarinnar sè slept frá: „en vér væntum þess". Fallist þíngið á vara-atkvæði varaforseta við 2. gr., þá áskil eg mèr . . . . .

Varaforseti: Eg lýsi því yfir, að eg tek aptur breytíngaratkvæði mitt, það er eg áðan áskildi mèr.

Þar eð ekki fleiri tóku til máls, kvað forseti greinir þessar fullræddar, og var síðan 25. gr., tekin til umræðu.

P. Pètursson: Við 25. grein vil eg gjöra það breytíngaratkvæði, að fyrir „2 rbd." sè sett „3 rbd", og að á eptir orðinu „þíngi" sè bætt inn í: „og eins þá daga fyrir og eptir þíng, sem þeir verða að dvelja í Reykjavík þíngstarfa vegna. En á meðan þeir ferðast til þíngs og af því heim til sín aptur, fái hver þeirra í fæðiskaup og ferðakostnað 4 rbd. dag hvern. Þessa borgun skal greiða úr jarðabókarsjóðnum". Og enn fremur, að öllum seinna hluta greinarinnar sè slept frá „fyrir ferðina til alþíngis".

Framsögumaður: Vèr höfum nú heyrt um hríð borin upp mörg ýmisleg breytíngaratkvæði, og eiga þau, eptir því sem mèr skildist á enum hátt virta forseta, að vera borin upp, sem varauppástúngur til stjórnarinnar. Eg skildi samt ekki sem bezt öll þessi breytíngaratkvæði ens heiðraða konúngkjörna þíngmanns, sem bar þau upp, og það var ekki von, því eg tók ekki eptir, að hann kæmi með ástæður fyrir neinu þeirra;

mèr skildist þau lúta öll að einföldum kosníngum, og að flest þeirra væri tekin úr frumvarpi því, sem þíngið hefir þegar samþykt, og að þau fari því litlum sem eingum aðalbreytíngum fram. Það er helzt uppástúngan við 21. grein frumvarpsins, sem nokkuð er ný, og mun nefndin taka hana til ítarlegrar yfirvegunar, áður til ályktarumræðu kemur, ef ske mætti, að ástæða yrði til að gjöra þessa uppástúngu að vara-atkvæði við kosníngarlögin, sem þegar eru samþykt.

P. Pètursson: Það yrði tóm tímatöf og málaleingíng úr því, ef eg færi að koma með ástæður fyrir öllum þessum breytíngaratkvæðum, sem eg hefi borið upp; þau eru nálega öllsömun sprottin af þeim mismun, sem er á tvöföldum og einföldum kosníngum, og styðjast í þessu tilliti við nefndarálitið. Úr því farið var að hreifa við tvöföldu kosníngunum í stjórnarfrumvarpinu, þá varð að fella sumar greinir úr, en breyta sumum. Þessi undirstaða kosníganna hefir nú verið svo ítarlega rædd hèr í salnum, að það má einginn til þess ætlast, að gagnstæð skoðun þessa málefnis geti rudt sèr til rúms á þessu þíngi. Eg álít mèr skylt, að gjöra grein fyrir því, hvað mig knúði til að taka stjórnarfrumvarpið fyrir, og fara þeim breytíngum á flot, sem eg hefi gjört við það, og var það einkanlega tvent: bæði það, að eg áleit það skyldu mína, að sýna stjórnarfrumvarpinu alla þá virðíngu, sem staðizt gat með skoðun minni á málefninu, og það því fremur, sem eg býst við allri sanngirni af stjórnarinnar hálfu til handa okkur Íslendíngum; en það mundi að ætlan minni hafa litið illa út í augum hennar, ef frumvarpinu hefði verið að öllu leyti hrundið, af því búið var áður að leiða þíngsfrumvarpið til lykta; og líka kom það mèr til að gjöra þessi breytíngaratkvæði, að eg felli mig ekki við 20. og 21. gr. í þíngsfrumvarpinu, og munu fleiri þíngmenn vera á sama máli og eg um þessar greinir, eins og líka sýndi sig, þegar atkvæða var leitað um þær; þókti þá bæði mèr og nokkrum kunníngjum mínum á þínginu, sem eg átti tal við um þetta mál, mjög svo illa fara, ef þær gætu orðið því til fyrirstöðu, að stjórnin lögleiddi frumvarp þíngsins; þókti mèr því skylt, að reyna til að stínga upp á einhverju til vonar og vara, sem stjórnin gæti tekið inn í þíngsfrumvarpið í stað þessara greina, ef hún fèllist ekki á það, sem þar stendur. En eg sá ekki færi á því að bera upp vara-atkvæði við 20. og 21. gr. þíngfrumvarpsins út af fyrir sig,

nema stjórnarfrumvarpið væri rædt eptir rèttum þingsköpum. Eg játa það, að skoðunarmátinn, sem við hafður er í breytíngaratkvæðunum, er annar en sá, sem er í stjórnarfrumvarpinu; en hvorki er það ætlan þingsins, að tvöfaldar kosníngar eigi hèr við, nè heldur gæti þingið fallizt á þess háttar kosníngar hèðan af, án þess að verða sjálfu sèr sundurþykt. Hèr er því ekki orðið mikið svigrúm, og verður því þingið annaðhvort að fallast á breytíngaratkvæðin eða hrinda þeim, eins og forseti gat um. Eina athugasemd verð eg að gjöra sjálfs mín vegna, af því það í fljótu bragði kynni að líta svo út, að það væri óhreinlyndi við stjórnina, að látast ætla að fara eptir frumvarpi hennar, sem varafrumvarpi, en breyta því þó svo stórkostlega. En þó þetta kunni að líta þannig út, þá er því þó ei þannig varið í raun og veru; og með þessari meðferð mælir það, að hún er samkvæm rèttum þingsköpum, og það er það eina, sem stjórnin í þessu efni getur heimtað; en sannfæríngu manna getur hún ekki bundið, og ætti heldur ekki að vilja það, þar sem sannfæríngin ekki er óskynsamleg, þó hún kunni að vera frábrugðin skoðun stjórnarinnar í einhverri grein. Það er ekki fláttskapur fólginn í því, að reyna til að nálgast hugsunarhátt stjórnarinnar, heldur sanngirni, og hvað breytíngaratkvæði mín til þessa frumvarps snertir, þá mun það sjást, að eg hefi haldið öllum þeim atriðum þess, sem eg hugsaði gætu samþýðzt skoðunarmáta þingmanna, eða sem mèr þóktu ekki varða því meiru; því það er sannfæríng mín, að maður eigi ekki að gjöra þetta að neinu kappsmáli eða sýna ótilhlýðilega stífni, þar sem um smámuni er að gjöra, eins og eg hefi opt furðað mig á því, að þeir menn, sem lètu alt liggja á valdi stjórnarinnar, meðan hún var sem hörðust og alt var rígbundið hèr á landi, rísa nú, þegar þó böndin eru farin að losna og stjórnin farin að sýna meiri sanngirni en áður, einatt upp á apturfótunum og beita of mikilli stífni í ómerkilegum greinum. Þetta tala eg því síður til neins af þingmönnum, sem eg mætti búast við að verða hrakinn af þingtíðindum undan farins tíma, heldur hafa þessar hugsanir opt á seinni tímum vaknað hjá mèr, þegar eg hefi heyrt á tal manna, og eg gæti ekki neitað því, að mèr fyndist það vera of mikil stífni, ef þingið nú, mót von minni, feldi stjórnarfrumvarpið, sem varafrumvarp, með öllum breytíngaratkvæðum mínum.

Hafi eg litið skakt á þetta mál, þá kemur það til af kvíða

hjá mèr fyrir því, að ágreiníngur við stjórnina í smámunum leiði, ef til vill, af sèr ágreiníng við hana í hinum stærri málum, sem heill landsins er undir komin, og þar sem þjóðinni ríður á að stjórnin sè sanngjörn og rèttlát; og mèr þykir meira varið í það, en eg geti frá sagt, að þíngið gefi ekki stjórninni tilefni til þess að raunalausu, að beita annari aðferð en þeirri, sem er frjálslunduð og góð.

Framsögumaður: Það er nú að vísu gleðilegt að heyra þessari skoðun á málinu svo rækilega lýst, en fyrst hinn heiðraði þíngmaður fullvissaði, að þetta væri ekki meint til alþíngismanna, hvorki einstakra nè allra yfir höfuð, þá þarf ræðu þessari eingu að svara í rauninni; en til hverra nær það þá? eg ætla, að það sè þó einkum alþíng og einúngis alþíng, sem hefir rædt stjórnarmál á hinum seinni árum og sagt um þau álit sitt. En hvað því við víkur. að stjórninni byrji að auðsýna þann sóma, að fallast á frumvarp hennar, að svo miklu leyti sem verða má, þá ætla eg, að nefndin hafi tekið skýrt fram í álitsskjali sínu ástæður fyrir því, hvers vegna hún ætlar, að ekki verði fallizt á það, og á meðan eingu einasta orði er hreift gegn þeim ástæðum, nè þær hraktar á nokkurn veg, og það hvorugt hefir hvorki enn heiðraði þíngmaður gjört, nè aðrir, þá ætla eg megi fullyrða, að öll þessi ræða, er hann nú flutti, eigi óskylt við þetta mál.

En eg ítreka það enn, að nefndin mun íhuga vandlega breytíngaratkvæðið við 21. gr., og reyna til, ef mögulegt er, að gjöra það að vara-uppástúngu við kosníngarlaga-frumvarpið, sem þegar er samþykt. En af því nefndarmenn verða að skoða bæði þetta breytíngaratkvæði, og svo öll hin, með stöðugu tilliti til beggja frumvarpanna, þá áskil eg mèr í nafni nefndarinnar, að sú uppástúnga komi til atkvæða: að staðfest eptirrit af kosníngarlaga-frumvarpi þíngsins verði sent með þegnlegu álitsskjali þess um þetta mál og þar í til þess skírskotað.

Forseti: Eg ætla, að ekki þurfi atkvæða þíngsins um þetta efni, þar eð sjálfsagt er, að stjórninni verði sent ekki einúngis staðfest eptirrit af frumvarpinu, heldur sjálft frumritið, þar eð eg get ekki skoðað frumvarpið öðruvísi, en að það sè orðið þíngsins aðalfrumvarp. En þar hjá get eg þess, að þegar er komið vel á veg að skrifa upp úr þíngbókinni alt það, er lýtur að meðferð kosníngarlaga-málsins, til þess að

konúngsfulltrúi geti feingið þetta mál sem allra fyrst, og sent það stjórninni; því komist það ekki í hendur stjórnarinnar hið allra bráðasta og jafnvel undan öllum öðrum málum, þá er varla að vænta, að kosníngarlögin komi með póstskipi í haust, en undir því er aptur komið, hvort þjóðfundurinn getur orðið að sumri komanda, sem allir vèr óskum helzt, ellegar ekki.

Konúngsfulltrúi: Eg skal með hliðsjón af orðum þeim, er hèr hafa fallið, geta þess, að stiptamtmaðurinn hefir sagt mèr, að eingin af bænarskránum frá þínginu sè enn nú til sín komin. Eg hef, eptir að þingið hefir tekið við hinum konúnglegu frumvörpum til umræðu og meðferðar, ásett mèr að taka við bænarskrám frá þínginu, og senda þær konúnginum, eins og alþingislögin mæla fyrir.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, er undirbúníngsumræðu þessari lokið; en þar eð umræðurnar hafa orðið styttri, en eg ætlaði, þá vil eg, eptir því sem umræður hafa fallið milli þingmanna og mín, stínga upp á, að kosin verði þriggja manna nefnd, til að annast um alt það, sem við víkur bókasafni þingsins.

Síðan var kosin nefnd, og urðu fyrir kosníngunni: forseti með 21, konferenzráð Sveinbjörnsson og prófessor Pètursson, hvor með 14 atkvæðum.

Framsögumaður: Fyrst nú er verið að ræða um slíkar nefndir, þá virðist mèr eiga skylt við, að eg veki máls á, að eg, eins og þingmönnum er kunnugt, var einn af þeim 3, sem 1847 voru kosnir í nefnd til að annast um prentun og sölu alþingistíðindanna. Bráðum að loknu þíngi hlýt eg nú að flytja hèðan úr bænum til fjarlægs hèraðs, og er þá auðráðið, að eg úr því ekki get gegnt köllun þeirri, sem nefnd þessari er ætluð, og ætla því liggja beint við, að nauðsyn sè að kjósa aptur í nefndina annan í minn stað, sem hèr hefir bólfestu.

Forseti: Eg vil þá bera undir þingmenn, hvort þeim ekki þykir þörf á að kjósa nýan mann í nefnd þessa í stað sýslumanns Jóns Guðmundssonar.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg óttast fyrir, að sá, er hingað til haft hefir útbýtingu þingtíðindanna á hendi, muni ei vilja hafa það framvegis, og verður því að semja við einhvern að nýu. Ef þingmenn sjálfir ei vilja hafa flutníng þingtíðindanna á hendi, eins og í hitt eð fyrra, vona eg nefndin, sem þá var

sett, geti komið á þetta einhverju skipulagi, áður sýslumaður Jón Guðmundsson missist nefndinni með því að flytjast héðan.

Framsögumaður: Ef eg gæti orðið nefndinni til einhvers liðs, eður unnið að störfum hennar, áður en eg fer héðan, þá er auðvitað, að eg skorast ekki undan því.

Forseti: Það er auðvitað, að þegar til rædt varð um þessa nefnd áður á þinginu, og allir fèllust á, að hinir sömu menn sætu í henni, og verið hefði, þá hefir þinginu ekki verið kunnugt um þá breytingu, sem nú er orðin á högum þessa eina nefndarmanns. Að öðru leyti sè eg ekkert á móti því, að hann sitji í nefndinni hèr eptir, sem hingað til, ef þingið óskar þess, og hann sjálfur ekki er því fráleitur.

J. Thorstensen: Mèr þykir óþarfi, að velja nýan mann í nefnd þessa; því þessi samnefndarmaður okkar getur verið í ráðum með okkur, áður en hann fer austur, um hvernig skuli haga með sölu alþingistíðindanna fyrir þetta og eptirkomandi ár, og þegar um það er samið, áður en hann fer, við einhvern bókasala, þá er þar ekki mikið við að gjöra.

Forseti: Eptir því sem mönnum hafa farizt orð, virðist mèr það sè þingsins ósk, að þingmaður Skaptfellinga verði í nefndinni, sem áður; en nauðsyn er, að nú sè sem fyrst ákveðið, hvernig haga skuli sölu þingtíðindanna, og sendíng þeirra um landið, t. a. m. hvort menn vilja haga þessu, eins og í hitt ið fyrra, eða ekki.

Þ. Sveinbjörnsson: Það er þegar samið við bókbindarann af nefndinni, að hann fari að brjóta þau 9 örk, sem fullprentuð eru af tíðindunum, ef ske mætti, að 1. heftið yrði fullbúið, áður þingmenn fara héðan. En útsölumaður er enn ei feinginn með vissu.

Fundi slitið, og næsti fundur ákveðinn á mánudaginn kl. 10 fyrir miðjan dag.

---

6. ágúst — þrítugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Dalalsýslu, sem hafði tjáð forseta, að hann gæti ekki mætt á þessum fundi.

Var þá tekið fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt álitsmál um sameiníngu Suður og Norðurþingeyarsýslu.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi eingu að bæta við það, sem eg áður hefi sagt við undirbúníngsumræðu þessa máls; eg gat ei annað en verið samþykkur uppástúngu nefndarinnar, en skaut því þá til þíngmanna, að hvað miklu leyti þeir vildu fallast á viðauka-atkvæði þíngmannsins úr Norðurþíngeyarsýslu. Eg held það væri betur til fallið, ef þíngið annars fellst á þetta viðauka-atkvæði, að ei kæmi beinlínis uppástúnga um það inn í bænarskrána til konúngs, heldur væri þess að eins getið í inngángi álitsskjals alþíngisins, og það því fremur, sem uppástúngan lýtur að því að ákveða fastan bústað fyrir sýslumann; en þetta virðist vera þess eðlis, að stjórnin ein ætti því að ráða.

Jakob Pètursson: Áður en geingið er til atkvæða í þessu máli, vil eg biðja þá heiðruðu þíngmenn að renna huga til þess, sem hèr hefir verið með gildum ástæðum fram talið, um örðugleika þann, hvað ferðir snertir, í norðurparti þeirrar gömlu Þíngeyarsýslu, fremur en í þeim syðri, til að ná til sýslumanns; þó hann væri búsettur í Húsavík; mundi það þó bæta töluverðu við bágindi norðurbúa í þessu tilliti, ef hann ætti heimili fram til sveita, eða jafnvel nálægt því, sem sýslumenn hafa áður verið heimilisfastir í því hèraði, hvað eð munar einni dagleið frá Húsavík, og á þeim vegi er líka stórt vatnsfall, er kallast Laxá, sem á haustum og vetrum verður opt og tíðum ófær yfirferðar vegna krapahlaupa, sem fylla alt láglendið kríng um hana nálægt að segja fjalla í milli. Eg vona því, að vorkunsemin vinni atkvæðafjöldann með viðauka-atkvæði mínu.

R. M. Ólsen: Eg er öldúngis samþykkur þeim hátt virta konúngsfulltrúa í, að betur sè til fallið, að þíngið ekki semji beinlínis uppástúngu um viðauka-atkvæði þíngmannsins frá Norðurþíngeyarsýslu í bænarskrá þíngsins til konúngs, og að nægilegt sè að geta þess í inngángi álitsskjalsins.

Öll líkindi eru líka til þess, ef sýslur þessar verða sameinaðar, að Norðurþíngeyarsýsla verði veitt nú verandi sýslumanni í Suðurþíngeyarsýslu, og ber þá því minni nauðsyn til að aðhyllast breytíngaratkvæðið, sem embættismaður þessi er, eins og flestum þíngmönnum er kunnugt, einmitt búsettur á Húsavíkur verzlunarstað.

Af því að ekki tóku fleiri til máls, kvað forseti mál þetta fullrædt, og leitaði síðan atkvæða þíngsins um þessi atriði:

1. að sameinaðar verði aptur Suður og Norðurþingeyarsýslur í eitt lögsagnarumdæmi, alt svo leingi ekki finnst nauðsyn til að breyta algjörlega takmörkum hinna gömlu sýsluskipta hèr á landi (nefndin).

Samþykt í einu hljóði.

2. að sýslumanni yfir Norður og Suðurþingeyarsýslu verði gjört það að lagaskyldu, að verða búsettum í eða nálægt Húsavík (Jakob Pètursson).

Felt með 13 atkvæðum gegn 8.

3. að því verði skotið til stjórnarinnar í álitsskjali þingsins til konúngs:

a. hvort gjöra skuli sýslumanninum að skyldu, að búa í eður við Húsavík (nefndin).

Samþykt með 15 atkvæðum gegn 6.

b. hvort hækka skuli afgjaldið til 150, eða jafnt 300 rbdl. (nefndin).

Samþykt með 14 atkvæðum gegn 7.

c. hvort það skilyrði skuli hafa við veitínguna, að Austurhreppur megi sjálfur ráða, undir hvort lögsagnarumdæmið hann vildi heyra, Þíngeyarsýslu eða Norðurmúlasýslu (nefndin).

Samþykt með 20 atkvæðum gegn einu.

d. hvort það skilyrði skuli einnig hafa við veitínguna, að Ytri og Syðri Varðgjá skyldi ganga undir Eyafjarðarsýslu í veraldlegum efnum, ef þessir bæir kysi það sjálfir (nefndin).

Samþykt með 19 atkvæðum gegn 3.

Þá tók forseti fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt álitsmál um sameiníngu Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

Framsögumaður: Málefni þetta er nú mönnum svo kunnugt orðið, sem auðið er; því málið er áður fyrir fram 31. júlí af þínginu rædt, og atkvæði í því greidd, og nú er málið aptur með höndlað af nefnd eptir ástæðum þeim frá stjórninni, sem konúngsfulltrúinn hefir fram lagt fyrir þingið; eg finn því einga þörf á, að mæla með nefndaráliti þessu, nema ástæður komi á móti því, þar það er nú að öllu sama eðlis og fer í sömu stefnu, og áður gjörði það.

Th. Gudmundsen: Þegar eg hafði lesið álitsskjal nefndarinnar í þessu máli og ástæður þær, sem hefir verið hreift fyrir stjórninni með og móti samsteypíngu Borgarfjarðar og Mýra-

sýslna, festist töluvert sú sannfæring mín, sem eg alt af hefi haft í málinu, að það sè með öllu ótiltækilegt að sameina þessar sýslur. Ástæður þær, sem konferenzráð Thorsteinson hefir í þessu tilliti tekið fram, vega að mínu áliti meira, en þeirra, sem stúngið hafa upp á sameiníngunni, og eg mun því greiða atkvæði mitt gegn samsteypíngunni.

Þar eð einginn tók framar til máls, kvað forseti ályktunarumræðunni lokið, og leitaði síðan atkvæða þíngsins um uppástúngu nefndarinnar:

Að af biðja þegnsamlegast hjá stjórninni alla breytíngu í sýslna skipun þeirri, sem hèr hefir verið stúngið upp á.

Samþykt í einu hljóði.

Þá tók forseti fram til undirbúníngsræðu nefndarálit um konúnglegt lagafrumvarp um nokkrar breytíngar á opnu brèfi 4. maí 1778 um reka á Íslandi, og afhenti það framsögumanni, Kr. Kristjánssyni, er las það upp svo látandi:

Hið heiðraða alþíng hefir kosið oss, sem hèr undir ritum nöfn vor, í nefnd, til að yfir vega og segja álit vort um lagafrumvarp um nokkrar breytíngar á opnu brèfi 4. maí 1778 um reka hèr á landi.

Þegar nefndin skoðar lagafrumvarp þetta yfir höfuð að tala, þykjumst vèr mega fullyrða, að breytíngar þær, er frumvarpið lýtur að, muni verða einkar þokkasælar hjá alþýðu hèr á landi, sem ætíð hefir undir niðri fundið til þess, hvernig rèttindi þau í tilliti til vogreka, sem Jónsbók heimilaði, að nokkru leyti mistust í öndverðu fyrir misskilníng, og, ef til vill, ágeingni yfirvalda, þvert á móti tilgángi löggjafans í tilskipun 20. maí 1595, og þótt vèr þannig hyggjum, að þíngið muni fallast á breytíngar þessar í aðalatriðum sínum, verðum vèr samt að halda, að lagafrumvarp það, sem oss er falið á hendur að rannsaka, sè ekki að öllu leyti bygt á rèttum grundvallarreglum, og þurfi breytíngar við í sínum einstöku greinum, og leyfum vèr oss í því tilliti að gjöra þessar athugasemdir.

Í 1. grein frumvarpsins er það að vísu gjört að aðalgrundvallarreglu, að reka-eigendur skuli eignast alt það vogrek, sem um er rædt í 1. § í opnu brèfi 4. maí 1778, og ekki er meira vert, en 15 rbd., og einstök trè höggin og söguð, hvort sem þau eru meira eða minna verð, nema eigandi komi á rèttum tíma og sanni það vera eign sína; en þessi grundvall-

arregla er ósamkvæm þeirri, er Jónsbók inni heldur, þar sem hún í rekabálks 12. kapít. til einkar landeiganda alt það vogrek, sem eigandi leiðir sig ekki að. Þegar landeigandi og rekamaður er einn og sami maður, er það að vísu sjálfsagt, að það eingu skiptir, hvorri af þessari grundvallarreglu er fylgt, en aptur skiptir þetta miklu, þegar jarðeigandi er annar en rekamaður, og þetta á sèr nú stað, þar sem ítaksreki er, og er það, eins og alkunnugt er, víða um alt land, og einkum eiga kirkjur bæði vissar afmarkaðar rekafjörur fyrir landi annara jarða og tiltölu til ítaksreka, eins og líka bændaeignum fylgja ítaksfjörur fyrir landi annara bændaeigna, og í einstöku tilfellum fyrir landi presta og kirknajarða. Hvað rekaítök þau snertir, sem kirkjur, prestar og alþjóðlegar stiptanir eiga í vissu afmörkuðu eða aðgreindu sviði, þá mun það víðast hvar hafa við geingið, að viðkomendur hafi feingið vogrekin eptir opnu brèfi 4. maí 1778 § 2, enda munu þau flestöll vera til komin á þeirri öld, þegar jarðeigendur áttu allan reka, en þó megum vèr fullyrða, að ekki hefir ætíð verið við höfð sú sama regla um þau vogrek, er nema litlu verði og í tèðri grein eru undan þegin konúngsvogrekunum í § 1. Að því leyti þar á mót snertir þá rekatiltölu, sem jörðum presta, kirkna og alþjóðlegra stiptana fylgir fyrir öðrum jörðum, þá verðum vèr að halda, að heimildarskjöl verði að ráða úrsliti, með stöðugri hliðsjón af þeirri grundvallarreglu, að jarðeigandi eigi vogrek, nema sönnun fram komi, að á annan veg sè, og ætti þá, að voru áliti, rýmkun sú, sem nú eptir frumvarpinu er til ætlað að verði á rekarèttinum, að koma í hag jarðeigendum, en ekki eigendum ítaksrekanna. Ítök eru í sjálfu sèr óvinsæl, og mundi verða það hèr eptir enn þá fremur, ef breytt væri í þessu grundvallarreglu Jónsbókar, sem menn hafa miklar mætur á, eins og líka hið nýa lagaboð, þvert á móti tilgángi sínum ella svipti hlutaðeigendur löglegum rètti sínum, þar sem svo á stendur, að bændur og klaustrin eiga reka-ítök fyrir jörðum presta og kirkna, sem þó á sèr stað bæði norðan lands og sunnan.

Þar sem svo á stendur, að bændaeignum fylgja reka-ítök fyrir landi annara bændaeigna, mundu menn miklu betur una því, að rekarèttindi jarðeigendanna væri rýmkuð, heldur en hinu, að hagurinn allur af rýmkun þessari til fèlli reka-eigendum.

Ákvörðun í 2. grein lagafrumvarpsins virðist oss sömu-

leiðis geta valdið miklum ágreiníngi; því opt mundi það við bera, að einn áliti það auðsætt, að viðurinn væri af skipi, sem væri strandað eða sokkið við strendur landsins, en hinn hèldi það gæti verið af þilfarslest, sem stórsjór hefði varpað útbyrðis, og höldum vèr því, að það kynni betur eiga við, að binda aðskilnaðinn í greininni við einhver föst takmörk, svo sem við það einkenni, að skipsflekar eða einhver föst skipsáhöld rækju með, svo auðsætt sè, að viðirnir muni vera af því skipi. Annars getum vèr þess, að þó einúngis reki eitthvað af skjólborðum skipa, er það samt ekki næg sönnun fyrir, að skip hafi strandað eða sokkið, heldur gefur það að eins líkur fyrir því, að stórsjór hafi varpað útbyrðis þilfarslest. Þegar auðsætt er orðið, að skip hafi strandað eða sokkið, ættu að voru áliti vogrek þau, sem um sama leyti bera upp á fjörur í grend á stángli, og eru sömu tegundar, að vera álitin að heyra undir sama strand, þó þeir, skoðaðir út af fyrir sig, gætu ekki gefið vissu um, að skip væri strandað.

Milli 2. og 3. greinar vantar greinir um það, hver afskipti yfir höfuð að tala hið opinbera eigi að hafa af vogrekum, hvernig og með hvaða fresti þeim beri að lýsa, svo og hverri hegníngu þeir, er dylja eða draga undir sig ránglega vogrek, eiga að sæta, og álítum vèr það mjög svo nauðsynlegt, að lagaboðið fast ákveði þetta, ef eigendur vogrekanna eiga ekki framvegis að verða rèttlausir, enda er í niðurlagi 1. greinarinnar gjört ráð fyrir, að þeir komi á rèttum tíma og sanni hið rekna að vera eign sína.

Nefndin verður því að álíta, að eptir 2. grein eigi að koma ákvörðun um, að ábúendur þeirrar jarðar, sem fjörur liggja undir og vogrek ber upp á, skuli, hið fyrsta því verður viðkomið, til kynna það hlutaðeigandi sýslumanni og nákvæmlega skýra frá stærð og ásigkomulagi hins rekna, svo og merkjum þeim, sem kynnu að vera á því, og að sýslumenn skuli að því búnu nákvæmlega annast um, að vogrekum þeim, sem ekki geta heimfærzt undir strand, en þó nema meiru en 5 rbd. virði, sè lýst á manntalsþíngum sýslunnar, og amtmanni gefin greinileg skýrsla þar um, og ef einginn innan árs og dags frá seinustu lýsíngu sannar hið rekna að vera eign sína, sè það óræk eign þeirra, sem 1. grein til tekur.

Sömuleiðis virðist oss nefndarmönnum, að það ætti að gjöra sýslumönnum að skyldu, að sjá um, að með vogrek þau,

er eptir 1. og 2. greinum bera krúnunni, ef einginn lýsir sig eigenda, sè farið á lögskipaðan hátt.

Líka þykir nefndinni við eiga, í sèrstakri grein að leggja sektir við, ef dulur eru lagðar við vogrek, viltar heimildir, eða þeim stolið, og að þess háttar afbrotum beri að hegna samkvæmt greinum þeim í tilskipun frá 11. apríl 1840, sem þau eptir málavöxtum heyra næst undir.

Hvað loksins við víkur 3. grein lagafrumvarpsins, þá erum vèr nefndarmenn að vísu á einu máli um, að henni helzt megi sleppa, því oss virðist eingar líkur til, að dómsmálasjóðurinn, sem árlega að undan förnu hefir lagt upp ærna peninga, muni komast á þrot með útgjöld þau, er hann nú hefir, en ef og þegar þar að kæmi, virðist oss tiltækilegra, að þá verði fyrst gjörð ráðstöfun um, hvernig beri að greiða útgjöld þau, sem dómsmálasjóðurinn getur ekki lokið.

Af ástæðum þeim, er vèr höfum hèr að framan talið, ráðum vèr alþingi til, að mæla allra þegnssamlegast fram með því, að frumvarpinu verði veitt laga gildi með þessum breytíngum.

1. Í niðurlagi 1. greinar fyrir orðin „skulu hèðan í frá — sína eign“ verði sett: skulu hèðan í frá, ef eigandi hins rekna kemur ekki á rèttum tíma (§ 3.) og sannar það að vera eign sína, jarðeigendur eignast nema sönnun fram komi, að prestar, kirkjur eður alþjóðlegar stiptanir að fornri venju eða máldögum eigi vogreksrètt, því þá er hið rekna eign þessara.
2. Í byrjun 2. greinar sè úr felt orðið „svo“ og eptir orðin „á stuttum tíma“ sè bætt inn í: „og þar með fylgir þess háttar brot af skipi og föstum skips áhöldum“ og í stað orðanna, í niðurlagi greinarinnar: „í opnu brèfi — § 1.“ sè sett „í opnum brèfum 4. maí 1778 § 1. og 21. apríl 1819“ og aptan við greinina sè bætt: „svo skulu og samkynja viðir, þeir er á strjálingi reka um sama leyti á nálægar fjörur, heyra undir hið sama strandaða fè“.
3. Milli 2. og 3. greinar sè bætt inn í þessum greinum:
   a) Nú kemur vogrek á fjöru manns, skal fjöruvörður skyldur til, hið bráðasta því verður við komið, að lýsa því nákvæmlega fyrir hlutaðeigandi sýslumanni, með stærð, ásigkomulagi og merkjum, ef nokkur eru, en sýslumaður skal annast, að vogrek sèu virt af tveimur

eiðsvörnum mönnum, og ef meiru nemur en 5 rbd. virði, skal þeim lýst á öllum manntals þingum sýslunnar, og þar um skýrsla gefin hlutaðeigandi amtmanni til frekari ráðstöfunar, ef við þarf, og komi enginn eigandi fram ár og dag eptir seinustu lýsingu, skulu vogrek eignast þeir menn, sem § 1. til greinir.

b) Ef menn leggja dulur á vogrek, draga þau undir sig, eða stela þeim, varðar það hegníngu, eptir greinum þeim í tilskipun af 11. apríl 1840, sem afbrot þeirra geta næst heimfærzt undir.

4. En aptur sè að öllu úr feld 3. grein í lagafrumvarpinu.

Reykjavík, þann 4. ágúst 1849.

Kr. Kristjánsson. *R. M. Ólsen.* *Á. Einarsson.*

Framsögumaður: Eg finn að svo komnu ekki þörf á að bæta miklu við; eg skal einúngis geta þess, að nefndinni þókti mesta nauðsyn að breyta lagafrumvarpinu, samkvæmt aðalgrundvallarreglu Jónsbókar, sem til einkar vogrek þau, er ekki upp spyrjast, jarðeigendum, en ekki rekaeigendum, eins og í lagafrumvarpi þessu er gjört, sem nefndin hugði ei við eiga; því ef aðalgrundvallarreglu lagafrumvarpsins er fylgt, þá missa einstakar stiptanir og menn vogreks-rèttindi þau, sem þeir hingað til hafa að notið og verið löglega að komnir. Bændur eiga að vísu óvíða reka fyrir jörðum kirkna, presta og alþjóðlegra stiptana, en þetta á sèr þó stað, og þá hafa kirkjurnar, prestarnir og stiptanirnar notið vogrekanna, en ekki dómsmálasjóðurinn; og sýnir þetta berlega, að ekki má breyta út af hinni um getnu aðalgrundvallarreglu í Jónsbók. Að lýsa þyrfti vogrekum, þókti oss nefndarmönnum leiða beinlínis af því, sem stendur í 1. gr. lagafrumvarpsins, þar sem gjört er ráð fyrir, að eigandi vogreksins komi á rèttum tíma, og þar sem engin ákvörðun stendur nú um takmörk þessa rètta tíma, þá gat fresturinn orðið til enda heims. Aptur þókti nefndinni of mikil byrði, að gjöra að skyldu, að lýsa hverju smávogreki, og batt því lýsínguna við þau takmörk, að það nemdi meiru en 5 rbd. verði. Fel eg svo þíngmönnum, að skýra málið með umræðum sínum.

Konúngsfulltrúi: Áður en eg gjöri nokkrar athugasemdir við álitsskjal nefndarinnar, vil eg leyfa mèr að rekja sögu hins konúnglega lagafrumvarps, sem hèr er komið til umræða,

og segja frá sambandi þess við löggjafarmálefni þetta yfir höfuð að tala. Það er þinginu kunnugt, að konúngsfulltrúinn á alþingi árið 1845 kvaddi til nefnd manna, eptir konúnglegum úrskurði frá 23. apríl s. á., til þess að ræða og undir búa til frekari aðgjörða ýms mikilvæg málefni áhrærandi löggjöf þessa lands. Nefnd þessi kom saman í Reykjavík, og voru 3 af henni að samvinnu um veturinn þar á eptir, en 2 af nefndarmönnum komu ekki til starfa fyr en sumarið eptir, en af lokið hafði nefndin öllum sínum störfum um haustið 1846, og voru þau þá send til stjórnarráðanna. Eitt af málefnum þeim, sem nefndin þannig ræddi, voru rekalög Íslands, og samdi hinn fyrsti konúngkjörni þingmaður, sem nú er, öndverðlega frumvarp til þeirra; var það mál, eins og hin, ítarlega rædt af nefndinni, og síðan er svo vel úr garði gjört, sem unt var, og sent til stjórnarinnar; er það næsta umfángsmikið, þar það yfir grípur öll rekalög landsins.

Það hefir án efa verið áform stjórnarinnar, þá búið væri að skoða þetta frumvarp, að leggja það fyrir alþing, því þó Jónsbók væri góð á sínum tímum, þá leiðir það af breytíngum tímanna, að hún þarf víða endurbóta við. En, eins og kunnugt er, hefir stjórnin, síðan Kristján konúngur 8. dó, átt mörgum stórkostlegum vandamálum að gegna, og þess vegna orðið að leiða hjá sèr þau málefni þessa lands, sem fresta hefir mátt, jafnvel þó að öðru leyti væri mikið í þau varið. Hefir og þessi dráttur með fram orsakazt af því, að þegar í fyrra vor var áformað að haga nokkuð á annan hátt stjórn Íslands málefna, en áður hafði verið, og stofna skrifstofu sèr í lagi fyrir þau; þetta komst nú ekki fyr á, en um nýárs leyti í vetur, er var, en forstöðumaður hinnar íslenzku stjórnardeildar hefir, eins og kunnugt er, átt setu á ríkisfundinum í vetur, og átt þar að gegna nokkrum mikilvægum störfum, og hafa því sum af Íslands málefnum fyrir þá sök ekki orðið út kljáð að sinni. Þar að auki þókti stjórninni ekki svo vel hæfa, að leggja fyrir þetta þíng, þegar von er á öðru þíngi, sem, ef til vill, fær meira vald, og verður kosið eptir frjálsari lögum, svo yfirgripsmikið málefni, sem ekki þurfti þó mjög að hraða. En af því embættismanna-nefndin hafði stúngið upp á, að reglunum um þau vogrek, sem í öndverðu voru eign landeigenda, en síðan höfðu verið frá þeim tekin, yrði breytt á þá leið, að eigendur bændajarða skyldu hafa sama rètt til þeirra, sem

konúngur, klaustur og beneficiarii hafa á sínum jörðum, og að ei skyldi gjörð krafa til smávogreka af hálfu hins opinbera, heldur einúngis til hinna stærri vogreka, sem til eru tekin í opnu brèfi frá 4. maí 1778 § 1.; og þegar nú stjórnin fèllst á þessa uppástúngu nefndarinnar, þá þókti henni ekki tilhlýðilegt, að fresta því atriði málsins, sem hið konúnglega frumvarp lýtur að, þángað til öll rekalögin yfir höfuð gætu orðið borin upp á alþíngi til álits og umræðu; því það gæti þó enn dregizt um nokkurn tíma, að slíkt lagafrumvarp yrði undir búið og lagt fyrir þíngið. En stjórninni þókti á hinn bóginn ekki hæfa, að draga svo leingi undan að veita bændum vorum þau réttindi, er þeir leingi hafa mist, en hún að öðru leyti áleit rètt að þeir feingju. Þetta er tilefni til þess, að frumvarp þetta, sem nú er lagt fyrir alþíng, er ekki yfirgripsmeira, en það er. Það þókti ekki nauðsyn, að frumvarp þetta tæki yfir meira en það, að til smávogreka á bændaeignum skyldi ekki gjörð krafa af hendi hins opinbera. Sèr í lagi þókti stjórninni ei þörf að til taka í þessu frumvarpi, hvernig lýsa skyldi vogrekum, heldur skyldi þar um standa við það, sem segir í opnu brèfi frá 4. maí 1778, og notað hefir verið híngað til, þángað til frumvarp Reykjavíkur-nefndarinnar yrði lagt fyrir alþíng, því þar eru gefnar greinilegar reglur um það efni, og verð eg að ætla, þó eg muni, nú sem stendur, ekki allar þær ákvarðanir, sem þar er stúngið upp á, að þær sèu þó talsvert yfirgripsmeiri, en þær reglur, sem nefndin nú hèr á þíngi gat samið að eins á stuttum tíma, og efast eg varla um, að hefði framsögumaður verið kunnugur þeirri um getnu uppástúngu nefndarinnar, þá hefði hann vart farið á flot því, sem stendur í stafliðunum *a* og *b* í 3. gr. uppástúngu nefndarinnar. En hvað því við víkur, að nefndin hefir ekki getað fallizt á það, sem í lagafrumvarpsins 1. grein segir, að eigendur rekanna skyldu eignast öll smávogrek, en ekki landeigendur; þá verð eg þar til að svara þessu: Stjórnin hafði þá aðalgrundvallarreglu fyrir augum, að breyta í eingu með frumvarpi þessu rèttindum þeim, sem opinberar stiptanir, konúngs og beneficerað góz, nú sem stendur, hefir til smávogreka. Hún vissi, að klaustur og kirkjur eiga reka-ítök víða hvar fyrir bændaeignum, á hverjum þau híngað til hafa notið þeirra smávogreka, er þar hafa upp borið, jafnvel þó einstöku sýslumenn endur og sinnum ei hafi viljað viður kenna slíkan rètt. Þess-

um rèttindum vildi nú stjórnin með lagafrumvarpinu ekki svipta hlutaðeigendur; en við því hefði þó má ske orðið hætt, ef lagafrumvarpið hefði ákveðið, að landeigandi, en ekki rekamaður, skyldi eignast vogrekin. Að öðru leyti má eg geta þess, að víðast hvar á bændaeignum er landeigandi og rekamaður hinn sami, svo að ákvörðunin í lagafrumvarpinu og uppástúnga nefndarinnar kemur saman í aðalreglunni. En eg ætla það rèttara, eins og lagafrumvarpið hefir gjört, að ákvörðunin verði þannig, fyrst því verður við komið, að hún svari bæði til þess, sem er höfuðreglan, og líka til hins, sem er undantekníng, heldur en, eins og nefndin hefir gjört, að ákveða fyrst eina aðalreglu, sem þó stundum; þegar eptir henni á að breyta, getur gefið tilefni til efasemda, og síðan til taka undantekníguna, sem ei heldur allstaðar mun eiga sem bezt við; því eins og áður er á vikið, þar sem landeigandi og rekamaður er hinn sami, og svo er allvíðast ástadt á bændaeignum, þar á ákvörðun frumvarpsins vel við; og þar sem kirkjur eða opinberar stiptanir eiga reka-ítök fyrir bændaeignum, þar á hún einnig vel við, og þar hafa líka kirkjur og stiptanir tekið smávogrekin hingað til, og þessum rètti þeirra vildi stjórnin ekki hagga.

Það eru að eins fáein atriði, sem eg vildi leyfa mèr að bæta hèr við, þar sem í nefndarálitinu segir, „að rekaeigendur skuli eignast alt það vogrek, sem um er rædt í § 1. í opnu brèfi 4. maí 1778“, þá mun það vera ritvilla, og eiga að vera §. 2.; því § 1. talar um strandað skip og góz og þess háttar stærri vogrek, sem konúngi heyra til og þar eru nefnd „regale.“ og það er, eins og nærri má geta, eingan veginn ætlun frumvarpsins, að rekaeigendur skuli eignast slík vogrek, heldur að eins hin, sem getið er um í § 2. En hvað það snertir, sem í nefndarálitinu segir um reka-ítök presta, kirkna og alþjóðlegra stiptana, þá er mèr ekki vel ljóst, hvað nefndin meinar með þessum orðum „prestar eiga“; því prestar eiga í rauninni ekki tilkall til vogreka á þeim jörðum, sem þeir eiga sem privatmenn, heldur er rèttur þeirra í því tilliti hinn sami sem bænda, og það er án efa ósamkvæmt lagamálinu og daglegu máli, að kalla nokkrar opinberar jarðir „prestajarðir“. Nefndin hefir rèttilega skilið á milli þess, hvað væru afmarkaðar rekafjörur og hvað væru ítaksfjörur fyrir annara jarða landi, því þar um geta ei að öllu leyti gilt hinar sömu lagareglur, en það sem

mèr er óljóst, er það, hvaða mismun nefndin vill gjöra milli reglna þeirra, er eptir uppástúngu hennar gilda skuli í tilliti til vogrekanna á hinum afmörkuðu rekafjörum og þeim svo nefndu reka-ítökum.

Eg ætla, að óvíða eigi bændaeignir reka-ítök fyrir jörðum alþjóðlegra stiptana; en væri það, þá gjörir þetta frumvarp einga breytíngu hèr á, því það opinbera tekur þar, eins og að undan förnu, slík vogrek; eg sè því ei, að það, sem nefndin hefir farið á flot um það, hvað gilda skuli um „þá rekatiltölu, sem jörðum presta, kirkna og alþjóðlegra stiptana fylgir fyrir öðrum jörðum", í tilliti til smávogrekanna sè á nægum rökum bygt; því kirkjurnar eiga að halda sínu, eins og verið hefir, og það var einúngis til ætlazt, að bændur skyldi eignast þau vogrek, sem áður fèllu undir sakamálasjóðinn, en nú seinast eru lögð til dómsmálasjóðsins.

Í tilliti til breytíngaruppástúngu nefndarinnar við 2. grein lagafrumvarpsins, vil eg geta þess, að greinin er tekin úr frumvarpi hins fyrsta konúngkjörna þíngmanns til rekalaganna, og er tilefni til hennar það, að fyrir nokkrum árum rak mjög mikið af ferstrendum trjám í Grindavík, án þess nokkurt brot af skipi væri þar með, var þetta álitið sem strandað góz, og andvirði þess tekið í konúngssjóð. Nú er það mjög örðugt, að koma svo orðum að slíkum ákvörðunum, að þær alla jafna eigi vel við, og hvorki inni bindi í sèr meira eða minna, en löggjafarinn hefir til ætlazt. Grein þessi er nokkuð öðruvísi orðuð hjá Reykjavíkur-nefndinni, heldur en í hinu konúnglega frumvarpi. Í lagafrumvarpinu er hún orðuð á þá leið: „en ef svo mikið rekur af hlutum" o. s. frv.; en í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar stóð, „ef fleiri vogrek reka á svo stuttu tímabili, að svo má virðast, sem þau sèu öll frá sama skipi eða þess misförum, og skal þá svo meta, sem þau öll sèu eitt vogrek. Stjórninni líkaði ekki alveg þessi orðaskipun, og kaus því heldur að hafa hana, eins og stendur í lagafrumvarpinu, og get eg því ei fallizt á fyrri hluta uppástúngu nefndarinnar tl. 2., er einúngis vill láta ákvörðun greinarinnar gilda, nær „þar með fylgja brot af skipi og föstum skipsáhöldum"; þar á móti fellst eg á viðauka þann, er nefndin hefir viljað bæta við greinina því hann er að ætlan minni öldúngis samkvæmur anda lagafrumvarpsins.

Hvað við víkur 3. gr., þá vil eg geta þess, að það er ein-

úngis reikníngsmálefni, sem eg álít að standi á litlu fyrir þjóðina og þingið, og vil eg því að öllu leyti skjota því til þingmanna, að ráða þar úr, það sem þeim líkar.

Framsögumaður: Að því leyti eg man athugasemdir hins hátt virta konúngsfulltrúa við nefndarálitið, skal eg leyfa mèr að svara fáeinum orðum, og verð þá fyrst og fremst að geta þess, að mèr virðist nefndarálitið, eins eptir sem áður, standi í alla staði.

Að það nú sè ei tilgángur stjórnarinnar, að gefa út yfirgripsmikið rekalögmál, því það standi til, að rekabálkur allur komi út endurskapaður, og að þetta lagaboð, sem nú er um að ræða, sè því að eins fyrirrennari, skilst mèr að vísu, en þessi fyrirrennari varð þá samt að geta staðið sjálfur eða sem sèrstakt lagaboð fyrir sig, en það getur hann ekki; því orðin „á rèttum tíma“ í 1. gr. lagafrumvarpsins standa út í loptið. Konúngsfulltrúinn sagði, að það væri skylda, að þínglýsa vogrekum samkvæmt opnu brèfi 4. maí 1778 § 2., en hvorki er skírskotað í 1. gr. í lagafrumvarpinu til þessarar greinar, og ekki heldur ábrærir hún aðra, en kirkjur, opinberar stiptanir og presta, og þegar nú bændur eptirleiðis eiga að öðlast sömu rèttindi, hvað vogrek snertir, þá er ekkert það lagaboð til, sem skyldi þá til að lýsa þeim, því bændaeignum fylgdi 1778 einginn vogreksrèttur, eins og alkunnugt er; og hèr við bætist nú, að lögboðinu í opnu brèfi 4. maí 1778 um lýsíngu vogreka þeirra, sem voru til einkuð jörðum kirkna, presta og alþjóðlegra stiptana, hefir aldrei verið fullnægt, svo ef það ætti að vera skylda bænda að lýsa vogrekum sínum, þá þyrfti hèrum skýlaust lagaboð. Ef nú þar á ofan borð, plánkar og bjálkar ekki voru talin með vogrekum í opnu brèfi 4. maí 1778, eins og hið konúnglega rentukammer, sem nú er liðið undir lok, hefir farið fram á í brèfi sínu frá 9. maí 1812, þá er heldur ekkert lagaboð það til, sem skyldi alþjóðlegar stiptanir, kirkjur eða aðra til á nokkurn hátt að lýsa þessu; en fyrir mitt leyti verð eg að halda, að rentukammerinu hafi skjátlazt í þessu, því í § 4. opins brèfs 4. maí 1778 eru borð með berum orðum talin með vogrekum, eins og líka plánkar og bjálkar verða að heyra undir vogrek eptir þýðíngu þeirri, sem lagagrein þessi leggur í vogrek. Að í nefndarálitinu sè annaðhvort skakt skrifað § 1, eða ránglega skírskotað til § 1, í stað § 2 í opnu brèfi 4. maí 1778, skiptir eingvu, þegar 15 rbd. verðið stendur þó hjá, enda

eru þess háttar vogrek í § 2. undan þegin konúngsvogrekunum eptir § 1., og verða því að vera um rædd í báðum greinunum. Hvað það snertir, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi veikâ, að prestar hefðu ekki átt vogrek á eignarjörðum sínum, þá vissi nefndin að vísu þetta mikið vel, en af sambandi því, sem orðið „prestar“ stendur í áliti nefndarinnar, er það auðsætt, að meintar eru lènsjarðir, en ekki eignarjarðir presta, þó vil eg ekki neita því, að orðið „prestar“, ef til vill, á þessum stað sè miður heppilega valið, en það er nú alt annað en hitt, að aðalreglan í lagafrumvarpinu sè betri en sú, sem Jónsbók inni heldur, og þessu verð eg að neita, og þó konúngsfulltrúinn efaði, að bændur ættu reka-ítök fyrir kirkjujörðum, þá á sèr þetta samt stað; þannig á jörðin Vindborð í Austur-Skaptafellssýslu reka-ítak fyrir Einholtslandi, og bar þar upp vogrek í minni tíð, og hlaut kirkjan eða presturinn það, sem vafalausa eign sína, því vogrekin fylgja landareigninni eptir Jónsbók, en eptir hinu um rædda lagafrumvarpi ætti það að hljóta rekaeigandinn, og er það þvert á móti tilgángi löggjafans, að svipta með hinu nýa rekalögmáli nokkurn löglegum rètti sínum. Að því leyti á hrærir breytíngar þær, sem nefndin hefir stúngið upp á við 2. grein frumvarpsins, þá bið eg þíngmenn vel að í huga, að eins og embættismenn landsins af misskilníngi eða ásælni tóku vogrekin frá öllum þvert á móti tilgángi löggjafans og orðum í tilskipun 1595, þannig gætu komið aptur þær aldir, því alla jafna hefir verið á litið óhult að ályktа, að nokkuð það, sem hefir átt sèr stað, geti einnig framvegis að borið. Þegar því ákvörðunin í § 2. lagafrumvarpsins er svo takmarkalaus, gæti sýslumaður, ef 5 eða 6 plánka ræki, sagt: „hèr er strandað fè, sem eg þarf að slá hendi minni yfir“, og væri bóndinn þá ofurseldur áliti hans. Það er því ugglaust betra, að binda þýðínguna á „strönduðu fè“ við eitthvert fast takmark, svo sem við það, að brot af skipum eða föstum skipsáhöldum fylgdi með, eins og nefndin hefir stúngið upp á. Það væri því óskandi, að þíngið í þessu efni vildi aðhyllast fastar reglur, svo það væri ekki komið undir lausu áliti, hvað heimfæra ætti undir strandað fè eptir § 2. lagafrumvarpsins, og hvað undir vogrek samkvæmt § 1.

Jón Guðmundsson: Eg játa að vísu, að ekki sè þær ástæður svo lítils metandi, sem nefndin hefir fyrir sèr, þegar hún vill breyta ákvörðun frumvarpsins og láta *landeiganda*

eiga vogrekin, en ekki *rekaeiganda*, og eg veit dæmi þess, að bændur eiga ítök fyrir kirkjujarðar löndum, eins og enn heiðraði framsögumaður tók dæmi af um Vindborðs ítak fyrir Einholtsstaðar landi, sem eg þekki til; en þó eg viti um þetta dæmi og nokkur önnur, þá veit eg hin dæmin miklu fleiri, að kirkjur og kirkjujarðir eiga ítök fyrir bændaeignum, en eg veit líka dæmi þess, að rekaítök og rekaeignir eru, þar sem *einginn* á land fyrir, og er enum heiðraða framsögumanni kunnugt um hin sömu dæmi, en það eru rekarnir fyrir eyðisöndunum í Skaptafellssýslunum. Eg ætla nú, að þar yrði á mikilvægar breytingar, og hvorki góðar nè viðfeldnar, ef uppástúngum nefndarinnar yrði framgeingt.

Kirkjubær á Síðu á t. d. hvergi land í sjó, en reka mikla á kirkjan fyrir landi ýmsra klausturjarða, eptir máldögum; Hörgsdalur á Síðu á ekki land að sjó, en þó fjöru fyrir Skjaldbreiðar landi, þar voru til forna 7 bæir, og á nú þar eingi land að sjó, en þó eru þar rekar, bæði Hörgsdals og fleiri jarða. Þykkvabæar klaustur á ei land að sjó, nema fyrir litlum hluta af Mýrdalssandi, en þar var áður bygð mikil á sandinum, sem Kötlu-hlaupin hafa eydt, nú á þó kirkjan að Þykkvabæ rekana fyrir meginhlutanum á Mýrdalssandi, þar sem nú einginn eignar sèr landið. Þar sem nú svona stendur á, eins og eg hefi nú tekið dæmin af, þá geta kirkjurnar og jarðirnar, sem eiga rekann, mist af vogrekunum; en hver á þá að hljóta þau? Fyrir Skeiðarársandi eiga margar jarðir reka, sem ekki eiga land í sjó, því þar voru áður bygðir miklar, Litlahverfi og Ingólfshöfðahverfi, er áttu lönd með sjónum, en jökulhlaup hafa eydt bygðum þessum; á Breiðamerkursandi var einnig fjölbygt til forna fram með sjónum; nú eiga þar lönd að sjó að eins ein lítil jörð á miðjum sandi og 2 sín hvoru megin sandsins, en fyrir meginsandinum getur einginn eignað sèr löud að sjó, þó eiga ýmsir þar reka bæði bændur og kirkjur; en hver á þar að hljóta vogrekin eptir uppástúngum nefndarinnar?

En þó eg ekki líti að eins til þessara sèrstöku dæma, sem eg ætla þó næsta aðgæzluverð, þegar ákvörðun er tekin um þetta efni, þá ætla eg víst, að þau dæmin sèu miklu fleiri, að kirkjur og stiptanir eigi ítök fyrir bændaeignum, en hin, að bændur eigi fyrir kirkjueignum; og einmitt af því að eg ásamt enni heiðruðu nefnd ætla, að sá sè tilgangur þessarar löggjafar, að svipta sem fæsta þeim rètti, sem þeir hafa haft

þá ætla eg að frumvarpið eigi betur við, einkum af því að það mun ætlast til og á að hlutast til um, að þau hlunnindi, sem eigendum verða nú veitt með að heimila þeim vogrek öll, komi sem jafnast og sanngjarnast niður, að mögulegt er. En þeir verða miklu fleiri, sem missa af vogrekunum eptir uppástúngu nefndarinnar, heldur en þeir, sem hljóta þau, því það stendur mjög víða svo á, að mörg ítök liggja fyrir einnar jarðar landi, og þá hlyti sú jörð vogrekin af öllum ítökunum. Eg vil taka til um þetta 2 dæmi sem eg þekki. Það er ekki nema ein jörð bændaeign í öllu Meðallandi, það eru Oddar (hinar jarðirnar allar eru klaustra eign), lítilfjörlegasta kot, sem er undir orpið mestu áföllum, og hefir verið selt mjög litlu verði og varla orðið bygt; fyrir þessarar jarðar landi liggja miklar fjörur, eru það ítök ýmsra jarða, 4 eður fleiri, þar eiga reka Búlands og Ása kirkja, Holt, Svínadalur og Skál; nú ætti eptir uppástúngu nefndarinnar, kot þetta að fá vogrekin á öllum þessum ítökum, en þær jarðir að missa af þeim, sem standa miklu nær, og er eðlilegra að hljóti þau. Hitt dæmið er um Bakka í Rángárvallasýslu, það er og lítil jörð, en fyrir landi hennar liggja miklar fjörur, Maríufjara, sem staðir eiga, og Fjórðúngafjara, sem bæði eiga staðir og bændur; þarna mætti nú, ef til vill, öll vogrekin falla undir þann, sem Bakka á, en margir, sem nær stæði og hafa haft vogrekin til þessa eður átt að hafa þau, missa í. Þessi breytíng er því víða óeðlileg og óviðfeldin, og eg ætla fjærri tilgángi löggjafans. Eg fellst því heldur á frumvarpið, að því leyti að *rekaeigendur* hljóti vogrekin. Vel getur það verið, að ákvarðanir Jónsbókar hafi átt vel við á þeim tímum; en síðan hafa miklar breytíngar á orðið, ítök fjölgað, ýms lög verið út gefin um þetta efni, og víða lagzt lönd í auðn.

En hvað áhrærir greinir þær, er nefndin hefir stúngið upp á um auglýsíngu vogreka, þá er nú að vísu mikilsvert um, að eigendur fái vitneskju af þessari eign sinni, og auðsèð er af 1. gr. frumvarpsins, að löggjafinn ætlast til þess, þar sem í frumvarpinu segir: „ef eigandi ekki sannar það eign sína á réttum tíma“. En eg hygg ákvarðanir þær, sem nefndin hefir stúngið upp á, vera svo, að þeim verði óvíða fylgt, eins og fyrir er lagt, nè að það verði yfir höfuð að tala mögulegt að hlýðnast þeim, nè að með þeim ávinnist það, sem til er ætlað. Fjörumörður eður landeigandi eiga að lýsa nákvæmlega fyrir sýslu-

mönnum vogrekum öllum, stærð þeirra, auðkennum og merkjum, ef meira verði nema en 5 rbd; eptir merkjum þeim og rissi, sem alment er á plaunkum og tegldum (köntuðum) trjám, þá ætla eg það sè ekki fyrir einfalda bændur að draga upp þau merki, heldur að eins þá, sem nokkuð kunna í uppdráttarlist, en það eru þó yfir höfuð þessi merki, sem geta helgað eiganda trèn. En þetta á ekki að gilda um önnur vogrek en þau, sem eru meira en 5 rbd. virði. Vel, en eg ætla, að af þessu fljóti þá mjög misjafnar virðingar, til þess að komast hjá öllum umsvifunum, fyrirhöfninni og ef til vill ímissi vogreksins, ef meira er en 5 rbd. virði, svo mig uggir, að margt yrði þá virt á 5 rbd. og minna. Eigendur vogrekanna eru yfir höfuð að tala erlendis, og ætla eg þá, að lysíngin á manntalsþíngunum komi þeim að litlu haldi til að fá vissu um eign sína og geta helgað sèr hana; ef lýsíngin ætti að koma að liði, ætti hún að verða prentuð í blöðum erlendis, en það veldur opt miklu meiri kostnaði, en vogrekin nema, ef ekki er að ræða um strandað skip og góz. Þannig hygg eg þessi uppástúnga verði fremur til sýnis, en sannarlegs gagns, en mèr stendur jafnan stuggur af þeim ákvörðunum í lögunum, sem auðsætt er að varla er mögulegt að hlýðnast, eður jafnaðarlega verði farið í kríng um, og ekki geta orðið að því liði, sem til er ætlazt; en eg sè ekki betur, en þessi ákvörðun í sjálfri sèr niðurbrjóti þann tilgáng, sem næst henni liggur, að eigandinn fái vitneskju; þannig ætla eg, að hún yfir höfuð gjöri fremur að spilla en bæta, ef hún yrði að lögum.

Framsögumaður: Eg þarf að eins fáu af því að svara, er hinn virðuglegi fulltrúi Skaptfellínga nú mælti. Það var að öllu leyti ófyrirsynju, þegar hann bar kvíðboga fyrir, að enginn yrði eigandi að vogrekunum í Skaptafellssýslu, ef aðalgrundvallarreglu Jónsbókar væri fylgt í tilliti til vogreka, eins og nefndin hefir farið fram á, og að minnsta kosti þekki eg eingva fjöru þar eystra, sem einginn eigi land að, og ef þær til heyra jörðum kirkna, presta og alþjóðlegra stiptana, þá þarf ekki framar að spyrja um landeiganda, eða óttast fyrir, að vogrekin gángi ekki út. Hvað snertir fjörurnar á Mýrdalssandi, þá eiga konúngsjarðir þær, sem enn eru eða hafa verið, þar land að, að fráskildum einum fjörustúf. Að Þykkvabæarklausturs kirkja feingi eingin vogrek, er fjarstædt undantekníngu þeirri, er nefndin hefir stúngið upp á í tilliti til

kirkna, enda á Þykkvabæarklaustur mikið land að sjó, svo þetta er í öllu tilliti skakkhermt. Hvað Kirkjubæarklaustur snertir, þá þekki eg að vísu einga rekafjöru, sem klaustrið sjálft eigi, en aptur á kirkjan þar talsverða fjöru og er hún ákveðin í konúnglega staðfestum máldögum. Hinar aðrar fjörur þar í grend við til heyra konúngsjörðum flestallar, og eru nú orðnar af markaðar. Sömuleiðis eru allar fjörur á Skeiðarársandi af markaðar, sem eign einstakra jarða, svo um vogrek þar gæti ekki orðið nokkur vafi, hvort heldur sem væri fylgt aðalgrundvallarreglu þeirri, sem nefndin hefir aðhyllzt, eður hinni, sem í lagafrumvarpi stjórnarinnar er fram tekin. Það er að vísu satt, er þíngmaðurinn hermdi, að kirkjur eiga fleiri ítök fyrir landi bændajarða, en bændur fyrir landi kirkna jarða; en það er vel aðgætandi, að eptir grundvallarreglu nefndarinnar missa eingvir vogreksrèttinn, sem áður höfðu hann að lögum, en eptir grundvallarreglunni í frumvarpi stjórnarinnar sviptast einstakir löglegum rètti sínum, eins og dæmi það, sem eg áður hefi tekið fram um Vindborðs-fjöru ítakið, sýnir, og eins stóð á með fjöru-ítak norður í Suðurþíngeyarsýslu, og úrskurðaði hið konúnglega danska kansellí vogrek, sem þar bar upp og þráttan reis út af, eign hlutaðeigandi kirkju eða prests, sem átti með landið, þvert á móti klaustri, sem átti reka-ítakið. Eg veit þannig ekki, hvað það ætti að þýða, að breyta hinni um ræddu aðalgrundvallarreglu Jónsbókar og þar með svipta einstaka menn rètti sínum, en bæta ekki fyrir neinum. Hvað Odda-fjöru snertir, þá er jörð þessi bænda eign, en fjörunni er þó ekki skipt, nema í vissa parta. Þannig eiga Búlands og Ása kirkjur, Svínadalur og Holt þar af markaða reka. Hvað snertir vogrekin á ítökum kirknanna, þá er eingin hætta á ferðum með þau, eins og eg margsinnis hefi ítrekað, með tilliti til ítaka þeirra, sem Holt og Svínadalur eiga á Odda-fjöru, þá er það aðgætandi, að á báðum þessum bæum munu fyrr meir hafa verið bænhús, en hvað um það er, þá er hitt samt víst, að jarðir þessar hafa ekki notið vogrekanna og hafa því einkis að sakna. Að öðru leyti er það auðsætt, að ef grundvallarregla Jónsbókar og nefndarinnar er rètt, þá má ekki gjöra eigandanum að Oddum rángt.

Hvað þannig áhrærir allar fjörur í Skaptafellssýslu, þá missir einginn nokkur lögleg rèttindi sín, ef breytíngu nefndarinnar er fylgt, en sè farið eptir frumvarpi stjórnarinnar, þá

missa einstakir, og sè eg þannig eingva ástæðu til að fylgja því, sem miður má fara. Eg verð líka að benda á, að ítök eru í sjálfu sèr harla óvinsæl, og mundu verða það enn fremur, ef rèttur ítaks-eigendanna verður aukinn þvert á móti grundvallarreglu Jónsbókar, sem menn hafa miklar mætur á, og gagnstætt úrskurðum stjórnarráðanna, enda hafa bændur orðið fyrir nógum halla, þar sem þeir voru sviptir vogreksrèttinum fyrir landi sínu, þó menn togi ekki vogrekin nú undir ítaks-eigendurnar og þannig færi alt úr því lagi, sem það væri, ef bændur alla jafna hefðu notið vogrekanna.

Þ. Sveinbjörnsson: Mèr skildist vel saga ens hæst virta konúngsfulltrúa um tildrögin til þess lagafrumvarps, er hèr er um að ræða, og líka má eg kannast við, að nefndinni hefir geingið hið bezta til, að á kveða eitthvað um lýsíngu vogrekanna, hvers maður að öllu leyti saknar í frumvarpi stjórnarinnar. En það er svo margt annað, sem eg enn sakna, til dæmis um, hvað lángt sè til eindagans, hvernin sannanir eigandans eigi að vera lagaðar, hver á þær eigi að fella úrskurð, og annað fleira, að eg óttast fyrir, að þessi löggjöf fremur skemmi en bæti, fremur auki ruglínginn, en vani hann, einkum þegar frumvarpið heldur sig við opið brèf 4. maí. 1778, sem opt hefir verið haldið í sjálfu sèr næsta ruglíngslegt. Eg ætla líka, að eingin brýn nauðsyn sè til, að hrapa að löggjöf um þetta efni, og henni svo ófullkominni, einkum þegar þjóðin þó á frumvarpinu sèr, að stjórnin er í vissu tilliti á því, að rýmka um rèttindi jarðeiganda, frá því sem nú er, og munu þeir una vel við von þá, þángað til öll rekalögin koma, hvers að líkindum ekki verður lángt að bíða. Það er því mín meiníng, að þíngið eigi að af biðja, að lagafrumvarpið nái lagagildi, fyrri en rekalögin koma öll saman; og tek eg mèr breytíngaratkvæði á þá leið.

Framsögumaður: Eg get ekki verið því samþykkur, að lagaboði þessu verði frestað, því landsmenn munu kunna stjórninni miklar þakkir fyrir það, og álíta það mjög svo um varðandi. Eg vona þess vegna, að þíngmenn nú þegar stíngi upp á þeim breytíngum, sem þeir álíta nauðsynlegar við lagafrumvarpið, svo að það fái meðmæli þíngsins til að verða löggilt.

Að því leyti sem fulltrúi Skaptfellínga fór áðan þeim orðum, að eigi væri gagn að lýsa vogrekum á manntalsþíngum, því eigendurnir væri utan lands, skal eg einúngis leyfa mèr að

geta þess, að opt farast þiljuskip hèr við landið, sem landsmenn sjálfir eiga, eins og líka nefndin einnig hefir stúngið upp á, að vogrek væri til kynt hlutaðeigandi amtmanni, og gjörði hún það í því skyni, að gefa amtmönnum færi á, að birta vogrekin erlendis, ef líkur nokkrar væru til, að eigendurnir væru þar.

Konúngsfulltrúi: Ef þíngmenn á annað borð eru á því, að vilja unna löndum sínum þeirra hlunninda, sem stjórnarfrumvarpið veitir þeim, þá vil eg ráða þeim til að aðhyllast frumvarpið, eins og það er, því eg ætla, að stjórninni muni þykja umbreytíngar nefndarinnar svo ófullkomnar, að hún má ske, ef þeim verður fast fram haldið, haldi frumvarpinu aptur, þángað til öll rekalögin eru á enda kljáð, og menn muni því fyrst um sinn mega sakna þeirra hagsmuna, sem lagafrumvarp þetta annars veitir. Eg get ei heldur annað sèð, en að það sè á gildari rökum bygt, er hinn virðulegi þíngmaður Skaptfellínga fór fram á, heldur en það sem framsögumaður sagði; framsögumaður nefndi eina „prestsjörð“, en eg ætla það muni verið hafa mensaljörð; en þó nú svo verið hafi, að klaustur hafi átt þar reka-ítak, þá átti presturinn rètt á, að taka þar vogrek eptir þeim reglum, sem áður hafa gilt, og get eg því ei sèð, hvernig klaustrið átti nokkurt tilkall til þessa reka, og stjórnarráðið gat þess vegna ekki skorið öðruvísi úr, en það gjörði. Sè svo, sem eg ekki efa, að Skálholtskirkja eigi þá reka, sem þíngmaður Skaptfellínga hèlt vera einkis eign, þá á Skálholtskirkja þessa reka, einmitt sem reka-eigandi, en ei sem landeigandi.

Framsögumaður: Í tilfelli því, sem jeg áður til færði úr Suðurþíngeyarsýslu, átti kirkjan jörðina, en Múnkaþverárklaustur átti reka-ítak fyrir landi hennar. Eptir lagafrumvarpinu hefði þá klaustrið átt að fá vogrekin á ítakinu, því það er eigandi rekans, en eptir aðalgrundvallarleglu Jónsbókar, sem nefndin hefir aðhyllzt, bera kirkjunni vogrekin á ítakinu, því hún var eigandi landsins, og sèst af þessu berlega, að það kemur ekki í sama stað niður, hverri grundvallarreglunni er fylgt.

Konúngsfulltrúi: Hèr er þó einúngis verið að tala um opinberar eignir, en ekki um bænda eignir, eða þær, á hverjum smá-vogrek heyra undir dómsmálasjóðinn.

Framsögumaður: Hèr er talað um allar jarðir, allstaðar á öllu landi, og eingin undan þegin, hvað vogrek snertir.

Varaforseti: Eg er sömu meiníngar og aðrir þíngmenn, sem tekið hafa til orða í máli þessu, að nefndinni hafi geingið hið bezta til, er hún gjörði breytíngar frá fyrstu grein lagafrumvarpsins, en eg óttast, að breytíngar, ef til vill, kunni að gefa tilefni til meiri málaferla, en frumvarpið sjálft, ef því væri fylgt. Það er annaðhvort, að landeigendur sjálfir eiga reka fyrir jörðum sínum, ellegar að hlynnindi þessi eru geingin undan jörðunum, annaðhvort til einstakra manna, ellegar til opinberra eigna, klaustra, kirkna, o. s. frv. En svo er lángt síðan, að reka-ítök þessi eru gefin eða seld, að óvíða mun hægt að segja, hve nær þetta er skeð. Þar sem eg þekki til máldaga eða annara skilríkja fyrir reka-ítökum, eru þau sem optast þannig orðuð, að óvíst mætti þykja eptir breytíngar-uppástúngu nefndarinnar, hver eigandi væri vogrekanna, jarðeigandi eða rekamaður. Sumstaðar segir: „kirkjan á allan trjáreka"; þá á hún og að eiga vogrekin bæði eptir frumvarpinu og breytíngaratkvæði nefndarinnar. Á öðrum stað hef eg séð svo að orði komizt í máldaga, að kirkja eigi allan stórreka fyrir landi jarðar þeirrar, sem um aldur og æfi hefir verið bóndaeign. En hèr ætla eg ílt að ákveða eptir álnamáli, hver vogrek kirkjunni bera. Alt þetta er eg hræddur um mætti verða tilefni til deilu og málaferla, og álít eg því tryggara, að halda orðinu „rekamaður" með frumvarpinu, en að taka inn orðið „jarðeigandi" með nefndaruppástúngunni, jafnvel þó nefndin hafi látið því fylgja ákveðna og ljósa útskýríngu. Eg hlýt því að gefa frumvarpinu heldur atkvæði mitt, en nefndarinnar uppástúngu.

Framsögumaður: Hvað málaferlum þeim við víkur, er hinn heiðraði varaforseti svo mjög kveið fyrir, þá hefi eg aðra skoðun á málinu, en hann. Hèr er til rædt um nýtt lagaboð, og ber því, að mínu áliti, fremur að gá að því, að það skerði ekki, heldur verndi öll rèttindi þau, sem löglega eru á komin, heldur en hinu, að af því geti, ef til vill, risið málaferli. Ef þörf er á, að fara í mál, þá er ekkert í sjálfu sèr í því; því málaferli öll enda þó einhvern tíma, en hitt er óþolandi, að svipta með lagaboði í einu vetfángi menn rèttindum sínum. Konúngsfulltrúinn sagði líka, að það væri ekki tilgángur stjórnarinnar, að skerða nokkur lögleg rèttindi; en eg hefi berlega

sýnt ofan á, að ef frumvarpi stjórnarinnar verður framgeingt, þá verði slík rèttindi af numin fyrir einstaka menn. Ef ekki annars ríður á neinu öðru, en að lagaboð þetta verði svo greinilegt, að eingin málaferli geti risið út af því, þá er hægast að ákveða það á þann veg, að öllum jörðum á Íslandi skuli hèr eptir fylgja öll vogrek án nokkurrar undantekningar. Þessi regla væri nú sèrlega einföld og greinileg, en þó gæti risið af henni málaferli, þar sem svo á stendur, að rekamörk eru óviss milli jarða.

Jón Guðmundsson: Eg verð að venda máli mínu aptur til þess, er eg tók fram áðan, og svara hinum heiðraða framsögumanni fáeinu, að svo miklu leyti sem athugasemdir hans hnigu að minni ræðu. Hann sagði um fjörurnar í Skaptafellssýslu fyrir söndunum, að *þær* væri allar af markaðar, og það er að vísu satt, en víðast er þar ekkert af markað *land* til sjóar, sem neinn getur helgað sèr. Hann sagði um jarðirnar, sem lagztar væri í auðn, að þær hefði verið konúngseign eður klaustra, en eg verð að vísa þeim heiðraða framsögumanni bæði til Landnámu, þegar bygðin fór af umhverfis Eyará á Mýrdalssandi í jökulhlaupi, en bygð sú átti land að sjó, og þá var eingi konúngseign hèr, nè klaustra, en síðan hefir þar þó eingi bygð verið, og hver á nú land fyrir þeim rekum? Sama er að segja um Litlahverfi og Íngólshöfðahverfi austan til á Skeiðarársandi, eg ætla að þar hafi aldrei, svo menn viti, verið kóngs nè klaustraeign nein, en þær bygðir voru að smáeyðast af jökulhlaupum alt fram undir lok 16. aldar og fram á öndverða 17. öld; þar getur nú einginn helgað sèr land fyrir sjó, en rekamenn eru til að hverri fjöru. Enn er eitt dæmi um, hvort ekki muni ísjárverð þessi ákvörðun, að landeigandi eigi vogrek. Brunasandur var óbygð, frá því menn fyrst hafa sögur af, þar til eptir 1820, en reka áttu menn áður fyrir söndunum; nú eru á þessum sandi reist 3 nýbýli, sem eiga land í sjó; nú ætti þessi nýbýli að hljóta vogrek þau, sem hið opinbera hefir áður tekið af fjörum rekamanna, og sama yrði þá upp á, ef bygð kæmi á hina sandana, sem vel er þeinkjanlegt, eins og um Brunasand er orðið, þó ekki líti út fyrir það, sem stendur. En hvað það snertir, að tilgángur löggjafarinnar sè sá, að svipta eingan neinum rètti, þeim er þeir hafa haft, þá ætla eg þó hinn tilgánginn liggja nær, að hún skipti sem jafnast milli manna þeim rèttindum, sem þeir hafa verið sviptir að

undan förnu. Oddar í Meðallandi, þetta litla kot, sem metið hefir verið til þessa lítils, sem einkis virði, fær öll vogrek fyrir sínu landi, en Skál, Svínadalur og Holt, sem eiga rekana, fá ekkert, ef uppástúngu nefndarinnar verður framgeingt, og svo ætla eg verði á ótal fleiri stöðum.

J. Johnsen: Eg held, að minna sè undir því komið, en sumir þíngmanna ætla, hvort heldur ákvarðanir frumvarpsins eða nefndarinnar um aðalatriðin í 1. og 2. grein fá gildi, þar sem eg bæði skildi skýrslu hins hátt virta konúngsfulltrúa áðan á þann veg, að frumvarp þetta um breytíngu á löggjöfinni um vogrek nú sè komið *til bráðabirgða*, á meðan stjórnin ekki fær búið til fullkomna rekalöggjöf, er nái eins út yfir vogrek og annan reka, af hverju helzt tægi sem er, og eg líka verð að ætla, að breytíngaruppástúnga nefndarinnar við 1. gr., reyndar þó ekki fari öðru fram, en stjórnin ætlast til, og reglur þær, sem hingað til hefir verið farið eptir, benda til, þegar nefndin, með tilliti til reka-ítakanna, bindur uppástúngu sína við *eignarskilríki og venju*, og skilst mèr þá ekki, að t. a. m. eigendur bændaeigna eptir þeirri ákvörðun geti náð öðru vogreki undir sig en því, sem dómsmálasjóðurinn hefir hirt að undan förnu, og sem nú er tilgángur löggjafarinnar, að láta hverfa aptur undir bændur.

En hvernig sem nú þessu er varið, þá gef eg samt ekki atkvæði fyrir fleirum en þeim tveim fyrstu greinunum, því þar eð við, eins og eg drap á, þó bráðum getum átt von á rekalöggjöf í heilu lagi, svo finnst mèr hvorki nauðsynlegt, að taka þær ákvarðanir, sem nefndin hefir stúngið upp á um auglýsíngu vogreka, o. s. frv., inn í þetta, ef eg svo má að orði komast, bráðabirgða-lagaboð, nè heldur, ef svo ætti að vera, nóg, en eg ætla aptur á móti sjálfsagt, að um þessi og önnur hèr að lútandi atriði, verði farið að þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt, á meðan þau hin sömu vogrek fèllu til dómsmálasjóðsins, og gjöri eg þá líka ráð fyrir, að t. a. m. um þau vogrek, sem liggja við spjöllum, yrði farið eptir ákvörðunum Jónsbókar (rekab. 12. kap.), að landeigandi hirði þau og selji, þegar búið er að koma á þau virðíngu.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem hinn heiðraði fulltrúi Árnesínga sagði nú, skal eg einúngis leyfa mèr að benda á, að ef ei þykir þörf vera á, að lýsa vogrekum, þá þarf einhver að taka sèr breytíngaratkvæði um það, að í 1. gr.

lagafrumvarpsins sèu feld úr orðin: „á vissum tíma“. Annars fel eg þingmönnum sjálfum að dæma um, hvort ekki í því að sleppa allri lýsingu vogreka, þó ekki sè nema um sinn, liggi sú upphvatning: notið ykkur nú tækifærið, piltar, meðan þið getið. En hvað sem þessu líður, vil eg samt óska, að einhver tæki breytingaratkvæði, um að nefnd orð verði feld úr, svo þetta þurfi ekki að tálma löggildingu frumvarpsins.

Konúngsfulltrúi: Eg held þó ekki nauðsynlegt, að menn aðhyllist þessi breytingaratkvæði, því menn mundu geta bjargazt við Jónsbók og opið brèf frá 4. maí 1778, § 1 og 2; því þó vogrek sè svo lítið, að það eigi heima í § 2., getur þó skeð, að það hafi þau kennimerki, að því megi lýsa á löglegan hátt, ef það þykir svara kostnaðinum.

Framsögumaður: Hinn hátt virti konúngsfulltrúi veit þó, að það hefir ekki tíðkazt, að lýsa vogrekum, og það væri þá merkilegt, ef bændur færu að taka það upp hjá sjálfum sèr að lýsa þeim, án þess það væri gjört þeim að lagaskyldu.

Konúngsfulltrúi: Það er að sönnu satt, að þessum smávogrekum hefir ekki ætíð verið lýst, en ein af ástæðunum, hvers vegna ekki hefir verið á kveðið neitt um lýsínguna í lagafrumvarpi þessu, er sú, að ómögulegt er stundum að lýsa þeim, t. a. m. plaunkum, borðum, ferstrendum trjám og smábrotum af skipumi og bátum, sem eingin kennimerki hafa, en þar sem því verður við komið, er ekkert á móti því, að þeim sè lýst.

Framsögumaður: Að binda lýsíngu vogreka við það, að því verði við komið, virðist mèr alt of völt regla, eða rèttara, sama sem eingin regla, því alkunnugt er, að einn álítur það ógjörlegt, sem hinn hyggur að verði við komið. Yfir höfuð að tala mætti að vísu fara í þessu efni eptir Jónsbók, en mèr þykir skrítið, að skipa það í sama lagaboði, sem að öðru leyti umturnar aðalgrundvallarreglu hennar í tilliti til vogreka.

J. Johnsen: Samkvæmt bendingu hins heiðraða framsögumanns, tek eg mèr það breytíngar atkvæði, að orðin „á rèttum tíma“ í frumvarpinu og nefndarálitinu falli úr.

Ásgeir Einarsson: Eg stend nú ekki upp í því skyni, að eg búist við, að geta styrkt þann heiðraða framsögumann, enda bera þíngtíðindin þess vott, að hann hefir varizt dreingilega móti mörgum.

En fyrst menn hafa gjört mikið úr þeim greinum Jóns-

bókar, sem enn nú eru í gildi, furðar mig á því, að *lögfræðíngarnir,* sem mæla móti þínglýsingunum, sem nefndin stakk upp á, hafa ekki viljað líta ofan í 12. kapítula í rekabálki Jónsbókar; þar stendur svo: „Ef sá maður kemur til vogreks, er réttar heimildir þykist á eiga, og hefir til þess skilríki vitni, og sver hann lýrittar eið, hvort sem það er arfur manns eða öðruvísi, þá skal hann hafa, sem hann kallar til, en verð fyrir hitt, sem lógað er. Nú koma ei eigendur til, þá skal láta segja til á alþíngi, hvað fè þar er rekið.“ Það er nú óhægra, að lýsa vogreki á alþíngi, en var til forna, þegar alþíng var haldið ár hvert, en það er sjálfsagt, að ekki verða vogrekin ætíð geymd óseld svo lángan tíma; en þá á það við, er eg las upp úr greininni, „en verð hins lógaða“ o. s. frv. Mig furðar það, ef þíngið vill nú gánga fram hjá þessari ákvörðun í lögbók þeirri, er hefir verið álitin en helztu grundvallarlög landsins, og setja ekkert í staðinn, enda veit eg ekki til, að þessi kapítuli sè með lögum upp hafinn. Þíngmaður Skaptafellssýslu hèlt, að menn gætu ekki lýst marki á plaunkum eða öðrum vogrekum, nema þeir kynnu uppdráttarlist; mèr þykir varla þörf að svara þessu. Nefndin var að leitast við að gjöra sem vafaminnsta takmörkunina milli þeirra vogreka, er konúngi beinlínis heyrði til, og þeirra, er jarðeigandi ætti, því stakk hún upp á því, að einhver föst áhöld eða flaki ætti að fylgja með, ef mörg trè eða plánkar rækju, svo sýslumenn ættu ekki vald á að taka þau vogrek af landeigendum, er vafi væri um hvort þeir ættu. En nefndin hafði líka tillit til þeirra vogreka, er menn þeir ættu, er byggju á landi hèr, því mest líkindi eru til, að eigendur gætu leidt sig að þeim, ef nægur frestur væri gefinn til að lýsa þeim. Það er alkunnugt, að opt missa menn báta á Íslandi, og reka þeir stundum annarstaðar lítið skemdir; en eg veit ekki til, að þeir sèu með marki eigendanna, þó nokkuð af farvið þeirra sè það, sem optast er farinn frá þeim, það er því auðvitað, að ef eigendurnir mistu báta þessa, af því að ekki væri mark þeirra á þeim, þó þeir gætu sannað með vitnum, að þeir ættu þá, væri þeim gjört rángt gegn þeirri áminnztu *grein,* er eg las upp úr rekabálki. Opt ber líka svo við, að menn missa trè í aftaka brimum, þó þeim hafi verið velt upp fyrir venjulegt flæðarmál, og veit eg til, að þeir hafa feingið þau aptur, þegar þeir hafa getað lýst þeim, og fært sannanir fyrir auðkennum þeirra, þó ekki hafi verið með reka-

marki; sama hefir og verið með trè, sem menn hafa mist á sjó. Þingmaður Gullbríngusýslu gat þess, að mörg þilfarskip væru á Íslandi og strönduðu stundum, þetta vita allir þingmenn að er satt, en fyrst menn hafa komið fram með ýmsar sögur, við vikjandi þessu máli, leyfi eg mèr að segja eina dáfallega. Maður nokkur á Íslandi misti þilfarsbát fyrir fáum árum, og fann þilskipsformaður danskur nokkuð fèmætt af bátnum á sjó, og flutti það til lands, og var það afhent hreppstjóra, en formaðurinn fór með atkeri, sem hafði verið með því fundna, og lèzt mundi koma með það aptur, en þegar til átti að taka, sagðist hann hafa mist atkerið í sjóinn. Hreppstjórinn, sem eg gat um, ritaði sýslumanni um það fundna, en hann birti hreppstjóra aptur amtmanns boð um, að sá, er fundið hefði, skyldi eiga helmínginn, en konúngur helmínginn, og skipaði sýslumaður hreppstjóra að selja það fundna við uppboð, en meðan á þessu stóð, frètti eigandinn til þess fundna og gaf manni fullgildíngu að krefja þess fundna í sinni fjærveru og borga bjarglaun. Eptir mikil umsvif kom annar úrskurður frá amtmanni, sem heimilaði eiganda það fundna, en fundarmaður notaði sèr þann fyrri úrskurð amtmanns, og tók helming verðsins í bjarglaun. Hefði vogreki þessu verið lýst á þann hátt, sem nefndin hefir stúngið upp á, gat eigandinn verið búinn að fá það, áður en amtmaðurinn lagði þann áminnzta *sleggjudóm* á málið. Hvað aðalgrundvallareglu þá snertir, sem nefndin hefir geingið út frá, um að landeigandi fái vogrek, þarf eg ekki að minnast á, því það hefir framsögumaður gjört nægilega. Eg er ekki öldúngis mótfallinn breytíngar-atkvæði þess konúngkjörna þíngmanns um að slá málinu á frest, mèr þykir mikið nauðsynlegt, að það komi fyrir augu þjóðarinnar, áður en það verður að þeim lögum, sem leingi eiga að vara. Eg veit að sönnu, að þjóðinni þækti vænt um að fá þessi lög, því svo er mikil gremja í mörgum út af ýmsum ítökum, að þeir mundu una því illa, ef óheppilega tækist með þetta mál. Mèr kemur því til hugar að stínga upp á því, sem viðauka-atkvæði, að ef bænarskrá verður send til konúngs um þetta mál nú þegar, að beðið verði um lagaboðið, einúngis *fyrst um sinn;* og áskil eg mèr geymdan rètt til þessa atkvæðis.

Varaforseti: Eg bæti því við með tilliti til þess, er hinn virðuglegi þíngmaður Árnesínga sagði, að honum fyndist nokk-

urn veginn fullkomin samhljóðun millum frumvarpsins í 1. § og nefndaruppástúngunnar, að því leyti sem nefndin vildi láta venju og skilríki ráða og skera úr málum.

Nú er það öllum kunnugt, að máldagar eru eingan veginn svo ljósir í þessu efni, sem skyldi, og við því er heldur ekki að búast, hvað vogrekin snertir; því að vísu munu flestir máldagar kirkna miklu eldri, en tíð sú, er vogrekin voru af stjórninni tekin undan jörðum hèr í landi, og er því ekki að búast við, að þeirra sè getið í eignaskrám þeim, sem frá þeirri tíðinni eru, nær menn ekki vissu að gjöra neinn mismun á rètti til vogreka og annars reka. Væri nokkrir máldagar yngri en frá áminnztri tíð, er aptur eingin von, að vogreka sè í þeim eignaskrám getið; því þá gat enginn selt eða gefið það kirkju, sem hann ekki átti sjálfur. Ættu menn á hinn bóginn að fara eptir venjunni, þá kæmi, ef til vill, enn verra upp á; því hún hefir tekið af kirkjunum rètt til vogrekanna og sagt: „Bændaeignin á ekki vogrek, og því ekki kirkja í rekamarki fyrir bóndaeign". Venju þessa vil eg nú ekki dæma, en hitt veit eg, að sýslumenn hafa eptir þessari venjunni felt úrskurða, og sagt, að bændaeign gæti ekki öðrum meira gefið, en hún ætti sjálf. Eg sè því ekki annað, en að kirkjur mættu missa öll vogrek eptir venjunni, jafnvel þar, sem þær með berum orðum eiga allan reka.

Framsögumaður: Mèr skilst það ekki, að einstöku tilfelli, eins og hinn heiðraði varaforseti fór fram á, geti skapað venju, heldur útheimtist til hennar, að hinu sama sè fram farið í mörgum sömu tilfellum um lángan tíma, og einkum þarf tíminn að vera lángur, þegar svo stendur á, að það, sem á að skapa venjuna, ber sjaldan við, og er í mörgum greinum ekki hægt að semja svo lagaboð, að menn þurfi ekki að grípa til venjunnar, sem á öllum öldum og í öllum þeim löndum, er lögum og rètti er farið fram, hefir verið álitin heilög. Þannig er í lögbók vorri eður Jónsbók skírskotað til þess, sem hafi verið „að fornu", og hið sama fyrir kemur á mörgum stöðum í hinum dönsku lögum. Við dómstólana, einkum hina efri, er venjan bæði gildandi og ómissandi, og ekki er lángt síðan að í hæðsta rètti var dæmt eptir venjunni mál úr Múlasýslu, við víkjandi fátækratíund af konúngsjörðum, og hafa stjórnarráðin opt lagt þann úrskurð á, að í því og því tilfelli skyldi fara að venju, og sèr í lagi í tíundarmálefnum. Hvað

við víknr heimildum þeim, er nefndin vill hafa fyrir vogreksrèttinum, þá get eg ekki ímyndað mèr, að kirkjur missi nokkurra vogreksrèttinda, þegar bætt er við „að fornri venju“, eptir uppástúngum nefndarinnar, fremur en eptir hinu um rædda lagafrumvarpi.

Ef einhver fjara er gefin, eptir að bændur mistu vogreksrètt, þá hefir kirkjan ekki eignazt hann með fjörunni, en af því optast nær er bágt að sanna, hvort gjafarinn átti þenna rètt, vildi nefndin bæta úr þessu með því ekki að eins að viður kenna máldaga, heldur einnig forna venju sem gilda heimild, og þóktist nefndin þá hafa búið vel um rètt kirknanna.

J. Johnsen: Ef það, sem mèr heyrðist hinn heiðraði varaforseti segja, hefir verið venja nokkurstaðar, að hafa það undir dómsmálasjóðinn undan eigendum bændakirkna, sem rekur upp á fjörur þeirra af vogrekum, þá ætla eg, að eg megi segja, að þetta sè raung venja (óvenja); því þar sem svo segir fyrir í opnu brèfi frá 4. maí 1778 2. gr., að *„kirkjum“* beri vogrek þau, sem þar ræðir um, þá er víst um það, að þetta orð nær eins út yfir bændakirkjur og kirknajarðir, eins og aðrar kirkjur í landinu, og það hvort heldur bændakirkjurnar eiga (eins og að orði kveður í máldögum þeirra) mikið eða lítið í heimalandi, og veit eg til, að á þessa leið er úrskurðað af amtmanninum í Suðuramtinu við og við. Annars er eg því fremur á sama máli og nefndin um 1. gr., sem nefnd sú, er frá upphafi fjallaði um mál þetta eptir konúngsúrskurði 23. apríl 1845, og hverrar meðlimur eg líka var, hafði sömu grundvallarregluna fyrir augum, að rekinn fèlli til landeiganda, og gef eg nefndaruppástúngunni við þessa grein óhræddur mitt atkvæði.

Varaforseti: Öll hin lánga ræða hins virðulega þíngmanns frá Árnessýslu er mèr að öllu leyti óviðkomandi; mèr duttu ekki í hug og eg talaði ekki um bændaeigna kirkjur, heldur rekarètt kirkna fyrir bændaeigna jörðum.

Framsögumaður: Eg skal einúngis geta þess að endíngu, að þegar á eina hliðina litið er til þeirrar grundvallarreglu Jónsbókar, að vogrek á ítökum fylgdu landeign, en á hinn bóginn þess er gætt, að margir ítaks-hafendur eru búnir að ná vogrekunum undir sig, þá held eg, að menn mundu una því betur, að rèttur jarðeiganda yrði framvegis rýmkaður í þessu tilliti, heldur en hinu, að ítökin fengju enn nú nýan viðauka. Annars mega menn ei við yfirvegun málefnis þessa einúngis

horfa á kirkjur og þeirra ítök, heldur verða menn einnig að hafa sèr fyrir hugskotssjónum bændaeignirnar og ítök fyrir þeirra löndum; og þar sem nú á að gefa þeim aptur ný rèttindi, hygg eg, að bændur muni una lángt um betur við, að láta landeiganda rètt rýmkast, en reika-eiganda, og þannig halda rèttindum sínum í sama horfi, og þau voru fyr eptir Jónsbók, áður en þau mistust.

Varaforseti: Framsögumaður vill gjöra ítökin óþokkasæl, en hann verður að gæta þess, að í öndverðu eru þau annaðtveggja gefin eða seld, og hvort sem er, hefir eigandi hinn fyllsta rètt til þeirra. Fæ eg því ekki skilið, að eign þessari fylgi nokkur óþokki fremur en hverri annari eign, eða það sè hin minnsta ástæða til að svipta eigendur notum þeirra og rètti. Sama mætti annars segja um allar kirkjueignir; því þær eru á sama hátt orðnar eign kirknanna, og væri þá einnig óþokkasælt, að leigur þeirra og landskuldir gánga til uppheldis prestum.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla ekki að minnast á það, sem varaforseti talaði um reka-ítökin; eg þykist ekki þurfa að minna þjóðina á, hvernin sum þeirra munu vera komin til. En mèr þókti vænt um, að hreift var við orðunum „fornri venju“ í nefndarálitinu, því þó eg vildi ekki setja mig beinlínis móti lögfróðum manni í nefndinni um þetta, þókti mèr orð þetta mjög athugavert. Það er mikið áríðandi, að lögin sèu vafalaus og fast ákveðin, því annars getur svo farið, að venjan dragi rèttvísi og skynsemi á eyrunum.

Varaforseti: Eg held, hvað venju þá snertir, sem Jónsbók nefnir, eða þar sem hún segir: „eins og verið hefir að fornu“, þá meini hún fremur til fornra laga, en til venju manna á milli. Það er að öðru leyti auðvitað, að öll hin elztu lög grundvölluðust á venju, og voru, ef til vill, ekki annað, en venja ein. En Íslendíngar höfðu lifað í borgaralegum fèlagsskap og átt sèr lög laungu áður,. en Jónsbók varð.

Framsögumaður: Eg verð þó að þverneita því, að orðin „að fornu“ í Jónsbók þýði hið sama, sem í fornum lögum, sem sè geingin úr gildi vegna annarar nýrri, því þetta mætti fremur kalla fyrnda, en forna venju. Hvað hinum allra elztu lögum Íslands við víkur, þá er eg ekki svo kunnugur þeim, að eg þori að fullyrða nokkuð í því tilliti, en í Jónsbók er þýðíngin á orðunum „að fornu“ vafalaus. Eg vil til taka eitt dæmi:

í landsleigubálki XLIX. kap. stendur, að þar skuli rèttir vera, sem *að fornu* hafa verið. Hvaða eldri lög skyldu það nú vera, sem á kvæðu, að réttir skyldu vera undir því eða því moldarbarði? Það væru skrítin lög. Hitt tel eg óyggjandi, að lög geti ekki orðið samin, án þess í einstöku tilfellum, að skírskota til venjunnar; því ella þyrfti að setja í þau smámunalegar ákvarðanir, eins og líka það í sjálfu sèr er ógjörlegt, að lögin nái út yfir öll einstök tilfelli, svo aldrei þurfi að grípa til venju.

Konúngsfulltrúi: Þó mèr áðan skildist ræða hins heiðraða framsögumanns vera þess innihalds, eins og hann vildi svipta ítakseigendur rètti til vogreka, þá hefir það að líkindum ekki verið meining hans; því eg ætla (og þar að lýtur margt í ræðum hans), að hann sè mèr og lagafrumvarpinu samþykkur í því, að hann vilji ekki svipta neinn þeim rèttindum, er honum ber eptir nú gildandi lögum, og til þess miðar einnig breytíngar - atkvæði nefndarinnar í töluliðnum 1; en ef menn skyldu fremur fallast á það, en frumvarpið, þá vil eg benda nefndinni til, hvort ekki mundi rèttara að orða það á annan veg, og setja orðið rekarètt í staðinn fyrir „vogreksrètt“; því eg veit ei til, að kirkjur eigi nokkurn vogrekarètt eptir máldögum, heldur er hann til einkaður þeim með löggjöfinni á þeirra eignum, og eptir því sem lögin hingað til hafa verið alment skilin einnig þar, hvar máldagar þeirra eigna þeim reka-ítök eða rekarètt. Það getur verið, að þíngið fallist á þetta breytíngar-atkvæði, og vil eg þá skjóta því til nefndarinnar og þíngmanna yfir höfuð, hvort þeir ei vilja hafa breytíngar-atkvæðið svo lagað, eins og eg hefi bent til.

Framsögumaður: Hvað því við víkur, er hinn hátt virti konúngsfulltrúi sagði, að í máldögum kirkna aldrei sè til tekið neitt um vogrek, þá játa eg að vísu, að það er sjaldgæft, en þó man eg fyrir víst, að vogrek eru nefnd í máldögum Ása kirkju. Að öðru leyti er nefndin fús að taka öllum þeim breytíngum, sem mega leiða til betri vegar, þegar að eins aðalgrundvallarregla Jónsbókar, um hverjir skuli eignast vogrek þau, er ekki upp spyrjast, er látin standa óröskuð, og áskil eg mèr að mega með samnefndarmönnum mínum gjöra slíkar breytíngar, áður en málefni þetta kemur til síðustu umræðu.

Varaforseti: Mèr virðist það þó nauðsynlegt, að breytíngaratkvæði sèu tekin nú, áður en undirbúníngsumræðu þess-

ari er slitið; því skeð getur, að einhver annar, sem hefði viljað taka breytíngaratkvæði, sleppi því, þegar hann heyrir þessi ummæli framsögumanns, en hann eða nefndin skjóti því þó hjá sèr, og fái svo sá, sem taka vildi, ekki síðar færi á því. Þó framsögumaður hafi sèð vogrekanna getið í einum máldaga, mun það mjög sjaldsèð, og víst ætla eg, að ekki geti þeirra 1 af 20 máldögum; eg í það minnsta hef ekki sèð það í einum einasta máldaga. Rekarètturinn er eins gamall í landi hèr og bygð landsins; en lángt leið um, áður vogrekin væru af konúngi tekin frá kirkjum og bændum; því er ekki við að búast, að vogreka sè getið í eignaskrám kirkna. Þar sem í máldögum kirkna er til tekinn allur reki eða stórreki, þar munu nú kirkjurnar eiga rètt til allra vogreka, eða hinna stærri; en fáir munu máldagar kirkna samdir, síðan vogrek voru tekin af jarðaeigendum hèr í landi, því má ekki búast við, að þeirra sè getið í eignaskránum. Ef að nefndin því ekki sjálf áskilur sèr nú strax breytíngu í uppástúngu sinni, þá áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að í niðurlagi hinnar fyrstu uppástúngu nefndarinnar falli úr orðið „prestar“, en „vogreksrètt“ sè breytt í „rekarètt“.

Framsögumaður: Ef þíngmenn hafa breytíngaratkvæði, sem þeim þykja við eiga, þá vil eg ráða þeim til, að bera þau upp, en eiga ekki of mikið undir nefndinni í því tilliti, því þó hún hafi góðan vilja, getur henni samt yfir sèzt, og betur sjá augu en auga. Líka er það aðgætandi, að ef breytíngaratkvæðin ekki eru tekin undir undirbúníngsumræðunni, geta þau ekki að rèttum þíngsköpum komið inn í lagaboðið seinna. Annars verð eg að geta þess, að ekki mun vel til fallið, að sleppa orðinu „prestar“, eins og hinn heiðraði varaforseti stakk upp á; því alt annað eru lènsjarðir presta, en kirkjujarðir.

Th. Gudmundsen: Af því talað hefir verið um venjuna, og mótsettar skoðanir á henni hafa látið sig í ljósi, skal eg fara nokkrum orðum um hana.

Venjan, hvaðan er hún? úr öllu lífinu, hvar sem það hrærir sig. Hvar er hún? í öllu lífinu, hvert sem er litið, af hverju hún er sprottin. Áður en lög urðu til, var venjan, og er hún þannig undirstaða löggjafarinnar, sem grundar sig að miklu leyti á venjunni og öllum hugsunarhætti sèrhverrar þjóðar. En eins og venjan er undirstaða löggjafarinnar, þannig verkar hún einnig á löggjöfina, eptir að hún er orðin til, og gefur hvöt og

tilefni til, að henni sè breytt og hún, ef til vill, löguð í hendi. Þannig á venjan sèr stað í stjórnar-athöfninni, hjá yfirvöldunum, dómstólunum og í öllum viðskiptum manna á milli. Það er ómögulegt að semja svo fullkomin lög, að ekki sèu eyður í þeim, því tilfellin í lífinu eru svo margbrotin og samtvinnuð, að eingin löggjafi getur gjört ráð fyrir þeim öllum; þá kemur venjan, sem bætir út skák og fyllir út þessar eyður í löggjöfinni; það gæti hún ekki, væri hún ekki sprottin af sjálfu lífinu og reynslunni. Þeir gömlu Rómverjar, sem höfðu næma tilfinníngu fyrir öllum rèttindum, höfðu venjuna, eða siði forfeðra sinna *(mos majorum)* í miklum heiðri, og nefndu hana og þá *óskrifuð lög (jus non scriptum),* og þannig gjöra allar siðaðar þjóðir, hjá hverjum rèttar-tilfinníngin er næmust og fullkomnust. Menn gætu má ske ímyndað sèr, að venjan stundum fæði af sèr óvenju, en af þessu er eingin hætta búin, því sè það fóstur óvenja, á það sèr aldrei lángan aldur og kemst aldrei til framfæris, það er að segja, getur aldrei haft nein áhrif á löggjöfina eða á viðskipti manna.

Eg hefi leyft mèr að fara þessum orðum til þess að sýna, hvaða makt og veldi venjan hafi og eigi að hafa, en ekki er tilætlan mín, að blanda henni, framar en góðu hófi gegnir, við þetta mál, því eg hefi verið svo óheppinn, að eg ekki hefi getað verið hèr nálægur við umræður málsins, nema þá fyrstu ræðu, af því embættisskylda mín hefir um rúman tíma haldið mèr burtu hèðan úr salnum, og er eg því næsta ókunnugur umræðum málsins.

Guðmundur Brandsson: Við víkjandi fyrstu grein frumvarps þessa vildi eg mega spyrja, hvort sá rètti tími, sem þar er talað um, eigi að skiljast fyrir ár og dag; því ef svo er, gæti eg ímyndað mèr, að rèttir eigendur hinna svo kölluðu vogreka yrðu opt að tapa þeim vegna þessa stutta tímabils. Eg set til að mynda, að þiljuskip færist, sem maður ætti vestur á Hornströndum, og ræki einhverstaðar lángt austur með landi; þá væri mjög óvíst, að eigandinn feingi vitneskju um þettað, fyrr en um seinan. Fulltrúi Árnesínga drap á það, að þegar þess háttar hlutir bæru að landi, sem lægju við skemdum, þá mundi nauðsyn krefja, að selja þá sem fyrst, líkt og Jónsbók gerði ráð fyrir. Eg er nú öldúngis á sömu meiníngu og hann í þessu, því margt gæti það verið, sem þanninn ræki, sem ekki væri gott að geyma, án þess það skemdist, til að mynda kaðl-

ar af skipum, segl og margt fleira. Eg held því, að það mætti fela hreppstjórum á hendur að virða þetta og selja, en réttir eigendur, ef síðar leiddust í ljós, gætu eins fyrir því haft aðgáng til andvirðisins, því ekki er altènd svo hægt að leita sýslumanna, sem má ske eiga heima í miklum fjarska frá því strandaða gózi, þar sem það bæri að landi. Hèr að auki getur illviðri og ófærð á vetrardag gjört æði mikið til sakar í því efni, en lángt að bíða manntalsþíngs með það, sem við skemdum lægi.

Við víkjandi annari grein frumvarpsins vildi eg mega spyrja, hversu lángur sá tími ætti að vera, sem álitinn væri næg sönnun fyrir því, að það, sem þá bæri á land, væri af skipi, sem strandað eða sokkið hefði við strendur landsins, því eg álit eingan hægðarleik að vita, hvort það hefir heldur þannig farizt, eða liðazt sundur í hafi. Eg minnist þess, að árið 1836 bar að landi á Reykjanesi fjarska mikinn trjávið bæði af ferstrendum stórtrjám, plaunkum og eikarstykkjum, og slæddi mestu af þessu upp á litlum bletti, þar sem það varla ætlaði að rúmast, en af skipsbraki kom næsta lítið, svo af því varð ekki ráðið, hvort skip það, er trjávið þennan hafði haft innan borðs, mundi heldur hafa farizt þar, en annarstaðar, jafnvel þó miklar líkur þæktu til hins fyrr nefnda.

Þar sem í 1. grein er talað um, að eigendur rekanna skuli eignast alt það vogrek, sem ekki er meira vert en 15 rbd., þá vildi eg mega spyrja, hvort þeir fjörueigendur, sem t. a. m. 20 dala virði ber upp á, skulu tapa því að fullu, eða þá eignast 15 dala virði úr því rekna, því mèr þækti hitt ekki sem jafnaðargjarnast.

Það hefir orðið hèr nokkuð margrædt um forna venju, og hvert gildi hún hefði haft og ætti að hafa; þess vegna áskil eg mèr það breytingaratkvæði, að þar sem í uppástúngu nefndarinnar standa þessi orð: fornri venju, verði sett í stað þeirra: laga heimild.

Framsögumaður: Ekki get eg annað en álitið, að frestur sá, sem nefndin hefir stúngið upp á, sè réttur og nægur, og er það alkunnugt, að ár og dagur er sama sem ár og vika, enda yrði frestur þessi stundum næstum 2 ár, þegar svo bæri undir, að vogrekið kæmi á land skömmu eptir manntalsþíng. Hvað við víkur óvissu á takmörkunum milli strandaðs fjár og vogreka eptir 2. gr. í lagafrumvarpinu, þá hefir nefndin leitazt

við að bæta úr þessu; enda hefir hinn virðulegi þingmaður ekki getað bent á neitt það, er betur mætti fara. Hvað loksins snertir óvissu þá, er honum þókti vera á 15 rbda verðinu, þá er það auðsætt, að vogrek þau, sem miðuð eru við þetta takmark, gánga undir eins undir krúnuna, ef þau nema meira verði, og virðist mèr þetta ekki þurfa frekari útskýríngar við. Í tilliti til strandaðs fjár er fresturinn annars ákveðinn til 2. ára í opnu brèfi 21. apríl 1819.

Ásgeir Einarsson: Vegna þess að þingmaður Gullbríngusýslu mintist á, að tími sá, er nefndin hefði sett, ár og dag, væri of stuttur, þá get eg þess fyrst, að eg held, að allir viti, hvað þessi orð þýða, nefnil. ár og 6 vikur, og þar að auki sá nefndin, að þetta var nógur tími fyrir alla, sem eitthvað mistu á Íslandi, til að koma lýsíngum um alt land, og yrði það þá kunnugt, hver þínglýst vogrek ætti, ef eigandinn væri á landi hèr, en hvað útlend vogrek snertir, þarf hèr ekki um að tala.

Guðmundur Brandsson: Ef allir þeir, sem þiljuskip eiga og sem þó má ske geti mist þau, eru ánægðir með þessa ráðstöfun, þá er eg ekki hræddur um, að hún gjöri mèr skaða; en þar sem orðið hafa skiptar meiníngar um það, hverjum vogrekin ætti að til heyra hèr eptir, hvort heldur landeiganda eða rekamanni, þar sem hinn sami getur ekki verið hvorutveggja, þá vil eg áskilja mèr það breytingaratkvæði, að þar sem svo á stendur, þá eignist vogrekin að helmíngi hvor þeirra, það er að skilja, þar sem lögleg rekarèttindi opinberra stiptana riða ekki í bága við þetta.

Framsögumaður: Þó breytingar-atkvæði þetta við fyrsta álit kynni að sýnast vel til fallið, þá getur það samt ekki átt við, nema þegar óvissa er um, hverjum vogreks-rèttur að lögum bæri.

En að öllu eru þessi úrræði ótiltækileg, þegar eigandinn að öllum vogrekum er viss, svo sem eru kirkjur, opinberar stiptanir og lènsjarðir presta, og væru helmíngaskipti þessi þá öldúngis ránglát. Hvað við víkur ítökum þeim, er bændur eiga fyrir landi annara bænda eigna, þá gjöri eg ráð fyrir, að hlutaðeigendur mundu una því betur, að gefa sjálfir nokkuð eptir af rètti þeim, er þeim í öndverðu löglega ber, og löggjöfin nú ætlar aptur að veita þeim, heldur en að láta löggjöfina sjálfa gjöra þessi skipti.

Jakob Pètursson: Eg hefi heyrt því hreift við umræðu

þessa máls, að það mundi vera sjaldgæft, að bændajarðir ættu reka-ítök fyrir opinberra stiptana jarðeign, og mundu því eigendur þeirra fyrr töldu lítils í missa, þó þeir næðu ekki til réttinda þeirra, sem hið konúnglega frumvarp, er nú er verið að ræða, veitir þeim til vogreka framvegis. En þó eg sé ekki víða kunnugur, hefir eg þó heyrt, að bænda-eignirnar Hafrafellstúnga í Axarfirði og Ás í Kelduhverfi ættu rekaparta, sú fyrr nefnda fyrir Skinnastaða kirkjulandi, en hin fyrir klausturjörð norður á Sléttu.

Á báðum þessum jörðum, Hafrafellstúngu og Ási, hafa staðið kirkjur, sem nú eru af feldar, og munu því ekki geta helgað eigendum vogreka-tilkallið á reka-ítökum þessum eptir nú gildandi lögum og venju; væri því þess tilfinnanlegra fyrir eigandann að Ási, að missa af réttindum þeim, sem stjórnin í frumvarpinu vill unna honum og öðrum bændum, sem hann er skuldbundinn til að annast, ábyrgjast og gjalda eptir þau kúgildi, sem hin forna kirkja átti, svo kallaða mötu til prestsins árlega.

Ekki einasta í tilliti þessara jarðeiganda, heldur allra þeirra bænda, sem ítök eiga fyrir annara landi, læt eg það í ljósi, að eg aðhyllist frumvarpsins 1. grein óumbreytta, og mun eg á þá leið veita atkvæði mitt á sínum tíma, af því mér finnst hún eingum vanskilníngi undir orpin.

Þar eð ekki fleiri tóku til máls, kvað forseti mál þetta nægilega rædt til undirbúnings.

Að því búnu var upp lesinn og samþyktur nokkur kafli þíngbókar framan af 82. fundi.

Því næst sleit forseti fundi, og bað menn aptur koma á fund klukkan 5½.

---

6. ágúst — þrítugasti og fimti fundur.

Allir á fundi.

Þá var tekið fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt lagafrumvarp um kosníngar til þíngs þess á Íslandi, sem heitið er í konúngsbréfi 23. september 1848.

Forseti: Hinn konúngkjörni varaþíngmaður andlegu stéttarinnar hefir skýrt mér frá, að þau orð, sem hann bar upp sem viðauka-atkvæði við enda 16. greinar, og eru tekin nær því

orðrètt úr 12. grein frumvarpsins, eigi að rèttu lagi heima við enda 17. greinar; get eg þessa í því skyni, að menn taki það til greina, og leiðrètti það í atkvæðaskrám þeim, sem fram eru lagðar, áður til atkvæða-greiðslu kemur.

Mèr sýndist ræður manna seinast um þetta mál vera svo einfaldar, að eg get ekki ætlað þess þörf, að skipta frumvarpinu nú í kafla; þó skal eg svo gjöra, ef einhver þingmanna óskar þess.

Guðmundur Brandsson: Eg fyrir mitt leyti óska þess, að málið sè rædt í köflum, eins og áður, svo menn eigi kost á, að taka einu sinni til orða um hvern kafla.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg verð líka að óska þess, af sömu ástæðu og þingmaðurinn til færði.

Forseti kvað þá svo vera skyldi, og yrði þá hin sama flokkaskipun nú og áður, þegar frumvarpið var rædt til undirbúnings; var svo byrjað að ræða um 1., 2. og 3. grein.

Framsögumaður: Áður en farið er að ræða kaflana, eins og hinn hátt virti forseti nú lagði fyrir, verð eg að leyfa mèr nokkrar aðal-athugasemdir um málið sjálft yfir höfuð og hin mörgu breytingaratkvæði við frumvarpið. Breytingaratkvæði þessi gjör-umsteypa frumvarpinu, þar sem það fer fram tvöföldum kosningum, en þau fara fram einföldum, og einmitt í hina sömu stefnu og frumvarpið, sem þingið hefir áður samið og samþykt; og þar sem þau meir eður minna eru svo að segja orðrètt tekin úr þingsfrumvarpinu, þá fannst nefndinni, sem hefir átt sèrstakan fund með sèr til að yfirvega þetta nákvæmlega á ný, að því síður sè tilefni nè tiltækilegt fyrir þingið, að fallast nú á frumvarp þetta svona lagað til vara, sem breytingunum er þó miður skipað og þær koma nú ver við með konúngsfrumvarpinu, eru til dæmis um þetta margar ákvarðanir, og einkum 16. og 17. gr. Eins og eg þegar ráðgjörði í undirbúnings-umræðunni, hefir nefndin nú vandlega athugað hina nýu breytingar-uppástúngu við 21. grein í stjórnarfrumvarpinu; sú grein yrði svo löguð og að ákvörðuninni til ný frá stofni, og fer öllu öðru fram en konúngsfrumvarpið, og þó einnig öðru en því, sem um þetta efni er í frumvarpi þingsins í 20. og 21. grein þess; en yrði þessi gjörbreytta 21. gr. í stjórnarfrumvarpinu gjörð að vara-uppástúngu við 20. og 21. grein frumvarps þingsins, þá leiðir þar af beinlínis, að 22. og 23. gr. í stjórnarfrumvarpinu, eins og nú er stúngið upp á að breyta

þeim, yrði líka að gjörast að hinu sama vara-atkvæði, því þær greinir í stjórnarfrumvarpinu standa í svo nánu sambandi hvor við aðra, og stefna allar svo beint að hinu sama efni, að annaðhvort verður þær að taka allar eður einga, eins og eg mun leyfa mèr að færa ljósar rök að, þegar kemur að umræðunni um þær greinar sèr í lagi.

Hvað nú við víkur þessum 3 *fyrstu* greinum frumvarpsins, sem nú fyrst eru umtalsefnið að fyrirlagi forseta, þá kemur 1. greinin, þannig breytt, heim við 1. grein í þingsfrumvarpinu, og mun því nefndin ekki hika við að gefa henni svona sèr í lagi atkvæði sitt. Þar í móti getur hún ekki fallizt á 2. gr., einkum sakir breytíngar þeirrar á kjördæmunum í Skaptafellssýslunum, sem þar er farið fram á, en þetta rekur sig beinlínis á ákvarðanina í þingsfrumvarpinu, um að þær sýslur eigi að vera eitt kjördæmi, en skiptast að eins í 2 kjörhluti; er þetta eðlilegra, bæði þegar litið er til kosninga til þjóðfundarins, og svo þess, að þær kosníngar fram fara í raun-inni fyrir land alt; svo rekur þetta sig einnig á þá ákvörðun, sem síðar er stúngið upp á, að kosníngar fari fram á einum degi um land alt, en þetta er þó ekki mögulegt í Skaptafellssýslunum, skiptum í 2 kjörþíng, en þó einn sýslumaður í báðum.

3. greinina vona eg allir verði á að fella, eins og stúngið er upp á af aðal-uppástúngumanninum.

Konúngsfulltrúi: Það er næsta óheppilega ástadt, þegar eg hlýt að taka til orða um það málefni, sem þíngið er búið að ræða til lykta, einkum þar eð kalla má, að þíngmenn hafi svo að segja fyrir fram kveðið upp áfellis-dóm sinn yfir hinu konúnglega frumvarpi, sem hèr að lýtur; eg get því ekki gert ráð fyrir, að orð mín beri mikinn ávöxt, og eg get því ekki talað með þeim áhuga og fjöri, sem eg annars mundi. Þegar mál þetta var rædt hèr til undirbúnings, þókti mèr ekki þörf að taka til máls, bæði af því að málið var áður rædt og þíngmönnum því fullkunnugt, og líka þess vegna, að hinn hátt virti forseti skipaði máls-meðferðinni svo vel niður, og varaþíngmaður hinnar andlegu stèttar hafði borið upp þær breytíngar, sem honum þókti bezt við eiga, að málið gat komið til umræðu í lögskipuðu formi, og að því sèr í lagi fyrir þessara manna tilstuðlun var komið í það horf, að meðferð þess hèr á þínginu gat leidt til þeirra afdrifa, er eg mundi

kosið hafa; það er þar að auki tilgángur undirbúnings-umræðanna, að skýra hugmyndir manna, bæði um málið sjálft og þess atriði, en þess þurfti hèr því síður með, sem málið áður var ítarlega rædt í öllum greinum þess hèr á þingi. Það er einnig nokkuð óhappalegt fyrir mig eptir stöðu minni, að eg þarf að taka einstöku kafla fyrir og binda mig við þá, þar sem mèr þó hefði fallið betur, að ræða öll þess höfuðatriði, sem standa í nánu sambandi hvert við annað, í einu. En eg skal nú fylgja þeirri röð, sem valin er af þinginu, og í þeim köflum, sem forseti hefir skipt málsmeðferðinni, láta í ljósi álit mitt á höfuðatriðum máls þessa, svo þingtíðindin beri það með sèr.

Eg skal þá geta þess, hvað 2. gr. snertir, hvers vegna Skaptafellsýslu er skipt í 2 deildir, að orsökin er sú, að stjórnin ætlaði, að hèr mundi verða um nauman tíma að gera, og gæti því aðalkosningin burtu fallið, þar hún tæki lángan tíma, og yrði ærið umsvifamikil. Eptir alþingistilskipuninni frá 8. marz 1843 átti Skaptafellsýsla að kjósa 1 fulltrúa í tveimur deildum, og bera svo saman atkvæði úr báðum; stjórnin áleit því hentugra, þegar 2 fulltrúa skyldi kjósa, að Skaptafellssýslu yrði skipt í 2 kjörþing. Þar sem talað er um í 3. grein, hve marga fulltrúa skuli kjósa úr hverju kjördæmi, þá vil eg geta þess, að stjórnin vildi ekki skipta landinu í jöfn kjördæmi, hvað innbúatöluna snertir, og þókti bezt fara á því, að sýslur og kjördæmi skyldu standast á; þess hafði heldur ekki verið beðizt, að hèr á yrði gjörð nein breyting; þókti því bezt til fallið, að binda kosningar við sýslu takmörkin, og láta fulltrúatöluna fara sem næst orðið gat fólksfjöldanum í hverri sýslu, þannig, að úr þeim fámennustu væri kosinn einn fulltrúi, úr þeim fjölmennari 2, og þar sem fjölmennast væri 3, og varð ekki komizt jöfnuðinum nær með öðru móti. Hefði nú þingið stúngið upp á, að eitthvert kjördæmi, þar sem litlu munaði, feingi 2 fulltrúa í stað eins, þá efast eg ei um, að stjórnin hefði fallizt á það, en nú hefir þingmönnum þókt betur fara, að kjósa 2 úr hverju kjördæmi án tillits til fólksfjöldans, en mèr getur ekki annað en þókt það nokkuð merkilegt, að í nefndarálitinu er fundið að þeim ójöfnuði, sem sè í lagafrumvarpi stjórnarinnar, en eg ætla, að það liggi í augum uppi, að þingið hafi í frumvarpi sínu sýnt miklu minni jöfnuð, en stjórnin, þegar um fulltrúafjöldann var að gjöra. Það er t. a. m. eins og einhver

maður bygði hús í nokkrum stafgólfum, og væru sum 2 álnir á leingd, en sum 3 álnir; nú skyldi annar maður koma og bregða honum um smíðalýtin á byggíngu hans, en hefði þó sjálfur reist það hús, að stafgólfin væru sum 1 alin á leingd, en sum 5 eða 6 álnir.

Það er að sönnu satt, það sem segir í nefndarálitinu, að hver þíngmaður sè ekki einúngis kosinn fyrir eitt kjördæmi, heldur fyrir alt landið, en hèr er um rètt kjósenda að gjöra, og hann verður svo misjafn eptir frumvarpi þíngsins; þannig hafa má ske 5 eða 6 kjósendur í Vestmannaeyum sama rètt sem 50 kjósendur í Árnessýslu og atkvæði hvers hinna vegur í fulltrúa kosníngunni eins mikið og atkvæði 10—14 kjósenda í Árnessýslu. Annað mál er það, þó menn hafi, ef til vill, ekki feingið á þessu fullkominn jöfnuð, því honum verður ekki á komið, nema öllu landinu væri skipt niður í jafnfjölmenn kjördæmi.

P. Pètursson: Það kom mèr sízt til að hugar, að eg þyrfti að standa upp til að tala á móti hinum heiðraða framsögumanni, því að eg hugði, að breytíngaratkvæðum mínum bæri saman við nefndarálitið, þar eð þau spretta af þeim mismun, sem er á tvöföldum og einföldum kosníngum. Að því leyti er það satt, að þau gjörsteypa konúngsfrumvarpinu, að eg setti inn í það einfaldar kosníngar í stað hinna tvöföldu, en af þessari aðalbreytíngu leiða aptur aðrar breytíngar. Vilji menn nú kalla þetta „að gjörsteypa“, skal eg ekki gjöra skraf úr því; en eg held það sè því síður ástæða fyrir framsögumann, að áfella mig fyrir það, sem nefndarálitið hefir ekki heldur farið mjúklega með konúngsfrumvarpið. Framsögumaður sagði, að það væri komið undir því, hvort þetta frumvarp yrði betra, en frumvarp þíngsins, hvort þíngið gæti fallizt á það, sem varafrumvarp. En þetta er ekki rètt skoðun. Hafi menn sèr það hugfast, að þetta frumvarp á einúngis að vera til vara, og að það beinlínis leiddi af breytíngaraðgjörðum mínum, að eg varð að fara sem næst orðum stjórnarinnar og laga svoleiðis breytíngaratkvæðin, að þau ættu sem bezt við orðaskipunina í stjórnarfrumvarpinu, þá er það auðsèð, að það gat ekki verið áform mitt, þannig að búa til það frumvarp, sem yfir höfuð að tala væri betra en þíngsfrumvarpið, og eg skil ekki í, hvernig framsögumaður getur farið því á flot, að undir þessu sè eingaungu komið, hvernig þíngið eigi að greiða at-

kvæði sín um þetta mál, því eg hefi aldrei ætlazt til þess, að stjórnin tæki þetta frumvarp fram yfir þingsfrumvarpið, heldur hitt, að henni þannig gæfist kostur á að nota eitthvað úr þessu, ef það þækti eiga betur við. Nú hefi eg svoleiðis reynt til að breyta stjórnarfrumvarpinu, að ekkert aðalatriði þess væri mótstríðandi áliti þingsins. Þetta var ætlunarverk mitt; eg ber eingan vegin móti því, að hefði eg haft leingri tíma fyrir mèr og mèr hefði þókt það svo sèrlega áríðandi, að koma einhverri óslítandi einíngu inn í frumvarpið, þá hefði mátt gánga betur frá því. Eg hefi líka eptir á orðið var við einstaka ósamstemmur, en þó ei svo, að tilgánginum verði ekki náð, eins eptir sem áður; sú helzta mótsögn mun þó vera sú, að í § 2. er talað um Skaptafellssýslu sem tvö kjördæmi, og aptur seinna, að kosníngar skuli fram fara sama dag um alt land. Þetta kom til af því, að varaforseti tók sèr vara-atkvæði við § 2., en tók það síðan aptur. Við það komst ruglíngur á, og mèr gleymdist að rýmka kosníngartímann, þar sem hann er til tekinn í § 17. En eg vona, að vilji þíngið ekki gjöra þetta að kappsmáli, muni það leyfa, að við megi bæta, t. a. m. „að svo miklu leyti þessu verður við komið“. Seinna skal eg geta um, hvernig viðauka-atkvæðið við § 17. hefir óvart misskrifazt við § 16., því eg vil ekki minnast þess hèr, svo eg breyti ekki á móti þíngreglunum.

Konúngsfulltrúi: Eg vil, áður en menn skilja við þennan kafla, leyfa mèr að gera 2 athugasemdir. Hinn háæruverðugi varaþíngmaður, sem borið hefir upp breytíngaratkvæðin við stjórnarfrumvarpið, hefir á meðal annars alstaðar viljað setja orðin „þíng“ og „þíngmaður“, í stað hinna „alþíng“ og „alþíngismaður“, en þetta gerir í sjálfu sèr lítið til; og eg held, að ekki sè ástæða til að koma sèr hjá því að við hafa orðið alþíng um þann fund, sem halda á að ári, og í brèfum þeim, sem eg hef ritað í vetur til stjórnarinnar, hef eg ekki hikað við að brúka þetta orð; að líkindum er þessi hugmynd bygð á orðatiltækjum konúngsúrskurðarins 23. sept. 1848, þar sem segir, að ræða skuli um málefni Íslands „á fundi“ í landinu sjálfu; þetta orðatiltæki er við haft fyrir þá sök, að stjórnin að sönnu hefir ekki viljað binda sig til að leggja málefnið um stjórnartilhögun Íslands fyrir þetta þíng, en þar hún þá ekki vissi, hvað fljótt ríkismálefnunum yfir höfuð yrði komið í rètt horf, vildi hún ei heldur á hinn bóginn binda svo hendur sínar, að

þetta yrði henni ómögulegt, ef það skyldi valda þeim drætti á málefnunum, sem kringumstæðurnar annars ekki út heimtu.

Hin athugasemdin, sem eg vildi gjöra, var við víkjandi tölu þingmanna; stjórnin vildi verða við óskum þjóðarinnar um fjölgun þingmanna, en á hinn bóginn hafa þó margar raddir heyrzt um það, að ekki mætti auka kostnaðinn stórvægilega; þess vegna vildi stjórnin auka þingmannatölu alt að 40, en ekki fara þar fram yfir, og setja kostnaðinn niður, svo þingmenn feingju 2 rbd. fyrir dag hvern, meðan þeir væru á þinginu, því væri þingmönnum fjölgað, en fæðispeningar þó ekki minkaðir, hlaut kostnaðurinn að verða miklu meiri en að undan förnu. Enn fremur vil eg bæta því við, að þó frumvarp þetta eigi einkum að gilda fyrir hinn næsta fund, þá var það þó tilætlun stjórnarinnar, að það skyldi vera grundvöllur kosningarlaga fyrir hin komandi þing; því það virðist þó vera ákjósandi, að þegar eitt verk er unnið, þá sè svo vel frá því geingið, að leingi megi að því búa; það er og auðvitað, að kosningar til þessa fundar þurfti að tryggja á sama hátt, sem til hinna komandi þinga, og búa svo um þessi kosningarlög, að þau inni byndi í sèr sömu vissu fyrir því, að vel yrði valið, sem hin, er fyrir seinni tíma eiga að standa. Það var og líka gott, að reynslan sýndi, hversu kosningarlög þessi gæfust og í hverjum atriðum helzt þyrfti að breyta þeim, því reynslan er í þessu sem öðru hinn bezti leiðarvísir.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla að minnast á fáein atriði í ræðu ens hátt virta konúngsfulltrúa, og get eg þess þá fyrst, er hann mintist á þingmannatöluna, og sagði, að það væri á móti því, er hann nokkurstaðar vissi til, að þingmenn væru kosnir eptir þeim reglum, að hafa einúngis tillit til kjördæmatölunnar, en ekkert til fólksfjöldans; en þetta þing, sem hann nú horfir á, er þó einmitt kosið eptir þeim reglum, og hann var þó einn af þeim mönnum, sem stakk upp á þessari aðferð, og færði þá ástæðu fyrir því, að þau kjördæmin, sem færri feingu, mundu álíta sig sett hjá, enda hefir verið meiri óánægja hjá þjóðinni út úr öðrum greinum kosningarlaganna, en þessari. Líka gat hann þess, að það væri fáheyrt, hvað rèttur kjósenda í Árnessýslu væri skertur í samanburði við Vestmanneyar, en eg held það sè ekki síður fáheyrt, hvað rèttur Vestmanneya kjördæmis hefir verið skertur, að frá því hefir einginn vorðið kosinn, og veit eg ekki, hvort nokkurt

dæmi er slikt í öllum heimi. Konúngsfulltrúinn mintist á kostnað þann, er flyti af þíngmanna fjöldanum; eg vil ekki bera á móti því, er hann sagði í því tilliti, að umkvartanir hefði heyrzt um það frá þjóðinni, en nú mun hún síður setja hann á sig til þessa einstaka þings, sýna það 2 bænarskrár frá Þorskafjarðar og Þórnesfundum, sem biðja um 3 þíngmenn úr flestum sýslum, að í bænarskránum stendur, „enda viljum vèr ekki spara til þessa einstaka þjóðþings“, og er ekki óliklegt, að fleiri landsbúar sèu likt sinnaðir. Það sem konúngsfulltrúinn mintist á nafnið alþing, fannst mèr á góðum rökum bygt; þegar nafn þetta er skoðað í þess fullri merkíngu, er það svo yfirgripsmikið, að eg held ekkert þíng geti verið svo tignarlegt eða yfirgripsmikið, að nafn þetta geti ekki átt við. Það hefir verið sagt, að þegar Kristján konúngur 8. gaf Íslendíngum *þetta þíng*, hafi það ekki svarað til nafnsins fullkomlega, en þetta sýnist nú ekki standa á miklu.

Guðmundur Brandsson: Eg stend nú ekki upp þess vegna, að eg búist við að geta skýrt í nokkru mál þetta, sem búið er að ræða á svo marga vegu; einúngis vildi eg með fáum orðum láta í ljósi sannfæríngu mína, því eptir henni mun eg atkvæði greiða, þegar þeirra verður leitað. Þíngmenn vita, að eg áður á þessu þíngi hef gefið í skyn, að mèr þækti ei sem beztur jöfnuður, að jafnmargir fulltrúar væru kosnir úr hverju kjördæmi, hvort sem þau væru stór eða lítil, og virðist mèr, að í hinu konúnglega frumvarpi sè nokkuð litið til þessa, enda þó það kunni að mega margt að því finna, og ekki til vinnandi nú, að fara að breyta því, sem áður hefir verið gjört í þessu efni. Mèr var nú reyndar ekki alls fyrir laungu borið á brýn, að eg skoðaði þetta atriði ekki frá rèttu sjónarmiði, og af því leiðir þá, að stjórnin hefir orðið skakkeygð í þessu, eins og eg, sem eg ei heldur tek mèr nærri. En hvað sem um þettað er, þá getur svo farið, að eptir kosníngarlagafrumvarpi því, sem hèr hefir verið fyrir skömmu samþykt, að einn maður úr einstaka kjördæmi hafi atkvæðisrètt í móti 10 eða 12 úr öðru, og þyki mèr það ekki sem beztur jöfnuður.

Hvað fulltrúafjöldanum við víkur þá held eg þar geti sannazt hið fornkveðna, að betra sè fylgi, en fjölmenni; enda hefir það verið sagt á þíngi þessu, að höfðatalan gerði ekki alt til, og hygg eg þettað sannmæli vera. Það er annars eptirtektavert, að á embættismanna nefndarfundunum hèrna um árið þóktu

nægja 10 menn til að ræða alþjóðleg málefni, og mun þó byrjunin með það, sem annað, hafa verið torveldust; en núna þykir ekki veita af 46 fulltrúum. Eg get reyndar ímyndað mèr, að málefni þau, sem verða lögð fyrir þjóðfundinn að ári komandi, muni yfirgripsmeiri og vandhugaðri en flest eða jafnvel öll þau, sem áður hafa komið til umræðu á þessu þingi; en eg ímynda mèr einnig, að þau verði ekki allra meðfæri.

Eg þykist nú vita, að bæði þjóðin og þingið þakki þeim heiðursmönnum, sem mest og bezt hafa starfað að kosningarlögunum, enda er auðvitað, að eingir þingmanna hafa skoðað mál þetta frá eins mörgum hliðum og rakið það eins út í allar æsar, og eg efast ekki um, að allir játi, að þeir muni hafa lagt alhuga stundun á, að lög þessi mætti verða sem bezt úr garði gjörð. En ekki fæ eg að því gjört, að mèr detta nú í hug orð þau, er hinn heiðraði varaforseti mælti, þegar átti að fara að kjósa í nefnd þá, sem undir bjó og samdi kosningarlaga frumvarpið. Hann sagði nefnilega, að hann gæti ekki ætlað nokkra sál svo eintrjáningslega á þingi þessu, eða svo fast bundna við eigin skoðanir og álit, að hún léti ekki seinna sveigjast til, ef hið konúnglega frumvarp sýndi fram á annað betra; þingmaðurinn úr Strandasýslu gat hins sama til, hvað nefndina snerti; eg segi nú eingan veginn, að hið konúnglega frumvarp hafi yfir höfuð að tala sýnt fram á annað betra, en hitt frumvarpið rèði til, eg er ekki fær að dæma þar um, en einúngis vildi eg með þessum fáu orðum gefa þingmönnum í skyn, hverjar greinir þess eg helzt hefði viljað aðhyllast.

Nú tók einginn til máls; var þá 4. gr. tekin til umræðu.

Framsögumaður: Eg skal fara þeim mun færri orðum um þessa 4. gr., er nú kemur til umræðu, sem upp á því er beinlínis stúngið, að hún falli í burtu; en þó nokkrir fari nú að ræða með og móti tvöföldum kosningum, þá mun eg eingu svara því, að svo miklu leyti sem það efni er áður út rædt og ályktan tekin um það af þinginu, og ætla eg allir hljóti að vera á mínu máli um það, að umræður þar um sè óþarfar og eigi ekki við framar, heldur að eins um það, sem þetta frumvarp fer fram á og svo breytingaratkvæðin, sem upp eru borin.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg viti, eins og eg áður sagði, að orðum mínum verði hèr lítill gaumur gefinn í þessu efni, verð eg samt að láta þingtíðindin bera með sèr nokkur

orð frá mèr um það, hvert sè álit mitt á einföldum og tvöföldum kosníngum. Allir, sem um kosníngar og þjóðþíng hafa talað, eru á einu máli um það, að lands og lýða heill sè komin undir viturleik þjóðfundanna, en þetta sè aptur komið undir því, að kosníngar til þeirra takist vel, og þetta getur því að eins átt sèr stað, að þær sèu í höndum hinna hyggnustu manna; hafa menn því hjá öllum þjóðum hugsað upp hitt og þetta til að tryggja kosníngarnar með, t. a. m. tvær málstofur, æðri og lægri, sumstaðar bundið kosníngar við vissa kjörkosti, er kjósendur skyldu hafa, og sumstaðar aðhyllzt tvöfaldar kosníngar, og þannig valið hina hyggnustu og beztu menn úr tölu allra kjósenda til að velja þjóðfulltrúana. Eg get því ekki álitið annað, en að þíngmenn hafi lagt út í töluverða tvísýnu, þar sem þeir hafa viljað koma á almennum atkvæðarètti, og borið fyrir sig, að þannig hafi það verið í Danmörku, þegar kosið var til ríkisfundarins. Það er að vísu satt, að almennur atkvæðarèttur hefir gilt í Danmörku, en eg vil þó benda þíngmönnum til þess, að þessi lög í Danmörku, sem lètu kosníngar vera einfaldar, voru samin á þeim tíma, þegar mestar voru hreifingar í norðurálfunni, til þess að vekja sem minnsta óánægju hjá þjóðinni. Stjórnin gjörði ráð fyrir, að of mikil hreifing mundi verða, ef á ríkisfundinum sætu einúngis þeir menn, er kosnir væru með almennum atkvæðarètti; við þessu voru því reistar tvær skorður, og var önnur sú, að konúngur sjálfur kaus fjórða partinn af öllum ríkisfundarmönnum; hin önnur skorðan var sú, að fulltrúaefni byðu sig fram, því það þókti mjög ólíklegt, að aðrir mundu gjöra það en mentaðir menn, enda mundu ekki aðrir geta rædt um almenn málefni fyrir kjósendum; en að því leyti sem mèr er kunnugt frumvarp þíngsins, þá er hinnar síðari skorðunnar öldúngis ekki getið, heldur einúngis hins, að konúngur skuli kjósa 6 menn, og er það að tiltölu miklu minna, en tala þeirra, sem hann kaus til ríkisfundarins sèr í lagi eptir frumvarpi þíngsins.

Þegar dæma á um einhvern hlut, hvað góður hann sè til frambúðar, og hvað mikið sè á hann að ætla, þá mun það jafnan bezt, að líta til reynslunnar og veraldarsögunnar; þegar vèr nú þannig lítum til almenns kosníngarrèttar, þá hefir hann aldrei vel gefizt; almennur kosníngarèttur er hvergi, það eg veit, nú sem stendur, nema í Frakklandi, en óvíst er, hversu vel hann gefst þar, eða hvað leingi hann helzt, og þó svo

kynni að vera, þá er það ekki að þakka almennum kosníngarètti, heldur öllu fremur ótta þeim, sem hinum bezta hluta þjóðarinnar stendur af hinum svo nefndu sameignarmönnum *(communistum og socialistum)*, sem hætt er við að umsteypi öllum þjóðlegum fèlagskap, er á rèttum grundvallarreglum er bygður. Þess má einnig gæta, að hvað sem annars að Frökkum má finna, þá eru þeir að Einglendíngum einum undan teknum komnir leingra á veg í meðferð alþjóðlegra málefna, og hafa betra lag á að ræða þau, en allar aðrar þjóðir í Norðurálfu, og opt heyrast í málstofum Frakka þær ræður, sem stjórnvitríngar annara Norðurálfu þjóða mega dáðzt að og geta lært mikið af. Einnig var valið til þjóðfundarins í Frakkafurðu eptir almennum atkvæðarètti, en kunnugra er, en frá þurfi að segja, hverju fundur þessi hefir á orkað, hve ófimlegar í mörgum greinum voru aðgjörðir hans, og hvaða afdrif hann hefir feingið að lyktum. En til þess að völdin komist ekki í hendur á hinum lakari hluta þjóðarinnar, hafa menn síðan allstaðar bundið atkvæðarèttinn nokkrum skorðum, og annaðhvort tekið upp tvöfaldar kosníngar eða bundið kosníngarèttinn við vissar tekjur eða útgjöld til fèlagsins; þannig er því og varið í Danmörku, að til hinnar neðri málstofunnar eða þjóðþíngsins er kosið eptir einföldum og almennum atkvæðarètti, en til hinnar efri málstofunnar (eða landþíngsins) eru kosníngar tvöfaldar, og þá eina má kjósa, sem annaðhvort hafa 1200 dala vissar tekjur eða 200 dala útsvar í skatta um árið, og má því ráð fyrir gera, að þeir sèu jafnframt ríkir og mentaðir menn, sem ekki vilja ráða þjóðinni til annars en þess, sem henni er fyrir beztu og haldið getur málefnum hennar í rèttu horfi. Þegar stjórnin var að hugsa um kosníngarlög fyrir Ísland, gat hún ekki hugsað sèr neitt hentara, en tvöfaldar kosníngar, en að binda kosníngarètt við kjörkosti, þókti ekki tiltækilegt, því annaðhvort varð að setja kjörkostina svo lága, að þeir væru í sjálfum sèr svo gott sem þýðíngarlausir, og gerðu kosníngarnar í eingu tryggari, ellegar þá að hafa þá svo háa, að margir annars vel hæfir menn yrðu þar við úti lokaðir. En ef kosníngar eru tvöfaldar, þá lenda þær á endanum í höndum hinna beztu manna, því í hverri sveit mundu þeir verða kosnir til kjörmanna, sem líklegastir þæktu, en hitt er undir mikilli heppni komið, hvernig einfaldar kosníngar takist. Án þess í nokkurn máta að vilja rýra alþýðumenn vora, verður þó ekki

á móti því borið, að mikill fjöldi þeirra er fremur einfaldur og talhlýðinn, þegar um vandamál er að gjöra, og þar um hafa fáir þeirra ljósar hugmyndir, og er þá alt undir því komið, hverjir þeir menn eru, sem gjörast oddvitar alþýðunnar, og leiða hana í alþjóðlegum efnum, og tekst þá vel, ef þeir eru ætið góðir menn; en nú vita menn, að opt gefa þeir sig ekki fram, sem hæfastir eru mennirnir, heldur ber hitt optar að, að einstöku menn, sem eru kappsmenn miklir, og vilja hafa eitthvað framgeingt, gángast fyrir, og ráða mestu um kosningarnar.

Margir skynsamir menn hèr í landi hafa verið á tvöföldum kosníngum, og skil eg því ekkert í, hvernig þjóðin hefir á svo stuttum tíma breytt áliti sínu í því efni. Norðmenn, sem á svo margan hátt eru oss líkastir Íslendíngum, hafa haft tvöfaldar kosníngar síðan árið 1814, og eru þær þó þar að auki nokkrum kjörkostum bundnar, og þó hafa Norðmenn ekki viljað hafa skipti á þeim og einföldum kosníngum. Í fornöld voru kosníngar hèr á landi eingan veginn í höndum allrar alþýðu, og vottar þó lögrètta hin forna hyggindi forfeðra vorra, og mundi hver Íslendíngur óska þess, að hin komandi þíng líktust henni í ráðdeild og framsýni. Það er kunnugt, að í fornöld var landinu skipt í goðorð; hinir gömlu goðar voru 39 að tölu, en þeir juku flokk sinn með 9 mönnum er tekið höfðu upp ný goðorð, þegar hin fornu voru klofin, svo þeir urðu alls 48; síðan kusu þessir menn hver 2 menn sèr til ráðaneytis. Þessir 144 menn sem áttu lögrèttusetu auk lögmanns og biskupa sömdu mörg ágæt lög handa þjóðinni, voru því þannig öndverðlega kosnir af fáum mönnum, en eingan veginn af allri alþýðu, og ef þá hefði tekizt eins vel að haga stjórninni eður framkvæmdarvaldinu í landinu, eins og löggjafarmálefninu var vel skipað, þá mundi fríveldið má ske leingur hafa staðið. Eg ætla því, að þíngið hefði ekki gjört óforsjállega í því, þó það hefði látið kosníngar vera að eins í höndum beztu og skynsömustu manna, en sleppa þeim ekki svo að segja takmarkalausum í hendur allri alþýðu. Eg vildi ekki láta þessi orð ótöluð, þó eg, eins og eg áður sagði, sjái það fyrir, að þau fái lítla áheyrn hjá þínginu; en eg verð að játa, að eg get ekki feingið mèr geð til, eins og nú er á stadt, að tala eins um þetta mál, eins og eg að öðrum kosti mundi hafa gjört, sem nú þegar er búið að út kljá með atkvæðafjölda.

Ásgeir Einarsson: Það var von, að sá hátt virti konúngsfulltrúi vildi láta það sjást í þingtíðindunum, að hann hefði ekki þagað með öllu í þessu máli, þegar litið er til stöðu hans hèr á þinginu; en eins og hann vill að líkindum, að stjórnin sjái tillögur sínar, er líklegt, að þingið vilji, að þjóðin og enda stjórnin sjái svör þess. En af því mèr virðast þingmenn svo tregir til að standa upp, hefi eg ímyndað mèr, að þingið vildi ekki kosta meiru til að svara upp á frumvarp þetta, en lítilsvirtum bónda úr fólkfáu kjördæmi, og þess vegna ætla eg nú að fara fáeinum orðum um nokkur atriði í ræðu ens hátt virta konúngsfulltrúa. Hann gat þess fyrst, að sá almennilegi kosníngarrèttur, óbundinn við fjáreign, hefði hvergi haft stað, nema í Frankaríki, en hèr á landi væri um svo litla fjáreign að gjöra, að stjórnin hefði orðið að binda kosníngarrèttinn við tvöfaldar kosníngar. En hvað lipurlega þetta band er lagt á, sjá allir heilvitamenn, þegar 15 menn eiga að kjósa einn kjörmann, og gæti svo farið í mörgum hreppum, að einúngis einn maður yrði kjörmaður, en sumstaðar enginn. Eg vil nú spyrja: er ekki þetta viðbjóður öllum Íslendíngum, já allri veröldinni, sem veit af nokkru frelsi að segja? Eg er viss um, að varla einn kjörmaður hefði orðið kosinn með þessari aðferð; og hvað hefði leidt af því? Þetta var æði mikill munur, eða ef kjósendur hefði ekki þurft nema 5 til að kjósa hvern kjörmann, eins og þingið hafði áður stúngið upp á á ófrelsistímunum, til að fá frjálsara kjörgeingi. Konúngsfulltrúinn gat þess, að hreifingarnar, sem víða hefðu verið í fyrra, mundu hafa styrkt að því, að Danir hefðu feingið svo frjáls kosníngarlög, en af þessu þykir mèr mega ráða, að stjórnin hafi haft beig af þjóðinni. Þetta getum við Íslendíngar nú ekki gjört, en líkindi eru þó til, að frelsisfrèttirnar hafi vakið einhvern áhuga hjá þjóðinni, hafi hèr á landi verið rèttnefndar „æsíngar". Eg hefi það traust til rèttsýni stjórnarinnar, að hún líti á rèttindi vor Íslendínga fyrir það, þó vèr hvorki viljum nè getum náð þeim nema með góðu, og það því heldur, sem þingíð hefir nú leitazt við að sýna þá miðlun, sem það gat, eptir því sem á öllu stóð af stjórnarinnar hálfu.

En hvort óhætt væri að sleppa jafnfrjálsum kosníngum við Íslendínga og Dani, veit eg ekki, þó segja sumir, að bændur á Íslandi muni ekki vera það lakar að sèr en í Danmörku, að þeir mundu þurfa að hafa svo mjög mikið ófrjálsari kosníng-

arlög þess vegna, enda eru margir embættismenn á Íslandi, sem nokkuð kynnu að geta ráðið við, að leiðbeina einfeldníngum, og yrðu líka kosnir á það um talaða þíng, þegar menn bæru traust til þeirra.

Konúngsfulltrúinn gat þess, að 2 skorður hefðu verið reistar við kosníngarfrelsið í Danmörku, sú önnur, að konúngur hefði kosið ¼ part þíngmanna, en önnur hefði verið framboð þíngmanna. Hvað þeirri fyrri við víkur, þá hefði ekki verið hægt að koma því við á Íslandi, að konúngur kysi svo marga, því hann er Íslendíngum ekki eins kunnugur og Dönum, enda mun sumum þykja 30 ára aldurinn nokkuð band á kosníngarlögunum, og datt þínginu ekki í hug, að það þyrfti að vera meira band á þeim í þessari grein, hèr en í Danmörku. En hvað framboðinu við víkur, þá er nú stúngið upp á nokkurs konar framboði hèr á þíngi með breytíngaratkvæði, og eru líkindi til, að það fái samþykki þíngsins. Það sem konúngsfulltrúinn mintist á ríkisfundinn í tvennu lagi og nokkuð af honum með tvöföldum kosníngum, bundnum við fjáreign, þá mun hann meina til þess eptir komandi ríkisfundar, en ekki þess, sem var haldinn í vetur, því hann var ekki í tvennu lagi; en eg get þess, að Íslendíngar skoða fund þann eða þíng, sem beðið er um að ári komanda, öðruvísi en það þíng, er þeir ætla þeim áminnzta fundi að mynda fyrir eptirkomandi tíma. Konúngsfulltrúinn gat þess, að um einfaldar og tvöfaldar kosníngar hefðu verið deildar meiníngar á Íslandi; þetta veit eg til að satt er, það var því merkilegt hvað þjóðin hefir fljótt fallizt á einfaldar kosníngar, þegar hún heyrði frelsisfrèttirnar úr öðrum löndum, og einkum kosníngarlög Dana. Hvað því við víkur, að nokkrir sèu ánægðir með þær tvöföldu kosníngar, er þeir hafa, þá get eg ekki dæmt um þetta með fullri vissu, þó sumir haldi, að þeir sèu ekki sem ánægðastir með kosníngarlög þessi, en vilji ekki breyta þeim vegna fastheldni við stjórnarskrána, í hverri þeir munu óttast að breyta nokkru, enda smá-atriðum, svo ekki gefist færi á, að raska aðalákvörðun hennar. Mèr þykir nú von, þó sá hátt virti konúngsfulltrúi stríði fyrir tvöföldum kosníngum, bæði í tilliti til stjórnarinnar, sem býður okkur það frumvarp, sem upp á þeim stíngur, og svo í tilliti til sjálfs síns, þar hann hefir svo mikið haft fyrir þeim um lángan tíma, enda tínir hann nú alt til, sem hægt er, þegar hann fer að minnast á

kosníngar goðanna til ens forna þíngs. Eg ætla nú ekki að fara að útlista þessar kosníngar, því þær eru svo kunnugar þjóðinni, og getur hún dæmt um það, hvað vel þær mundu eiga við þá tíma, sem nú eru; eg vil samt benda til þess, hvernig mönnum mundi geðjast að því nú, eða þykja frjálslegt, að sýslumenn einir kysu alþíngismenn nú á tímum. Því verður ekki neitað, að stjórn Íslands var mjög hrósverð, meðan frelsistímarnir stóðu, þegar hún var borin saman við annara landa stjórn á þeim tímum, en goða-valdið mun ekki hafa átt minnstan þátt í því, að margir urðu að lifa í ófrelsi, enda gat konúngsfulltrúinn, sem var á alþíngi 1845, þess, að stjórnarlögun þessi hefði hlotið að hafa í sèr fólgna rót sinnar eyðileggíngar.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg ætli, að ekki þurfi að svara því, er þíngmaður sá mælti, sem nú settist, vil eg geta þess, að þar sem hann skírskotaði til ræðu konúngsfulltrúans á alþíngi árið 1845, þá lutu þau orð í ræðu konúngsfulltrúa, er þíngmaðurinn benti til, ekki til lögrèttunnar, heldur til hins forna framkvæmdarvalds hèr á landi. Það er heldur ekki, hvað framkvæmdarvaldið snertir, að vitnandi er til hinna fornu tíma eða fornu löggjafar. Eg vildi einúngis sýna, þegar eg benti til lögrèttunnar, að það eina hefði átt sèr lángan aldur, sem bygt hefði verið á því, að kosníngar og löggjöf hefði verið í höndum hinna hyggnustu og beztu manna. Það má taka til dæmis aðra þjóð í fornöld, sem leingi lifði við mikla frægð, Rómverjana, hjá þeim rèði bæði aldur og efni mjög miklu til kosníngar, en alþýðan tók lítinn þátt í þess konar þjóðmálefnum.

Guðmundur Brandsson: Frá því eg fór að hafa nokkurt skynbragð á kosníngum til fulltrúaþínga og ýmislegri aðferð þeirra, hefir mig jafnan stuggað við tvöföldu kosníngunum, því mèr virðast þær svo ófrjálslegar og óviðfeldnar, og að þær gángi mjög nærri því, að kjósendur kjörmanna hefðu eingan eða mjög skertan kosníngarrètt, þar sem kjörmennirnir ættu að hugsa og tala fyrir þá við fulltrúavalið; mèr virðist það vera svipað því, þegar höfuðprestarnir einir máttu bera fram fórnir og biðjast fyrir í því allra helgasta, en lýðurinn varð að standa lángt frá og biðjast fyrir áleingdar. Þar sem þíngmaður Strandasýslu sagði áðan, að með þessari kosníngaaðferð gæti svo farið, að sumir hreppsbúar gætu eingan kjörmann kosið úr sín-

um flokki, þá verð eg að játa, að hann hefir öldúngis satt að mæla, því eg þekki einn hrepp, hvar ei munu finnast 15 menn, sem kosníngarrètt hafa, og svo getur verið um fleiri hreppa. Eg þarf því síður að vera margorður um þettað, sem þíngmenn vita, hverja skoðun eg hefi áður haft á þessu, og er hún enn hin sama, enda ætla eg líka að greiða atkvæði eptir henni, þegar til þess kemur. Að tvöfaldar kosníngar aptri of bráðum hreifíngum, fæ eg ekki skilið, því eg ætla reynslan sanni, að öll bönd á eðlilegu frelsi flýti þeim heldur en fresti.

Framsögumaður: Það er áður ítarlega rædt um þetta atriði, og einkum er það skýrlega tekið fram af þíngsins hálfu í bænarskrá þess til konúngs, hve yfirgnæfandi og mikilvægar ástæður að nú mæli með einföldum kosníngum til þjóðfundarins; og því vil eg ekki framar þar um tala. En af því hinn hátt virti konúngsfulltrúi tók svo skýrt fram ástæðurnar fyrir skoðun stjórnarinnar á málinu, þá finnst mèr vert, að einhver lýsi því, hvernig þjóðin hlýtur að líta á þessa skoðun og ákvörðun stjórnarinnar, því eins og hún hèr kemur fram, þá er hún og verður næsta óskiljanleg. Það er og verður óskiljanlegt, því stjórnin vill binda svo tvöfaldar kosníngar og þraungva þeim, að frumkjósendur skuli vera 30 ára, og að eins fimtándi hver þeirra skuli mega verða kjörmaður; það má þó vera í augum uppi, að með þeirri kosníngar aðferð yrði mjög margir hreppar hèr á landi, sem ekki mætti kjósa nema 1 kjörmann, t. d. annaðhvort prestinn eða hreppstjórann eða sættanefndarmanninn, en engan veginn 2 þeirra eður alla, en þeir eru þó sannarlega allir færir um að vera kjörmenn yfir höfuð að tala, og er því með þessu gjört of lítið úr alþýðu vorri. Er og þessi þraungvan nú því fráleitari, ef eg svo mætti segja, sem skoðunin á öllu slíku er orðin frjálslegri í sjálfri Danmörku, og hefir ekki getað annað en náð hingað út til vor, einkum þegar þess er gætt, að á meðan menn voru hèr, sumir hverjir, að biðja um tvöfaldar kosníngar, af því menn gátu þá ekki vænzt að fá rýmri kosníngarlög á annan veg, þá fóru þó mjög fáir því fram, að fleiri en 10 kysi 1 kjörmann, en einginn fram á minna, nè hærri aldur, en að frumkjósendur væri 25 ára. Eg hygg auðsætt, að eingi ástæða sè til, að gjöra jafnlítið úr alþýðu vorri, og gjört er með þessari uppástúngu, nè að ætla, að hún standi svo mjög á baki alþýðu í öðrum löndum, að

þörf sè, fremur hèr en annarstaðar, að binda svo mjög tvöfaldar kosníngar.

Konúngsfulltrúi: Eg vil geta þess, að eg þekki ekkert land, og eingin þau kosníngarlög, þar sem eins margir sèu kjörmenn að tiltölu við kjósendur, eins og hér er gefinn kostur á í frumvarpi stjórnarinnar. Eg veit ekki til, að í nokkrum kosníngarlögum sèu færri en 50 menn, sem kjósa 1 kjörmann, og mig minnir, að í Danmörku sè gjört ráð fyrir, að þurfi að meðaltali 100 manns til þess að kjósa 1 kjörmann.

Framsögumaður: En þess ber þá aptur að gæta, að ekkert land er til eins strjálbygt, og eins fáment eptir stærð sinni, eins og Ísland er.

Þar eð einginn tók framar til máls, kvað forseti grein þessa fullrædda; og voru síðan 5. og 6. grein teknar til umræðu.

Forseti: Eg vil geta þess, áður en geingið er til atkvæða um þessar greinir, að í 5. gr. er bætt við nýum staflið *g*; þetta breytíngaratkvæði man eg ekki til að uppástúngumaður bæri upp við undirbúníngsumræðuna, og verður því ekki leitað atkvæða um það, fyr en þíngið hefir gefið samþykki sitt til þess.

Framsögumaður: Eptir því sem hinn heiðraði aðal-uppástúngumaður hefir viljað breyta 5. gr., þá yrði hún nú í mörgu tilliti samhljóða við 4. gr. í þíngsfrumvarpinu. Ákvörðunin um aldurinn er samhljóða því, sem þíngið hefir stúngið upp á áður, og á vel við, þegar um einfaldar kosníngar er að ræða. Staflíðurinn *b* í konúngsfrumvarpinu, sem á að haldast óbreyttur, er ekki eins fullkominn og staflíðurinn *a* í frumvarpi þíngsins; einkum fannst nefndinni það skýlausara, þar sem í þessu frumvarpi er tekið svo til orða í niðurlagi staflíðarins: „alsýkn sakar“, en aptur er að eins í stjórnarfrumvarpinu „sýkn sakar“, og getur því nefndin ekki fallizt á þenna staflið, þar sem hún ætlar, að þetta megi og til þeirra manna ná, sem dæmdir eru að eins fríir við *„frekari ákærur“* sækjandans, en þá eru þeir þó ekki óræmdir með öllu. Nefndinni fannst einnig, að staflíðurinn *c* vera styttri og greinilegri í þíngsfrumvarpinu, er þar með þessum fáu orðum: „að hann sè ekki sviptur forráðum fjár síns á nokkurn hátt“, tekið út yfir alt það, sem með fleiri orðum er sagt í frumvarpi stjórnarinnar undir staflíðnum *c*. Uppástúngan nýa í stað staflíðarins *d* í stjórnar-

frumvarpinu er öldúngis samhljóða staflíðnum *e* í þíngsfrumvarpinu, og mun því nefndin greiða atkvæði með þeirri uppástúngu sèr í lagi. Staflíðurinn *e* í konúngsfrumvarpinu vill uppástúngumaður sè óbreyttur, er ákvörðun sú miklu ófullkomnari, en hin fyrri undir staflíðnum *d* í þíngsfrumvarpinu, því eptir því sem stafl. *e* hèr hljóðar, má hver sá kjósa og verða kosinn, sem hefir verið sannur sveitarómagi í 10 ár að undan förnu eður leingur, ef hann að eins hefir ekki þegið af sveit hið síðasta ár, og getur því nefndin eingan veginn fallizt á þetta. Staflíðurinn *f* kemur að miklu leyti heim við staflíðinn *g* í þíngsfrumvarpinu; eg ætla, að fáir Íslendíngar meðal alþýðu skilji, hvað það sè *að hafa landsrètt;* eg ætla, að allir Íslendíngar hafi hann, og hèr þurfi ekki annað að á kveða, en að allir, sem kjósa megi, skuli vera Danakonúngi þegnlega háðir, eins og í þíngsfrumvarpinu er á kveðið. Staflíðurinn *g*, sem nú er bætt inn í, þó ekki sè upp á honum stúngið í undirbúníngsumræðunni, og nú er farið fram á að gángi samt til atkvæða þíngsins, hljóðar orðrètt eins og staflíðurinn *f* í frumvarpi þíngsins, og verður því líklega samþyktur, ef til atkvæða kemur.

Nefndin hefir ekkert sèrlegt að athuga við 6. gr., eins og nú er stúngið upp á að henni verði breytt, og mun hún því hljóta atkvæði nefndarinnar, þar hún þannig verður samhljóða að mestu við 5. gr. í frumvarpi þíngsins.

P. Pètursson: Eg hefi ekki svo mörgu hèr til að svara; þó vil eg geta þess, er framsögumaður sagði um *b,* að þetta væri ógreinilegar orðað í stjórnarfrumvarpinu, en í frumvarpi þíngsins; á þetta þori eg ekki að fella neinn úrskurð, enda lèt eg það halda sèr óbreyttu í stjórnarfrumvarpinu, er mundi geta samþýðzt þíngsfrumvarpinu, og áleit eg aungan þessara staflíða stríða gegn því; en eg er ekki svo vel að mèr í lagamálinu, að eg viti, hvort sýkn saka er = *alsýkn*, eða geti verið = frí við frekari ákærur rèttvísinnar; en sè því svo varið, þá er þessi ákvörðun óbundnari og frjálslegri í stjórnarframvarpinu; en það ætla eg, að margur kunni sá að vera góður dreingur, sem einhvern tíma hefir orðið að borga málskostnað. Hvað *c* snertir, þá er þessi ákvörðun frjálsari í stjórnarfrumvarpinu, og þar er minna heimtað, því „að borga til sveitar“ og „þiggja ekki af sveit“ er ekki hið sama, því þeir eru til, einkum á meðal þurrabúðar-manna, sem bjargast upp á sínar eigin spít-

ur, án þess þeim sè gjört útsvar til sveitar eða þeir þiggi af sveit. Eg skil því ekki, hvernig svo frjálslunduð nefnd getur verið mótfallin þessum kafla stjórnarfrumvarpsins, sem rýmkar svo mjög, en þó ekki um of, kosníngarrètt og kjörgeingi, og þóktist eg hafa veidt heppilega, þegar eg las þessar greinir og gat haldið þeim óbreyttum.

Framsögumaður: Nefndin vildi að vísu bæði fyrri og nú vera frjálsleg í uppástúngum sínum, en hún vildi, að þær jafnframt væri skynsamlegar og á rökum bygðar; hún vildi t. a. m. ekki stínga upp á neinu því, hvar af það leiddi beinlínis, að bæði sannarlegir sveitar-ómagar og eins þeir, sem ekki væru alsýknir, og alt svo ekki með öllu óræmdir, mætti verða kosnir á þjóðfundinn og eiga þar setu, eða þá kjósa til hans. En nefndinni fannst, þó kosníngarrèttur og kjörgeingi væri látið svo frjálst, sem verða mætti, þá riði þó mjög svo á, að hvorugt væri svo óbundið, að af því gæti leidt minkun eða vandræði; því enn heiðraði uppástúngumaður verður vel að muna eptir því, að hver sá, sem á rètt á að kjósa, má líka verða kosinn og eiga setu á þjóðfundinum.

Varaforseti: Þar sem hèr hefir sagt verið, að stjórnarfrumvarpið sè frjálsara, en þjóðar-frumvarpið, hvað kosníngarrèttinn áhrærir, þá verð eg að gjöra þá athugasemd, að í 5. gr. staflið *c* er þrotabú út lagt fyrir oss með orðunum Fallitbo og Opbudsbo; ef nú útskýríng þessi væri rètt, þá er stjórnar frumvarpið, sem frjálslyndara er kallað, þó þreingra en þíngsfrumvarpið, því allir vita það, að sá kann að bjóða upp bú sitt til skuldalúkníngа, sem þó á miklu meira, en til fullra skuldalúkníngа út heimtist.

Konúngsfulltrúi: Eg verð þó að geta þess, að sá, sem gefur upp bú sitt, er ei leingur ráðandi fjár síns.

Ásgeir Einarsson: Það er gleðilegt að heyra þess getið, að stjórnin sè frjálslyndari, hvað kosníngarlögin snertir, en þíngið; má því leiða þá ályktun af þessu, að þar sem hún er ófrjálslynd í skoðun sinni, muni það vera sprottið af ókunnugleika hennar á landinu, en ekki viljaleysi, og mega menn því fremur vona, að hún fallist á ena frjálslegu skoðun þíngsins.

Þar eð einginn tók framar til máls, kvað forseti þessar greinir fullræddar, og voru síðan 7. til 21. gr., teknar til umræðu.

Framsögumaður: Að svo miklu leyti sem upp á því er stúngið, að 11.—15. gr. falli úr, þá er nefndin því að vísu samdóma, en á eingar hinar greinarnar í þessum kafla getur nefndin fallizt, hvorki þær breyttu nè óbreyttu, nema að eins á uppástúngunna við 21. gr. Eg get ekki verið að skýra frá því, hversu nefndin skoðaði hverja eina einstaka af þessum greinum, það mundi valda of mikilli orðaleingingu. Yfir höfuð fannst nefndinni breytingarnar hvergi bæta úr því, sem á kveðið var í frumvarpi þingsins, en víða heldur spilla að skipulaginu til og fyrirkomulagi ákvarðananna, en aptur þær sumar vera mjög aðgæzluverðar. Svo er um 9. gr.; nefndinni finnst, að hún geti ekki átt sèr stað með neinu móti, og að hún ein sè í rauninni nóg til þess, að gjöra þetta breytta frumvarp óhafandi. Beri t. a. m. út af því, sem þó allir sjá að vel getur að borið, að kosníngarlögin komi ekki hingað með póstskipinu, þá er auðsætt, að því, sem skipað er í þessari grein, verður aldrei komið við, vegna þess hvað tíminn er naumur, og þess annars, sem þegar er tekið fram í álitsskjali nefndarinnar. Fyrir þessi afskipti sýslumannsins er bert, að fullum mánuði þarf fram yfir að verja, frá því kjörskrárnar eru búnar og til kjörþings, heldur en þyrfti, ef farið væri að eptir uppástúngunni í þingsfrumvarpinu, og hvað er svo að lokum á unnið með þeirri mánaðartöf, nema ekkert? og furðar mig á því, að glöggskyggni aðaluppástúngumanns skyldi ekki sjá það, því sýslumaðurinn getur þó yfir höfuð ekki leiðrètt þessi verk prests og hreppstjóra (kjörskrárnar sum sè) eptir öðru, en eptir þeim verkum presta og hreppstjóra, er hann hefir í höndum, eptir manntalsskránum og hreppareikníngunum, eins og líka ástæður stjórnarinnar segja.

Í 16. og 17. gr., eins og nú er stúngið upp á að breyta þeim og auka við þær, koma fram ýmsar ákvarðanir, er ættu að vera laungu fyrri í frumvarpinu eptir rèttu og vanalegu skipulagi og niðurröðun í þess konar frumvörpum; einkum mega allir sjá, að 17. gr., eins og hún á nú að vera löguð, er bæði flókin og sundurlaus að ákvörðununum til, og líkt er að segja um hina 16. gr.

Að öllu þessu skoðuðu hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu, að allur þessi greinakafli, sem nú er umtalsefnið, alt *að 21. gr.*, gjörði fremur að spilla en bæta úr því, sem þingið hefir áður fallizt á. Hin nýa uppástúnga við 21. grein

fellst nefndin á að sè tekin sèr, eins og vara-uppástúnga við 20. og 21. gr. í þingsfrumvarpinu, ef það mætti takast; sú uppástúnga fer öllu öðru fram, en konúngsfrumvarpið, og ef stjórnin fyndi eitthvað athugavert við hina fyrri uppástúngu þingsins, og hún líkaði miður, en þessi aptur betur, þá má koma henni vel við, þó hún sè ekki með öllu vankvæðalaus. Af því eg get nú ekki ímyndað mèr annað, en að stjórnarfrumvarpið falli, eins og því er nú breytt, í heilu líki, en margir munu þó heldur vilja, að þessi nýa uppástúnga við 21. gr. sè tekin til vara, þá leyfi eg mèr að skjóta því nú þegar til úrskurðar ens hátt virta forseta, hvort þessi uppástúnga, ásamt enum næstu 2 greinum, eins og nú er farið fram á að breyta þeim, geti ekki komið á eptir til atkvæða sèr í lagi, sem vara-uppástúnga við þingsfrumvarpið, ef stjórnarfrumvarpið sjálft verður felt, eins og því er nú breytt.

Forseti: Eg ítreka það aptur, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna, að þegar frumvarpið verður upp borið sem heild, mun eg bera það upp til atkvæða með því skilyrði, að ef það yrði felt, yrði því næst leitað atkvæða um, hvort þessar greinir einar skyldi verða sendar sem vara-atkvæði þingsins við 20. og 21. grein í frumvarpi því, sem það hefir samþykt.

P. Pètursson: Framsögumaður hefir borið breytíngaratkvæðum mínum svo margt á brýn, að það yrði býsna lángt mál, að svara því öllu, enda vill svo heppilega til, að eg álít þess ekki þurfa. Hann sagði, að þau bættu ekki úr þingsfrumvarpinu, og hefi eg áður tekið það fram, að eg ætlaði mèr ekki að bæta um þingsfrumvarpið, nema ef það væri §§ 20. og 21., heldur vildi eg reyna til að nálgast stjórnina, að því leyti sem þetta haggaði ekki undirstöðu þeirri, sem þingið hefir bygt frumvarp sitt á. En að breytíngaratkvæði mín spilli, þykir mèr heldur hart, og eg á bágt með að sannast á það. Það var ekki fyrirætlan mín, að gjöra stjórnarfrumvarpið að óslítandi ályktana keðju, og eg ætlaðist ekki til, að stjórnin tæki það, eins og það liggur, fyrst það er að eins til vara, heldur það úr því, sem henni þækti betur eiga við. Við víkjandi því, að ruglíngur hafi komizt á efnið við breytínguna, þá skal eg leyfa mèr að sýna, að þessi ásökun er öldúngis ástæðulaus, því framgángsmátinn er að öllu leyti sá sami í frumvörpum stjórnarinnar og þingsins, að þeim greinum undan teknum,

sem hljóða um tvöfaldar kosníngar, og það er í þessu efni aðdáanlegt, hvernig nefndinni hefir tekizt að þræða þá niðurskipun efnisins, sem höfð er í konúngsfrumvarpinu, og svo eg einúngis taki t. d. þenna kafla, sem nú er verið um að tala, þá er:

§ 7 í konúngsfrv.	um samníng kjörskr.	§ 7 í þíngsfrv.	sama	efn.
§§ 8-10	—	— meðferð kjörskr.	§ 8	—	—	—
§§ 11-15	um tvöfaldar kosníngar slept.		—	—	—
§§ 16-17	— kjörstjóra og kjörþíng	§§ 9-15	—	—	—
§§ 18-20	— kosníngaraðferð og samanburð kjörbóka . .	§§ 16-17	—	—	—
		§ 18	um Skaptafellss.		
§§ 21-23	— fulltrúana	§§ 19-21	um sama.		

Viðauka-atkvæðið við § 16. hefir misskrifazt þar, eins og forseti gat um, í stað þess það á að vera við enda § 17.; en § 18. í þíngsfrumvarpinu gat ekki verið til í stjórnarfrumvarpinu, af því það til hagar öðruvísi fulltrúa kosníngunni í Skaptafellssýslu. Eg get því ekki sèð, að nokkur ruglíngur hafi komizt á hjá mèr, heldur sè hinni sömu stefnu og niðurskipun óbreyttri haldið í hvorutveggja frumvarpinu, og bið eg þíngmenn sjálfa að sannfærast um þetta mál. En þó svo væri, að einhver smávegis ósamstemma kynni að vera einhverstaðar, þá get eg ekki verið að ítreka optar tilgáng breytíngaratkvæðanna, og eg er mikið efablandinn um það, að þíngið geti tekið breytíngaratkvæði mín við §§ 21—24, og hrundið öllu öðru, en eg get ekki leidt mèr í grun, að hinu verði hrundið öllu, sem vara-atkvæðum, með því það er öldúngis samhljóða því, sem þíngið hefir áður fallizt á, og það væri þó fráleitt, að hrinda því, sem þíngið hefir í einu hljóði fallizt á fyrir fáum dögum. Þetta getur þó aldrei orðið annað en varafrumvarp, og þá ætti það ekki að vera því til fyrirstöðu, þó það sè ekki eins úr garði gjört að búníngnum til og aðalfrumvarp þíngsins, eða eins vel í alla staði frá því geingið.

Eg ætla ekki að tala neitt um breytíngaratkvæði mitt við § 21.; því eg ætla því að mæla með sèr sjálfu.

Framsögumaður: Mörgu af því, er hinn heiðraði uppástúngumaður nú mælti, og helzt áhrærir málefni þetta yfir höfuð og stjórnarfrumvarpið með breytíngaruppástúngunum, sem heild, ætla eg að geyma mèr að svara, þar til um það ályktarumræðunni lýkur. Eg vil samt enn minnast nokkuð á uppástúnguna við 21. gr. sèr í lagi; hún fer öllu öðru fram, en sjálf

greinin, og er því öldúngis ný; eins er aðferð sú, sem þar er stúngið upp á, með öllu frá bragðin því, sem yrði, ef 20. og 21. gr. í þíngsfrumvarpinu væri löggilt; því vill nefndin fallast á og styðja að því, að þessi nýa uppástúnga sè tekin til vara. En alt um það hefir nefndarmönnum fundizt ýmislegt aðgæzluvert við uppástúngu þessa, og glögt hafa þeir sèð, að henni eru samfara ýmsir annmarkar. Það er fyrst, að þar segir: sèu jöfn atkvæði, *skal aldur ráða:* nú getur kjörstjórnin að vísu vitað um aldur manna, ef þeir eru innan hèraðs, af kjörskránum, ef þeir eru utan hèraðs, af þeim fullgildu skilríkjum, sem uppástúngan leggur fyrir að kjósendur skuli sanna með kjörgeingi þeirra, sem þeir kjósa utan kjördæmis; en vel er það þó mögulegt, að 2 sè kosnir utan hèraðs, og sè þó jafnaldra. Því væri víst betra, að inn í væri bætt þar þessum orðum, „eða að öðrum kosti"; mætti geta þessa í álitsskjalinu. Þar er og nauðsyn að benda til, að yrði þessi vara-uppástúnga tekin fram yfir 20. og 21. gr. í þíngsfrumvarpinu, þá leiddi þar af beinlínis, að breyta yrði einnig sjálfu niðurlaginu 19. gr. hins fyrra frumvarps. Það er og eins tvent, sem er næsta athugavert við uppástúngu þessa, þó hún girði fyrir allar þær sendiferðir og umsvif, sem leiðir af hinni fyrri uppástúngu þíngsins og sem að vísu er mikilsvert um, því hún leggur 2 þau bönd á kjósendur, sem að vísu eru næsta ísjárverð; það er fyrst, að ef kjósa skal utanhèraðsmann, þá hljóta kjósendur, og má það valda ekki alllítilli fyrirhöfn, að út vega sèr „fullgild skilríki" fyrir kjörgeingi hans; hitt er annað bandið, að þegar búið er að út vega slík skilríki um 1 eður 2 menn utan hèraðs, þá eru hinir aðrir kjósendur svo að segja bundnir við að kjósa ena sömu, þó þeir hafi litla þekkíngu eða traust til þeirra; er því hèr gefið nægilegt tækifæri *einstökum mönnum* til að róa undir kosníngar og að fá því ráðið, hverjir kosnir verði utan hèraðs. Það munu nú að vísu helzt verða embættismenn yfir höfuð að tala, sem kosnir verða utan hèraðs, og er því kjörgeingi þeirra auðsönnuð, nema að aldrinum til, en ef það er ekki embættismaður, þá er þó næsta óþægilegt fyrir hann að verða að út vega sèr sjálfum skilríki úr ýmsum hèröðum, er hann hefir áður dvalið í, fyrir því að hann sè ódæmdur eða óræmdur, en fyrri eru þó skilríkin ekki fullgild, hefir slíkt jafnan verið talið óvinsælt og ískyggilegt, að hljóta að út vega sèr staðfestíngu um það, að maður sè *ekki*

þorpari. Eg vildi að eins vekja máls á þessu, til þess að sýna, að margt getur og verið athugavert við uppástúngu þessa að afleiðíngunum til; en eg játa líka, að hún hefir til að bera ýmsa kosti fram yfir uppástúnguna í 20. og 21. gr. þíngsins, og þann þó helztan, sem og mikils er um vert, að með því móti má komast hjá öllum þeim sendiferðum, umsvifum og afskiptum stiptamtmannsins af kosníngunum, sem þó beinlínis mundi leiða af hinni fyrri uppástúngu þíngsins; því hikar nefndin ekki við að gefa þessu atkvæði sín, sem annari varauppástúngu í stað 20. og 21. gr. í þíngsfrumvarpinu, með þeirri breytíngu á niðurlagi 19. gr., sem þá yrði þörf.

Ásgeir Einarsson: Uppástúngumaður má nú ekki standa upp, til að tala fyrir máli sínu, verð eg því að geta þess, með tilliti til þess, sem framsögumaður sagði, að tvö bönd væru lögð á kosníngarnar í þessari grein, að hvað hið fyrra snertir, þá getur það altènd að borið, þó innankjördæmismaður sè, og er óvíst, að á því verði ráðin bót, en hvað það seinna snertir, er ekki mikið óhægra að út vega þau áminnztu skírteini, en vegabrèf.

Framsögumaður: Já, en það er þó öðru máli að gegna um vegabrèfin; þau geta allir feingið, eins ræmdir sem óræmdir, og heitið „verzlega frjálsir“, alt hvað þeir eru ei búnir að bíða hegníngunа, sem dæmd er á þá.

Jakob Pètursson: Ekki get eg ætlað það nokkrum manni, að vera svo ókunnugum í næstu sýslum, að hann kjósi þar *þjófa* og *bófa* til þíngsetu.

Varaforseti: Með tilliti til þess, er áður er sagt, að hið konúnglega frumvarpið, eptir að það nú er sundur tætt og aptur bætt, sè enn óskipulegra, en þíngsfrumvarpið, verð eg að geta þess, að þar sem í þíngsfrumvarpinu strax í 6. gr. er getið kjörstjórnarinnar, sem fyrir skipa á um ritun kjörskránna, en í konúngsfrumvarpinu er kjörstjórnarinnar fyrst getið í hinni 16. gr., eptir að búið er að tala um kjörskrárnar og allar hinar fyrri kosníngar, nefnilega kjörmannanna; og er af þessu auðsætt, að í þessu, eins og svo mörgu öðru, er þíngsfrumvarpinu betur skipað, en hinu konúnglega.

Þar eð enginn tók framar til máls, kvað forseti þessar greinir fullræddar, og voru síðan 22. — 24. grein teknar til umræðu.

Framsögumaður: Ef nú þíngið fellst á hina nýu uppá-

stúngu við 21. gr. til vara, eins og nefndin heldur vill styðja að, þá leiðir þar af, að 22. og 23. gr., eins og nú er stúngið upp á að breyta þeim, fylgi þar með, og komi allar þessar greinir í stað 20. og 21. gr. í þingsfrumvarpinu, eins og eg hefi áður sýnt fram á. Inn í 22. gr. er stúngið upp á að bæta þeim viðauka, „en ef kjörstjóri er sjálfur valinn, gjöra það að eins aðstoðarmenn hans“, er þessi breytíng nauðsynleg og kemur öldúngis heim við samkynja ákvörðun í 21. gr. þingsfrumvarpsins. Sama er að segja um þessa 23. gr., eins og nú er farið fram á að breyta upphafi hennar; því þegar innankjördæmismaður hefir hlotið flest atkvæði, en getur ekki þegið eða vill ekki þiggja kosnínguna, þá er nauðsyn, að hann segi til þess samstundis, ef verður, svo kjósa megi um aptur, sem fyrst, og kemur sú ákvörðun vel við með tilliti til niðurlagsins í 20. gr. þingsfrumvarpsins.

Á 24. gr. getur nefndin ekki fallizt; ákvörðun sú, sem hún inni heldur, ætti að koma miklu fyrri, enda er hún bæði ljóslegar og á hentugri stað tekin fram í þingsfrumvarpinu (sum sè í 11. gr.), en hèr.

P. Pètursson: Eg gleðst af því að heyra, að framsögumaður er mèr þó í einhverju samdóma, nefnil. um §§ 22, 23 og 21. En eg sè ekki, að illa fari á því, að § 24. sè, þar sem hann er í frumvarpinu. Það er stjórnarinnar verk, að til taka þjóðfundardaginn, og þetta geymir hún sèr, þángað til seinast í frumvarpinu, og það er mèr óskiljanlegt, hvers vegna hún þarf að til taka fundardag og fundarstað fyrr í frumvarpinu, en hèr er gjört; stjórnin vill einúngis láta í ljósi, að hún ætli sèr að gjöra þetta, og gildir þá að líkindum einu, hvar hún auglýsir þetta í frumvarpinu, þar sem það haggar ekki reglulegri niðurskipun efnisins. Eptir því er framsögumanni óskiljanlegt, að tveir hlutir sèu jafngóðir, af því þeir standa sinn á hverjum stað; hann hèlt, að þessi grein stæði á hentugri stað í þingsfrumvarpinu; en hann hefir ekki fært ástæður fyrir þessari meiníngu sinni, og það mun heldur ekki vera hægt, því það er eingaungu komið undir tilfinníngu hvers eins.

Framsögumaður: Áður en eg skilst við þessar 3 gr., verð eg að geta þess, að mèr finnst nauðsyn á, að niðurlag eður seinasta klausan í 21. gr. þingsfrumvarpsins haldist, þó sú grein yfir höfuð og hin 20. í því frumvarpi fèlli í burtu, en þessar vara-uppástúngur væri teknar í staðinn; því í þeim

er ekkert, sem bendir til, að fulltrúarnir sanni kosníngu sína, þegar þeir koma á þjóðfundinn, en um þetta hygg eg þó nauðsyn að kosníngarlögin hafi einhverja ákvörðun, og var það í kosníngarlögunum til ríkisdagsins af 7. júlí 1848.

Varaforseti: Í tilliti til þessa kafla frumvarpsins, sem nú hefir verið ræddur, verð eg að minna þingmenn á, að þó ekki sè í þingsfrumvarpinu sjálfu beint á kveðinn sá tími, nær þjóðþingið eigi að byrja, þá hefir þingið fundið sèr skylt, í álitsskjali sínu að biðja stjórnina, að á kveða vissan dag, nær fundurinn eigi að byrja, nefnilega 15. júlí, því menn sáu fram á, að ekki mætti á kveða hann fyrri vegna þess nauma tíma, er yrði til kosníganna, og ekki seinna, vegna veðráttufars, illra vega og annara vandkvæða á Íslandi, þegar hausta fer, og fundarmenn eiga um lángan veg að sækja til heimila sinna. En í konúngsfrumvarpinu er að eins sagt, að konúngur muni á kveða þennan dag; þyrfti þá, ef frumvarp þetta yrði haft til varanna, að taka hið sama fram í álitsskjali því, er þingið mun senda með varafrumvarpi þessu.

Þar eð enginn tók framar til máls, kvað forseti þessar greinir fullræddar, og var síðan 25. grein tekin til umræðu.

Framsögumaður: Eptir hinni nýu uppástúngu við 25. gr., þá verður hún nú samhljóða 22. gr. í þingsfrumvarpinu, og er því ekkert þar við að athuga.

En áður en eg þannig lykta framsögu máls þessa, verð eg að leyfa mèr nokkrar athugasemdir við málið yfir höfuð og tilgáng ens heiðraða uppástúngumanns, að hafa þetta frumvarp svona breytt *til vara* við þingsfrumvarpið, ef stjórninni geðjaðist miður að því, en að þessu. Hin helzta ástæða uppástúngumanns hefir, eptir því sem mèr hefir skilizt, verið sú, að menn ætti að auðsýna stjórninni allan mögulegan sóma, en það gjörði þingið, ef það lagaði, sem mest að mögulegt væri, uppástúngur sínar eptir hugsunarhætti hennar; þetta hefir mèr alt vel skilizt, og eg skal aldrei bera í móti, að yrði þessu komið við með góðu, og svo að lýtalítið væri, þá mætti það vel takast. En eg hygg, að hèr sè nú ekki því máli að gegna. Uppástúngumaður hefir játað sjálfur í dag, það sem satt er, að hinn naumi tími, er hann hafði til að bera upp uppástúngurnar við frumvarpið og koma þeim skipulega fyrir, hafi valdið því, að alt varð ófullkomnara, en skyldi, og ófullkomnara

en þingsfrumvarpið, en einmitt þess vegna, sagði hann, væri líka beðið um það til vara.

Eg fyrir mitt leyti get nú ómögulega séð, að menn sýni stjórninni hinn minnsta sóma með því að biðja hana til vara um það, sem er óskipulegra og ófullkomnara, þó það eigi að heita hennar frumvarp. Það var gott og skipulegt, eins og vant er frá stjórninni, með tvöföldum kosningum, eins og það fór fram, en þegar sömu skipulaginu er haldið, og öllu þó snúið við til einfaldra kosninga, þá gat ekki hjá því farið, að því yrði í mörgu ábótavant. Ef eg nú gæti ætlað stjórnina svo barnalega, ef eg nú mætti svo segja, að henni samt sem áður geðjaðist betur að sínu frumvarpi, svona gjör-umsnúnu, nú, þá gæti eg orðið á máli ens heiðraða uppástúngumanns í þessu; en hvað sem einstakir menn kunna að hafa fyrir sér til að skoða stjórnina þannig, þá álít eg enu heiðraða þingi með öllu óverðugt, og rángt fyrir það, að hafa slíka skoðun eða láta hana í ljósi. Og af því nú hér yfir höfuð að tala ekki er stúngið upp á öðru, en þingið er búið að áður í hinu fyrra frumvarpi, sem þó að vísu er skipulegra og betur fyrir komið, eins og uppástúngumaðurinn játaði sjálfur, þá sé eg ekki, að stjórninni sé neinn sómi sýndur, að biðja til vara um hið lakara. Eg álít bæði henni og þinginu sé mestur sóminn að því, að biðja einúngis um hið betra.

Eg get ómögulega séð, að stjórnin geti haft öðruvísi skoðun á þessu, né að hún álíti það neina fastheldni um of við það, sem áður er af ráðið, eða eintrjáningskap neinn af þingsins hálfu, þó það ekki biðji um frumvarpið, svona breytt, til vara. Ef ekki er önnur meiníngin með breytíngum þessum, en sú hin sama sem þingið hefir áður fallizt á, ef ekki er nú farið fram á annað eða meira eða betra, til hvers er þá að biðja um þetta sama til vara? En ef það er lakara og óskipulegra, og vér því viljum það síður, þá er með öllu tilgángslaust að biðja um það.

P. Pèturssón: Eg skal fara því færri orðum um þennan kafla frumvarpsins, sem framsögumaður hefir verið mér samdóma um hinar einstöku greinir. Að öðru leyti hefir hann orðið mér næsta erviður, af því hann hefir gjört mér að skyldu, að verja bæði það, sem eg hefi sagt, og eins hitt, sem eg hefi ekki sagt, bæði frumvarpið og breytíngaratkvæðin, og því erviðari, sem hann hefir haft það bragð, að beinast fyrst ein-

úngis uð breytíngaratkvæðunum, og þá, eptir að eg var seztur niður, að frumvarpinu og sambandi þess við breytíngaratkvæðin, þar eð hann vissi, að eg við þessa ályktunarumræðu málsins mátti ekki standa optar en einu sinni upp til að tala um hvern kafla þess. Það er því ekki furða, þó ræða hans kunni að hafa meiri áhrif á þíngmenn, en mín orð, því heldur sem breytíngaratkvæði mín eru á stángli, og þess vegna ekki svo auðvelt í fljótu bragði að sjá samband þeirra. Eg kannast ekki við, að frágángurinn á þessu frumvarpi geti orðið þínginu til nokkurrar óvirðíngar, þó það verði sent sem varafrumvarp, þó því, ef til vill, sé ekki eins skipulega fyrir komið og aðalfrumvarpi þíngsins. Mikill munur getur verið á því, hve skipulega hverju einu er komið fyrir, án þess það þó þar fyrir þurfi að vera óskipulegt; og misvönduð störf geta komið frá þjóðfundum, og þó verið þeim öll til sóma, því ekki má eingaungu líta á verkið sjálft, og hvernig það er unnið, nema líka sè litið til tilgángs og afleiðínga þess; og þetta leit eg á, og hèlt, að við ættum að fara svona að því, þó við gætum ekki þokað oss nær stjórninni í undirstöðu kosníngarlaganna. Á þessu hugði eg bezt fara, að við í hinum atriðunum, sem miklu minna reið á, að minnsta kosti leituðumst við að nálgast stjórnina og frumvarp hennar, fá henni það síðan með öllum breytíngunum, og segja: við gátum ekki meira gjört! hèrna er það! við höfum sýnt alla þá viðleitni, sem kostur var á, til að samþýða skoðunarmáta stjórnarinnar og þíngsins í þessu áríðanda málefni; sýnið þið okkur nú aðra eins sanngirni, þegar okkur ríður sem mest á. Þegar menn búa þannig í haginn fyrir sig, gefa þeir stjórninni nýa hvöt til að breyta mannúðlega við sig, ekki af því að stjórnin sè svo hègómleg, að hún hafi meiri mætur á þessu frumvarpi svona breyttu fyrir það, að það áður var stjórnarfrumvarp, heldur af því að hún sèr þá merki þess, að okkur hefir ekki baggað viljaleysi í því, að við fórum ekki í þá átt, sem hún hafði bent okkur á. Stjórnin getur ekki bundið sannfæríngu neins manns, en hún getur krafizt virðíngar, og hún er þar í fólgin, að við gætum kurteysi og fylgjum þíngsköpum, og það gjörum við á þennan hátt.

Varaforseti: Þá er nú loks málefni þetta að líkindum út rædt, og höfum vèr nú fyrir augunum bæði frumvörpin, þíngsins og konúngsins, liggjandi hvort við hlið annars. Hinn virðuglegi konúngkjörni varaþíngmaður andlegu stèttarinnar

hefir haft mikla fyrirhöfn fyrir að berja í brestina á konúngsfrumvarpinu, og hefir hann borið alt það fram, sem bætt gæti galla þess. Kannast hann við, sem öllum líka er auðsætt, að allar hefir hann bæturnar tekið úr þingsfrumvarpinu. Á konúngsfrumvarpinu er nú ekkert leingur heilt, heldur er það alt sundur rifið og tætt, og nú á það að heita kurteysi af þinginu, bæði í tilliti til stjórnarinnar og sjálfs sín, að bjóða stjórninni frumvarp þetta aptur þannig meðhöndlað. Eg má nú jata, að mèr virðist þetta fremur kurteysisbrestur, og sè ekki, hver huggun stjórninni getur verið í, að fá frumvarp sitt, þannig meðhöndlað, sèr endursent til vara; því allir vita, að eingin grein er leingur í því óhreifð, nema þær tvær, sem uppástúngan við 21. gr. hefir frelsað; og það er þessi uppástúnga ein, sem mèr virðist þingið eigi að taka og hafa sem vara-uppástúngu til frumvarps síns. En þetta er nú alt undir atkvæðagreiðslu þingsins komið, og því einu mun eg gefa atkvæði mitt; það finnst mèr kurteysi, en hitt kurteysisbrestur.

Konúngsfulltrúi: Eg óttast þó, að það sè gagnstætt rèttum þingsköpum, að senda hina 21. grein eina sèrstaka, sem vara-atkvæði. Það verður þó rèttara, að forminu til, sem hinn háæruverðugi varaþingmaður hefir stúngið upp á, að aðhyllast frumvarp stjórnarinnar með þeim breytíngum, sem hann hefir gjört á því, þá getur hin 21. gr. komið þar með, því ein sèr getur hún ekki heitið ein heild, og sem vara-atkvæði þingsins við annað frumvarp, öldúngis fráleitt því sem hèr ræðir um, getur hún heldur ekki komið fram eptir rèttum þingskapa reglum.

Framsögumaður: Eg get þó eingan veginn, heldur en forseti lèt á sèr skilja áðan, sèð, að það geti í neinu verið í móti rèttu formi, að greidd verði atkvæði um þessar uppástúngur sèr til vara, ef frumvarpið alt verður felt, en eg skil þó ekki, að annað geti orðið upp á, eptir því sem það er nú undir búið. Það eru að eins fáar greinir, sem með breytíngunum eru öldúngis samhljóða þingsfrumvarpinu, t. d. 1. gr., að nokkru leyti 5. gr, 6. gr. og 25. gr.; eg sè ekki, að þíngmenn geti gefið neinum öðrum greinum atkvæði sín, og nefndin getur það öldúngis ekki, og þá finnst mèr það liggja beint við, að frumvarpið hljóti alt að falla. Eg held annars, að hinn heiðraði uppástúngumaður líti nokkuð á annan veg á málið, en vera ber, eða þó að minnsta kosti öðruvísi, en eg; mèr

skildist ekki betur, en hann hèldi, að ef frumvarpið væri felt í heilu lagi, þá yrði ekkert álitsskjal ritað um málið til konúngs, en þetta verður eins, hvort heldur frumvarpið verður felt eður samþykt. En af álitsskjalinu sèr stjórnin fyrst og fremst rök fyrir því, að þingið hefir enn ekki getað fallizt á tvöfaldar kosníngar, og að allir hljóti að verða á því, að einfaldar kosníngar eigi hèr betur við, þrátt fyrir ástæður stjórnarinnar fyrir hinu gagnstæða; stjórnin sèr enn fremur, að við það hefir verið leitazt á allan veg, að samríma ákvarðanirnar fyrir einföldum kosníngum við stjórnarfrumvarpið; hefir enn heiðraði uppástúngumaður með öllum breytíngaratkvæðum sínum í þessa stefnu skýrt svo málið og gefið tilefni til svo ítarlegrar umræðu um það, að stjórnin má nú ganga úr skugga um, að þessi aðferðin var heldur ekki tiltækileg, og að ekki varð með því móti komizt að betra en því, sem þingið var búið að af ráða áður með hinu fyrra kosníngarlaga frumvarpi sínu. Þannig hljóta að koma fram af hendi þingsins skýlausar og órækar ástæður, hvernig sem atkvæðagreiðslan vendist um frumvarpið í heilu líki, og eins þó það falli; en eg segi enn sem fyrri, og eg legg þíngmönnum það á hjarta, áður til atkvæða kemur: eg sè ekki það sè rètt af þínginu, ef það samþykkir frumvarpið alt. 9. gr. ein er því t. a. m. til nógrar fyrirstöðu, að það verði brúkað, að því verði komið við til kosninga, ef lögin koma ekki út fyrri en með vorskipum næsta ár, hún ein getur þá orðið því til beinnar fyrirstöðu, að þjóðfundurinn komist á næsta ár; fleiri greinir eru og þær sèrstakar, sem þínginu hlýtur að geðjast miður að og fella, en hinar að eins fáar, sem verði samþyktar og eigi að samþykkja, en þar af leiðir aptur beinlínis, að frumvarpið alt hlýtur að falla eptir minum skilníngi.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki svo minnzt á 25. grein hins konúnglega frumvarps, að eg ekki um leið líti til fyrstu greinar þess, sem höndlar um fulltrúa fjöldann, og þá verð eg líka að hvarfla huganum til kostnaðar þess, sem þjóðfundurinn að ári mundi hafa í för með sèr, ef farið yrði eptir frumvarpi því, sem ekki alls fyrir laungu var hèr samþykt af meiri hluta þíngmanna. Eg býst við, að einhverjir af alþýðumönnum verði til að bera saman kostnað þann, er frumvörpin, hvort í sínu lagi, sýna fram á, og sjái, að þeim munar æði miklu: því þar sem hið konúnglega frumvarp stíngur upp á

40 fulltrúum og tveggja dala dagpeníngum fyrir hvern þeirra, meðan á fundi stendur, en hitt frumvarpið gerir ráð fyrir 46 mönnum, sem hafi 3 dala borgun daglega, þá gæti svo farið, ef þessir menn ættu mánaðardvöl á fundi, að kostnaðar munurinn yrði alt að 2000 dölum, það er að segja, þegar litið er bæði til fæðispeninga og farareyris. Það er nú eingan veginn meiníng mín, að þeir áminnztu 2 dalir sèu næg borgun daglega fyrir fulltrúa þjóðarinnar, því mèr þækti mjög ísjárvert, ef kaup þeirra væri svo lágt, að þeir þess vegna treystust ekki að koma á fundinn, nema má ske með skaða sínum. Það hefir verið stúngið upp á, að hinn áminnzta kostnað skuli greiða úr jarðabókar-sjóðnum, en verið getur alþýða ímyndi sèr, að það geti skeð svo bezt, að hann verði sjóðnum aptur endurgoldinn, og að þá verði til hennar leitað, líkt og með alþíngiskostnaðinn; hún mun ímynda sèr, og það ekki án orsaka, að svitaholur hennar sèu ekki þær silfurnámur, sem aldrei verði tæmdar.

Þess vegna óska eg, að einhverjir þíngmanna, sem eru þar til færari en eg, vildu gjöra mönnum það skiljanlegt, að eins og jarðabókarsjóðurinn stendur í sambandi við ríkissjóð Dana, svo muni þjóðfundurinn að ári ekki vera svo fyrir Íslendínga, að hann sè það ekki að nokkru leyti fyrir Dani líka, og að það mundi því ekki af vegi, þó þeir tækju þátt í kostnaðinum með okkur. Hafi eg nú ekki rètta skoðun á þessu, vonast eg til þeir leiðrètti mig, sem betur vita, en að öðru leyti um bæti það, er eg nú hefi sagt.

Guttormur Vigfússon: Áður en geingið er til atkvæða í máli þessu, sem nú loksins er þegar komið að, þykir mèr nauðsynlegt, einkum sjálfs míns vegna, að öðlast fullkomna vissu um, hvort breytíngaratkvæðin við 21. greinina í konúnglega frumvarpinu, og greinir þær á eptir, sem standa í sambandi við hana, geti náð til að verða eign þíngsins, þó það fallist á þær einar sèr, sem viðauka og vara-atkvæði þess við 20. og 21. grein í þíngsfrumvarpinu, eður hvort þessi um töluðu breytíngaratkvæði geti samrímzt við kosníngarlaga - málefni þíngsins, sem það er þegar búið að út kljá, án þess að þíngið aðhyllist hin önnur breytíngaratkvæði hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns andlegu stèttarinnar. Því fremur þyki mèr áríðandi að vita þetta fyrir fram, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi hefir nýskeð látið í ljósi meiníng sína um það í mótsetta stefnu; en eg vil eingan veginn missa af þessum

greinum, 21. og henni fylgjandi, þó mèr þyki þær ei vera eins frjálslegar, sem eg hefði óskað: mundi eg ekki hika við, heldur að aðhyllast öll breytíngaratkvæðin til vara, en sleppa af þessum um töluðu, ef á því stæði.

Því skora eg nú á hinn hæst virta forseta, að hann þegar í stað láti fullkomna meiníng sína í ljósi um þetta efni.

Framsögumaður: Eg vil nú að eins bæta því við, að geti það ekki eða megi það ekki gánga til atkvæða sèr í lagi, sem stúngið er upp á við 21. gr., einnig 22. og 23. gr., eins og þeim er nú breytt, svo sem vara-uppástúnga í stað 20. og 21. gr. í þíngsfrumvarpinu, sem mèr þó tókst eptir enum hátt virta forseta að mætti, þá finnst mèr þó ekki þessar uppástúngur hafa svo mikið til síns ágætis eða vera svo lausar við vankvæði, eins og eg sýndi fram á áðan, að eg fyrir þær einar vilji vinna til þess að gefa atkvæði mín fyrir frumvarpinu öllu til samans, og eru nefndarbræður mínir samdóma mèr í því að greiða samt atkvæði í móti því í heilu lagi, þó hitt ekki feingist til vara.

Ásgeir Einarsson: Mig furðar stórlega á þeirri kurteysi þíngsins, að vilja ekki senda frumvarpið, eins og það nú með breytíngunum er orðið, þó þeim kunni að virðast það nokkuð líkt beinagrind. Konúngsfulltrúinn hefir þó verið því meðmæltur, að frumvarpið þannig breytt yrði sent sem varafrumvarp, og verð eg að álíta, að hann sè ekki síst fær til að dæma um, hver aðferð skipulegust sè í þessu efni. Eg get ekki sannfærzt um, að menn eigi að greiða atkvæði móti frumvarpinu, sem varafrumvarpi, nema móti 9. grein.

Fyrir efni því, sem 25. grein frumvarpsins hljóðar um, hef eg opt áður barizt. Eg bar fyrst upp breytíngaratkvæði um það 1847, og urðu þá fá atkvæði fyrir því. Nú hef eg borið sama breytíngaratkvæði tvisvar upp á þessu þíngi. Í fyrra sinni komst það ekki að, þó önnur breytíngaratkvæði líks efnis kæmust það, en í síðara sinn kafnaði það undir uppástúngu nefndarinnar, svo aldrei urðu greidd um það atkvæði. Þess vegna vildi eg ekki nú verða til, að bera upp þetta sama breytíngaratkvæði, fyrst sá, er bar upp breytíngarnar við konúngsfrumvarpið ekki gjörði það, enda er nú ekki nema um einn fund að tala, og ferðakostnaðurinn lækkar nú töluvert eptir uppástúngu þíngsins. En af því eg hafði von um, að nokkrir þíngmenn mundu fallast á breytíngaratkvæð-

ið, yrðu atkvæði um það greidd, vona eg því fremur nú, að síðar komi bænarskrár um það frá þjóðinni, ef henni þykir ekki uppástúngan ósanngjörn.

Eg get ekki svarað ræðu þingmannsins úr Gullbringusýslu; mèr fannst hann bera fyrir, að þjóðin mundi horfa í kostnaðinn til þessa þjóðþings, en eg hef áður leidt rök að því gagnstæða af nokkrum bænarskrám, og eg verð að vona, að þjóðinni þyki svo mikils um vert með þennan fund, að hún ekki vilji í þetta sinn láta það sannast, að hún vegi fulltrúa sína móti silfri, eins og einn þingmanna hefir að orði komizt, eða láta brígzla sèr um það, að hún vilji ekki gefa fáein fiskvirði fyrir frelsi sitt.

Forseti: Af því að nokkrir af hinum virðulegu þingmönnum hafa skorað á mig, skal eg enn fara nokkrum orðum um fáein atriði, sem snerta meðferð þessa máls, einkum að forminu til. Sumir hafa sagt, að ef tekið yrði frumvarp þetta, sem varafrumvarp, og samþykt þannig með breytingum þeim, sem upp á hefir verið stúngið, þá yrði niðurskipun þess í ýmsum greinum töluvert ábótavant. En eptir því sem hèr stendur á, virðist mèr þetta ekki ísjárvert. Ef þing þetta hefði fult löggjafarvald, þá er það sjálfsagt, að öll niðurröðun, og jafnvel orðaskipanin sjálf, verður að vera svo fullkomin, þegar lagafrumvörp fara úr þingsins hendi, að það mætti óbreytt koma í lagaboðið. En nú er þing þetta ráðgjafarþing, og meðan svo er, sè eg ekki betur, en að þessu megi haga eins og hingað til, því aldrei hefir það verið heimtað, það eg veit, hvorki á ráðgjafarþingum Dana nè á alþingi hèr, að allar uppástúngur skuli vera bornar upp svo beinar, að setja megi þær óbreyttar inn í frumvörpin; stjórnin hefir ekki heimtað annað, en að þingin benti skýrt á þau atriði, sem þeim þækti athugaverð. Þegar þessa er gáð, þá getur það alls ekki verið ísjárvert, að fallast á frumvarpið sem varafrumvarp, fyrir þá sök, þó gallar væri á fyrirkomulagi þess eða niðurskipun, því stjórninni væri ekki hamlað að bæta úr þess konar göllum.

Annað atriði er það, hvort þingið geti fallizt á einstakar greinir frumvarpsins, og sent þær sem varagreinir, þó það felli frumvarpið að öðru leyti. En eg ætla þetta leyfilegt, og byggi eg það á þeim skoðunarmáta, sem eg hefi áður lýst fyrir þinginu, og eingan heyrt mótmæla að rèttur mundi vera, og það er, að frumvarpið allt sè ræðt sem varafrumvarp; mèr

virðist þar af leiða beinlínis, að þingið geti samþykt það af frumvarpinu, sem það vill, og því þykir bezt við eiga, og getur þingið, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, hæglega séð, hvort það er þá orðið svo lagað, sem það vildi, því það verður lesið upp í lok atkvæðagreiðslunnar. En þó eg segi það, að eg ætli þingið eiga rètt á að senda þannig einstakar greinir til vara, þá vil eg hins vegar benda til þess, að mèr þykir sú aðferð ólaglegri en hin, að taka alt frumvarpið sem varafrumvarp. Samt sem áður finnst mèr ekki, að eg, sem forseti, hafi neina ástæðu til að neita nefndinni um, að þessar einstöku greinir komi til atkvæða sèr í lagi sem varauppástúnga, þar eð nefndin hefir hreift þessu þegar í undirbúningsumræðu málsins, en hinu ræður þingið, hvort því þykir ráð að fallast á greinirnar og senda þær einar stjórninni, eða ekki. Af þessum athugasemdum hygg eg skoðunarmáta minn í þessu efni ljósan.

En eg verð enn fremur að geta þess, að eg hefi feingið „viðauka-uppástúngu“ frá framsögumanni, nefndarinnar vegna, sem fer fram á, „að staðfest eptirrit af frumvarpi þingsins til kosningarlaganna verði sent með álitsskjalinu til konúngs og til þess í því skirskotað“. Mèr virðist ekki ráðlegt að fara eptir þessari uppástúngu, því það getur þó líklega ekki verið meiningin, að senda skuli stjórninni staðfest eptirrit, heldur en frumritið sjálft, en þegar frumritið verður sent með málinu, sem sjálfsagt er, þá sýnist ekki nauðsyn á að senda eptirritið með í sömu ferðinni. Eg vil því skjóta því til hins virðulega framsögumanns og nefndarinnar, hvort hún vill ekki taka þessa viðauka-uppástúngu aptur.

Framsögumaður: Nefndin varð þó að skoða hið fyrra frumvarp þingsins og alla meðhöndlun þess sem öldúngis sèrstakt mál, og að það því eingan veginn gæti orðið sem fylgiskjöl með þessu máli. En af því nú er stúngið upp á breytíngum við það til vara, og ekki verður komizt hjá að skírskota til þess í álitsskjali þessa máls, þá varð nefndin að álíta nauðsynlegt, að eptirrit fylgdi af þingsfrumvarpinu; með því var rituð sèrstök bænarskrá, því er það í öllu tilliti mál út af fyrir sig, og verður þess vegna ekki rèttilega teingt við þetta. Eg þykist því ekki þurfa að svara enum hátt virta forseta mörgu til þess, sem hann sagði um, að það gæti jafnvel verið hættulegt að fallast á þessa uppástúngu nefndarinnar; eg

sè einga minnstu hættu af því búna, en eg hygg auðsætt, að það sè bæði rètt í forminu, og gagnlegt; að vísu biðjum vèr um þetta, sem þingið nú fellst á, að eins til vara, ef þingsfrumvarpið, eða að svo miklu leyti sem það næði ekki samþykki stjórnarinnar, og er eg í þessu á máli forseta, því þetta (við 21. gr.) er spáný uppástúnga, og nái hún atkvæðum til vara, þá óskar nefndin ekki meira.

Forseti: Það er misskilníngur, að skoða þetta mál sem nýtt mál. Þetta þíng er nú hið sama, og það þíng, sem sett var 2. júlí þessa árs, og því er auðsætt, að kosníngarlögin verður að álíta eitt mál, og svo mun stjórnin eflaust gjöra. Eg hefi nú þegar byrjað að láta skrifa upp úr þíngbókinni það, sem fram hefir farið í þessu máli, og konúngsfulltrúinn hefir lýst því yfir, að hann ætli að taka við því, eins og öllum þeim málum, sem frá þínginu koma, frá því það var sett. Kosníngarlögin ætlast eg til að geti orðið send til Danmerkur með fyrstu ferð, og þá í einni heild alt það, sem í málinu hefir fram farið á þessu þíngi. Stjórnin getur heldur varla gjört neitt við málið, fyr en hún sèr það alt saman frá upphafi til enda. Framsögumaður hefir því ekki með neinum rökum sýnt, að uppástúnga þessi sè nauðsynleg, og verð eg því að skjóta því til hans, að bera sig saman við samnefndarmenn sína, hvort ekki mundi rèttast að taka hana aptur.

Framsögumaður: Eg er í eingum vafa um það, að stjórnin muni sameina bæði málin, og taka þau í sameiníngu til yfirvegunar, og eg skil það vel, að frá þínginu muni þau verða send bæði undir eins; þannig eru bæði málin í rauninni eitt og sama mál, þegar þau eru skoðuð frá stjórnarinnar sjónarmiði; en aptur frá þíngsins sjónarmiði eru þau 2 sèrstök mál: í hvort fyrir sig er kosin nefnd sèr í lagi, og þau eru útrædd hvort um sig á lögskipaðan hátt, og greidd um þau atkvæði, og rituð með því fyrra bænarskrá, eins og nú verður ritað álitsskjal með hinu síðara; því verð eg að vera fastur á því, að frá þíngsins hálfu sè það rèttara, að láta eptirrit af þíngsfrumvarpinu fyrra fylgja álitsskjalinu í þessu máli, því þau eru öldúngis sèrstök, og verð eg að biðja, að um það sè leitað atkvæða þíngmanna.

Forseti: Það verður heldur ekki rètt frá sjónarmiði þíngsins að skoða kosníngarlögin í tvennu lagi, eins og tvö sèrstök mál; því ef þíngið sjálft hefði álitið svo, hefði það ekki

fallizt á, að hafa við þá varameðferð á málinu, sem nú hefir verið gjört. Að öðru leyti get eg ekki séð, að neitt gagn sé að því, að senda bæði frumrit og eptirrit í sama máli, þó eg að vísu játi, að þetta séu þeir smámunir, sem ekki er vert að eyða mörgum orðum að.

Því næst var geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. grein.

1. Breytíngaratkvæði P. Pèturssonar: að fyrir orðin „í þíngi því“ verði sett: „á þjóðfundi þeim“ — samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.
2. Breyt. atkv. ens sama: að talan „40“ verði gjörð að „46“, samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.
3. Breyt. atkv. ens sama: að talan „34“ verði gjörð að „40“ — samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.
4. Öll fyrsta grein með breytíngum samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.

2. grein.

5. Breytíngaratkvæði P. Pèturssonar: að í stað orðanna „einn eða fleiri alþíngismenn eptir stærð sinni og fólksfjölda“ verði sett: „tvo þíngmenn hvert“ — samþykt með 21 atkvæði gegn 3.
6. Öll önnur grein með breytíngu — samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

3. grein

7. Breytíngaratkvæði P. Pèturasonar, að grein þessari verði slept — samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.

4. grein.

8. Breytíngaratkvæði ens sama, að grein þessari verði slept — samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.

5. grein.

9. Breytíngaratkvæði P. Pèturssonar, að stafliðurinn *d* verði þannig orðaður: „að líka megi sá kjósa, sem öðrum er háður, ef hann veitir heimili forstöðu, sömuleiðis ef hann er mentaður maður og út skrifaður úr skóla, og eins allir verzlunarfulltrúar“ — samþykt í einu hljóði, og var með því fallinn stafliðurinn *d* í frumvarpinu.
10. Breytíngaratkvæði ens sama: að bætt verði aptan við greinina nýum staflið *g*, svo látandi: „að hann hafi verið heimilisfastur í kjördæminu að minnsta kosti eitt ár“, var

leyft að koma mætti til atkvæða með 21 atkvæði gegn 3, og síðan samþykt með 22 atkvæðum gegn 2.

Því næst skyldi leita atkvæða um alla 5. grein með breytingum, en þar eð nokkrir af þingmönnum æsktu, að leitað yrði atkvæða um hvern af hinum stafliðunum sèr í lagi, var það gjört, og var

11. Stafliðurinn *a* samþyktur með 21 atkvæði gegn 3.
12. Stafliðurinn *b* sömuleiðis með 15 atkvæðum gegn. 9.
13. Stafliðurinn *c* sömuleiðis með 14 atkvæðum gegn 10.
14. Stafliðuriun *e* feldur með 13 atkvæðum gegn 11.
15. Stafliðurinn *f* samþyktur með 14 atkvæðum gegn 10.
16. Því næst var geingið til atkvæða um alla 5. grein með þeim breytingum, sem á voru ordnar, og samþyktu 12 atkvæði greinina; en þar eð þá taldist svo til, að jöfn atkvæði væri með og móti, var leitað atkvæða þeirra, sem væri móti greininni, og stódu upp 11 móti henni. Forsetinn áleit því greinina samþykta með 12 atkvæðum gegn 11; en þar eð nokkrum þókti atkvæðagreiðslan efasöm, og krófðust, að allir þingmenn yrði kallaðir til atkvæða með nöfnum, og enginn mótmælti því, þá leyfði forsetinn þessa atkvæðagreiðslu, og skyldu þeir játa, sem væri samþykkir greininni, en hinir neita. Atkvæðin fèllu þá 12 með, en 12 móti þannig:

já	nei.
Þorvaldur Sivertsen.	Þ. Sveinbjörnsson
Jón Samsonsson.	J. Johnsen.
Helgi Helgason.	Jón Guðmundsson.
Kr. Magnusen	Þórður Guðmundsson.
Árni Helgason.	Guðmundur Brandsson
H. G. Thordersen.	Kr. Kristjánsson.
R. M. Ólsen.	Guttormur Vigfússon.
Sigurður Brynjólfsson.	Hannes Stephensen.
P. Pètursson.	J. Thorstensen.
Jakob Pètursson.	Eyólfur Einarsson.
Jón Þórðarson.	Steffán Jónsson.
Ásgeir Einarsson.	Jón Jónsson.

Johnsen og Jón Guðmundsson heimtuðu úrskurð forsetans um, hvort greinin væri fallin eður eigi, og áleit hann greinina ekki fallna.

6. grein.

17. Breytingaratkvæði P. Pèturssonar: að í stað orðanna „al-

þingismanns eða kjörmanns“ verði sett „þingmanns“ — samþykt í einu hljóði.

18. Breytingaratkvæði ens sama: að í stað orðanna: „þó er hver fullveðja maður kjörgeingur fyrir aldurs sakir“ verði sett: „þó er hver maður kjörgeingur fyrir aldurs sakir, þegar hann hefir fimm um tvítugt“ — samþykt í einu hljóði.

19. Viðauka-atkvæði ens sama: að bætt verði við enda greinarinnar þessum orðum: „eptir þeim reglum, er síðar segir“ — samþykt með 17 atkvæðum gegn 7.

20. Öll greinin með þessum breytingum samþykt með 17 atkvæðum gegn 7.

7. grein.

21. Þessi grein samþykt óbreytt með 18 atkvæðum gegn 6.

8. grein.

22. Breytingaratkvæði P. Péturssonar: að bætt verði inn í eptir orðin „staða þeirra“ orðinu „aldur“ — samþykt með 17 atkvæðum gegn 7.

9. grein.

23. Þessi grein var sett til atkvæða óbreytt, og feld með 18 atkvæðum gegn 6.

10. grein.

24. Breytingaratkvæði P. Péturssonar: að í stað orðanna: „4 vikum fyrir manntalsþing“ í enda greinarinnar, verði sett: „að minnsta kosti 14 dögum áður en kjörþing er haldið“ — samþykt með 18 atkvæðum gegn 6.

25. Greinin öll með breytingum — samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

11. grein.

26. Breytingaratkvæði P. Péturssonar: að grein þessi verði úr feld — samþykt með 22 atkvæðum gegn 2.

12. grein.

27. Breytingaratkvæði P. Péturssonar: að grein þessi verði feld úr á þessum stað (með því skilyrði, að síðara kafla hennar megi bæta við 17. grein) — samþykt með 18 atkvæðum gegn 6.

13. grein.

28. Breytingaratkvæði ens sama, að grein þessi verði úr feld — samþykt með 18 atkvæðum gegn 6.

14. grein.

29. Breytíngaratkvæði ens sama, að grein þessi verði úr feld — samþykt með 17 atkvæðum gegn 7.

15. grein.

30. Breytíngaratkvæði ens sama, að grein þessi verði úr feld — samþykt með 19 atkvæðum gegn 5.

16. grein.

31. Grein þessi óbreytt samþykt með 17 atkvæðum gegn 7.

17. grein.

32. Viðauka-atkvæði P. Pèturssonar, að sett yrði eptir orðin „um alt land“ í breytíngaratkvæði hans þessi orð: „að svo miklu leyti því verður við komið“ var nú fyrst upp borið, og var leitað atkvæða þíngmanna um, hvort við því skyldi taka, og samþyktu það 20 atkvæði gegn 4, að það yrði sett til atkvæða í hinu næsta breytíngaratkvæði, sem upp var borið um fyrsta kafla greinarinnar.

33. Breytíngaratkvæði ens sama: að fyrsti kafli greinarinnar verði þannig orðaður: „kjörþíng skal halda sama dag um alt land, að svo miklu leyti því verður við komið, og skal bæarfógetinn í Reykjavík og sýslumenn, hver í sínu kjördæmi, stefna kjósendum til fundar, að minnsta kosti 8 dögum á undan“, *á þeim stöðum &c.* — samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

34. Viðauka-atkvæði ens sama, að skotið verði inn í, eptir fyrsta kafla greinarinnar: „En þíngdag þenna munum vèr síðar til taka, um leið og vèr boðum fulltrúana til fundarins“ — samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

35. Viðauka-atkvæði ens sama, að bætt verði aptan við greinina þessum kafla (sbr. 12. gr.): „Áður en kosníng byrjar, skal kjörstjóri skora á þá, sem annaðhvort haldi, að þeim sè ófyrirsynju slept í kjörskránum, eða aðrir sèu þar ránglega settir, að þeir beri fram mótmæli sín, sem áður skulu vera brèflega gjörð, og birt kjörstjóra að minnsta kosti 3 dögum fyrir kjörþíng, tekur hann við mótmælabrèfunum, og skal kjörstjórnin þegar skera úr og lagfæra þar eptir kjörskrárnar“ — samþykt með 14 atkvæðum gegn 10.

36. Greinin öll með breytíngum — samþykt með 14 atkvæðum gegn 10.

18. grein.

37. Grein þessi óbreytt — samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

19. grein.

38. Breytingaratkvæði P. Þórðarsonar: að í stað orðanna, „Hver kjörmaður kýs svo marga menn, sem kjósa á alþingismenn fyrir kjörþingið“, verði sett: „Hver kjósandi kýs tvo menn fyrir kjörþingið“ — samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

39. Breytingaratkvæði ens sama, að slept verði þessu í enda greinarinnar: „og skal að öðru leyti fara eptir niðurlagi 13. greinar“ — samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

40. greinin öll með breytingum — samþykt með 15 atkvæðum gegn 9.

20. grein.

41. Greinin óbreytt samþykt með 17 atkvæðum gegn 7.

21. grein.

42. Breytingaratkvæði P. Þórðarsonar, að grein þessi verði úr feld, en í stað hennar komi grein, þannig orðuð: „Þeir tveir, sem hafa feingið flest atkvæði, skulu vera fulltrúar kjördæmisins. Fái fleiri en þessir jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða. Ekki má velja neinn utan kjördæmis, nema einhver kjósenda á kjörfundinum geti með fullum skilríkjum sannað fyrir kjörstjórninni kjörgeingi og aldur hans, og að hann takist kosninguna á hendur“ — samþykt í einu hljóði.

22. grein.

43. Viðauka-atkvæði P. Þórðarsonar, að bætt verði inn í greinina eptir orðin, „rita þar undir nöfn sín“, þessari grein: „En sé kjörstjóri sjálfur valinn, gjöra það að eins aðstoðarmenn hans“ — samþykt í einu hljóði.

44. Greinin öll, með breytingu, samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.

23. grein.

45. Breytingaratkvæði P. Þórðarsonar, að í stað orðanna, „Hver maður er skyldur til“, í upphafi greinarinnar, verði sett: „Hver innankjördæmismaður er skyldur til“ o. s. frv., samþykt í einu hljóði.

46. Breytingaratkvæði ens sama, að seinasti kafli greinarinnar: „En vér væntum þess — o. s. frv. — brýn nauðsyn beri til“, verði úr feldur — samþykt með 23 atkvæðum gegn 1.

47. Greinin öll með breytingum — samþykt í einu hljóði.

24. grein.

48. greinin óbreytt samþykt með 16 atkvæðum gegn 8.

25. grein.

49. Breytingaratkvæði P. Péturssonar, að grein þessi verði þannig orðuð, í stað þess, er í frumvarpinu stendur: „þingmenn fá fæðispeninga 3 rbd. hvern dag, meðan þeir eru á þingi, og eins þá daga fyrir og eptir þing, sem dvöl þeirra er nauðsynleg þingstarfa vegna. En á meðan þeir ferðast til þings, og af því heim til sín aptur, fái hver þeirra í fæðiskaup og ferðakostnað 4 rbd. dag hvern. Þessa borgun skal greiða úr jarðabókarsjóðnum“ — samþykt með 21 atkvæði gegn 3, og var greinin í frumvarpinu þar með álitin fallin.

50. Því næst var leitað atkvæða um breytingar á nokkrum orðatiltækjum í ýmsum greinum frumvarpsins:

í 2. grein seinast, að orðinu „alþingismann“ verði breytt í „þingmann“.

í 6. grein, að í stað orðsins „alþingis“, verði sett „þings“.

í 10. grein, að orðinu „kjörmannsþingunum“ verði breytt í „kjörþingunum“.

í 16. grein, að orðinu „alþingismannanna“, seinastí fyrsta lið, verði breytt í „þingmannanna“.

í 17. grein, að orðinu „alþingismenn“ í enda fyrsta kafla, verði breytt í „þingmenn“; orðinu „kjörbækur“ í „kjörskrár“, og að „(§ 14)“ verði felt úr.

í 19. grein, að í stað orðanna, „kjörmennirnir“ „kjörmanns“ og „kjörmanna“, verði sett: „kjósendur“, „kjósanda“ og „kjósenda“.

í 22. grein, að orðinu „alþingismönnum“ í upphafinu verði breytt í: „þingmönnum“;

voru allar breytingar þessar samþyktar með 18 atkvæðum gegn 6.

51. Því næst var leitað atkvæða um, hvort þingið vildi taka frumvarpið, þannig lagað, sem varafrumvarp; var það þá alt lesið upp með þeim breytingum, sem á voru orðnar, svo hljóðandi:

„1. Á þjóðfundi þeim, sem heitið er í konúngsbréfi 23. september 1848 að bera skuli undir lagafrumvarp um Íslands stöðu framvegis í fyrirkomulagi ríkisins, skulu vera

46 menn. Þar af skulu landsmenn kjósa 40 á þann hátt, er síðar segir, en 6 þeirra áskiljum vèr sjálfum oss að nefna.

2. Hver sýsla og Reykjavíkur kaupstaður skulu vera kjörþing sèr, og kjósa tvo þingmenn hvert, þó skulu þær tvær deildir, sem Skaptafellssýslu er skipt í eptir tilskipun 8. marz 1843 § 15, hvor fyrir sig vera eitt kjörþingi, sem kýs einn þingmann.

3. og 4. grein frumvarpsins fellur úr.

3. *(frumvarpsins 5. gr.)* Kosningarrètt skal einginn eiga, nema hann hafi þetta til að bera:

a) að hann sè þrítugur, þegar kosið er.

b) að hann sè ekki illa ræmdur. Því má einginn kjósa, sem sekur er orðinn að lagadómi um þá sök, er vanvirðusök er eptir almennings áliti; ekki heldur neinn, sem ákærður hefir verið um slíka sök og ekki er dæmdur sýkn saka.

c) að hann sè fjár síns fullráðandi; að honum sè ekki settur fjárhaldsmaður, og bú hans sè ekki þrotabú.

d) að líka megi sá kjósa, sem öðrum er háður, ef hann veitir heimili forstöðu, sömuleiðis ef hann er mentaður maður og út skrifaður úr skóla, og eins allir verzlunarfulltrúar.

(e) fellur úr frumvarpinu.

e) (f í frumv.) að hann hafi landsrètt og sè oss þegnskyldur.

f) að hann hafi verið heimilisfastur í kjördæminu að minnsta kosti 1 ár.

4. *(frumvarpsins 6. grein.)* Til að mega verða kosinn til þingmanns þarf alla sömu kosti sem til kosningarrèttar, þó er hver maður kjörgeingur fyrir aldurs sakir, þegar hann hefir fimm um tvítugt, og vel má kjósa þann til þings, sem utan kjörþingis býr, eptir þeim reglum, sem síðar segir.

5. *(frumvarpsins 7. grein.)* Prestar og hreppstjórar skulu semja skrár yfir kjósendurna í hverjum hrepp, en í Reykjavík og nágrenni því, sem þar undir liggur, skal bæarstjórnin semja slíka skrá.

6. *(frumvarpsins 8. grein.)* Á kjörskránum skulu nöfn

kjósenda, staða þeirra, aldur og heimili standa í dálkum, en kjósendum skal þar raða eptir boðleið.

9. grein fellur úr.

7. *(frumvarpsins 10. grein.)* Síðan skulu skrárnar liggja almenningi til sýnis, í Reykjavík í þínghúsinu, en í hinum kjörþingunum hjá prestunum, og skal kunngjöra það, í Reykjavík á vanalegan hátt, en annarstaðar við kirkjustefnu, að minnsta kosti 14 dögum áður en kjörþing er haldið.

11—15. grein frumvarpsins fellur úr.

8. *(frumvarpsins 16. grein.)* Bæarfógetinn í Reykjavík og sýslumennirnir skulu hver í sínu kjörþíngi stýra kosníngu þíngmannanna. Áður en kosníng þessi byrjar, skulu þeir nefna til tvo menn, til að stýra henni með þeim, og skulu þeir rita í kjörbækurnar.

9. *(frumvarpsins 17. grein.)* Kjörþíng skal halda sama dag um alt land, að svo miklu leyti því verður við komið, og skal bæarfógetinn í Reykjavík og sýslumenn, hver í sínu kjördæmi, stefna kjósendum til fundar, að minnsta kosti 8 dögum á undan, á þeim stöðum, sem ákveðnir eru af amtmönnum eptir tilskipuninni 8. marz 1843, 15. gr., til að kjósa þar þíngmenn. En þíngdag þenna munum vèr síðar til taka, um leið og vèr boðum fulltrúana til fundarins. Til þessara kosníngа skal nota bækur þær, sem til alþíngiskosníngа hafa verið hafðar, og skulu amtmenn senda þær kjörstjórunum. Á þessum fundi skulu kjörskrár þær, sem um er getið hèr á undan, með fylgiskjölum sínum, vera á þínginu.

Áður en kosníng byrjar, skal kjörstjóri skora á þá, sem annaðhvort haldi, að þeim sè ófyrirsynju slept í kjörskránum, eða aðrir sèu þar ránglega settir, að þeir beri fram mótmæli sín, sem áður skulu vera brèflega gjörð, og birt kjörstjóra, að minnsta kosti 3 dögum fyrir kjörþíng; tekur hann við mótmæla-brèfunum, og skal kjörstjórnin þegar skera úr og lagfæra þar eptir kjörskrárnar.

10. *(frumvarpsins 18. grein.)* Formaður kjörstjórnarinnar skal rita atgjörðabókina, en hinir kjörstjórarnir hver í sína kjörbók, sem formaðurinn skiptir milli þeirra.

11. *(frumvarpsins 19. grein.)* Kjósendur gánga fram til atkvæðagreiðslu eptir þeirri röð, sem formaðurinn hefir

sett og á fundinum auglýst. Hver kjósandi kýs tvo menn fyrir kjörþingið. Atkvæðin skal rita í kjörbækurnar á þá leið, að í aðra sèu sett, við nafn hvers kjósanda, nöfn þeirra manna, sem hann kýs, en í hina við nöfn þeirra, sem kosnir eru, nöfn þeirra kjósenda, sem hafa kosið þá.

12. *(frumvarpsins 20. grein.)* Eptir að atkvæðagreiðslunni er lokið, skal bera kjörbækurnar saman og telja atkvæðin, og skal síðan kunngjöra, hver endalok orðið hafa.

13. *(sbr. frumvarpsins 21. grein.)* Þeir tveir, sem hafa feingið flest atkvæði, skulu vera fulltrúar kjördæmisins. Fái fleiri en þessir jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða. Ekki má velja neinn utan kjördæmis, nema einhver kjósenda á kjörfundinum geti með fullum skilríkjum sannað fyrir kjörstjórninni kjörgeingi og aldur hans, og að hann takist kosníinguna á hendur.

14. *(frumvarpsins 22. grein.)* Þingmönnum þeim, sem kosnir eru, skal birta brèflega kosníngu þeirra, og skulu allir kjörstjórarnir rita þar undir nöfn sín. En sè kjörstjóri sjálfur valinn, gjöra það að eins aðstoðarmenn hans. Svo skulu þeir og segja það amtmanni, en amtmaður ráðherra innanríkismálanna.

15. *(frumvarpsins 23. grein.)* Hver innankjördæmismaður er skyldur til, þegar er hann verður þess vís, að hann er kosinn, að skýra frá, hvort hann skorast undan eða ekki. Ef hann getur ekki tekizt erindi sitt á hendur, skal kjósa um aptur, ef því verður við komið, og skal þá fara með allt, sem áður er sagt.

16. *(frumvarpsins 24. grein.)* Þá er vèr stefnum mönnum þeim, er kjörnir verða eptir þessum kosníngarlögum, til fundar í Reykjavík, munum vèr í því brèfi til taka nákvæmlega, hve nær fundurinn skuli vera.

17. *(sbr. frumvarpsins 25. grein.)* „Þingmenn fá fæðispeninga 3 rbd. hvern dag, meðan þeir eru á þingi, og eins þá daga fyrir og eptir þing, sem dvöl þeirra er nauðsynleg þingstarfa vegna. En á meðan þeir ferðast til þings, og af því heim til sín aptur, fái hver þeirra í fæðiskaup og ferðakostnað 4 rbd. dag hvern. Þessa borgun skal greiða úr jarðabókarsjóðnum.“

Það var undir skilið við atkvæðagreiðslu um frumvarpið, þannig lagað, að ef það yrði ekki samþykt, sem vara-

frumvarp, þá skyldi í öðru lagi verða leitað atkvæða um, hvort senda skyldi einúngis 21., 22. og 23. grein *(13—15. hèr að framan)* sem varagreinir við frumvarp þíngsins, eptir uppástúngu nefndarinnar.

Frumvarpið, þannig lagað, var felt sem varafrumvarp með 14 atkvæðum móti 10.

52. Uppástúnga nefndarinnar, að 21., 22. og 23. grein hins konúnglega frumvarps, þannig breyttar sem af þínginu var við tekið *(sjá 13—15.)*, skyldu verða sendar stjórninni sem vara-uppástúnga við 20. og 21. grein í kosníngarlaga frumvarpi þíngsins, samþykt í einu hljóði.

53. Viðauka-uppástúngu nefndarinnar, „að sent yrði stjórninni staðfest eptirrit af kosníngarlaga frumvarpi þíngsins“, þókti forseta ekki þurfa að leita atkvæða þíngsins um, sem eiginlega uppástúngu, þar eð hún snerti þess konar efni, að hans ætlan, sem forsetanum einum bæri að sjá um, svo sem væri sendíng málanna frá þínginu til konúngsfulltrúans, sem erindsreka stjórnarinnar, og það því heldur, sem þíngið sjálft, og konúngsfulltrúinn einnig, hefði skoðað þetta mál alt sem eitt, en ekki sem tvö sundurlaus málefni, og þetta hlyti líka sèrhver einn að játa að væri rèttast skoðað. Hann skaut þess vegna enn til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki taka aptur þessa „viðauka-uppástúngu“, en ef nefndin vildi það ekki og krefðist atkvæða um það, og það yrði samþykt, kvaðst hann þó ekki geta skoðað það atkvæði þíngsins öðruvísi, en sem ósk þíngmanna til sín, að haga þannig til, þegar málið væri sent. Framsögumaður og nefndarmenn óskuðu samt sem áður atkvæðagreiðslunnar, og var uppástúnga nefndarinnar feld með 16 atkvæðum móti 8.

Síðan var fundi slitið.

---

7. ágúst — þrítugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi, nema biskup Thordersen, sem hafði tjáð forseta, að hann gæti ekki mætt á þessum fundi.

Þá tók forseti fram til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málefnið um breytíngu á erfðalögunum; kvað hann ei mundi þörf á, nú að ræða málið í köflum, og féllust þíngmenn á það.

Í þessu máli höfðu verið borin upp þessi breytíngaratkvæði og uppástúngur:

1. Frá nefndinni, að berlega sè ákveðið í annari grein, að barnsbörn hafi óskertan erfðarètt eptir afa og ömmur, þótt foreldri þeirra hafi verið frá dæmdur erfðarèttur þess eptir föður og móður.
2. við 3. grein frá varaforseta, að niðurlag greinarinnar frá orðunum, „nema þau sè skilin með dómi“ o. s. frv., falli úr.
3. frá P. Pèturssyni, að sett verði í stað orðanna „beiðast lýsíngar“ í 9. gr, „láta lýsa með sèr“.
4. frá nefndinni, í sömu grein, að prestunum verði gjört að skyldu, að rita í ministerialbækurnar nöfn þeirra, er fyrir hönd sjálfra sín og unnusta sinna beiðast lýsínga.
5. viðauka-atkvæði frá Jóni Jónssyni, í sömu grein, að óekta börn gángi að arfi eptir feður sína með útörfum hans, eptir sömu tiltölu og hver þeirra.
6. frá P. Pèturssyni, að í stað orðanna í 11 gr., „En hafi faðirinn af rángsleitni við skuldaheimtumenn sína gefið“, verði sett: „En hafi faðirinn haft af skuldaheimtumönnum sínum, með því að gefa“. o. s. frv.
7. frá Jóni Jónssyni, að í stað orðanna í sömu gr., „En hafi faðirinn af rángsleitni“, o. s. frv., komi: „En þegar skuldaheimtumenn geta sannað upp á föðurinn, að hann með rángsleitni og af ásettu ráði, til að koma efnum sínum undan, og aptur, að hann var orðinn svo fèvani, að auðsèð var, að bú hans mundi ekki vinnast til skulda, hafi gefið“, o. s. frv.
8. frá nefndinni, að bætt sè við 16. gr.: „Þeim eptir lifandi ektamaka ber enn fremur til hans útfarar jafngildi þess greptrunarkostnaðar, er sanngjarnlega hefir verið varið til jarðarfarar hins fyr látna, og greiðist honum kostnaður þessi af búinu óskiptu“.
9. frá Þ. Sveinbjörnssyni, að bætt verði við enda 16. gr. í frumvarpinu þessum orðum: „Þar á móti skal Norskulaga 5—2—24, útfararkostnað þess hjóna, er leingur lifir, áhrærandi, vera af tekinn“.
10. til vara frá hinum sama, að bætt verði við aðaluppástúnguna: „Nema þar sem við útarfa hins dána er að skipta“.
11. frá Jóni Guðmundssyni, að bætt verði inn í 18. gr. á undan seinasta kafla greinarinnar. „Eins mega amtmenn

leyfa, að búið sè óskipt, þótt einn einstakur myndugur erfingi beiðist skipta, ef tveir eða fleiri eru ómyndugir samarfar, og þeim verður ekki sèð fyrir uppeldi á annan veg án sveitarstyrks, en svo, að búið haldist óskipt, og ef ekkja eður ekkill eru kunn að ráðdeild og rækt til barnanna.

12. frá nefndinni, við 23. gr.: „Að þingsvitni það, sem um er getið í síðasta kafla greinarinnar, megi fram fara, sem fyrst ske má, og að sýslumönnum sè gjört að skyldu, að setja þeim frá verandi arfgeingu frændum þess látna valinkunnan og kunnugan svaramann við vitnaleiðslu þessa, er gefi gætur, eins og dómarinn sjálfur, að rètti þeirra við þingsvitnistektina".
13 frá Steffáni Jónssyni, við 26. gr., að seinni hluti hennar verði þannig orðaður: „Skal ekki lúka skiptaráðanda eða skiptaskrifara gjald það, sem skipað er í aukatekjureglug. 10. septembr. 1830, 38. gr".
14. frá nefndinni, við 27. gr., að ártalið verði á kveðið 1851.
15. frá Steffáni Jónssyni, við sömu gr., að í stað orðanna: „eptir 1. janúar (1851)" verði sett „eptir 31. desembr. 1850".
16. frá nefndinni, við 28. gr., að í staðinn fyrir orðin: „birta þetta", verði sett „birta hana".
17. Uppástúnga frá Jóni Guðmundssyni, fyrst og fremst, að beðizt sè, að konúngur staðfesti þessi lög með undirskript sjálfs sín og
18. til vara, að erfðalögin verði ekki gefin út handa Íslandi, fyrri en konúngur og stjórn hans getur staðfest þau með sinni undirskript.

Framsögumaður: Það er hvorki nauðsynlegt eða tími til að orðleingja þetta mál, sem er búið býsna mikið að ræða um. En þó verð eg að tala fáein orð enn þá.

Áður en eg fer leingra, finn eg mèr skylt að geta þess, að eg við undirbúníngsumræðu þessa máls hefi gjört hinum háæruverðuga varaþingmanni andlegu stèttarinnar rángt til, þar sem eg bar á móti því, að tilskipunin frá 30. apríl 1824 gjörði prestunum að skyldu, fyrir fram, og áður en farið er að lýsa, að fullvissa sig um, að eingar tálmanir sèu á hjónabandinu, og að heimta sannanir fyrir þessu. En þótt tilskipunin bjóði þetta, hefir venjan þó naumast fylgt því, og víst er það örðugt fyrir hlutaðeigendur, strax fyrir fram að hafa út vegað

sèr sannanir fyrir, að *eingir* meinbugir sèu á hjónabandinu, því hefir venjan lagað þetta í hendi, og hafa prestar ei fyrir fram geingið leingra yfir höfuð að tala, en að fullvissa sig um, að áreiðanlegir svaramenn væri feingnir, til hverra þeir gæti haldið sèr.

Af þeim mörgu breytíngaratkvæðum, sem menn hafa á skilið sèr í þessu máli, skal eg einúngis drepa á það, er hinn virðulegi þíngmaður frá Suðurþíngeyarsýslu hefir fram borið við 9. gr., um að óekta börn ætíð skuli erfa föður og föðurfrændur. Þetta breytíngaratkvæði rekur sig mjög svo í bága við anda og ákvarðanir stjórnarfrumvarpsins, eins og við siðferðið og óspilt ættarlíf, og mundi, ef það feingi framgáng, að nokkru leyti hafa ísjárverð áhrif á hið siðferðislega líf. Það er auðsjáanlega tilætlun frumvarpsins, að óekta barn einúngis skuli erfa föður og föðurfrændur, þegar faðirinn hefir *látið áform sitt í ljósi* um að eiga móður þess, eins og segir í L. 5—2—33, sem nú ei beinlínis leingur getur átt við. Eins er L. 5—2—70 enn þá í gildi, og getur faðirinn samkvæmt þessum lagastað ættlýst barni sínu á þíngi *(legitimatio minus plena)*, þó hann ekki geti einhverra orsaka vegna eignazt móðurina *(legitimatio plena)*, og hefir það þá erfðarètt eptir föðurinn. Þar sem faðirinn hefir ei upp á neinn þess konar hátt látið áform sitt í ljósi, annaðhvort um að eiga móður barnsins, eða að ættlýsa barninu, væri það óviðurkvæmilegt með öllu, að hið óskilgetna barn hefði að lögum erfðarètt eptir föðurinn og frændur hans.

Breytíngaratkvæði þetta nær einnig til hórdómsbarna, því þau eru miklu fremur óskilgetin, en hin, sem fæðast í lausaleik. Feingi nú þetta breytíngaratkvæði framgáng, mundi hjónabandið, sem löggjöfin ætíð álítur sem heilagt og stólpann undir fèlaginu, niður stíga, en það getur aldrei orðið samþykt af löggjafanum. Laganna 5—2—71, sem enn þá er gildandi, getur framvegis orðið hórgetna barninu að liði, og með þetta ætti maður að láta sèr lynda. Eg hefi talað þessum orðum um breytíngaratkvæði þetta, af því mèr virðist það vera býsna svæsið.

Konúngsfulltrúi: Eg má um flest þau atriði, sem breytíngaratkvæðin greina um, skírskota til þess, er eg talaði, þegar mál þetta kom til undirbúníngsumræðu hèr á þíngi. Eg vil að eins leyfa mèr að drepa á breytíngaratkvæðin í þeirri

röð. sem þau hafa verið borin upp, og þá fyrst geta þess, hvað breytíngu nefndarinnar við 2. grein frumvarpsins snertir, að eg álít óþarft, að þess sè hèr getið með berum orðum, því tilsk. 4. okt. 1833 má í því tilliti nægja, en að setja þessa ákvörðun inn í erfðalögin virðist mèr vera gagnstætt rèttri niðurskipun á lögunum. Breytíngar-atkvæði varaforseta virðist mèr sömuleiðis miður hæfa, því yrði það sett í lög, mundi það skerða helgi hjónabandsins og bera vitni um, að þíngið og þjóðin hèldi hjónabandinu ekki í þeim heiðri, sem vera ber. Við víkjandi breytíngu hins háæruverðuga varaþíngsmanns verð eg að skírskota til þess, er eg áður hef sagt, og skjóta til þíngsins, hvort það vill heldur fallast á hans breytíngu, en lagafrumvarpið, í þeirri grein. En á hrærandi breytíngar-uppástúngu nefndarinnar við 9. grein frumvarpsins, hef eg getið þess, að eg ætla uppástúnguna í sjálfu sèr vel til fallna, því hún gæti haft þá verkun, að sönnunin tapaðist ekki, þar sem hún að öðrum kosti kynni að glatast, t. a. m. ef prestur dæi, og vil eg ekki vera þessari breytíngu mótfallinn, ef þíngið fellst á hana. Um breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Suðurþíngeyarsýslu vil eg benda til þess, sem framsögumaður nú sagði. Eg get ei ímyndað mer, að þíngið fallist á það breytíngar-atkvæði, en yrði það, þá væri það mjög hryggilegur vottur um siðferðislegt ástand þjóðarinnar. Það er alment viður kent, að hjónabandið sè undirstaða bæði hvers heimilis fyrir sig og alls mannlegs fèlagsskapar yfir höfuð. Það er því á kveðið í lögum, að hórdómsbörn skuli ekki erfa, en löggjafarinn hefir, til þess að bæta kost lausaleiksbarna, gefið feðrum þeirra tækifæri til að arfleiða þau, ef þeir vildu svo gjöra. Þó einn maður treystist ekki að fría sig frá faðerni barns með eiði, þá er ei þar fyrir sagt, að hann sè sannfærður með sjálfum sèr um, að hann sè faðir þess barns, og þegar svo á stendur, að hann þorir ei að frá leggja sèr faðerni barnsins með eiði, þá hlýtur hann að sönnu að leggja barninu framfærisstyrk, en hitt væri ónáttúrlegt, að löggjöfin skyldi neyða hann til að viður kenna slíkt barn sem ektabarn, og veita því ektabarna eður erfðarètt. Eg verð að mæla móti breytíngu þíngmannsins úr Suðurþíngeyarsýslu til elleftu greinar; það er of hart að orði kveðið, því vera má, að yrði því stránglega fylgt, að lögunum verði þá öðruvísi beitt, en löggjafarinn hefir til ætlazt. Þetta orðatiltæki „með ásettu ráði“ er opt af

lagamönnum þannig þýdt, að svo mikið þækti út heimtast til sönnunar þess, er hèr ræðir um, að lagagreininni yrði ei beitt, þar sem hún þó ætti við. Við breytíngar-atkvæði hins fyrsta konúngkjörna þíngmanns við 16. grein þykir mèr ekkert athugandi, og þess vegna verð eg að vera mótfallinn nefndinni í því atriði. Sömuleiðis verð eg að vera mótfallinn breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Skaptafellssýslu við 18. grein, af þeim ástæðum, sem þíngmaður Strandasyslu bar fram. Eg get, eins og hann sagði, ekki ætlað, að þjóðin óski þess, og stjórninni getur heldur ekki verið það geðfelt, að gjöra sig að formyndurum myndugra manna. Um breytíngar-atkvæði nefndarinnar við 23. gr. skírskota eg til þess, er eg sagði í undirbúníngsumræðu þessa máls, sömuleiðis til þess, er eg sagði um breytíngar-atkvæði þíngmanns Eyfirðínga við 26. grein. Mèr getur ekki fundizt það eiga heima á þessum stað, að á kveða laun handa embættismönnum. Breytíngar-atkvæðið er ei heldur alveg rètt orðað. Þar segir: „skal ei lúka skiptaráðanda eða skiptaskrifara“ o. s. frv. Eg ætla, að skiptaráðendur taki ekki nema hálf skiptalaun, en skrifarapeníngar falli niður, því skrifarastörf eru þá eingin. Á hin önnur breytíngar-atkvæði þarf eg ekki að minnast, einúngis verð eg að geta þess, með tilliti til breytíngar-atkvæðis hins virðuglega þíngmanns Skaptfellínga, „að tilskipan þessi komi ekki út, fyrr en hún er undir skrifuð af konúngi“, að eg álit það ekki eiga vel við að koma nú fram með þess konar breytíngar-atkvæði við þetta sèrstaklega lagaboð, það hefði þá einnig átt að beiðast hins sama um kosníngarlögin og hin önnur málefni, sem þíngið sendir frá sèr. Það lítur svo út, sem menn með því að heimta undirskript konúngs einmitt í þessu máli vilji beita eins konar skapþraungvan (moralsk Tvang) við stjórnina. Eg hef áður hèr á þíngi talað um undirskript konúngs undir hinn íslenzka texta lagaboðanna, og er álit mitt, sem enn þá er óbreytt í því efni, kunnugt stjórninni og þjóðinni, en eg vil skjóta því til þíngsins, hvort ekki sè bezt að fresta þeirri bæn um sinn, og mèr þykir óviðurkvæmilegt, að ítreka slíka bæn við hvert lagaboð. Færi þíngmenn fram á slíka stefnu, er lítið getur út sem ertíngar við stjórnina, þá getur það leidt til þess, að dráttur verði á útkomu þeirra laga, er góð væru og mjög áríðandi, og væri það mikið óráð, að fara nokkru slíku á flot, sem væri góðum málefnum til fyrirstöðu.

Þ. Sveinbjörnsson: Eg ætla mèr ekki að tala margt fyrir viðauka-atkvæði mínu, því eg held það geti mælt fyrir sèr sjálft. Eg þarf varla annað en benda til sèrhvers okkar innvortis tilfinníngar, því eg býst við, að við allir sèum annaðhvort giptir, eða höfum verið það, og ætla eg þá, að þó við kostuðum nokkrum skildíngum upp á jarðarför maka okkar af eigin eigum, án þess að fá endurgjald fyrir það af helmíngi erfíngjanna, sem optast eigin barna, þá mundum við ekki telja það á okkur, og sama ætla eg muni vera hugsun kvenna, sem karla í þessu efni. Flestir mundu heldur hugsa um missir sinn og sinna, en um endurgjald þessara skildínga. Eg sleppi því þessu afkvæmi mínu út í heiminn, en held það sè ekki alls forstöðulaust, því eg held það verði að hafa forsvarsmann í þíngmannanna eigin brjósti.

Kr. Kristjánsson: Eg verð þó hátíðlega að játa, að þetta breytíngar-atkvæði á einga forstöðu í mínu brjósti, og finn eg það lángt um fremur skyldu, að hugsa svo fyrir eptir lifandi ekkju sinni, að ei þurfi að óttast, að hún komi á vonarvöl; enda mun bezt alin önn fyrir framtíð ómyndugra barna, ef þannig er fyrir sèð.

Varaforseti: Eg kom einnig fram með eitt breytíngar-atkvæðið, og hefir það feingið misjafna dómana hèr á þíngi. Þess betur hefði eg og mátt yfir vega, hvort það hefði í sèr nokkuð ósiðsamlegt. Eg hefi nefnilega borið það upp, að burt ætti að falla hinn síðasti hluti 3. greinar, að sá missi arfs eptir skilfeingið barn sitt, sem fyrir hórdóm líður skilnaðardóm. Það hefir verið sagt hèr, að hugsun sú, sem breytíngar-atkvæði þetta gefur til kynna, lýsi of lítilli virðíngu fyrir hjónabandinu. Eg geing nú ekki í nokkurn mannjafnað við nokkurn mann hèr á þíngi um það, hvort eg hefi jafna, meiri eða minni virðíngu fyrir helgi hjónabandsins, en einstakir þíngmanna hafa. Eg fór að eins eptir tilfinníngu minni um erfðarèttinn og helgi hans, og veit eg ekki, hvort nokkur getur lagt það í þetta, að eg sýni hjúskapnum minni virðíngu, en vera ber. Því hafa þá ekki hinir heiðruðu menn, sem helgi hjónabandsins hafa viljað verja með því, að halda lagaboði þessu, stúngið upp á einhverri annari eðlilegri og strángari refsíngu fyrir þennan löst? En eg þykist vita, því menn ekki hafa gjört það; því reynslan hefir sannað, að hið strángara straff úti lokar ekki afbrotið, og aldrei hefir í landi hèr löstur þessi meir tíðkazt,

en meðan löggjöfin var í þessu straungust. Þegar vèr virðum fyrir oss erfðarètt föðurs eptir skilfeingið barn hans, þá er erfðarèttur þessi hinn helgasti, eins og aptur erfðarèttur barnsins eptir föðurinn, því hèr á fullkomið innbyrðis samrètti (Reciprocitet) sèr stað, eins og yfir höfuð í allri arfgaungu.

En að úti loka hinn seka, sem þó ekki er sekur við barn það, sem hann á að taka arfinn eptir, það er að úti loka alla erfingja hins í upp og niður stígandi línu; því það, sem eg ekki á og ekki hefi eignazt, get eg ekki skilið öðrum eptir í arf. Hèr eru þá og einnig þeir, sem ekkert hafa brotið, hluttakarar refsingar hins seka.

Menn hljóta einnig að sjá það, að þessi refsingar-aðferð er einhver hin óviðurkvæmilegasta; löggjafinn hefir aldrei stúngið upp á því, að refsa hinum hórseka með fèmissi í skiptum á fèlagsbúi hans og ektamakans, sem rángt beið af afbroti hans, heldur ætlast nú löggjöf þessi, sem hèr er rædt um, til þess, að hegníngin komi fyrst á eptir, ef til vill, að 20 til 30 árum liðnum.

Þetta virðist mèr alsendis ósanngjarnt og ósamkvæmt öllum laga-anda; því tók eg mèr breytíngar-atkvæðið; sleppi eg því nú frá mèr undir atkvæða-greiðslu þíngmanna, og fellur það þá, ef enginn vill styðja.

P. Pètursson: Eg skal ekki fara mörgum orðum um breytíngaratkvæði mitt við § 9; því hæði tók eg við undirbúníngsumræðuna fram þau helztu atriði, sem mæla með því, og svo fèkk það nú líka stuðníng í orðum konúngsfulltrúans, er hann sagði gott siðferði svo áríðanda fyrir alla í hjónabandi og utan þess. Þetta styður breytíngaratkvæði mitt, því það miðar til þess, ofur lítið að þreingja erfðarètt óskilgetinna barna. Það virðist og meiníng löggjafans, að þessu yrði þannig komið inn í, þar sem rètt á eptir er talað um hjónavígslu, því ella hefði þar í stað þessa orðs staðið „lýsíngar“. Hvort því heldur lítið er á anda löggjafarinnar, eða samband atriðanna, getur mèr ekki annað skilizt, en að breytíngaratkvæði mitt eigi vel við, og fer eg ekki um það fleiri orðum, heldur bið þíngmenn sjálfa að hugleiða það.

Steffán Jónsson: Af því eg tók mèr tvö breytíngaratkvæði við undirbúníngsumræðu þessa máls, þá vil eg fara um þau fáeinum orðum.

Þegar hinn heiðraði framsögumaður nýskeð talaði um þau breytíngaratkvæði, sem fram eru komin í málinu, þá mintist

hann ekkert á þau tvö, sem eg hafði upp borið, og gaf það mèr nokkurs konar átyllu til að vona eða hugsa, að hann og aðrir samnefndarmenn hans væru, ef til vildi, ekki svo mjög mótfallnir þessum breytíngaratkvæðum.

Það fyrra breytíngaratkvæði mitt var við 26. gr. frumvarpsins um gjald það, sem er upp á lagt að greiða skiptaráðendum, þegar persóna í ekkjustandi fær leyfi til að sitja í óskiptu búi með ómyndugum börnum.

Þar sem hinn hæst virti konúngsfulltrúi gat þess, að það væri ísjárvert að skerða laun skiptaráðenda, þá get eg nú ekki séð, að það sè launaskerðir neins embættismanns, þó hann fái ekki borgun fyrir það verk, sem hann aldrei vinnur; og hvaðan og með hvaða sanngirni er þessi borgun tekin? Eg vil biðja þíngmenn að gæta þess, að hún er tekin af ómyndugum börnum og einstæðíngspersónum, sem mist hafa meðhjálp sína til að upp ala afkvæmi þeirra. Það er líka auðsèð, að löggjafinn sjálfur hefir fundið eitthvað ísjárvert í þessari grein, og því standa þar orðin, „fyrst um sinn“; þau orð brúka menn optast, þegar þeim sjálfum getur ekki geðjazt að því, sem þetta lýtur að, og sjá, að það þarf umbótar við.

Hinn hátt virti konúngsfulltrúi gat þess líka í ræðu sinni, sem ástæðu til að fella breytíngaratkvæði mitt, að það væri ekki nógu skipulegu upp borið, af því það talaði um gjald til skrifara, sem ekki væri minnzt á í löggjöfinni. Eg kannast nú vel við, að þetta er rètt, þegar einúngis er litið til reglugjörðar frá 10. septembr. 1830, 38. gr.; en þegar aptur er litið á 26. gr. í frumvarpi því, sem hèr er aðalumtalsefnið, þá er þar svo skýrlega talað um skrifara, að eg held, að þessi ástæða hins hátt virta konúngsfulltrúa standi á veikum fótum.

Eg að vísu býst nú ekki við, að eg hafi með orðum mínum getað sannfært þá, sem eru því meðmæltir, að sanngirni sè, að ómyndugir og einstæðíngar greiði gjald til skiptaráðanda, þó hann þurfi ekki að hafa nein afskipti eða fyrirhöfn af högum þeirra, og vil eg því biðja menn að athuga þetta nákvæmlega, áður en þeir gefa atkvæði sitt móti því. Hitt annað breytíngaratkvæði mitt var við 27. gr. frumvarpsins, eptir því sem nefndarálitið hafði aukið í hana. En þetta laut að lítilli orðabreytíngu, sem mèr þókti betur eiga við, og held eg, að

fáir verði henni mótfallnir, enda læt eg mèr það þá á litlu standa, og ætla því ekki að fara fleiri orðum um það.

Konúngsfulltrúi: Eg vil einúngis bæta fáum orðum við með tilliti til þess, er hinn virðuglegi þíngmaður Eyfirðínga sagði. Eins og menn vita, eru laun sýslumanna með tvennu móti, bæði fastar tekjur og aukatekjur. Eptir lögunum er ætlað til, að sumar af aukatekjum þeirra bæti upp föstu tekjurnar. Þannig er því varið með skiptalaun og uppboðslaunin; eptir sum önnur embættisverk sýslumanna eru launin svo lítil, að varla má heita borgun. En það, sem eg einkum vildi benda til, var, að ef reglu ætti að setja um laun embættismanna, þá er hún undir stjórninni komin, og þarf þá að líta á störf þeirra öll í einu, og virðist mèr þá ísjárvert, að taka þetta eina atriði út af fyrir sig, þar sem það málefni þyrfti að skoða alt í heilu lagi, svo alt væri sjálfu sèr samkvæmt og einíng í því öllu; því hitt, að slíta út úr eitt einstakt atriði, getur valdið misfellum á löggjöfinni, þar sem þó tilgángurinn er sá, að jafna misfellurnar og bæta lögin.

Jón Jónsson: Það er búið að prèdika svo vel og mikið um viðauka-atkvæði það, sem eg tók mèr í gær við víkjandi því, að nú við þessa hina nýu erfðalöggjöf skyldu óektabörn ná 'til arfs eptir feður sína, að eins með útörfum, og eptir sömu tiltölu og þeir, að þó hjá nokkrum þíngmanna hefði áður lifað einhverjar manneskjulegar sanngirnistilfinníngar yfir kjörum því líkra munaðarlýsínga, þá eru fullkomin líkindi til, þó þær væru með öllu orðnar upp rættar úr brjóstum þeirra, og mun þá vera vel fyrir sèð. Mèr getur ekki skilizt, hvernig þessi óektabörn eigi sanngjarnlega að missa alls arfarèttar eptir feður sína, hvort sem þeir eiga ektaborin börn, eður ekki, og þetta einúngis vegna þess, hvernig þau eru undir komin, sem allir vita að þau eru eingin skuld í og ættu ekki að straffast fyrir. Mig minnir líka það nái til fleiri, en lausaleiks og hórbarnanna, og held eg það jafnvel nái til okkar allra, að við sèum getnir og fæddir í syndinni, og fer mèr þá að verða torskilinn sá mikli mismunur manna til ýmsra rèttinda, sem eintómur uppruninn gefur þeim. Það var öllu þínginu kunnugt, að það var einúngis arfarèttur með útörfum, en ekki ektabornum hálfsystkinum, sem eg vildi að óekta börnin næði til, og það verður hver að láta sèr skiljast, sem vill, eg get það ekki, að þvílík ráðstöfun mundi verða hættuleg fyrir þá

háleitu virðíngu, skyldna uppfyllíngu og samband, sem hjón standa í hvort við annað, ellegar hún gæti orðið nokkrum ný hvöt til fjölgunar óektabarna, og það verður hver, sem getur það, að láta sèr finnast sanngjarnt, að óektabarn föðurs, sem er þó lífsafkvæmi hans og hann hefir opinberlega geingizt við, skuli vera með öllu hluttekníngarlaust í eptir látnum efnum hans, þegar verið er að skipta þeim út, má ske til þrí-og fjórmenníngа, eður fjærskyldustu ættíngja og teingdafólks, einhverstaðar út um buskann, en eg kannast við, að alt öðru máli væri má ske að gegna, ef uppástúngan væri um arftöku með ektabornum hálfsystkinum, en nú er það ekki umtalsmálið.

Sú bót, sem talað er um að liggi við þessu með því leyfi, sem faðirinn hafi til að gefa óekta barni sínu, er að sönnu skárri, en ekki, hún er líka fullgömul til þess, að menn sjá af reynslunni, að það leyfi er sjaldan notað, bæði vegna þess að stundum kippir dauðinn fyr burtu feðrunum, en áformið sè framkvæmt, og hirðuleysi, en ekki ætíð viljaleysi á sèr opt stað í þessu, sem öðru fleiru. Ekki mundi heldur sambandi því og heimilisró þeirri, sem faðir opt stendur í við konu sína og börn, minni hætta búin af gjöfum út úr sameiginlegu búi þeirra til óektabarns, heldur en af löggjöf þeirri, sem gæfi einúngis óektabörnum hluttöku í arfi eptir föðurinn með útörfum, sem eg ætla eingum og jafnvel ekki útörfunum sjálfum mundi verða að óánægju. Því hefir líka verið hreift hèr á þínginu, sem allir vissu áður að hinn háleitasti erfðarèttur væri sá, sem ektabörn ættu eptir foreldrana, og hann ætlaði eg ekki að skerða, þegar nú útarfarnir hafa lángt um óæðri rétt og þann, sem þeir ekki eiginlega geta heitið bornir til, þá get eg ekki meint honum sè um of misboðið, þó lífsafkvæmi sjálfs þess, sem arfinn eptir lætur, væru veitt þessi hin fjarlægari rèttindi með útörfunum.

Þau ummæli, sem hèr hafa komið fram, að þetta væri móti gömlum lögum, nýum lögum og öllum lögum (o. s. frv.), kannast eg vel við, og það vita líka allir, en mèr hafa fyr en nú þókt það litlar röksemdir hèr í þínginu, þó það sè sagt, að eitthvert málefni sè á móti nú gildandi lögum, ef það hið sama málefni væri þess eðlis, að ráðlegt væri að gjöra það að lögum, og þar með úti loka hina ósanngjarnari eldri löggjöf.

Eg ætla því, eins og aðrir hinir virðuglegu þíngmenn, sem borið hafa upp breytíngaratkvæði eður viðauka-atkvæði í

máli þessu, að sleppa því út í höndur þingsins, svo það gjöri við það, hvað því sjálfu gott þykir.

Framsögumaður: Eg þykist viss um það, að hinum virðulega þingmanni frá Suðurþingeyarsýslu hefir ei geingið annað en gott eitt til breytíngaratkvæðis hans, en eingu að síður er það með öllu ótiltækilegt, og verð eg í þessu tilliti að skírskota til ræðu hins hátt virta konúngsfulltrúa, er svo ljóslega hefir tekið fram þá siðferðislegu spillíngu, er af því mundi leiða.

En hvað við víkur því, sem hinn virðulegi þingmaður Eyfirðínga gat um nýlega, að eg hefði verið mótfallinn breytíngaratkvæði hans við 26. grein, þá verð eg að segja, að hann því síður má leggja þessa þýðíngu í þögn mína, sem mèr var ómögulegt að leiða eins ljós rök fram fyrir því, að breytíngaratkvæðið væri ótiltækilegt, eins og hinn hátt virti konúngsfulltrúi og sá fyrsti konúngkjörni þingmaður veraldlegu stèttarinnar þegar hafa gjört. Eingu að síður vil eg þó öldúngis ekki segja, að þingmaðurinn ekki hafi gefið nokkrar ástæður fyrir því, sem hann fór fram á. Mig minnir ekki betur, en að þingmaður þessi segði við undirbúníngsumræðu þessa máls, að verður væri verkamaðurinn launanna; en launin eru þó ei ætíð, og geta ei altènd verið, miðuð við verk; einkum á þetta sèr stað, þar sem föst laun eru á kveðin. Sum ár er meira að starfa, og sum minna, og eru þó launin hin sömu, eins og vera ber, og tek eg landsyfirrèttinn til dæmis, hvar sum ár er mikið að starfa, en aptur önnur miklu minna. Konúngsfulltrúinn skýrði áðan frá, að laun sýslumanna væri bæði föst og laus, en þau eru samt mestmegnis laus, og gæti það því haft óþægileg áhrif á þessa stètt, að skerða hin lausu laun, á meðan þeir eigi eru settir á föst. Verði þetta, ætla eg, að aukatekjurnar, ef ei er öðruvísi beinlínis á kveðið, muni falla í konúngssjóð. Þessi hinn virðulegi þingmaður hefir bygt svo mjög á orðatiltækinu í frumvarpinu „nú fyrst um sinn“; en eg hygg það hafi hèr vakað fyrir löggjafanum, að sýslumenn bráðum yrði settir á föst laun, og mun stjórnin hafa haft tillit til þess, sem er í vændum og allir sýslumenn óska eptir, því aldrei verður bygt neitt á því óvissa og breytilega, en þau föstu laun eru viss, og mèr að minnsta kosti þægilegri, en það sem eg ei veit hvað er. Eg held því, að 26. grein eigi að halda sèr óbreyttri.

Guðmundur Brandsson: Eg vildi nú með sem fæstum orðum minnast breytíngaratkvæða þeirra, sem nú hefir verið talað um. Hið fyrsta er það, sem fulltrúi Suðurþíngeyarsýslu hefir borið upp, sem fer fram á, að óskilgetin börn gángi til jafns við útarfa í arfatekt eptir feður sína, þettað hefir nú orðið fyrir hörðum dómum á þíngi þessu; en eg get þó ekki séð, að það séu nein sérleg fjærmæli, sem hér er stúngið upp á, því hvernig eiga börnin að skuldast fyrir tilveru sína, sem þau fá ekki við gjört? og hvernig á það að koma niður á þeim, þó feðrum þeirra vinnist ekki aldur til að koma þeim í tölu skilgetinna barna? Þettað ber þó við þvert á móti vilja feðra þeirra; er það þá eðlilegt, að fjármunir föðursins skuli gánga til hinna fjærskildari, einmitt þess vegna að hann gat ekki giptzt móður barnsins, þó hann hefði það fastlega áformað, og ekki heldur þínglýst barninu, af því dauðinn kipti honum fyrr í burtu, en honum var það mögulegt? Eg hef nú fyrir augum spánýtt dæmi, sem eg miða þetta við, og gæti eg skýrt frá því nákvæmlega, ef þess þækti þörf; eg hika því ekki við að samþykkja hið um talaða breytíngaratkvæði.

Eg skal nú ekki vera margorður um breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Eyafjarðarsýslu, þar mér virðist hann hafa fram fært nægar ástæður fyrir því, og veiti eg því þess vegna fúslega meðmæli mitt.

Þar sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, konferenzráð Sveinbjörnsen mintist á útfararkostnað, þá get eg ekki dulizt við, að eg er að öllu leyti samþykkur skoðun hans í því efni, þess heldur sem eg veit einstöku dæmi til, að ekkjur eða ekkjumenn hafa á stundum verið nægilega ýtin, þó við eigin börn hafi verið að skipta, og hefir þettað átt sér stað, bæði með því að reikna útfararkostnaðinn svo mikinn, að vel væru í haldin, og eins hefir það komið fram við útsvör á arfahlutum barnanna. Mér finnst því ekki betur, en eigin tilfinníng mín mæli fram með uppástúngunni, og má þá nærri geta, að eg muni ekki verða henni mótfallinn, þegar atkvæða verður leitað.

Þar sem annar hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður stakk upp á, að í stað orðanna í frumvarpinu, að beiðast lýsíngar, væri sett: að láta lýsa með sér, þá verð eg að vera breytíngu þessari mótfallinn, og það af þeim ástæðum, að opt getur svo á staðið, að þó einhver beiðist lýsíngar, að hann geti

ekki þar fyrir látið lýsa með sèr, til að mynda þegar ill færð og veður banna mönnum að vitja kirkjunnar, svo þess vegna getur orðið messufall í marga sunnudaga, og þó þetta væri nú ekki, held eg að sá, sem lýsínganna beiddist, hefði lítið vald til að skipa mönnum að koma til kirkju, svo prestarnir gæti lýst; hèr að auki getur svo á staðið, að menn vilji synja einum hjónabands vegna einhverra sèrlegra annmarka, sem við hann kynnu að vera, og hann þess vegna gæti ekki feingið svaramenn, en þar fyrir getur þó einginn meinað honum að beiðast lýsínganna, og því virðist mèr, að rèttur sá, sem frumvarpið í þessu tilliti fer fram á, yrði miklu þreingri, ef hinni áminnztu uppástúngu væri fylgt.

Þ. Sívertsen: Eg hefi ekki fyrri tekið til máls hèr á þíngsalnum um þetta málefni, og er það einkum vegna þess, að hinn heiðraði framsögumaður hefir svo dyggilega haldið uppi svörum fyrir nefndarálitinu, að hann hefir tekið ómak alt af meðnefndarmönnum sínum. Eg ætlaði nú einúngis að geta þess, að auk þess sem hefir verið fram fært á móti uppástúngu ens virðulega þíngmanns Suðurþíngeyarsýslu um arfsrètt óektabarna, finnst mèr uppástúngan svo ógreinileg og óákveðin, að eg get varla ætlað það, að henni, þannig lagaðri, verði veitt meðmæli á þínginu. Líka vildi eg geta þess, að mèr fannst, eins og ræða ens mikið hátt virta fyrsta konúngkjörna þíngmanns, við víkjandi útfararkostnaði til ens leingst lifandi ektamaka, lyti að því, að gjört væri ráð fyrir, að við þíngmenn mistum kvenna vorra fyrri, en þær vor, en þetta ætla eg að beri til beggja vona, og held, að það sè öllu meira ræktarmerki okkar til þeirra, ef við vildum leitast við að búa svo um hnútana, að konur vorar mættu eiga það víst, að fá af sameiginlegu búi nokkuð til þess, að þær verði jarðsettar, þegar þær áður af fjármunum sínum eru búnar að kosta til útfarar vorrar, og held eg líka, að sanngirni mæli með þessu.

Um hórkarlarèttinn til arftöku barna sinna er búið að ræða svo mikið, að óþarfi er við að bæta; einúngis vildi eg gjöra það ljóst, að ræður talsmanns þeirra hèr á þínginu hafa einga veginn hrært mig til meðaumkvunar yfir þeim, svo að eg geti fallizt á þá uppástúngu, sem gjörð er í því efni, og víkur frá stjórnarfrumvarpinu, sem nefndinni í einu hljóði þókti vel við eiga.

Viðauka-atkvæði hins heiðraða þíngmanns Skaptfellínga,

held eg, eins og það nú er komið fram og liggur fyrir augum vorum, vera með öllu án þarfa; eg held ekki þurfi að biðja konúng þess, að undir skrifa lagaboð þau, sem hann gefur út og sendir hingað; það hefir hann gjört til þessa, og það mun hann vafalaust gjöra eins hèr eptir óbeðinn. Hèr væri alt öðru máli að gegna, færi viðauka-atkvæðið fram á það, að lagaboð þetta yrði gefið út á íslenzku einni, og undir skrifað þannig af konúngi, en það er eingan veginn gjört, enda verð eg að játa það, að þó svo hefði verið, mundi eg eingu að síður hafa neitað því mínu með-atkvæði, því eg veit ekki, hversu við eigandi sú bæn væri, að teingja henni við þetta málefni, eða hvort ráðlegt væri að fara því þannig fastlega fram, og vita þó þingmenn, að eg hefi mælt fram með sèrstakri bænarskrá um það efni, en það virtist mèr ólíks eðlis.

Framsögumaður: Það hafa nú sumir þingmanna látið sèr um munn fara, að foreldrar væri hèr gjarnir á að fèfletta og leika á börn sín. En eg verð að neita, að þetta eigi sèr stað hèr á landi yfir höfuð að tala, þótt undantekningar kunni einnig að vera frá þessari reglu, því ræktarsemi foreldranna til barnanna, velvilji og sanngirni liggur hèr í landi. Þetta er einnig skoðun löggjafans, og liggur hún til grundvallar fyrir 18. grein frumvarpsins, þar sem hún gjörir svo óbundið, að fá að sitja í óskiptu búi. En ef stjórnin heyrir margar því líkar raddir, sem hljómað hafa hèðan um ásælni foreldranna við börn þeirra, er hætt við, að þetta verði ei að lögum; og þó það nú yrði lögleidt, sem 18. grein fyrir skipar, þá er ekki við öðru að búast, en bann komi gegn henni að ári, ef menn ekki hætta þessum ástæðulausa áburði, sem öldúngis ekki er verðskuldaður af foreldrum yfir höfuð að tala.

Af því að einginn tók framar til máls, kvað forseti ályktarumræðu máls þessa lokið, og leitaði síðan atkvæða þingsins um frumvarpið á þessa leið:

Um 1. grein.

1. Greinin samþykt óbreytt með samhljóða 22 atkvæðum.

Um 2. grein.

2. Uppástúnga nefndarinnar: „að berlega sè á kveðið, að barnsbörn hafi óskertan erfðarètt eptir afa og ömmur, þótt foreldri þeirra hafi verið frá dæmdur erfðarèttur þess eptir föður og móður“ — samþykt með 19 atkvæðum gegn 3.

3. greinin, að til skildum viðauka nefndarinnar (2), — samþykt með 19 atkvæðum gegn 3.

Um 3. grein.

4. Breytingaratkvæði varaforseta, að niðurlag greinarinnar, „nema þau sè skilin með dómi“ o. sv. frv., falli úr, — felt með 15 atkvæðum gegn 7.
5. greinin óbreytt samþykt með 16 atkvæðum gegn 6.

Um 4.— 8. grein.

6.—10. greinir þessar óbreyttar samþyktar hver um sig í einu hljóði.

Um 9. grein.

11. Breytingaratkvæði P. Pèturssonar: að í stað orðanna „beiðast lýsingar“ verði sett: „láta lýsa með sèr“ — felt með 17 atkvæðum gegn 5.
12. Viðauka-atkvæði nefndarinnar: að prestunum verði gjört að skyldu að rita í ministerialbækurnar nöfn þeirra, er fyrir hönd sjálfra sín og unnusta sinna beiðast lýsinga — samþykt með 18 atkvæðum gegn 4.
13. Viðauka-atkvæði Jóns Jónssonar, að óekta börn gángi að arfi eptir feður sína með útörfum hans, eptir sömu tiltölu og hver þeirra — felt með 20 atkvæðum gegn 2.
14. greinin með breytingu (12) — samþykt með 20 atkvæðum gegn 2.

Um 10. grein.

15. greinin óbreytt samþykt í einu hljóði.

Um 11. grein.

16. Breytingaratkvæði P. Pèurssonar: að í stað orðanna, „En hafi faðirinn af rángsleitni við skuldaheimtumenn sína gefið“ o. s. frv., verði sett: „en hafi faðirinn haft af skuldaheimtumönnum sínum, með því að gefa“ o. svo frv. — tekið aptur.
17. Breytingaratkvæði Jóns Jónssonar, að í stað hinna sömu orða verði sett: „en þegar skuldaheimtumenn geta sannað upp á föðurinn, að hann með rángsleitni og af ásettu ráði, til að koma efnum sínum undan, og eptir að hann var orðinn svo fèvani, að auðsèð var, að bú hans mundi ekki vinnast til skulda, hafi gefið“ o. s. frv. — felt með 20 atkvæðum gegn 2.
18. greinin óbreytt samþykt með 21 atkvæði gegn 1.

Um 12. — 15. grein.

19.—22. greinir þessar óbreyttar samþyktar hver um sig í einu hljóði.

Um 16. grein.

23. Viðauka-atkvæði Þ. Sveinbjörnssonar: að bætt sè við enda 16. greinar: „þar á móti skal NL. 5—2—24, útfarar-kostnað þess hjóna, er leingur lifir, á hrærandi, vera af tekinn“ — felt með 14 atkvæðum gegn 8.

24. Vara-atkvæði hins sama, að viðbætir þessi verði þannig orðaður: „Þar á móti — o. s. frv. — af tekinn, nema þar sem við útarfa ens dána er að skipta“ — felt með 13 atkvæðum gegn 9.

25. Viðauka-atkvæði nefndarinnar: „þeim eptir lifandi ektamaka ber enn fremur til hans útfarar jafngildi þess greptrunarkostnaðar, er sanngjarnlega hefir verið varið til jarðarfarar hins fyrr látna, og greiðist honum kostnaður þessi af búinu óskiptu“ — samþykt með 14 atkvæðum gegn 8.

26. greinin með viðauka nefndarinnar samþykt með 14 atkvæðum gegn 8.

Um 17. grein.

27. greinin óbreytt samþykt í einu hljóði.

Um 18. grein.

28. Breytíngaratkvæði Jóns Guðmundssonar: að bætt sè inn í á undan seinasta kafla greinarinnar, eptir orðin „framfæri og uppeldi“, þessum kafla: „Eins mega amtmenn leyfa, að búi sè óskipt, þótt einn einstakur myndugur erfíngi beiðist skipta, ef 2 eða fleiri eru ómyndugir samarfar, og þeim verður ekki sèð fyrir uppeldi á annan veg án sveitarstyrks, en svo, að búið haldist óskipt, og ef ekkja eður ekkill eru kunn að ráðdeild og rækt til barnanna“ — felt með 21 atkvæði gegn 1.

29. greinin óbreytt samþykt í einu hljóði.

Um 19. grein.

30. greinin óbreytt samþykt í einu hljóði.

Um 20. grein.

31. greinin óbreytt samþykt með 19 atkvæðum gegn 3.

Um 21. grein.

32. greinin óbreytt samþykt í einu hljóði.

Um 22. grein.

33. greinin óbreytt samþykt með 21 atkvæði gegn 1.

Um 23. grein.

34. Uppástúnga nefndarinnar: „að þingsvitni það, sem um er getið í síðasta kafla greinarinnar, megi fram fara sem fyrst ske má, og að sýslumanni sè gjört að skyldu að setja þeim frá verandi arfgeingu frændum hins látna valinkunnan og kunnugan svaramann við vitnaleiðslu þessa, er gefi gætur, eins og dómarinn sjálfur, að rètti þeirra við þingsvitnistektina“ — samþykt með 16 atkvæðum gegn 6.

35. greinin, að til skildri uppástúngu nefndarinnar (34), — samþykt með 15 atkvæðum gegn 7.

Um 24.—25. grein.

36.—37. greinir þessar óbreyttar samþyktar hvor um sig í einu hljóði.

Um 26. grein.

38. breytíngaratkvæði Steffáns Jónssonar: að seinni hluti greinarinnar verði þannig orðaður: „skal ekki lúka skiptaráðanda eða skiptaskrifara gjald það, sem skipað er í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 38. grein“ — samþykt með 13 atkvæðum gegn 8.

39. greinin með breytíngu samþykt með 13 atkvæðum gegn 8.

Um 27. grein.

40. breytíngaratkvæði Steffáns Jónssonar, að í stað orðanna: „eptir 1. janúar. 18 . .“, verði sett: „eptir 31. desember 1850“ — samþykt með 19 atkvæðum gegn 3, og fèll með því burt uppástúnga nefndarinnar, að ártalið verði á kveðið: „1851“.

41. greinin þannig breytt samþykt í einu hljóði.

Um 28. grein.

42. breytíngaratkvæði nefndarinnar, að í stað orðanna „birta þetta“ verði sett: „birta hana“ — samþykt með 20 atkvæðum gegn 2.

43. greinin þannig breytt samþykt í einu hljóði.

44. orðabreytíngar: í 7. grein „afkvæmi“ fyrir „ættir“; í 10. grein „áreiðanlegar líkur“ fyrir „mikil skírteini“; í 27. grein: „samin hafa verið“ fyrir „samið hefir verið“ — samþyktar án atkvæða.

45. Frumvarpið alt með breytíngum — samþykt í einu hljóði.

46. Uppástúnga Jóns Guðmundssonar: að beðizt sè, að konúngur staðfesti þessi lög með undirskript sjálfs sín — felt í einu hljóði.

47. Vara-uppástúnga hins sama: að erfðalögin verði ekki gef-

in út handa Íslandi, fyrri en konúngur og stjórn hans geta staðfest þau með sinni undirskript — felt í einu hljóði.

Síðan var lesið upp og samþykt álitsskjal frá þinginu um konúnglegt álitsmál, við víkjandi sameiníngu Borgarfjarðarsýslu við Mýrasýslu, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi yðar hátignar lagði þann 1. dag þessa mánaðar fram fyrir alþingið konúnglegt álitsmál frá yðar hátign, um sameiníngu Mýra og Borgarfjarðar sýslna; kaus alþingið 3 menn í nefnd, til að yfir vega mál þetta, og hefir þingið síðan rædt það á lögskipaðan hátt á 2 aðalfundum sínum, og leyfir sèr nú þegnsamlegast að tjá álit sitt um það á þessa leið:

Eptir tveimur frá vesturumdæminu sendum bænarskrám var alþingið þegar búið að íhuga og á vanalegan hátt að ræða mál þetta þann 28. dag fyrra mánaðar og semja allra þegnsamlegasta bænarskrá til yðar hátignar um, að sýslur þessar ekki yrðu sameinaðar; þegar alþingið nú að nýu gaumgæfði ástæður þær, sem eru með og móti sýslu-sameiníngu þessari, einkum þær, sem lagðar voru fyrir þingið af yðar hátignar hendi, styrktist alþingið enn fremur í þeirri meiníngu, sem það áður hafði, að ekki bæri að sameina sýslur þessar, þar sameiníngin valda mundi ókljúfandi örðugleika bæði sýslumanni og innbúum sýslnanna; hefir reynslan og þegar sannað þetta, er sýslumaður sá, er sameiníngarinnar óskaði og með henni mælti, hefir nú af beðið sýslustörfin í Borgarfjarðarsýslu, hvar hann næst liðið ár hefir verið settur að þjóna ásamt Mýrasýslu, hvar hann er sýslumaður, og líka hafa innbúar Borgarfjarðarsýslu kvartað yfir örðugleika þeim, sem af þessu leiddi fyrir þá.

Alþingið leyfir sèr því í einu hljóði að ítreka þá bæn til yðar hátignar, samkvæmt þeirri þegnsamlegustu bænarskrá, sem áður er send yðar hátign um þetta mál, að sýsluskipan sú, sem hèr hefir verið upp á stúngið, ekki verði gjörð.

Alþíngi, 7. dag ágústmánaðar 1849.

Allra þegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Hannes Stephensen.*

Að lyktum var lesin upp þíngbók frá 32. og 33. fundi, og því næst slitið fundi, en næsti fundur á kveðinn kl. 5. eptir miðdag.

7. ágúst — þrítugasti og sjöundi fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Rángvellinga, sem hafði tjáð forseta, að hann gæti ekki mætt.

Þá tók forseti fram til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt frumvarp um breytíngu á opnu brèfi 4. maí 1778, um reka á Íslandi.

Þessi breytíngaratkvæði og uppástúngur voru fram komnar í málinu:

1. Uppástúnga nefndarinnar, að í stað orðanna *í 1. grein*: „skulu hèðan í frá eigendur rekanna eignast“ o. s. frv. til enda greinarinnar, komi: „skulu hèðan í frá, ef eigandi hins rekna kemur ekki á rèttum tíma (§ 3), og sannar það að vera eign sína, jarðeigendur eignast, nema sönnun fram komi, að prestar, kirkjur eða alþjóðlegar stiptanir að fornri venju eða máldögum eigi vogreksrètt, því þá er hið rekna eign þessara“.
2. frá varaforseta: að felt verði úr nefndaruppástúngunni orðið „prestar“.
3. frá enum sama: að í stað orðsins „vogreksrètt“ í nefndaruppástúngunni verði sett „rekarètt“.
4. frá Guðmundi Brandssyni: að í stað orðanna í nefndaruppástúngunni „að fornri venju“, verði sett „eptir lagaheimild“.
5. frá enum sama: að þar sem reka-eigandi er annar en jarðeigandi, eignist þeir vogrek að helmíngi hvor.
6. frá Johnsen: að orðunum „á rèttum tíma“ verði slept bæði úr frumvarpinu og nefndar-uppástúngunni.
7. frá nefndinni: að í stað orðanna *í 2. grein*: „en ef svo mikið rekur“ verði sett: „en ef mikið rekur“.
8. frá nefndinni: að bætt verði inn í, eptir orðin „á stuttum tíma“, þessu: „og þar með fylgir þess háttar brot af skipi og föstum skipsáhöldum“.
9. frá nefndinni: að sett verði í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar „í opnu brèfi 4. maí 1778 § 1“ þetta: „í opnum brèfum 4. maí 1778 § 1 og 21. apríl 1819. Svo skulu og samkynja viðir þeir, er á strjálíngi reka um sama leyti á nálægar fjörur, heyra undir hið sama strandaða fè“.
10. Uppástúnga nefndarinnar, að þessari grein verði bætt við: (§ 3.) „Nú kemur vogrek á fjöru manns, skal fjöruvörður skyldur til, hið bráðasta því verður við komið, að lýsa því

nákvæmlega fyrir hlutaðeiganda sýslumanni, með stærð, ásigkomulagi og merkjum, ef nokkur eru, en sýslumaður skal annast, að vogrek sè virt af tveimur eiðsvörnum mönnum, og ef meiru nema en 5 rbd. virði, skal þeim lýst á öllum manntalsþingum sýslunnar, og þar um skýrsla gefin hlutaðeigandi amtmanni til frekari ráðstöfunar, ef við þarf, og komi enginn eigandi fram ár og dag eptir seinustu lýsingu, skulu vogrek eignast þeir menn, sem § 1 til greinir".

11. Uppástúnga nefndarinnar, að þessari grein verði enn bætt við: (§ 4.) „Ef menn leggja dulur á vogrek, draga þau undir sig eða stela þeim, varðar það hegníngu, eptir greinum þeim í tilskipun af 11. apríl 1840, sem afbrot þeirra getur næst heim færzt undir".
12. Uppástúnga nefndarinnar: að *3. grein* frumvarpsins verði úr feldi.
13. Uppástúnga Þ. Sveinbjörnssonar: að þíngið af biðji, að lagafrumvarpið nái lagagildi, fyrri en þau almennu rekalög fyrir landið verða lögð fyrir alþíng.
14. Uppástúnga Ásgeirs Einarssonar: að beðið verði um, að lagaboð þetta komi út einúngis fyrst um sinn til bráðabirgða.

Framsögumaður: Málefni þetta var svo ítarlega rædt í gær, að eg vonast eptir, að ræður um það geti orðið styttri í dag. Bæði nefndin og einstakir þíngmenn hafa borið upp nokkur breytíngaratkvæði við hið um rædda lagafrumvarp, og skal eg nú leyfa mèr að víkja fáeinum orðum að þeim, í sömu röð, sem þau standa á atkvæðaskránni. Þannig hefir hinn heiðraði fulltrúi Árnesínga fram borið það breytíngaratkvæði (6), að orðin „á réttum tíma" séu feld úr í fyrstu grein. Þetta á nú að vísu við, ef ekki þykir þörf að lýsa vogrekum; en nefndin var á gagnstæðri meiníngu, er hún hèlt, að allri rángsleitni mundi opnast greiður vegur, ef vogrek væru undan þegin opinberri umsjón.

Í tilliti til þess, sem einhver þíngmanna í gær drap á, að í grein þessa vantaði ákvörðun um, að strax ætti að selja vogrek þau, er gætu ekki orðið án skemda, skal eg nú geta þess, að nefndin gekk þegjandi fram hjá þessu, vegna þess hún bjóst við, að hið opinbera mundi annast um slíkt, eins og á kveðið er í Jónsbókar 12. kapítula; enda þókti nefndinni ekki við eiga í lagaboði þessu, að gjöra slíkar smásmuglegar breytíngar.

Hið annað breytíngaratkvæði (5) er frá hinum virðulega

varaþingmanni úr Gullbríngusýslu, og drap eg á það þegar í gær, að eg gæti ekki aðhyllzt það, eins og eg líka vona, að það fái ekki áheyrn hjá þínginu. Þessi helmíngaskipti gætu annars einúngis átt við, þegar einhverjir 2 vildu eigna sèr vogrek, án þess hvorugur þeirra gæti sannað eignarrètt sinn. En optast stendur svo á, að einstökum mönnum eða stiptunum bera vogrekin óskipt, og þá getur ekki orðið til rædt um nokkur helmíngaskipti.

Hið þriðja breytíngaratkvæði (2) er frá hinum heiðraða varaforseta, að orðið „prestar“ falli úr í breytíngaratkvæði nefndarinnar við 1. grein, og játaði eg þegar í gær, að mèr þækti orð þetta miður heppilega valið, er það kynni að líta svo út, að prestum með því ætti að gjöra hærra undir höfði, en öðrum, sem þó ekki var tilætlun nefndarinnar, heldur meinti hún presta að eins í sambandi við lènsjarðir þeirra. Nefndin hefir því orðið á einu máli um, að setja orðin „lènsjarðir presta“ í staðinn fyrir orðið „prestar“.

Varaforseti: Eg tek þá þetta mitt breytíngaratkvæði aptur.

Framsögumaður: Hið fjórða breytíngaratkvæði (4) er frá fulltrúanum í Gullbríngusýslu, og skírskota eg í því tilliti til þess, er eg sagði í gær við undirbúníngsumræðuna. Hið fimta breytíngar-atkvæði (3) er frá varaforseta, og lýtur að því, að í nefndaruppástúnguna verði sett „rekarètt“ í staðinn fyrir „vogreksrètt“. Hvað þessu við víkur, þá verð eg hátíðlega að viður kenna, að eg vil ekki þiggja þau skipti; því nefndinni þókti kirkjum og opinberum stiptunum borgið, þegar vogreks-rèttindin áttu að við haldast, að því leyti máldagar og forn venja heimiluðu þau; enda viður kendi nefndin, að þar sem máldagarnir heimiluðu kirkjum *allan* reka, yrðu einnig vogrekin að vera undir skilin; en aptur gat nefndin ímyndað sèr, að opinberar stiptanir hefðu eignazt reka-ítök, eða einhverja reka-tiltölu fyrir landi annara, án þess að vogreksrèttur fylgdi með. Að öðru leyti er nefndarinnar breytíngaratkvæði við 1. § lagafrumvarpsins grundvallað á því, að þessi grein heimilar eptirleiðis öll vogrek á ítaksfjörum rekamönnum eða rekaeigendum, í stað þess að Jónsbók í rekabálki 2. og 12. kapítula til einkar þau jarðeigendum, og þykist eg því síður þurfa að leingja umræðurnar við víkjandi þessari grundvallarreglu Jónsbókar, sem mèr skildist ekki betur, en konúngsfulltrúinn fèllist á hana í gær.

Við aðra grein gjörði nefndin þá breytíngu, að í byrjun

greinarinnar yrði felt úr orðið „svo“, en aptur yrði bætt inn í hana eptir orðin „á stuttum tíma“: „og þar með fylgir þess háttar brot af skipi og föstum skips-áhöldum“, og við niðurlag greinarinnar í staðinn fyrir „opnu brèfi 4. maí 1778 § 1“ verði sett „í opnum brèfum 4. maí 1778 § 1. og 21. apríl 1819. Svo skulu og samkynja viðir, þeir er á strjálingi reka um sama leyti á nálægar fjörur, heyra undir hið sama strandaða fè“. Nefndinni þókti þörf á að við bæta opna brèfinu 1819, af því það um þess háttar vogrek til tekur leingri (2 ára) frest, en opna brèfið frá 1778, eins og nefndin með hinni breytíngu sinni vildi setja fast takmark á milli vogreka og strandaðs fjár, svo þetta væri ekki komið undir vafasömu áliti; enda hafði nefndin fyrir sèr í þessu tilliti sorglega reynslu frá fyrri öldum.

Eptir þessar 2 greinir ætlaðist nefndin til nýrrar greinar, og skírskotaði þegar til hennar í breytíngar-atkvæði sínu við 1. grein. Eg verð að ítreka það aptur, að nefndinni þókti brýn nauðsyn til, að gjöra það að lagaskyldu að lýsa vogrekum, og það því fremur, sem orðin „á rèttum tíma“ í 1. grein benda til, að þetta hafi verið tilgángur löggjafans. Líka þókti nefndinni við eiga, að gjöra að lagaskyldu, að vogrek yrðu til kynt hlutaðeigandi amtmanni, svo hann gæti annazt um lýsíngu þeirra erlendis, eins og líka þörf þókti á, að gjöra eigendum vogreka erlendis hægra fyrir að upp spyrja vogrek, með því að til taka vissa staði, hvar slíkar upplýsíngar gæti feingizt.

Líka þókti nefndinni það við eiga, í sama lagaboði að leggja sektir við, ef einhver afbrot í tilliti til lýsíngar á vogrekum eður töku þeirra ættu sèr stað, og áleit nefndin, að þess háttar afbrot heyrðu inn undir tilskipun 11. apríl 1840. Aptur vildi nefndin sleppa 3. grein í lagafrumvarpinu; því hún áleit tiltækilegra, að beðið væri með ákvörðun um, hvernig endurgjalda skyldi lögreglusjóðnum andvirði vogreka þeirra, er hann misti, eða lètta á honum einhverjum útgjöldum hans, þángað til sú reynd væri komin á, að hann væri á þrotum. Þegar annars litið er til inngjalda þeirra, sem dómsmálasjóðurinn hefir haft af vogrekum að undan förnu, þá eru þau svo lítil, að ekki eru líkindi til, að hann komist á þrot við missi þeirra; því hann hefir aðra inngjalda uppsprettu lángt um drjúgari. Eptir skýrslum um tekjur dómsmálasjóðsins af vogrekum fyrir árin 1840—1846, sem eg hef sèð, þó eg hafi ekki haft tíma til að bera þær saman, hafa þær á þessum 7 árum

verið að meðaltölu liðugir 77 rbd., og hefir dómsmálasjóðurinn á sama tíma grædt lángt um meira, en því nemur. Árið 1847 voru tekjur hans af vogrekum að vísu lángt um meiri; en þetta hygg eg undantekníngu, sem ekki megi fara eptir, enda mun óhætt að fullyrða, að töluvert af tekjum þessum hafi verið tekið frá jarðabókarsjóðnum, og hvað Skaptafellssýslu snertir, er það víst, að þar voru vogrekin á konúngsjörðum þeim, sem lágu undir Þykkvabæarklaustur, seld í hag dómsmálasjóðnum eptir gamalli venju, þó konúngur nú hafi úrskurðað þau eign sína.

Einn af meðnefndarmönnum mínum hefir stúngið upp á, að beðið væri um lagaboð þetta að eins til bráðabirgða, og erum við hinir nefndarmenn honum samdóma í því; því vèr vonumst eptir, að Rekabálkur bráðum muni koma endurskapaður; en af því þetta þó kynni að dragast, hugðum við betra en ekkert, að bjargast við lagaboð þetta þángað til, þó ófullkomið væri.

Hið seinasta breytíngar-atkvæði (13) á atkvæðaskránni er frá hinum fyrsta konúngkjörna þíngmanni, og lýtur að því, að þíngið af biðji, að frumvarpið nái lagagildi, fyr en þau almennu rekalög fyrir landið verða lögð undir alþíngi. Eg verð sterklega að ráða frá, að breytíngaratkvæði þetta verði tekið til greina; því það mundi olla þínginu mikillar óvinsældar, að skjóta hjá sèr svo vinsælu lagaboði, sem þetta mundi verða; og mundu menn una þessu því ver, sem lagafrumvarp þetta á annað borð var lagt fyrir þíngið; því það þráir einginn, sem hann þekkir ekki. Tilgángur lagaboðs þessa er þó að rýmka rèttindi manna, og mundi þjóðin strax taka fegins hendi móti þeirri rýmkun; því alkunnugt er, hví lík trjá- ekla og dýrtíð á trjám er hèr á landi; enda geta meiníngarnar breyzt, ef beðið er eptir nýu lagaboði, eins og líka svo gæti farið, að þetta þráða lagaboð kæmi aldrei á endanum.

Konúngsfulltrúi: Í því eg skírskota til þess, er eg talaði í gær um málefni þetta, verð eg, áður en eg fer nokkrum orðum um breytíngaratkvæði þau, sem upp hafa verið borin, að biðja hinn virðuglega framsögumann að skýra mèr glögglega frá, í hverju meiníngamunur okkar um 1. gr. einkum er fólginn; því þetta hefir ei getað orðið mèr ljóst af ræðum hans. Eg gat þess í gær, að tilgángur frumvarpsins væri, að svipta eingan þann rètti til smávogreka, er híngað til hefir notið hans á þeim plázum, hvar hann híngað til að lögum og venjum hefir þessi vogrek átt.

Þar sem nú landeigandi og rekamaður er einn og sami maður, fer þetta saman; en hitt á sèr stundum stað, að rekamaður er annar en landeigandi. Eptir því sem eg skildi framsögumann, vildi hann, að sá, sem á afmarkað rekapláz fyrir annara landi, skyldi einnig halda þar vogrekarètti, en hvað hann vildi láta gilda, þar sem einn á reka-ítak, var mèr ei ljóst. Í daglegu máli er það bæði kallað reka-ítök, þegar kirkjur eða alþjóðlegar stiptanir eiga afmarkað rekapláz eða svæði fyrir annara manna landi, hvar þær taka allan reka, og líka þar, sem kirkjur eða stiptanir eiga ákveðinn hluta af rekum, t. a. m. helming eða fjórða part, á annara manna löndum, annaðhvort á öllu landi jarðarinnar eða á vissu svæði af því.

Framsögumaður: Eg þykist í gær hafa svo greinilega skýrt frá meiningu nefndarinnar, að eg hugsaði eg mundi ekki þurfa þess aptur í dag, og var og er hún óneitanlega sú, að skerða eingin löglega á komin rèttindi í tilliti til vogreka, og sýndi eg þá, að aðalregla nefndarinnar var tekin úr Jónsbók.

Eg tók líka berlega fram tvö dæmi, sem mèr voru kunnug, til þess þar með að sýna, að einstöku mönnum og stiptunum yrði órèttur gjör, ef fylgt væri grundvallarreglu lagafrumvarpsins, þeirri, að rekaeigendur skyldu framvegis eignast öll vogrek. Það eina af dæmum þessum laut að því, að (ef) bændur ættu ítök fyrir kirkjujörðum, þá sviptust þessar jarðir vogreksrèttinum, sem þær hingað til hafa notið að lögum, og verið venja til. Í hinu tilfellinu, er eg fram tók, átti klaustur reka-ítak fyrir kirkjujörð, og úrskurðaði kansellíið fyrir nokkrum árum, að kirkjujörðin ætti vogrek þar, vegna þess þau fylgdu landareigninni, í stað þess að nú eptir lagafrumvarpinu hefði klaustrið átt að verða eigandi að vogrekunum þar. Þegar það nú er dagljóst, eins og konúngsfulltrúinn einnig hefir játað, að það sè tilgángur lagafrumvarpsins, að skerða eingin löglega á komin rèttindi, og eg á aðra hliðina er búinn að sýna með dæmum, að þau yrðu skert, ef grundvallarreglu frumvarpsins yrði fylgt, þá þykist eg nóglega vera búinn að sýna, að grundvallarregla frumvarpsins er skökk og kemur í bága við tilgáng sinn. Þar á móti hyggur nefndin, að af grundvallarreglu hennar leiði eingin órèttindi fyrir nokkurn einstakan, og hefir hún viljað girða fyrir það, með því að heimila hlutaðeigendum vogrek á ítaksfjörum, ef máldagar fyrir þeim væru til, eður þeir að fornri venju hefðu notið þeirra. Eg verð að

vísu að játa, að það optast eru lènsjarðir presta, sem eiga ítök fyrir landi annara, en samt á þetta sèr ekki ætíð stað, heldur fylgja bændaeignum ítök fyrir landi annara bændaeigna, og kemur þá bersýnilegar fram, hvort rèttara sè, að jarðeigendur nú hljóti vogrekin, eins og áður var, eður rekaeigendur, sem frá sköpun heims aldrei hafa átt einn þumlúng af vogrekum á ítaksfjörum.

Enn fremur er það aðgætandi, eins og eg áður hefi vikið á, að öll ítök, og því rekaítök, eru óvinsæl í sjálfu sèr, og yrði það enn fremur, ef rèttur ítakseigendanna yrði rýmkaður, en á hinn bóginn skert rèttindi jarðeigendanna sjálfra. Menn verða líka að gæta að því, að hèr er ekki umtalsefnið, að allur reki á ítaksfjörum skuli gánga undir jarðeigendur, heldur að eins um vogrekin, og er það alkunnugt, að þau eru minnsti hlutinn af því, sem rekur. Jarðeigendur hafa einnig opt mikla ábyrgð á ítaksfjörunum, og ættu því einnig að hafa nokkur hlynnindi, og hefir þessa hingað til verið gætt alstaðar, þar sem því hefir orðið við komið, þó bændur hafi ekki getað orðið að njótandi neins góðs af því; því öll vogreksrèttindi voru fyrir laungu numin frá þeim, fyrst að ólögum, og seinna meir að lögum.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að játa, að eptir þessa ræðu hins heiðraða framsögumanns hefi eg ekki feingið ljósari hugmynd, en eg áður hafði um það atriði, er mèr var óljóst af ræðum hans áður. Dæmi það, sem hann kom með, hvernig kansellíið hefði skorið úr einni sök, held eg gjöri litið til, því eptir lögunum varð það þannig úr að skera, þar eð kirkjur eiga smávogrek á þeim jörðum, sem eru kirkjueignir, og hljóta því að gánga fyrir klaustrum, sem eiga að eins ítak í rekunum. Eg vil ítreka það, sem eg áður hefi sagt, hver væri tilgángur lagafrumvarpsins. Tilgángur þess er, einúngis að veita bændum eða privateigendum jarða rètt til þeirra vogreka, sem nú eptir löggjöfinni falla til dómsmálasjóðsins; og þar sem frumvarpið á kveður, að *rekaeigendur* eignist vogrekin, er tilgángur þess, að svipta eingan þeim vogrekarètti, sem hann hingað til hefir haft. Stjórninni var kunnugt, að víða áttu kirkjur og opinberar stiptanir reka-ítök fyrir bændaeignum. Þar sem svo á stendur, hefir því optast verið fylgt, að kirkjur tækju þar vogrek; og var það meiningin, að þær skyldu ekki sviptast þeim, en bændur fá hin, sem fallið hafa áður til dómsmálasjóðsins.

Við víkjandi breytíngaratkvæði nefndarinnar við 1. gr Nr. 6 í atkvæðaskránni (1), þá fer það hèr um bil sömu götu sem frumvarpið. Þó getur mèr ei annað fundizt, en frumvarpið fari aðalveginn, eða hafi fyrir augum aðalregluna, en breytíngaratkvæðið lúti fremur að því, sem er undantekníng, þó alt komi reyndar í sama stað niður, þar sem rekamaður og landeigandi er hinn sami. Til styrkíngar því, er þíngmaður Skaptfellínga sagði, að til væru fjörur í Skaptafellssýslu, sem eínginn ætti land að, vil eg geta þess, að líkt mun vera varið á Hèraðssöndum, er svo heita, í Múlasýslum. Orðið rekaeigandi á því betur við, en landeigandi. Við víkjandi hinu fyrsta breytíngaratkvæði nefndarinnar, þá held eg ekki hlýði vel, að fella úr orðin „á rèttum tíma“; því þau heimfærast til 2. gr. í opnu brèfi frá 4. maí 1778, sem eru þau nú gildandi lög. Þar segir svo: þegar einginn eigandi gefur sig fram innan árs og dags, o. s. frv. Við víkjandi breytingaratkvæði varaþíngmannsins frá Gullbríngusýslu (5), skirskota eg til þess, sem framsögumaður sagði; þess háttar miðlunarmál geta ekki átt sèr stað í slíkri löggjöf, sem hèr ræðir um. Hinn sami þíngmaður hefir og stúngið upp á því, að orðið „lagaheimild“ yrði sett fyrir þau orð, sem frumvarpið hefir; en eg ætla, að sú breytíng eigi ekki vel við, því það er án efa mörgum ítökum þann veg háttað, að ómögulegt er að leiða heimildir að þeim, en lángvinn hefð og gömul venja gjörir óyggjandi rèttindin til þessara ítaka.

Mèr virðist betur við eiga, að rekarèttur sè settur í stað vogreksrèttar, eins og eg áður hefi á vikið, og varaforseti hefir upp á stúngið í breytíngaratkvæði sínu Nr. 5 (3); því eg ætla, að rèttur til vogreka sè hvergi heimilaður með máldögum, heldur með lögum einúngis. Í fornöld var þessu öðruvísi varið, þá var vogreksrèttur ekki „regale“, en sèrhver landeigandi eignaðist vogrek, sem bar upp á jörðu hans, þegar eigandi leiddi sig ekki að. Á meðan fríveldið stóð, átti hver landeigandi rètt til vogreka á sínni eigin jörðu, án þess hið opinbera hefði nein afskipti þar af, og það var því eðlilegt, að þó reki væri gefinn eða seldur frá jörðunni, fylgdi vogrekarètturinn þar ekki með, og þannig er því varið eptir Jónsbók. En alt þetta breyttist, þegar stjórnin tók undir sig vogrekin frá landeigendum. Breytíngaratkvæði nefndarinnar Nr. 8 og 9 (7 og 8) við 2. gr. frumvarpsins, og viðauka-atkvæði hennar

við sömu gr. (10) eru í nánu sambandi hvort við annað, og skírskota eg til þess, er eg áður hefi þar um talað. Eg álít það ekki vel eiga við, að gjöra það að skilyrði, að brot af skipi og föstum skipsáhöldum fylgi með vogrekum, til þess að þau geti heyrt undir ákvörðun greinarinnar í frumvarpinu. Dæmið, sem til hefir verið fært um trjárekann í Grindavík, sýnir, að mikill fjöldi af telgdum trjám getur rekið á land í einu, án þess skipsbrot eður flekar fylgi þar með; og verður þó slíkt strandað góz ekki heim fært til smá-vogreka. Eg er samþykkur því, sem nefndin til greinir um opið brèf frá 21. apríl 1819. En þar á móti get eg ei fallizt á uppástúngu nefndarinnar í atkvæðaskránni Nr. 11 og 12 (10 og 11); því það er boðið að lýsa vogrekum, og álít eg það þess vegna ónauðsynlegt, að setja ákvörðun um það í þessa löggjöf, og það því síður sem nefndin hefir viður kent, að misfellur væri á sínum uppástúngum, hvað einnig er eðlilegt, þar sem hún hefir unnið að þeim í flýtir, að kalla má, er því ekki neitt ólíklegt, þó stjórnin kunni ekki að geta fallizt á nefndarinnar uppástúngur. Þegar stjórnin fer að velta fyrir sèr uppástúngum Reykjavíkurnefndarinnar um þetta málefni, get eg til, að hún muni finna við þær eitt og annað athugavert, og þó gat tèð nefnd betur geingið frá verkum sínum, en þessi nefnd hefir átt kost á. Við breytíngaratkvæðið Nr. 15 (14) hefi eg ekkert að athuga, eg held ei verði lángt að bíða rekabálks; en þar á móti virðist mèr mjög mikið áhorfsmál að fallast á hið síðasta breytíngaratkvæði (13); því hvorki yrði það vinsælt hjá þjóðinni, að fresta útkomu þessa lagaboðs, og svo mundi stjórninni þykja það kynlegt, ef landsmenn hèr vildu ei taka því góða boði, sem stjórnin með lagafrumvarpi þessu býður þeim.

Framsögumaður: Eg verð þó að leyfa mèr að gjöra nokkrar athugasemdir við ræðu hins hátt virta konúngsfulltrúa. Hann viður kendi, að tilgángur lagaboðsins væri, að skerða eingin vogreka-rèttindi þau, sem löglega væru á komin; þetta kannast eg einnig við, og var hinn sami tilgángur nefndarinnar.

Hann vèk orðum sínum að dæmi því, er eg færði úr Norðurlandi, og veik því þannig við, sem eg áliti það undantekníngu, sem það þó ekki væri, því kansellíið hefði orðið að skera úr því á þann hátt, sem eg til greindi. Þetta vissi eg mikið vel, og hef aldrei til fært dæmið í öðru skyni, en til þess að sýna, að aðalgrundvallarreglu lagafrumvarpsins gæti ekki

orðið fylgt, án þess einstökum væri óréttur gjör. Í hinu um rædda tilfelli hlaut kirkjan eða kirkjujörðin nefnil. vogrekið að lögum, en hefði þetta nýa lagaboð þá verið út komið, þá átti klaustrið það, sem rekaeigandi.

Konúngsfulltrúinn drap líka á það, að til væru rekafjörur, sem enginn ætti land að, og vildi þar með styrkja sögusögn fulltrúans úr Skaptafellssýslu í gær. Hvað Skaptafellssýslu snertir, get eg nú samt ekki kannazt við þetta; en ætti það sér nokkurstaðar stað, þá eru úrræðin hæg; því þá gætu ei aðrir en rekaeigendur eignazt vogrekin, þar eð í þeim tilfellum fèlli saman landareign og rekarèttur, og væri þá eðlilegt og sjálfsagt, að vogrekin fylgdu rekafjörunni. Að öðru leyti verð eg að vera hinum hátt virta konúngsfulltrúa samdóma um, að það eigi ekki við, að „lagaheimild“ sè sett í staðinn fyrir, „að fornri venju“; því nefndin valdi einmitt orð þetta, af því hún óttaðist fyrir, að kirkjur og opinberar stiptanir kynni að bresta lagaheimild fyrir vogrekum þeim, sem þær þá að fornri venju hefðu notið. Hvað því við víkur, að strandað fè í þeirri þýðingu, sem laga frumvarpið tekur það, opt beri að landi, án þess að fylgi með flekar af skipum eða föst skipsáhöld, þá verð jeg þó að halda, að þetta sè mjög svo sjaldgæft, og misjafnar mundu verða meiningarnar um strandað fè, ef ekki verða sett greinilegri takmörk um, hve nær hið rekna skuli álíta strandað fè og hve nær vogrek, heldur en í 2. grein lagaboðsins er gjört. Eg skal nú annars láta það liggja á millum hluta, hvað nefndin hefir verið heppin eða óheppin í tillögum sínum um lýsingar vogreka, en hitt veit eg, að ekki tjáir að skírskota til þess, að lög sèu til, sem bjóða lýsingu vogreka, þegar menn á hinn bóginn vita, að þeim hefir aldrei verið fylgt, og eru því orðin eins konar fornmenjar, sem alþýða veit ekki af. Hafi vogrekum kirkna og alþjóðlegra stiptana aldrei verið lýst, sem þó var lagaskylda, þá væri það undarlegt, að bændur tækju það upp hjá sjálfum sèr að lýsa þeim, án þess að hafa þar til nokkra skyldu, á meðan þó prestarnir við hliðina á þeim og forráðamenn hinna alþjóðlegu stiptana þegja um þau. En sè það að öðru leyti ekki gjört að skyldu að lýsa vogrekum og ekki lagðar sektir við, ef af er brugðið, þá er öllum óhætt og óhult að taka, grafa niður og byrgja öll vogrek, jafnótt og þeir komast höndum yfir þau, og yrðu þá eigendur þeirra réttlitlir.

Konúngsfulltrúi: Eg verð þó landsmanna minna vegna að mótmæla því, sem framsögumaður sagði. Eg veit til þess, og hefi þar um þó nokkra reynslu, að hafi telgd trè, svo sem 10 eða 12 rbd. virði rekið upp á bænda eignir, þá hefir eingin launúng verið á þeim höfð, og sýslumaður hirt andvirðið, eins og vera átti, en prestar hirt það, sem þeir áttu tilkall til. En hafi skipsflak verið með, þá hefir rekanum verið lýst að amtmanna ráðstöfun, svo eigendur spyrðist uppi; eg ætla því að standa megi við það, sem þar um segir í opnu brèfi frá 4. maí 1778 § 2.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi sagði, skal eg einúngis leyfa mèr að drepa á, að það skipti alt öðru um lýsingar vogreka, meðan sýslumenn höfðu þá skyldu á herðum sèr, að halda þeim undir lögreglusjóðinn; en kríngumstæðurnar verða allar aðrar, þegar þessi skylda þeirra hættir, og vogrek þau, sem til fèllu dómsmálasjóðnum, eptirleiðis til falla jarðeigendum. Þó eingin hætta væri að veita *piis corporibus* og á alþjóðlegum stiptunum nokkur hlynnindi í tilliti til vogreka, með því að trúa þeim fyrir lýsíngu þeirra, þar eð svo væri ráð fyrir gjörandi, að forráðamenn þeirra mundu ekki gjöra sig seka í neinni óráðvendni, þá væri þetta samt áhætta, þegar hlynnindin á að veita öllum takmarkalaust; því eg læt ekki ást til landsmanna minna byrgja svo fyrir augu mèr, að eg sjái ekki fram á það, að einhverjir meðal þeirra kynnu hèr eptir að hittast óráðvandir, eins og hingað til, og þegar slíkir menn kæmust á fjörurnar, væri þeim vorkun, þó þeir gjörðu í lagaleysi, það sem þá fýsti til.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að svara þar til, að þó bændum verði gefinn sami réttur, sem prestar hingað til hafa haft, þá ætla eg, að bændur vorir sèu svo ráðvandir, að þeir fari ekki miður með vogrek, en prestar hafa gjört alt til þessa.

Jón Guðmundsson: Eg verð fyrst og fremst að biðja ena heiðruðu þíngmenn og hinn hátt virta forseta fyrirgefníngar á því, að eg kom ekki á þíng í morgun, og tjáði þó ekki áður forföll mín; eg ætlaði að vísu að koma, en eg vann að öðrum þíngstörfum og kom of seint. Ekki tók eg mèr það samt nærri, þó þíngmenn svo að segja í einu hljóði feldi breytíngaratkvæði mitt við 18. gr. í erfðalögunum, það var verst fyrir þíngið, því þar með var hinu sama farið fram, sem þíngmenn samþyktu í einu hljóði 1847.

Forseti: Eg vildi óska, að hinn virðulegi þingmaður færi ekki að tala um mál, sem þegar er út rædt.

Jón Guðmundsson: Já, eg veit það, eg er líka búinn!

En eg stóð einkum upp til að tala fátt eitt um vogrekamálið. Eg get ómögulega sannfærzt um, að það sè þó ekki miklu rèttara í öllu tilliti, sem frumvarpið fer fram, að rekamaður hljóti vogrekin, heldur en að jarðeigandi hljóti þau, eins og nefndin stingur upp á. Framsögumaður hefir opt sagt það uppástúngu nefndarinnar til málsbóta, að ekki megi skerða neinna rètt; þetta er satt, eg játa það. En hèr er það vel að merkja aðalumtalsefnið, að veita mönnum aptur þann rètt til vogrekanna, sem þeir um tíma hafa verið sviptir að undan förnu; stjórnin vill einmitt, að þeir fái þann rètt, sem áður áttu hann. Nefndin segir, að landeigendur hafi átt vogrekin áður, þetta er líka rètt og vafalaust, en það eru líka einmitt landeigendurnir, sem hafa gefið reka-ítökin eður selt þau undan jörðum sínum með öllum þeim rètti, sem þeir áttu þau sjálfir, flestar slíkar gjafir eru frá pápiska tímanum, og var þá sjaldan dregið af. Þannig ætla eg það þá auðsætt, að rekaeigendurnir sèu, eins og landeigendur, þeir rèttu eigendur að vogrekunum, og að þeir (hinir rèttu rekamenn, eins fyllilega, eins og landeigendur sjálfir, þar sem rekinn er ekki ítak, en fylgir lóðinni) hljóti vogrekin, fyrst þeim er nú aptur skilað; landeigendanum einum getur ekki borið það, þeir geta eingan rètt átt á því, sem þeir voru búnir að gefa og afsala sèr til ítakamannanna.

Eg þori ekki að tala margt um bændaeignar reka fyrir kirkjujörðum, því eg er of ókunnugur um land alt til þess. Nokkuð er mèr kunnugt um dæmið það, sem á var drepið í gær, Vindborðs bændaeignar-reka fyrir landi Einholtskirkju. Mèr er fullkunnugt um það, að sýslumaðurinn, sem seinastur var í Skaptafellssýlsu, mun ekki hafa meinað prestinum að taka vogrekin af þessari bændaeign; hinn sýslumaðurinn, sem var á undan, mun hafa geingið nokkuð harðar eptir fyrir hið opinbera, og vissi eg til þess, að þráttan nokkur varð þá um vogrekstrè, er rak á Vindborðsfjöru, finnst mèr líka, að fyrir þessu tali mikið, þegar þeirri skoðun er haldið, að rekamaður eigi vogrekin, því þá kom hið opinbera og tók þau, þar sem bændur áttu í hlut. Mig furðaði allan á því, þegar framsögumaður sagði áðan, að hvergi væri það land að sjó í Skapta-

fellssýslu, að ekki *ætti* það einhver; eg veit vel að menn eru óbágir á að *eigna* sèr lönd þar og víðar. Eg vil vísa framsögumanni til Brunasandsins, og er það einhver minnsti sandurinn; hann veit þó, að þar eru reist fyrir skemmstu 3 nýbýli, þrátt fyrir mótmæli jarðeigenda í grend, og mælt land í sjó, þó voru þar áður af markaðir rekar. Eða hver á Mýrdalssand? Eg ætla, að sama yrði upp á, ef hann grèri upp, eins og varð um Brunasandinn, að þar yrði reist ótal nýbýli, ef þess væri krafizt. Hver á Lómagnúps eður Skeiðarársand? Hver á Breiðamerkursand, þar sem menn hafa sannar sögur af að heilar bygðir hafi eyðzt? Mundi þar ekki koma nýbýli, ef þeir grèri upp, þótt einhverjir eigni sèr landið ástæðulaust? Rekarnir eru að vísu af markaðir fyrir söndunum, en þetta sannar ekkert, því nýbýlamenn geta heimtað sèr mælt út land í sjó; og hverjir hljóta þá vogrekin, nema landeigendur? Eg veit ekki nema eitt einasta dæmi þess, að jörð fjærri sjó geti með rètti helgað sèr slíkar sandeyður í sjó fram, en það er Skjaldbreið, þar sem áður var bygð, er Hörgslands-spítali og Foss á Síðu hafa hlotið eignarrètt yfir fyrir reglulegan sættasamning; og kemur það ekki því máli við, hve litlar ástæður muni hafa verið fyrir því, að helga fjarlægum jörðum það land, sem áður hafði verið bygð í.

Þar næst liggur beint við, ef uppástúngu nefndarinnar yrði framgeingt, að þar af myndi risa margfaldar málssóknir og og málaþras, þegar landeigendunum á að helga svona öll vogrekin, nema annað sannist. Því eg ætla, að fyrir marga landeigendur verði hèr svo mikil ávinníngsvon, að þeir horfi ekki í að leggja út í tvísýn mál, til þess að láta kirkjur og aðra ítakamenn sýna heimildarskjölin, svo að dæmt verði um gildi þeirra, og sanna hina „fornu venju“, sem hèr er gjört mikið úr, að eg heyri, en opt er næsta misdæmd, og verður næsta lítið úr, þegar til dóma rekur. Mèr finnst nú næsta ísjárvert, að gefa atkvæði sín þeirri uppástúngu, sem getur valdið jafnmiklu þrasi, ágreiníngi og máladeilum, en breytir að öllu áður óátöldum rètti manna.

Enn finnst mèr eitt næsta athugavert við þetta, en það er jarðamatið, sem nú er nýafstaðið, eður á að af ljúka í ár; þar mun þó vera metinn rekinn, eins og hann er nú; eg veit það vel, vogreksrètturinn er metinn, þar sem ítakajarða-eigendur eiga þau; en er hann metinn á bændajörðunum, má eg

spyrja? og sumar bændajarðirnar fá svo afar mikinn vogreksrètt eptir nefndar uppástúngunni, að verð þeirra breytist við það gjörsamlega, og yrði þetta hvergi nærri eins, ef rekamenn hlyti. Oddar í Meðallandi hafa vart verið hátt metnir, mig minnir, að sá, er seinast seldi, þæktist veiða vel, er hann gat feingið fyrir þá jörð 60 spesíur; en hljóti hún vogreksrètt allan af ítakafjörunum, sem liggja fyrir landinu, verður hún víst 800—1000 rbd. virði.

Alt þetta, er eg nú hefi vakið máls á, þykir mèr næsta íhugunarvert, og sanna nægilega, að uppástúngu nefndarinnar eigi einginn að gefa atkvæði sitt.

Um það, sem nefndin hefir stúngið upp á, til þess að auglýsa vogrekin, er eg einnig sömu meiníngar og fyrri; það væri gott, ef girt yrði fyrir óráðvandlega meðferð á því, sem öðru, og að vogrekum yrði skilvíslega lýst, en eg ætla víst, að þessar reglur, sem nefndin hefir stúngið upp á, geti aldrei komið að haldi. Þeir, sem óhlutvandir eru á annað borð, geta hæglega farið í kríng um þessar ákvarðanir, og þegar það er í augum uppi, að lagareglan hlýtur að verða fótum troðin, og í kríng um hana farið á ýmsan veg, þá er miklu nær, að hafa hana alls einga.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga sagði, að það væri aðalumtalsefnið, að skila þeim aptur vogreksrèttinum, sem hann var tekinn frá, og játa eg það satt vera; enda var það nefndarinnar skoðun á málinu; en mætti eg spyrja, frá hverjum voru þau tekin, nema jarðeigendum? Hann hèlt, að landeigendurnir hefðu gefið reka-ítökin eður selt úndan jörðum sínum með öllum rètti, sem þeir áttu þau sjálfir með, og þá líka með vogreksrèttinum.

Það væri þó merkilegt, ef svona hefði verið, að Jónsbók skyldi gjöra það að aðalgrundvallarreglu sinni, að vogrek á ítaksfjörum skyldu fylgja landareign, og held eg í þessu liggi næg sönnun fyrir því, að vogrekin ekki hafi fylgt með ítökunum. Hann bar mèr á brýn, að eg hefði verið linur að ganga eptir vogrekum handa dómsmálasjóðnum, og finn eg orsök til að þakka honum slíkan vitnisburð; en þó hygg eg svo muni fara, að margir undir skrifi hann ekki með honum; því eptirgángssamari þókti eg í því tilliti, en formenn mínir, og vil eg nefna það til dæmis, að eg heimtaði vegna dómsmálasjóðsins vogrek af fjörum fyrir landi bændakirkjueigna, að sömu til-

tölu sem bændaeignin var í samanburði við kirkjueignina, þar sem á undan mèr hafði verið sú venja, að láta öll vogrek á slíkum eignum gánga undir kirkjuna. Þar sem þíngmaðurinn nefndi Vindborðsfjöruítakið, þá held eg hann viti ekki um, hvort önnur venja hafi verið á undan mèr, og verð eg að neita því, og að minnsta kosti var önnur venja mótstríðandi þeim lögum, er gilda. Að öðru leyti get eg ekki verið að elta þíngmanninn austur um alla sanda í Skaptafellssýslu; því eg var búinn að fá nóg af því að ferðast yfir þá. Það ríður heldur á eingu, þó einhverstaðar kynni að vera svo á stadt, að enginn ætti land að rekafjöru, því þá fèlli saman, eins og eg áður hefi opt sagt, rekaeigandi og jarðeigandi, eða rèttara sagt, jarðeigandi fèlli burt. En hvað Skaptafellssýslu snertir, þá er þetta ekki satt, og þegar hann nefndi Mýrdalssand svo sem það land, er einginn ætti, þá þókti mèr hann þokast heldur nærri bústað mínum, sem áður var; enda mun þíngmaðurinn hafa heyrt nefnt Þykkvabæarklaustur, Bólhraun og Hjörleifshöfða, og þækti mèr gaman að vita, hve stórt millibilið á Mýrdalssandi yrði á millum landamerkja þessara jarða; en hitt veit eg með vissu, að lítið verður millibil á milli rekafjaranna, þegar hann er búinn að kotra niður ítökum þeim, sem Herjúlfsstaðir, Kellíngadalur og Þykkvabæarklausturskirkja (Dynskógafjara) eiga þar. Á Breiðamerkursandi eiga jarðirnar Fell og Tvísker mikið land, eins og líka Skálholtskirkja og Sandsfellsprestakall eiga þar ítök. Hinum sama heiðraða þíngmanni blæddi líka í augum, að jörðin Oddar í Meðallandi hækkaði svo mjög í verði við vogrekin eptirleiðis, ef fylgt væri uppástúngu nefndarinnar; en eg get huggað hann með því, að jörð þessi varð fyrir miklum áföllum af sandfoki næst liðið vor, svo öll líkindi eru til, að bæinn þurfi að flytja úr þeim stað, sem hann nú er, og á þá jörðin ekkert bæjarstæði til í landareign sinni. Annars græðir jörð þessi ekki svo mikið, eins og hann hyggur; því Ása og Búlandskirkjur eiga þar rekaítök, og á hinum öðrum jörðum, sem ítök eiga þar, hafa verið bænahús, svo það gæti verið vafamál, hvort vogreksrètturinn ekki ætti að fylgja jörðunum; en að skera úr því, kemur ekki þessu máli við.

Varaforseti: Eg tók mèr í gær tvö breytíngaratkvæði til uppástúngu nefndarinnar við 1. gr. lagafrumvarpsins; annað það, er hinn hátt virti framsögumaður áðan gat að orðið „prestar“ fèlli úr,

og sem nefndin nú hefir gjört óþarft með því að breyta því orði í lènsjarðir presta; en hitt breytíngaratkvæðið tók eg til sömu greinar, og vildi eg hafa „vogreksrètt“ breytt í „rekarètt“.

Hinn heiðraði framsögumaður hefir opt í umræðum þessa máls látið það í ljósi, að nefndinni hafi ekki komið til hugar að hnekkja rètti nokkurs manns nè nokkurrar stiptunar, og ætlar hann rètti kirkna og annara opinberra eigna að fullu borgið með varúð þeirri, er við er höfð af nefndinni þeirra vegna. En mèr virðist nú þetta alt á aðra leið, og að nefndin hafi farið í þessu í flæmíngi, þó ekki launkróka; því á endanum lendir þar við, að kirkjur skuli sanna rètt sinn til vogrekanna með máldögum eða fornri venju. En eg sýndi í gær, að þetta væri því nær ómögulegt, og verður þá niðurstaðan, að aðferð nefndarinnar leiðir beinlínis til að úti loka kirkjur og opinberar stiptanir frá allri hluttekníngu í vogrekunum. Eg hef sèð marga kirkna-máldaga, og á sjálfur máldaga Vilkíns og Gísla, biskupa, og hef í eingum þeirra sèð vogreksrètt nefndan, sem ekki var heldur von til; því þá var vogreksrèttúrinn algjörlega sameinaður öðrum rekarètti, og hèlzt það, þángað til að konúngur tók 1595 vogreksrèttinn frá kirkju og kalli.

Það er mönnum kunnugt, að ekki eru öll ítök kirkna gefin undir kirkjurnar, heldur segja fornar fræðibækur vorar frá því, að mörg ítök hafi verið keypt fullu verði undir staðina, en samur er rètturinn ítaka þessara, hvort sem þau nú hafa verið gefin eða seld; því eins hefir gjafari, eins og seljandi, afsalað sèr eigninni með öllum þeim rètti, sem henni fylgdi.

Hið annað, sem eptir uppástúngu nefndarinnar á að vernda rètt kirkna og opinberra stiptana, er „forn venja“; en nefndin getur þess ekki, hversu forn hún á að vera. Það verður þá að líkindum hin fyrnsta. En það er nú hin yngri venjan, sem gefið hefir kirkjunum rètt til vogrekanna; því þegar Brynjúlfur biskup Sveinsson aflaði kirkjum tilskipunarinnar frá 3. maí 1650, þá eignuðust þær rètt þann til vogrekanna, sem þær hafa síðan notið, en hverjum þær höfðu verið sviptar frá 1595. Nú hefir nefndin ekki sagt mèr, hver venjan á forn að heita, sú sem tíðkazt hefir frá 1650, og varla má venja heita, því þetta hefir síðan verið lögbundið, eða sú venjan, sem var frá 1595 til 1650. Eg að mínu leyti mundi nefna hina eldri venjuna „forna“, og svo munu fleiri gjöra.

Af þessu, sem hèr er talið, fæ eg þrátt fyrir allar fortölur hins heiðraða framsögumanns ekki skilið, að það hafi verið tilgángur nefndarinnar, að vernda rètt kirkna og opinberra stiptana til vogrekanna, heldur, að hún vilji draga allan vogreksrètt undir svo kallaða jarðeigendur; svo kallaða, segi eg, því aldrei eru eptir mínum skilníngi jarðareigendur landeigeigendur þeirra rekaítaka, sem ákvörðuð rekamörk hafa; því annaðhvort eru þau gefin eða seld með fullum eignarrètti. Eg get því með eingu móti fallið frá breytíngaratkvæði mínu, og vona, að allir þeir, sem ekki vilja fleka rètt undan rèttum eiganda, gefi því atkvæði, að kirkjur eigi þar vogreksrètt, sem þær eiga rekarètt.

P. Pètursson: Eg vil lýsa því, hvernig eg ætli að greiða atkvæði í þessu máli. Mèr virðist stjórnarfrumvarpið um vogrekin byggja þá grundvallarreglu sína, að rekaeigendur skuli eignast þau, á þeirri skoðun, að það sè ekki verulegur mismunur á vogrekum og öðrum reka; en eg held, að menn mjög skjaldan sèu í vafa um, hvað sè vogrek og hvað ekki, heldur sèu optast nær færir um að gjöra mun á vogrekum og öðrum reka. Með tilliti til þessa þykir mèr grundvallarregla frumvarpsins ekki sem traustust, og felli eg mig betur við grundvallarreglu þá, sem nefndarálitið samkvæmt Jónsbók tekur fram, að landeigendur eigi vogrek á ítaksfjörum. Væri hèr því talað um lagaboð, sem ætti að hafa gildi fyrir alda og óborna, þá vildi eg heldur gefa atkvæði mitt fyrir nefndarálitinu, því heldur sem það er meðmælt bændunum, sem opt hafa orðið fyrir halla og kúgun hèr á landi á fyrri tímum af klerkavaldinu, meðan það var uppi, og á seinni tímum af yfirgángi einstakra veraldlegrar stèttar manna. En þíngmaður Skaptfellínga hefir bæði við undirbúníngsumræðu þessa máls, og eins áðan, tekið það skýrlega fram, að væri farið eptir nefndarálitinu í þessari grein, mundi það valda miklum þrætum og ágreiníngi, og, ef til vill, gefa tilefni til þess, að margir mistu þess rèttar, sem þeir nú hafa. Eg játa það að vísu, að nefndarálitið skerðir ei rèttindi annara; en það vekur efa um rèttindin og gjörir mönnum það að skyldu, að verja rètt sinn og færa sannanir fyrir honum, þar sem þó þetta optast nær er undir orpið fyrirhöfn og erviðleikum, og víða hvar bágt að sanna rèttinn af þeim ástæðum, sem hinn heiðraði varaforseti tók fram.

Þegar þess er gætt, og líka hins, að lagafrumvarpið er bænda-

stèttinni meðmælt, að því leyti sem það eptir lætur henni þau vogrek, er fyrst voru á skilin sýslumönnum eptir tilskip. 4. maí 1778 § 3., og seinna dómsmálasjóðnum; þegar þessa er gætt, og jafnframt ágreinings þess, sem nefndarálitið mundi gefa tilefni til, en að bændastèttin má sjálf kosta mál gegn opinberum siptunum, þegar nokkur tvísýni er á rètti hennar, þar sem þær fá gjafsókn, og að bændastèttin borgar þetta jafnvel líka; þegar alls þessa, segi eg, er gætt, þykir mèr vafi á, að hagnaður sá, sem bændastèttin kynni, þar sem svo á stendur, að hafa af því, ef skoðunarmáta nefndarinnar yrði framgeingt, gæti vegið upp á móti þeim kostnaði, sem þar af mundi leiða fyrir bændastèttina yfir höfuð, einkum þegar þetta væri samfara landamerkjalýsingar-málinu, sem einsamalt hefir í sèr nóg ágreiningsefni.

Þessi vafi er því meiri hjá mèr, sem eg álít það sèrlega áríðandi, að forðast alt það, er valdið getur ágreiningi, einkanlega nú, þegar áhugi allra ætti að stefna að almennings heillum og almennum fèlagsmálefnum; því sè nokkurn tíma þörf á fèlagsanda hjá oss Íslendingum, þá er það nú, þegar þau mál fara í hönd, sem snerta almenna heill landsins, eg meina til þjóðfundarins að ári, sem allir ættu með samheldi að búa sig sem bezt undir. En væri nú þessu ágreiningsefni kastað inn í landið, og menn færu að rísa upp hverjir gegn öðrum, bændur gegn stiptunum og þær gegn þeim, þá dræpi það fèlagsandanum niður, og ef við hefðum þess konar stjórn, sem vildi sundra honum, þá væri einginn máti betri til þess, en sá, að kveykja sem mesta óvild og deilur milli stèttanna og einstakra manna, eptir þeirri gömlu reglu: skiptu og stjórnaðu svo *(divide et impera)*. Þegar eg nú loksins lít á það, að þetta er ekki nema einstakt atriði í reka-löggjöfinni, og að frumvarpið getur eptir eðli sínu ekki verið nema til bráðabirgða, þángað til ný löggjöf um alt þetta efni kemur út, eins og við líka höfum heyrt af sögu málefnisins, þá ætla eg við atkvæðagreiðsluna að gefa atkvæði mitt vara-atkvæði hins virðuglega þingmanns úr Strandasýslu, að þetta lagaboð fái að eins gildi fyrst um sinn.

Th. Gudmundsen: Þó eg nú standi upp, ætla eg ekki út á öræfi, heldur vildi eg halda mèr til bygðarinnar og strandanna. Því var áðan hreift, að sumir sýslumanna mundu gánga heldur lint eptir vogrekum, en hafi það verið, þá er það næsta

fyrirgefanlegt, því það er þó hin lúalegasta smalamennska fyrir sýslumann, að fara í kríng um öll vogrek þessi, og að leita að þeim í hverjum krók og kima, eða jafnvel inn í fjósum og hesthúskofum hjá bændunum, og verða nærri því að reingja bændurna um þetta alt, þar sem aptur á móti Jónsbókar grundvallarregla er svo eðlileg og sanngjörn, að það fylgi landi, er á land rekur. Eg fyrir mitt leyti hefi því í öllum vafa í þessu efni heldur viljað, að hið opinbera liði, en bóndinn. Því geðjast mèr vel nefndarálitið, og held eg, að þessari smalamennsku verði bráðum hætt, og vildi eg óska, að þingið aðhyltist skoðun nefndarinnar. Þess var áðan getið, að hin veraldlega stètt hefði kúgað bændurna, en án þess að taka hana í forsvar að öðru leyti, virðist mèr þó, að þeir sýslumenn, sem ei hafa geingið hart eptir vogrekunum á bændaeignunum, ekki hafi í því sýnt bændunum neina kúgun. Mèr hefði bezt fallið, að allur rekabálkur, sem nú er búið svo mikið að ræða og rita um, hefði verið lagður fyrir þingið og löggiltur, áður en jarðamatið hefði fram farið, því jarðir geta þó ei metizt með vogreksrèttindunum, fyrr en þau eru lögð til þeirra, og nái þær seinna þessum rèttindum, þarf að meta þær um. Fyrst rekabálkur enn þá er ókominn frá stjórninni, virðist mèr ei þurfa að flýta sèr svo mikið með þessi vogrek, og þótt frumvarpið bæti mikið úr fyrir bændunum um vogrekin, held eg samt, að þessi löggjöf geti beðið 1 árið enn, þegar hún ei gat orðið á undan jarðamatinu. Eg er því helzt á því, að eingin beiðni sè send frá þinginu til konúngs um að löggilda frumvarpið, en því næst, að þessi löggjöf komi út til bráðabirgða, eins og hinn virðulegi þingmaður Strandasýslu hefir stúngið upp á.

Framsögumaður: Eg skal að eins leyfa mèr að víkja fáeinum orðum að því, sem 2 hinna heiðruðu þingmanna nú sögðu. Þegar hinn hátt virti þingmaður Borgfirðínga hélt, að elzta venjan gæti helzt kallast forn, þá ætla eg betur eigi við, að kalla hana fyrnda. Annars er það að gætandi, að 1595 voru að eins skips-vogrek tekin undir krúnuna, en að hin vogrekin voru einnig tekin, var misskilníngi eða ásælni að kenna, en ekki löggjöfinni. Tilskipunin af 1650 gaf þannig í raun og veru ekkert aptur; því það var aldrei tekið að lögum.

Það hækkuðu eyrun á mèr og líklega samnefndarmönnum mínum, þegar varafulltrúi hinnar andlegu stèttar, í byrjun ræðu sinnar, lýsti svo miklu lofi yfir áliti nefndarinnar, og þó

þau sikkuðu, þegar fram í sókti, verð eg þó að mínu leyti að álíta mig mjög svo skuldbundinn fyrir hólið; en eg ætla bændunum að þakka honum fyrir heilræði þau, sem hann leggur þeim, að fram fylgja ekki vogreksrètti sínum. Annars á eg ofur bágt með að láta mèr skiljast, hvernig vogrekin geti verkað á þjóðfundinn að ári.

Eg get ekki fyrir mitt leyti borið neinn óttalegan kvíðboga fyrir málaferlum út af vogreks-rèttindum framvegis; en þó svo fari, að slík málaferli rísi manna milli af því, að þeir vilja neyta rèttinda sinna, þá kýs eg það heldur, en að löggjafinn skeri rèttinn þvert yfir, og vil eg bera það undir alla menn, hvort þeim ekki þyki það fýsilegra og í alla staði eðlilegra. Það er annars merkilegt, að brýna fyrir alþýðu málskostnað þann, sem hún yrði að bera, þegar hún ætti í höggi við kirkjur og alþjóðlegar stiptanir. Þegar kostnaður þessi er ókljúfandi, eða þó ekki vinnandi til að fram fylgja rètti sínum vegna hans, þá er ekkert hægra, en sleppa rètti sínum við blessaðar kirkjurnar og stiptanirnar; þá er öllu óhætt og vel borgið.

Þ. Sveinbjörnsson: Af þeim mörgu umræðum, sem hèr hafa þegar orðið um þetta mál, hefi eg fremur styrkzt, en veikzt í þeirri skoðun minni, að ekki eigi að biðja um frumvarp þetta, sem lög. Mèr sýnist ræðurnar gángi út frá allshendis gagnstæðum grundvallarreglum. Frumvarpið vill láta rekaeigendur fá vogrekin; nefndin vill, að jarðeigendur fái þau. Nefndinni hefir geingið hið bezta til, að reyna til að fullkomna frumvarpið, en hefir þó ekki tekizt það, sem ekki var heldur von til á stuttum tíma. Hún hefir skotið inn nýrri grein um lýsingar á vogrekum, en getur þó ekkert um þessar lýsingar í viðbætir sínum við 1. grein, en hún talar þar einúngis um, „að eignast“ vogrekin. Svona er það í atkvæðaskránni, sem èg hefi fyrir mèr. Nefndin finnur enda nauðsynlegt, og það var það líka, að skjóta inn grein um straff fyrir ótèrlega meðferð á vogrekum. Alt þetta sýnist mèr benda á ófullkomlegleika frumvarpsins. Og þó nefndin hafi með viðaukum sínum gjört frumvarpið tvíslíkt við það, sem það áður var, þá hefir það þó gleymzt henni, að tala um meðferð og geymslu á vogrekum, um vogrek, sem finnast á eða í sjó, og fleira þess háttar. Í viðauka nefndarinnar við 2. gr. finnst mèr alt um of óákveðið. Hvað kallar hún „samkynja viði“? Hvað er „á strjálíngi“? Hvað lángt tímabil er „um sama leyti“? Hvað lángt frá eru

„nálægar fjörur“? Konúngsfulltrúinn hefir sagt, að frumvarpið einasta tali um vogrek á bændaeignum, en til þessarar takmörkunar ætla eg frumvarpsins 1. gr. ekki gefi neitt tilefni. Framsögumaður hefir tjáð sig samþykkan breytíngar-atkvæði þíngmannsins frá Strandasýslu, en eg ætla þó, að hans hugmynd um frumvarpið sè minni harla náskyld.

Framsögumaður: Hinn hátt virti fyrsti konúngkjörni þíngmaður saknaði þess í breytíngaratkvæði nefndarinnar við 1. gr. frumvarpsins, að ekki væri skírskotað til 3. greinar um lýsíngu vogreka; en honum hefir yfir sèzt, því þetta hefir nefndin gjört, og stendur það þannig í atkvæðaskrá þeirri, er eg hefi fyrir mèr, svo ef það ekki er í hans atkvæðaskrá, á hann þá sök upp á afskrifandann, en ekki nefndina. Hvað samkynja viðir sèu, er bágt að á kveða, en optast nær ber svo við, að aðalstrandið ber upp á einn stað, og á fjörur í grend meira eða minna af samkynja við, eptir því sem fjarlægðinni svarar, og eru þá öll líkindi til, að allur þessi viður til heyri sama strandi; en annars hefir eingum dottið í hug, að vilja heim færa undir þetta, þó einstaka plánki af sama ræki á einhverja fjöru í fjarska. Annars geing eg að því vísu, að í þessu og fleiru tilliti kunni að finnast missmíði á breytíngum nefndarinnar við lagafrumvarpið, en eg vona, að kríngumstæðurnar afbati þau, og að hjá nokkrum slíkum missmíðum á lagaboðum verður aldrei sneidt; því öll lagaboð eru þó mannleg verk. Hvað því við víkur, að ákvörðun vanti um meðferð á fè því, sem ekki getur geymzt án skemda, sem varaþíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu einnig drap á í gær, þá þókti nefndinni slík ákvörðun of smámunaleg í lagaboði þessu, en taldi það víst, að hún yrði fram tekin í hinu algjörða rekaboði, sem er í vændum. Þar á móti þókti nefndinni brýn nauðsyn vera á ákvörðun um þínglýsíngu vogreka, þegar umsjón hins opinbera á þeim að miklu leyti yrði að falla í burtu, er dómsmálasjóðurinn nú misti þau.

Eg get að vísu ekki neitað því, að breytíngaratkvæði hins hátt virta konúngkjörna þíngmanns er skylt breytíngaratkvæði meðnefndarmanns míns, en mikill munur er samt á því, að fá hin mikils um varðandi rèttindi strax með lagaboði, sem væri til bráðabirgða, og hinu, að verða að bíða þeirra um óvissan tíma, og vona eg því, að þíngmenn ekki láti smágalla á frumvarpi þessu, og nefndarinnar breytíngum við það, fæla

sig frá að aðhyllast það. Það er auðvitað, að ef tíminn hefði verið leingri, þá hefði mátt gánga betur frá frumvarpi þessu; en eg vona samt, að nota megi lagaboð það, er samið yrði eptir því, þángað til annað fullkomnara lagaboð kemur, og því betur sem það verður úr garði gjört, því meiri verður þá fögnuðurinn.

J. Johnsen: Eg þarf ekki að vera lángorður um breytíngar-atkvæðið mitt, sem fer því fram, að orðin, „á réttum tíma“ í 1. grein frumvarpsins og eins hjá nefndinni, falli úr. Hinn heiðraði framsögumaður hélt, að með þeim hætti yrði eingin umsjón höfð með því, að bændur, sem nú fá að eignast vogrek, ekki tæki meira, en þeir ættu, eða annað en það, sem einginn getur leidt sig að, og hinn hátt virti konúngsfulltrúi var hér um bil á því sama; en eins og frumvarpið hvergi segir, hver þessi rétti tími sé, og konúngsfulltrúi í þessu tilliti benti til 2. greinar í opnu brèfi frá 4. maí 1778, svo skilst mèr einnig að því leyti vera þess minni þörf á, að bæta við þeim ákvörðunum, sem nefndin hefir stúngið upp á í viðaukagrein sinni (hinni 3.) um lýsíngar vogreka, sem nefndin þó hefir leidt hjá sèr allar aðrar ákvarðanir um meðferð og hirðíngu vogreka o. s. frv., eins og hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður veraldlegu stèttarinnar hefir sýnt fram á, og sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi stjórnarinnar vegna er því samþykkur, að frumvarp það, sem hèr ræðir um, nú verði að lögum að eins *til bráðabirgða*, þángað til þau hin nýu rekalög koma út. Annars ætla eg það sjálfsagt, eins og eg áður hefi vikið á, að umsjónin með vogrekum þeim, sem stjórnin nú lætur af hendi við bændaeignir þær, sem ekki hafa notið þeirra að undan förnu, verði og hljóti að vera hin sama, og hún hefir verið, á meðan þau geingu inn í dómsmálasjóðinn, og að þeim þar að lútandi ákvörðunum verði fylgt, eins hèr eptir og híngað til, svo að nýrra ákvarðana sè eingin þörf í bráð. Að vísu hefir hinn heiðraði framsögumaður hèr til svarað á þá leið, að þessari umsjón hafi verið mjög ábótavant, og sèr í lagi ekki hafi verið hirt um að lýsa þeim hinum smærri vogrekum, allra sízt þeim, sem rekið hafa upp á fjörur kirknanna eða stiptananna. Þetta kann nú svo að vera, en hafi sýslumenn ekki haft afskipti af öðrum smærri vogrekum, en þeim, sem dómsmálasjóðurinn átti tilkall til, verð eg að ætla, að þeim hafi yfir sèzt. Eigenda hins rekna vegna, eru þeir að minni hyggju

skyldir til að hafa sömu umsjónina, hvar sem svo hlutina rekur, og hvort heldur þeir eru mikils virði eða lítils, og réttar konúngssjóðsins gátu þeir ekki gætt, nema því að eins að þeir höfðu gætur eins á vogrekum þeim, sem báru upp á fjöru stiptananna og lènsjarðir prestanna, eins og á fjörur bændaeignanna, þar sem það hefir verið undir því komið, hvort hið rekna var meira eða minna, en 15 dala virði, hvor vogrekunum náði, konúngssjóðurinn í fyrra tilfellinu, eða stiptanir, prestar eða dómsmálasjóðurinn í því seinna, þegar enginn eigandi leiddi sig að hlutunum. En hvernig sem nú þessu hefir verið varið með umsjónina, þá er eg líka á því, sem hinn hátt virti konúngsfulltrúi sagði áðan, að það sè öldúngis óhætt, að eiga eins mikið undir bændum vorum og prestunum í þessu tilliti, og sè allri tilsjón slept við þessa, megi líka gjöra það við hina, að skaðlausu fyrir þá réttu eigendur og konúngssjóðinn. Það var líka sagt áðan, að betur hefði farið, að láta mál þetta fara á undan jarðamatinu, og er eg einnig á því, en jarðamatið er þá heldur ekki búið enn, á enda, að eg ætla, nokkuð í land, áður en það verður fullbúið, og held eg þá, að því síður beri að fresta þessu máli, eða hafa á móti lagaboðinu til bráðabirgða, sem öll líkindi eru til, að tækifæri gefist til að leiðrétta matið á þeim jörðunum, sem fá hin nýu vogreka réttindi, áður en jarðamatið fullkomnast og fær gildi. Hinn heiðraði framsögumaður er annars frá svo mörgum hliðum búinn að færa sönnur á mál nefndarinnar við víkjandi grundvallarreglunni í 1. greininni, að eg tel það nú víst, að þingmenn sè orðnir sannfærðir um það, sem eg fyrir mitt leyti hefi verið sannfærður um, að nefndin í þessu tilliti er á öldúngis réttri stefnu.

Ásgeir Einarsson: Það er eitt orð, sem nýlega var talað, einna mest orsök til þess, að eg stend upp, sjálfsagt í seinasta sinn á þessu þingi, en það var það, að þingið flekaði rètt frá eigendum, ef það feldi breytíngar-atkvæði það, er á var minnzt; en þó eg geti ekki gefið breytíngar-atkvæði þessu samþykki mitt, vona eg, að þingmenn beri mèr þá ávirðíngu síður en aðrar, að eg vilji fleka neinn frá sannfæríngu sinni; en þó það væri sagt, að eg bæri fram meiníngar mínar ókurteyslega, má eg sem ómentaður bóndi viður kenna, og þó eg tali nú fátt eitt í þessu máli, ætla eg ekki til, að það fleki neinn frá eigin sannfæríngu. Eg vil, sem fyr, viður kenna, að

eg var í vafa um orðið „forn venja“ í nefndarálitinu, en það var ekki af því að eg vildi fleka rèttindi frá neinum, heldur einmitt af því eg vildi þau yrðu gjörð sem vafaminnst, en nú hafa lögfræðingarnir skýrt frá því, hverja þýðingu þeir leggja í það áminnzta orð.

Hèr hefir verið borið upp breytingar-atkvæði um, að vísa frumvarpinu frá þinginu, þángað til ný rekalög verða algjörlega samin, þó eg hefði heldur viljað þetta, þegar upp á því var stúngið, en að frumvarpið væri algjörlega samþykt, eins og það var, leizt mèr samt betra að stínga upp á því, að bænarskrá yrði samin um það, að lagaboðið yrði einúngis staðfest fyrst um sinn, því með því næðist aðaltilgángur lagaboðsins sem fljótast, en verkanir þess yrði reynslan að nokkru leyti búin að sýna, áður en hin algjörlegu rekalög kæmu; því virðist mèr nú ráðlegra, að fallast á nefndarálitið, þegar lagaboðið einúngis ætti að gilda fyrst um sinn; því ef þjóðin kæmist að því, að það ætti illa við, mundi verða hægra að breyta því aptur á þá leið, er samkvæm er skoðun stjórnarinnar; en verði frumvarp þetta tekið, eins og það nú er frá stjórninni, er hætt við, að erviðara verði fyrir seinna, að fá því breytt samkvæmt uppástúngu nefndarinnar, sem er bygð á gamalli lögbók landsins. Þar að auki hafa menn einga reynslu feingið fyrir því, hvernig uppástúnga nefndarinnar mundi við eiga hèr á landi, og yrðu því ragari að biðja síðar um hana. Það styrkir mig líka í þessari meiníngu, að nokkrir lögfræðingar hèr á þínginu eru meðmæltir uppástúngum nefndarinnar, og margir viðauka-atkvæði mínu, svo hafi nefndin verið í þeirri villu, sem um hefir verið talað, hljóta þeir og að vera í líkri villu.

Þó mælt hafi verið á móti uppástúngu nefndarinnar um lýsíngar vogrekanna, varð þó á vegi fyrir hínum hátt virta konúngsfulltrúa, að nefna lýsíngu vogrekanna á landþínginu. Ætti að fara fram sömu reglu nú, lægi beinast við, að lýsa þeim við landsyfirrèttinn, sem að nokkru leyti kom í stað hins forna alþíngis. En eg held, að allir verði að sjá, að uppástúnga nefndarinnar í þessu tilliti á betur við, og væri eptir henni farið, mundi það verða nægileg lýsíng á vogreki. Mèr þykir annars undarlegt, að mönnum skuli ekki þykja þörf á lýsíngunni; því eg get ekki haldið, að eg sè þess háttar ókunnugri, en allir þíngmenn, og hef eg heyrt dæmi, sem fullkomlega hafa saunað, að þess er full þörf.

Hinn virðulegi þingmaður Skaptfellínga rakti eign vogrekanna fram í páfadóm; en þá hafa þau líklega verið eign jarðeigenda. En þar sem hann segir, að þau gjöri áhrif á jarðamatið, verður ætíð hið sama ofan á, hverri skoðuninni sem fylgt er.

Upplýsíngar þær, sem þíngmaður Árnesínga gaf um trè þau, er væru 15 rbd. virði, vissu menn áður; en þar sem hann sagði, að sýslumenn ættu að hafa umsjón vogrekanna á bænda, en ekki kirkna jörðum eptir uppástúngu nefndarinnar, get eg þess, að þegar nefndin ætlaðist til, að ábúandi lýsti vogrekum, hèlt hún, að ábúendur mundu verða á kirkjujörðunum, og þessir áttu þá að lýsa vogrekunum fyrir sýslumanni. Hann gat þess og, að ákvarðanir væru til, sem fylgja mætti í þessu, en fyrst hann er lögfræðíngur, hefði hann átt að geta, hverjar þessar ákvarðanir væru.

J. Johnsen: Það átti stjórnin að gjöra, ef þess var þörf.

Þ. Sivertsen: Mèr fórst nokkuð svipað nefndinni, þegar eg í fyrstu las stjórnarfrumvarp það, sem nú á að fella dóminn yfir; mèr gat ekki líkað það allshendis; mèr fannst það sumstaðar nokkuð óglögt og ógreinilegt, og ekki nógu yfirgripsmikið, og 3. greinin ekki sem viðkunnanlegast valin. En þegar eg nú í dag heyrði fyrst getið um, að við frumvarp þetta, sem ekki eru nema 3 stuttar greinir, væru fram komin ekki færri en 16 viðauka og breytíngaratkvæði, taldi eg víst, að frumvarpið mundi hafa tekið þeim bótum, að það yrði mèr nú ljóst, greinilegt og geðfelt; en þegar eg fór að glöggva mig betur á öllum þessum nýu uppástúngum, brást vonin mèr, því fyrir mínum skilníngi yrði frumvarpið með öllum breytíngunum, sem farið er fram, fult svo torskilið, flókið, ógreinilegt og óákveðið, sem frumvarpið sjálft án breytínga; svo ef eg væri neyddur til að veita öðru hvoru atkvæði, frumvarpinu óbreyttu, eða breyttu eptir öllum uppástúngunum, af rèði eg heldur það fyrra; en kann ske þessi vanskilníngur minn sè nú sprottinn af óheppni minni og missir þeim, eg hafði í gær, að geta ekki heyrt á útskýríngarnar yfir þær uppástúngnu breytíngar; því þær eru heldur ekki enn nú lesnar upp af þíngbókinni. En mèr er þá ekki vandara um, en lögfræðíngum þeim, og þíngmönnum hèr, sem borið er það á brýn, að þeir sèu ekki fríir við villur.

Hvað sem um þetta er, þá er vilji minn enn nú hinn sami og áður, ekki að veita atkvæði í blindni, og þann vilja veit

eg að allir þingmenn hafa, og því ætla eg mèr helzt að snúa mèr að uppástúngu ens heiðraða fyrsta konúngkjörna þingmanns, að frumvarpið verði ekki löggilt að svo stöddu; því sè svo mikils góðs að vona, eins og sagt var áðan, með enum nýa rekabálki, ættu menn ekki að tefja fyrir honum, eða telja á sig þann litla óhagnað, sem flyti af því, þó beðið yrði eptir honum með þessa smágrein. Það var sagt, að slíkt mundi valda þínginu óþokka eða óvinsæld þjóðarinnar, ef þingið nú frá rèði þessu lagaboði; eg ætla hvorki að játa því eða neita, en hitt ætla eg að fullyrða, að óvinsældin er þínginu vissari, ef það skyldi biðja um gildíngu þess lagaboðs einhvers, sem á eptir kynni að reynast að hafa verið illa undir búið, og því verða ógeðfelt og illa við eigandi.

Áður en eg sezt niður aptur, verð eg með tilliti þess, er áður var hèr sagt, að geta þess, að í Snæfellsnessýslu, hvar vogrek munu einna tíðust á vesturlandi, veit eg ekki til annars en því sè og hafi verið fylgt sem ófrávíkjanlegri reglu, strax að gefa sýslumanninum til vitundar, hafi vogrek að landi borið, til hans frekari ráðstöfunar, án þess sýslumaður þyrfti nokkra húsrannsókn við að hafa; og held eg það óþarft, að bera þjóð vorri yfir höfuð annað en skilsemi í þessum efnum, meðan eingin er átylla til annars.

Framsögumaður: Hafi hinn virðulegi þingmaður Dalasýslu stílað niðurlag ræðu sinnar til mín, þá hefir hann annaðhvort misskilið mig eða rángfært orð mín. Eg fyrir mitt leyti get annars ekki þakkað bændum, þó þeir hafi haldið vogrekum til skila, því þeir áttu ekkert af þeim, og höfðu þannig eingu að skila; en nú verður alt öðru máli að gegna hèr eptir, þegar allir verða eigendur að vogrekunum, og þá geta menn fyrst haft reynsluna fyrir sèr; en alt af verður við því að búast, að til sèu einhverjir óráðvandir menn, og móti þeim verða lögin að vernda rèttindi annara.

Ekki getur mèr enn skilizt það, hvers vegna menn vilja bíða eptir rekabálki, þegar lagaboð þetta veitir mönnum þó æskileg rèttindi, og sýnist því eingin hætta, að aðhyllast það, eins og eg vona að þingmenn gjöri; því hið betra getur komið á eptir eins fyrir það. Eg get heldur ekki skilið, hvað aðfinníngarvert sè við grundvallarreglu nefndarinnar; hún er samkvæm Jónsbók, samkvæm venju og lögum þeim, sem hingað til hafa verið, og þegar eg með einu dæmi hef getað sýnt, að

rángindi fljóti af grundvallarreglu lagafrumvarpsins frá stjórninni, þá er það nóg til að hrinda henni. Hvað flæming þann, sem áðan var nefndur, snertir, þá vil eg helzt þegjandi ganga fram hjá honum; en mèr þykir það þó merkilegt, að einginn, undir öllum umræðum þessum, hefir getað fært eitt einasta dæmi upp á, að kirkjur, alþjóðlegar stiptanir og lènsjarðir presta yrðu svipt vogreksrèttindum sínum, ef grundvallarreglu nefndarinnar væri fylgt, þar sem eg á hinn bóginn hef fært næg rök að því, að með grundvallarreglu lagafrumvarpsins yrðu af numin rèttindi einstakra. Mèr þykir það líka undarlegt, að menn hafa tekið það fram sem nokkuð sèrstaklegt við málefni þetta, að hlutaðeigendur þyrftu að færa sönnun fyrir rèttindum sínum, ef þeir ættu að geta notið þeirra. Þetta er nú ekkert einstaklegt við málefni þetta, heldur er sama skilyrðið fyrir rèttindum manna, í hverju helzt málefni sem vera skal, og furðar mig stórlega á, að menn skuli hrekja góðar uppástúngur með slíkum vífileingjum.

Eyólfur Einarsson: Þar þíngmenn nokkrir láta nú til sín heyra, að eingin bænarskrá verði stjórninni send, en málið algjörlega falli, verð eg að láta þá vita, að mèr virðist það síður sóma. Eg er litlu vanur, og vil því heldur nokkuð en ekki neitt, og held eg bændur greiddu mèr litlar þakkir, ef eg nú mælti á móti, að þeir feingi þann rekarètt, sem nú býðst og þeir hafa leingi saknað, en þar eð eg hef ei getað fallizt á ræður þíngmanna í því efni, en er ei fær um að skýra málið fremur, vil eg fylgja vara-atkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu fyrst um sinn.

Hvað því við víkur, sem sá konúngkjörni þíngmaður fyrri mælti um smalamennsku sýslumanna á vogrekum, þá hefir það ei haft stað þar vestra; eg hef hans vegna smalað þeim í hreppinum nokkur ár, sem þó liggur við sjó,án þess þó að hafa smalað í fjós eður fjárhús, hefir hann spurt eptir vogrekum á manntalsþíngum, og eg þá gert skil fyrir þeim, ef rekið hafa, hefir hann ei reingt sögu mína í því efni; þessu líkt hefir það verið í öðrum hreppum þar vestra.

Guðmundur Brandsson: Eg stend nú ekki upp í þeim tilgángi, að mæla með breytíngaratkvæðum mínum í þessu máli, sem bráðum munu verða lögð á höggstokkinn, ef það er ei þegar búið; einúngis bið eg þíngmenn aðgæta, í hvaða tilgángi þau muni vera borin upp: annað þeirra lýtur að því, að menn

geti leiðzt frá óvissunni, sem venjan að nokkru leyti getur verið búin að binda þá við, og til vissunnar, sem á að vera bygð á skýrum og greinilegum lögum; því þó venjan kunni að vera mikilvæg í sumu falli, þá get eg ekki álitið hana órækt meðal til að tryggja eignarrèttindi einstakra manna og ýmsra þjóðstiptana, og virtist mèr ei betur, en hinn heiðraði varaforseti sýndi fram á þettað áðan, þar orð þau, er hann þá talaði, voru eptir mínum skilníngi öldúngis óhrakin, enn sem komið er. Það ber enda við, að venja og lög fallast í faðma, og er góðu fyrir goldið, þegar svo er; hvað er heðin annað en venja, sem verður að lögum, og held eg þá, að lagaheimildin, sem eg talaði um, verði náskyld.

Hitt breytíngaratkvæðið var þeirrar meiníngar, að nokkur jöfnuður yrði milli landeiganda og fjörueiganda, þar sem sami maður á ei hvorutveggja fyrir sömu jörð; því þar sem hið konúnglega frumvarp vildi á skilja rekamanni hin til teknu vogrek, en nefndaruppástúngan landeiganda, þá hèlt eg, að með þessu kynni að mega nokkuð fyrir byggja arg og þras, er út af því kynni að leiðast, ef öðrum hvorum, en ekki báðum, væru veitt þessi rèttindi; enda finnst mèr þetta vera eðlilegast í sjálfu sèr. Hinn heiðraði framsögumaður drap á það í hinni fyrstu ræðu, er hann nú flutti, að hið áminnzta breytíngaratkvæði mundi ríða í bága við hag opinberra stiptana; en þessi orð hans hafa hlotið að vera sprottin annaðhvort af misskilníngi eða minnisleysi, því eg tók það skýrt fram í gær við undirbúníngsumræðuna, að sú væri ekki meiníng mín, sem hann áðan gat til að væri, enda geingi þetta þá í mótsögn við hitt breytíngaratkvæðið, þar sem talað er um lagaheimild, og vona eg allir þíngmenn sjái þetta án frekari útlistunar. Hinn hátt virti konúngsfulltrúi talaði áðan á þá leið, að ekki mætti gjöra miðlunarmál úr lögum eða rèttindum; eg held þetta eigi sèr þó tíðum stað. Hvað eru t. a. m. forlíkanir annað en málamiðlun? og þó eru þær lögboðnar. Mèr hefir nú ekki betur heyrzt, en vera talsvert skiptar meiníngar, þar sem sumir mæla með rekamanni, en sumir með jarðeiganda, og því sè þetta ekki orðið að lögum enn, jafnvel þó það muni eiga að verða, að minnsta kosti eitthvað af því, sem stúngið hefir verið upp á. En þar sem út lítur fyrir, að málefni þetta fái nú þau endalok, sem mörgum munu verða ógeðfeld, þá held eg væri af illu skárra, að fresta því, ef út liti fyrir, að það kynni að

hafa í för með sèr vankvæði þau, sem verri væru en þau, sem verið hafa, og einkum ætla eg þetta af þeirri ástæðu, að margir búast nú við, að hinn eptir þreyði rekabálkur muni koma bráðum með krapti og mikilli dýrð.

Þá tók enginn framar til máls, var því ályktunarumræðu máls þessa lokið og geingið til atkvæða um þessi atriði, eptir þeirri röð, sem stóð á atkvæðaskrá forseta:

1. grein.

1. Breytíngaratkvæði Johnsens: að orðin „á rèttum tíma“ í nefndaruppástúngunni (og frumvarpinu) falli úr — felt með með 20 atkvæðum gegn 1.
2. Uppástúnga Guðmundar Brandssonar: að þar sem reka-eigandi er annar en jarðeigandi, eignist þeir vogrek að helmíngi hvor — felt með 18 atkvæðum gegn 3.
3. Breytíngaratkvæði varaforseta: að felt verði úr nefndar-uppástúngunni orðið „prestar“ — tekið aptur, þar eð nefnd-in hefir sett „lènsjarðir presta“ í stað orðsins „prestar“ í uppástúngu sinni, og er á skilið, að uppástúngan verði sett til atkvæða með þessari breytíngu.
4. Breytíngaratkvæði Gudmundar Brandssonar: að sett verði í uppástúngu nefndarinnar „eptir laga heimild“ í stað orð-anna „að fornri venju“ — felt með 20 atkvæðum gegn 1.
5. Breytíngaratkvæði varaforseta: að sett verði í uppástúngu nefndarinnar „rekarètt“ í stað orðsins „vogreksrètt“ — felt með 17 atkvæðum gegn 4.
6. Uppástúnga nefndarinnar, að í stað orðanna: „skulu hèð-an í frá eigendur rekanna eignast“, o. s. frv. til enda grein-arinnar, komi: „skulu hèðan í frá, ef eigandi hins rekna kemur ekki á rèttum tíma (§ 3), og sannar það að vera eign sína, jarðeigendur eignast, nema sönnun fram komi, að lènsjarðir presta, kirkjur eða alþjóðlegar stiptanir, að fornri venju eða máldögum eigi vogreksrètt, því þá er hið rekna eign þessara“ — samþykt með 12 atkvæðum gegn 9.
7. fyrsta grein öll, breytt eptir uppástúngu nefndarinnar — samþykt með 14 atkvæðum gegn 7.

2. grein.

8. Breytíngaratkvæði nefndarinnar: að í stað orðanna „en ef *svo* mikið rekur“ verði sett: „en ef mikið rekur“ — sam-þykt með 12 atkvæðum gegn 9.
9. Breytíngaratkvæði nefndarinnar: að bætt sè inn í eptir

orðin „á stuttum tíma“ þessu: „og þar með fylgir þess háttar brot af skipi og föstum skipsáhöldum“ — samþykt með 11 atkvæðum gegn 10.

10. Breytingaratkvæði nefndarinnar: að sett verði í stað niðurlags-greinarinnar: „í opnu brèfi 4. maí 1778 § 1.“ þetta: „í opnum brèfum 4. maí 1778 § 1 og 21. apríl 1819. Svo skulu og samkynja viðir þeir, er á strjálingi reka um sama leyti á nálægar fjörur, heyra undir hið sama strandaða fè“ — felt með 12 atkvæðum gegn 9.
11. önnur grein öll, með breytingum (8 og 9) — samþykt með 12 atkvæðum gegn 9.
12. Uppástúnga nefndarinnar, að þessari grein verði bætt við: (§ 3). „Nú kemur vogrek á fjöru manns, skal fjöruvörður skyldur til, hið bráðasta því verður við komið, að lýsa því nákvæmlega fyrir hlutaðeigandi sýslumanni með stærð, á-sigkomulagi og merkjum, ef nokkur eru, en sýslumaður skal annast, að vogrek sè virt af tveimur eiðsvörnum mönnum, og ef meiru nema en 5 rbd. virði, skal þeim lýst á öllum manntalsþingum sýslunnar, og þar um skýrsla gefin hlutaðeiganda amtmanni til frekari ráðstöfunar, ef við þarf, og komi enginn eigandi fram ár og dag eptir seinustu lýsingu, skulu vogrek eignast þeir, sem § 1. til greinir“ — samþykt með 11 atkvæðum gegn 10.
13. Uppástúnga nefndarinnar, að þessari grein verði enn framar við bætt:
(§ 4). Ef menn leggja dulur á vogrek, draga þau undir sig eða stela þeim, varðar það hegníngu eptir greinum þeim í tilskipun af 11. apríl 1840, sem afbrot þeirra getur næst heim færzt undir — samþykt með 12 atkvæðum gegn 9.

3. grein.

14. Uppástúnga nefndarinnar: að grein þessi verði úr feld — samþykt með 16 atkvæðum gegn 5.
15. Því næst var lagafrumvarpið alt lesið upp með þeim breytíngum, sem á voru orðnar, og var það þannig samþykt með 13 atkvæðum gegn 8.

Með þessu atkvæði var álitin fallin

16. Uppástúnga Þ. Sveinbjörnssonar: að þíngið af biðji, að lagafrumvarpið nái lagagildi, fyrri en þau almennu reka-lög fyrir landið verða lögð fyrir alþíng.

17. Uppástúnga Ásgeirs Einarssonar: að beðið verði um, að lagaboð þetta komi út einúngis fyrst um sinn til bráðabirgða — samþykt með 15 atkvæðum gegn 6.

Þá var lesið upp og samþykt álitsskjal þingsins til konúngs í málinu um sameiníngu Norður og Suðurþíngeyarsýslu, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefir allra mildilegast þóknazt að láta fulltrúa yðar bera það undir álit alþíngis, hvort sameina skuli Suður og Norðurþíngeyarsýslur, í eitt lögsagnar umdæmi, eins og þær voru alt til ársins 1840; kaus því þíngið þriggja manna nefnd til að hugleiða og segja álit sitt um þetta málefni, og voru allir nefndarmenn töluvert kunnugir afstöðu, landslagi og fleiru ásigkomulagi téðra sýslna, ræddi síðan þíngið málefnið á lögskipaðan hátt á tveimur fundum sínum, og leyfir sèr að láta í ljósi þegnlegast álit sitt á þessa leið:

Þínginu virtist nefndin hafa leidt gild og góð rök að því, að bezt færi að sameina sýslur þessar í eina, eins og áður var, því hvorki muni Norðurþíngeyarsýsla út af fyrir sig — sem einhver hin fólkfæsta hèr á landi að undan tekinni Vestmanneyasýslu — fá sýslumanni svo mikil störf, sem hann þó væri vel fær um að gegna, og á hina síðuna ekki heldur þau laun, sem honum gætu nægt til sómasamlegs viðurhalds og embættisfærslu. Hèr fyrir utan, þó partar þessir báðir verði sameinaðir í eina sýslu, geti hún eingan veginn orðið erviðari, en hún áður var, hvorki fyrir sýslumann nè sýslubúa, og af hálfu hvorugra hafi, áður en henni var skipt í sundur, verið kvartað um neina ósigrandi erviðleika, og hafi þó embættisfærslan í henni allri fram farið með góðri stjórn og reglusemi, líka væri sama um það að segja, að í nokkrum sýslum landsins væru því líkir, og sumstaðar talsvert meiri erviðleikar, vegna víðlendis, vegaleingda og torfærna, heldur en yrðu í þessari, þó sameinuð væri; þó leizt nefndinni, að betur mundi fallið, að sýslan væri eptir sem áður tvö kjördæmi, svo innbúendum fjarlægustu pláza yrði gjört hægra fyrir að koma á kjörfundina. En þó nefndin áliti það mjög svo æskilegt, að sýslur þessar yrðu sameinaðar, og þíngið í einu hljóði gæfi því samþykki sitt, þá fann hún tilefni til að benda þínginu á nokkur markverð atriði, sem við sameiníngu sýslanna mundu eiga að hugleiðast, en ákvörðun og málalok þeirra atriða áleit

þingið allra þegnsamlegast að mundu vera bezt komin undir sjálfs yðar konúnglegu hátignar allra mildasta álíti og vilja, þegar sýslan öll yrði veitt einum sýslumanni.

Var það hið fyrsta, að nefndinni þókti mikils um vardandi, að sýslumaðurinn, sem hefði þá sameinuðu sýslu, byggi á hentugum stað fyrir hina flestu sýslubúa, og áleit hún, að sýslumannsins nú verandi bústaður, nefnil. Húsavíkur höndlunarstaður, væri hèr til bezt fallinn.

Þar næst þókti nefndinni, að sýsla þessi, þegar búið væri að sameina hana, mundi verða svo góð, og gefa sýslumanni svo rífleg laun, að hækka mætti eptirgjald hennar, sem nú er 200 rbd., vel til 250 eða jafnvel 300 rbd., og þykir þetta vel mega standast í samanburði við eptirgjöld hinna betri sýslna hèr á landi, með hverjum hún þá mætti vafalaust teljast.

Í þriðja lagi tók nefndin það fram, að hinn svo kallaði Austurhreppur á Lánganesi, sem er að eins 5 eða 6 hæir, og áður heyrði undir Norðurmúlasýslu, feingi eptir á sjálfur að ráða, undir hvort lögsagnarumdæmið, Þingeyar eða Múlasýslu, hann skyldi heyra, eptir sem honum fyndist sèr betur haga, þar hann er í jafnmörkum fjarska við sýslumenn beggja sýslanna, og þókti vel fallið, að það skilyrði yrði við haft sýsluveitinguna, og í

Fjórða lagi, að 2 bæir (ytri og syðri Varðgjá) á vestari enda Þingeyarsýslu, en sem heyra undir Eyafjarðarsýslu prófastsdæmi, feingju og svo tækifæri til, ef þeir vildu það, að sameinast Eyafjarðarsýslu, einnig í veraldlegum efnum. Þegar þingið hafði nákvæmlega gaumgæft alt þetta, fèllst það á í einu hljóði, að biðja yðar konúnglegu hátign, allra mildilegast:

1. Að sameina aptur Suður og Norðurþingeyarsýslur í eitt lögsagnarumdæmi, alt svo leingi að ekki finnst nauðsyn til, að breyta algjörlega takmörkum hinna gömlu sýslnaskipta hèr a landi.
2. En því er allra þegnsamlegast skotið til stjórnarinnar:
   a. með 15 atkvæðum gegn 6, hvort gjöra skuli sýslumanninum að lagaskyldu að búa í eður við Húsavík.
   b. með 14 atkvæðum gegn 7, hvort hækka skuli afgjald Þingeyarsýslu til 250 eður jafnvel 300 rbd.
   c. með 20 atkvæðum gegn 1, hvort það skilyrði skuli hafa við veitingu Þingeyarsýslu, að Austurhreppur megi sjálfur ráða, undir hvort lögsagnarumdæmið hann skuli heyra, Þingeyar eða Norðurmúlasýslu, og

d. með 19 atkvæðum gegn 2, hvort það skilyrði skuli einnin hafa við veitínguna á Þingeyarsýslu, að ytri og syðri Varðgjá skyldu gánga undir Eyafjarðarsýslu í verzlegu tilliti, ef þeir bæir kysu það.

Alþíngi, 7. dag ágústmánaðar 1849.

Allra þegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Jón Jónsson.*

Síðan var fundi slitið, og næsti fundur á kveðinn um hádegi daginn eptir.

---

8. ágúst — þrítugasti og áttundi fundur.

Forseti skýrði þínginu frá, að hann hefði í gær feingið brèf frá hinum fyrsta konúngkjörna þíngmanni, konferenzráði Þ. Sveinbjörnssyni, að hann gæti ekki dvalið leingur á þíngi.

Því næst voru lesin upp og samþykt álitsskjöl þingsins til konúngs.

1. Um konúnglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi, um nokkrar breytíngar á erfðalögunum, svo látandi:

Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefir allra mildilegast þóknazt að láta fulltrúa yðar á alþíngi leggja fyrir það konúnglegt frumvarp yðar til tilskipunar handa Íslandi um nokkrar breytíngar á erfðalögunum, sem undir búið var og að mestu leyti þegnsamlegast til ráðið af alþíngi 1847.

Eptir að málefni þetta hefir verið rannsakað af 5 manna nefnd og rædt á tveimur aðalfundum, leyfir þíngið sèr nú allra þegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt um það á þessa leið:

Þíngið verður að viður kenna, að yðar hátign ekki einúngis hafi mildilegast tekið til greina flestar þíngsins þegnsamlegu tillögur 1847, heldur einnig, að frumvarp þetta sè í ýmsum greinum endurbætt af stjórninni frá því, er þíngið hafði stúngið upp á, og að frumvarpið, eins og það var úr garði gjört af yðar hátign, eigi næsta vel við hèr á landi, sem bygt á sanngjarnari og eðlilegri undirstöðu, en það nú gildandi erfðalög landsins, hvers vegna þíngið samhuga hefir aðhyllzt það í öllum þess greinum með fáeinum breytíngum og viðauka-upp-

ástúngum, er þingið nú allra þegnsamlegast leyfir sèr að fram bera fyrir yðar hátign.

Þinginu þykir 2. grein þar í ábótavant, að í henni er ekki berlega á kveðið, að barnsbörn hafi óskertan erfðarètt eptir afa og ömmur, þótt foreldri þeirra hafi verið frá dæmdur erfðarèttur þess eptir föður og móður, sem óskandi hefði verið, til þess að lètta almúgamönnum yfirlitið yfir erfðarèttindi þeirra, án þess að hegningarlöggjöfin væri tekin til hliðsjónar, virðist því tiltækilegt, að þessum viðauka sè skotið inn í þessa grein í erfðalögunum, og mundi þetta ekki raska tilhlýðilegri niðurskipun á hegningarlögunum.

Þinginu finnst einnig tiltækilegt og nauðsynlegt, þegnsamlegast að ráða til, að yðar hátign mildilegast gjöri með viðaukaákvörðun við 9. grein prestunum að skyldu, að rita í ministerialbækurnar nöfn þeirra, er fyrir hönd sjálfra sín og unnusta sinna beiðast lýsinga; mundi þessi tilhögun lètta barninu, sem getið er utan hjónabands, mjög svo sömunina fyrir erfðarètti þess samkvæmt þessari grein eptir föður og föðurfrændur, er grundar sig á áformi foreldranna, áður en það fæddist, að eigast, er þau lètu í ljósi með því, að beiðast lýsinga, því það á sèr hèr á landi aldrei stað, að getið sè lýsinganna eða beiðslu um lýsingu í embættisbókum prestanna, ef ekki verður, einhverra orsaka vegna, af hjónabandinu.

Enn fremur þykir þinginu sanngjarnt, enda þótt frumvarpið rýmkvi töluvert erfðarèttindi milli hjóna, frá því sem verið hefir, að sá eptir lifandi maki taki handa sjálfum sèr af búinu óskiptu jafngildi þess greptrunarkostnaðar, er sanngjarnlega hefir verið varið til jarðarfarar hins fyrr látna; þetta virðist því eðlilegra, sem greptrunarkostnaður þessa er greiddur fyrir fram af fèlagsbúinu óskiptu, og að jafnrètti hjónanna ber að varðveita; því leyfir þingið sèr að beiðast, að viðauki á þessa leið verði af yðar hátign gjörður við enda 16. greinar frumvarpsins.

Þar eð þingið byggur, að sá 6 vikna frestur, sem frumvarpsins 23. grein í niðurlaginu fyrir skipar að stefnt skuli með, þegar taka á þingsvitni um arfleiðsluskrá, og sá, sem vitni vill leiða, er óviss um, hverja arfgeinga frændur hinn látni eigi eptir, eða að hann veit ekki til, að þein sè á Íslandi, sè alt of naumur og með öllu ófullkominn og ótryggur fyrir þessa frændur hins dána, einkum þá þeir eru erlendis, eða búa í fjar-

lægum hèröðum, eins og stefnubirtíngar-hátturinn, en það aptur er mjög á ríðandi fyrir þann arfleidda, að fá vitni sèu leidd, sem fyrst skè má, til þess ekki að missa af þeim eða sönnuninni, þykir því öldúngis nauðsynlegt, þegnsamlega að beiðast af yðar konúnglegu hátign, að það verði lög-ákveðið, að þingsvitni þetta megi fram fara, sem fyrst skè má, og að sýslumanni sè gjört að skyldu, að setja þeim frá verandi arfgeingu frændum hins látna valinkunnan og kunnugan svaramann við vitnaleiðslu þessa, er gefi gætur, eins og dómarinn sjálfur, að rètti þeirra við þingsvitnistektina, og álítur þingið, að báðir, sá arfleiddi og arfgeingir frá verandi frændur hins látna, sèu nógsamlega trygðir með þessari lagaákvörðun, án þess að sá um getni 6 vikna stefnufrestur sè við hafður.

Við 26. grein hefir þinginu þókt bera að gjöra þá breytíngu, að seinni hluti hennar sè þannig orðaður: „skal ekki lúka skiptaráðanda eða skiptaskrifara gjald það, sem skipað er í auktekjureglugjörð 10. sept. 1830, 38 gr.“ Það virðist nefnilega eingin ástæða til, að skiptaráðandi og skiptaskrifari taki þar nokkur laun, sem þeir ekkert vinna, og því ósanngjarnara væri þetta, sem þeim ómyndugu, er löggjafanum er svo mjög um hugað um, með þessari tilhögun yrði gjörð útgjöld að óþörfu.

Þingið óskar og væntir þegnsamlegast, að frumvarpið verði með þeim breytíngum, er það hefir ráðið til, sem fyrst allra mildilegast löggilt hèr á landi, en þó ei fyrr en um þann arf, er tæmist eptir 31. desember 1850. Því ræður þingið þegnsamlegast til, að í stað orðanna í 27. grein: „eptir 1. janúar. 18.. verði sett: „eptir 31. desember 1850.“

Á 28. grein ræður þingið þegnsamlegast til að sú breytíng verði, að í staðinn fyrir „birta þetta“ verði sett „birta hana“. Þessi mikilvæga löggjöf ætti nefnilega sjálf að birtast á hinn hátíðlegasta og mest þjóðkunna hátt, en það virðist vera við kirkjur.

Á þessar orðabreytingar hefir þingið í einu hljóði fallizt:
í 7. grein „afkvæmi“ fyrir „ættir.“
í 10. grein „áreiðanlegar líkur“ fyrir „mikil skírteini.“
í 27. grein „samin hafa verið“ fyrir „samið hefir verið“.

Samkvæmt því, sem hèr að framan er til greint, leyfir alþingið sèr allra þegnsamlegast í einu hljóði að biðja yðar konúnglegu hátign um, að frumvarpi stjórnarinnar verði hèr á landi

veitt lagagildi með eptir fylgjandi breytingum og viðauka-ákvörðunum, nefnilega:

a. með 19 atkvæðum gegn 3, að berlega sè á kveðið í 2. grein, að barnsbörn hafi óskertan erfðarètt eptir afa og ömmur, þótt foreldri þeirra hafi verið frá dæmdur erfðarèttur þess eptir föður og móður.

b. með 18 atkvæðum gegn 4, að prestunum verði í 9. grein gjört að skyldu, að rita í ministerialbækurnar nöfn þeirra, er fyrir hönd sjálfra sín og unnusta sinna beiðast lýsinga.

c. með 14 atkvæðum gegn 8, að bætt sè við 16. grein: „þeim eptir lifandi ektamaka ber enn fremur til hans útfarar jafngildi þess greptrunarkostnaðar, er sanngjarnlega hefir verið varið til jarðarfarar hins fyrr látna, og greiðist honum kostnaður þessi af búinu óskiptu.“

d. með 16 atkvæðum gegn 6, að það verði að lögum, „að þingsvitni það, sem um er getið í síðasta kafla af 23. grein, megi fram fara, sem fyrst ske má, og að sýslumanni sè gjört að skyldu, að setja þeim frá verandi arfgeingu frændum hins látna valinkunnan og kunnugan svaramann við vitnaleiðslu þessa, er gefi gætur, eins og dómarinn sjálfur, að rètti þeirra við þingsvitnistektina.“

e. með 13 atkvæðum gegn 8, að seinni hluti 26. greinar sè þannig orðaður: „skal ekki lúka skiptaráðanda eða skiptaskrifara gjald það, sem skipað er í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 38. grein.“

f. með 19 atkvæðum gegn 3, að í stað orðanna í 27. grein, „eptir 1. janúar 18..“ verði sett: „eptir 31. desember 1850.“

g. með 20 atkvæðum gegn 2, að í 28. grein, fyrir orðin: „birta þetta“ verði sett: „birta hana.“

Alþingi, 8. dag ágústmánaðar 1849.

Allra þegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Th. Gudmundsen.*

2. Um konúnglegt frumvarp, um nokkrar breytingar á opnu brèfi 4. maí 1778, um reka á Íslandi, svo látandi:

Til konúngs.

Yðar konúnglegri hátign hefir þóknazt allra mildilegast að láta leggja fyrir alþing til ráðaneytis lagafrumvarp um nokkrar breytingar á opnu brèfi 4. maí 1778, um reka á Íslandi.

Málefni þetta var feingið í hendur þriggja manna nefnd

til rannsóknar, og hefir það síðan á lögskipaðan hátt verið rædt á tveimur aðalfundum, og leyfir nú alþing sèr allra þegnsamlegast að segja um það álit sitt á þessa leið.

Þingið ætlar, að breytingar þær, sem lagafrumvarpið lýtur að, muni verða einkar þokkasælar hjá alþýðu hèr á landi, því hún hefir ætíð fundið til þess, hvernig rèttindi þau í tilliti til vogreka, sem Jónsbók heimilaði, mistust í öndverðu að nokkru leyti fyrir misskilning og, ef til vill, ágeingni yfirvalda, þvert á móti tilgángi löggjafans í tilskipun 20. mai 1595, og var missir þessi alþýðu því tilfinnanlegri, sem timburflutníngar hèr á landi frá fjarlægum verzlunarstöðum eru mjög svo örðugir, eins og líka timbur á verzlunarstöðunum, vegna fjarlægðar lands þessa frá öðrum löndum, sem geta miðlað því, verður ætíð að seljast með ærnu verði, ef það á að geta orðið til vinnandi að flytja það hingað.

Áður en yðar hátign löggilti frumvarp þetta, þókti þínginu samt það við þurfa nokkurra breytinga bæði í tilliti til aðalgrundvallarreglu þeirrar, sem það er bygt á, að reka-eigendur eptir 1. grein frumvarpsins skyldu framvegis eignast vogrek þau öll, sem eru ekki undan þegin sem konúngs vogrek eptir opnu brèfi 4. mai 1778 §§ 1 og 2, og líka í tilliti til þeirra einstöku ákvarðana, sem frumvarpið inni heldur í hinum greinum þess.

Að því leyti tèða aðalgrundvallarreglu snertir, þá virtist þínginu ísjárvert að aðhyllast hana, þar sem hún er ósamkvæm þeirri grundvallarreglu Jónsbókar í rekabálki 2. og 12. kapit., sem heimilar jarðeigendum öll þau vogrek, sem ekki spyrjast upp, og hefir þessari grundvallarreglu verið fylgt að undan förnu í úrskurðum yfirvalda hèr á landi og stjórnarráðanna, enda varð þingið að viður kenna, að það væri ekki tilgángur yðar hátignar með lagaboði þessu, að skerða nokkur þau rèttindi, sem löglega væru á komin. Þegar jarðeigandi og rekamaður er einn og sami maður, eins og optast á sèr stað, skiptir það að vísu eingu, hvorri af þessum grundvallarreglum er fylgt, en aptur varðar þetta miklu, þar sem aðrir eiga reka-ítök og reka-tiltölu fyrir landi annara jarða, eins og víða á sèr stað hèr á landi, og þó flest þess háttar ítök tilheyri alþjóðlegum stiptunum, kirkjum og lènsjörðum presta, sem að fornri venju og laga-heimildum hafa notið vogreka á þeim og því framvegis eiga að halda rèttindum þessum óskert-

um, á það samt sèr einnig stað, að bændaeignum fylgja reka-ítök fyrir landi annara bændaeigna, og fyrir jörðum alþjóðlegra stiptana, lènsjörðum presta og kirkna. Þegar svona stendur á, hafa stiptanir þessar, kirkjur og prestar notið vogrekanna sem jarðeigendur, og er það að öllu samkvæmt fyrirmælum Jónsbókar, en eptir 1. grein lagafrumvarpsins ættu nú þessi rèttindi að hverfa til reka-eigandanna, og væri þetta hið sama sem að nema burt löglega á komin rèttindi. Þegar bænda-eignum fylgja reka-ítök fyrir landi annara bænda-eigna, þá missa að vísu hvorki reka-eigendur nè jarðeigendur rèttindi, því rèttindi þessi er þegar fyrir laungu síðan búið að taka frá þeim, en á hina síðuna er það auðsært, að það skiptir miklu, hvort jarðeigendur eptirleiðis eiga að njóta vogrekanna á ítökunum eður reka-eigendur, og verður þingið fremur að aðhyllast þá meiníngu, að betur eigi við samkvæmt Jónsbók og undanfarinni venju, þar sem hún hefir getað náð til, að láta jarðeigendur njóta vogrekanna framvegis og þannig kippa þessum rèttindum þeirra í sama horf, sem þau voru eptir lögbók Íslendínga, heldur en að gjöra að þeim nýa eigendur, sem hafa aldrei að undan förnu verið það, enda eru vogrek optast nær lítilsverð í samanburði við hinn annan reka, sem ítakseigendunum ber mótmælalaust. Þíngið hyggur því, að 1. grein í frumvarpinu beri að breyta samkvæmt þessari skoðun og með þeirri varúð, að öllum löglega á komnum rèttindum í tilliti til vogreka verði ekki haggað.

Hvað því næst við víkur 2. grein lagafrumvarpsins, þá virtist þínginu að hún geta valdið miklum ágreiníngi, því opt mundi það við bera, að sumir álitu það auðsætt, að viðirnir væru af skipi, sem væri strandað eða sokkið við strendur landsins, en aptur hèldu aðrir, að viðirnir gætu verið af þilfarslest, sem stórsjór hefði varpað útbyrðis, og áleit þíngið því, að betur mundi við eiga, að binda aðskilnaðinn í greininni við einhver föst takmörk, svo sem við það einkenni, að skipsflekar eða einhver föst skipsáhöld rækju með, svo auðsætt sè, að viðirnir muni vera af því skipi. Annars áleit þíngið, að þó eitthvað reki af skjólborðum skipa, væri það samt ekki næg sönnun fyrir því, að skip hafi strandað eða sokkið, heldur að eins líkur fyrir hinu, að stórsjór hafi varpað þilfarslest útbyrðis. Þegar það að öðru leyti er orðið auðsætt, að skip hafi strandað eða sokkið við strendur landsins,

hèldu sumir þingmenn að vísu, að vogrek þau, sem um sama leyti bæru upp á fjörur í grend á stángli og eru sömu tegundar, ættu að vera álitin að heyra undir sama strand, þó þeir, skoðaðir út af fyrir sig, gætu ekki gefið vissu um, að skip væri strandað, en þar eð regla þessi, sem ekki virtist hægt að binda við nokkur föst takmörk, einnig gat valdið miklum ágreiningi, þókti þinginu það ekki að öllu leyti tiltækilegt að beiðast þess, að þetta væri gjört að laga-ákvörðun.

Að því leyti 3. grein frumvarpsins á hrærir, þá hyggur þingið að vísu, að henni helzt beri að sleppa, en að það sè tiltækilegra, að láta álla ráðstöfun um, hvernig skuli greiða útgjöld þau, sem dómsmálasjóðurinn kynni ekki að geta lokið, bíða þess tíma, að sjóður þessi komist á þrot, sem þinginu virðist eingin líkindi til, þar sem hann að undan förnu hefir lagt upp ærna peninga, svo meiru nemur, en andvirði vogrekanna.

Aptur álítur þingið við eiga, að bæta inn í frumvarpið eptir 2. grein sèrstakri grein um lýsingu vogreka, og það því fremur sem í 1. grein frumvarpsins er gjört ráð fyrir, að eigendur vogrekanna lýsi þau eign sína á rèttum tíma, án þess skírskotað sè í þessari grein til opins brèfs 4. maí 1778 § 1., og verður þingið að geta þess, að reglum þessarar greinar hefir alla jafna verið ekki fylgt í tilliti til vogreka eptir 2. grein í sama opnu brèfi, enda eru almenningi orðnar ákvarðanir þessar ókunnar, svo þörf virðist á, að brýna þær fyrir alþýðu á ný, þar sem hún nú kemur til að njóta fornra rèttinda sinna, hvað vogrek snertir, og hèr við bætist nú, að þegar vogrek þau, er að undan förnu hefir verið varið í hag dómsmálasjóðnum, eptirleiðis bera annaðhvort jarðeigendum eða rekaeigendum, þá missa yfirvöld að því leyti hvöt þá til nákvæmari umsjónar með vogrekum þeim, sem þeir áður höfðu vegna dómsmálasjóðsins, og umsjón yfirvalda framvegis, nema á annan veg verði lögboðið, mundi einkum lúta að takmörkum þeim, sem taka á til greina, þegar vogrek verður eign yðar hátignar, ef einginn lýsir sig eiganda, en aptur veita vogreks-eigendum lítið traust mót missi þeirra, þegar þau hljóta aðrir.

Samt sem áður hyggur þingið of umsvifamikið, að gjöra það að skyldu, að láta þinglýsa sèrhverju vogreki, hversu lítils vert sem það væri, og á leit, að nægja mundi að gjöra

það að skilyrði fyrir þinglýsingunni, að vogrekið nemdi meira en 5 rbd. verði.

Enn fremur á leit þingið, að þegar þannig yrðu rýmkuð vogreks-réttindin, ætti það við, í sérstakri grein að ákveða hegningu fyrir þá, er kynnu að leggja dulur á vogrek, villa heimildir á þeim eða stela þeim, og hyggur þingið, að þess háttar afbrotum beri að hegna samkvæmt greinum þeim í tilskipun 11. apríl 1840, sem þau eptir eðli sínu geta næst heim færzt undir.

Að öðru leyti hefir þingið þá föstu von og sannfæringu, að yðar hátign veiti landinu, svo fljótt sem því verður við komið, alment rekalögmál, sem komi í staðinn fyrir ákvarðanir þær, sem rekabálkur Jónsbókar inni heldur, og vill því að eins biðja yðar hátign um löggildingu lagafrumvarps þessa til bráðabirgða, þángað til hitt almenna rekalögmál kemur.

Samkvæmt því, sem hér að framan er talið, leyfir alþing sér allra þegnsamlegast að mæla fram með því:

1. að frumvarpinu verði veitt lagagildi (með 13 atkvæðum gegn 8),

Þó með fylgjandi breytingum og viðauka.

a) að í staðinn fyrir orðin: „skulu héðan í frá — sína eign“ í niðurlagi 1. greinar, sé sett: skulu héðan í frá, ef eigandi hins rekna kemur ekki á réttum tíma (§ 3.) og sannar það að vera eign sína, jarðeigendur eignast, nema sönnun fram komi, að lénsjarðir presta, kirkjur eða alþjóðlegar stiptanir að fornri venju eður máldögum eigi vogreks-rétt, því þá er hið rekna eign þessara (með 12 atkvæðum gegn 9).

b) að í byrjun 2. greinar sé orðið „svo“ felt úr og greinin byrji með orðunum: „Ef mikið rekur“ (með 12 atkvæðum gegn 9).

c) að í sömu grein sé eptir orðin „á stuttum tíma“ bætt þessu inn í: „og þar með fylgir þess háttar brot af skipi og föstum skipsáhöldum“ (með 11 atkvæðum gegn 10).

d) að 3. grein lagafrumvarpsins sé úr feld (með 16 atkvæðum gegn 5),

e) en í stað hennar verði sem 3. grein bætt inn í:

„Nú kemur vogrek á fjöru manns, skal fjöruvörður skyldur til, hið bráðasta því verður við komið, að lýsa því nákvæmlega fyrir hlutaðeigandi sýslumanni, með stærð,

ásigkomulagi og merkjum, ef nokkur eru, en sýslumaður skal annast, að vogrek sè virt af tveimur eiðsvörnum mönnum, og ef meiru nema, en 5 rbd. virði, skal þeim lýst á öllum manntalsþingum sýslunnar, og þar um skýrsla gefin hlutaðeigandi amtmanni til frekari ráðstöfunar, ef við þarf, og komi enginn eigandi fram ár og dag eptir seinustu lýsingu, skulu vogrek eignast þeir, sem § 1. til greinir“ (með 11 atkvæðum gegn 10).

f) og sem 4. grein verði við bætt:
„Ef menn leggja dulur á vogrek, draga þau undir sig, eða stela þeim, varðar það hegníngu eptir greinum þeim í tilskipun 11 apríl 1840, sem afbrot þeirra geta næst heim færzt undir“ (með 12 atkvæðum gegn 9).

2. að lagaboð þetta komi út einúngis fyrst um sinn til bráðabirgða (með 15 atkvæðum gegn 6).

Alþíngi, 8. dag ágústmánaðar 1849.

Allra þegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Kr. Kristjánsson.*

3. Um konúnglegt lagafrumvarp, um kosningar til þjóðfundar þess, sem heitið er í konúngsbrèfi 23. septembr. 1848, svo látandi:

Til konúngs.

Yðar konúngl. hátign hefir allra mildilegast þóknazt að láta bera upp á alþíngi frumvarp um kosníngar til þjóðfundar þess, sem þèr, herra, hafið jafnmildilegast heitið í allra hæstum úrsk. 23. septbr. f. árs. En þótt fulltrúi yðar konúngl. hátignar sakir andviðra og hrakníngа gæti ekki komið á þíng fyrr en hinn *síðasta* lögskipaða þíngdag, en frumvarp þetta var í för hans, og þó að alþíng þess vegna væri búið að semja kosníngarlagafrumvarp frá stofni, ræða það og semja um það allra þegnsamlegustu bænarskrá 31. f. mán., áður en því varð við komið að leggja fram fyrir þíngið konúngsfrumvarpið og ástæður þess; því þetta málefni þókti mestu varða af öllum þeim málum, sem að þessu sinni hafa verið rædd hèr á þíngi: þá fann þíngið sèr þó skylt, að taka frumvarp yðar konúngl. hátignar og ástæðurnar fyrir því til hinnar gaumgæfilegustu yfirvegunar, og var því kosin 5 manna nefnd til að yfirvega það; en því næst var það rædt á 2 aðalfundum á lögskipaðan

hátt, og leyfir nú alþing sèr að bera upp um það allra þegnsamlegast álit sitt á þessa leið.

Þar sem tvöfaldar kosníngar eru aðalundirstaða frumvarpsins og út frá þeim geingið í hinum öðrum ákvörðunum, þá byggur alþing þegnsamlegast, að hèr þurfi því síður að taka ítarlega fram átsæður með og móti þessari kosníngaraðferð, sem alþíngi hefir áður leyft sèr það í þegnlegri bænarskrá sinni 31. f. mán. En skylt fann þíngið sèr þó nú á ný að yfir vega nákvæmlega ástæður stjórnarinnar fyrir þessari kosníngaraðferðinni, eins og þær eru teknar fram við 4. greinina, og urðu þíngmenn í einum anda á því, 1. að ekki væri hèr fremur ástæða til, að kjósa þjóðfundarfulltrúana með tvöföldum kosníngum, þó þeir ætti að fella ályktanir í ódeildri samkundu, heldur en var í Danmörku til ríkisfundarins, sem einnig feldi ályktanir allir á einu þíngi, en var þó til hans kosið með beinlínis kosníngum. 2. að ekki væri hèr neitt tilefni til að óttast of bráðar hreifíngar, þó kosníngar væri beinlínis og óbundnar við fjáreign, og mundi slíkar hreifíngar mega miklu fremur óttast, ef haldið væri nú upp á þjóðina tvöföldum kosníngum, þar sem hún hefir svo eindregið og sem skipulegast beðizt einfaldra kosníngа, svo að segja í einum anda. 3. að eingan veginn gæti tvöfaldar kosníngar orðið hèr á landi þjóðlegri fyrir þá sök, þó landið væri strjálbygt og hèröð víðlend, eins og hèr að vísu er, nè að óttast þyrfti, að öllum þorra kjósenda, ef þeir ættu að koma til eins kjörþíngs í hverju kjördæmi, yrði með því móti bægt frá að kjósa fulltrúa sína, nema að eins með skriflegum atkvæðum og í smádeildum; því, að öllu bærilegu veðri kosníngardaginn, mætti úti kjósa undir berum himni, en væri veður ílt, mætti inni kjósa í kirkju eður þínghúsi, og gæti þar að minnsta kosti rúmast búar eins hrepps í senn, er þá mætti kveðja til kosníngа í vissri röð. 4. að eingan veginn gæti alþíng nú fallizt á tvöfaldar kosníngar til þjóðfundar þessa þvert í móti því, sem þíngmenn verða að vera óbifanlega sannfærðir um að bezt eigi við, þegar um þann fund er að ræða, og þvert í móti því, sem landsbúar nú hafa beðizt í einum anda, þótt alþíng í þegnlegri bænarskrá sinni 7. ágúst 1847 með 12 atkvæðum gegn 10 beiddist tvöfaldra kosníngа, svo: að frumkjósendur væri 25 ára og fimti hver yrði kjörmaður til alþíngiskosníngа framvegis; því þá var ekki um annað að ræða, en þá var, ráð-

gefanda alþing, en ekki slíkan þjóðfund, sem nú er heitið að eigi að rannsaka allsherjar stjórnarmál. Enda fær alþing ekki dulizt þess, að tvöfaldar kosníngar, eins bundnar og stúngið er upp á í frumvarpinu, að einn skuli verða kjörmaður fyrir hverja 15 frumkjósendur, en aptur þeir skuli vera 30 ára að aldri, myndu nú verða því óvinsælli hèr á landi, sem skoðunin á öllum stjórnarmálefnum og hlutteknîngu alþýðu í þeim fyrir kosníngu fulltrúa sinna er orðin frjálslegri nú en fyrri, eins hèr, eins og í Danmörku, og einkum þegar á það er litið, að á meðan nokkrir fóru hèr tvöföldum kosníngum fram, af því menn gátu ekki vænzt rýmkunar í þeim efnum á annan veg, eins og þá stóð á, og þegar um kosníngar að eins til ráðgefandi samkomu var að ræða, þá fór þó einginn fram á tvöfaldar kosníngar, jafnþraungvar og nú er stúngið upp á; því þar sem úr mörgum hreppum yrði á þann veg ekki kosinn nema að eins einn kjörmaður, þá myndu frumkjósendur álíta þann rètt, er þeir þannig feingi, vettugis verðan, og ekki sinna honum margir hverjir, nè kjósa neina kjörmenn.

Þó þannig sè taldar til af hálfu stjórnarinnar öflugar ástæður fyrir, að tvöfaldar kosníngar eigi betur við á Íslandi, en einfaldar kosníngar, þá hlaut þó alþing allra þegnsamlegast að meta hinar ástæðurnar miklu öflugri og mikilvægari, sem mæla fram með, að einúngis einfaldar kosníngar eigi hèr við til þjóðfundarins, og sem alþing hefir leyft sèr að taka ítarlega fram í allra þegnsamlegustu bænarskrá sinni 31. júlí þ. árs.

Þegar alþíng var nú komið að þessari niðurstöðu, þá leiddi beinlínis þar af, að fyrst og fremst væri gjört að álitum, að hve miklu leyti frumvarpið alt eður einstakir kaflar þess og greinar átt gæti eins vel við einfaldar kosníngar eður betur, en það kosníngarlagafrumvarp, er þíngið var áður búið að semja og samþykkja, og varð þínginu þá auðsætt, 1. að margar ákvarðanir frumvarpsins, við víkjandi aðferðinni við tvöfaldar kosníngar, urðu að sjálfum sèr til óhafandi við einfaldar kosníngar; 2. væru í því ýmsar þær ákvarðanir, sem þó að nokkru leyti hefði mátt vel eiga við með þessari kosníngaraðferð, ef ekki yrði að hafa svo beint tillit til ens nauma tíma, sem um er að tefla í jafn-strjálbygðu og víðlendu landi, sem Ísland er, ef þjóðfundurinn á að geta komizt á að sumri komanda, er einmitt fyrir þessa sök yrði ekki hafðar, þar sem auðsjáanlega væri gjört ráð fyrir kosníngum með nægasta fyrirvara,

og þar til til alþingis, eins og því hefir verið hagað til þessa; eru til dæmis um það 11. gr., 21. gr., bæði út af fyrir sig og samanborin við 6. gr., 23. og 25. gr. 3. að sumar ákvarðanirnar væri miður fullkomnar og hentar í sjálfum sèr, hvort sem litið væri til tvöfaldra kosninga eður einfaldra, t. a. m. 8. gr., samanborin við 6. og 21. gr., 9. gr., 16. gr., 21. gr., 22. gr. og 25. gr.

Þannig varð þingið að álíta víst, að næsta fáar væri þær ákvarðanir í frumvarpinu óbreyttu, er eins vel ætti við eður betur en þær, sem eru í frumvarpi þess.

En nokkrir þingmenn voru þeirrar meiningar, að ef borin væri upp breytingaratkvæði við allar þær ákvarðanir frumvarpsins, sem hnigi að tvöföldum kosningum, í hina sömu stefnu og þingið hafði áður farið fram einföldum kosningum, og upp á öðrum tilhlýðilegum breytingum væri stúngið við hinar aðrar greinirnar, sem á er minnzt hèr að framan, og eins geta átt við hverja kosningaraðferðina sem er, þá mundi það vel hlýða, að gjöra frumvarpið svo breytt að varauppástúngu þingsins til kosningarlaganna, og varð því einn þingmaður til að bera upp slíkar breytingar, og jafnframt uppástúngur um, að þær greinarnar, sem beinlínis lúta að tvöföldum kosningum, væri feldar úr, voru það 3., 4. og 11.—15. gr., og enn fremur 21. og 25. gr., sem upp á nýum greinum var stúngið í staðinn, og voru einnig allar þessar greinir feldar með miklum atkvæðafjölda, þ. e. sumar með 23 atkvæðum gegn 1, sumar með 18 atkvæðum gegn 6, sumar með 16 atkvæðum gegn 8.

Frumvarpið var eptir þessar breytingar gjör umsteypt, frá því sem það var áður, og af því flestar uppástúngurnar voru að miklu eður öllu leyti samhljóða því, sem alþing hafði áður samþykt, þá hlutu flestir þingmanna að vera á því, að gefa þeim atkvæði sín, *hverri út af fyrir sig*, sem varauppástúngum við hið fyrra frumvarp þingsins, og eins þeim greinunum flestum, sem óbreyttar voru látnar, nema að litlum orðamun til.

En þar eð nokkrum þingmanna fannst, að frumvarpið, þannig um myndað, færi svo litlu öðru fram yfir höfuð, en hið fyrra frumvarp þingsins, þá hugðu þeir, að þó þess væri þegnsamlegast beðizt til vara, að það yrði samþykt, ef yðar konúngl. hátign gæti ekki löggilt hið fyrra, þá væri þó með þessu frumvarpi ekki beðið um minna nè annað í raun og veru, en

í hinu var; þar til urðu jafnmörg atkvæði bæði með og móti 5 gr., eins og hún með breytingunum var borin undir atkvæði, þar eð stafliðurinn *e* í þeirri grein var feldur með atkvæðum, en eingi breytingaruppástúnga varð borin upp í staðinn, en 9. gr., sem var óbreytt feld með miklum atkvæðafjölda, og einstökum ákvörðunum ekki sem skipulegast fyrir komið, og þegar þannig var litið á frumvarpið, eins og því var breytt, í heilu líki, þá varð þó meiri hluti þingmanna, þ. e. 14 atkvæði gegn 10, þrátt fyrir hinn talsverða atkvæðafjölda, sem flestar hverjar hinna einstöku uppástúngna höfðu hlotið sèr í lagi, að vera á því, að ekki ætti heldur að biðja yðar konúngl. hátign til vara um að staðfesta það, þannig lagað og umbreytt.

En af þessari atkvæðagreiðslu og svo hinni við þær einstöku greinir, sem allar voru feldar, að svo miklu leyti sem þær lutu að tvöföldum kosníngum, en samþyktar, ef þær lutu að einföldum, með miklum atkvæðafjölda, eins og áður er sýnt, svo og af því frumvarpi um þessar kosníngar, sem þíngið var áður búið að samþykkja í einu hljóði, *leiddi það beinlínis, að frumvarp yðar konúnglegu hátignar óbreytt* gat ekki á unnið samþykki þíngsins, og jafnvel ekki meðmæli neins einstaks meðal þíngmanna.

En þótt frumvarp þetta þannig væri felt í heilu líki, bæði breytt og óbreytt, þá fannst alþíngi, að breytíngar-atkvæði það, sem borið var upp í stað 21. gr., svo og 22. og 23. grein, eins og þeim var breytt eptir uppástúngunum, mætti eiga vel við, sem vara-uppástúnga sèr í lagi við 20. og 21. gr. hins fyrra kosníngarlagafrumvarps, ef yðar konúnglegu hátign vildi ekki þóknast að fallast á ákvarðanirnar í þeim greinum, en þíngið játar, að þær, ef til vilji, geti verið nokkrum umsvifum bundnar og ónmörkum, þegar litið er til hins nauma tíma, sem vel væri að komizt yrði hjá, ef mögulegt væri, þó eingi kæmi sú uppástúnga fram undir hinni fyrri umræðu málsins, er gæti leidt þíngið í nokkurn vafa um, að bezt væri að halda þeim, og að þeim mætti og vel koma við.

Ákvarðanir þær, sem eru í hinni nýu og samþyktu 21. gr. og í 22. og 23. gr. frumvarpsins, eins og þeim er nú breytt, gjöra umsvif þessi og sendiferðir miklu minni, og þar til auðfeingnari vissuna um, bæði að fulltrúaefni þau, sem utan hèraðs yrði kosnir, sè kjörgeingir, og vilji gángast undir kosníngúna, og að kjósa megi um aptur, ef sá, sem kosinn er með

flestum atkvæðum, er innan hèraðs, en vill ekki eða getur ekki undir geingizt. Aptur fannst þinginu það athugavert við uppástúnguna við 21. gr., að hún bindur kjósendurna fremur en í hinu fyrra frumvarpi var, til að greiða atkvæði þeim utanhèraðsmönnum einum, sem vissan er feingin frá, og fulltrúa-efnum leggur hún aptur, ef til vill, þá næsta óþægilegu og óeðlilegu byrði á herðar, að þeir út vegi sèr úr ýmsum kjördæmum skilríki fyrir því, að þeir hafi til að bera alla þá hæfileg-leika, sem út heimtast til kosníngar-rèttar og kjörgeingis; því slík skilríki þurfa þó, ef þau eiga að vera, eins og í uppástúngunni segir, *„fullgild“*; en af því það munu þó einkum verða embættismenn (þó það geti og vel átt sèr stað um leikmenn), sem utan hèraðs verða kosnir, þá finnst þinginu þessi athugasemd ekki svo mikilvæg, nè geta átt sèr stað svo almennt, að það fyrir þá sök hiki við þegnsamlegast að biðja yðar konúnglegu hátign til vara, að staðfesta hana, ef 20. og 21. gr. hins fyrra frumvarps þækti ekki eiga eins vel við. En af þessari varauppástúngu leiðir aptur beinlínis, að þækti hún eiga betur við, þá verða ákvarðanirnar í 22. og 23. gr., eins og þeim er nú breytt, að teingjast í samband með henni, og þessar ákvarðanir allar, ef þær þækti eiga betur við, að takast í staðinn fyrir 20. og 21. gr. í frumvarpi þíngsins, *með nauðsynlegri breytingu á niðurlagi 19. gr. þess*, og þó svo, að niðurlagskaflinn í 21. gr. frumvarpsins, um að *þjóðfundarfulltrúarnir sanni kosníng sína á fundinum með gjörð kjörstjórnarmanna,* haldist óröskuð að því leyti.

Það virðist og þíngmönnum nauðsynlegt, að inn í hina áminnztu nýu uppástúngu við 21. gr. verði bætt inn í eptir orðin; „skal aldur“, „eður *að öðrum kosti hlutkesti* ráða“, því vel má það að bera, að þeir sè jafnaldra, sem kosnir eru með flestum atkvæðum.

Þíngmönnum öllum þókti það og vel eiga við, sem þó var ekki tekið fram í hinu fyrra frumvarpinu, að í kosníngarlögunum yrði á kveðið, *að kjörþíng væri haldin á þeim stöðum í hverju kjördæmi, sem amtmenn kvæði á að ráði kjörstjóra,* á þann veg sem áður var lögboðið til kosníngа alþíngismanna í tilsk. 8. marz 1843 § 15.

Samkvæmt öllu því, sem nú er tekið fram, og með stöðugu tilliti til þess, er alþíng hefir áður leyft sèr að stínga upp á í frumvarpi því til kosníngarlaganna, sem sent er með allra

þegnsamlegastri bænarskrá þingsins 31. f. mán. og sem tekið er fram í þeirri bænarskrá, hlýtur alþing nú allra þegnsamlegast samhuga

að ráða yðar konúngleyu hátign frá, að veita þessu frumvarpi stjórnarinnar til kosníngarlaganna lagagildi.

Þar á móti leyfir alþing sèr jafnþegnsamlegast *í einu hljóði* að beiðast *til vara,* ef ákvarðanirnar í 20. og 21. grein þingsfrumvarpsins þækti miður hentugar, að þá yrði þessar ákvarðanir settar í staðinn:

1. Þeir 2, sem hafa feingið flest atkvæði, skulu vera fulltrúar kjördæmisins. Fái fleiri en þessir jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða. Ekki má velja neinn utan kjördæmis, nema einhver kjósenda á kjörfundinum geti með fullum skilríkjum sannað fyrir kjörstjórninni kjörgeingi og aldur hans og að hann takist kosnínguna á hendur.
2. Þingmönnum þeim, sem kosnir eru, skal birta bréflega kosníngu þeirra, og skulu allir kjörstjórarnir rita þar undir nöfn sín; en sè kjörstjóri sjálfur valinn, gjöri það að eins aðstoðarmenn hans; svo skulu þeir og segja það amtmanni, en amtmaður ráðherra innanríkismálanna.
3. Hver innankjördæmismaður er skyldur til, þegar er hann verður þess vís, að hann er kosinn, að skýra frá, hvort hann skorast undan eða ekki. Ef hann getur ekki tekizt erindi sitt á hendur, skal kjósa um aptur, ef því verður við komið, og skal þá fara með alt, sem áður er sagt.

Alþingi, 7. dag aprilmán. 1849.

Allra þegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Jón Guðmundsson.*

Þá hèlt konúngsfulltrúinn svo látandi ræðu:

Hátt virtu alþingismenn, ástkæru landar.

Með áhyggjufullu sinni og döprum huga mætti eg fyrst á fundi yðar í þetta skipti. Hinn lögboðni þingtími var liðinn, þegar eg eptir lánga og leiðinlega ferð komst loksins á fund yðar. Enginn gat krafizt af yður, að dvelja hèr leingur, en alþingislögin bjóða; og eg mátti því óttast fyrir, að erindi það, sem vor allra mildasti konúngur hafði falið mèr á hendur af hans hálfu á þingi þessu, mundi verða að erindisleysu í þetta sinn. Svo ógeðfelt og óþægilegt sem þetta var og hlaut að vera fyrir sjálfan mig, var hitt mèr þó miklu sárara og ó-

geðfeldara, ef fósturjörð mín, ef þjóðin og þing þetta skyldu hafa baga af óheppni þeirri, er henti mig persónulega.

En skyldurækt yðar við föðurlandið og virðing yðar fyrir konúngsins erindagjörðum hefir nú ráðið hina beztu bót á þessum vandkvæðum, og, að eg svo að orði komist, gjört ólán mitt að láni; og að hinu sama hefir vor heiðraði stiptamtmaður einnig unnið, þegar hann tók upp á sig að flytja konúngsfulltrúa-störf hèr á þinginu, svo að þèr ei þyrftuð að hverfa hèðan heim aptur erindislausir.

Þèr hafið, heiðruðu alþingismenn, flestallir án efa með miklum baga yðar ráðið það af, að dvelja hèr svo leingi fram yfir hinn lögskipaða þingtíma, sem með þyrfti, þángað til hin konúnglegu málefni, er eg hafði meðferðis, væru rædd og út kljáð á þinginu.

Með stakri alúð og iðjusemi hafið þèr nú á fám dögum þannig unnið að málefnum þessum, að þau eru nú á lögskipaðan hátt til lykta leidd af þinginu, og erindi mínu til yðar hefir þannig miklu betur, en í fyrstu á horfðist, orðið framgeingt. Mèr er því nú ærið miklu lèttara um hjartaræturnar, en þá eg í fyrsta sinni kom á fund yðvarn.

Að sönnu er eitt af þeim málefnunum, er eg af konúngs hendi lagði fyrir yður, nokkuð öðruvísi úr garði gjört, en stjórnin mun hafa ætlazt til og eg hefði óskað; en eg vona, að stjórnin líti á, hvernig á stadt var, þegar þèr unnuð að þessu málefni, og að hún muni ráða því til lykta á þann hátt, er þjóðinni bezt gegnir bæði í bráð og leingd.

Þegar vèr nú, hátt virtu alþingismenn, í þetta sinn slítum fund með oss, stöndum vèr á takmörkunum milli hins gamla og nýa tíma. Tilfinníngar vorar og hugsanir hvetja oss til, frá þessum takmörkum bæði að líta aptur á bak yfir þann tíma, sem liðinn er, og á þann veg, sem farinn er, og líka að skygnast fram undan oss yfir þann veg, sem er fyrir höndum, og þann tíma, sem í hönd fer.

Hvað hinn ókomni tími hafi oss og landi voru geymt á þessari biltínganna og umbreytínganna tíð, er oss öllum hulið; en vèr lítum þó til hans með von og trausti. Vèr treystum því, að hið nýa alþíng, er koma á í staðinn fyrir þetta, er nú skal bráðum slitið, muni fyrir tilstilli guðlegrar forsjár, fyrir mildilega ráðstöfun vors elskaða konúngs, og fyrir viturlegar tillögur þess þjóðfundar, er vèr væntum, verða svo vel og full-

komlega lagað, að það enn kröptuglegar fái eflt heill og heiður landsins og þjóðarinnar, en þetta þing hefir megnað eður átt kost á.

En þegar vèr frá takmörkum hins gamla og nýa tíma lítum yfir þá tíð, sem liðin er, þann veg, sem farinn er, þá liggur hann ljós og opinn fyrir oss. Hinn fyrsti kafli af æfi alþingis er á enda. Þess barndóms skeið er út runnið. Aðgjörðir þess liggja nú þegar fyrir almennings augum, og bíða síns dóms hjá samtíð og eptiröld. Það er eðlilegt, að hver og einn af oss, er átt höfum meiri eða minni þátt í störfum þeim, er alþingi þetta hefir leyst af hendi, sè ei með öllu áhyggjulaus um það, hver dómur feldur muni verða um aðgjörðir hans hèr á þinginu. Það er því eðlilegt, að hver og einn af oss, nú þegar þjóðkallan hans til þingstarfa er á enda, taki hendinni í sinn eigin barm og gángi í reikníngskap við sjálfan sig. Vèr munum þá allir finna, hver og einn með sjálfum sèr, að oss hefir skort mikið á að geta fullnægt svo köllun vorri, sem vèr vildum óska. Stundum höfum vèr fundið til skorts á þeirri þekkíngu, sem þarf til að ráða rètt úr vandasömum og yfirgripsmiklum málefnum. Stundum hefir oss vantað þá skarpsýni og lángsýni sálarinnar, er út heimtist til að gegnum skoða málefnin og líta yfir þau á alla vegu; og stundum má skè líka það jafnvægi sinnisins, það hóf og þá stillíngu, sem þarf til að geta vegið eins rètt annara mótmæli og ástæður, eins og sínar eigin. Vèr erum því við því búnir, að sá dómur, sem upp verður kveðinn yfir þíngstörfum vorum, ei verði með öllu oss í hag; en vèr bíðum hans samt allir með góðri samvizku: því þá meðvitund tökum vèr allir hèðan heim með oss, að alt hvað vèr hèr höfum talað og að hafzt, það höfum vèr gjört eptir beztu sannfæríngu, og að vèr í tillögum vorum ætíð höfum haft almennings gagn og þjóðarinnar heill fyrir augum.

En hvað sem um þetta þing sagt verður, og hver dómur sem á aðgjörðir þess verður lagður, mun því þó aldrei verða neitað um það, að það í mörgu hefir brotið ísinn, beint leiðina og gjört veginn greiðari fyrir hinum komandi þíngum. Eins og þíng þetta því hefir verið fyrirrennari hinna seinni þínga, eins mun það verða leiðsögumaður þeirra á enum opt og tíðum torfæra og vandratаða vegi gegn um þíngstörfin.

En þótt vèr allir, eins og eg áðan á veik, megum finna til ófullkomlegleika vorra, hefir þó einginn yðar eins mikið tilefni

og eins mikla orsök til þess, eins og eg. Þèr hafið, hver um sig, heiðruðu þingmenn, ekki orsök til að bera yður saman við annað, en þá hugmynd um góðan þingmann, sem hver yðar eptir mentun sinni og skoðunarmáta gjörir sèr, og þá finnið þèr að sönnu, að yður skortir nokkuð, en samt ekki svo mikið, að það veki hjá yður amasamar tilfinníngar. Eg þar á móti, sem ekki get komizt hjá að bera mig saman við þann framúrskarandi merkismann, er áður stóð í sömu sporum og eg nú hèr á þessu þingi, get ei annað en haft lifandi tilfinníngu þess, hversu lángt eg stend á baki hans. Hefði eg því ei gjört mèr vissa von um (og þessi von hefir ei brugðizt mèr), að umburðarlyndi yðar, heiðruðu þingmenn, mundi láta mig njóta þess, að eg er landsmaður yðar, og að vor mildi konúngur þannig hefir gjört yður kost á að heyra vora eigin túngu talaða frá þessum stað eptir ósk yðar, þá mundi eg varla hafa vogað að takast konúngsfulltrúa störf á hendur, hversu ótamt sem mèr annars hefir verið það, að skorast undan þeim skyldum, er stjórnin hefir viljað mèr á herðar leggja.

Þegar það er nú fyrir hendi, að vèr bráðum, eptir lánga samvinnu hèr í fleiri ár, eigum að skilja hver við annan, flestallir eða margir af oss má ske að fullu og öllu, þá vakna í brjóstum vorum viðkvæmar tilfinníngar; þau hin andlegu bönd, er teingja þá saman, er sveizt hafa undir sömu byrði, hver með öðrum, verða ei slitin án sviða og saknaðar. Þegar eg nú þannig, heiðruðu þingmenn, líklega í seinasta sinni skil við yður hèr, er það þó sèr í lagi innilegar þakklætis tilfinníngar fyrir alla þá alúð og umburðarlyndi, sem þèr hafið sýnt mèr, er gagntaka huga minn og hjarta. En sèr í lagi finn eg mèr skylt, að þakka, bæði í mínu og þingsins nafni, hinum hátt virta forseta fyrir hans mannúðlegleika, dugnað og þá ágætu forstöðu, er hann veitt hefir þingstörfunum, síðan hann tókst stjórn þeirra á hendur. Sömuleiðis votta eg hinum heiðraða varaforseta þakklæti mitt og þingsins fyrir stjórn hans á þingmála meðferðinni, meðan forseti þingsins ei gat tekizt hana á hendur.

Því næst talaði forseti á þessa leið:

Hátt virtu alþingismenn og meðbræður.

Það eru vissulega mjög alvörufullar stundir á æfi mannsins, þegar hann fær tækifæri til að yfirfara í huga sínum liðna kafla æfi sinnar, og því alvörufyllri eru þessar stundir, sem

hið um liðna hefir verið leingra eða merkilegra að viðburðum, sem honum hafa mætt. Eptir því sem þjóðlífi voru Íslendínga hefir hagað um lángan aldur, hafa tímabil þau, sem alþíng hefir staðið annaðhvort ár, verið mjög merkileg, og eg er viss um, að þau hafa veitt ekki einúngis alþíngismönnum sjálfum, heldur og einnig öllum greindum og skynsömum föðurlandsvinum meðal þjóðarinnar, mart alvörumikið íhugunarefni. Og hvers vegna er minníng þess konúngs, sem veitti þjóð vorri þíng þetta, svo hjartgróin hverju mannsbarni meðal þjóðar vorrar, nema vegna þess, að frá byrjun þíngsins geta menn með miklum sannindum talið byrjun hins vaknanda þjóðarlífs á meðal vor? En hversu merkilegt tímabil sem hver alþíngistími hefir verið, og ekki sízt þessi, sem nú er liðinn, þá er þó þessi stund, sem nú er að líða, að því leyti allra merkilegust, sem hún er seinasta stund þess tímabils, sem alþíngismenn eru kosnir til, og erindi því er nú lokið, sem kjósendur vorir fálu oss á hendur fyrir allmörgum árum síðan. Þessi hugleiðíng má vekja marga alvarlega hugsun í brjóstum vorum, eigi síður en í brjóstum allra kjósenda vorra og allrar þjóðar vorrar; því hver er sá á meðal vor, sem ekki finni til þess, og finni til þess nú á þessari stundu hvað næmast, að viðleitni hans að flytja erindi þjóðar sinnar hafi verið miklu veikari, en skyldi, miklu ófullkomnari, en hver um sig vildi óskað hafa? En það er jafnframt gleðiefni fyrir sèrhvern af oss, og fyrir sèrhvern þann, sem setið hefir í þessum sal sem alþíngismaður um það tímabil, sem liðið er, að sá sem alt sèr og þekkir hjarta mannsins, hann þekkir einnig hinn einlæga vilja allra vor, og dæmir með vægð, þó kraptarnir sè ekki ætíð eins fullkomnir og viljanum samsvarar.

Að eg einkum snúi máli mínu að þessu þíngi, þá vona eg, að sá verði dómur þjóðar vorrar um störf þess og það sjálft, að það geti staðið nokkurn veginn við hlið hinna fyrri þínga, og það sýni jafnvel, að reynsla og æfing kennir smásaman fleirum og fleirum hið rètta lag á meðferð þjóðmálefna á alþjóðlegum fundum. Þetta er eingin frægð eða eiginlegir yfirburðir þessa þíngs yfir hin, heldur er það eptir vonum, og mætti ætlast til þess, eða jafnvel meira, því vaninn eykur listina, eins í þessu og öðru. Hèr hafa komið fram mörg þjóðleg málefni, margar bænarskrár um ýms alþjóðleg efni, og þíngmenn hafa sýnt, að ætlun minni, að þeir kunna að meta

þjóðlegar óskir, eins og vera ber, og greiða þeim veg, sem algjörðastar eru og mest áríðandi fyrir heill og framför landsins. Öll mál, sem þingið hefir tekið til meðferðar, eru nú til lykta leidd, og hafa sum af þeim verið hin mestu vandamál. Þetta má því fremur kalla atkvæðastarf af þingmanna hendi, sem kringumstæður þær, er nú hafa borið að höndum og vèr allir þekkjum, hafa hlotið að dvelja mjög og vefja á ýmsa vegu meðferð málanna framan af þingtímanum; hvort sem menn viður kenna eður ekki, að við þeim hefði orðið sèð. En úr þessu hefir þó ráðizt að minni hyggju svo heppilega, sem auðið var, því stiptamtmaður vor tók að sèr, sem kunnugt er, þau störf til bráðabirgða, sem hinum hátt virta konúngsfulltrúa voru ætluð, og hann hefir leyst það erindi þannig af hendi, að eg ætla eg muni hitta beint hugsanir allra þingmanna, þegar eg votta gleði mína yfir því, að bæði þinginu og þjóð vorri allri hafi veizt færi á að þekkja hann betur, en ella hefði getað orðið, og einkum að sannfærast um, hversu frjálslega hann lítur á þjóðmál vor, og hversu hann kann að meta þjóðarrètt vorn, án þess nokkru sinni að minna oss á, hversu fámennir vèr erum, þegar vèr sýnum, að vèr viljum sjálfir halda rètti þessum. Eg votta honum því í þingsins nafni miklar þakkir fyrir hlutdeild hans í málunum hèr á þingi.

Hinn hátt virti varaforseti hefir borið fyrir mig nær því alla þá byrði, sem mèr var á herðar lögð, og þó hann hafi að vísu gjört það þingsins vegna, þá hefir hann jafnframt sýnt mèr í því þá hina sömu velvild, sem hann hefir jafnan áður auðsýnt mèr, og sameina eg því mínar þakkir til hans sèr í lagi við þakkir þingmanna.

Sömuleiðis þakka eg hinum virðulegu þingmönnum, sem hafa haft skrifarastörfin og umsjón tíðindanna á hendi, og eiga þeir því fremur þakkir skilið, sem hèr er örðugra um margt það, sem þarf til að greiða fyrir þessum störfum.

Eg þakka enn framar öllum yður, hátt virtu alþingismenn, fyrir velvild þá og vorkunsemi, sem þèr hafið sýnt mèr, þessa fáu daga sem eg eptir skipun yðar hefi haft forsetastörfin á hendi, eigi síður en alla þá vináttu, sem svo margir yðar á meðal hafa auðsýnt mèr á þessum þremur þingum. Minníng þess mun verða mèr ógleymanleg, hvort sem mèr auðnast að mæta optar á þjóðþingi voru Íslendínga eður ekki.

Að síðustu votta eg hinum hátt virta konúngsfulltrúa inni-

legt þakklæti mitt, fyrir vinsemd þá, sem hann hefir sýnt mèr, og einkanlega þessa daga, sem eg hefi átt að skipta við hann af þingsins hendi, sem erindsreka stjórnarinnar. Skarpleiki hans og kunnugleiki á málum lands vors er svo gjörkunnugt bæði stjórninni og þinginu og þjóðinni, að óþarfi er mèr að fjölyrða um það, en sú ein er ósk mín, að landi voru mætti sem leingst auðnast að njóta hinna miklu krapta, sem honum eru lèntir.

En eg get ekki skilizt svo við þetta mál, að eg snúi einúngis huga mínum til hins um liðna, þar sem svo miklar vonir birtast í hinni ókomnu tíð og morgunroði þjóðfrelsisins virðist að færast nær og nær landi voru. Sjálfir vèr skiljumst við þetta þíng með líkum tilfinníngum, eins og hinn trúaði geingur inn til betra lífs; vèr vitum að sönnu, að þetta muni verða hið seinasta ráðgjafarþíng vort, í því formi sem það hefir híngað til verið, en vèr höfum þá von og örugt traust, að nýtt þjóðarþíng rísi upp, eins og úngur Fenix, úr ösku þessa hins gamla, miklu fjörugra og fullkomnara en þetta. Þessi von leiptrar nú í augum vor allra, í augum allra góðra Íslendínga og Íslands vina. Þessi von er einnig bygð á þekkíngu og trausti því, sem vèr höfum á konúngi vorum, að hann muni fullgjöra það, sem hinn hásæli faðir hans byrjaði, og gjöra minníngu sína oss eins dýrmæta, og minníng föður hans er; en vèr viljum samhuga biðja þann, sem veitir allar góðar og allar fullkomnar gjafir, að hann snúi þessu máli og öllu öðru til heilla þjóð vorri um allan ókominn tíma, því nema hann haldi vörð, þá vaka varðmennirnir til einkis.

Síðan stóð upp *konúngsfulltrúi* og mælti:

Í nafni konúngs lýsi eg yfir því, að þíngi þessu er slitið.

Þíngmenn tóku þá undir í einu hljóði:

„*Leingi lifi konúngur vor* **Friðrik** *hinn* **sjöundi**“.

Því næst var geingið af þíngi.

A.

VIÐBÆTIR.

K o n ú n g l e g f r u m v ö r p

og álitsmál, með ástæðum stjórnarinnar,

sem borin eru undir alþíng

1849.

TÍÐINDI

FRÁ

ALÞÍNGI

ÍSLENDÍNGA.

TÍÐINDI

FRÁ

ALÞÍNGI

ÍSLENDÍNGA.

ÞRIÐJA ÞÍNG

1. JÚLÍ TIL 8. ÁGÚST

1849.

Ritnefndarmenn:

Th. Gudmundsen sýslumaður.

Haldór Jónsson prófastur.

REYKJAVÍK,

PRENTAD Á KOSTNAD ALÞÍNGIS, Í PRENTSMIDJU LANDSINS.

1850.

(Nefnd: Þ. *Sveinbjörnsson, Jón Guðmundsson, Hannes Stephensen, J. Johnsen, Steffán Jónsson;* framsögumaður, *Jón Guðmundsson).*

II. Konúngleg álitsmál.

1. Konúnglegt álitsmál, um að sameina Borgarfjarðar og Mýrasýslu (Viðbæt. *A.* 37—44), bls. 723—724; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 732—736; ályktunar-umræða, bls. 803—804; álitsskjal þíngsins, bls. 897; sbr. bænarskrá frá Þórnessfundi um takmörk Vesturumdæmisins III. 9. í yfirliti málefnanna.
   (Nefnd: *Kr. Magnusen, Hannes Stephensen, Þ. Sivertsen;* framsögumaður, *Hannes Stephensen*).
2. Konúnglegt álitsmál, um sameiníngu Norður og Suðurþíngeyarsýslu (Viðbæt. *A.* bls. 45—49), bls. 723; nefndarálit og undirbúníngs-umræða, bls. 725—731; ályktunarumræða, bls. 801—803; álitsskjal þíngsins, bls. 928—930.
   (Nefnd: *Jón Jónsson, Jakob Pètursson, Guttormur Vigfússon;* framsögumaður, *Jón Jónson).*

III. Þegnlegar uppástúngur,

sem nefndir eru settar um og bænarskrár ritaðar til konúngs.

1. *Jón Jónsson:* bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, um jafnari greiðslu á alþíngiskostnaðinum. Inngángsumræða, bls.9—15; nefndarálit meiri hlutans, bls. 385; nefndarálit minni hlutans, bls. 389—397; undirbúníngsumr., bls. 397—436; ályktunarumræða, bls. 462—480; álitsskjal þíngsins, bls. 701—703.
   (Nefnd: *Jón Jónsson* (minni hlutinn), *H. G. Thordersen, Þ. Sveinbjörnsson* (meiri hlutinn); framsögumaður, *Jón Jónsson).*
2. *J. Thorsteinsen*: bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu, um kauptún á Krossvík. Inngángsumræða, bls. 15—20; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 480—513; ályktunarumræða, bls. 540—556; álitsskjal þíngsins, bls. 703—709.
   (Nefnd: *Steffán Jónsson, Haldór Jónsson, J. Thorsteinsen, Ásgeir Einarsson, Jón Samsonsson,* og *Jóni Guðmundssyni* bætt seinna við nefndina, sbr. bls. 113—114; framsögumaður, *Jón Guðmundsson).*

3. *Jón Jónsson*: bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu um lýsingu og skrásetningu landamerkja jarða hèr á landi eptirleiðis. Inngángsumræða, bls. 26—32; nefndarálit og undirbúningsumræða, bls. 261—281; ályktunarumræða, bls. 333—342; álitsskjal þingsins, bls. 513—515.
(Nefnd: *þ. Sveinbjörnsson, Jón Jónsson, Kr. Kristjánsson;* framsögumaður, *þ. Sveinbjörnsson*).
4. *J. Thorsteinsen*: bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu, um aftekningu danskrar túngu í öllum málefnum, er snerta stjórn Íslands bæði innan lands og utan. Inngángsumræða, bls. 34—38; undirbúningsumræða, bls. 443—462; ályktunarumræða, bls. 517—525; álitsskjal þingsins, bls. 576—578.
(Nefnd: *H. G. Thordersen, þ. Sveinbjörnsson, Haldór Jónsson;* framsögumaður, *H. G. Thordersen).*
5. *Kr. Magnusen:* bænarskrá frá Þórnesþingi, um að allir embættismenn og ekkjur þeirra borgi til jafnaðarsjóðanna. Inngángs-umræða, bls. 55—57; nefndarálit ogundirbúningsumræða, bls. 186—192; ályktunarumræða, bls. 212—213; álitsskjal þingsins, bls. 302—303.
(Nefnd: *Kr. Magnusen, þ. Sivertsen, þ. Sveinbjörnsson;* framsögumaður, *þ. Sveinbjörnsson*).
6. *Jón Jónsson*: bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að út vega nýtt lagaboð, er ákveði, hvernig semja skuli skýrslur til verðlagsskráa. Inngángsumræða, bls. 69—71; nefndarálit og undirbúningsumræða, bls. 193—209; ályktunarumræða, bls. 213—215; álitsskjal þingsins, bls. 300—302.
(Nefnd: *Jón Jónsson, R. M. Ólsen, Haldór Jónsson;* framsögumaður, *Haldór Jónsson).*
7. *Jón Jónsson:* bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að alþingi út vegi lagaboð, er skipi, að tíund til prests og kirkju eptirleiðis verði goldin eptir meðalalin. Inngángsumræða, bls. 72—76; nefndarálit og undirbúningsumræða, bls. 350—371; ályktunarumræða, bls. 441—443; álitsskjal þingsins, bls. 556—558.
(Nefnd: *Jón Jónsson, Steffán Jónsson, Kr. Magnusen;* framsögumaður, *Steffán Jónsson).*
8. *J. Thorsteinsen:* bænarskrá frá Þingvallafundinum, um kosníngarlög til þjóðfundarins 1850. Inngángsumræða, bls. 118—128; nefndarálit og undirbúningsumræða, bls. 559—576, 578—608, 610—639; ályktunarumræða, bls. 661—

699; álitsskjal þingsins, bls. 709—714; sbr. konúnglegt frumvarp um sama efni.

(Nefnd: *þ. Sveinbjörnsson, Jón Guðmundsson, Steffán Jónsson, Kr. Kristjánsson, J. Johnsen;* framsögumaður, *Jón Guðmundsson).*

9. *Kr. Magnusen:* bænarskrá frá Þórnessfundi, um takmörk vesturamtsins. Inngángsumræða, bls. 138—152; nefndarálit og undirbúningsumræða, bls. 342—350; ályktunarumræða, bls. 516—517; álitsskjal þingsins, bls. 608—610.

(Nefnd: *þ. Sivertsen, Kr. Magnusen, Eyólfur Einarsson*; framsögumaður, *þ. Sivertsen*).

10. *Jon Guðmundsson*: þegnlegt frumvarp frá alþingismanni Skaptfellínga, er skorar á þingið að endurnýa bæn sína um að undirskript konúngs og ráðherra hans fáist á íslenzkum texta þeirra lagaboða, sem gilda eiga á Íslandi, bls. 154. Inngángsumræða, bls. 155—165, 299—300; nefndarálit og undirbúningsumræða, bls. 525—540; ályktunarumræða, bls. 639—643; álitsskjal þingsins, bls. 699—701.

(Nefnd: *Jón Guðmundsson, þ. Sveinbjörnsson, J. Johnsen;* framsögumaður, *Jón Guðmundsson).*

IV. Þegnlegar uppástúngur,

sem nefndir eru settar um, en eingar bænarskrár ritaðar til konúngs.

1. *J. Thorsteinsen:* bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu, um að þingfararkaup alþingismanna annaðhvort falli niður eða verði fast ákveðið, bls. 42. Inngángsumræða, bls. 43—51; nefndarálit og undirbúningsumræða, bls 165—186, sbr. málefnið um kosningarlög til þjóðfundarins 1850, og „þingfararkaup“ í efnisregistrinu.

(Nefnd: *þ. Sveinbjörnsson, Kr. Kristjánsson, Kr. Magnusen;* framsögumaður, *Kr. Magnusen.*

2. *J. Thorsteinsen:* bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu, um endurskoðun tíundarlaganna. Inngángsumræða, bls. 51—52; nefndarálit og undirbúnings-umræða, bls. 215—260; ályktunarumræða, bls. 281—299.

(Nefnd: *Steffán Jónsson, Haldór Jónsson, Kr. Kristjánsson;* framsögumaður, *Haldór Jónsson*).

3. *Kr. Magnusen*: bænarskrá frá Þórnessfundi, um að kirkjur hefðu jafnan rètt við aðra í skuldagjaldi og skulda-

kröfum. Inngángs-umræða, bls. 102—103, 137; önnur umræða nefndarinnar og þingsins, bls. 436—443.
(Nefnd: *Kr. Magnusen, H. G. Thordersen, Þ. Sívertsen).*

4. *Ásgeir Einarsson:* bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu, um aukatekjureglugjörð fyrir lækna. Inngángs-umræða, bls. 103—106; nefndarálit og undirbúnings-umræða, bls. 303—333; ályktunarumræða, 371—384.
(Nefnd: *J. Thorsteinsen, Kr. Magnusen, Jón Guðmundsson*; framsögumaður, *J. Thorsteinsen).*

V. Þegnlegar uppástúngur,

sem vísað var til annara þingnefnda.

Til nefndarinnar *um jafnari greiðslu á alþingiskostnaðinum* (sbr. bls. 15).

1. Bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu, um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins (flutnm. *J. Thorsteinsen*), bls. 15.
2. Bænarskrá frá Norðurmúlasýslu, um niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, bls. 87.
3. Þegnlegt frumvarp frá þingmanni Barðstrendinga, um að fá réttan skilning á opnu bréfi af 18. júlí 1848, sér í lagi hvað bænda kirkjueignir snertir (flutnm. *Eyólfur Einarsson*), bls. 87—92.
4. Bænarskrá frá Mýrasýslu, um að hreppstjórar fái laun fyrir að skrifa upp afgjald jarða þeirra, sem alþingiskostnaðurinn er tekinn af (flutnm. *R. M. Ólsen*), bls. 135—137.

Til nefndarinnar *um kauptún á Krossvík,* bls. 20.

1. Bænarskrá frá austurhluta Húnavatnssýslu, um verzlun í Sauðárkrók, bls. 34.
2. Bænarskrá frá bændum í Breiðuvíkur hrepp, um að lausakaupmenn megi sigla upp Hellnavík og verzla þar (flutnm. *Kr. Magnusen)*, bls. 76—77.
3. Bænarskrá frá Norðurmúlasýslu, um frjálsa verzlun (flutnm. *Guttormur Vigfússon*), bls. 80—84.
4. Bænarskrá frá Suðurmúlasýslu, um sama efni, bls. 80.
5. Bænarskrá frá Þórnesþingi, um sama efni, bls. 80.
6. Bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi, um sama efni, bls. 80.
7. Bænarskrá frá Gullbringusýslu, um að lausakaupmenn fái

leyfi til að sigla upp og verzla á Höfnum, Grindavík, Vogum og Njarðvík (flutnm. *Guðmundur Brandsson)*, bls. 113.

8. Bænarskrá frá Austurskaptafellssýslu, um uppsiglíngu Papóss eða Hornafjarðaróss, bls. 114.

Til nefndarinnar um *brúkun íslenzkrar túngu*, bls. 38.

1. Bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, sem æskir lagaboðs um það, að embættisbréf, reikníngar og skýrslur og hver önnur málefni, sem gánga eiga um í landinu, hvort heldur snertir þjóðina eður einstaka menn, verði hèr eptir rituð á íslenzku máli, bls. 34, sbr. bls. 443.
2. Bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi, um að öll embættisbréf, sem allir embættismenn rita um öll stjórnarmálefni innan lands, verði framvegis rituð eingaungu á íslenzku, bls. 34, sbr. bls. 444.
3. Bænarskrá frá Þórness og Þíngvallafundum, öldúngis sama innihalds og sú fyrri, en tekur það sèr í lagi fram, að skýrslur og fullgildíngar á embættisbókum verði líka rituð á íslenzku, bls. 34, sbr. bls. 444.
4. Bænarskrá frá Mýrasýslu, um brúkun íslenzkrar túngu, bls. 137.

Til nefndarinnar um *þíngfararkaupið*, bls. 46.

1. Bænarskrá frá Þórnessþíngi, um að alþíng verði eptirleiðis haldið við Öxará á Þíngvelli, og að fæðispeníngar alþíngismanna lækki um þriðjúng, bls. 57—66.
2. Bænarskrá frá Þíngvallafundi, um að ferðakostnaður alþíngismanna verði ákveðinn eða dæmdur af nefnd, bls 66.

Til nefndarinnar um *endurskoðun tíundarlaganna, bls. 52.*

1. Bænarskrá frá Gullbríngusýslu, um betri jöfnun á tíundarlaginu, bls. 79.

Til nefndarinnar um *kosníngarlögin*, bls. 127.

1. Bænarskrá frá Norðurmúlasýslu, um kosníngarlögin og um stjórnarlögun framvegis, bls. 117, sbr. bls. 127—128.
2. Bænarskrá frá Suðurmúlasýslu, um sama efni, bls. 117.
3. Bænarskrá frá Suðurþíngeyarsýslu, um sama efni og um vald alþíngis framvegis, bls. 117.
4. Bænarskrá frá Þórnessfundi, um sama efni og þíngstað við Öxará, bls. 117.
5. Bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi, um sama efni, bls. 117.

(Þessar bænarskrár voru lagðar til nefndarinnar, að því leyti þær lutu að kosningarlögunum) sbr. bls. 128.

Til nefndarinnar um *takmörk vesturumdæmisins,* bls. 151.

1. Bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi um takmörk vesturumdæmisins.

VI. Þegnlegar uppástúngur,

sem vísað var frá þinginu og ekki feingnar þingnefndum til rannsóknar.

1. Bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að jarðamatskostnaðurinn leggist á afgjaldstakendur sjálfa að mestu eða öllu leyti (flutníngsm. *Jón Jónsson),* bls. 32—33.
2. Bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að leggja eingan stórvægilegan kostnað á, sem landið eður sjóðir þess seinna þurfa að endurgjalda, án alþíngis álits og samþykkis (flutníngsm. *Jón Jónsson),* bls. 33—34.
3. Bænarskrá frá Strandasýslu, um prentun í þíngtíðindunum þeirra lagaboða, sem koma út á milli þínga, bls. 38—41. (þíngið samþykti þessa bænarskrá án nefndarálits, sbr. bls. 41).
4. Bænarskrá frá Skagafjarðarsýslu, um sveitastjórn, bls. 53—55 (flutníngsm. *Jón Samsonsson).*
5. Bænarskrá frá Þórnesþíngi, að því leyti hún bað um, að alþíngi yrði eptirleiðis haldið við Öxará á Þíngvelli, bls. 57—66.
6. Bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi, um sama efni, bls. 57—66.
7. Bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að samdar verði reglur fyrir verðhæð og tíund á landamerkjalausum heimajörðum og hjáleigum, bls. 66—69 (flutníngsmaður *Jón Jónsson).*
8. Bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að alþíngi út vegi lagaboð, sem ákveði, hvað greiða skuli í konúngs þegnskyldu, bls. 71—72 (flutníngsm. *Jón Jónsson).*
9. Bænarskrá frá Gullbríngusýslu, um fiskiveiðar og hákallaveiðar þiljuskipa, bls. 78—79 (flutníngsm. *Guðmundur Brandsson).*
10. Bænarskrá frá Norðurmúlasýslu, um skyldur og réttindi landsdrottna og leiguliða, bls. 79—80 (flutníngsm. *Guttormur Vigfússon).*

11. Bænarskrá frá Suðurþingeyarsýslu, um að alþing yfir vegi og síðan kunngjöri þjóðinni, hver málefni samkvæmt 1. r. alþingistilskipunarinnar heyrðu undir aðgjörðir þess, bls. 84—87 (flutningsm. *Jón Jónsson).*
12. Bænarskrá frá Þingvallafundi, um að skýr grein fáist fyrir reikningum og fjárhag landsins, bls. 92—102 (flutningsm. *J. Thorsteinsen).*
13. Bænarskrá frá Þórnessfundi, um sama efni, bls. 102.
14. Bænarskrá frá Þorskafjarðarfundi, um sama efni, bls. 102.
15. Bænarskrá frá Gullbringusýslu, um að kaupmönnum yrði gjört að skyldu að vanda vörur sínar, bls. 106—109 (flutningsm. *Guðmundur Brandsson).*
16. Bænarskrá frá Gullbringusýslu, um að kaupmenn skyldist til að kveða upp með fyrir 20. júní hvers árs, hvað þeir ætli að gefa fyrir íslenzkar vörur, bls. 109—112 (flutningsm. *Guðmundur Brandsson).*
17. Bænarskrá frá Gullbringusýslu um, að manntalsfiskur verði af tekinn, bls. 112—113 (flutningsm. *Guðmundur Brandss*).
18. Þegnleg uppástúnga frá þingmanni Barðstrendinga, um að aptrað yrði giptingu öreiga, bls. 114—117 (flutningsm. *Eyólfur Einarsson).*
19. Bænarskrá frá Barðastrandar og Ísafjarðarsýslum, um að vorhreppaskilaþing verði af tekin, bls. 128—135 (flutnm. *Eyólfur Einarsson).*
20. Bænarskrá frá Mýrasýslu, um skattalögin, bls. 135 (flutnm. *Helgi Helgason).*
21. Þegnlegt frumvarp frá fulltrúa Suðurþingeyarsýslu, um jarðamatið, bls. 152—154 (flutnm. *Jón Jónsson).*

REGISTUR

yfir

helztu efni í tíðindunum frá alþingi

1849.

Aðalkaupstaðir, bls. 4, 88, 555, 708, sbr. verzlunarmálið.

Aðalverzlunarfulltrúar, sjá verzlunarfulltrúar.

Aðstoðarmaður konúngsfulltrúa, bls. 210—212.

Aldur kjósenda, bls. 586—596, sbr. kosníngarlögin.

Alment verzlunarfrelsi, sjá verzlunarmálið.

Alþíngi við Öxará á Þíngvelli, bls. 57—66.

Alþíngiskostnaður (á timburhús í verzlunarstöðum. Sjálfseignarkirkjur. Spítala-Kristfjár- og Hreppajarðir. Benefisia prestanna og þær jarðir, er þar undir hverfa. Laun allra annara embættismanna að umboðsmönnum með töldum), bls. 13—14, 87—92, 384—436, 462—480, 701—703, sbr. viðbætir B. bls. 62—63.

Alþíngiskostnaður af bændakirkjueignum, bls. 87—92, sbr. alþíngiskostnaður.

Árángur af þegnlegum uppástúngum og tillögum alþíngis 1847 (Viðbæt. B. bls. 53—72), bls. 718—721.

Arfleiðsluvitni, bls. 775—778, sbr. erfðalögin.

Arftaka hjóna hvort eptir annað og útfararkostnaður, bls. 760—775, sbr. erfðalögin.

Arftaka óekta barna, bls. 748—756, 882, 888—890, sbr. erfðalögin.

Auglýsíngar konúngs til alþíngis um árángur af tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1847, sbr. árángur af þegnlegum uppástúngum, o. s. frv.

Aukatekjur lækna, bls. 104—106, 303—333, 371—384.

Beneficia presta, sjá alþingiskostnaður.
Bókasafn alþingis, bls. 722, 800—801.
Borgun handa hreppstjórum fyrir að skrifa upp afgjald jarða, sem alþingiskostnaður leggst á, bls. 135—137.
Borgun handa kjörstjórn, bls. 629—634.
Brúkun íslenzkrar túngu, sjá íslenzka.
Einfaldar kosníngar, bls. 120, 564—566, 573, sbr. tvöfaldar kosníngar.
Embættismenn þíngsins kosnir, bls. 5—8, 20—26.
Endurskoðun tíundarlaganna, sjá tíundarstofn.
Erfðalögin (Grundvallarreglur erfðalaganna. Um þá, er styrk fá í arfsvon. Arftaka óskilgetinna barna. Arftaka hjóna hvors eptir annað og útfararkostnaður. Arfleiðsluvitni. Skiptalaun) (viðb. A. bls. 8—22), bls. 722, 736—783, 879—897, 930—933.
Erindisbréf dómsmálastjórnarherrans til hreppstjóra, viðb. B. bls. 63—65.
Fjárhagur Íslands, bls. 93—102.
Frjáls verzlan, bls. 80—84, sbr. verzlunarmálið.
Frumvarp til kosníngarlaga, eptir hverjum kjósa skal til þjóðfundar þess á Íslandi, sem boðaður er með allra hæstum úrskurði 23. septemb. 1848 (Viðb. A. bls. 26—36), bls. 559—563, sbr. kosníngarlögin.
Fulltrúaefni, bls. 120—121, 569—570, 581, 794, sbr. kosníngarlögin.
Fæðispeníngar kjörstjórnar og þíngmanna, bls. 165—186, 209, 629—638, sbr. þíngfararkaup.
Geldneyti í tíund, sjá tíundarstofn.
Gildi máldaga, sjá landamerkjalýsingar.
Giptíng öreiga, sjá öreigagiptíngar.
Gjald embættismanna og ekkna þeirra til jafnaðarsjóðanna, bls. 56—57, 186—192, 212—213, 302—303.
Gjalddagur prests og kirkju, sjá tíund til prests og kirkju.
Grundvallarreglur erfðalaganna, bls. 741—756, sbr. erfðalögin.
Hjáleigur, Heimajarðir } sjá landamerkjalausar hjáleigur og heimajarðir.
Hver málefni heyri undir alþíng, bls. 84—87.
Hross í tíund, sjá tíundarstofn.
Íslenzka, bls. 34—38, 443—462, 517—525, 576—578.
Jafnaðarsjóðirnir, sjá gjald embættismanna og ekkna þeirra til jafnaðarsjóðanna.

Jafnari greiðsla alþingiskostnaðarins, sjá alþingiskostnaður.
Jarðamatið, bls. 152—153.
Kauptún við Krossvík, bls. 15, sbr. verzlunarmálið.
Kirkjur, skuldagjald og skuldakröfur þeirra, bls. 102—103, 436—443.
Kirkjutíund, sjá tíund til prests og kirkju.
Kjördæmaskipun, bls. 120, 559, 837—842, sbr. kosníngarlögin.
Kjörgeingi, bls. 120—121, 560, 567—568; sbr. kosníngarlögin.
Kjörstjórnarnefnd, bls. 122, 124, 596—601, sbr. viðb. B. bls. 60—61.
Konúngstíund, sjá tíund til prests og kirkju.
Kosníngaraðferð, bls. 121—122, 560—563, 567—568, 596—608, 610—629, 787—790, sbr kosníngarlögin.
Kosníngarlögin (Tala þjóðfundarmanna. Kjördæmaskipun. Kosníngarréttur. Kjörgeingi. Undirbúníngur til kosníngа. Hve nær kosníngar fari fram, og um kjörstjórnarnefnd, einfaldar kosníngar, tvöfaldar kosníngar. Fulltrúaefni. Aldur kjósenda, fæðispeníngar og ferðakaup þjóðfundarmanna. Borgun handa kjörstjórn), bls. 119—128, 559—576, 578—608, 610—639, 661—699, 709—714, 722, 784—800, 835—879, 938- 944, sbr. viðb. A. bls. 26—36.
Kosníngarréttur, bls. 120, 559—560, 586—596, sbr. kosníngarlögin.
Kosníngarþíng, sjá kosníngaraðferð.
Kristfjárjarðir, sjá alþingiskostnaður.
Kostnaður við landamerkjalýsíngar, sjá landamerkjalýsíngar.
Kvígur í tíund, sjá tíundarstofn.
Kýr í tíund, sjá tíundarstofn.
Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar, sem út eru komnar, síðan alþíngi var slitið 1847 (Tilskipun um nýan jarðadýrleika á Íslandi, reglugjörð fyrir þá menn, er meta eiga jarðir á Íslandi, til þess nýr dýrleiki verði á þær lagður. Reglugjörð fyrir þá menn, er rannsaka eiga jarðavirðingu þá, er gjöra skal til að koma á þær nýum dýrleika. Reglubréf handa sýslumönnum á Íslandi við hið nýa mat fasteignanna þar í landi. Opið bréf um kostnað þann, er leiðir af kjöri alþíngismanna framvegis, o. fl. Opið bréf um breyting á þeim tíma, sem þarf til að eignast sveit eptir 6. grein í reglugjörðinni 8. janúar 1834. Opið bréf, um hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn og önnur þar að lútandi útgjöld. Erindisbréf dómsmálastjórnarherrans til hreppstjóra. Opið bréf um breyting á fyrirkomulagi spítalanna og læknaskipunar á Íslandi. Tilskipun um veiði á Íslandi), viðb. B. bls. 53—72.
Landamerkjalausar hjáleigur og heimajarðir, bls. 66—69.

Landamerkjalýsingar (Lýsingarmenn, hve nær lýsingar byrji og hvernig þær fari fram. Skrásetning lýsinganna. Gildi máldaga. Birting lýsinganna fyrir hreppsbúum, þingsvitni um þær og þinglýsingar, kostnaður við lýsingarnar, hvaðan og hvernig hann borgist), bls. 27—31, 261—281, 333—342, 513—515.
Laun embættismanna, sjá alþingiskostnaður.
Laun hreppstjóra fyrir að upp skrifa afgjald jarða, sem alþingiskostnaðurinn er tekinn af, bls. 135, sbr. alþingiskostnaður.
Leiðarbréf kaupmanna, sjá verzlun.
Leingíng þingtímans, bls. 644—661, 714—718.
Lènsjarðir presta, bls. 13, sbr. beneficia.
Lýsing vogreka, sjá rekamálið.
Máldagar, sjá gildi máldaga.
Manntalsfiskur, bls. 112—113.
Manntalsþing í Norðurmúlasýslu, viðb. A. bls. 23—25.
Nefnd til að annast um alt það, sem við víkur bókasafni þingsins, bls. 800—801.
Niðurjöfnun alþingiskostnaðarins, sjá alþingiskostnaður.
Opið brèf um breytíng á fyrirkomulagi spítalanna og læknaskipunar á Íslandi, viðb. B. bls. 65—66.
Opið brèf um breytíng á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. reglugjörðarinnar 8. janúar 1834, viðb. B. bls. 61—62.
Opið brèf um kostnað þann, sem leiðir af kjöri alþingismanna framvegis, o. fl. viðb. B. bls. 60—61.
Opið brèf um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn og önnur þar að lútandi útgjöld, viðb. B. bls. 62—63.
Óskipt land milli heimajarða og hjáleigna, sjá landamerkjalausar hjáleigur og heimajarðir.
Papafjarðarós, bls. 487—488, 491—493, sbr. verzlunarmálið.
Prentun lagaboða í þingtíðindin, bls. 38—41.
Prentun þingtíðindanna, bls. 25—26.
Preststíund, sjá tíund til prests og kirkju.
Reglubrèf handa sýslumönnum á Íslandi við hið nýa jarðamat þar í landi, viðbæt. B. bls. 57—60.
Reglugjörð fyrir þá menn, er meta eiga jarðir á Íslandi, til þess nýr dýrleiki verði á þær lagður, viðbæt. B. bls. 54—56.
Reglugjörð fyrir þá menn, er rannsaka eiga virðíngu þá, er gjöra

skal á jörðum, til að koma á þær nýum dýrleika, viðbæt. B. bls. 56.
Reglur til að semja skýrslur til verðlagsskrár, sjá verðlagsskrár.
Reikningur jarðabókasjóðsins frá 1. ágúst 1846 til 31. júlí 1847, bls. 95—97, sbr. fjárhagur Íslands.
Rekamálið (Vogrek á afmörkuðum rekafjörum, á ítaksfjörum, hverjum þau heyri til eða vogreksrèttur. Lýsingar vogreka, viðbæt. A. 1—7), bls. 722, 804—835, 898—928, 933—938.
Ritnefnd kosin, bls. 20—26.
Sameining Hnappadals og Snæfellsnessýslu, sjá takmörk vesturumdæmisins.
Sameining Mýra og Borgarfjarðarsýslu, bls. 723—724, 732—736, 803—804, 897 (viðbæt A. 37—44), sbr. takmörk vesturumdæmisins.
Sameining Suður og Norðurþingeyarsýslu, bls. 723, 725—731, 801—803, 928—930, (sbr viðbæt. A. bls. 45—49).
Sauðárkrókur í Skagafirði, sjá verzlunarmálið.
Skiptalaun, bls. 778—781, sbr. Erfðalögin.
Skrásetning landamerkjalýsinga, sjá landamerkjalýsingar.
Skuldagjald kirkna } sjá kirkjur.
Skuldakröfur kirkna }
Skýrslur til verðlagsskráa, sjá verðlagsskrár.
Spítalajarðir, sjá alþingiskostnaður.
Sveitaverzlan, sjá verzlunarmálið.
Takmörk vesturumdæmisins (Að vesturumdæmið haldi sömu takmörkum og nú eru. Sameining Mýra og Borgarfjarðarsýslu. Að Borgarfjarðarsýsla leggist undir vesturumdæmið, ef breytt verði takmörkunum. Að amtmanni vesturumdæmisins verði gjört að skyldu að búa á hentugasta stað fyrir innbyggjendurna), bls. 138—152, 342—350, 516—517, 608—610.
Tala þjóðfundarmanna, bls. 119—120, 559, 566—567, 578—585, 786, sbr. viðbæt. A. bls. 26—27 og umræðurnar á bls. 661—699, 837—843.
Timburflutningar til Þorlákshafnar, sjá verzlunarmálið.
Timburhús í kaupstöðum, sjá alþingiskostnaður.
Tilskipun um nýan jarðadýrleika á Íslandi, viðbæt. B. bls. 53—54.
Tilskipun um veiði á Íslandi (viðbæt. B. bls. 66—72), bls. 725.
Tiund til prests og kirkju (Hvort gjaldist í óframfærðum landaurum eða eptir meðalverðs-alin. Gjalddagur prests og kirkjutíundar. Að

fèhirðir kirkna gjöri þeim skil fyrir tíund sinni eptir meðalalin), bls. 72—76, 350—371, 441—443, 556—558.

Tíundarstofn (Hross. Fiskilóðir og net. Peningar. Kvígur að öðrum kálfi og kýr geldmjólkar. Geldneyti frá 2—6 vetra. Loðnar og lembdar ær og lambgotur. Stór og smá skip), bls. 215 — 260, 281—299.

Tvöfaldar kosníngar, bls. 564—566, 573, 581, 585—586, 784—786, 843—851, sbr. kosníngarlögin og viðbæt. A. 27, 33—34.

Um þá, er styrk fá í arfsvon, bls. 756—760, sbr. erfðalögin.

Undirbúníngur til kosníngа, bls. 121, sbr. kosníngarlögin.

Undirskript konúngs og hlutaðeigandi stjórnarherra hans undir íslenzkan texta þeirra lagaboða, sem gilda eiga á Íslandi, bls. 155—165, 299—300, 525—540, 539—643, 699—701.

Upplestur bænarskráa á fundum, bls. 9—13.

Uppsigling á Hellnavík, bls. 76—77, sbr. verzlunarmálið.

Uppsigling á Papós, bls. 114, sbr. Papafjarðarós og verzlunarm.

Uppsigling í Höfnum, Vogum, Grindavík og Njarðvík, bls. 113, sbr. verzlunarmálið.

Veiði þiljuskipa, sjá Þiljuskip.

Veiðilögin, sjá tilskipun um veiði á Íslandi.

Verðlagsskrá (Að nefnd manna semji undirlag verðlagsskránna. Að hreppsbúum sè auglýst, hvar og hve nær nefndin starfar og þeir megi vera við staddir. Að nefndin sendi sýslumanni undirlagið. Að sèrstök verðlagsskrá verði samin fyrir hverja sýslu), bls. 70, 193—209, 213—215, 300—302.

Verzlun í Sauðárkróki, bls. 34, sbr. verzlunarmálið.

Verzlunarfulltrúar, sjá verzlunarmálið.

Verzlunarleyfi við Hrisey í Eyafjarðarsýslu, sbr. verzlunarmálið.

—— fyrir lausakaupmenn í Höfnum, Vogum, Grindavík og Njarðvík í Gullbríngusýslu, sbr. uppsigling á þessa sömu staði og verzlunarmálið.

—— á Hellnavík í Snæfellsnessýslu, sbr. uppsigling á Hellnavík.

—— á Sauðárkrók, sbr. verzlun á Sauðárkrók.

Verzlunarmálið (Alment verzlunarfrelsi. Um leyfi handa lausakaupmönnum til uppsiglingar í Grindavík, Höfnum, Njarðvíkum, Vogum og Hellnavík. Leyfi fyrir alla að verzla í Sauðárkróki. Kauptún á Krossvík. Timburflutníngar Norðmanna til Þorlákshafnar í Árnessýslu. Sjóverzlun á Papafjarðar eða Hornafjarðarósi. Aðalkaupstað-

ir: Reykjavík, Vestmanneyar, Berufjörður, Eyafjörður, Ísafjörður. Aðalverzlunarfulltrúar. Leiðarbréf kaupmanna. Sveitaverzlun), bls. 16, 81—83, 106—112, 480—513, 540—556, 703—709.
Vogrek, sjá rekamálið.
Vogreksrèttur, sjá rekamálið.
Vorhreppaskil, bls. 129—135.
Vöruverðlag, bls. 109—112.
Vöruvöndun, bls. 106—109.
Yfirlit yfir skipastól Gullbringusýslu árin 1830 og 1842, bls. 286.
Yfirlit yfir tíundarstofn á Íslandi árin 1839 og 1848, bls. 289.
Þiljuskip, bls. 78—79.
Þingfararkaup, bls. 42—51, 165—186, 209, 563, 634, 636—638, sbr. alþingiskostnaður.
Þinglausnarræða forseta, bls. 947—950.
Þinglausnarræða konúngsfulltrúa, bls. 944—947.
Þingsetníngarræða stiptamtmanns Rosenörns, bls. 1—3.
Þjóðfundarmannatal, sjá tala þjóðfundarmanna.
Ær í tíund, sjá tíundarlög.
Öreigagiptíng, bls. 114—117.

Helztu prentvillur.

Bls. 57 línu 37 þjóðarást les þjóðarósk. Bls. 57 l. 39 ætlað l. kallað. Bls. 58 l. 16 sagði l. hafði. Bls. 66 l. 37 á l. í. Bls. 84 l. 4 nefndin hefir l. nefndir hafa. Bls. 85 l. 9 var l. er. Bls. 102 l. 7 þó l. þá. Bls. 103 l. 27 augljóslega l. algjörlega. Bls. 116 l. 17 optar l. opt er. Bls. 117 l. 27 alþíng l. alþingis. Bls. 150 l. 30 þó l. þá. Bls. 151 l. 23 amtsskipun l. amtaskipun. Bls. 157 l. 13 hefði l. hefi. Bls. 203 l. 38 lagi l. hag. Bls. 206 l. 9 hverri l. einhverri. Bls. 216 l. 6 með l. við. Bls. 220 l. 33 að þetta l. og þetta. Bls. 234 l. 13 18 l. 12 Bls. 249 l. 11 um l. um haust og. Bls. 249 l. 29 yfir l. ei yfir. Bls. 252 l. 26 mót báti l. mót báti, og til segla geingur einnig þrefalt mót báti. Bls. 255 l. 20 hverjum l. hverju. Bls. 256 l. 9 munu l. mun. Bls. 276 l. 1 eigandanum l. eigendunum. Bls. 295 l. 4 í l. á. Bls. 300 l. 18 reglur l. reglan. Bls. 301 l. 15 auglýst l. upplýst. Bls. 308 l. 19 tekur l. telur. Bls. 308 l. 21 fyrir l. fyrr. Bls. 325 l. 13 aðferðar l. meðferðar. Bls. 332 l. 8 lögjöf l. löggjöf. Bls. 337 l. 17 án þess l. úr því. Bls. 340 l. 30 að l. að tveir. Bls. 343 l. 25 hverjum l. hvar um. Bls. 343 l. 26 fjölga l. fjölyrða. Bls. 361 l. 31 lítill l. mikill. Bls. 364 l. 4 verið l. verið mikið. Bls. 364 l. 12 komi l. komið. Bls. 367 l. 4 skuld l. landskuld. Bls. 380 l. 34 opinbaru l. opinberu. Bls. 389 l. 33 eigendur l. eigendur og. Bls. 391 l. 9 tillögulega l. tiltölulega. Bls. 393 l. 18 sjálfa l. sjálfu. Bls. 394 l. 23 almennu l. á fleiri. Bls. 396 l. 4 sínu l. hinu. Bls. 402 l. 20 er nú l. var nú ekki. Bls. 404 l. 15 þó l. þá, Bls, 425 l, 8 í sínu l. sínu. Bls. 430 l. 8 þessi l. þess. Bls. 437 l. 3 svo l. vèr. Bls. 437 l. 21 enn l. ein. Bls. 438 l. 21 öllum l. ætlun. Bls. 450 l. 26 einkanlega l. mikillega. Bls. 452 l. 36 prestinn l. prest einn. Bls. 460 l. 35 einúngis l. einúngis geta þess. Bls. 466 l. 40 embættismannaskattur l. embættislaunaskattur. Bls. 471 l. 24 útgjalda l. afgjalda. Bls. 473 l. 19 sèst l. sást. Bls. 476 l. 4 gætu ei á eptir l. gætu ei. Bls. 495 l. 12 vigt eg l. vigt og. Bls. 501 l. 12 mikinn l. jafnmikinn. Bls. 508 l. 24 hækka l. lækka. Bls. 515 l. 2 samsynt l. samsint. Bls. 522 l. 8. ðykist l. þykist. Bls. 522 l. 26 rètt og l. og. Bls. 528 l. 22 löggjöfin l. löggjafinn. Bls. 944 l. 26 aprílmán. l. ágústm.